Bækur.is
Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Titill
Landsyfirréttardómar og hæstaréttardómar í íslenzkum málum.

Bindi
6.bindi (1899-1903)

Ár
1886

https://baekur.is/bok/001194492/6/Landsyfirrettardomar_og_Bindi_6
22.02.2019 19:12

EX-LIBRIS
BOT. S. BARBAROSSA

348.044
Lan

Landsyfirréttardómar

og

hæstaréttardómar

í íslenzkum málum.

VI. bindi

1899—1903

REYKJAVÍK
Ísafoldarprentsmiðja
1904

Registur

við

dómasöfnin 1899—1903.

Nafnaskrá

A. Einkamál.

Bls.

Arnljótur Ólafsson prestur 65 202
Arnór Árnason prestur 353 5.9
Auðkúluhreppur 489 530
Ágúst Benediktsson 87
Árnessýslu sparisjóður 476
Árni Árnason 582
Árni Jónsson prófastur 457
Árni Zakaríasson 546
Ásgrímur Magnússon 64 488 650
Benedikts Sveinssonar dánarbú 306
Benedikt S. Þórarinsson . . . 26 256 293 597
Bjarnaness umboð 2
Bjarni Símonarson 654
Björn Bjarnarson 83
Björn Guðmundsson 128
Björn Jónsson ritstjóri 221 386 425
Björn Kristjánsson 57 107
Björn M. Olsen 360
Björn Símonarson 416
Björn Stefánsson 220

Bls.
Björn Stefánsson 643
Björn St. Guðmundsson 232 371 413
Bogi Magnússon 209 296
Breiðfjörð, W. Ó. 1 14 179 266 287 312 322 365
389 392 395 435 462 548 549 570 594
Briem, Haraldur Ó. 31 240
Briem, Páll 372
Bæjarstjórn Reykjavíkur 432
Carl F. Schiöth 243 523
Carl J. Guðmundsson 527
David Östlund 290
Dánarbú Benedikts Sveinssonar 306
Eggert Laxdal 267 308
Einar Benediktsson 52 622
Einar Einarsson 73
Einar Finnsson 432
Einar Guðmundsson 23
Einar Magnússon 31
Einar Vigfússon 382 479
Einar Zoëga 176 479
Elín Friðfinnsdóttir 91
Eyrarbakkahreppur 476
Eyþór Felixson 6
Finnbogason, Guðbrandur 9
Finnbogi Árnason 441
Finnur Malmqvist 31
Fischer, W., verzlun hans 9 188 258
Fogtmanns (H. B.) Efterfölger 597
Franz Siemsen sýslumaður 9 237 421
Fr. og M. Kristjánssynir, kaupmenn. . . . 584

Bls.
Geirastaðir, eigendur þeirra 457
Geithellnahreppur 31 240
Gísli Eiríksson 358
Gísli Þorbjarnarson 52
Glæsibæjarhreppur 584
Guðbrandur Finnbogason 9
Guðjohnsen, Þórður 352 419 447
Guðjón Guðlaugsson 353
Guðmundur Björnsson 312 365 462 627
Guðmundur Jónsson 382 479
Guðmundur Ólsen 258
Guðmundur Þorbjarnarson 23
Guðmundur Þorsteinsson 205
Guðrún Bjarnardóttir. 65 202 627
Guðrún Friðfinnsdóttir 91
Gudmanns Efterfölgersverzlun 267 308
Gunnar Gunnarsson 416
Gunnar Jónsson 523
Hafstein, Hannes 658
Halberg, J. G. 546
Halldór Bjarnarson, prófastur 64 73 78 83 124
128 132 136 141 145 149 153 159 165 168 172
232 234 371 413 488 650
Halldór Daníelsson, bæjarfógeti 176 432
Halldór Sigurðsson 153 234
Hannes Hafstein 658
Hannes Thorsteinsson 256 258 293
Hannes Þorsteinsson 602 640
Haraldur Ó. Briem 31 240
Havsteen, J. amtmaður 268 627

Bls.
Hálshreppur 352 419 447
Helgi Eiríksson 483
Hítardalskirkja 201
Holdsveikraspítalinn, yfirstjórn hans 627
Hólmfríður Sigurðardóttir 234
Hreppsnefnd Auðkúluhrepps 489 530
Hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps 476
Hreppsnefnd Fáskrúðsfjarðarhrepps 646
Hreppsnefnd Geithellnahrepps 31 240
Hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps 584
Hreppsnefnd Hálshrepps 352 419 447
Hreppsnefnd Húsavíkurhrepps 454 558
Hreppsnefnd Seltjarnarnesshrepps 306
Húsavíkurhreppur 454 558
Hvoll í Mýrdal, eigendur hans 23
Ingimundur Sigurðsson 172 234
Ingunn Einarsdóttir 9
Ingvar Ingvarsson 188
Ingvar Þorsteinsson 104
Ísak Bjarnason 237
Isfirðingur, síldveiðifélag 383
Jakob Frímannsson 322
Jakobína Guðmundsdóttir 232
Jakobína Jónsdóttir 371 413
Jóhann L. Sveinbjarnarson prófastur . . . 483
Jóhann Þorkelsson dómkirkjuprestur . . . 104
Jóhanna Bjarnardóttir 136 232 371 413
Jóhannes Jónsson 216
Jóhannes L. L. Jóhannsson prestur . . . 541
Jón Benjamínsson 124

Bls.
Jón Daviðsson 646
Jón Finnsson 31
Jón Gíslason 205
Jón Guðmundsson 232 371 413
Jón Helgason 538
Jón Hjörleifsson 44
Jón Ingimundsson 78
Jón Jensson 602
Jón Jónsson 300
Jón Laxdal 383
Jón Magnússon 306
Jóns Magnússonar verzlun 243
Jón Norðmann 258
Jón Sigurðsson 582
Jón Steinason 538
Jón Valdason 44
Jón Þorkelsson 654
Jón Þórarinsson 91
Jónassen, J., landlæknir 386 627
Júlíus Halldórsson 226 408
Kaupfélag Þingeyinga 454 558
Kjartan Runólfsson 9
Kristinn Magnússon 6
Kristján Á. Einarsson 61
Kristján C. Magnússon 527
Kristján H. Jónsson . . 607 611 615 619 633 636
Kristján Hallgrímsson 358
Kristján Jónsson, yfirdómari 640
Kristján Jörundsson 201
Kristján Sigurðsson 132

Bls.
Kristján Þorgrímsson 188 421
Kristjánssynir, Fr. og M., kaupmenn . . . 584
Kvennaskólinn á Ytri-Ey 332
Landshöfðinginn 226 408
Landssjóður 2 176 226 300 408
Lárus A. Snorrason 542 576
Laxdal, Eggert 267 308
Laxdal, Jón 383
Magnús S. Árnason 87
Magnús Torfason 372
Markús Þorsteinsson 216
Matthías Matthíasson 1 14
Oddur Gíslason málafl.m. . 441 548 549 570 594
597
Olgeir Friðgeirsson 61
Ólafur Árnason 430
Ólafur Jóhannesson 541
Ólafur Ólafsson 276
Ólsen, Björn M. 360
Ólsen, Guðmundur 258
Páll Bjarnarson 589 647
Páll Briem 372
Páll Markússon 267 308
Pétur J. Thorsteinsson 489
Pétur M. Bjarnarson 57 107 383
Rassmussen, M. 548 570
Rumohr, P. W. 57 107
Samson Eyólfsson 658
Scheving, G. B. 579
Schiöth, Carl F. 243 523

Bls.

Seltjarnarnesshreppur 306
Siemsen, Franz, sýslumaður 9 237
Sigfús Daníelsson 243
Sigfús Eymundsson 266 287
Sigfús Pétursson 276
Sigfús Sveinbjarnarson 542 576
Sigurður Benediktsson 52
Sigurður Thoroddsen 313 389 392 395 428 435 485
Sigurlaug Benjamínsdóttir 149 234
Skafti Jósefsson 268 398 510 573
Skúli Árnason 425
Skúli Thoroddsen . . 607 611 615 619 633 636
Skútustaða prestakall 457
Snjáfríður Gísladóttir 430
Snorrason, L. A. 542 576
Sólheimar ytri, í Mýrdal 23
Sparisjóður Árnessýslu 476
Staðarhraunsprestur 201
Stangeland, P. 643
Stefán Guðmundsson 31
Stefán Jónsson prestur 201
Stefán Th. Jónsson 573
Steinólfur Eyólfsson 494
Stjórnarnefnd Ytri-Eyjar kvennaskóla . . . 332
Sturla Jónsson 26
Sveinbjörn Guðmundsson 332
Sverrir Magnússon 23
Sömme & Wathne í Stavanger. 573
Tang, Leonh., verzlun hans 209 296
Thomsen, H. Th. A., verzlun hans 441

Bls.
Thor E. Tulinius 256 293 646
Thorsteinsson, Hannes 256 258 293
Thorsteinsson, P. J. & Co 489 530
Thoroddsen, Sigurður 313 389 392 395 428 435 485
Thoroddsen, Skúli . . 607 611 615 619 633 636
Thoroddsen, Þórður J. 421
Tryggvi Gunnarsson 428 485 622
Tulinius, Thor E. 256 293 646
Valdimar Ásmundsson 290 313
Vigfús Þórarinsson 23
Vilborg S. Guðmundsdóttir . . . 232 371 413
Vindbelgur (kirkjujörð) 457
Ytri-Sólheimar, í Mýrdal 23
Þingeyinga kaupfélag 454 558
Þorlákur Einarsson 168
Þorleifur Jónsson 23
Þorleifur Jónsson prestur 589 647
Þorsteinn Benediktsson prestur 2
Þorsteinn Gíslason 221 510
Þorsteinn Jónsson 31
Þorsteinn Þorsteinsson, hreppstjóri 145
Þorsteinn Þorsteinsson (yngri) 141
Þorvaldur Friðriksson 220
Þorvarður Þorvarðsson 360
Þórarinn Benjamínsson 163
Þórarinn Guðmundsson 398
Þórður Guðjohnsen 352 419 447
Þórður Guðmundsson 91
Þórður Jónsson 159

Bls.
Þórður J. Thoroddsen 421
Örsteds Parkens Kuranstalt 549 594
Örum & Wulffs verzlun . . 61 352 419 447 494
Östlund, David 290

B. Opinber mál.

Andrés Jónsson 29
Anton Jörgen Andersen Krisvig 516
Arnbjörn Ólafsson 181
Arnbjörg Stefánsdóttir 624
Arnór Árnason prestur 323
Asbjörnsen, Tönnes Andreas 92 95
Bárður Kristján Guðmundsson 191
Bjarni Þórarinsson 114
Björg Davíðsdóttir 550
Björn Guðmundsson 566
Christensen, Joh. 503
Davíð Ólafsson 550
Einar Bjarnason 38
Einar Finnsson 245
Einar Sveinbjarnarson 57
Erlendur Jónsson 316
Eyólfur Símonarson 298
Gísli Eyólfsson 320
Gísli Þóroddsson 274
Guðjón Böðvarsson 587
Guðjón Jens Jónsson 379
Guðmundur Árnason 490
Guðmundur Einarsson 325

Bls.
Guðmundur Magnússon 468
Guðmundur Þórðarson 325
Guðni Guðnason 98
Halldór Bjarnarson prófastur 66 271
Halldór Lárusson 470
Halldór Sigurðsson 35
Hans Sigurbjarnarson 345
Hákon Halldórsson 183 403
Helga Jóhannsdóttir 325
Helgi Ingimundsson 100 211 406
Herdís Benediktsdóttir 550
Herlofsson, P. 399
Hjálmar Ísaksson 283
Hólmfríður Benjamínsdóttir 29
Hólmfríður Sigríður Arngrímsdóttir 38
Jens Fr. Jensen 496
Jensen, Jens Fr. 496
Jóhann Guðmundsson 50
Jóhann Vedholm 42
Jóhannes Jóhannesson 335
Jóhannes Sigurðsson 48
Jón Einar Jónasson 550
Jón Guðmundsson 368
Jón Jónasson 591
Jón Jónsson 555
Jón Jónsson 451
Jónas Jónasson 285
Jónas Jónsson 451
Jónas Jónsson 550
Kristján Jónsson 363

Bls.

Krisvig, Anton Jörgen Andersen 516
Lárus Pálsson 195 230 401
María Gísladóttir 70
Markús Einarsson 340
Markús Jósefsson 16
Nikulás Guðmundsson 508
Ólafur Bjarnason 70
Ólafur Ólafsson 410
Óli Jón Jónsson 533 536
Runólfur Pétursson 157
Siggeir Torfason 466
Sigríður Jónsdóttir 38 270
Sigurður Jóhannesson 183 403
Sigurður Jónsson 451
Sigurgeir Jónsson 451
Sigurgeir Sófus Gissurarson 436
Stefán Eiríksson 121
Stefán Guðmundsson 533 536
Stefán Jónsson 438
Sturla Vilhjálmsson 455 498
Tönnes Andreas Asbjörnsen 92 95
Valdimar Arnfinnsson 20
Vedholm, Jóhann 42
Vigfús Þorgrímsson 563
Þorsteinn Guðmundsson 349
Þorsteinn Júlíus Þorsteinsson 550
Þorsteinn Þorsteinsson 117 405
Þorvaldur Jónsson, héraðslæknir 472

Efnisskrá.

Ábúðarréttur.
Ábyrgð.

Brenna.

Eiður.
Embættismenn og sýslunarmenn.

Faðerni.
Fals.
Farmannalög.
Fiskiveiðar, sjá veiði, veiðilög, veiðiréttur
Fjárhaldsmenn og ómyndugir.
Fógetagjörðir.
Frávísun.

Gjöld (opinber), sjá skattar og gjöld.
Greftrun, grafarhelgi.

Helgidagsbrot.
Hjú, hjúamál.

Kosningarréttur.
Kostur og tæring.

Landamerkjamál.

Lækningar og lyf.
Lögreglu- og sveitarstjórn.

Nytjastuldur.

Ofbeldi og líkamlegar meiðingar.
Ólögleg sjálftaka.
Ólögmæt meðferð á fundnu fé og þvml.
Ómerkingardómar.

Reki, rekaréttur.
Réttarfarslög, sbr. kostur og tæring.

Sakhæfi.
Samningar.
Skaðabætur.
Skattar og gjöld.
Skiftamál.
Skírlífisbrot.
Skottulækningar.
Skulda- og reikningsmál o. fl.
Svik, sviksamlegt athæfi.

Úrskurðir.

Valdstjórn og allsherjarregla.
Veiði, veiðilög, veiðirjettur.
Verzlun, áfengisverzlun og veitingar, lyfjaverzlun.

Þjófnaður og gripdeild og hlutdeild í því, sbr. nytjastuldur.

Ærumeiðingar og skammir.

Ábúðarréttur. Bls.
Maður álitinn hafa brotið af sér ábúðarrétt, með því að greiða eigi eftirgjaldið á umsömdum tíma 240
Maður lögsóttur til að víkja burt af jörð fyrir vangreiðslu á eftirgjaldi, er hann taldi greitt með skaðabótum, er hann ætti heimting á hjá landsdrotni fyrir skemdir á jörðinni af vatnságangi 300

Ábyrgð.
Spurning um hvort skuldareigandi hafi með réttu getað beint kröfu sinni um greiðslu skuldar að ábyrgðarmanninum, sem ekki áleizt hafa tekið á sig sjálfskuldarábyrgð, sérstaklega, hvort fullreynt hafi verið með framfarinni árangurslausri kyrsetningargjörð, að skuldunautur hafi eigi getað borgað sjálfur skuldina 441

Brenna.
Maður dæmdur fyrir húsbrennu (283. gr. 2 hegningarl.) og vátryggingarsvik (261. gr. hegningarl.) 191
Maður dæmdur fyrir hlutdeild í brennu samkv. 48. gr. 2. málsl. og 282. gr. alm. hegningarlaga 490

Bls.

Maður dæmdur fyrir stórþjófnað og brennu (231. gr. 4. og 283. gr. hegningarlaganna) 498

Eiður.

Við áfrýjun á skiftaréttarúrskurði, er ákvað að draga undir dánarbú fénað, er áfrýjandi kvað sig og aðra eiga, úrslitin látin vera komin undir eiði áfrýjanda, að skýrsla hans um eignarréttinn að fénaðinum væri rétt 9

Synjunareiður fyrir lagður í skuldamáli . . 188

Úrslit máls út af húskaupasamningi látin vera komin undir synjunareiði stefnda . . . 372

Skuldamál látið koma undir eið stefnda . . 421

Vinnukonu fyrir lagt að synja fyrir það með eiði að hún hefði verið vistráðið árshjú . 430

Úrslit máls útaf munnlegum meiðyrðum á almennum borgarafundi látin vera undir synjunareiði stefnda komin 462

Embættismenn og sýslunarmenn.

Oddviti og reikningshaldari hrepps dæmdur fyrir sjóðþurð og ranga reikningsfærslu samkvæmt 136. gr. sbr. 145. gr. hegningarlaganna 35

Yfirdómari, sem var bróðir undirdómarans, eigi álitinn fyrir það þurfa að víkja úr dómarasæti 65 66 73 202 589

Prófastur dæmdur samkvæmt 205. gr. hegningarlaganna fyrir að slá mann með svipuskafti 66

Hæstaréttardómur í því máli 271

Bls.
Krafa um sekt á hendur undirdómara fyrir meðferð máls eigi tekin til greina . . 78 83
Prófastur dæmdur í hæstarétti samkv. 270. gr. og 145. sbr. 142. gr. hegningarlaganna, fyrir að hafa sem póstafgreiðslumaður dregið sér fé úr póstsjóði og gefið út til þess falsaðar kvittanir (sbr. Dómasafn V. bls. 623) 114
Yfirdómari sektaður í hæstarétti fyrir drátt á þýðingu á opinberu máli . . . 114 401 405
Hreppstjóri, er dæmdur var í sekt í undirrétti fyrir að hafa látið fyrirfarast að framkvæma lögtak á prests- og kirkjugjöldum samkvæmt lögtaksúrskurði sýslumanns, sýknaður í yfirdómi 117
Hæstaréttardómur í því máli 405
Kröfu um að 2 yfirdómararnir víki sæti í máli vegna hluttöku þeirra sem alþingismanna í samningu laga þeirra er beita átti, eigi sint 176
Spurning um rétt héraðslæknis til fæðispeninga og ferðakostnaðar á bólusetningarferðum 226
Hæstaréttardómur í því máli 408
Málaflutningsmaður sektaður fyrir ósæmileg ummæli um dómendur landsins í söknarskjali fyrir yfirdóminum 296
Lögregludómari dæmdur til að greiða allan kostnað lögreglumáls fyrir báðum réttum, með því að það var ómerkt fyrir afglöp

Bls.
hans 363
Stefnuvottur dæmdur fyrir óhlýðni við löglegar skipanir yfirboðara sinna (143. sbr. 145. gr. alm. hegningarl.) 438
Krafa um að yfirdómari víki sæti, eigi álitin á rökum bygð 447
Dómari talinn hafa réttlætt það nægilega, að hann hafði mál undir dómi lengur en 6 vikur 447
Héraðslæknir krafinn borgunar á verkkaupi við sótthreinsun, er unnið var að eftir samningi við hann, en landsstjórnin neitaði að borga úr landssjóði. 579

Faðerni.

Dómur fyrir ranga barnsfaðernislýsingu og hlutdeild í því broti 325

Fals.

Prófastur dæmdur í hæstarétti samkv. 270. gr. og 145. sbr. 142. gr. alm. hegningarlaga fyrir að hafa sem póstafgreiðslumaður dregið sér fé úr landssjóði og gefið út til þess falsaðar kvittanir (sbr. Dómasafn V. bls. 623) 114
Maður, sem ákærður var um fölsun á læknisrecefti, þar sem hann hafði breytt grammatölunni á því til að fá meira út á það, álitinn eigi hafa gjört breytinguna í hegningarverðum tilgangi og því sýknaður . . 195

Bls.
Hæstaréttardómur í því máli 401
Vegavinnustjóri landssjóðs, er dæmdur var fyrir sviksamlegt athæfi, eigi álitinn sannur að sök um skjalafals 245
Refsað fyrir að gefa út falsaða ávísun á verzlun fyrir vöruúttekt (270. gr. hegningarl.) 316
Maður dæmdur fyrir að búa út falsað umboðsskjal til lántöku og falsað skjal um sjálfskuldarábyrgðarloforð tveggja manna (270. gr. hegningarl.) 335
Unglingspiltur dæmdur fyrir fölsun og tilraun til fölsunar á ávísunarseðlum (í annara manna nafni) til úttektar við verzlanir . 340

Farmannalög.

Háseti á þilskipi dæmdur laus við að borga skuld, að því leyti hún áleizt vera fyrirframborgun upp í kaup hans, en hann varð að fara af skipinu ósjófæru (58. gr. 2. málsl.) 654

Fjárhaldsmenn og ómyndugir.

Ófullveðja maður eigi álitinn óbær um að skuldbinda sig með samningi, snertandi ráðstöfun eða sölu á atvinnuarði hans eða sjálfsafla 308

Fógetagjörðir.

Hreppsnefndarmenn sýknaðir í máli, þar er áfrýjað var úrskurði um útburð af jörð og krafist skaðabóta fyrir, með því að hreppsnefndin var krefjandi úrskurðarins, en eigi

Bls.
stefndu sjálfir, og þeir höfðu eigi heldur persónulega tekist á hendur ábyrgð á lögmæti gjörðarinnar 31
Fógetaúrskurður, er synjaði um fjárnám á skuldareftirstöðvum, er krefjandi taldi til vegna vanhaldinnar sættar, feldur úr gildi, og lagt fyrir fógetann að framkvæma fjárnámið 107
Áfrýjað lögtaki á veitingasölugjaldi samkvæmt 6. gr. í lögum 11. nóv. 1899, um verzlun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi . 176
Krafist ógildingar á fógetaúrskurði, er ákvað útburð manns af jörðu 240
Fjárnámsgjörð fyrir afborgun upp í jarðarverð og eftirfarandi uppboð felt úr gildi jafnframt undangengnum dómi, en sá dómur bygði á jarðakaupasamningi, er yfirdómur áleit fallinn niður með samkomulagi málsaðila 276
Staðfestur fógetaúrskurður, er synjaði um lögtak fyrir aukaútsvari er lagt var á dánarbú 306
Lögtak ómerkt fyrir það, að krafan hafði mist lögtaksrétt áður lögtaksins var beiðst 353
Hæstaréttardómur um lögmæti útburðargjörðar og skaðabætur fyrir hana (sbr. Dómasafn V. bls. 404) 398
Fógetaúrskurður og lögtak fyrir aukaútsvari á sparisjóð, sem arðsamt fyrirtæki eða stofnun, staðfest 476
Fógetaúrskurður staðfestur, er feldi úr gildi lögtak fyrir aukaútsvari lögðu á saltafhend-

Bls.
ingu og blautfisktöku verzlunar í öðrum hreppi 530
Fógetabann, er fyrirbauð manni að láta fyrirberast við dyrnar á veitingastað eða á götunni umhverfis hann í því skyni að tálma aðsókn að honum, með því að telja menn af að fara þangað inn til að kaupa veitingar, eigi talið hafa heimild í lögum og því felt úr gildi 546
Fógetaúrskurður staðfestur, er synjaði um lögtak fyrir aukaútsvari lögðu á 2 menn utanhrepps, en búsetta við sama fjörð, fyrir síldveiði, er þeir létu stunda frá verbúðum í hreppnum 584
Fógetabann gegn framhaldi húsbyggingar á þrætulóð, felt úr gildi 665
Lögbanni, er lýst var fyrir jarðeiganda gegn notkun veiðiítaks, er hann taldi jörð sinni, eigi álitið löglega framfylgt með málshöfðun fyrir gestaréttti, og staðfestingarmálið því ómerkt 672

Frávísun.

Máli frávísað frá yfirdómi ex officio, með því að blaðnúmer það, er átalin ummæli voru í, og sem hafði verið lagt fram í undirréttinum, hvorki var ritað í dómsgjörðirnar né sérstaklega lagt fram í yfirdóminum . . . 1
Frávísun máls frá landamerkjadómi af þeirri sök, að öllum varnaraðilum var eigi stefnt í málinu, staðfest 23

Bls.

Máli vísað frá yfirdómi sökum þess, að stefnan hafði eigi verið birt undirdómaranum með lögskipuðum fyrirvara og birtingarárituninn á áfrýjunarstefnuna var eigi staðfest með innsiglum stefnuvottanna . . . 65

Frávísunarkrafa eigi tekin til greina73, 107, 267, 371, 457

Máli vísað frá yfirdómi ex officio fyrir þá sök, að stefnan var eigi löglega birt fyrir stefnda 220

Máli frávísað sökum þess, að hlutaðeigendum var eigi öllum stefnt 232

Máli frávísað fyrir það, að eigi sást að stefnan hefði verið birt á heimili stefnda 266

Frávísað máli ex officio, með því að áður var genginn í því fullnaðardómur 296

Frávísun sakir of stutts stefnufrests 312

Máli frávísað sakir þess, að það var eigi incaminerað af áfrýjanda hinn rétta stefnudag og samþykki hins stefnda undirdómara eigi fengið til þess 352

Frávísun fyrir það, að áfrýjunarfrestur var liðinn, er stefnan var gefin út, án þess uppreisn væri fengin 382

Frávísunarkrafa eigi tekin til greina, þar sem stefnt var hreppsnefnd, þótt eigi væri full sönnun fyrir, að öllum hreppsnefndarmönnum hefði verið birt stefnan löglega, með því að það áleizt nóg, að oddvita nefndarinnar var löglega stefnt 419

Bls.

Frávísað máli fyrir það, að undirdómaranum var ekki löglega stefnt 454

Máli frávísað ex officio, með því að vottorð stefnuvottanna var svo lagað, að með því var engin sönnun fengin fyrir birting stefnunnar með lögskipuðum fyrirvara fyrir stefnda, sem eigi mætti 646

Frávísunarkrafa eigi tekin til greina, með því að stefndi áleizt með samþykki sínu til þess að stefnubirtingin færi fram fjarri heimili hans, hafa einnig samþykt að stefnufresturinn væri miðaður við stefnustaðinn . . . 658

Greftrun, grafarhelgi.

4 bræður, er ákærðir voru fyrir röskun á grafarhelginni (159. gr. hegningarl.) fyrir að hafa grafið upp lík móður sinnar og látið jarðsetja það í öðrum kirkjugarði, þar sem hún hafði ætlað sér leg, sýknaðir í yfirdómi 451

Ekkja, sem kærð var fyrir að hafa látið greftra lík manns síns utan kirkjugarðs í óvígðri mold, sýknuð 624

Helgidagsbrot.

Gestgjafi sektaður (í fjórða sinn) fyrir vínveitingar á helgum degi og jafnframt dæmdur til að hafa fyrirgjört rétti til veitingasölu samkv. 10. gr. tilsk. 28. marz 1855 . 42

Bls.

Hjú, hjúamál.

Stúlku, sem lögsótt var fyrir vistarrof, fyrirlagt að syuja fyrir það með eiði, að hún hefði verið vistráðið árshjú 430

Mál milli bakara og kaupmanns, er hann vann hjá sem bakari, út af burtvísun úr þjónustunni, eigi talið heyra undir lögreglurétt sem hjúamál 479

Mál til innheimtu á kaupi eftir sérstökum vinnusamningi eigi talið hjúamál, er hefði átt að koma fyrir einkamálalögreglurétt . 650

Kosningarréttur.

Vegavinnustjóri, er dæmdur hafði verið í 14. daga fangelsi við vatn og brauð samkv. 259. gr. hegningarlaganna, höfðar mál gegn bæjarstjórn til að fá hana skyldaða til að taka sig upp á alþingiskjörskrá 432

Kostur og tæring.

Áfrýjandi dæmdur til að greiða kost og tæring í máli, er frávísað var frá yfirdómi vegna þess, að skjal, er legið hafði fyrir undirdóminum, var hvorki ritað í dómsgjörðirnar né lagt sérstaklega fyrir yfirdóminn 1

Krafa stefnda um kost og tæring eigi tekin til greina, þótt áfrýjandi lýsti því fyrst yfir, er í réttinn kom, að hann hefði fallið frá stefnunni, með því að aðeins var um gagnáfrýjun að ræða, og stefndi mætti hvort

Bls.
eð var í aðalmálinu 57
Stefnda dæmdur kostur og tæring fyrir að láta mæta árangurslaust í máli 322, 488, 548, 549
Stefnda dæmdur kostur og tæring, er mál var hafið sökum þess, að áfrýjandi, er hafði skjöl málsins að láni, mætti eigi og enginn af hans hendi 435
Stefnda dæmdur kostur og tæring í máli, er hafið var af áfrýjanda 483

Landamerkjamál.

Landamerkjadómur, er frávísaði máli (milli Hvols í Mýrdal og Ytri-Sólheima) sökum þess, að sækjandi hafði eigi stefnt öllum þeim í málinu, er eftir eðli þess voru réttir varnaraðilar, staðfestur 23
Landamerkjadómur ómerktur fyrir þá sök, að málið hafði eigi verið lagt til sátta . . 201
Dómur í máli um landamerki milli kirkjujarðarinnar Vindbelgjar og bændaeignarinnar Geirastaða, staðfestur. Afstöðuuppdráttur ekki álitinn nauðsynlegur, ef málið án hans er nægilega glögt og ljóst . . . 457
Staðfesting lögbanns, er fyrirbauð jarðareigenda notkun veiðitaks, er hann taldi jörð sinni, álitið eiga að sækja fyrir landamerkjadómi 672

Lækningar og lyf.

Ólöggiltur læknir dæmdur fyrir ólöglega

Bls.
meðalasölu og fyrir að hafa gjört skaða með lækningatilraun 195
Hæstaréttardómur í því máli 401
Ólöggiltur læknir dæmdur fyrir ólöglega meðalasölu 230
Spurning um rétt héraðslæknis til fæðispeninga og ferðakostnaðar á bólusetningarferðum 226
Hæstaréttardómur í því máli 408
Fyrverandi héraðslæknir dæmdur fyrir ólöglega meðalaverzlun, er hann rak eftir að hann slepti embætti 472
Héraðslæknir krafinn borgunar á verkkaupi við sótthreinsun, er unnið var að eftir samningi við hann, en landsstjórnin neitaði að borga úr landssjóði 579

Lögreglu- og sveitarstjórn.

Maður dæmdur fyrir ólöglega húsmensku (tilsk. 26. maí 1863, 12. gr.) 320
Lögreglumál út af gangnavanskilum ómerkt, með því að með það hafði verið farið að öllu sem einkamál. Lögregludómarinn dæmdur til að greiða allan kostnað málsins fyrir báðum dómum 363
Sektardómur fyrir brot á lögreglusamþykt Reykjavíkur, 15. nóv. 1890, 43. gr. . . . 470

Nytjastuldur.

Maður dæmdur fyrir heimildarlausa brúkun á hesti annars manns (238. gr. hegningarl.)

Bls.
sýknaður í yfirdómi 121

Ofbeldi og líkamlegar meiðingar.

Prófastur dæmdur samkvæmt 205. gr. hegningarlaganna fyrir að slá mann með svipuskafti 66
Hæstaréttardómur í því máli 271

Ólögleg sjálftaka.

Maður dæmdur sýkn af kæru til sekta og skaðabóta fyrir að nota leyfislaust fjörulóð annars manns til að leggja upp á henni timbur 494

Ólögmæt meðferð á fundnu fé o. þvml.

Maður dæmdur fyrir óheimildartöku á kindum (250. sbr. 249. gr. hegningarl.) . . . 298
Unglingspiltur dæmdur fyrir að kasta eign sinni á hatt, er hann fann (249. gr. hegningarl.) 340
6 persónur dæmdar fyrir sauðaþjófnað og óheimila kindatöku eða hlutdeild í glæpum þessum 550

Ómerkingardómar.

Eftir atvikum eigi álitið þurfa að varða ómerking máls, þótt krafist væri, að dómarinn hafði haft föður sinn fyrir réttarvott . . 44
Ómerkingar- og heimvísunarkrafa bygð á meintri ólöglegri synjun frests í undirrétti, ekki tekin til greina 52

Bls.

Aukaréttardómur ómerktur og málinu heimvísað, fyrir þá sök, að undirdómarinn hafði bundið enda á málið með fullnaðardómi þvert ofan í tilætlun og kröfu málsaðilanna 64

Skiftaúrskurður dæmdur ómerkur og málinu heimvísað fyrir þá sök, að sætta hafði eigi verið leitað með málsaðilum áður úrskurðurinn væri feldur 91

Landamerkjadómur ómerktur fyrir þá sök, að málið hafði eigi verið lagt til sátta . . . 201

Ómerkingarkröfu eigi sint, með því að úrskurði undirdómarans um hin sömu mótmæli, er ómerkingarkrafan studdist við, hafði eigi verið áfrýjað til yfirdómsins og úrskurði þeim varð því eigi breytt í yfirdómi 209

Krafa um ómerking dóms, bygð á því, að málsefnið eigi hafi verið lagt til sátta, eigi álitin á rökum bygð 234, 413

Dómur ómerktur að því mótkröfu snerti, sem eigi var lögð til sátta 243

Mál til skaðabóta fyrir hagnýting engjastykkis er farið var með í gestarétti, eigi álitið eiga að ómerkjast fyrir það, að það hafi átt að koma fyrir landamerkjadóm, þótt landmerkin milli jarða þeirra, er deilan var milli í málinu, yrðu að ráða úrslitum þess 332

Lögtak fyrir fermingargjaldi dæmt ómerkt fyrir það að krafan hafði mist lögtaksrétt er lögtaksins var beiðst 353

Bls.

Kröfu um ómerking máls vegna ósamhljóðunar milli málsefnisins, er haldið var fram, og gjafsóknarleyfisins, eigi sint 447

Ýmsar ástæður færðar fyrir ómerking landamerkjamáls 457

Ómerkingarkrafa, bygð á því, að dómari hafði vanrækt að leiðbeina málsaðila, og á fleiri ásæðum, eigi tekin til greina 523

Ómerkingarkrafa bygð á því, að stefnan til undirréttarins hafi eigi verið birt á heimili stefnda, eigi tekin til greina 589

Krafist ómerkingar á máli sökum þess, að það sem hjúamál ætti undir lögreglurétt, svo og sökum þess, að stefnda hafi verið synjað um endurupptekning (reassumtion) málsins 650

Lögbanni, er lýst var fyrir jarðeiganda gegn notkun veiðiítaks, er hann taldi jörð sinni, eigi álitið löglega framfylgt með höfðun máls fyrir gestaréttí, og dómurinn því ómerktur og málinu vísað frá gestaréttinum 672

Reki, rekaréttur.

Prestur álitinn hafa með réttu tekið til sín hvalkálf, er rak á fjöru landssjóðskirkju, þó að notkun reka þar hefði upprunalega verið lagður prestunum fyrir viðhald á kirkjunni, sem þeir þó ekki önnuðust lengur, með því að landssjóður tók viðhaldið að sér án nokkurs fyrirvara um breyting á notkun rekans af prestsins hálfu 2

Bls.

Réttarfarslög, sbr. kostur og tæring.

Dómari víttur fyrir að hafa haft föður sinn fyrir réttarvott 44
Kröfu um efnisdóm í yfirdómi yfir adcitatus eigi sint, með því að adcitationsmálinu hafði verið frávísað frá undirréttinum . . 52
Dómari víttur fyrir að hafa kveðið upp óendanlegan dóm í máli gegn banninu í N. L. 1—5—12 57
Dómur ómerktur og málinu vísað heim til löglegri meðferðar og dómsáleggingar, fyrir þá sök, að undirdómarinn hafði bundið enda á málið með fullnaðardómi þvert ofan í tilætlun og kröfu málsaðila 64
Eigi álitin eftir ástæðum þörf fyrir yfirdómara að víkja úr dómarasæti, þótt hann væri bróðir undirdómarans 65, 66, 73, 202, 589
Sekt fyrir ósæmilegan rithátt færð niður í yfirdómi 73
Krafa um sekt á undirdómara fyrir ýmsar misfellur á máli eigi tekin til greina 78, 83
Krafa um sekt fyrir prætugirni, sakir þess, að hlutaðeigandi hafði eigi mætt sjálf við sáttaumleitun í málinu, eigi álitin á rökum bygð 136, 149
Kröfu um, að 2 yfirdómarar viki sæti í máli vegna hluttöku þeirra sem alþingismanna í samningu laga þeirra er beita átti, eigi sint 176
Sektað í yfirdómi fyrir ástæðulausa áfrýjun,

Bls.

jafnframt og staðfest var ákvæði undirdómsins um sekt fyrir óþarfa þrætu þar . . . 179
Sekt dæmd fyrir ósæmilegan ritháttí réttarskjali 202
Sekt fyrir óþarfa þrætu (eða fyrir að mæta eigi fyrir sáttanefnd) . 234, 296, 570, 594, 650
Úrskurður um frestbeiðni 256
Athugað í sakamáli um vöntun hegningarvottorðs 283
Krafa um sekt fyrir meiðandi ummæli í málsskjölum ekki tekin til greina . . . 293, 383
Varakrafa um að aukaútsvar álitist hafa lagt verið á ábúð jarðar álitin ósamrímanleg aðalkröfunni, að útsvarið hefði verið lagt á eiganda jarðarinnar eftir efnum hans og ástæðum öllum 306
Vítur misfellur í sakamálarekstri 245, 319, 323, 340, 379, 410
Lögreglumál útaf gangnavanskilum ómerkt fyrir það, að með það hafði verið farið í öllu sem alment einkamál 363
Mál hafið sakir þess, að áfrýjandinn, sem hafði skjöl málsins að láni, mætti ekki og enginn af hans hendi 435
Krafa um að yfirdómari viki sæti eigi álitin á rökum bygð 447
Álitið af yfirdómi, að eigi yrði lagt á sækjanda, sem var, í héraði, eftir því hvernig úrslit málsins urðu, að bæta stefnda þar kostnað við að mæta árangurslaust í einu

Bls.

réttarhaldi í héraði, er fórst fyrir vegna þess að undirdómarinn komst ekki á staðinn fyrir ofviðri 527

Sekt fyrir ósæmilegan ritháttt feld niður af yfirdómi 597

Framlagning nauðsynlegt og sjálfsagðs kostnaðar eða trygging fyrir honum álitin lögmætt skilyrði af undirdómara fyrir reassumtion einkamáls 650

Sakhæfi.

Refsing ákveðin með tilliti til 40. gr. hegningarlaganna 274, 496

Samningar.

Mál út af fullnægingu makaskiftasamnings 52

Mál um skilning á samningi, er skuldbatt mann til að leggja fisk inn í verzlun . . 61

Ágreiningur um, hvort fullnægt hafi verið samningi, gjörðum fyrir sáttanefnd, um greiðslu skuldar 107

Mál út af húsaleigusamningi 205

Mál út af samningi um smíði á grunni undir hús 216

Mál útaf jarðakaupasamningi 276

Mál til skaðabóta fyrir rof á samningi um sölu á síld 308

Mál út af húsakaupasamningi 372

Maður lögsækir kaupmann til greiðslu á umsömdum launum og prósentum fyrir verzl-

Bls.
unarforstöðu 542
Héraðslæknir lögsóttur um borgun á verkkaupi við sótthreinsun, er unnið var eftir samningi við hann, en landsstjórnin neitaði að greiða úr landssjóði 579

Skaðabætur.

Skipstjóri dæmdur í skaðabætur fyrir skemdir á fiskiskipi, er orsökuðust við það, að hann lét sitt skip reka fyrir vindi á annað skip, er hann var að taka sig upp af höfn 6
Hreppsnefndarmenn sýknaðir af kröfu um skaðabætur fyrir ólögmætan útburð og útbygging af jörð, er var hreppsins eign, með því að þeim var stefnt og þeir mættu að eins fyrir sjálfa sig, en álitust eigi hafa tekið upp á sig neina persónulega ábyrgð á gjörðinni 31
Krafa um skaðabætur fyrir rof eða vanefndir á makaskiftasamningi ekki tekin til greina 52
Skaðabóta fyrir sykurkassa er féll í sjóinn við uppskipun úr einu af skipum sameinaða gufuskipafélagsins krafist af þeim, er flutti kassann í land, jafnframt var umboðsmaður gufuskipafélagsins 87
Mál til skaðabóta fyrir skemdir á grafreitsgrindum á kirkjugarði 202
Skaðabóta krafist fyrir brot á samningi um kjallarasmíði og heimildarlausa grjóttöku 216

Bls.

Fyrirhugaður ritstjóri blaðútgáfufélags lögsækir ritstjóra blaðs til skaðabóta og sekta fyrir að hafa með munnlegum fortölum, hótunum og greinum í blaði sínu hamlað stofnun téðs blaðútgáfufélags og bakað honum með því atvinnutjón, svo og fyrir að hafa raskað prívatlífsfriði hans með ýmislegum brigzlum og umtali um fjárhagsástæður hans 221

Maður lögsækir sýslumann til skaðabóta fyrir áverka og vinnutjón 237

Krafa um skaðabætur fyrir ólögmætan útburð og útbygging af jörð 240

Krafist skaðabóta af verzlun fyrir að taka til sín heimildarlaust og ráðstafa sem innlagðri vöru saltfiski, er verzlunin hafði tekið til verkunar fyrir annan mann . . 258

Skaðabætur dæmdar fyrir fjárnám og eftirfarandi uppboð, er feld voru úr gildi af yfirdómi ásamt undangengnum dómi um innheimtu á afborgun eftir jarðakaupasamningi 276

Mál um skaðabætur hjá landsdrotni fyrir skemdir á leigujörð samkv. l. 12. jan. 1884, 17. gr. 300

Mál til skaðabóta fyrir rof á samningi um sölu á síld 308

Mál um skaðabætur fyrir hagnýting þrætulands 332

Hæstaréttardómur í máli um lögmæti útburð-

Bls.
argjörðar (úr leiguhúsi) og um skaðabætur fyrir hana (sbr. dómasafn V. bls. 404) . . 398
Mál til skaðabóta fyrir burtvísun bakara úr ársþjónustu, látið koma undir eið húsbóndans 479
Maður dæmdur sýkn af kröfu um sekt og skaðabætur fyrir leyfislausa notkun fjörulóðar til að leggja upp á henni timbur . 494
Eigi álitið rétt að leggja á sækjanda, sem var í héraði, eftir því hvernig úrslit málsins urðu, að bæta stefnda þar kostnað við að mæta árangurslaust í einu réttarhaldi í héraði, er fórst fyrir vegna þess, að undirdómarinn komst ekki á staðinn sakir ofviðris 527
Kaupmaður lögsóttur af manni, er hann hafði vikið frá sem verzlunarstjóra, um greiðslu á umsömdu kaupi og prósentum 542
Meiðyrða- og skaðabótamál út af auglýsingu kaupmanns í blaði, um að verzlunarstjóri hans hefði eigi lengur forstöðu verzlunarinnar 576
Ráðskona, er áður var við holdsveikraspítalann, lögsækir spítalastjórnina til skaðabóta fyrir að hafa vikið henni ranglega frá ráðskonusýslaninni 627
Fógetabann gegn framhaldi húsbyggingar á þrætulóð felt úr gildi og bannkrefjandi dæmdur til að greiða byggjanda skaðabætur fyrir hindrun byggingarinnar . . . 665

Bls.

Skattar og gjöld.

Ákvæðið í 1. gr. 2. málsl. í lögum 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald af fiski og lýsi o. fl. eigi álitið eiga við um fiskiskip, sem stundaði fiskiveiðar frá útgerðarstað hér á landi og skilaði veiðinni þangað í hvert skifti 92

Tómthúsmaður, sem veitti heimili forstöðu og hélt vinnuhjú, dæmdur til að greiða presti dagsverk, þótt hann ekki tíundaði neitt . 104

Staðfestur fógetaúrskurður, er synjaði um lögtak fyrir aukaútsvari, er lagt var á dánarbú. Engin lagaheimild talin vera til að skoða dánarbú sem gjaldþegn, er jafna megi á sem slík aukaútsvari 306

Salthús (saltgeymsluhús) eigi álitið arðsöm stofnun eða fyrirtæki, slíkt er mætti leggja á aukaútsvar samkvæmt lögum 9. ág. 1889 447

Sparisjóður talinn arðsamt fyrirtæki eða stofnun, er heimilt væri að jafna á aukaútsvari samkvæmt lögum 9. ág. 1889 . . . 476

Aukaútsvar álitið ólöglega lagt á saltafhendingu og blautfiskstöku verzlunar í öðrum hreppi 530

Bóndi, er tíundaði meira en 5 hndr. lausafjár eigi álitinn skyldur samkv. lögum 3. apríl 1900, 1. gr., að greiða presti dagsverk . . 541

Kaupfélagi álitið óskylt að greiða aukaútsvör, að því leyti er sýslunefnd hafði fært þau niður, og eins til að greiða aukaút-

Bsl.

svarshluta, er lagður hafði verið beint á kaupfélagsstarfsemi félagsins, »að söludeild fráskilinni«, sbr. lög nr. 7, 6. marz 1896 . 558

Maður, er kærður var fyrir undandrátt á tíundarframtali, sýknaður 563

Hreppsnefnd álitið óheimilt hvort heldur eftir lögum 19. júní 1888 eða 9. ág. 1889 að leggja aukaútsvar á 2 utanhreppsmenn, en búsetta við sama fjörðinn, fyrir að þeir höfðu látið stunda síldveiði frá verbúðum, er þeir áttu í hreppnum 584

Skiftamál.

Áfrýjað skiftaréttarúrskurði, er ákvað, að fénaður nokkur, er uppskrifaður hafði verið og virtur sem eign dánarbús, en aðrir menn eignuðu sér og höfðu tekið til sín, skyldi teljast með eignum búsins. Úrslitin látin vera komin undir eiði áfrýjanda, að fénaðurinn væri eign hans og annara . . 9

Skiftaúrskurður ómerktur og málinu heimvísað til nýrrar og löglegri meðferðar, með því að eigi hafði verið leitað um sættir með málsaðilum, áður úrskurðurinn var uppkveðinn 91

Skírlífisbrot.

179. gr. hegningarl. beitt fyrir hneykslanlega sambúð, að fenginni áminningu amtmanns 29

Maður nokkur og stjúpdótturdóttir hans dæmd fyrir sifjaspell samkvæmt 163. gr. alm.

Bls.
hegningarlaga 70
Refsidómur samkvæmt 171. gr. hegningarl. . 274
Maður ákærður fyrir brot gegn 167. og 175. gr. hegningarl. sbr. 40. gr. sömu laga . . 368
Norskur sjómaður dæmdur fyrir að beita valdi við stúlku í saurlifnaðartilgangi (177. gr. sbr. 169. gr. hegningarl.) 516
Dómur fyrir sams konar afbrot 566

Skottulækningar

Ólöggiltur læknir dæmdur samkvæmt lögum 29. febr. 1884, fyrir að gjöra skaða með lækningatilraun 195
Hæstaréttardómur í því máli 401

Skulda- og reikningsmál o. fl.

Maður dæmdur til að greiða úttekt annars manns hjá kaupmanni, er hann hafði lofað að sjá um borgun á á tilteknum tíma . . 26
Mál út af verzlunarviðskiftaskuld 61
Dómur í skuldamáli staðfestur og sekt á lögð fyrir ástæðulausa áfrýjun 179
Skuldamál látið koma undir eið stefnda . . 188
Dómur um greiðslu á verzlunarskuld staðfestur 209, 243
Skuldamál milli kaupmanns og verzlunarerindreka hans í Kaupmannahöfn . . . 293
Maður sýknaður af kröfu um borgun fyrir sendiferð, með því að sökinni áleizt ekki vera réttilega beint að honum 358
Mál um greiðslu andvirðis fyrir síld . . . 383

Bls.
Mál um greiðslu víxilupphæðar 416
Skuldamál látið koma undir synjunareið stefnda 421
Mál um greiðslu skuldar af hendi ábyrgðarmanns 441
Mál til innheimtu á borgun fyrir vörur, er skuldunautur hafði fengið í pöntunarfélagi 523
Í skuldamáli deilt um verð á saltfiski, er samkvæmt sáttagjörð var lagður inn í verzlun til borgunar á skuld 527
Kaupmaður dæmdur til að greiða manni upphæð ávísunarseðils, hljóðandi á handhafa, er kaupmaður hafði gefið út á sjálfan sig 538
Maður lögsækir kaupmann til greiðslu á umsömdum launum og prósentum, fyrir verzlunarforstöðu, er hann hafði um tíma haft á hendi fyrir kaupmanninn, en verið vikið frá 542
Kaupmaður lögsóttur til borgunar á skuld útaf vörukaupum frá útlöndum . 570, 594, 597
Maður lögsóttur til skila og greiðslu á fé, er hann hafði innheimt hér á landi fyrir erlent verzlunarfélag 573
Kaupmaður dæmdur til að greiða bónda innieign hans í verzluninni 643
Nokkur hluti umkrafðrar skuldar talinn fyrir framgreiðsla upp í kaup stefnda sem háseta, sem eigi væri afturkræf samkv. farmannal. 22. marz 1890, 58. gr. 2. málsl., með því að stefndi varð að fara af skipinu ósjófæru 654

Svik, sviksamlegt athæfi.

Maður dæmdur samkvæmt 259. gr. sbr. 255.

Bls.

gr. alm, hegningarl. fyrir að heimila manni hluta sinn af fiskiskipi, þó að hann væri áður búinn að afhenda öðrum hann . . . 20
Vinnumanni refsað fyrir að draga sér af fiskafla sínum, sem var eign húsbónda hans, og leggja inn í verzlanir (255. gr. hegningarl.) 100
Maður kærður fyrir svik (254. gr. hegnl.) sýknaður 121
Maður dæmdur fyrir húsbrennu og vátryggingarsvik (283. gr. 2. og 261. gr. hegnl.) . 191
Dómur fyrir svik (255. gr. hegnl.) og fyrir stórþjófnað og einfaldan þjófnað 211
Hæstaréttardómur í því máli 406
Vegavinnustjóri í landssjóðsvinnu dæmdur samkvæmt 259. gr. alm. hegnl. fyrir að hafa dregið sér sviksamlega fé úr landssjóði með því að taka til sín nokkuð af kaupi því, er hann reiknaði landssjóði fyrir einn verkamanninn 245
Dómur fyrir vátryggingarsvik (261. gr. hegningarl.) 285
Dómur fyrir tilraun til vátryggingarsvika (261. gr. sbr. 46. gr.) 335
Unglingspiltur dæmdur fyrir heimildarlausa úttekt í annara manna reikning við verzlanir (253. gr. hegningarl.), og fleiri glæpi . 340

Úrskurðir.

Úrskurður um frestbeiðni 256
Frávísunarkröfu eigi sint og hún talin ástæðu-

Bls.
laus með öllu 267
Konungsbréf 19. desbr. 1749 og 3 mánaða takmörkunin eftir því bréfi fyrir áfrýjun máls af nýju kemur að eins til greina, er áfrýjunarfrestur dóms er á annað borð útrunninn. Frávísunarkröfu þess vegna hrundið 371
Synjað frávísan máls, þar sem stefnt var hreppsnefnd, þótt stefnan bæri eigi með sér, að hún hefði verið löglega birt nokkrum hreppsnefndarmönnum, með því að nægja þætti, að oddvita nefndarinnar var löglega stefnt 419
Úrskurður er heimtar ítarlegri skýrslur í sakamáli 455
Úrskurðað, að málsaðili geti látið þá menn mæta fyrir sig í yfirdómi, er taldir eru í N. l. 1—9—14, án þess þeir hafi til þess sérstaka löggildingu 489
Ítarlegri skýrslur heimtaðar í sakamáli . . 533
Ítarlegri próf fyrirskipuð og yfirheyrsla á rannsóknardómaranum sjálfum 536
Synjað með úrskurði kröfu um frávísun máls frá undirrétti (ómerkingarkröfu) 589

Valdstjórn og allsherjarregla.

Maður sem ákærður var fyrir brot gegn 102. gr. hegningarlaganna fyrir að hafa farið móðgandi og óvirðandi orðum um sýslumann sinn í kæru til amtsins, sýknaður, með því að réttvísin áleizt ekki eiga sókn á tilverknaði ákærða 48

Bls.
Maður sektaður samkvæmt 102. gr. (sbr. 103. gr.) hegningarl. 181
Sýknun af ákæru fyrir að hafa vaðið upp á hreppsnefndaroddvita á sveitarfundi með meiðyrðum, er hann var að sveitarstjórnarstörfum 323
Maður sektaður samkvæmt 102. gr. hegningarl. sbr. 40. gr. þeirra 379

Veiði, veiðilög, veiðiréttur.

Maður er kærður var fyrir brot gegn lögum 6. apríl 1898, um bann gegn botnvörpuveiðum, sýknaður, þótt sannað væri, að hann hefði stýrt botnvörpuskipi, er það var við botnvörpuveiðar í landhelgi, þar sem hann eigi hafði stjórn skipsins á hendi og réð því eigi veiðunum né bar ábyrgð á, hvernig þær fóru fram 57
Skipstjóri á fiskiskipi, er rak fiskiveiðar frá útgjörðarstað hér á landi, og flutti veiðina þangað í hvert skifti, eigi álitinn skyldur að breyta eftir ákvæðinu í l. 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald, 1. gr. 2. málsl. . . . 92
Samþykt um fiskiveiðar á opnum skipum eigi álitin ná til fiskiveiða með bátum (doryum) frá fiskigufuskipi, er stundaði veiðarnar frá öðru héraði en því, er samþyktin náði yfir, þó að veiðarnar færu fram á sömu veiðistöðum sem menn úr því héraði sóttu á . 95
2 menn sýknaðir, annar af kæru fyrir ó-

Bls.

hlýðni við bann amtmanns gegn ferðum út í útlend botnvörpuveiðiskip, er eigi væru búin að sýna lögreglustjóra skjöl sín í þeirri ferð skipsins frá útlöndum og fyrir brot gegn tilsk. um sóttvarnir 8. febr. 1805, og hinn af kæru fyrir sama brot og sömuleiðis fyrir brot gegn tilsk. um fiskiveiðar útlendra við Ísland 12. febr. 1872 og 17. desbr. 1875 183

Hæstaréttardómur í því máli 403

Hæstaréttardómur um rétt hér búsetts hvalveiðamanns til að nota útlend skip við hvalaveiðar frá stöð sinni hér á landi (sbr. Dómasafn V. bls. 595) 399

Háseta eigi álitið skylt samkv. farmannalögunum $^{22}/_{3}$ 90, 58. gr. 2. málsl., að borga skuld, er teljast varð fyrirframgreiðsla upp í kaup hans, en hann varð að fara af skipinu ósjófæru 654

Verzlun (áfengisverzlun og veitingar, lyfjaverzlun m. m.)

Gestgjafi sektaður fyrir vínveitingar á helgum degi og dæmdur jafnframt til að hafa fyrirgjört rétti til veitingasölu, sbr. tilsk. 28. marz 1855, 10. gr. 42

Kaupmaður sektaður samkv. lögum 10. febr. 1888, 9. gr., fyrir brot gegn 3. gr. sömu laga 157

Veitingasölugjald samkvæmt lögum 11. nóv. 1899, 6. gr., tekið lögtaki og lögtakið staðfest í yfirdómi 176

Bls.
Ólöggiltur læknir dæmdur fyrir ólöglega meðalasölu 195, 230
Hæstaréttardómur í hinu fyrra af þeim málum 401
Sýknudómur í máli, er höfðað var gegn manni fyrir að hafa haft á boðstólum fyrir gesti og tekið borgun fyrir mat og kaffi, hey og gistingu 355
Kaupmaður, er hafði heimild til að verzla með áfenga drykki, sýknaður af kæru fyrir brot gegn 4. gr. laga 11. nóv. 1899 . . 466
Kjötkaupmaður sýkn dæmdur af kæru fyrir ólöglega áfengisverzlun samkv. lögum 11. nóv. 1899, sérstaklega 5. gr. þeirra . . . 468
Fyrverandi héraðslæknir dæmdur fyrir ólöglega meðalaverzlun, er hann rak eftir að hann slepti embætti 472
Verzlunarstjóri ekkju, sem hugðist geta haldið áfram verzlun sinni og því einnig áfengisverzlun, í skjóli borgarabréfs manns síns, dæmdur í yfirdómi sekur um ólöglega áfengisverzlun samkv. lögum 11. nóv. 1899, 2. gr. 503
Hæstaréttardómur í því máli 676

Þjófnaður og gripdeild og hlutdeild í því
(sbr. nytjastuldur).

Maður dæmdur samkvæmt 231. gr. 4. í hegningarl. fyrir að stela úr lokuðu porti, er hann komst inn í með því að klifra yfir girðingu, er var á 4. al. á hæð 16

Bls.
Dómur fyrir stórþjófnað, einfaldan þjófnað og ólögmæta meðferð á annara eign, svo og fyrir hlutdeild í þjófnaði 38
Hæstaréttardómur í því máli 270
Dómur fyrir einfaldan þjófnað framinn í 1. sinn 50, 283, 349, 410, 436, 587
Refsing á lögð fyrir þjófnað samkvæmt 230. gr. og 231. gr. 4 í alm. hegningarlögum . 98
Dómur fyrir einfaldan þjófnað og stórþjófnað (234. gr. 1 og 2 í hegningarlögunum) og svik 100
Dómur fyrir stórþjófnað og einfaldan þjófnað (234 gr. 1. og 2. í hegningarl.) og svik . 211
Hæstaréttardómur í því máli 406
Unglingspiltur dæmdur fyrir kindaþjófnað og ullartöku af kindum (231. gr. og 230. gr. hegningarl.) 340
Maður, er dæmdur var í undirrétti fyrir einfaldan þjófnað, sýknaður í yfirdómi, með því að eigi þótti nægilega sönnuð sekt hans 345, 591
Maður dæmdur fyrir að brjótast inn í verzlunarbúð og stela þar vínföngum og peningum (231. gr. 4. sbr. 40. gr. hegningarl.) 496
Dómur fyrir stórþjófnað og brennu ((231. gr. 4. og 283. gr. hegningarl.) 498
Dómur fyrir einfaldan þjófnað samkv. 232. gr. 1. málsl. hegningarl. 508
6 persónur dæmdar fyrir sauðaþjófnað og óheimila kindatöku, eða hluttöku í þessum glæpum 550

Bls.

Ærumeiðingar og skammir.

Sektardómur fyrir meiðyrði samkvæmt 219. gr. hegningarlaganna 14, 287, 290, 365, 389, 392, 428, 485, 622, 636

Sýknudómur í yfirdómi, þar sem í héraði var dæmd sekt fyrir meiðyrði 44, 360

Sektað fyrir meiðyrði samkvæmt 218., sbr. 217. og 219. gr. hegningarl. 73

Sektað samkvæmt 217. og 219. gr. hegningarlaganna fyrir meiðyrði í yfirlýsingu eða vottorði, er undirritað var af stefnda og fleiri mönnum, en annar maður gaf út á prent, 78, 83, 124, 128, 132, 136, 141, 145, 149, 153, 159, 163, 168, 172

Meiðyrði um dauðan mann dæmd dauð og ómerk samkv. 220. gr. hegningarl., en refsing fyrir þau álitin fyrnd samkvæmt 67. gr. sömu laga 234, 413

Hæstaréttardómur í máli út af ærumeiðingum (sbr. Dómasafn V. bls. 120) 268

Ritstjóri sektaður fyrir meiðyrði samkv. 219. gr. hegningarl. Málinu réttilega snúið á hendur ritstjóranum, þótt meiðyrðin væru með höfundarnafni undir, með því að hann sinti eigi lögmætri áskorun um að skýra frá, hvar höfundur ætti heima, svo að sökinni yrði beint að honum 313

Sekt ákveðin í yfirdómi fyrir meiðyrði (samkv. 219. gr. hegningarl.) þar sem sýknað var í héraði 386

Bls.

Sýknudómur í meiðyrðamáli staðfestur í yfirdómi 395, 425, 619, 633

Úrslit máls út af munnlegum meiðyrðum á almennum borgarafundi látin vera undir synjunareiði stefnda komin 462

2 ritstjórar sektaðir fyrir meiðyrði hvor um annan 510

Meiðyrða og skaðabótamál gegn kaupmanni fyrir ummæli um fyrverandi verzlunarstjóra hans í auglýsingu í blaði, þar sem kaupmaður lýsti því, að verzlunarstjóri hefði eigi umboð sitt lengur 576

Sektardómur fyrir meiðyrði í privatbréfi, samkv. 217. og 219. gr. hegningarl. . . . 582

Ritstjóri sektaður (samkv. 219. gr. hegningarl.) fyrir aðdróttun að yfirdómara um að hann hefði látið pólitiskan andstæðingsskap og óvild hafa áhrif á og jafnvel ráða dómsatkvæði sínu í máli fyrir yfirdómi . 602, 640

Mál milli 2 ritstjóra út af meiðyrðum hvors um annan í blöðum þeirra (Þjóðviljanum og Vestra) 607, 611, 615

Sektardómur fyrir ærumeiðingu um prest samkv. 218. sbr. 217. og 219. gr. hegningarl. 647

Meiðyrðamál gegn bæjarfógeta út af meiðyrðum um mann í umsagnarbréfi bæjarfógeta til amtmanns um kæru sama manns yfir bæjarfógetanum. Sökin dæmd fyrnd samkvæmt 67. og 68. gr. hegningarl., en ummælin dæmd dauð og ómerk 658

Misprentað. Bls. 589$_9$: Bjarnasyni f. *Jónssyni.*

Landsyfirréttardómar 1899.

Mánudaginn 9. janúarmánaðar.

Nr. 51/1898: W. Ó. Breiðfjörð
gegn
Mattíasi Mattíassyni.

Dómur:

Með því undirréttardómsgjörðirnar í máli þessu bera með sér, að tölublað það af »Reykvíkingi«, er hin átöldu ummæli í þessu máli eru í, hefir verið lagt fram í undirrétti, en það hvorki er ritað í dómsgjörðirnar né sérstaklega lagt fram í yfirdóminum, ber, með því áfrýjandinn þannig eigi hefir gætt fyrirmælanna í N. l. 1—6—10 og 18 sbr. 1—5—13, ex officio að vísa máli þessu frá yfirdóminum. Samkvæmt N. l. 1—6—18 verður áfrýjandi að greiða stefnda, sem mætt hefir í málinu og krafist málskostnaðar, hæfilega upphæð sem kost og tæring, og ákveðst hún 10 kr.

Því dæmist rjett vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfrýj-

andi W. Ó. Breiðfjörð greiði stefnda Mattíasi Mattíassyni sem »kost og tæring« 10 kr., er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 13. febrúarmánaðar.

Nr. 37/1898: Þorsteinn prestur Benediktsson gegn Umboðsmanni Bjarnanessumboðs fyrir hönd landssjóðs.

Dómur:

Í máli þessu lögsótti í héraði umboðsmaður Bjarnanessumboðs, Jón prófastur Jónsson, fyrir hönd landssjóðs, prestinn í Bjarnanesi Þorstein Benediktsson til greiðslu á andvirði hvalkálfs, er rak á svo nefndri Bjarnanessfjöru síðast á árinu 1894, og var málið dæmt í aukarétti Skaftafellssýslu 12. apríl f. á. með þeim úrslitum, að áfrýjinn skyldi greiða stefnda fyrir hönd landssjóðs andvirði hvalsins 113 kr. 79 a. með 5% á ári frá sáttakærudegi 29. maí 1896 til borgunardags, en málskostnaður skyldi falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 5. ágúst f. á., og hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum, að hann verði dæmdur sýkn af öllum kærum og kröfum stefnda og stefndi skyldaður til að greiða sér málskostnað fyrir báðum dómum. Af stefnda hálfu hefir þess aftur á móti verið krafist, að aukaréttardóm-

urinn verði staðfestur að því snertir borgun á andvirði umrædds hvals og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu fyrir báðum dómum og hæfileg málflutningslaun til talsmanns stefnda hér fyrir réttinum.

Hval þann, er um er að ræða í máli þessu, rak á svonefnda Bjarnanessfjöru síðast á árinu 1894, og tók áfrýjandinn til sín andvirði hans, sem að kostnaði frádregnum nam 113 kr. 79 a. Það er in confesso í málinu, að kirkjan í Bjarnanesi, sem er landssjóðseign, eigi reka á nefndri fjöru; en það er einnig víst, að Bjarnanessprestar hafa um langan aldur haft allan reka á fjörunni, jafnt viðar sem hvala, eins og þeir hafa haft kirkjueignarhlutann í jörðinni Bjarnanesi, sem talinn er helmingur jarðarinnar, eftirgjaldslaust til ábúðar. Hvað sérstaklega rekann snertir, þá hefir það verið talin skylda Bjarnanesspresta í notum hans eða sem endurgjald fyrir að þeir fengu að hirða hann, að halda við kirkjunni í Bjarnanesi, sbr. rentukammerbréf 10. marz 1792, 26. marz 1842 D og 28. sept. 1843, og er nú krafan af hálfu umboðsins eða landssjóðs á hendur prestinum (áfrýjandanum) um andvirði hins hér um rædda hvals bygð á því, að þar sem skyldunni að viðhalda kirkjunni sé nú létt af prestunum í Bjarnanesi, með því að landssjóður tók að sér að öllu 1886 að kosta endurbyggingu hennar, þá geti prestarnir eigi lengur eignað sér reka-

904

við af fjöru kirkjunnar — og því síður hvali, er þar beri upp, með því að sannanir skorti fyrir því, að Bjarnanessprestar hafi nokkurn tíma haft rétt til þeirra. Það verður þó eigi álitið, að rétt sé að gjöra greinarmun í þessu tilliti á hval- og viðarreka á Bjarnanessfjöru, því að þó að viðarreki sé oftast nefndur og eignaður prestunum í hinum tilvitnuðu rentukammerbréfum, sem viðhaldsskylda Bjarnanesspresta á kirkjunni og samband hennar við afnot rekans eingöngu er bygð á, þá er það hvorttveggja, að hvalreki var mjög ótíður þar í þá tíð, enda er í bréfunum einnig nefndur rekaréttur alment (Drivrettighed) sem tilheyrandi prestinum, og ennfremur er það sannað í málinu. að prestarnir hafa ávalt hirt sem sína eign jafnt hvali, er rekið hafa, sem rekavið. Spurningin, sem úrslit málsins leika á, er þannig sú, hvort Bjarnanessprestar hafi misst rétt til reka (viðar og hvala) á Bjarnanessfjöru, við það, að landssjóður tók að sér viðhald kirkjunnar. Þó að Bjarnanessprestar hafi átt að hafa rekann sem endurgjald fyrir viðhald á kirkjunni, á þeim tíma, er fyrtéð rentukammerbréf voru út gefin, þá hefir skoðun manna á afnotarétti prestins til rekans breytst til muna, er frá leið. Þannig er í málinu upplýst, að 3 fyrirrennarar áfrýjanda í brauðinu hafa eigi haft hugmynd um annað en að rekinn væri eign prestakallsins og væri prestinum frjáls til afnota sem aðrar tekjur þess, og í brauðamatinu, sem gjört var 1853 og staðfest af konungi 15.

desbr. 1865, er fjaran talin notuð af prestinum sjálfum, án þess minst sé þar nokkurs skilyrðis, er þau afnot séu sérstaklega bundin. 1886 kostaði einnig landssjóður endurbygging kirkjunnar að öllu leyti, án þess ræða væri um viðhaldsskyldu af prestsins hálfu, og án þess fyrirvari væri hafður um að breyting yrði á um notkun rekans, þótt landssjóður tæki við viðhaldi kirkjunnar. Alt þetta sýnir, að umræddur rekaréttur hefir nú um langan tíma af öllum hlutaðeigendum verið talin skilyrðislaus tekjugrein Bjarnanesspresta, og með því að ráða verður af málinu, að enginn fyrirvari eða breyting hafi á orðið í þessu tilliti, þegar hinum núverandi presti (áfrýjandanum) var veitt Bjarnanessprestakall, eða í hinu nýja brauðamati, verður að álíta, að áfrýjanda hafi verið heimilt að hirða sem sína eign hval þann, er mál þetta er risið út af, og verður því að sýkna hann fyrir kærum og kröfum stefnda í máli þessu. Málskostnaður þykir rétt að falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandinn Þorsteinn prestur Benediktsson á að vera sýkn í máli þessu fyrir kærum og kröfum stefnda umboðsmanns Bjarnanessumboðs fyrir hönd landssjóðsins. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 13. marzmánaðar.

Nr. 53/1898: Kristinn Magnússon
gegn
Eyþóri Felixsyni.

Dómur:

Mál þetta hefir stefndi Eyþór kaupmaður Felixsson í Reykjavík höfðað gegn áfrýjandanum Kristni skipstjóra Magnússyni sama staðar til skaðabóta fyrir skemdir af hans völdum á skipi stefnda »Sleipni«, og var málið dæmt í gestarétti Reykjavíkur 21. nóv. f. á. svo, að áfrýjandinn var dæmdur til að greiða stefnda 41 kr., sem skaðinn var metinn af þar til kvöddum mönnum, og 10 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 21. nóv. f. á., og hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum, að hann verði sýkn dæmdur af öllum kærum og kröfum stefnda og að stefndi verði dæmdur í allan málskostnað fyrir báðum réttum. Hinn stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að undirréttardómurinn verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Skemdirnar, sem mál þetta hófst út af, atvikuðust á þann hátt, sem nú skal greina: 31. ágúst f. á. lágu fiskiskipin »Sleipnir«, eign stefnda, og »Guðrún«, sem áfrýjandinn var skipstjóri á, á Reykjavíkurhöfn, og hafði »Guðrún«, sem komið hafði seinna inn á höfnina, lagst örskamt frá »Sleipni«, suður og vestur af honum. Þennan

dag ætlaði Guðrún að taka sig upp af höfninni, en með því að vindur stóð af útsuðri og áfrýjandinn þurfti að komast fram hjá Sleipni, en treystist eigi til að koma svo seglum við til þess að dygði, þá tók hann það ráð, að láta skip sitt reka fyrir vindi fram hjá Sleipni. Þegar Guðrún létti, bar vindurinn hana að Sleipni, svo að bugspjót Sleipnis rakst inn á þilfar Guðrúnar, en áfrýjandi og menn hans gengu þá á bugspjótið og ýttu skipunum sundur, og rak þá Guðrúnu fast aftur með Sleipni, en á leiðinni greip klyverdragkeðja Guðrúnar um endann á stórseglsbómu Sleipnis, sem lá 3—4 þumlunga út af öldustokknum, dró hana með sér og braut hana við afturreiða skipsins og skemdi um leið nokkuð stýrishjólið á Sleipni. Skemdir þessar á stórseglsbómunni og stýrishjólinu voru síðan, eins og áður hefir sagt verið, metnar á 41 kr.

Það er augljóst af atvikum málsins, sem nú hafa greind verið, að skemdirnir á Sleipni hafa orsakast af því, að áfrýjandinn lét skip sitt reka á hann. Það er einnig upplýst í málinu, að áfrýjandinn gjörði þetta að nauðsynjalausu, þar sem honum var innanhandar til að komast fram hjá Sleipni að varpa sig í annað skip á höfninni eða draga upp stórseglið, sem hann eigi notaði. En þar sem hann samt sem áður valdi þessa aðferð, sem hann hlaut að sjá fyrir, að gat stofnað skipunum í hættu, ef illa tókst til, þá verður hann að vera skyldur að bæta það tjón, er af því hlaust. En áfrýjandinn hefir haldið því fram, að tjónið

hafi ekki hlotist af aðferð sinni, heldur hafi það orsakast af þeirri óreglu Sleipnismanna, að láta stórseglsbómuna liggja út af öldustokknum; hefði það eigi átt sér stað, myndu engar skemdir hafa orðið af samrekstri skipanna. Eins og áður er sagt lá stórseglsbóman (eyrun á henni) 3—4 þumlunga út af öldustokknum og var hún lögð svo til þerris, eftir að hún hafði verið strokin með fernis. Dag þann, sem samreksturinn átti sér stað, var gott veður og hægt, og gátu Sleipnismenn því ekki búist við að nein hætta gæti stafað af því, hvernig bóman lá, enda vissu þeir ekkert um fyrirætlan áfrýjanda, sem ekki hirti að gjöra þeim aðvart, þó að honum væri það innanhandar, þar sem skipin lágu svo nálægt hvort öðru. Það verður því eigi álitið, að Sleipnismenn með þessu hafi gjört sig seka í neinni óvarkárni, er geti losað áfrýjanda við ábyrgðina á tjóninu, er af samrekstrinum varð. Eigi verður heldur tekin til greina sú varnarástæða áfrýjanda, að Sleipnismenn hefðu getað afstýrt tjóninu með því að færa stórseglsbómuna til, því að þeir voru önnum kafnir um það leyti í að verja skip sitt enn meira tjóni af samrekstrinum, þar sem bugspjót Guðrúnar var komið inn á þilfar Sleipnis fyrir framan mastrið, og voru þeir að ýta Guðrúnu frá, til að verja mastur Sleipnis.

Það verður samkvæmt þessu að fallast á þá niðurstöðu gestaréttardómsins, að áfrýjandinn sé skyldur til að bæta stefnda hinar umræddu skemdir á Sleipni, og með því að enginn ágreiningur

hefir orðið um upphæð skaðabótanna og yfirdómurinn einnig felst á málskostnaðarákvæði gestaréttardómsins, ber að staðfesta dóm þennan í öllum greinum. Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda 20 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi Kristinn skipstjóri Magnússon stefnda Eyþóri kaupmanni Felixsyni 20 krónur.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 52/1898: Kjartan Runólfsson gegn Guðbrandi Finnbogasen fyrir hönd W. Fischers verzlana í Hafnarfirði og Reykjavík og sýslumanni Franz Siemsen fyrhönd dánarbús Ingunnar Einarsdóttur.

Dómur:

Hinn 10. nóv. 1893 fór fram uppskriftargjörð á dánarbúi ekkjunnar Ingunnar Einarsdóttur í Naustakoti, er látist hafði þá um haustið, en við uppskrift þessa fór hlutaðeigandi hreppstjóri, sem stóð fyrir gjörðinni, eftir skýrslu sona hinnar látnu, og lét óuppskrifaðar nokkrar skepnur, er á heim-

ilinu voru, en sem bræðurnar töldu sína og annara eign. Hlutaðeigandi skiftaráðandi, hinn stefndi sýslumaður, skipaði þá hreppstjóra með bréfi 18. desbr. s. á. að framkvæma nýja uppskriftargjörð, þar sem uppskrifaður skyldi allur fénaður, er á heimili Ingunnar sál. væri, og fór sú uppskrift fram 22. s. m., og skrifaði þá hreppstjóri upp sem búinu tilheyrandi, gegn mótmælum áfrýjanda, sem var viðstaddur, fyrtéðar skepnur, er hann og bróðir hans eignuðu sér og öðrum mönnum, og voru þær virtar 344 kr. Áfrýjandinn virðist síðar hafa ráðstafað þessum skepnum, sem eigi voru seldar á uppboði, með öðrum eigum búsins, en á skiftafundi 22. okt. 1897 var þess krafist af umboðsmönnum verzlana þeirra í Reykjavík og Hafnarfirði, sem nú eru eign W. Fischers verzlunar, og sem áttu til skulda að telja í búið, að nefndur fénaður, er áfrýjandi hafði tekið til sín, væri færður inn í búið sem þess eign, og úrskurðaði skiftaráðandi nefndan dag samkvæmt þessum kröfum, að skepnur þessar, er uppskrifaðar höfðu verið 22. desbr. 1893 og virtar á 344 kr., bæri að telja með eignum dánarbúsins og ráðstafa þannig. Krafðist skiftaráðandi þess síðan, samkvæmt þessum úrskurði, að áfrýjandi skilaði virðingarverði fénaðarins inn í búið, en áfrýjandi hefir skotið úrskurðinum til yfirdómsins með stefnu dags. 22. nóv. f. á. og fengið til þess gjafsókn og skipaðan málaflutningsmann, svo og uppreistarleyfi og leyfisbréf til að leggja fram í málinu ný skjöl og sannanir. Hefir áfrýjandi krafist þess fyrir yfirdóm-

ínum, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi feldur og skiptaráðandi skyldaður til að taka búið fyrir aftur, þannig að umræddar skepnur, er virtar hafa verið á 344 kr., verði skoðaðar eignum búsins óviðkomandi, og að stefndi Guðbrandur Finnbogasen fyrir hönd verzlana W. Fischers í Hafnarfirði og Reykjavík, eða til vara hinn stefndi skiftaráðandi fyrir hönd búsins, verði dæmdur til að greiða allan kostnað málsins fyrir yfirdómi, eins og það væri eigi gjafsóknarmál, þar á meðal málflutningslaun til hins skipaða málsfærslumanns hans. Hinn stefndi skiftaráðandi hefir af búsins hendi og Guðbrandar Finnbogasens krafist þess, að áfrýjandinn og óstefndur bróðir hans og ráðskona, er áfrýjandinn taldi eiga nokkrar af skepnunum, verði látin sanna eignarrétt sinn til skepnanna með eiði, og jafnframt hefir hann mótmælt málskostnaðarkröfu mótpartsins.

Hinn áfrýjaði úrskurður er bygður á því, að umræddur fénaður var tíundaðar sem eign Ingunnar sál. Einarsdóttur, móður áfrýjanda, og að ekkert kom fram fyrir skiftaréttinum um eignarrétt annara en búsins að þessum skepnum, nema skýrsla áfrýjanda sjálfs og bróður hans um þetta efni. Nú fyrir yfirdómi hafa verið lögð fram vottorð ýmsra manna um það, að áfrýjandi og bróðir hans og þeir menn aðrir, er áfrýjandi við uppskriftargjörðina 22. desbr. 1893 hélt fram að ættu hinn umþrætta fénað, hefðu átt skepnur í búi Ingunnar sál., þegar uppskriftin fór fram, og þar sem vottorð þessi hafa af stefnda hálfu hér fyrir rétt-

inum eigi verið rengd, og hinn mætti skiftaráðandi hefir kannast við, að skepnur þeirra bræðra muni hafa verið tíundaðar með skepnum móður þeirra, þá má telja það viðurkent í málinu, að þeir bræður og nokkrir aðrir menn hafi átt fénað í búi Ingunnar sál., en hitt er ósannað og eigi viðurkent, enda nokkuð ósennilegt, að allur sá fénaður, sem áfrýjandi hefir viljað eigna sér og öðrum og virtur var 344 kr., hafi verið búinu óviðkomandi, þar sem annars kom eigi til uppskriftar sem búsins eign nema 1 ær með lambi og 1 hryssa, en Ingunn sál. hafði 2 vinnumenn (áfrýjanda og bróður hans) og bústýru, sem hún galt kaup. Það þykir þó rétt eftir málavöxtum og með tilliti til kröfu hinna stefndu, að láta úrslit þessa máls vera komin undir eiði áfrýjanda, þannig, að ef hann treystir sér til að staðfesta með eiði skýrslu þá, er hann gaf við uppskriftargjörðina 22. desbr. 1893 um eignarheimildir að umræddum fénaði, sem þá var uppskrifaður, þá skuli nefndur fénaður vera búinu óviðkomandi og hinum áfrýjaða úrskurði breytt að þessu leyti, og málskostaður þá falla niður, og greiðist þá málsfærslukaup hins skipaða málsfærslumanns áfrýjanda, er ákveðst 20 kr., af almannafé; en treysti áfrýjandi sér eigi til að vinna eiðinn, skal hinn áfrýjaði skiftaréttarúrskurður vera óraskaður og ber áfrýjanda þá að greiða hinum skipaða málsfærslumanni sínum málsfærslukaup 20 kr.

Að því leyti mál þetta hefir verið flutt með

gjafsókn, vottast, að málsfærslan hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ef áfrýjandinn Kjartan Runólfsson eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu vinnur eið að því, að skýrsla sú, er hann gaf við uppskriftargjörð 22. desbr. 1893 um eignarheimildir að fénaði, er framfleyttist á heimili móður hans, Ingunnar heitinnar Einarsdóttur, og sem virtur var 344 kr., sé sannleikanum samkvæm, þá skal skiftaréttarúrskurðinum 22. okt. 1897 breytt að því leyti, að nefndur fénaður skal vera dánarbúi Ingunnar heitinnar óviðkomandi, og málskostnaður þá falla niður, en málsfærslukaup hins skipaða málsfærslumanns áfrýjanda, yfirréttarmálaflutningsmanns Odds Gíslasonar, 20 kr., greiðist af almannafé. En treysti áfrýjandi sér eigi til að vinna svofeldan eið, skal skiftaréttarúrskurðurinn vera óraskaður og áfrýjandi skyldur að greiða greindum yfirréttarmálsfærslumanni málsfærslukaup hans, 20 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 2/1899: Mattías Mattíasson
gegn
W. Ó. Breiðfjörð.

Dómur:

Mál þetta höfðaði í héraði Mattías Mattíasson verzlunarstjóri gegn kaupmanni W. Ó. Breiðfjörð fyrir meiðyrði í grein einni í 8. árg. 2. tölubl. blaðsins »Reykvíkingur«, sem út kom 1. febr. f. á., og var stefndi með bæjarþingsdómi Reykjavíkur, gengnum 20. okt. f. á., dæmdur í 20 kr. sekt til landssjóðs eða til vara 6 daga einfalt fangelsi fyrir meiðandi og óvirðandi orð um áfrýjandann í hinni átöldu grein og til að greiða honum 10 kr. í málskostnað; hin saknæmu meiðyrði voru dæmd dauð og ómerk.

Dómi þessum hefir Mattías Mattíasson áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu 10. janúar næstl. og krafist: *að* hin meiðandi og óvirðandi ummæli um hann verði dæmd dauð og ómerk, *að* sektarákvæði undirréttardómsins verði þyngd, og *að* stefndi verði dæmdur í málskostnað fyrir yfirdómi. Hinn stefndi hefir á hinn bóginn krafist þess, *að* hann verði dæmdur sýkn af kærum áfrýjanda í þessu máli og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum hæfilegan málskostnað.

Að því, er aðalefni málsins snertir, þá eru hin átöldu meiðyrði fólgin í áðurnefndri blaðagrein, og þar sem greinin er nafnlaus, ber stefndi, sem er útgefandi og ábyrgðarmaður blaðsins »Reykvíkingur«, ábyrgð á henni. Í greininni með fyr-

irsögninni »Dæmdir skuldaþrjótar« lýsir höfundurinn erfiðleikum, sem hann hafi átt með að ná inn skuld, sem áfrýjandi og annar maður áttu að sjá um borgun á. Kveðst hann eftir margar árangurslausar tilraunir, að fá skuldina borgaða, hafa höfðað mál á móti mönnum þessum og þeir verið dæmdir til að greiða hana; hafi hann þá lánað þeim eftirrit af dómnum, til að kynna sér hann, en þeir týnt honum fyrir sér og hann því orðið að kaupa sér nýtt eftirrit til að láta birta þeim. Um þessa framkomu áfrýjanda og félaga hans, hefir nú stefndi orð þau, sem auk fyrirsagnar greinarinnar eru átalin í greininni, sem sé: »Þessi lúalegi, lítilmensku vesallegi mótþrói« og »þessari krakkalegu, vanhugsuðu fásinnu flæmings undanfærslu«, og enn er þar átalið, að peningaþröngin (sem orsakaði undanfærsluna eða undandráttinn að borga skuldina), er sögð stafa af »gortaralegum þembingsskap og flónskulegri óframsýni forkólfanna«. Með því að engin ástæða er til að ætla, að áfrýjandi hafi ætlað að hlíðra sér hjá að greiða stefnda rétta skuld, og með því að sérstaklega hér var að ræða um skuld, sem hann virðist eigi hafa verið að öllu einráður um, hvort og hvenær borguð yrði, þá verða ofangreind ummæli stefnda um hann að álítast tilefnislaus, og þar sem þau eru mjög óvirðandi og móðgandi fyrir áfrýjandann, verður stefndi að sæta sektum fyrir þau samkvæmt kröfu áfrýjanda.

Samkvæmt framanrituðu ber að staðfesta bæjarþingsdóminn að því leyti hann dæmir framan-

talin móðgandi og óvirðandi ummæli stefnda um áfrýjanda dauð og ómerk og ber stefnda að greiða sekt til landssjóðs fyrir þau samkvæmt 219. gr. alm. hegningarlaga, er þykir hæfilega ákveðin 40 kr., og komi í stað sektarinnar, ef hún eigi er öll greidd í tæka tíð, 10 daga einfalt fangelsi. Um málskostnað á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður, og ber stefnda auk þess að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, 20 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi W. Ó. Breiðfjörð greiði í sekt til landssjóðs 40 krónur, eða sæti til vara, ef sektin er eigi öll greidd í ákveðinn tíma, 10 daga einföldu fangelsi. Um ómerking meiðyrða og málskostnað á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður. Stefndi greiði áfrýjanda Mattíasi verzlunarstjóra Mattíassyni í málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 3/1899: Réttvísin gegn Markúsi Jósefssyni.

Dómur:

Með dómi aukaréttar Reykjavíkurkaupstaðar, gengnum 4. jan. þ. á., var Markús Jósefsson dæmd-

ur fyrir stórþjófnað til að sæta betrunarhússvinnu í 8 mánuði, svo og til að greiða allan af málinu og varðhaldi hans leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun 6 kr. til hins skipaða talsmanns hans. — Þessum dómi er að kröfu ákærða áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu 7. jan. síðastliðins.

Málsatvik eru þessi:

Þegar Einar nokkur Símonarson frá Hruna í Árnessýslu var hér á ferð í Reykjavík seinni hluta ágústmán. f. á., misti hann úr farangri sínum, sem geymdur var innan læstra girðinga við útihús Brydes verzlunar hér í bæ, 2 kúta fulla af brennivíni og tvenna stígvélaskó; voru aðrir skórnir kvennskór, en hinir unglingsskór, og verðið á þeim 4 kr. 50 og 4 kr. Hafði Einar tekið skó þessa til flutnings fyrir Lárus skóara Lúðvígsson austur að Kotströnd í Ölfusi. Fám dögum eftir að Lárus afhenti Einari skóna, var komið með ósamstæða skó til Lárusar til þess að fá skifti á öðrum þeirra; þekti Lárus þá skóna, tók þá og sendi þá bæjarfógeta, er þegar tók að rannsaka málið, og bárust þá brátt böndin að ákærða um að hann hefði haft þessa skó á boðstólum og selt þá. Ákærði kveðst að vísu ekki muna eftir, að hann hafi selt skóna, en það er á annan hátt nægilega sannað; en játað hefir hann stuldinum á öðrum brennivínskútnum og skónum, og er framburður hans, sem fara verður eftir, að því sjálfan hann snertir, í þessu máli, á þessa leið: Seinni

hluta ágústmán. f. á. kvöld eitt um háttatíma eða fyrri part nætur hafi hann ráfað drukkinn um götur bæjarins; hafi hann þá hitt Svein næturvörð Sveinsson, er hafi beðið sig um brennivín; hann hafi að vísu sagst ekki hafa það, en hann vissi, hvar mætti fá það, því hann hefði þá um daginn tekið eftir því, að ferðamaður nokkur geymdi 2 brennivínskúta í farangri sínum innan girðinga við geymsluhús Brydes verzlunar; hafi þeir Sveinn svo orðið á eitt sáttir um að ná þessu brennivíni, og hafi hann (ákærði) náð því, með því að klifra með aðstoð Sveins yfir girðinguna, sem var læst, og er á hæð á 4. alin; hafi hann tekið 1 kút, sem tók meira en 2 potta, svo og böggul með skóm í, er hafi verið meðal farangursins, og rétt Sveini það; þýfinu hafi þeir Sveinn skift milli sín, Sveinn hafi tekið brennivínskútinn, en fengið sér úr honum brennivín á flösku, svo og skóna, er hann þó ekki þykist vita, hvort tvennir hafi verið eða einir. Er hann hafi verið búinn að fá brennivínið, hafi hann gjörst svo ölvaður, að hann hafi legið út um nóttina; hann hafi, er hann lagðist fyrir, orðið var við skóna í sínum vörzlum, en síðan hafi hann ekkert um þá vitað. — Sveinn hefir statt og stöðugt neitað því, að hann hafi átt nokkurn þátt í því að stela með ákærða ofangreindum munum, þótt hann á hinn bóginn hafi orðið var við ákærða innan girðinga við geymsluhús Brydes verzlunar, og tekið á móti brennivínskút út fyrir girðinguna, er ákærði hafi þótst eiga, en hann hafi trúað því, með því að

honum hafi verið kunnugt um, að ákærði ætti dót innan þessara girðinga.

Eftir atvikum verður því að álíta sannað, að ákærði hafi stolið 4 potta kút þeim með brennivíni, er Einar Símonarson misti, svo og skónum; en þó líklegt sé að ákærði einnig hafi stolið minni kút þeim, er Einar saknaði og tók tæpa 2 potta, þá verður hann þó ekki gegn neitun sinni dæmdur fyrir stuld á honum.

Hinir ósamstæðu skór hafa verið afhentir Lárusi skósmið Lúðvígssyni og krefst hann ekki frekara endurgjalds; en fyrir brennivínskútinn hefir hlutaðeigandi ekki gjört neina endurgjaldskröfu; verður ákærði því ekki í þessu máli dæmdur til að lúka nein iðgjöld.

Afbrot ákærða, sem kominn er langt yfir lögaldur sakamanna og ekki áður hefir verið hegnt fyrir neinn glæp, hefir undirdómarinn með réttu heimfært undir 231. gr. 4. lið hinna almennu hegningarlaga, og með því yfirdómurinn felst á hegningarákvæði undirdómsins, eins og líka á önnur ákvæði dómsins, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Svo ber ákærða og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus, og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Undirréttardómurinn í máli þessu á að

vera óraskaður. Ákærði, Markús Jósefsson, á að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflutnings laun til sækjanda og verjanda fyrir landsyfirdóminum, málaflutningsmannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 55/1898: Réttvísin
gegn
Valdimar Arnfinnssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Akureyrarkaupstaðar, upp kveðnum 21. septbr. f. á., var hinn ákærði, Valdemar Arnfinnsson, dæmdur fyrir sviksamlegt athæfi eftir 255. gr. og 259. gr. hinna alm. hegningarlaga 25. júní 1869 sbr. 63. gr. sömu laga, til að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð, og til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal 5 kr. í málsvarnarlaun til verjanda í héraði. — Þessum dómi hefir verið skotið til yfirréttarins eftir kröfu hins ákærða og af hálfu hins opinbera.

Með bréfi, dags. 22. desbr. 1897, viðurkennir hinn ákærði, að hann hafi þá samstundis gjört þann samning við konsúl J. V. Havsteen á Oddeyri, að hann vorið 1898 frá 1.—14. apríl skuli gjörast útgerðarmaður hans (Havsteens) á há-

karlaskipinu »Æskan«, eða einhverju öðru skipi, og verða það um útgerðartíma skipsins, gegn því að hann fái í fæðispeninga kr. 6,50 til 7 kr. um vikuna og leggi sér alt til, en fái svo hálfan hlut, sem «*hann rœður því kaupmaður J. V. Havsteen yfir allan hlutinn heilan hlut af skipinu*«, og er samningurinn þannig orðaður í þessu bréfi. Hinn 13. jan. næst á eftir (1898) gjörði ákærði annan samning í sama skyni við konsúl Havsteen, og eru ákvæðin hin sömu og í hinum fyrra samningnum, en nokkuru skýrar tekið fram um hlutinn, sem sé þannig, að »*ég* (ɔ: ákærði) *svo fái hálfan hlut, sem kaupmaður Havsteen rœður að öllu leyti yfir eins og sinn hálfa hlut af skipinu; rœður hann þannig að öllu leyti yfir heilan hlutinn*«. — Hinn 5. apríl sama ár gefur svo ákærði út skjal, þar sem hann heimilar Jóni Norðmann verzlunarstjóra á Oddeyri að ganga eftir og veita móttöku öllum heilum »hlut« hans af lýsi af skipinu «Æskan« yfir næstkomandi útgerðartíma. — Ákærði hefir kannast við það, að hann hafi ritað þetta síðarnefnda skjal í því skyni, að fá úttekt hjá Norðmann, sem hann eigi hefði annars fengið.

Þó að samningar hins ákærða við Havsteen séu mjög ógreinilega samdir og illa úr garði gjörðir, verður þó að skilja þá á þann veg, að ákærði hafi heimilað Havsteen umráð yfir lýsishlut sínum á skipinu »Æskan« þessa umræddu vertíð, þannig að Havsteen mætti taka þennan hlut til sín, og hagnýta sér hann, er hann kæmi í land. Þar sem nú ákærði síðar með bréfinu 5.

apríl 1898 heimilaði Jóni Norðmann að ganga eftir og veita móttöku lýsishluta hans af skipinu, en hér gat eigi verið að ræða nema um þann hlutarhelming, sem eftir venju í Eyjafjarðarsýslu er eign útgerðarmanns, — og þar sem hann eftir eigin játingu gjörði þetta í því skyni að fá úttekt hjá Norðmann, sem hann og virðist hafa fengið, getur hann eigi komist hjá refsingu fyrir sviksamlegt athæfi, með því að hann þegar áður hafði afhent öðrum manni þennan lýsishlut sinn.

Hinn ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, og hefir eigi áður sætt dómi né refsingu fyrir nokkurt afbrot. Hér umrætt brot hans er af undirdómaranum réttilega heimfært undir 259. gr., sbr. 255. gr. hinna alm. hegningarlaga, og þykir refsingin hæfilega ákveðin 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Með því að yfirdómurinn einnig felst á ákvæði aukaréttardómsins um málskostnað, ber að staðfesta téðan dóm í öllum greinum. Ákærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra. — Það vottast, að rekstur málsins í héraði og málsfærslan við yfirdóminn hefir verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Ákærði Valdemar Arnfinnsson greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyr-

ir yfirdómi, málaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 20. marzmánaðar.

Nr. 43/1898: Guðmundur Þorbjarnarson fyrir hönd eigenda Hvols í Mýrdal gegn Vigfúsi Þórarinssyni, Sverri Magnússyni, Þorleifi Jónssyni og Einari Guðmundssyni, ábúendum Ytri-Sólheima.

Dómur:

Áfrýjandinn Guðmundur Þorbjarnarson, ábúandi á jörðinni Hvoli í Mýrdal, höfðaði fyrir hönd eigenda téðrar jarðar og eftir umboði frá þeim mál þetta fyrir aukarétti Skaftafellssýslu gegn hinum stefndu ábúendum og umráðendum jarðarinnar Ytri-Sólheima, út af rétti Hvolseigenda til lambaupprekstrs á svo kallaða »Hvítmögu«, afrétt í landi Ytri-Sólheima, gegn ítaki, sem þessari jörð sé talið í Hvolsmýri. Málið kom svo í landamerkjadóm Skaftafellssýslu, og var dæmt þar 13. júní f. á. þannig, að sökinni var vísað frá dómi, og sækjendurnir, eigendur Hvols, skyldaðir til in solidum að greiða hinum stefndu, Vigfúsi Þórarinssyni, Sverri Magnússyni, Þorleifi Jónssyni og

Einari Guðmundssyni 30 kr. í kost og tæring, svo og til að greiða borgun til dómsmanna, 51 kr. Þessum dómi hefir Guðmundur Þorbjarnarson fyrir hönd eigenda Hvols skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 19. sept. f. á., og hefir hann krafist þess, að landamerkjadómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu vísað heim til meðferðar að efninu til frá því stigi, er því var vísað frá undirréttinum, og að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða allan kostnað málsins að skaðlausu. Hinir stefndu, sem hafa fengið gjafvörn bæði í héraði og fyrir yfirdómi og skipaðan málflutningsmann við yfirdóminn, hafa af sinni hálfu krafist þess, að merkjadómurinn verði staðfestur og að áfrýjandinn verði dæmdur í allan málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins, svo og til að greiða hæfileg málsvarnarlaun til hins skipaða verjanda.

Ástæður landmerkjadómsins fyrir frávísun málsins eru þær, að sækjandi hafi vanrækt að stefna öllum þeim í málinu, sem eftir eðli þess séu réttir varnaraðilar, þar sem hvorki hefir verið stefnt ábúandanum á Sólheimahjáleigu né manni þeim, sem talinn hefir verið eigandi býlis þessa og hefir haft eiginleg eignarumráð yfir því síðastliðin ár, en um það virðast málsaðilar samdóma, að málið áhræri réttindi Sólheimahjáleigunnar. Staðhæfingu merkjadómsins um þetta málsatvik hefir eigi verið hnekt af áfrýjanda, og verður því að líta svo á, að áfrýjandi hafi eigi fullnægt fyr-

irmælunum í 7. gr. sbr. 13. gr. landamerkjalaga 17. marz 1882, þá er hann höfðaði mál þetta. Það verður því að fallast á það, að merkjadómurinn frávísaði málinu, og með því að hin önnur ákvæði téðs dóms samþykkjast, skal hann staðfestur í öllum greinum. Áfrýjandi verður eftir þessum úrslitum að greiða hæfileg málfsfærslulaun til hins skipaða málflutningsmanns hinna stefndu fyrir yfirdómi, og ákveðast þau 20 kr. Að öðru leyti þykir málskostnaður fyrir yfirdómi geta fallið niður.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og að málsvörnin við yfirdóminn hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal óraskaður vera. Áfrýjandi Guðmundur Þorbjarnarson fyrir hönd eigenda Hvols greiði málfæslulaun til málaflutningsmanns hinna stefndu við yfirdóminn Einars Benediktssonar, 20 krónur, en að öðru leyti skal málskostaður fyrir yfirdómi falla niður.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 10. aprílmánaðar.

Nr. 39/1898: Benedikt S. Þórarinsson
gegn
Sturlu Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði stefndi Sturla kaupmaður Jónsson fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjanda Benedikt S. Þórarinssyni út af verzlunarskuld að upphæð 16 kr. 32 aur., og var það dæmt í héraði 18. ágúst f. á. þannig, að áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefnda kr. 16,32 með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og 8 kr. í málskostnað. Nokkur ummæli í varnarskjali áfrýjanda voru dæmd dauð og ómerk.

Þessum dómi hefir Benedikt S. Þórarinsson áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu 24. ágúst f. á. og krafist:

1. Að hann sé algjörlega sýknaður af sérhverri skuldakröfu stefnda í þessu máli;

2. Að ummæli hans fyrir undirrétti, að áfrýjandi hafi »svikist um« að greiða 15 kr., verði dæmd dauð og marklaus, og stefndi sektaður fyrir.

3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða honum (áfrýjanda) hæfilegan málskostnað fyrir báðum réttum.

Hins vegar hefir stefndi krafist, *að* hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, *að* hann verði sýknaður af kröfum áfrýjanda fyrir yfirdómi og *að* á-

frýjandi verði dæmdur í málskostnað — minst 40 kr., eða aðra upphæð hæfilega að réttarins mati.

Af hinum einstöku póstum í hinum framlagða reikningi stefnda neitar áfrýjandi að borga 2 pósta, sem sé 15 kr. til Páls Sigurðssonar og 1 kr. 32 a. fyrir 2 rúður, með því að hann skuldi þá ekki. En að því umgetnar 15 krónur snertir, þá hefir stefndi lagt fram skjal, undirskrifað af áfrýjanda, þar sem áfrýjandi mælist til, að stefndi láti Pál Sigurðsson fá út á 15 kr. í vörum með peningaverði, og skuli hann sjá um, að skuldin verði greidd fyrir 15. apríl (1898) í peningum. Að vísu neitar áfrýjandi því ekki, að hann hafi ritað þetta skjal, en heldur því fram, að ekki beri að skoða það öðruvísi en í hæsta lagi sem loforð um, að hann skyldi ábyrgjast nefnda upphæð, og að stefndi hafi engan aðgang haft að sér einkum vegna þess, að hann hafi ekki í tíma gjört sér aðvart um, að Páll ekki hafi borgað. En þetta á ekki við rök að styðjast; skjalið er ótvírætt beiðni áfrýjanda um, að stefndi láni Páli oftnefndar 15 kr. og jafnframt inniheldur það skýlaust loforð áfrýjanda um, að skuld þessi skuli verða borguð fyrir vissan dag. Úr því að Páll eigi greiddi skuldina á gjalddaga, gat stefndi eftir skjalinu heimtað hana af áfrýjanda. Áfrýjanda ber því að greiða stefnda þessar 15 kr.

En að því snertir andvirði 2 rúða, 1 kr. 32 a., þá er neitun áfrýjanda um að hafa fengið þær eða beðið um þær svo eindregin og skýlaus, að

ekki virðist hægt að dæma áfrýjanda til að borga þessa 1 kr. 32.

Samkvæmt áðursögðu ber því að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 15 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Um ómerking nokkurra orða áfrýjanda um stefnda á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður, svo og um málskostnað. —

Krafa áfrýjanda um ómerking á orðunum »svikist um« í sóknarskjali stefnda fyrir bæjarþinginu verður eigi tekin til greina, með því að hennar er eigi getið í áfrýjunarstefnunni.

Eftir atvikum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, sem skal ákveðinn 15 kr.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjanda Benedikt S. Þórarinssyni ber að greiða stefnda Sturlu kaupmanni Jónssyni 15 krónur með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags; að öðru leyti á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður. Svo ber áfrýjanda og að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi með 15 krónum.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17 aprílmánaðar.

Nr. 9/1899: Réttvísin
gegn
Andrési Jónssyni og Hólmfríði Benjamínsdóttur.

Dómur:

Með aukaréttardómi Skagafjarðarsýslu, uppkveðnum 12. nóv. f. á., voru hin ákærðu fyrir hneykslanlega sambúð dæmd samkvæmt 179. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, hann í 5 daga fangelsi við vatn og brauð og hun í 6 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Svo skyldu og hin ákærðu hvort um sig greiða 5 kr. til svaramanns síns í héraði og allan annað kostnað málsins in solidum. En þessum dómi hefir eftir ósk hinna ákærðu og af hálfu hins opinbera verið skotið til yfirdómsins.

Sumarið 1894 varð hin ákærða Hólmfríður Benjamínsdóttir þunguð af völdum hins meðákærða Andrésar Jónssonar, sem er kvongaður maður og bjó þá í kofa í Botnastaðalandi í Bergstaða prestakalli, ásamt konu sinni og hinni ákærðu. Þegar þetta varð hljóðbært, kærði hlutaðeigandi sóknarprestur sambúð þeirra fyrir sýslumanni, og varð það til þess, að ákærðu var 18. jan. 1895 birt áminning amtmanns, dags. 1. des. 1894, um að slíta sambúð sinni þegar í stað, að viðlagðri hegningu samkvæmt 179. gr. hegningarlaganna. Hin ákærðu héldu þó áfram sambúð sinni til vors, en þá var hin ákærða flutt vanfær

út á Blönduós til oddvitans í Torfalækjarhreppi, þar sem hún var sveitlæg; en hreppsnefndin þar vildi eigi taka við henni, og þar sem hún átti sér engan samastað vísan og gat eigi, eins hún var á sig komin, unnið sjálf fyrir sér, varð það úr, að hún lenti aftur eftir fáa daga hjá meðákærða Andrési, sem þá var kominn að Búrfelshóli í Svínavatnshreppi, og ól hún þar barnið litlu síðar. Síðan hafa þau Andrés búið saman alla tíð, og 9. ágúst 1896 ól Hólmfríður á ný barn, sem Andrés kannaðist við faðerni að.

Hin ákærðu, sem komin eru yfir lögaldur sakamanna og eigi hafa áður sætt ákæru eða dómi fyrir neitt lagabrot, hafa með framangreindu atferli sínu unnið til hegningar samkvæmt 179. gr. alm. hegningarlaga, og þykir refsingin fyrir þau bæði hæfilega ákveðin 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, og er aukaréttardóminum breytt að þessu leyti. Um málskostnað í héraði á aukaréttardómurinn að vera óraskaður, og ber ákærðu auk þess að greiða áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hin ákærðu Andrés Jónsson og Hólmfríður Benjamínsdóttir sæti hvort um sig 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Að öðru leyti á aukaréttardómurinn að vera óraskaður. Hin ákærðu greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 41/1898: Haraldur Ó. Briem
gegn
hreppsnefndarmönnum Geithellnahrepps, Jóni Finnssyni, Stefáni Guðmundssyni, Einari Magnússyni, Finni Malmqvist og Þorsteini Jónssyni.

Dómur:

Með bréfi, dags. 7. desbr. 1897, sem birt var áfrýjandanum af hlutaðeigandi stefnuvottum 20. desbr. næst á eftir, sagði hreppsnefnd Geithellnahrepps, sem þá var skipuð hinum stefndu, áfrýjandum upp ábúð á $^2/_3$ hlutum jarðarinnar Búlandsness, er var eign hreppsins en áfrýjandi hafði haft byggingu fyrir síðan 1880, og skyldi áfrýjandi samkvæmt útbyggingarskjalinu víkja af jörðinni í fardögum 1898. Áfrýjandi vildi eigi sinna þessari útbyggingu og krafðist þá hreppsnefndin af fógetanum í Suður-Múlasýslu útburðar

á áfrýjanda af jörðinni, og fór sú gjörð fram hinn 7. dag júnímánaðar 1898, þannig, að fógetinn úrskurðaði, að áfrýjandinn mætti þá þegar útberast á ábyrgð rekvírentsins og lýsti síðan óheimil áfrýjanda öll afnot jarðarinnar, húsa og hlunninda, öðruvísi en eftir samkomulagi við viðtakanda. Eftir að úrskurðurinn var uppkveðinn, var síðan rituð í fógetabókina svo hljóðandi klausa: »Hreppsnefndarmennn Geithellnahrepps sem rekvírent ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn þær skaðabætur, sem rekvísitus á sínum tíma kynnu að verða tildæmdar með endilegum dómi fyrir ólögmætan útburð og útbyggingu, og samþykkja þeir það hér með með undirskrift sinni«. Stendur síðan: »Upplesið, játað rétt bókað« og þar undir, auk nafns fógetans: Í hreppsnefnd Geithellnahrepps, Jón Finnsson, Einar Magnússon, St. Guðmundsson, Finnur J. Malmqvist, Þorsteinn Jónsson.

Fyrgreindum útburðarúrskurði hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 3. sept. f. á., og hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum, *að* hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, *að* hinir stefndu samkvæmt ábyrgðarskuldbinding sinni verði in solidum dæmdir til að borga áfrýjandanum 3000 króna skaðabætur fyrir ólögmætan útburð og útbygging eða einhverja aðra upphæð eftir mati réttarins eða eftir mati óvilhallra manna dómkvaddra, *að* áfrýjanda auk þess verði dæmdur ábúðarréttur óskertur að Búlandsnesi, er hann hafði fyr, og *að* stefndu verði

dæmdir í málskostnað eftir mati réttarins. Hinir stefndu hafa aftur á móti krafist þess, að verða sýknaðir af kröfum og kærum áfrýjanda og að hann verði skyldaður til að greiða allan af málinu leiðandi kostnað; og *til vara* hafa stefndu krafist, að fógetaúrskurðurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Með því að það er in confesso í málinu, að krefjandi hinnar áfrýjuðu gjörðar hafi verið hreppsnefnd Geithellnahrepps, en hinum stefndu, sem óvíst er, hvort enn þá eru í hreppsnefndinni, hefir verið stefnt til yfirdómsins sjálfum, en eigi fyrir hreppsins hönd, þá hefir áfrýjandi eigi stefnt réttum aðila, til þess að geta komið fram kröfum sínum að því er snertir ómerking útburðarúrskurðarins og endurnýjun á ábúðarrétti áfrýjanda, og verður því að dæma hina stefndu sýkna af kröfum hans í þessu tilliti. Að því er skaðabótakröfuna áhærir, hefir áfrýjandi haldið því fram, að þó að álitið yrði, að eigi yrði látinn ganga dómur í þessu máli um ólögmæti útburðarúrskurðarins, er bindandi sé fyrir hreppsnefndina, þá ættu þó stefndu í þessu máli að fást dæmdir samkvæmt fyrgreindri ábyrgðarskuldbinding til að greiða áfrýjanda skaðabætur fyrir útburðargjörðina, sem að svo miklu leyti yrði dæmt um í þessu máli hvort lögmæt hefði verið eða ólögmæt. En við þetta er að athuga, að þó að skuldbindingarskjalið, sem að framan er tilfært, taki svo til orða, að hrepps-

nefndarmennirnir ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, þá virðist þó verða að líta svo á skjal þetta í sambandi við það, sem á undan var gengið í málinu, og sérstaklega þegar það er athugað, að hreppsnefndarmennirnir nefna sig í skjalinu rekvirent gjörðarinnar og undirskrifa sig hreppsnefnd Geithellnahrepps, að það hafi eigi verið tilætlun undirskrifenda, að taka upp á sig neina persónulega ábyrgð með skjalinu, heldur hafi þeir ætlað með því að skuldbinda hreppsnefndina eða hreppinn sem þann eiginlega gjörðarbeiðanda. Það verður því eigi heldur hægt að dæma hina stefndu, sem hefir verið stefnt og hafa mætt að eins fyrir sjálfa sig í þessu máli, á þessum grundvelli, og verður því að sýkna þá algjörlega í máli þessu fyrir kærum og kröfum áfrýjanda.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði hinum stefndu í málskostnað fyrir yfirdómi 25 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Hinir stefndu Jón Finnsson, Stefán Guðmundsson, Einar Magnússon, Finnur Malmqvist og Þorsteinn Jónsson eiga að vera sýknir af kærum og kröfum áfrýjandans, Haraldar Ó. Briem, í máli þessu. Áfrýjandinn greiði hinum stefndu í málskostnað fyrir yfirdómi 25 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. júnímánaðar.

Nr. 8/1899: Réttvísin
gegn
Halldóri Sigurðssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Kjósar- og Gullbringusýslu, uppkveðnum 8. nóvbr. f. á., var hinn ákærði Halldór Sigurðsson dæmdur í 3×5 fangelsi við vatn og brauð fyrir brot gegn 136. gr., sbr. 145., 255. og 276. gr. hinna almennu hegningarlaga, svo og til að greiða allan kostnað sakamálsins, þar á meðal málsvarnarlaun í héraði 26 kr. Svo var hann og dæmdur til að endurborga oddvita sýslunefndarinnar í Kjósar- og Gullbringusýslu fyrir hönd Hafnahrepps 1169 kr. 85 a. með 4% vöxtum frá fardögum 1897 til borgunardags. Dómi þessum hefir verið skotið til yfirréttarins af hálfu hins opinbera.

Hinn ákærði varð oddviti og reikningshaldari Hafnahrepps í fardögum 1889, eða ef til vill ári fyrr, í fardögum 1888. Hinn 20. júní 1889 skrifar hann sem oddviti undir fjárhagsreikning Hafnahrepps fyrir fardagaárið 1888—89, og er í téðum reikningi talið sem viðlagafé tilheyrandi hreppnum 1100 kr. á vöxtum í landsbankanum. Þessi upphæð er síðan talin eign hreppsins í hverjum fjárhagsreikningi hans, meðan hinn ákærði var oddviti, í síðasta sinn í reikningnum fyrir árið 1896—97, sem er undirskrifaður af ákærða 29. júní

1897. Vextir af fé þessu eru í reikningunum árlega taldir hreppnum til inngjalda og er vaxtaupphæðin einlægt hin sama 39 kr. 60 a., og þannig er hún og tilfærð í hinum áðurnefnda reikningi fyrir árið 1896—97.

Það er nú sannað í málinu, að þessi reikningsfærsla hins ákærða er röng. Þegar hann tók við fjárhaldi hreppsins, átti hreppurinn nokkuru meiri inneign í landsbankanum en tilgreind er í reikningum hans. En svo hvarf þessi inneign úr bankanum á árunum 1891—96, unz hreppurinn átti eigi eftir nema um 100 kr. innistandandi þar við árslok 1896. Hinn ákærði hefir kannast við það, að hann hafi tekið féð smátt og smátt úr bankanum og notað það heimildarlaust að mestu leyti í eigin þarfir; sumu þykist hann að vísu hafa varið í þarfir hreppsins, en hann hefir eigi tilgreint, hve mikið né í hvaða þarfir það hafi verið. Upphæð sú, sem hinn ákærði hefir brúkað af hreppsfé til eigin þarfa, er í aukaréttardóminum talin 1169 kr. 85 a., en sú upphæð kemur eigi heim við skjól málsins, sérstaklega þegar þess er gætt, að vextir af inneigninni í bankanum hafa árlega verið færðir hreppnum til inngjalda í hreppsreikningunum. Í prófum málsins er heldur eigi nákvæmlega upplýst, hve mikið fé það er, er runnið hefir inn til ákærða af hreppsfé, en það hefir verið um eða yfir 1000 krónur. Þótt hinn ákærði þannig tæki féð úr bankanum og eyddi því, lét hann þó upphæðina standa óbreytta í hinum árlegu hreppsreikningum, eins og áður er á vikið.

Fyrir þennan tilverknað hefir hinn ákærði, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna og eigi hefir áður sætt ákæru né refsingu fyrir nokkurn glæp, unnið til hegningar eftir 136. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og þykir refsingin með hliðsjón af 145. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Sakir ófullnægjandi upplýsinga verður eigi í dómi þessum ákveðin upphæð skaðabóta þeirra, er sveitarsjóði Hafnahrepps ber hjá ákærða, en hreppnum geymist réttur sinn til skaðabóta hjá ákærða. Svo skal ákærði og greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun í héraði, sem eru hæfilega ákveðin af undirdómaranum 26 kr., og málsfærslulaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 10 kr. til hvors þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Halldór Sigurðsson sæti fangelsi við vatn og brauð í 6×5 daga. Sveitarsjóði Hafnarhrepps geymist réttur til að heimta endurgoldið af ákærða fé það, er runnið hefir til hans af fé hreppsins. Ákærða ber að greiða allan kostnað sakar þessarar bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talinn málsfærslukostnað verjanda í héraði, Odds Gíslasonar, 26 kr., og málsfærslukaup sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málflutnings-

mannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 14/1899: Réttvísin
gegn
Sigríði Jónsdóttur, Einari Bjarnasyni og Hólmfríði Sigríði Arngrímsdóttur.

Dómur:

Með aukaréttardómi Barðastrandarsýslu, uppkveðnum 27. ágústm. f. á., var hin ákærða Sigríður Jónsdóttir dæmd samkvæmt 231. gr. 1. og 230. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 53. gr. þeirra, í 12 mánaða betrunarhúsvinnu, ákærði Einar Bjarnason samkvæmt 231. gr. 1. og 230. gr. sömu laga, sbr. 38. og 61. gr., í 8 mánaða betrunarhúsvinnu, og ákærða Hólmfríður S. Arngrímsdóttir samkvæmt 242. gr. sbr. 56. gr. sömu laga í 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo skyldu og öll hin ákærðu in solidum greiða allan kostnað af málinu gegn þeim, þar með talin málflutningslaun til svaramanna þeirra í héraði, séra Bjarna Símonarsonar og Guðmundar hreppstjóra Jónssonar, 8 kr. til hvors.

Dómi þessum hefir eftir ósk hinna dómfeldu verið skotið til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu hinna ákærðu og

öðrum upplýstum atvikum sannað, að þau hafa gjört sig sek í þjófnaði og hlutdeild í þjófnaði með þeim hætti, er nú skal lýst. Á áliðnu sumri 1897 skipaði ákærða, Sigríður Jónsdóttir, sem var bústýra á Efra-Vaðli, meðákærða Einari Bjarnasyni, vinnupilti sínum, að taka tvævetran sauð, eign Guðmundar bónda Jónssonar í Hvammi, er var á kvíabólinu í heimaánum, og láta hann inn í hús, og gjörði pilturinn það, og morguninn eftir lét hún hann skera sauðinn og voru afurðir hans notaðar á heimilinu, nema ullin, sem ráðskonan sjálf tók til sín og lagði í kaupstað. Nokkru síðar sama sumar lét Sigríður Einar skera hrút, er séra Þorvaldur Jakobsson í Sauðlauksdal átti, og sem rekist hafði inn í fjárhús á Efra-Vaðli með fénu þar, og runnu afurðirnar af kind þessari einnig inn í búið á Efra-Vaðli. Um haustið sama ár skipaði Sigríður Einari að smala fénu »og koma einnig heim með annara fé«. Fann þá Einar ekkert af heimafénu, en hafði látið nokkrar kindur, er aðrir áttu, inn í fjárhús, og fór þá Sigríður með honum þangað og tóku þau þar 2 ær, er Jón Arnfinnsson á Hamri átti, og 1 lamb, sem var eign Kristínar Þorsteinsdóttur á Hamri, og fóru þau með kindur þessar heim í bæ, og þar voru þær skornar og hagnýttar til heimilisþarfa. Loks stal Einar sama haust eftir fyrirlagi Sigríðar 20 ýsum frá Tungumúla, er héngu þar á rá úti hjá hjalli. Tveim dögum síðar sendi Sigríður Einar aftur að Tungumúla til að stela fleiri ýsum, en í stað þess að gjöra það, gjörði þá Einar vart við sig þar og

ljóstaði upp öllum þjófnaðinum og gaf afdráttarlausa skýrslu um hann, eins og honum er hér að framan lýst, og gjörði hann þetta eftir ráði foreldra sinna, sem áttu heima í Tungumúla og voru þar vinnuhjú.

Hin meðákærða Hólmfríður Arngrímsdóttir, vinnukona á Efra-Vaðli, hefir kannast við, að hún vissi, að ein af þeim þremur kindum sem síðast var slátrað á Efra-Vaðli og fyr er getið, var þjófstolin, en hún hjálpaði þó til með þvott og matreiðslu á slátrinu, og einnig tók hún á móti ýsunum, sem stolið var, fyrir húsmóður sína, og kom þeim fyrir, þótt hún vissi að þær væru ófrjálsar.

Afbrot hinnar ákærðu Sigríðar Jónsdóttur, sem komin er langt yfir lögaldur sakamanna og eigi hefir áður sætt refsingu fyrir neitt lagabrot, heyrir undir 231. gr. 1, 250. gr. og 230. gr. sbr. 53. og 63. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 og er refsing hennar hæfilega ákveðin af undirdómaranum 12 mánaða betrunarhúsvinna.

Afbrot ákærða Einars Bjarnasonar, sem fæddur er 6. marz 1882, og þannig var á 16. ári, er hann framdi þjófnaðarverknað sinn, og sem eigi hefir áður verið refsað fyrir neitt lagabrot, ber að heimfæra undir 231. gr. 1, 250. gr. og 230. gr., sbr. 63. gr., 48. og 38. gr., svo og 57. gr. 2. málsl. almennra hegningarlaga, og þykir refsing hans með hliðsjón til 61. gr. sömu laga hæfilega metin 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærða Hólmfríður Arngrímsdóttir er fædd

31. marz 1877 og hefir eigi verið áður refsað fyrir neinn glæp, og heyrir afbrot hennar undir 231. gr. 1, og 230. gr. sbr. 242. og 56. gr. almennra hegningarlaga, og er refsing hennar af undirdómaranum hæfilega metin 5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Hinar ákærðu Sigríður Jónsdóttir og Hólmfríður Arngrímsdóttir greiði in solidum varnarlaun svaramanns þeirra í héraði, séra Bjarna Símonarsonar, 8 krónur, og ákærði Einar Bjarnason varnarlaun svaramanns síns þar, Guðmundar hreppstjóra Jónssonar, 8 kr., en allan annan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors, greiði hin ákærðu öll in solidum.

Málsmeðferðin í héraði hefir staðið óþarflega lengi yfir, þar sem málið var tilbúið til fyrirtektar í aukaréttinum í febrúarmánuði f. á., en dómur gekk ekki í því fyr en 27. ágúst s. á. Að öðru leyti hefir rekstur málsins þar verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærða Sigríður Jónsdóttir sæti betrunarhúsvinnu í eitt ár. Ákærði Einar Bjarnason sæti 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Ákærða Hólmfríður Sigríður Arngrímsdóttir sæti 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Ákærða Sigríður Jónsdóttir og Hólm-

fríður Sigríður Arngrímsdóttir greiði in solidum 8 kr. í varnarlaun til séra Bjarna Símonarsonar og ákærði Einar Bjarnason Guðmundi hreppstjóra Jónssyni í varnarlaun 8 krónur. Allan annan sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra, greiði hin ákærðu öll in solidum.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 10/1899: Hið opinbera
gegn
Jóhanni Vedholm.

Dómur:

Með lögregluréttardómi Ísafjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 21. nóvbr. f. á., var hinn kærði, gestgjafi á Ísafirði, Jóhann Vedholm dæmdur fyrir ólöglegar vínveitingar á helgum degi eftir 10. gr. í tilsk. 28. marz 1855 til að greiða 30 króna sekt til bæjarsjóðs Ísafjarðarkaupstaðar, svo og allan málskostnað; enntremur var ákveðið með dóminum, að hinn kærði skyldi hafa fyrirgjört rétti þeim, sem hann hefir haft til veitingasölu sem veitingamaður. Þessum dómi hefir verið skotið til yfirdómsins eftir beiðni hins kærða.

Í máli þessu er það löglega sannað, sumpart með framburði hins kærða sjálfs, og sumpart með eiðfestum vitnaskýrslum, að hann hafi sunnudaginn 21. ágústm. f. á. látið útlenda sjómenn fá fyrir borgun 1 fl. af rommi á veitingastofu sinni, og að hann aftur sama dag hafi selt útlendingum til neyzlu í veitingastofunni 1 fl. af öli, 2 brennivínsstaup og 1 glas af »toddy«.

Hinn kærði hefir þrívegis áður verið sektaður fyrir vínveitingar á helgum dögum, nfl. með amtsúrskurði 24. maí 1881 um 4 kr., með landsyfirréttardómi 30. jan. 1882 um 5 kr., og með lögregluréttarúrskurði 16. maí 1895 um 20 kr. Þar sem hann nú enn af nýju hefir gjörst sekur í þessu broti, verður að fallast á ákvæði lögregluréttardómsins um, að kærði skuli hafa fyrirgjört vínveitingarétti sínum samkvæmt fyrirmælunum í 10. gr. tilsk. um sunnu- og helgidagahald 28. marz 1855. Svo verður og að dæma hinn kærða til sektar eftir sömu grein tilskipunarinnar, og þykir hún hæfilega ákveðin af undirdómaranum 30 kr. og rennur hún í fátækrasjóð Ísafjarðarkaupstaðar. Með því að yfirdómurinn ennfremur felst á málskostnaðarákvæði lögregluréttardómsins, verður téður dómur staðfestur í öllum greinum. Hinn kærði greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, sem ákveðast 10 kr. til hvors þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus, og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn á að vera óraskaður. Kærði Jóhann Vedholm gestgjafi greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málsfærslumanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 49/1898: Jón Valdason gegn Jóni Hjörleifssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði í héraði hinn stefndi, hreppstjóri Jón Hjörleifsson, gegn áfrýjandanum, fyrir ærumeiðandi ummæli um sig í kærubréfi til sýslumannsins í Rangárvallasýslu, dags. 2. maí 1896, og var málið dæmt í aukarétti Rangárvallasýslu 25. aprílm. f. á. þannig, að hin átöldu meiðyrði skyldu vera dauð og ómerk og áfrýjandinn samkvæmt 217. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 greiða 120 kr. sekt til landssjóðs eða sæta einföldu fangelsi í 24 daga, ef sektin eigi væri greidd í ákveðinn tíma. Svo skyldi hann og greiða stefnda í málskostnað 20 krónur.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfir-

dómsins með stefnu, dags. 20. okt. f. á., og hefir hann krafist þess, að dómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu heimvísað til nýrrar og löglegri meðferðar, og að undirdómarinn verði sektaður fyrir að hafa ekki haft hæf réttarvitni við réttarhöld í málinu, en *til vara*, að áfrýjandinn verði sýkn dæmdur fyrir öllum kærum og kröfum stefnda og stefndi dæmdur í allan málskostnað fyrir báðum réttum með nægilegri upphæð eftir mati réttarins. Hinn stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér hæfilegan málskostnað.

Ómerkingar- og heimvísunarkrafa áfrýjanda er bygð á því, að dómarinn hafði fyrir réttarvott í réttarhaldi í því 18. marz f. á., sem og við dómsuppsögnina, föður sinn, og var það að vísu ólöglegt af dómaranum og vítavert, því fremur sem hann lét réttarvottana láta uppi álit um málsatriði og bygði dóm sinn að nokkru á því áliti; en þó þykir eftir atvikum þessi aðferð dómarans eigi þurfa að valda ómerking málsins, og verður því ekki krafa þessi tekin til greina.

Ummæli þau í fyrgreindu kærubréfi til sýslumannsins í Rangárvallasýslu, dags. 2. maí 1896, er átalin eru í máli þessu, eru, eftir því sem tekið er fram í stefnunni til héraðsdómsins, þessi: »að hann (stefndi) hafi skrifað sig (áfrýjanda) í 50 fiska skuld í sveitarbók Austur-Eyjafjallahrepps, en segist aldrei hafa fengið neitt sveitarlán«, »að hann (áfrýjandi) er ekki sá eini, sem hann

(stefndi) hefir skrifað í skuld í sveitarbókina ranglega, því hann hafi skrifað Einar Einarsson á Bjólu í 300 fiska skuld«, »að hann (stefndi) leggi gjöld á suma, sem ekki eigi að gjalda«, »að hann (stefndi) haldi eigi fundi, sem hann eigi að halda«.

Hvað kæruatriði þessi snertir, þá er í 1. og 2. kæruatriðinu eigi fólgin nein ærumeiðandi aðdróttun, þar sem því eigi er sveigt að stefnda með hinum tilvitnuðu orðum, að hann hafi af ásettu ráði skrifað þá áfrýjanda og Einar ranglega í skuld við hreppinn, og verður því áfrýjandi eigi látinn sæta neinni ábyrgð fyrir þessi ummæli; en þess skal auk þess getið um fyrra atriðið, að áfrýjandi verður að álítast hafa fært í málinu sönnur á, að ummælin séu rétt, með því að leiða 2 vitni, er báru hið sama, þó að dómarinn ólöglega neitaði að eiðfesta vitni þessi. Um 3. kæruatriðið er sama að segja, að þar er um ósaknæm ummæli að ræða, enda hefir áfrýjandi bent á 2 menn, er stefndi hafði lagt á gjöld, en ekki voru gjaldskyldir. Um 4. atriðið er það að segja, að áfrýjandi hefir eigi haft þau orð í fyrnefndu bréfi 2. maí 1896, er stefnt er um, heldur segir hann þar að eins, að hann (stefndi) láti *stundum* aðra halda fundi, er hann eigi að halda, en komi þar sjálfur eigi nærri, og verður áfrýjandinn því eigi dæmdur fyrir hin umstefndu ummæli, sem eigi eru hans orð. Ummæli þau, er nú hafa talin verið, geta þannig eigi álitist ærumeiðandi fyrir stefnda, en önnur ummæli í fyrgreindu kærubréfi

2. maí 1896 geta eigi komið til greina í þessu máli, þar sem eigi er um þau stefnt, og verður því að dæma áfrýjanda algjörlega sýknan af kærum og kröfum stefnda í máli þessu. Eftir úrslitum málsins ber stefnda að greiða áfrýjanda í málskostnað 30 krónur.

Viðvíkjandi málsmeðferðinni af hendi undirdómarans er það aðfinningarvert, að dómarinn hefir, eins og áður hefir verið tekið fram, haft föður sinn sem annan réttarvott í réttarhaldi 18. marz f. á. og við dómsuppsögnina í málinu. En þó að dómari þessi hafi áður fengið bending um að haga vali sínu á réttarvottum lögum samkvæmar en hann gjörði, sbr. landsyfirréttardóm 31. ág. 1896, þá þykir ekki ástæða til að þessu sinni að láta hann sæta sektum fyrir þessa yfirsjón sína.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn Jón Valdason á að vera sýkn fyrir kærum og kröfum stefnda Jóns Hjörleifssonar í máli þessu. Stefndi greiði áfrýjandanum í málskostnað 30 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 26. júnímánaðar.

Nr. 13/1899: Réttvísin
gegn
Jóhannesi Sigurðssyni.

Dómur:

Hinn ákærði, hreppsnefndaroddviti Jóhannes Sigurðsson í Hindisvík, ritaði amtmanninum yfir Norður- og Austuramtinu bréf 15. ágústmán. f. á., og skaut þá til amtmannsins úrskurði sýslumannsins í Húnavatnssýslu um ágreining milli hreppsnefndanna í Þorkelshólshreppi og Þverárhreppi út af sveitfesti Guðlaugar nokkurrar Skarphéðinsdóttur og ráðstöfun á henni, en téðan úrskurð hafði sýslumaðurinn kveðið upp 11. maímán. næst á undan. Í áminstu bréfi til amtsins vítti hinn ákærði sýslumanninn í Húnavatssýslu, Gísla Ísleifsson, mjög fyrir meðferð hans á téðu sveitarmáli, og fór ýmsum móðgandi og óvirðandi orðum um hann. Út af þessu skipaði amtmaðurinn yfir Norður- og Austuramtinu með bréfi 14. sept. 1898 rannsókn og málshöfðun af réttvísinnar hálfu gegn hinum ákærða fyrir brot á móti 102. gr. í almennum hegningarlögum 25. júní 1869, og skipaði jafnframt setudómara í málinu. Að aflokinni rannsókn var síðan sakamál höfðað á hendur hinum ákærða, og var það dæmt í aukarétti Húnavatnssýslu hinn 31. okt. f. á. á þá leið, að ákærði á að greiða 200 kr. sekt til landssjóðs fyrir brot gegn 102. gr. hegningarlaganna, en til vara sæta 60 daga einföldu fangelsi; svo á hann og eftir á-

kvæðum dómsins, að greiða allan kostnað sakarinnar. Þessum dómi hefir verið skotið til yfirréttarins eftir beiðni hins ákærða.

Þó að hinn ákærði hafi í bréfinu til amtsins 15. ágústmán. f. á. haft margvísleg móðgandi og óvirðandi ummæli um sýslumanninn í Húnavatnssýslu og úrskurð hans í áminstu sveitfestismáli, jafnframt og hann leitaðist við að færa rök að því, að úrskurðurinn væri rangur, verður þó eigi álitið, að hann hafi vaðið upp á sýslumann með smánunum, skammaryrðum eða öðrum meiðandi orðum, þegar sýslumaðurinn var að gegna embætti sínu eða út af því, þannig, að atferli ákærða geti heimfærst undir ákæðið í 102. gr. hegningarlaganna. Með því að réttvísin þannig eigi á sókn á tilverknaði hins ákærða, verður að sýkna hann í þessu máli bæði að því er refsing og málskostnað snertir. Eftir þessum úrslitum skal greiða allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir yfirdómi af almannafé, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Jóhannes Sigurðsson á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar í máli þessu. Allur sakarkostnaður bæði í héraði og fyrir yfirdómi greiðist af almannafé, þar með talin

málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málsfærslumannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors.

Nr. 15/1899: Réttvísin
gegn
Jóhanni Guðmundssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Reykjavíkurkaupstaðar, genginum 16. janúar þ. á., var hinn ákærði Jóhann Guðmundsson dæmdur fyrir þjófnað, framinn í 1. sinn, til að sæta 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan af málinu og varðhaldinu leiðandi kostnað. Svo var honum og með dóminum gjört að greiða iðgjöld hins stolna, Jóni Árnasyni 21 krónu og Málfríði Ólafsdóttur 3 kr.

Þessum dómi hefir að beiðni hins ákærða verið áfrýjað til landsyfirdómsins.

Með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum, sem fengnar eru í málinu, er það löglega sannað, að hann 9. sept. f. á., er hann kom með gufubátnum »Reykjavík« ofan af Akranesi, stal úr poka, sem Málfríður nokkur Ólafsdóttir, er einnig var með skipinu, hafði meðferðis, hér um bil 35 pundum af smjöri og seldi það daginn eftir hér í Reykjavík 2 kaupmönnum; borgun fyrir smjörið fekk hann sumpart í peningum og sumpart í ýmsum vörum, sem hann eyddi og hag-

nýtti sér, og er ekkert annað eftir af andvirðinu en 1 húfa og peningabudda. Smjörið var eign húsbónda Málfríðar, Jóns Árnasonar, en svunta, sem var utan um smjörið, eign Málfríðar, og henni kveðst ákærði hafa glatað. Eigendur hinna stolnu muna hafa krafist, að ákærði greiddi þeim endurgjald fyrir smjörið og svuntuna með 21 + 3 kr., og hefir ákærði samþykt að greiða slíkt endurgjald. Ákærði var á 20. ári, er hann framdi þjófnaðinn, og hefir ekki áður sætt refsingu fyrir neitt afbrot. Hefir héraðsdómarinn með réttu dæmt ákærða eftir 230. gr. almennra hegningarlaga og virðist refsingin hæfilega metin af honum, og með því yfirdómurinn einnig felst á ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað og iðgjöld, ber að staðfesta undirréttardóminn í öllum greinum. Ákærða ber einnig að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að meðferð málsins í héraði og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Málskostnað fyrir yfirdómi greiði hinn ákærði, Jóhann Guðmundsson, einnig þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda þar, hinna settu málaflutningsmanna

Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmd iðgjöld greiðist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 6/1899: Sigurður Benediktsson
gegn
Einari Benediktssyni og
Einar Benediktsson
gegn
Sigurði Benediktssyni og
Gísla Þorbjarnarsyni.

Dómur:

Mál þetta var höfðað fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur af aðalmálsaðilunum Sigurði Benediktssyni húsmanni í Reykjavík og yfirréttarmálaflutningsmanni Einari Benediktssyni með aðalmáli og gagnsókn, og adcitation, að því er hinn stefnda búfræðing Gísla Þorbjarnarson snertir, út af makaskiftum milli Sigurðar Benediktssonar og Einars Benediktssonar á nokkrum hluta jarðarinnar Skildinganess með tilheyrandi húsum og húseigninni Geysi í Reykjavík, og var málið dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 19. janúar þ. á. með þeim úrslitum, að gagnáfrýjandi Einar Benediktsson skyldi greiða aðaláfrýjanda Sigurði Benediktssyni 400 kr. með 4% vöxtum frá 1. júlí 1898 til borgunardags og 139 kr. 86 a. með 5% vöxtum frá sáttakæru-

degi til borgunardags. Aftur á móti skyldi aðaláfrýjandi Sigurður Benediktsson greiða gagnáfrýjanda Einari Benediktssyni 123 kr. 69 a., og skyldu þær dragast frá greindum 539 kr. 86 a. Að öðru leyti var aðaláfrýjandi sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda í málinu. Kostnað í aðal- og gagnsökinni skyldi gagnáfrýjandi greiða aðaláfrýjanda með 20 kr. Málssókn (adcitation) gagnáfrýjanda gegn Gísla Þorbjarnarsyni var vísað frá dómi.

Dómi þessum hefir Sigurður Benediktsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 9. febr. þ. á., og hefir hann krafist staðfestingar á dóminum og að stefndi Einar Benediktsson verði dæmdur í málskostnað eftir mati réttarins. Stefndi Einar Benediktsson hefir gagnáfrýjað málinu með stefnu, dags 6. marz þ. á., og krafist þess, *fyrst og fremst*, að málinu verði vísað heim til löglegrar meðferðar frá því stigi, er það var tekið upp til dóms eða úrskurðar, og sér veittur hæfilegur frestur til að halda uppi rétti sínum, en *til vara*, að hann verði sýknaður af kærum og kröfum aðaláfrýjanda, og að kröfur hans í gagnsóknar- og adcitationsmálinu verði teknar til greina, þannig, að aðaláfrýjandinn Sigurður Benediktsson verði skyldaður til að greiða sér 723 kr. 69 a. (kr. 1000 + kr. 123,69 ÷ kr. 400), en adcitatus Gísli Þorbjarnarson verði dæmdur til að borga Sigurði Benediktssyni þær kr. 139,86, er dæmdar hafi verið á sig í undirdóminum. Loks hefir stefndi Gísli Þorbjarnarson krafist þess, að hinn áfrýjaði

dómur verði staðfestur, eða til vara hann sýknaðaður af kærum og kröfum gagnáfrýjanda, og að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað með 20 kr. eða einhverju nægilegu eftir mati réttarins.

Að því er snertir ómerkingar- og heimvísunarkröfu gagnáfrýjanda, sem bygð er á því, að undirdómarinn neitaði gagnáfrýjanda um viku frest í málinu til að svara mótmælum gegn gagnsóknínni, er aðaláfrýjandi lét bóka í síðasta réttarhaldi í málinu, þá var það bersýnilegt, að hin umbeðna frestveiting gat eigi miðað til annars en að tefja fyrir málinu, enda hafði gagnáfrýjandi áður haft nægilegan frest til að upplýsa mál sitt frekar, ef hann hefði hirt að nota hann, og þar sem þannig var ástatt, var það rétt, að dómarinn veitti eigi gagnáfrýjanda gegn mótmælum mótpartsins frest í málinu, sbr. tilsk. 15. ág. 1832, 12. gr., og verður því krafan um heimvísun málsins fyrir þessa sök eigi tekin til greina.

Að því er aðalefni málsins áhrærir, þá hefir gagnáfrýjandi eigi farið fram á breyting hins áfrýjaða dóms að því leyti, sem hann er með honum dæmdur til að greiða andvirðiseftirstöðvar Skildinganess, 400 kr. að frádegnu andvirði fyrir hey 123 kr. 69 a. En hann hefir krafist þess, að bæjarþingsdóminum verði breytt í þá átt, að hann verði losaður við að greiða aðaláfrýjanda 139 kr. 86 a., sem eru veðskuldavextir og opinber gjöld, er aðaláfrýjandi áleit sig eftir makaskiftasamningnum milli hans og gagnáfrýjanda um Geysi og

Skildinganes hafa greitt fyrir gagnáfrýjanda og því krafðist endurgjalds á. Hefir gagnáfrýjandi farið fram á það, að stefndi, Gísli Þorbjarnarson, verði af yfirdóminum skyldaður til að greiða upphæð þessa, 139 kr. 86 a., en þeirri kröfu verður eigi sint þegar af þeirri ástæðu, að málinu gegn Gísla, adcitationsmálinu, var frá vísað frá bæjarþingsréttinum, og verður því eigi efnisdómur kveðinn upp, er taki til hans, meðan svo stendur. En að öðru leyti verður yfirdómurinn að fallast á það, að gagnáfrýjandi er með bæjarþingsdóminum skyldaður til að greiða aðaláfrýjanda greindar 139 kr. 86 a. með tilgreindum vöxtum, þar sem skylda gagnáfrýjanda þar að lútandi leiðir af skýlausum ákvæðum áðurgreinds makaskiftasamnings um Geysi og Skildinganes. Þá hefir gagnáfrýjandi krafist þess, að teknar verði til greina kröfur hans um skaðabætur hjá aðaláfrýjanda fyrir það, að hann hafi eigi afhent sér hús og tún í Skildinganesi, eins og umsamið var milli þeirra, svo og fyrir að hafa flutt í burtu af Skildinganesi í heimildarleysi skúr eða hjall, er hann hafi verið orðinn eigandi að við makaskiftin, og krefst hann fyrir hvorttveggja þetta 1000 kr. skaðabóta. En þessar staðhæfingar gagnáfrýjanda um rof eða vanefndir á makaskiftasamningnum eru eigi studdar neinum sönnunum í málinu, þótt aðaláfrýjandi hafi mótmælt þeim, og þær koma í bága við afsalsbréf gagnáfrýjanda til aðaláfrýjanda fyrir Geysi, þar sem gagnáfrýjandi virðist viðurkenna, að

makaskiftasamningnum sé fullnægt af aðaláfrýjanda hálfu með útgáfu »afsals fyrir steinhúsi og jarðeign í Skildinganesi samkvæmt kaupsamningi 6. jan. þ. á.« (makaskiftasamningnum). Það er einnig ósannað, gegn mótmælum aðaláfrýjanda, að hann hafi tekið burtu hjall eða skúr á Skildinganesi, sem gagnáfrýjandi hafi átt. Skaðabótakröfur gagnáfrýjanda verða þannig eigi teknar til greina, og þar sem eigi er um fleiri breytingar á bæjarþingsdóminum að ræða fyrir yfirdóminum, ber þannig að staðfesta hinn áfrýjaða dóm í öllum greinum. Það er rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur og stefnda Gísla Þorbjarnarsyni 10 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði gagnáfrýjandi Einar Benediktsson aðaláfrýjanda Sigurði Benediktssyni 30 krónur og stefnda Gísla Þorbjarnarsyni 10 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 31. júlímánaðar.

Nr. 22/1899: Pétur M. Bjarnarson
gegn
Birni Kristjánssyni f. h.
P. W. Rumohr.

Dómur:

Þegar mál þetta átti að koma fyrir í yfirréttinum samkvæmt stefnunni, lýsti umboðsmaður áfrýjanda því yfir, að hann hefði fallið frá stefnunni í málinu, en stefndi, sem var í réttinum, krafðist þá kosts og tæringar hjá áfrýjanda. En þar sem hér var að eins um gagnáfrýjun að ræða, verður stefnda, sem mætti í aðalmálinu, eigi dæmdur kostur og tæring.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda ber eigi kostur og tæring í máli þessu.

Mánudaginn 25. septembermánaðar.

Nr. 7/1899: Hið opinbera
gegn
Einari Sveinbjarnarsyni.

Dómur:

Mál þetta var höfðað fyrir lögreglurétti Kjósar- og Gullbringusýslu gegn hinum kærða útvegsbónda Einari Sveinbjarnarsyni í Sandgerði í Miðneshreppi, fyrir brot gegn lögum nr. 8, 6.

apríl f. á., um bann gegn botnvörpuveiðum, og var dómur í því uppkveðinn fyrir téðum rétti hinn 27. desbr. f. á. og með honum ákveðið, að ef miðið »Háa fjallið fram og Höllinn um Miðhús« að áðurgenginni mælingu reyndist vera í landhelgi, skyldi hinn kærði greiða í sekt til landssjóðs 1500 krónur; en reyndist mið þetta ekki vera í landhelgi, skyldi kærði sýkn af kæru sóknarans í málinu, þó svo, að hann greiði allan af málinu leiðandi kostnað.

Þessum dómi hefir að ósk kærða verið skotið til yfirdómsins.

Auk annara skýrslna, sem fram komu fyrir lögregluréttinum, og sem eigi getur komið til mála, að bygður verði á áfellisdómur yfir kærða, báru þeir Eggert Gíslason í Kothúsum og Jón Ásmundsson á Rafnkelsstöðum fyrir lögregluréttinum og unnu eið að því, að þeir föstudaginn 9. sept. f. á. hefðu komið út í botnvörpuskipið Cuckoo, þar sem það var að veiða með botnvörpu í landhelgi, og hafi þá kærði verið við stýrið og ráðið ferð skipsins við veiðarnar. Hafi kærði beðið Eggert að hvíla sig að stýra, og hafi Eggert þá stýrt skipinu svo sem tvær til þrjár skipslengdir, eingöngu til þess að sýna Einari, að hann kynni að stýra með hjóli. Svaraði kærði svo til þessa vitnisburðar fyrir lögregluréttinum, að hann gæti ekkert borið um, hvort skipið hefði verið í landhelgi í þetta skifti, með því að hann sé eigi lærður siglingamaður, og kunni því eigi að mæla, og eigi kvaðst hann muna, hvort hann hafi í þetta

skifti verið við stýrið, en hann hafi ávalt, er hann hafi stýrt botnverpingum, stýrt þeim úr landhelgi, ef þeir hafi verið þar, er hann hafi tekið við stjórninni. Tóku vitnin Eggert Gíslason og Jón Ásmundsson nákvæmar til staðinn, er Cuckoo hafði verið á í umrætt skifti, og hefði það verið á miðinu Háa fjallið fram og Hóllinn um Miðhús. Þetta mið hefir síðan, eftir að mál þetta kom fyrir yfirdóminn, verið mælt af varðskipinu danska »Heimdal« og hefir kærði tekið þá mælingu gilda, en eftir henni er miðið 0,75 úr fjórðungi mílu frá landi og þannig langt innan landhelgislínunnar. Hefir kærði í réttarprófi, er haldið hefir verið yfir honum eftir uppsögn lögreglurréttardómsins, skýrt frá því, að skipstjóri á Cuckoo hafi þennan umgetna dag farið í land síðari hluta dags, og hafi þá stýrimaður skipsins tekið við stjórn skipsins, en hann (kærði) hafi engin afskifti af henni haft, og hafi það verið eftir beiðni stýrimanns, að hann snöggvast hafi tekið við stýri skipsins, meðan stýrimaður var að bæta vörpu, og stýrt skipinu úr landhelgi.

Þó að það samkvæmt framansögðu sé sannað, að kærði hafi stýrt botnvörpuskipi, er það var við botnvörpuveiðar í landhelgi, þá verður honum þó eigi refsað fyrir það sem brot gegn framannefndum lögum 6. apríl f. á., um bann gegn botnvörpuveiðum, þar sem hann eigi hafði stjórn skipsins á hendi og réð því eigi veiðunum né bar ábyrgð á því, hvernig þær fóru fram; en fyr-

ir aðstoð þá er hann lét í té með því að taka við stýri skipsins í bili, er ekki ákveðin sérstaklega nein refsing í lögunum. Það verður því að dæma kærða sýknan af kæru hins opinbera í málinu. Eftir þessum úrslitum verður allur kostnaður málsins bæði í héraði og fyrir yfirdómi að greiðast af almannafé, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors.

Við meðferð málsins athugast, að undirdómarinn hefir gegn banninu í N. l. 1—5—12 kveðið upp óendanlegan dóm í málinu og er það vítavert, en eigi þykir nægileg ástæða til að láta undirdómarann sæta frekari ábyrgð fyrir það. Að öðru leyti hefir rekstur málsins í héraði verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn kærði Einar Sveinbjarnarson á að vera sýkn af kæru hins opinbera í máli þessu. Sakarkostnaðinn bæði í héraði og fyrir yfirdómi ber að greiða úr landssjóði, þar með talin málflutningslaun hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Nr. 12/1899: Kristján Á. Einarsson
gegn
Olgeir Friðgeirssyni fyrir hönd
Örum & Wulffs verzlunar.

Dómur:

Með samningi, dags. 1. desbr. 1897, skuldbatt áfrýjandinn Kristján Á. Einarsson í Vík sig til þess að skila innan 15. júní 1898 til verzlunar stefnda velverkuðum 4500 pd. af saltfiski, sem þennan sama dag (1. des. 1897) voru færð honum til innleggs við verzlunina í reikningi hans þar. Skyldi áfrýjandinn, er hann skilaði fiskinum vorið eftir, fá það verð fyrir hann, er þá gilti við verzlunina, en »auðvitað«, eins og segir í samningnum, skyldi þá færa honum jafnframt til útgjalda þá upphæð er honum nú (er samningurinn var gjörður) væri talin til inngjalda. Ef brestur yrði á uppfylling samningsins, skyldi öll skuld áfrýjanda við verzlunina fallin þegar í stað í gjalddaga, og risi mál út af skuldinni skyldi áfrýjandi skyldur að mæta fyrir gestaréttí Suður-Múlasýslu að Búðum í Fáskrúðsfirði og greiða allan málskostnað, svo stefndi yrði að öllu skaðlaus.

Með því að áfrýjandinn ekki hafði 29. ágúst 1898 lagt inn við verzlunina meira en 945 pd. af saltfiski í stað 4500 pd., var mál þetta höfðað gegn honum og öll skuld hans við verzlunina heimtuð af honum, og var málið dæmt í gestaréttí Suður-Múlasýslu 29. sept. 1898 með þeim úrslitum, að áfrýjandinn skyldi greiða til verzlunar

stefnda kr. 225,06, eins og stefnandinn hafði krafist, og 15 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 16. marz þ. á., og hefir þess verið krafist af hans hálfu hér fyrir réttinum, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að áfrýjandi verði að eins dæmdur til að greiða verzlun stefnda 8 kr. 8 aura, en að stefndi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur í 40 króna málskostnað eða aðra hæfilega upphæð eftir mati réttarins.

Hinn stefndi verzlunarstjóri hefir í málinu lagt fram viðskiftareikning áfrýjandans við verzlun þá, er hann veitir forstöðu, og er krafa hans í málinu bygð á þessum reikningi, en eftir honum skuldaði áfrýjandi verzluninni, þegar málið var höfðað, 225 kr. 68 a. Áfrýjandinn hefir fundið það að þessum reikningi — og um það atriði er allur ágreiningurinn í málinu — að þar eru áfrýjanda færðar til útgjalda aftur sumarið 1898 217 kr. 50 a. — sem honum voru færðar til inntektar 1. des. árið áður samkæmt áðurnefndum samningi, er gjörður var þann dag, fyrir 4500 pd. af saltfiski — jafnframt og honum var talin til inngjalda borgun fyrir þau 945 pd. af saltfiski er hann þá (sumarið 1898) lagði inn upp í þau 4500 pd., er hann hafði skuldbundið sig til að skila (o: leggja inn í verzlunina) Þessi reikn-

ingsfærsla var, þó óvenjuleg megi heita, samt sem áður fullkomlega rétt samkvæmt oftnefndum samningi 1. des. 1897, og aðfinsla áfrýjanda við reikninginn út af þessu er því algjörlega ástæðulaus. Upphæðin 217 kr. 50 a., sem var færð áfrýjanda til inngjalda 1. des. 1897, fyrir hinn lofaða fisk, 4500 pd., átti samkvæmt samningnum að færast til útgjalda aftur, þegar áfrýjandi legði fiskinn inn í verzlunina vorið eftir, og sá fiskur væri reiknaður honum til inngjalda með þáverandi verði við verzlunina, og er þá auðvitað, að upphæðin átti engu síður að færast aftur til útgjalda, ef áfrýjandi eigi hélt skuldbinding sína, að leggja fiskinn inn, eins og raun varð á. Þar sem þannig þessi mótbára áfrýjanda gegn kröfu stefnda er eigi á rökum bygð og þar sem áfrýjandi eigi hefir að öðru leyti haft neitt við kröfu stefnda að athuga, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm bæði í aðalefni hans og að því er málskostnað snertir. Rétt þykir að áfrýjandi greiði stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandinn Kristján Ágúst Einarsson greiði stefnda Olgeir Friðgeirssyni fyrir hönd Örum & Wulffs verzlunar í Fáskrúðsfirði málskostnað fyrir yfirdómi með 30 krónum.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá

löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 18/1899: Halldór Bjarnarson
gegn
Ásgrími Magnússyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði í héraði hinn stefndi barnakennari Ásgrímur Magnússon gegn Halldóri prófasti Bjarnarsyni á Presthólum fyrir aukarétti Þingeyjarsýslu út af vanskilum á kaupgjaldi fyrir sumarið 1897. Tók þá áfrýjandinn sérstaklega fyrir formhlið málsins og krafðist þess, að málinu væri vísað frá aukaréttinum, þar sem það sem hjúamál heyrði heima fyrir lögreglurétti, en hann geymdi sér jafnframt rétt til að færa fram vörn í aðalefni málsins, ef frávísunarkrafan væri eigi tekin til greina. Með því að stefnandinn, Ásgrímur Magnússon, mótmælti frávísunarkröfunni, tók undirdómarinn þá málið undir dóm; en þó að hann ekki vildi taka til greina frávísunarkröfuna, kvað hann þó upp dóm í málinu um kröfuna, í stað úrskurðar (interlocutorium), og féll sá dómur 13. júlí f. á. og var á þá leið, að frávísunarkrafa Halldórs prófasts Bjarnarsonar yrði eigi tekin til greina, og að hann skyldi greiða stefnandanum í málskostnað 10 krónur. Hið ídæmda skyldi greiða innan 14 daga frá lögbirtingu o. s. frv.

Þessi málsmeðferð af hendi undirdómarans, að

binda enda á mál með fullnaðardómi, þvert ofan í tilætlun og kröfu málsaðilanna, er með öllu ólögmæt sbr. og tilsk. 17. maí 1690, og verður því samkvæmt kröfu áfrýjandans að dæma hinn áfrýjaða dóm 13. júlí f. á. ómerkan og heimvísa málinu til nýrrar og löglegri meðferðar frá því stigi, er málsfærslu partanna var lokið 3. júní f. á. Þar sem héraðsdómaranum hefir eigi verið stefnt til ábyrgðar, verður málskostnaður fyrir yfirdómi að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á ómerkur að vera og vísast málinu heim aftur til löglegri meðferðar og dómsáleggingar. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 2. októbermánaðar.

Nr. 19/1899: Guðrún Bjarnardóttir
gegn
Arnljóti Ólafssyni.

Dómur:

Fyrir fram skal þess getið, að þar sem áfrýjandi hefir krafist þess, að yfirdómari Kristján Jónsson víki úr dómarasæti í máli þessu, sakir þess að hann er bróðir undirdómarans, þá hefir eigi þótt ástæða til að verða við þeirri kröfu, eins og málið liggur fyrir yfirdóminum.

Afrýjunarstefnan í máli þessu ber það með sér, að hún hefir eigi verið birt fyrir undirdómaranum með löglegum fyrirvara samkvæmt tilskipun 11. júlí 1800, 15. gr., og áritunin á stefnuna um birtinguna fyrir hinum stefnda er eigi staðfest með innsiglum stefnuvottanna, eins og fyrirskipað er í tilsk. 3. júní 1796, 20. gr. Þar sem stefnan þannig hefir eigi verið birt á löglegan hátt, ber að vísa máli þessu ex officio frá yfirdóminum. Stefndi hefir eigi mætt eða látið mæta af sinni hendi fyrir yfirdóminum, og er því eigi um málskostnað að ræða.

Því dæmist rétt vera:
Máli þessu vísast frá yfirdóminum.

Mánudaginn 6. nóvembermánaðar.

Nr. 40/1899: Réttvísin
gegn
Halldóri prófasti Bjarnarsyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Þingeyjarsýslu, gengnum 5. aprílmán. þ. á., var hinn ákærði, Halldór prófastur Bjarnarson á Presthólum, dæmdur samkvæmt 205. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 í 200 kr. sekt til landssjóðs, eða til vara í einfalt fangelsi í 60 daga; svo skyldi hann og greiða Þórarni bónda Benjamínssyni á Efrihólum í lækningakostnað og fyrir atvinnumissi 120 krónur og lúka allan

af málinu löglega leiðandi kostnað. Þessum dómi hefir að ósk hins ákærða og af hálfu hins opinbera verið skotið til yfirdómsins.

Þess skal getið, að þar sem hinn skipaði verjandi hefir krafist þess, að yfirdómari Kristján Jónsson víki úr dómarasæti í máli þessu, sökum þess, að hann er bróðir undirdómarans, þá álítur yfirdómurinn enga nauðsyn á að verða við þeirri kröfu, eins og málið er vaxið, þar sem um enga ábyrgð er að ræða á undirdómaranum.

Hinn ákærði er í máli þessu sakaður um líkamlegt ofbeldi og meiðingar við Þórarinn bónda Benjamínsson á Efrihólum og eru atvik málsins, samkvæmt því, er sannað hefir orðið með játningu ákærða sjálfs og öðrum skýrslum í málinu, þau er nú skal greina. Hinn 23. ágústmánaðar 1897 var Þórarni Benjamínssyni og sex öðrum mönnum stefnt til að mæta á sáttafundi á Presthólum, heimili ákærða, til þess að leitað yrði um sættir af lögskipaðri sáttanefnd í meiðyrðamálum, er ákærði hafði hafið á hendur þeim. Var sáttafundurinn haldinn í stofu sunnanvert við bæjardyrnar og voru hinir stefndu kallaðir einn og einn inn í stofuna til sáttaumleitunar. Þegar sá sem næst fyrstur var kallaður inn, var í stofunni, gengu hinir áðrir stefndu, sem beðið höfðu á hlaðinu, inn í bæjardyrnar, en þar hafði ákærði áður bannað þeim að vera, sakir þess, að þar gat heyrst það, er talað var á sáttafundinum. Kom Páll bróðir ákærða að hinum stefndu í bæjardyrunum og vildi

reka þá út úr dyrunum, en Þórarinn, sem var instur, ýtti þá við Páli, svo að hann hrasaði á stofudyrnar og hrukku þær upp. Þegar ákærði, sem var inni á sáttafundinum, heyrði hávaðann í bæjardyrunum af viðureign þeirra Páls og stefndu, greip hann svipu er var í stofunni og hljóp fram með svipuna reidda, þannig, að hann hélt um neðri enda (ólarenda) skaftsins, og kom hann fram í stofudyrnar í sama bili sem þær hrukku upp; stóð þá Þórarinn Benjamínsson beint á móti dyrunum og laust ákærði hann með svipuskaftinu þannig, að höggið lenti á hægri handar úlflið Þórarins og nokkuð á vinstra handarbaki hans, því að hann bar fyrir sig báðar hendurnar, og snerti höggið einnig lítið eitt vinstra gagnaugað. Ákærði hefir haldið því fram, að hann hafi skipað hinum stefndu að fara út úr bæjardyrunum, áður en hann sló Þórarinn, en þeir hafi að eins svarað því með skömmum og ærumeiðingum til sín og jafnvel gjört sig líklega til að ráða á sig, og hafi hann þá fyrst tekið til svipunnar og slegið á framréttar hendur þeirra. En þessi frásögn ákærða kemur eigi heim við skýrslur annara í málinu, sem virðast benda á, að ákærði hafi látið höggið ríða þegar er hann kom fram úr stofunni, enda heyrði ekkert af vitnunum ákærða skipa mönnunum út, fyr en seinna. Á hinn bóginn er það ekki sannað gegn neitun ákærða, að hann hafi miðað högginu á höfuð Þórarins, eins og Þórarinn hefir viljað halda fram, og til nokkurrar afsökunar verður það að teljast ákærða, að hann hafði orðið fyrir ertingum af

hálfu hinna stefndu og að þeir voru komnir í forboði hans inn í hús hans.

Samkvæmt vottorði læknis, sem skoðaði Þórarinn daginn eftir höggið, og sömuleiðis 7. og 8. septbr. og 3. nóvember næst á eftir, svo og öðrum skýrslum þar að lútandi, var lítið að sjá daginn eftir á gagnauganu, en á vinstri hönd var nokkur bólga, sem hélst 2—3 vikur. Aðaláverkinn var þó á hægri úlflið og var þar töluverð bólga og handleggurinn mjög sár viðkomu, einkum utan á olnbogabeininu ofan við úlfliðinn. Gat Þórarinn ekki hreyft hendina lengi, og var hún honum ónýt um langan tíma, svo að hann gat eigi unnið með henni að smíðum, eins og hann var vanur, fyr en í byrjun nóvembermánaðar, og áleit læknirinn, er hann síðast skoðaði hendina, að beinið hefði brotnað við höggið fyrir ofan úlfliðinn, því að hann fann þar bris á beininu, eftir að bólgan var algjörlega runnin af.

Ákærði er löngu kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir eigi áður verið dæmdur fyrir neitt lagabrot. Verknaður sá, er hann nú er ákærður fyrir, er af undirdómaranum réttilega heimfærður undir 205. gr. almennra hegningarlaga og virðist hegningin fyrir hann hæfilega metin af undirdómaranum 200 kr. sekt til landssjóðs eða til vara 60 daga einfalt fangelsi. Um skaðabætur og málskostnað felst yfirdómurinn og á ákvæði aukaréttardómsins og ber því að staðfesta hann í öllum greinum. Ákærða ber og greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutn-

ingslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors. Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Ákærði Halldór prófastur Bjarnarson greiði og allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálafærslumannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 27/1899: Réttvísin gegn Ólafi Bjarnasyni og Maríu Gísladóttur.

Dómur:

Með aukaréttardómi Barðastrandarsýslu, uppkveðnum 14. nóv. f. á., voru hin ákærðu Ólafur bóndi Bjarnason á Efra-Vaðli og stjúpdótturdóttir hans María Gísladóttir samastaðar dæmd samkvæmt 163. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 fyrir að hafa framið holdlegt samræði saman, hann

til að sæta betrunarhússvinnu í 8 mánuði, og hún til að sæta einföldu fangelsi í 2 mánuði. Svo skyldu þau og greiða in solidum allan af málinu löglega leiðandi kostnað. En þessum dómi hefir eftir ósk hinna dómfeldu verið áfrýjað til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu hinna ákærða, sem styðst við aðrar skýrslur málsins, löglega sannað, að hin ákærðu Ólafur Bjarnason og María Gísladóttir stjúpdótturdóttir hans hafi haft holdlegt samræði saman eftir dauða konu Ólafs, en ömmu Maríu, og getið barn saman, er fæddist 4. janúar f. á. Hafði María alist upp hjá þeim hjónum, ömmu sinni og stjúpafa, frá því hún var á 9. ári, og var hún bústýra Ólafs eftir að amma hennar dó 22. marz 1897 og þau tvö ein á heimilinu frá þeim tíma. Bæði hin ákærðu hafa fært sér það til afsökunar, að þau hafi verið alveg grunlaus um, að samræði milli þeirra varðaði við lög, enda hafi jafnvel verið í ráði milli þeirra að giftast saman; en þó að töluverðar líkur séu til, að þessu hafi verið þannig varið, þá getur eigi samkæmt 43. gr. hegningarlaganna sú vanþekking þeirra á lögunum, sem hér væri um að ræða, losað þau við lögskipaða hegningu fyrir brot þeirra.

Hinn ákærði Ólafur Bjarnason er fæddur 1. sept. 1838 og hin ákærða María Gísladóttir 5. september 1868, og hafa þau eigi áður sætt refsingu fyrir neitt lagabrot. Afbrot þeirra er af undirdómaranum réttilega heimfært undir 163. gr. al-

mennra hegningarlaga og refsingin hæfilega metin af honum að því Ólaf snertir 8 mánaða betrunarhúsvinna og að því Maríu áhrærir tveggja mánaða einfalt fangelsi. Málskostnaðarákvæði undirdómsins samþykkjast einnig, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm í öllum greinum. Svo ber hinum ákærðu að og greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Hin ákærðu Ólafur Bjarnason og María Gísladóttir greiði og in soldinum allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 17/1899: Halldór Bjarnarson
gegn
Einari Einarssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði í héraði áfrýjandinn Halldór prófastur Bjarnarson á Presthólum gegn stefnda Einari Einarssyni á Hóli á Langanesi fyrir ærumeiðandi ummæli um sig í grein einni í 16. tölublaði 6. árgangs blaðsins Austra, er út kom 12. júní 1896 með nafni stefnda undir, svo og í ritgjörð nokkurri sérprentaðri og undirritaðri af stefnda, sem nefndist Svar til herra biskups Hallgríms Sveinssonar, og sem prentuð var í prentsmiðju Þ. J. G. Skaftasonar 1897. Var málið dæmt í aukarétti Þingeyjarsýslu 28. nóvember f. á. með þeim úrslitum, að stefndi skyldi samkvæmt 119. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 greiða í sekt til landssjóðs 50 krónur eða sæta til vara 14 daga einföldu fangelsi. Svo voru og flest hin átöldu ummæli dæmd dauð og ómerk og stefndi skyldaður til að greiða áfrýjandanum 40 kr. í málskostnað. Fyrir ósæmilegan rithátt var umboðsmaður áfrýjanda fyrir aukaréttinum Páll cand. Bjarnarson sektaður með dóminum um 50 krónur, er skyldu renna að hálfu í landssjóð, en að hálfu í fátækrasjóð Sauðanesshrepps. Er síðan kveðið svo á, að dóminum skuli fullnægja innan 14 daga frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 9. maí þ. á., og er þess

krafist af hans hálfu, *að* sektarákvæði héraðsdómsins verði þyngt eftir því sem lög framast leyfa, *að* ákvæði hans um sekt fyrir ósæmilegan rithátt verði felt úr gildi, að *að* stefndi verði dæmdur í málskostnað eftir mati réttarins. Svo hefir áfrýjandi krafist þess, að yfirdómari Krjstján Jónsson víkij úr dómarasæti í máli þessu sökum þess, að hann er bróðir undirdómarans, sem dæmt hefir málið í héraði; en viðvíkjandi þessari kröfu skal það þegar tekið fram, að yfirdómurinn álítur eigi neina nauðsyn á, að nefndur yfirdómari víki úr dómarasæti sínu vegna umræddS skyldleika, þar sem eigi er í málinu spurning um ábyrgð á hendur undirdómaranum. — Af hálfu stefnda hefir þess aftur á móti verið krafist, *fyrst og fremst*, að málinu verði vísað frá yfirdóminum og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 25 krónur eða eitthvað nægilegt eftir mati réttarins, en *til vara*, að stefndi verði dæmdur sýkn af kærum og kröfum áfrýjandans í málinu og áfrýjandinn dæmdur til að greiða honum allan málskostnað fyrir báðum réttum með 60 kr., eða einhverju nægilegu eftir réttarins mati.

Frávísunarkröfu sína hefir stefndi bygt á því, að að eins annar manna þeirra, er birtu áfrýjunarstefnuna á heimili stefnda, hafi verið lögskipaður og eiðsvarinn stefnuvottur. En þar sem stefndi hefir eigi neitað því, að stefnan hafi verið birt honum að öðru leyti á fullnægjandi hátt, enda hefir látið mæta samkvæmt henni í yfirdóminum, þá verður málinu eigi vísað frá dómi fyrir þessa sök.

Þá verður heldur eigi frávísunarkrafan tekin til greina að því leyti stefndi byggir hana á því, að engin sönnun sé fyrir því, að stefnan hafi verið löglega birt fyrir undirdómaranum, því að slík sönnun felst nægilega í áritun sýslumanns á stefnuna, þar sem hann lýsir því yfir, að stefnan hafi verið sér birt. Loks verður eigi heldur fundið neitt að sáttaumleituninni í málinu, þótt stefndi vilji halda því fram, að hún hafi eigi verið svo fullkomin sem skyldi.

Að sleptum þeim ummælum í fyrnefndum greinum, er bersýnilega eigi eru stýluð til áfrýjandans og sem undirdómarinn því með réttu eigi hefir talið meiðandi fyrir áfrýjandann, eru ummæli þau, er átalin eru í máli þessu, þau er nú skal greina: »Þó mun víst ekki, sem betur fer, finnast önnur dæmi hér á landi slík, sem um einn prófast austan Jökulsár í Axarfirði. Lítt hæfur kennimaður þykir hann sakir vitrýrðar og andleysis, enda fekk hann orð fyrir að vera mjög torgáfaður og óprúttinn á lærdómsárum sínum. Náungum hans kvað þykja hann ágjarn mjög og óskilvís, þrætugjarn og yfirgangssamur, ósanngjarn og svo óheill, að nálega hvert mannsbarn í hans sóknum forðast hann sem pestina«. »Eftir að hafa hengslast með þetta í hempunni um nokkur ár . . . . fengu sóknarmenn hans á endanum von um að geta losast við »pestina«, þegar prófasturinn í fyrra loksins var kærður um gripdeild eða þjófnað« »er ekki svo að sjá sem biskupi hafi fundist mikið til um slíkt lítilræði« »fengið slíkt

orð og verið alment eins illa þokkaður í umdæmi sínu sem þessi prófastur í sínum sóknum«, »enda getur hann ekki séð . . . . hvernig slíkur prófastur verkar sáluhjálpina hjá sínum sóknarbörnum«, »varast að heyra slíkan þjón boða guðsríki, svo ekki hneykslist neinn þar af, því »vei þeim sem hneykslinu veldur« »með hvaða tilfinningum . . . menn meðtaki syndanna fyrirgefningu í guðs nafni og altarissakramentin úr slíkum höndum«, »varast að skýla skálkum því«, »öllu miður sæmilegu framferði prófastsins«, »ósóma af þeim orðróm, sem gengur um þennan herrans þjón«, »Vér álítum það vera ósamboðið öllu kristilegu trúarlífi, og jafnvel hneykslanlegt, að líða slíkan mann sem Halldór prófast Bjarnarson í prestlegri stöðu . . . Þetta sama hefi eg álitið og álít enn«, »mundi líða slíkt hneyksli«, »að slíkt athæfi skyldi líðast«, »lét hneykslið lifa með sér«.

Framantalin ummæli verða að teljast mjög meiðandi og óvirðandi fyrir áfrýjandann sérstaklega sem prest og verður stefndi að bera alla ábyrgð á ummælunum, eins fyrir það þótt hann, eins og hann hefir fært sér til afsökunar, byggi þau að mestu leyti á sögusögn annara, og þótt orðalagið á ýmsum stöðum beri það með sér, að svo sér. Sama er og að segja um orðin: »ósóma af þeim orðrómi, sem gengur um þann herrans þjón«, að stefndi verður að bera ábyrgð á þeim orðum, þótt þau séu tekin orðrétt með tilvitnun úr blaðinu Austra.

Stefndi hefir eigi fært sönnur á ummæli sín

um áfrýjandann þau er að framan eru greind eða réttlætt þau á neinn hátt, og ber því að dæma þau dauð og ómerk og láta stefnda sæta refsingu fyrir þau, er samkvæmt 218. gr. sbr. 217. gr., og 219. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 þykir hæfilega metin 130 krónur, og komi í stað sektarinnar, ef hún er eigi öll greidd á ákveðnum tíma, 40 daga einfalt fangelsi. Um málskostnað í héraði á aukaréttardómurinn að vera óraskaður, og ber stefnda einnig að greiða áfrýjandanum málskostnað fyrir yfirdómi með 20 krónum. Sekt sú er umboðsmaður áfrýjanda er ídæmdur með héraðsdóminum fyrir ósæmilegan rithátt þykir nægilega ákveðin 15 krónur til fátækrasjóðs Sauðanesshrepps og 15 krónur til landssjóðs.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi Einar Einarsson greiði í sekt til landssjóðs 130 — eitt hundrað og þrjátíu — krónur, eða sæti 40 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi öll greidd í tæka tíð. Framantalin meiðandi og óvirðandi ummæli um áfrýjandann eiga að vera dauð og ómerk. Um málskostnað í héraði á aukaréttardómurinn að vera óraskaður og ber stefnda einnig að greiða áfrýjandanum Halldóri prófasti Bjarnarsyni málskostnað fyrir yfirdómi með 20 krónum. Umboðsmaður áfrýjanda í héraði cand. Páll Bjarnarson greiði í sekt fyrir ósæmilegan rithátt 15 krónur

til fátækrasjóðs Sauðanesshrepps og 15 krónur til landssjóðs.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 20/1899: Halldór prófastur Bjarnarson
gegn
Jóni Ingimundssyni.

Dómur:

Mál þetta er í héraði höfðað af áfrýjanda Halldóri prófasti Bjarnarsyni á Presthólum gegn stefnda Jóni Ingimundssyni á Brekku í Núpasveit út af meiðyrðum um hann í yfirlýsingu nokkurri eða vottorði, er stefndi og nokkrir menn aðrir hafa ritað nafn sitt undir og prentað er aftan við grein nokkra, er nefnist: »Svar til herra biskups Hallgríms Sveinssonar«, prentuð er í prentsmiðju Þorsteins J. G. Skaftasonar 1897 og undirskrifuð af Einari Einarssyni. Var málið dæmt svo í aukarétti Þingeyjarsýslu 26. nóvember f. á. eftir 119. gr. hegningarlaganna, að stefndi skyldi greiða sekt til landssjóðs, 25 krónur, eða til vara sæta einföldu fangelsi í 7 daga, auk þess skyldi hann greiða áfrýjanda í málskostnað 35 krónur og hin átöldu meiðyrði skyldu vera dauð og marklaus. Er í dómnum kveðið svo á, að honum skuli fullnægja undir aðför innan 14 daga.

Áfrýjandinn hefir krafist þess hér fyrir réttinum, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur og honum breytt þannig, að ákvæði dómsins um sekt verði þyngd eftir því sem lög frekast leyfa og stefndi verði dæmdur í málskostnað að skaðlausu, að terminus executionis verði leiðréttur, og að héraðsdómarinn verði sektaður hæfilega fyrir dóm sinn og málsmeðferð. Hefir áfrýjandinn talið það dómaranum til áfellis, að hinn átaldi verknaður er heimfærður undir 119. gr. hegningarlaganna, að fullnustugjörðarfresturinn er settur 14 dagar og að oflangur dráttur hafi orðið á uppkvaðning dómsins og afskrift dómsgjörðanna. Aftur á móti hefir stefndi krafist þess, að hann verði alsýknaður af kröfum áfrýjanda og kærum, eða til vara að hann verði dæmdur í laganna lægstu sekt, og að málskostnaður fyrir báðum réttum verði látinn greiðast af sækjanda eða almannafé. Svo hefir og málsfærslumaður stefnda hér í réttinum krafist þess, að héraðsdómarinn verði sýknaður af kröfum áfrýjanda í þessu máli.

Þau orð sem átalin eru í umgetnu vottorði eða yfirlýsingu eru þessi: »Að vér álítum frammistöðu Halldórs prófasts Bjarnarsonar á Presthólum í kirkju sinni mjög ófullkomna og óprestlega í alla staði, til dæmis hafa oss fundist ræður hans óviðunandi lélegar og ofan á þetta hefir bætst, að framburðurinn, bæði á prédikunarstól og fyrir altarinu (því prófasturinn tónar ekki) er sundurslitinn og mjög óáheyrilegur og svo lágur, að varla heyrist um alla kirkjuna. Enda var svo,

að á meðan við létum svo lítið að koma í kirkju til að hlýða á ræður hans, ef ræður skyldi kalla, að það var oss meir til leiðinda og skapraunar en ánægju og uppbyggingar. Af þessu og öðru fleira leiðir, að nú er svo komið og hefir verið síðastliðið ár, að enginn af oss sóknarmönnum, að undanskildum fáeinum mannhræðum, hafa viljað koma í kirkju til að hlusta á lestur hans orða eða þiggja neina prestþjónustu af honum«.

»Til sóknarnefndar hefir eigi verið kosið í síðastliðin 2 ár, og enginn safnaðarfundur verið haldinn jafnlengi«, »þá er ekkert við hana (kirkjuna) gjört, jafnvel þó hún eigi mikið fé«, »að oss hefir reynst hann vera bæði ágjarn og óskilvís, þrætugjarn og ósanngjarn, og svo óheill, að vér viljum ekkert við hann eiga. Og til frekari skýringar um breytni prófastsins skulum við geta þess að fyrir rúmlega tveim árum hefir hann verið kærður fyrir gripdeildir, ef ekki þjófnað, og eftir því, sem oss er frekast kunnugt um það mál, þá er það fullkomin sannfæring vor, að hann sé sannur að sök«. »Eftir þessu sem að framan er sagt, og jafnvel fleiru, getum vér ekki dulist þess, að vér álítum það vera ósamboðið öllu kristilegu trúarlífi, og jafnvel hneykslanlegt, að líða slíkan mann sem Halldór prófast Bjarnarson í prestlegri stöðu, og vildum vér því fegnir mega losast við hann sem fyrst.

Að því er áhrærir ummæli hinnar umgetnu yfirlýsingar um prestslega framkomu áfrýjanda, heldur stefndi því fram, að þau séu eigi ærumeið-

andi, heldur sé þar að eins umsögn vottorðsgefendanna eftir þeirra eigin tilfinningu um áhrif þau, er hin prestslega framkoma sækjanda hafi haft á þá. Hin önnur af átöldum ummælum hefir stefndi leitast við að sanna, sumpart með framlögðum og staðfestum vottorðum, sumpart með tilvitnun til þriggja yfirréttardóma.

Ummælin um prestslega framkomu áfrýjanda verða að teljast svo niðrandi, að hefði sannast, að þau væri á rökum bygð, hlyti það að rýra mannorð áfrýjanda, að sitja samt sem áður í prestslegu embætti, en stefndi hefir eigi sannað, að svo niðrandi ummæli um prestskap áfrýjanda væru á rökum bygð. Að því er snertir hin önnur átaldra ummæla, þá verður því að vísu ekki neitað, að áfrýjandi við einstök tækifæri virðist hafa sýnt nokkru meiri fégirnd og nokkru meiri tregðu við að borga réttmætar skuldir en góðu hófi gegnir, en það virðist þó eigi heimila stefnda að lýsa áfrýjanda ágjarnan og óskilvísan. Orðin: »Til sóknarnefndar — haldinn jafnlengi« og »þá er ekkert — mikið fé« geta eigi talist ærumeiðandi fyrir áfrýjanda. Að öðru leyti verða hin átöldu ummæli að teljast fela í sér sumpart ástæðulausa aðdróttun um, að hann hafi framið verk, sem mundu gjöra hann óverðugan virðingar samþegna hans, svo og annan ástæðulausan áburð, er hlýtur að skerða virðingu hans, og virðist því verða að dæma stefnda samkvæmt 217. og 219. gr. hegningarlaganna í sekt, er virðist hæfilega metin

50 krónur, og komi í hennar stað 15 daga einfalt fangelsi, ef sektin eigi verður greidd innan tiltekins tíma. Í málskostnað fyrir undirrétti greiði stefndi áfrýjanda 35 krónur, eins og héraðsdómurinn ákveður, og 10 krónur í málskostnað fyrir yfirrétti. Hin átöldu ummæli um áfrýjanda verða að dæmast dauð og ómerk. Það þykir ekki ástæða til að taka til greina kröfur áfrýjanda um, að undirdómarinn sæti sektum fyrir meðferð máls þessa. Að vísu hefir uppkvaðning dómsins í héraði dregist nokkuð lengi, en þann drátt virðist dómarinn hafa réttlætt.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Jón Ingimundsson, á að greiða 50 króna sekt til landssjóðs, en greiði hann ekki alla sektina innan ákveðins tíma, á hann að sæta einföldu fangelsi í 15 daga. Hin framangreindu orð og ummæli í umræddri yfirlýsing, er prentuð er aftan við greinina »Svar til herra Hallgríms biskups Sveinssonar«, að undanskildum orðunum: »Til sóknarnefndar — haldinn jafnlengi«, og »þá er ekkert — mikið fé«, eiga að vera dauð og ómerk. Stefndi greiði allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað með 45 krónum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna eftir lögbirtingu hans; sæti ella aðför að lögum.

Nr. 21/1899: Halldór prófastur Bjarnarson
gegn
Birni Bjarnarsyni.

Dómur:

Mál þetta er í héraði höfðað af áfrýjandanum Halldóri prófasti Bjarnarsyni á Presthólum gegn stefnda Birni Bjarnarsyni á Arnarstöðum út af meiðyrðum um hann í yfirlýsingu nokkurri eða vottorði, er stefndi og nokkrir menn aðrir hafa ritað nafn sitt undir og prentað er aftan við grein nokkra, er nefnist: »Svar til herra biskups Hallgríms Sveinssonar«, prentuð er í prentsmiðju Þorsteins J. G. Skaftasonar 1897 og undirskrifuð af Einari Einarssyni. Var málið dæmt svo í aukarétti Þingeyjarsýslu 25. nóvember f. á. eftir 119. gr. hegningarlaganna, að stefndi skyldi greiða sekt til landssjóðs, 25 krónur, eða til vara sæta einföldu fangelsi í 7 daga; auk þess skyldi hann greiða stefnda í málskostnað 20 krónur og hin átöldu meiðyrði skyldu vera dauð og marklaus. Er í dómnum kveðið svo á, að honum skuli fullnægja undir aðför innan 14 daga.

Áfrýjandinn hefir krafist þess hér fyrir réttinum, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur og honum breytt þannig, að ákvæði dómsins um sekt verði þyngd eftir því, sem lög frekast leyfa, og stefndi verði dæmdur í málskostnað að skaðlausu, að terminus executionis verði leiðréttur, og að héraðsdómarinn verði sektaður hæfilega

fyrir dóm sinn og málsmeðferð. Hefir áfrýjandinn talið það dómaranum til áfellis, að hinn átaldi tilverknaður er heimfærður undir 119. gr. hegningarlaganna, að fullnustugjörðarfresturinn er settur 14 daga og að oflangur dráttur hafi orðið á uppkvaðning dómsins og afskrift dómsgjörðanna. Aftur á móti hefir stefndi krafist þess, að hann verði alsýknaður af kröfum áfrýjanda og kærum, eða til vara, að hann verði dæmdur í laganna lægstu sekt, og að málskostnaður fyrir báðum réttum verði látinn greiðast af sækjanda eða almannafé. Svo hefir og málsfærslumaður stefnda hér í réttinum krafist þess, að héraðsdómarinn verði sýknaður af kærum og kröfum áfrýjanda í þessu máli.

Þau orð, sem átalin eru í umgetnu vottorði eða yfirlýsingu, eru þessi: »Að vér álítum frammistöðu Halldórs prófasts Bjarnarsonar á Presthólum í kirkju sinni mjög ófullkomna og óprestslega í alla staði, til dæmis hafa oss fundist ræður hans óviðunandi lélegar og ofan á þetta hefir bætst, að framburðurinn bæði á prédikunarstól og fyrir altarinu (því prófasturinn tónar ekki) er sundurslitinn og mjög óáheyrilegur og svo lágur, að varla heyrist um alla kirkjuna. Enda var svo, að á meðan við létum svo lítið að koma í kirkju til að hlýða á ræður hans, ef ræður skyldi kalla, að það var oss meir til leiðinda og skapraunar en ánægju og uppbyggingar. Af þessu og öðru fleiru leiðir, að nú er svo komið og hefir verið síðastliðið ár, að enginn af oss sóknarmönnum, að undanskildum

fáeinum mannhræðum, hafa viljað koma í kirkju til að hlusta á lestur hans orða eða þiggja neina prestsþjónustu af honum«. »Til sóknarnefndar hefir eigi verið kosið í síðastliðin 2 ár, og enginn safnaðarfundur verið haldinn jafnlengi«, »þá er ekkert við hana (kirkjuna) gjört, jafnvel þó hún eigi mikið fé«, »að oss hefir reynst hann vera bæði ágjarn, óskilvís, þrætugjarn, ósanngjarn, og svo óheill, að vér viljum ekkert við hann eiga. Og til frekari skýringar um breytni prófastsins skulum við geta þess, að fyrir rúmlega tveim árum hefir hann verið kærður fyrir gripdeildir, ef ekki þjófnað, og eftir því, sem oss er frekast kunnugt um það mál, þá er það fullkomin sannfæring vor, að hann sé sannur að sök«. »Eftir þessu, sem að framan er sagt, og jafnvel fleiru, getum vér ekki dulist þess, að vér álítum það vera ósamboðið öllu kristilegu trúarlífi, og jafnvel hneykslanlegt, að líða slíkan mann í prestslegri stöðu, sem Halldór prófast Bjarnarson og vildum vér því fegnir mega losast við hann sem allra fyrst«.

Að því er áhrærir ummæli hinnar umgetnu yfirlýsingar um prestslega framkomu áfrýjanda, heldur stefndi því fram, að þau séu eigi ærumeiðandi, heldur sé þar að eins umsögn vottorðsgefendanna eftir þeirra eigin tilfinningu um áhrif þau, er hin prestslega framkoma sækjandans hafi haft á þá. Hin önnur af átöldum ummælum hefir stefndi leitast við að sanna, sumpart með fram-

lögðum og staðfestum vottorðum, sumpart með tilvitnun til þriggja yfirréttardóma.

Ummælin um prestslega framkomu áfrýjanda verða að teljast svo niðrandi, að hefði sannast, að þau væru á rökum bygð, hlyti það að rýra mannorð áfrýjanda, að sitja samt sem áður í prestslegu embætti; en stefndi hefir eigi sannað, að svo niðrandi ummæli um prestskap áfrýjanda væru á rökum bygð. Að því er snertir hin önnur átaldra ummæla, þá verður því að vísu ekki neitað, að áfrýjandi við einstök tækifæri virðist hafa sýnt nokkru meiri fégirnd og nokkru meiri tregðu við að borga réttmætar skuldir en góðu hófi gegnir, en það virðist þó ekki heimila stefnda að lýsa áfrýjanda ágjarnan og óskilvísan. Orðin: »Til sóknarnefndar — haldinn jafnlengi« og »þá er ekkert — mikið fé« geta eigi talist meiðandi fyrir áfrýjanda. Að öðru leyti verða hin átöldu ummæli að teljast fela í sér sumpart ástæðulausa aðdróttun um að hann hafi framið verk, sem mundu gjöra hann óverðugan virðingar samþegna hans, svo og annan ástæðulausan áburð, er hlýtur að skerða virðingu hans, og virðist því verða að dæma stefnda samkvæmt 217. og 219. gr. hegningarlaganna í sekt, er virðist hæfilega metin 50 krónur, og komi í hennar stað 15 daga einfalt fangelsi, ef sektin eigi verður greidd innan tiltekins tíma. Í málskostnað fyrir undirrétti greiði stefndi áfrýjanda 20 krónur, eins og héraðsdómurinn ákveður, og 10 krónur í málskostnað fyrir yfirrétti. Hin átöldu ummæli um áfrýjanda verða að

dæmast dauð og ómerk. Það þykir ekki ástæða til að taka til greina kröfu áfrýjanda um, að undirdómarinn sæti sektum fyrir meðferð máls þessa. Að vísu hefir uppkvaðning dómsins í héraði dregist nokkuð lengi, en þann drátt virðist dómarinn hafa réttlætt.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Björn Bjarnarson á að greiða 50 króna sekt til landssjóðs, en greiði hann ekki alla sektina innan ákveðins tíma, á hann að sæta einföldu fangelsi í 15 daga. Hin framangreindu orð og ummæli í umræddri yfirlýsing, er prentuð er aftan við greinina: »Svar til herra biskups Hallgríms Sveinssonar«, að undanskildum orðunum: »Til söknarnefndar — haldinn jafnlengi« og »þá er ekkert — mikið fé« eiga að vera dauð og ómerk. Stefndi greiði allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað með 30 krónum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna eftir lögbirting hans; sæti ella aðför að lögum.

Mánudaginn 20. nóvembermánaðar.

Nr. 54/1898: Magnús S. Árnason
gegn
Águst Benediktssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði í héraði kaupmaður M. S.

Árnason á Isafirði gegn verzlunarstjóra Ágúst Benediktssyni sama staðar til þess að fá hann dæmdan til að greiða 30 krónur sem andvirði eða skaðabætur fyrir hvítasykurkassa, sem fluttist til Ísafjarðar til verzlunar áfrýjanda með póstgufuskipinu »Laura« 8. okt. 1897, en fór í sjóinn við uppskipun þar á staðnum, og skemdist eða ónýttist. Með aukaréttardómi Ísafjarðarkaupstaðar í málinu, uppkveðnum 15. ágústmánaðar f. á., var Ágúst Benediktsson sýknaður fyrir kröfum M. S. Árnasonar í málinu, og var hinn síðarnefndi skyldaður til að greiða hinum fyrnefnda 15 krónur sem málskostnað. Dómi þessum hefir Magnús S. Árnason skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 28. jan. þ. á., og hefir hann krafist þess, að stefndi verði skyldaður til að borga sér andvirði sykurkassans 30 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi, eða að öðrum kosti láta af hendi til sín 100 pd. af sykri (hvítasykri) in natura, og til þess að auki að greiða allan málskostnað fyrir báðum réttum, þar með talið 20 kr. sem kaup til málsfærslumanns hans fyrir yfirrétti. Stefndi hefir af sinni hálfu krafist þess, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða 40 krónur sem málskostnað eða eitthvað nægilegt eftir mati réttarins.

Þegar póstgufuskipið »Laura« kom til Ísafjarðar 8. okt. 1897, hafði það nokkrar vörur meðferðis til áfrýjanda, þar á meðal hvítasykur-kassa, sem í voru 100 pd. af hvítasykri. Þessum hvítasykurkassa var ásamt öðrum vörum skipað í land

úr póstskipinu á uppskipunarskipi hins stefnda, og atvikaðist það þá svo, að kassinn fór í sjóinn í lendingunni og spiltist sykurinn að mestu eða öllu leyti. Áfrýjandi álítur nú, að stefndi eigi að bera ábyrgð á þessum skaða, með því að hann á undan hafi tekið að sér að flytja vörur áfrýjanda í land fyrir ákveðna borgun, og jafnframt fyrir það, að hann sem umboðsmaður gufuskipafélagsins hafi haft ábyrgð á vörunum, þar til þær væru komnar á land. Það er þó hvorugt sannað, hvorki að stefndi hafi fyrirfram með samningi tekið að sér, að flytja vörur áfrýjanda í land úr póstgufuskipunum, né heldur að umboðsmanni gufuskipafélagsins sé skylt að annast um landflutninginn. Venjan virðist vera sú, að kaupmenn þeir, sem hafa uppskipunarbáta, flytja í land eigi að eins sínar eigin vörur, heldur og hverjar aðrar þær vörur, sem látnar eru ofan í bátana úr gufuskipunum, og gufuskipafélagið ábyrgist eigi vörurnar, eftir að þær eru komnar niður í bátana, en þær eru að svo komnu í ábyrgð viðtakenda. Þar sem nú áfrýjandi eigi lét veita vörunum móttöku við skipshlið og annaðist ekki sjálfur um landflutning á þeim, voru þær fluttar í land á bátum hins stefnda, án þess að hann (o: stefndi) tæki sérstaka ábyrgð á þeim, eða honum væri skylt að fara varfærnislegar með þær en sínar eigin vörur. Það er ekkert komið fram í málinu, er sanni, að stefndi hafi tekið að sér eða bakað sér slíka frekari ábyrgð, að því er vörur þessar snertir, og

sérstaklega verður það eigi talið sönnun gegn stefnda í þessu efni, að hann í reikningum verzlunar sinnar hefir talið áfrýjanda til skuldar með einni (ósundurliðaðri) upphæð kostnaðinn við uppskipun á vörum hans. Með því að það nú ennfremur eigi er sannað, að það hafi verið hirðuleysi eða vítaverðu gáningsleysi flutningsmanna að kenna, að sykurkassinn fór í sjóinn, verður að álíta, að það hafi verið óhapp, sem eigi verður talið stefnda til ábyrgðar, og fyrir því verður að fallast á það, að aukaréttardómurinn hefir sýknað stefnda. Með því að yfirrétturinn og felst á ákvæði dómsins um málskostnað, verður að staðfesta hann í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi og að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi Magnús S. Árnason greiði stefnda Ágúst Benediktssyni 20 krónur sem málskostnað fyrir yfirdómi.

Sakarkostnaðurinn greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 4. desembermánaðar.

Nr. 26/1899 Þórður Guðmundsson
gegn
Jóni Þórarinssyni
sem fjárhaldsmanni Elínar og
Guðrúnar Friðfinnsdætra.

Dómur:

Í máli þessu er áfrýjað úrskurði uppkveðnum í skiftarétti Kjósar- og Gullbringusýslu 28. júní þ. á. við skifti á dánar- og félagsbúi Friðfinns sál. Friðfinnssonar á Óttarstöðum og eftirlifandi ekkju hans, nú konu áfrýjanda, Guðfinnu Gísladóttur, sem setið hafði í óskiftu búi eftir fyrri mann sinn um nokkur ár og nú skifti með börnum sínum og hans. Var með úrskurðinum skorið úr ágreiningi milli áfrýjanda fyrir hönd ekkjunnar og hins stefnda, fjárhaldsmanns barnanna, um, hvort 1000 kr., er lagðar höfðu verið af ekkjunni árið 1892 í sparisjóð undir nafni dætra hennar, skyldu teljast með fjármunum búsins og koma til skifta, eða álítast séreign dætranna. Um þenna ágreining reyndi þó skiftaráðandi eigi, eftir því sem séð verður af málsskjölunum, að koma sættum á með málspörtunum, áður en hann lagði úrskurð á málið, eins og fyrirskipað er í tilsk. 20. jan. 1797, 10. gr. b., sbr. skiftalög 12. apríl 1878, 38. gr., og verður því ex officio að ómerkja skiftaréttarúrskurðinn og heimvísa málinu til nýrrar og löglegri meðferðar. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði skiftaréttarúrskurður á að vera ómerkur og vísast málinu heim til nýrrar og löglegri meðferðar. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Mánudaginn 11. desembermánaðar.

Nr. 24/1899: Hið opinbera
gegn
Tönnes Andreas Asbjörnsen.

Dómur:

Mál þetta var höfðað í héraði fyrir lögreglurétti Barðastrandarsýslu samkvæmt skipun amtsins gegn hinum kærða Tönnes Andreas Asbjörnsen, skipstjóra á fiskigufuskipinu »Muggur«, fyrir brot gegn ákvæðinu í 2. málslið 1. greinar í lögum 4. nóvbr. 1881 um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl., og var því ráðið til lykta með dómi téðs réttar, uppkveðnum 14. nóvbr. f. á., á þá leið, að kærði var sýknaður í málinu, og málskostnaður allur dæmdur á almannasjóð. Dómi þessum hefir amtmaðurinn í Vesturamtinu skotið til yfirréttarins.

Hinn kærði, sem á heima á Bíldudal í Barðastrandarsýslu, var síðastliðið ár skipstjóri á fiskigufuskipinu »Muggur«, sem er eign kaupmanns eða kaupmannafélags á Bíldudal, og skrásett sem innlend eign. Hinn 28. aprílmánaðar f. ár fór hann með skipið norður á Ísafjarðardjúp, og fisk-

aði frá skipinu utarlega í djúpinu með opnum bátum (»doryum«) og lóðum. Eftir 3 daga fór hann með aflann óverkaðan og óslægðan til Bíldudals, og var honum skipað þar í land. Dagana 2—4 maí var kærði aftur með gufuskipið til fiskiveiða í mynninu á Ísafjarðardjúpi, og voru fiskiveiðarnar reknar á sama hátt eins og næst á undan. Kvöldið 2. maí fór hann inn á Ísafjörð, setti þar í land farþega, sem með honum var, fór út til veiða hinn 3. maí, og voru þær reknar á sama hátt og áður; að þeim loknum þann dag fór hann aftur inn á Ísafjarðarhöfn, lá þar um nóttina, tók farþegann, sem hann hafði skilið þar eftir, fór svo út til veiða hinn 4. maí, og að þeim loknum fór hann samdægurs með aflann til Bíldudals. Í þessi skifti, er kærði lagðist á Ísafjarðarhöfn, sýndi hann eigi skipaskjöl sín þar, enda fór hann eigi sjálfur þar í land. Síðar þetta vor rak hann fiskiveiðar á sama hátt fyrir utan Ísafjarðardjúpið, án þess þá að leita þar hafnar. En í júnímánuði fór hann með skip sitt frá Bíldudal til Ísafjarðar, og segir hann að það hafi verið í því skyni, að sýna bæjarfógeta heimildir sínar til að reka fiskiveiðarnar, með því að hann hafði fengið að vita, að sýslumaður ætlaðist til þess; en af því varð þó ekki, því að bæjarfógeti var ekki heima.

Eins og fram hefir verið tekið, var útgjörðarstaður skipsins »Muggs« Bíldudalur, sem er í næsta lögsagnarumdæmi við Ísafjarðarkaupstað, og flutti skipið aflann í hvert skifti þangað óverkaðan og óslægðan, og var þetta tilætlunin með fiskiveiðum

skipsins, en ekki hitt, að skipið flytti fiskinn út úr landinu eftir að veiðiskapnum var lokið í hvert sinn. Ákvæðið í 2. málsgrein 1. greinar í lögum nr. 16, 4. nóvbr. 1881, miðar að því, að tryggja útflutningsgjaldgreiðsluna af hendi þeirra skipa, sem reka fiskiveiðar beint til útflutnings á veiðinni, sbr. orðin: »hvort heldur til annara fiskistöðva hér eða alveg burt frá landinu«, og á eigi við um fiskiskip, sem stunda fiskiveiðar frá útgjörðarstað hér á landi og skila veiðinni þar, en flytja hana eigi út úr landinu. Þar sem nú þetta síðartalda átti sér stað um skip það, er hér er um að ræða, var skipstjóri þess eigi skyldur að tilkynna lögreglustjóra á Ísafirði um veiðar sínar þar í lögsagnarumdæminu eða láta til geymslu hjá honum skipaskjöl sín samkvæmt nefndri lagagrein.

Samkvæmt þessu verður eigi álitið, að hinn kærði hafi með fiskiveiðum þeim, sem hér er umtalsefni, og atferli sínu að öðru leyti, gjört sig sekan í broti gegn lögum nr. 16, 4. nóvbr. 1881, 1. gr. 2. málslið, en fyrir það brot eitt er hann kærður. Það verður því að sýkna hann, og með því að yfirdómurinn einnig felst á ákvæði lögregluréttardómsins um málskostnað, skal staðfesta téðan dóm í öllum greinum. Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist af almannafé, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í héraði

hefir verið vítalaus, og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn skal vera óraskaður. Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr landssjóði, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors.

Mánudaginn 18. desembermánaðar.

Nr. 25/1899: Hið opinbera
gegn
Tönnes Andreas Asbjörnsen.

Dómur:

Eftir skipun amtmannsins í Vesturamtinu var mál þetta höfðað gegn kærða Tönnes Andreas Asbjörnsen, skipstjóra á gufuskipinu »Muggur«, fyrir brot gegn ákvæðum í samþykt um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum á svæðinu frá Geirhólma að Öskubak innan Ísafjarðarsýslu, staðfestri 11. okt. 1887. Málinu var ráðið til lykta með lögregluréttardómi Barðastrandarsýslu, uppkveðnum 14. nóv. f. á., og var kærði með dóminum sýknaður af kæru hins opinbera og málskostnaður allur lagður á almannafé. Dómi þessum hefir amtmaðurinn yfir Vesturamtinu skotið til yfirdómsins.

Með játningu hins kærða sjálfs og öðrum skýrslum í málinu er það sannað, að hann, sem er skipstjóri á fiskigufuskipinu »Muggur«, sem gjört er út frá Bíldudal í Barðastrandarsýslu og er eign kaupmanns þar, P. J. Thorsteinssonar & Co., hafi vorið 1898 farið nokkrar fiskiferðir með téð skip norður á Ísafjarðardjúp og fiskað þar á þann hátt, að hann setti út frá skipinu nokkra opna báta (»doryur«) með lóðir; voru lóðirnar lagðar frá bátunum og dregnar inn í þá aftur, en síðan voru þeir, ásamt með lóðunum innbyrtir í gufuskipið »Mugg«. Þannig var fiskað frá gufuskipinu utarlega á Ísafjarðardjúpi, fyrst dagana 28. apríl til 1. maí, og aftur 2. til 4. maí f. á. og loks tvívegis enn fyrri hluta maímánaðar f. á. Í fyrsta skiftið voru lóðirnar beittar með síld eingöngu, en í síðari skiftin með síld og kúfisk (skelfisk). Aldrei lagðist skipið fyrir akkeri, meðan það var að veiðunum. Um staðinn, þar sem veiðarnar fóru fram, er ekki annað sannað, en það sem ákærði hefir kannast við, að það hafi verið grynst utan línu, er dregin væri frá innanverðum Rit í Öskubak, og hafi ávalt verið lengra til lands en 3 fjórðungar mílu.

Fiskiveiðasamþykt sú, sem hér er um að ræða, nær að eins, eins og aðrar samkynja samþyktir, til fiskiveiða á opnum skipum, og hún er, eins og aðrar slíkar samþyktir, að eins »skuldbindandi fyrir þá, er í því héraði stunda fiskiveiðar á opnum skipum«, sbr. lög nr. 28 14. des. 1877, 5. gr. Í samþyktinni 11. okt. 1887 eru engin ákveðin

takmörk sett fyrir gildi hennar á sjó, en þar er að eins ákveðið svæði það eða hérað á landi, er hún gildi fyrir, og er þetta í samræmi við nefnd heimildarlög 14. des. 1877, sem eigi ætlast til þess, eins og tilgreind orð þeirra sýna, að samþyktirnar nái til annara en héraðsmanna sjálfra og þeirra annara, er útræði stunda frá einhverjum stað í héraðinu. Með því nú að fiskiveiðar kærða eigi verða taldar fiskiveiðar á opnum skipum, þó að hann hafi notað báta meðfram við veiðarnar, og með því að hann stundaði ekki fiskiveiðarnar frá héraði því, er samþyktin náði yfir, heldur frá öðrum stað utan þess (Bíldudal), þá hefir hann eigi gjörst brotlegur gegn reglum þeim, er í téðri fiskiveiðasamþykt voru settar. Ber því að fallast á það, að kærði var sýkn dæmdur í máli þessu af lögregluréttinum, og þar sem yfirdómurinn einnig felst á málskostnaðarákvæði dómsins, ber að staðfesta hann að öllu leyti. Áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 10 kr. til hvors, ber að greiða af almannafé.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn á að vera óraskaður. Allur áfrýjunarkostnaður málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutnings-

mannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 krónur til hvors þeirra, greiðist af almannafé.

Nr. 42/1899: Réttvísin gegn Guðna Guðnasyni.

Dómur:

Með dómi aukaréttar Árnessýslu, uppkveðnum 23. júní þ. á., var hinn ákærði, tómthúsmaður Guðni Guðnason á Hamri í Gaulverjabæjarhreppi, dæmdur fyrir þjófnað samkvæmt 230. gr. og 231. gr. 4. tölul. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 8 mánaða betrunarhúsvinnu, og til að greiða allan kostnað málsins. Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins eftir ósk hins ákærða.

Það er með eigin játingu hins ákærða og öðrum skýrslum í málinu löglega sannað, að hann hafi aðfaranótt hins 14. desbr. f. á. stolið nálægt því vætt eða 84 pd. af harðýsu úr læstri skemmu og úr saltgeymsluhúsi á Vestri-Loftsstöðum, og síðan hagnýtt sér hið stolna, og eru hin nánari atvik að þjófnaðinum þessi. Nokkrum dögum áður en hann framdi þjófnaðinn, tók hann eftir því, að það mundi vera auðvelt að stela af ýsunni, og ásetti hann sér þá að gjöra það. Hann smíðaði sér lykil að skemmuskránni, en lásinn að saltgeymsluhúsinu, sem var ónýtur, vissi hann að hægt

var að opna lykilslaust. Nóttina milli 13. og 14. desbr. f. á. fór hann síðan frá heimili sínu og hélt niður að Vestri-Loftsstöðum. Lauk hann skemmunni upp með lyklinum, sem hann hafði með sér, fór upp á skemmuloftið, og tók þar töluvert að harðýsu ofan af fiskhlaða, bar hana út úr húsinu og læsti því síðan. Síðan gekk hann að saltgeymsluhúsinu, sem er á túninu fyrir neðan bæinn, kipti lásnum upp verkfæralaust, og tók þar inni nokkrar harðýsur ofan af fiskhlaða, sem þar var. Bar hann ýsurnar út og lokaði húsinu. Síðan tók hann sleða, sem hann hafði séð fyrir vestan bæinn, lagði ýsurnar á hann, og dró hann vestur að Stokkseyri, en þangað kom hann snemma morguninn eftir. Ýsurnar lagði hann inn í verzlun á Stokkseyri, og tók ýmislegar búðarvörur út á andvirðið, en það var 10 kr. 8 aur. Vörum þessum varði hann til heimilisþarfa. Sleðann skildi hann eftir niður við sjóinn og hefir hann eigi komið til skila. Eigendur hinna stolnu muna hafa eigi krafist endurgjalds fyrir þá.

Þessi verknaður hins ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, og eigi hefir áður verið dæmdur fyrir glæp, er af héraðsdómaranum réttilega heimfærður undir 231. gr. 4. lið og 230. gr. hegningarlaganna, en hegningin þykir hæfilega ákveðin 10 mánaða betrunarhúsvinna. Með því að yfirdómurinn felst á ákvæði aukaréttardómsins um málskostnað, skal téður dómur staðfestur með greindri breytingu á hegningunni. Hinn ákærði

skal og greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, sem ákveðast 10 kr. til hvors þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus, og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður, þó þannig, að hegningin sé 10 mánaða betrunarhúsvinna. Ákærði Guðni Guðnason greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málsfærslumannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 41/1899: Réttvísin gegn Helga Ingimundssyni.

Dómur:

Með dómi aukaréttar Árnessýslu, upp kveðnum 22. júní þ. á., var hinn ákærði Helgi Ingimundsson, vinnumaður í Litlu-Sandvík, dæmdur samkvæmt almennum hegningarlögum 25. júní 1869, 234. gr. 1. og 2. lið, fyrir einfaldan þjófnað og stórþjófnað til að sæta betrunarhúsvinnu í 2

ár og 6 mánuði, og til að greiða allan kostnað sakamálsins gegn honum, þar með talin málsvarnarlaun 4 kr. til hins skipaða verjanda hans í héraði, hreppstjóra Þorvarðar Guðmundssonar. Þessum dómi hefir verið skotið til yfirréttarins af hlutaðeigandi amtmanni réttvísinnar vegna.

Með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum, sem fengnar hafa verið í málinu, er það sannað, að ákærði hefir gert sig sekan í glæpum þeim, er nú skal telja. Á vetrarvertíðinni 1898 tók hann að ófrjálsu töluvert af afla sínum, sem var eign húsbónda hans, bæði þorsk og ýsu, og lagði fisk þennan inn í verzlanir á Stokkseyri, og tók ýmislegt út á hann, einkum tóbak og brennivín, sem hann síðan eyddi. Tók hann þannig smátt og smátt af aflanum um 100 fiska talsins, eftir því, sem upplýst er í málinu, og hann hefir kannast við. Rétt fyrir jólin 1898 stal hann frá húsbónda sínum 9 pd. haustullar með þessum at vikum. Hann var sendur niður að Stokkseyri; en áður en hann færi af stað þangað, kræktí hann upp hlera á norðurþilinu á geymsluhúsi á Litlu-Sandvík til þess að geta komist inn í húsið næstu nótt. Hann kom um nóttina heim til sín frá Stokkseyri og var fólk alt þá í svefni, fór hann þá um hleragatið inn í geymsluhúsið, stakk upp með vasahníf sínum læsinguna á byrðu einni, sem var þar, og stal ullinni úr byrðunni. Fór hann þegar með ullina ofan á Stokkseyri, lagði hana inn í verzlun, og tók út á hana brennivín, súkkulaði og kaffibrauð, sem hann eyddi síðar.

Þennan sama dag, sem var Þorláksmessa, stal hann 5 pd. stykki af munntóbaki og á að gizka 2 pd. af upprakinni rullu úr opnum kassa í vörugeymsluhúsi norður af sölubúð Ásgeirs Sigurðssonar á Stokkseyri; fór hann inn í geymsluhúsið um dyrnar, sem voru ólæstar. Á 3. dag jóla næst á eftir var hann sendur til Stokkseyrar; fór hann þá í rökkrinu inn í þetta sama geymsluhús, og stal þá á sama stað 5 pd. stykki af munntóbaki. Sumt tókbakið, sem hann stal, seldi hann, en sumt brúkaði hann sjálfur. Loksins hefir ákærði kannast við það, að hann hafi á jólaföstunni þennan sama vetur stolið 22 kr. (þ. e. 2 10 króna seðlum og 1 2 krónu-pening) frá Guðmundi lækni Guðmundssyni, með þeim hætti, að ákærði fór ofan í buxnavasa Guðmundar, meðan þeir stóðu úti undir sjóbúðarvegg og voru að tala saman, náði peningabuddu upp úr vasanum, tók úr henni ofannefnda peninga, og lét síðan budduna aftur ofan í vasa Guðmundar, án þess að hann yrði nokkurs var. Peningum þessum varði ákærði mestmegnis til brennivíns- og tóbakskaupa.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 17. maí 1872, og hefir honum áður verið refsað fyrir eftirnefnda glæpi: 1. fyrir skjalafals og þjófnað með 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð samkvæmt aukaréttardómi Vestmannaeyjasýslu 9. júní 1893; 2. fyrir einfaldan þjófnað framinn í 2. sinn með 8 mánaða betrunarhúsvinnu samkvæmt aukaréttardómi sömu sýslu 13. apríl

1894; 3. fyrir þjófnað framinn í 3. sinn með 1 árs betrunarhúsvinnu samkvæmt landsyfirréttardómi 8. júní 1896. Fyrir afbrot þau, er hinn ákærði nú hefir gjört sig sekan í, ber að dæma hann eftir 255. gr., 234. gr. 1. málslið, og sömu greinar 2. málslið í hinum almennu hegningarlögum, og þykir refsingin með hliðsjón af 63. gr. laganna hæfilega ákveðin betrunarhúsvinna í 3 ár. Það athugast, að iðgjalda hefir eigi verið krafist í málinu, enda hefir þýfið eigi alt verið metið til peningaverðs, sem þó hefði átt að gjöra. Með því að yfirdómurinn felst á ákvæði aukaréttardómsins um málskostnað, verður téður dómur staðfestur með greindri breytingu að því hegningartímann snertir. Ákærði skal einnig greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður, þó þannig, að hegningartíminn verði 3 ár. Ákærði Helgi Ingimundsson greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málsfærslumannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 23/1899: Ingvar Þorsteinsson
gegn
Jóhanni Þorkelssyni.

Dómur:

Sóknarpresturinn í Reykjavík, dómkirkjuprestur Jóhann Þorkelsson, höfðaði mál þetta í héraði gegn tómthúsmanni Ingvari Þorsteinssyni til greiðslu á prestsgjöldum fyrir árin 1892—1898, og var málið dæmt í bæjarþingsrétti Reykjavíkur 8. júní þ. á. á þá leið, að Ingvar Þorsteinsson skyldi greiða dómkirkjuprestinum hin umstefndu gjöld fyrir þau ár, sem sannað er, að hann hafi verið búsettur í Reykjavík sem húsmaður, nl. árin 1893—1898, að upphæð samtals 12 kr. 29 aur., en málskostnaður var látinn falla niður. Dómi þessum hefir Ingvar Þorsteinsson skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 12. júlí þ. á., og hefir hann krafist þess, að hann verði sýkn dæmdur fyrir kröfum dómkirkjuprestins, og að presturinn verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum. Af sinni hálfu hefir dómkirkjuprestur Jóhann Þorkelsson krafist þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað.

Það er sannað í málinu, að áfrýjandi hefir verið tómthúsmaður, húseigandi og húsráðandi í

Reykjavík árin 1893-1898, og hefir undirdómarinn dæmt hann til að greiða prestsgjöld fyrir öll þessi ár, en prestsgjöldin eru eitt dagsverk fyrir hvert árið, reiknað til peninga eftir gildandi verðlagsskrá. Málsaðilar eru sammála um það, að áfrýjandi hafi ekki greitt upp í gjöld þessi nema 3 kr. 80 au., og hefir það verið dregið frá kröfuupphæð stefnda í undirréttardóminum. Málsaðila greinir og eigi á um upphæðina, sem lögð er undir dóm, heldur um hitt, hvort áfrýjandi sé skyldur að greiða presti dagsverk. Áfrýjandi heldur því fram, að honum sé eigi skylt að gjöra það.

Dagsverk til prests er mjög gamalt gjald, sem þeir sóknarmenn prestins hafa átt að greiða, er í sjálfstæðri stöðu eru, en eigi gjöra skiftitíund og fyrir því greiða eigi presti tíund. Á hinn bóginn var það eigi talið skilyrði fyrir skyldunni til að greiða dagsverk, að hlutaðeigandi teldi fram fé til tíundar. Gjaldskyldan styðst við mjög gamla réttarvenju, sem ýmsir biskupsúrskurðir á fyrri tímum hafa staðfest, svo og yfirvaldaúrskurðir á síðari tímum, sbr. t. d. synodalúrskurð 22. júlí 1726. Um gjaldið er talað sem opinbert skyldugjald í reglugjörð 17. júlí 1782, 8. gr. og 13. gr., og í konungsbréfi 21. maí 1817 er fyrir skipað, að vinnuhjú öll og hjúalaust húsfólk skuli inna af hendi dagsverk, ef persónur þessar tíunda 60 al. eða meira. Um húsmenn, sem veita heimili forstöðu og halda hjú, eins og álíta verður að áfrýjandi hafi gjört umrædd ár, ræðir þessi konungsúr-

skurður ekki, en samkvæmt áðurgreindri réttarvenju um dagsverkagreiðsluna áttu þeir að greiða presti dagsverk án tillits til þess, hvort þeir tíunduðu nokkuð eða ekki neitt, ef þeir að eins eigi voru í skiftitíund, og á þessu er engin breyting orðin með konungsúrskurðinum 1817 eða síðar.

Samkvæmt þessari venju, sem er eðlileg eftir uppruna dagsverksgjaldsins, er í samræmi við gildandi löggjöf og staðfest hefir verið með mörgum úrskurðum yfirvaldanna, verður að álíta, að áfrýjandi, sem var sjálfstæður maður og heimilisfaðir í Reykjavík árin 1893—1898, eigi að greiða presti dagsverk fyrir þessi ár. Og verður því að staðfesta hinn áfrýjaða bæjarþingsdóm að því leyti, sem hann skyldar áfrýjanda til að greiða gjöldin. Málskostnaðarákvæði dómsins samþykkist einnig, en sem málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda 15 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi Ingvar Þorsteinsson greiði stefnda dómkirkjupresti Jóhanni Þorkelssyni málskostnað fyrir yfirdómi, að upphæð 15 kr.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 16/1899: Björn Kristjánsson
fyrir hönd P. W. Rumohr
gegn
Pétri M. Bjarnarsyni.

Dómur:

Með sætt, gjörðri fyrir gestarétti Ísafjarðarkaupstaðar 8. nóv. 1897 milli áfrýjandans Björns Kristjánssonar kaupmanns í Reykjavík fyrir hönd P. W. Rumohr í Altona og stefnda Péturs kaupmanns Bjarnarsonar á Ísafirði, viðurkendi stefndi að hann skuldaði nefndum P. W. Rumohr 12899 kr. 41 e. og skuldbatt sig til að greiða af skuldinni 6450 kr. 44 a. með ávísunum, er borgaðar skyldu vera að fullu fyrir 1. marz 1898, en 4448 kr. 97 a. lofaði hann að hafa greitt áfrýjandanum fyrir hönd P. W. Rumohr fyrir 1. júlí 1898, og skyldi áfrýjandinn hafa heimild til að taka upphæð þessa (4448 kr. 97 a.), það er til ynnist, af andvirði fyrir við, er stefndi átti hjá áfrýjanda, jafnóðum og viðurinn seldist. Segir síðan í sættinni, að ef greiðsla á nokkurri af ofangreindum afborgunum eða ávísunum drægist fram yfir tiltekinn tíma, skyldi öll skuldin, 12899 kr. 41 e., eða það sem þá stæði eftir af henni, fallið til útborgunar, og mætti þá á venjulegan hátt gjöra fjárnám fyrir skuldinni eftir sættinni, í eigum stefnda. En ef ávísanirnar yrðu borgaðar á vissum gjalddaga og ofangreindar 4448 kr. 97 a. yrðu komnar inn til Björns Kristjánssonar (áfrýjanda) annaðhvort af andvirði ofanumgetins viðar eða á

annan hátt fyrir 1. júlí 1898, skuldbatt áfrýjandi umbjóðanda sinn P. W. Rumohr til að gefa stefnda upp 2000 krónur af skuldinni, ɔ: láta sér nægja upp í skuldina þær 10899 kr. 41., er þá væru borgaðar af henni.

Samkvæmt reikningi áfrýjanda dags. 23. nóv. f. á. hafði stefndi þá að eins greitt upp í skuldina 10694 kr. 85 a., og þar sem þannig vantaði 204 kr. 56 a. til þess að hann hefði fullnægt ofangreindum borgunarskilmálum, áleit áfrýjandi, að hann hefði rofið sættina og fyrirgjört afslætti af skuldinni samkvæmt henni, og sendi hann því mann til Ísafjarðar, sem samkvæmt umboði frá honum krafðist þar fjárnáms hjá stefnda fyrir því, er eftir stóð af allri skuldinni til P. W. Rumohr, en það var eftir þessu 2204 kr. 56 a., en þessari kröfu hans var hrundið af fógetarétti Ísafjarðarkaupstaðar með úrskurði uppkveðnum 15. febr. þ. á., er ákvað að fjárnámið skyldi ekki fram fara.

Þessum úrskurði hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 5. maí þ. á., og hefir hann krafist þess hér fyrir réttinum, að fógetaréttarúrskurðurinn verði úr gildi feldur og fógetinn skyldaður til að framkvæma hina umbeðnu fjárnámsgjörð, og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu eða með einhverju eftir réttarins mati nægilegu. Af hálfu stefnda hefir þess aftur á móti verið krafist, fyrst og fremst, að málinu verði frávísað frá yfirdómi, sökum þess, að hinum setta fógeta, er úrskurðinn feldi, hafi eigi verið stefnt fyrir yfirdóminn, og að

áfrýjandi verði þá dæmdur til greiða hæfilega upphæð í kost og tæring, en til vara, að fógetaúrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur í málskostnað.

Hvað frávísunarkröfuna áhrærir, er það að vísu rétt, að fógetaréttargjörðirnar bera eigi annað með sér en að maður sá, er gegndi fógetastörfum í Ísafjarðarkaupstað og kvað upp hinn áfrýjaða úrskurð, gegndi störfum þessum í eigin nafni og á eigin ábyrgð, þar sem og fógetagjörðirnar eru gefnar út í hans nafni; en það er upplýst af áfrýjanda og á annan hátt kunnugt réttinum, að maður þessi gegndi að eins í fjarveru hins reglulega fógeta í hans nafni og á hans ábyrgð; og þar sem hinum reglulega fógeta hefir verið löglega stefnt, verður því frávísunarkrafan eigi tekin til greina.

Það er enginn ágreiningur um það, að greiðst hafi í tæka tíð samkvæmt sættinni 8. nóv. 1897 ávísunarupphæðir þær, samtals 6450 kr. 44 a., er borgaðar áttu að vera innan 1. marz 1898. Deilan er að eins um það, hvort stefndi hafi einnig fullnægt sættinni að því er snertir þær 4448 kr. 97 a., er innkomnar áttu að vera til áfrýjandans Björns Kristjánssonar fyrir 1. júlí 1898 annaðhvort af andvirði viðar þess, er hann hafði söluumboð á fyrir stefnda, eða á annan hátt, en undir þessu var komið það, hvort stefndi átti heimtingu á eftirgjöf þeirri á 2000 kr. af skuldinni, er um ræðir í sættinni.

Samkvæmt reikningi yfir viðarsöluna, er áfrýjandi sendi stefnda 4. júlí 1898 eða nokkrum

dögum eftir að nefndar 4448 kr. 97 a. áttu að vera innkomnar til áfrýjanda, hafði hann þá smátt og smátt fengið upp í skuldina af andvirði viðarins að sölukostnaði frádregnum 4244 kr. 41 e., og með því að stefndi hafði ekkert borgað sjálfur upp í þennan lið skuldarinnar, vantaði þannig eftir þessum reikningi áfrýjanda 204 kr. 56 a. til þess, að stefndi hefði staðið í skilum samkvæmt sættinni. Við þennan reikning áfrýjanda gjörði stefndi engar athugasemdir og skrifaði honum þó aftur 10. s. m., og ekki greiddi hann þá heldur þær 204 kr. 56 a., er eftir stóðu af skuldinni. Og þó að áfrýjandi minti hann á eftirstöðvarnar í bréfi 13. s. m. og benti honum á, að hann ætti á hættu, að Rumohr ekki vildi láta sér nægja lægri borgunina, eftir sættinni, þá varð það árangurslaust; stefndi borgaði eigi að heldur. Það var fyrst fyrir fógetaréttinum, er krafa áfrýjanda um fjárnám samkvæmt sættinni 8. nóv. 1897 fyrir eftirstöðvum skuldarinnar óskertrar, 2204 kr. 56 a., var til meðferðar þar, í febrúarmánuði þ. á., að stefndi kom fram með útásetningar sínar við viðarsölureikning áfrýjanda, og hélt hann því þá fram, eins og hann einnig hefir gjört hér fyrir réttinum, að viðarsölureikningur áfrýjanda 4. júlí 1898 væri rangur að því leyti, að áfrýjandi hefði heimildarlaust tekið af andvirði viðarins, er inn var komið til hans samkvæmt reikningnum, sölulaun 504 kr. 81 e., sem auk þess væru of hátt reiknuð, og fyrir húsaleigu 250 kr., og svo hefði hann og leyfislaust lánað út af viðnum fyrir 456 kr. 68 a., en

hann hefði eigi mátt selja viðinn nema gegn peningum út í hönd. Kveðst stefndi því í raun og veru hafa átt hjá áfrýjanda 1. júlí 1898 töluvert meira, umfram það er talið sé í viðarsölureikningnum, en 204 kr. 56 a., og hafi því öll upphæðin 4448 kr. 97 a. verið innkomin til áfrýjanda á áskildum tíma eftir sættinni, og skuldinni til Rumohr því lokið. Viðvíkjandi þessum mótbárum stefnda skal það tekið fram, að með andvirði viðarins, er áfrýjanda var í sættinni 8. nóv. 1897 *heimilað* að taka upp í skuldina til Rumohr, gat auðvitað að eins verið átt við andvirði viðarins *að sölukostnaði frádregnum*, en til hans teljast bæði sölulaun og húsaleiga, og með því að stefndi hefir engin rök fært fyrir því, að þessir liðir séu ofreiknaðir af áfrýjanda, verða mótmæli hans gegn þeim eigi tekin til greina. Áfrýjandi hefir einnig tekið það fram viðvíkjandi fyrnefndum 456 kr. 68 a., að stefndi hafi eigi, er hann fól honum viðarsöluna, sem var löngu fyr en sættin 8. nóv. 1897 var gjörð, tekið neitt fram um það, að eigi mætti lána út af honum, enda væri það venja allra timbursala, að lána, ef svo ber undir, áreiðanlegum kaupendum, og myndi afleiðingin, ef hann eigi hefði gjört það, að eins hafa orðið sú, að enn minna hefði selst af viðnum, sem hefði verið fremur óhentugur og dýrari en annarsstaðar, og þar af leiðandi enn þá minna komið inn upp í skuldina. Þessi skýrsla áfrýjanda verður að takast trúanleg, þar sem stefndi hefir eigi fært neinar sönnur á það, að hann hafi bannað útlán á viðnum, er hann gaf

áfrýjanda söluumboðið. Þar sem loks stefndi hefir fært sér til varnar, að áfrýjandi hafi vanrækt að láta sig vita í tíma, að ekki seldist nægilegt upp í skuldina, þá er þar við að athuga, að þótt álitið væri, að áfrýjanda hefði borið að gjöra stefnda slíka viðvörun, sérstaklega með tilliti til þess, að áfrýjandinn í bréfi 22. febr. 1898 hafði lýst sig hafa »beztu vonir« um, að nægilegt seldist af viðnum upp í skuldina og brýnt fyrir stefnda, að ljúka því hinum afborgununum samkvæmt sættinni — þá gat auðvitað slík forsómun áfrýjanda sem viðarsöluumboðsmanns stefnda eigi haft áhrif á rétt Rumohr samkvæmt sættinni, enda fór heldur eigi nærri því, að stefndi borgaði þegar er hann fekk vitneskjuna um greiðsluskortinn 4. júlí 1898, þar sem eftir það liðu 7 mánuðir, áður fjárnámið var reynt, svo, að stefndi greiddi eigi það, er á vantaði, til áfrýjanda eða bauð það fram.

Það verður samkvæmt framanrituðu að álíta sannað, að stefndi hafi eigi staðið í skilum með skuldargreiðsluna samkvæmt sættinni 8. nóv. 1897 og að krafa sú, að upphæð 2204 kr. 56 a., er áfrýjandi krafðist fjárnáms fyrir, hafi því verið réttmæt. Það ber því að fella hinn áfrýjaða fógetaréttarúrskurð úr gildi og skylda fógetann til að framkvæma hina umbeðnu fjárnámsgjörð. Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjanda í málskostnað 50 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður er úr

gildi feldur og ber fógetanum að framkvæma hina umbeðnu fjárnámsgjörð. Stefndi kaupmaður Pétur M. Bjarnarson greiði áfrýjandanum kaupmanni Birni Kristjánssyni fyrir hönd P. W. Rumohr í málskostnað 50 krónur, er greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Hæstaréttardómar.

Mánudaginn 6. nóvember 1899.

Nr. 183. Hansen
hæstaréttarmálaflutningsmaður
gegn
Bjarna Þórarinssyni (verjandi Lund),

sem ákærður er fyrir brot gegn 13. kapítula almennra hegningarlaga fyrir Ísland, sérstaklega 134. eða 136. gr. þeirra, og 270. gr.

Aukaréttardómur Skaftafellssýslu 4. marz 1898:

Hinn kærði, præp. hon. séra Bjarni Þórarinsson á að sæta átta mánaða einföldu fangelsi og endurgjalda póstsjóðnum (landssjóði) kr. 321,00. Svo greiði hann og allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað, þar með talinn varðhaldskostnað, svo og málsvarnarlaun, 6 kr., til hins skipaða svaramanns, Jóns Einarssonar í Hemru, og ferðakostnað og fæðispeninga eftir úrskurði amtsins. — Dóminum að fullnægja eftir ráðstöfun háyfirvaldsins undir aðför að lögum.

Dómur hins íslenzka landsyfirréttar 31. október 1898:

Akærði Bjarni prestur Þórarinsson sæti 8 mánaða betrunarhúsvinnu, en að öðru leyti á aukaréttardómurinn að vera óraskaður. Ákærði greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. jur. Halldórs Bjarnasonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra. — Dæmdar skaðabætur greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar:

Fyrir atferli það, er lýst er í hinum áfrýjaða dómi, og þar sem í dóminum er með réttu eigi tekið tillit til afturköllunar ákærða á áður gefinni játning hans, á ákærði að sæta refsing samkvæmt 270. gr. og 145. sbr. 142. gr. hinna íslenzku hegningarlaga, eftir atvikum betrunarhúsvinnu í 1 ár. Að því er snertir skaðabætur þær og málskostnað, er ákærði er í dæmdur, ber að staðfesta dóminn.

Yfirdómari Kristján Jónsson, sem hefir haft skjöl málsins hjá sér til þýðingar að samtöldu í hér um bil 8 mánuði, á fyrir þenna ótilhlýðilega drátt á málinu að greiða sekt samkvæmt tilskipun 3. júní 1796, 35. gr., 50 krónur, til fátækrasjóðs Reykjavíkurkaupstaðar.

Því dæmist rétt vera:

Bjarni Þórarinsson sæti eins árs betrunarhúsvinnu. Um ídæmdar skaðabætur og málskostnað á dómur landsyfirréttarins að vera óraskaður. Í málflutningslaun fyrir hæstarétti greiðir ákærði hæstaréttarmálaflutningsmönnunum Hansen og Lunn 60 krónur hvorum. Yfirdómari Kristján Jónsson greiði í sekt til fátækrasjóðs Reykjavíkurkaupstaðar 50 krónur.

Ástæður landsyfirréttardómsins eru prentaðar í 5. bindi Dómasafnsins, á bls. 623—627.

Landsyfirréttardómar 1900.

Mánudaginn 8. janúarmánaðar.

44/1899: Réttvísin
gegn
Þorsteini Þorsteinssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Þingeyjarsýslu, uppkveðnum 24. aprílmánaðar þ. á., var hinn ákærði Þorsteinn hreppstjóri Þorsteinsson á Daðastöðum dæmdur í 10 kr. sekt til landssjóðs, til vara í 3 daga einfalt fangelsi, fyrir að hafa látið hjá líða að framkvæma lögtak á prests- og kirkjugjöldum samkvæmt lögtaksúrskurði sýslumanns, svo og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað. Dómi þessum hefir hlutaðeigandi amtmaður skotið til yfirdómsins.

Hinn 17. desbr. 1895 fekk þáverandi prestur á Presthólum, Halldór Bjarnarson, úrskurð sýslumannsins í Þingeyjarsýslu fyrir því, að taka skyldi lögtaki prests og kirkjugjöld hjá nokkrum

mönnum í Presthólasókn, er þeir áttu óborguð, en komin voru í gjalddaga, kirkjugjöldin 31. desbr. næst á undan, og prestsgjöldin í næstu vordögum á undan. Þegar ákærði tók við hreppstjórn í Presthólahreppi síðari hluta vetrar 1896, fann hann gjaldskrána með áteiknaðri lögtaksskipun meðal hreppstjórnarskjalanna. Ákærði sjálfur stóð á þessari skrá meðal þeirra, er áttu ólokin gjöld, og var hann hæsti gjaldandinn. Ákærði fór skömmu síðar til Halldórs prests til þess að tala við hann um gjald sitt, sem honum þótti of hátt. Um þetta urðu þeir þá eigi sammála, hann og prestur. Um sömu mundir borguðu allir, sem á listanum stóðu, gjöld sín, nema ákærði og annar nafngreindur maður. Gjaldaskráin með lögtaksúrskurðinum lá síðan hjá ákærði þangað til í ágústmánuði næst á eftir; þá afhenti ákærði síra Halldóri hana eftir kröfu hans. En í desembermánuði s. á. (1896) sendi síra Halldór ákærða með bréfi dags. 5. desbr. nýja skrá yfir ólokin prests- og kirkjugjöld í Presthólaprestakalli fyrir hið síðastliðna fardagaár með áteiknuðum lögtaksúrskurði sýslumanns, dags. 11. júlí s. á., og jafnframt endursendi hann eldri gjaldaskrána. Virðist hann þá hafa krafist lögtaks á öllum hinum ógreiddu gjöldum eftir báðum skránum, en eftir hinni eldri skránni voru þá að eins 2 gjaldendur í skuld, ákærði og annar búandi í prestakallinu. Ákærði hefir skýrt frá því, að hann hafi þá átt tal við alla þá, sem lögtak átti að gjöra hjá, og hafi þeir tjáð sig fúsa að greiða gjöldin, ef þeir fengju

venjulega reikninga yfir þau frá gjaldheimtumanni. Hafi hann þá eigi framkvæmt lögtökin að svo komnu. En hinn 21. jan. næst á eftir kærði síra Halldór ákærða fyrir amtmanni fyrir það, að hann hefði látið fyrirfarast að framkvæma lögtökin, og krafðist þess, að honum væri haldið til að gjöra skyldu sína í þessu efni. Var síðan eftir margvíslegar bréfaskriftir fyrirskipað af amtmanninum í Norður- og Austuramtinu, að höfða skyldi sakamál gegn ákærða fyrir að hafa látið fyrirfarast að framkvæma hin umræddu lögtök, og er skipun amtmannsins dagsett 27. júlí f. á. Þessu sakamáli lauk, eins og áður segir, með hinum áfrýjaða dómi aukaréttar Þingeyjarsýslu.

Eftir prófunum hefir ákærði látið farast fyrir að framkvæma fyrirskipuð lögtök, og hefir hann fært ýmsar ásæður fyrir því, hvað til þessa hafi komið, svo sem að gjaldþegnar hafi enga reikninga fengið frá presti yfir gjöldin, að þeir hafi verið fúsir á að borga, hvenær sem þeir fengju reikninga, að flestir þeir, er á eldri gjaldaskránni standa, hafi borgað gjöldin vorið 1896, að mjög mikill óþarfakostnaður hafi lagst á gjöldin, við það að óviðkomandi stefnuvottar úr annari sveit hafi verið teknir til að birta lögtaksskipunina, og hafi það verið að ástæðulausu. Þó að þessar ástæður hins ákærða eigi geti orðið teknar til greina sem fullgildar sýknunarástæður, þá verður þó á það að líta, að hinn ákærði, sem nýkominn var í hreppstjórastöðu og er ómentaður alþýðumaður,

fekk eigi, svo séð verði af skjölum málsins, neina aðra eða frekari skipun frá yfirvöldunum um að framkvæma lögtökin en hina almennu lögtaksskipun, sem á gjaldaskránni stendur, og að hann eigi fékk aðhald eða leiðbeiningu um það frá æðri yfirvöldum, að honum væri skylt að framkvæma lögtökin, þótt honum þætti eitthvað athugavert í því efni. Þar sem hinum ákærða hreppstjóra þannig eigi hefir verið haldið til þess af hlutaðeigandi yfirvaldi að framkvæma lögtaksskipunina, má ætla að undandráttur hans stafi af misskilningi, en ekki af óhlýðni, vanrækt eða hirðuleysi. Það þykir því eiga að sýkna hinn ákærða fyrir kröfum sóknarans í máli þessu og skal greiða af almannafé allan sakarkostnaðinn, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, sem ákveðast 10 kr. til hvors. Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Þorsteinn hreppstjóri Þorsteinsson skal vera sýkn fyrir ákæru sóknarans í máli þessu. Allur kostnaður sakarinnar, bæði í héraði og fyrir yfirrétti, greiðist úr landssjóði, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málflutningsmannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Nr. 43/1899: Rèttvísin
gegn
Stefáni Eiríkssyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað gegn hinum ákærða Stefáni bónda Eiríkssyni á Gunnsteinsstöðum eftir skipun amtmannsins yfir Norður- og Austuramtinu fyrir ætlaðan þjófnað og brot gegn 238. og 254. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 og var það dæmt í aukarétti Húnavatnssýslu 2. júní f. á. þannig, að ákærði var dæmdur samkvæmt 238. gr. hegningarlaganna fyrir heimildarlausa brúkun á hesti annars manns í 10 kr. sekt til landssjóðs eða til vara í 3 daga einfalt fangelsi og til að greiða 5 kr. skaðabætur til Péturs Péturssonar á Sauðárkrók. Svo skyldi hann og greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað. Dómi þessum hefir hlutaðeigandi amtmaður áfrýjað til yfirdómsins af hálfu réttvísinnar og fyrir hönd dómfelda.

Hin umfangsmikla sakamálsrannsókn gegn ákærða hefir að miklu leyti stefnt að því, að komast fyrir, hvað tilhæft væri í ýmsum kærum og grunsemdum um óráðvandlega meðferð ákærða á annara sauðfé, en með rannsókninni hefir ekkert upplýst orðið, er bendi á að kærði hafi dregið eða viljað draga undir sig kindur annara eða yfir höfuð neitt, er saknæmt verði talið í þessa átt, og verður því yfirdómurinn að fallast á, að undirdómarinn hefir sýknað ákærða í þessu atriði. Sérstak-

lega skal það tekið fram, að það er engin ástæða til að álíta, eftir þeim upplýsingum, sem fram eru komnar, að ákærði hafi óráðvandlega ætlað að draga sér sauð þann, er hann eftir samkomulagi greiddi Sigurði Jakobssyni á Hóli endurgjald fyrir, jafnvel þótt ákærði vegna óljósra markleifa, er á sauðinum fundust, teldi líklegast að hann myndi í ógáti hafa komist til sín og verið markaður undir sitt mark, og vildi því sleppa honum við Sigurð þennan, sem þó eigi treystist til að helga sér hann með eiði.

Þá hefir ákærða verið gefið að sök, að hann hafi tekið til sín 1½ kapal af reipum, sem frá farandi jarðarinnar Gunnsteinsstaða hafði skilið þar eftir, og að hafa eitt sinn gefið hesti sínum af heyi, er sambýlismaður hans átti. En þetta hvorttveggja er alls ósannað, þrátt fyrir rannsókn þá, er fram hefir farið, og sömuleiðis hefir það upplýst orðið viðvíkjandi torftöku af heyi sambýlismanns ákærða, er ákærði hefir verið sakaður um, að ákærði átti eða áleit að hann ætti torfið, og tók það því af heyinu, en sagði jafnframt til þess á býli því, þar sem heyið var, að hann hefði tekið torfið. Þá hefir það heldur eigi sannast á ákærða, að hann hafi kastað eign sinni á lokað bréf með 40 aurum í, sem hann hafi átt að skila öðrum manni, en skýrslur málsins virðast benda á, að sögusögn ákærða um, að hann hafi að eins tekið að sér að borga umrædda 40 aura frá sjálfum sér, sé sönn.

Loks hefir ákærði verið sakaður um það, að

hafa heimildarlaust brúkað hesta Péturs Péturssonar á Sauðárkróki í sínar þarfir nokkrum sinnum vorið og sumarið 1896, en Pétur þessi notaði þriðung jarðarinnar á móti ákærða. En með prófum málsins verður að álíta það upplýst með framburði ákærða, sem styðst að nokkru leyti við viðurkenning Péturs og eiðfesta skýrslu kaupamanns hans, að ákærði hafi haft leyfi Péturs til að brúka hestana, þegar honum lægi á; að vísu hefir ákærði kannast við, að hann, áður en þetta leyfi eigandans var fengið, hafi eitt sinn notað hest Péturs fram að Blöndudalshólum, sem telst vera um 1½ tíma lestagangur, en ákærði hefir tekið það fram, að þá hafi verið fremur vingott með þeim Pétri og hafi hann því þótst geta talið sjálfsagt, að Pétur mundi hafa leyft sér þessa litlu brúkun á hestinum, ef til hans hefði náðst, og þessi ætlun ákærða virðist og hafa reynst á rökum bygð, þar sem Pétur síðar leyfði honum að brúka hestana í viðlögum til sinna þarfa. Þar sem svo stóð á, virðist það eigi rétt, að láta ákærða sæta refsingu fyrir brúkun þá, á þessum eina hesti, sem hér er um að ræða.

Samkvæmt framanskráðu verður eigi álitið að ákærði hafi orðið sekur í neinum af glæpum þeim eða yfirsjónum, sem honum hafa verið gefnar að sök, og verður því að dæma hann sýknan af ákæru sækjandans í máli þessu. Málskostnað allan bæði í héraði og fyrir yfirdómi ber að greiða af almannafé, þar með talin málflutningslaun til

sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, er ákveðast 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærlan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Akærði Stefán Eiríksson á Gunnsteinsstöðum á að vera sýkn af ákæru sækjandans í máli þessu. Allur málskostnaður bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist úr landssjóði.

Mánudaginn 12. febrúarmánaðar.

Nr. 34/1899: Halldór Bjarnarson
gegn
Jóni Benjamínssyni.

Dómur:

Mál þetta er í héraði höfðað af áfrýjanda Halldóri prófasti Bjarnarsyni á Presthólum gegn stefnda Jóni Benjamínssyni á Gilsbakka í Þingeyjarsýslu út af meiðyrðum um hann í yfirlýsingu eða vottorði, er stefndi og nokkrir menn aðrir hafa ritað nafn sitt undir og fengið Einari Einarssyni nokkrum, er síðan lét prenta vottorðið aftan við ritling, er hann gaf út árið 1897 og sem nefnd-

ist »Svar til herra biskups Hallgríms Sveinssonar«. Var málið dæmt í gestarétti Þingeyjarsýslu 31. okt. 1898 þannig, að stefndi skyldi greiða í sekt til landssjóðs 25 kr. eða til vara sæta einföldu fangelsi í 7 daga. Svo skyldu flest hin átöldu ummæli vera dauð og ómerk, og stefndi greiða áfrýjanda í málskostnað 15 kr.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 10. águst f. á. og hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum, að héraðsdómurinn verði feldur úr gildi, að hin meiðandi og óvirðandi ummæli í vottorðinu verði dæmd dauð og ómerk, og að stefndi verður dæmdur í laganna þyngstu hegningu og í allan af málinu leiðandi kostnað að skaðlausu. Af stefnda hálfu mætti enginn fyrir yfirdóminum.

Orð þau sem átalin eru í umgetnu vottorði eru þessi: »Að vér álítum frammistöðu Halldórs prófasts Bjarnarsonar á Presthólum í kirkju sinni mjög ófullkomna og óprestslega í alla staði; til dæmis hafa oss fundist ræður hans óviðunandi lélegar, og ofan á þetta hefir bætst, að framburðurinn . . . er sundurslitinn og mjög óáheyrilegur, og svo lágur, að varla heyrist um alla kirkjuna. Enda var svo, að á meðan vér létum svo lítið að koma í kirkju til að hlýða á ræður hans, ef ræður skyldi kalla, að það var oss meir til leiðinda og skapraunar en til ánægju og uppbyggingar. Af þessu og öðru fleiru leiðir, að nú er svo komið og hefir verið síðastliðið ár, að enginn af oss sóknarmönnum, að undanskildum fáeinum mann-

hræðum, hafa viljað koma í kirkju til að hlusta á lestur hans orða, eða þiggja neina prestsþjónustu af honum.«

»Til sóknarnefndar hefir ekki verið kosið í síðastliðin 2 ár og enginn safnaðarfundur verið haldinn jafnlengi,« »þá er ekkert við hana (kirkjuna) gjört, jafnvel þó hún eigi mikið fé«, »að oss hefir reynst hann vera bæði ágjarn, óskilvís, þrætugjarn, yfirgangssamur og ósanngjarn og svo óheill, að vér viljum ekkert við hann eiga. Og til frekari skýringar um breytni prófastsins skulum vér geta þess, að fyrir rúmlega 2 árum síðan hefir hann verið kærður fyrir gripdeildir, ef ekki þjófnað, og, eftir því sem oss er frekast kunnugt um það mál, þá er það fullkomin sannfæring vor, að hann sé þar sannur að sök.«

»Eftir þessu sem að framan er sagt og jafnvel fleiru getum vér ekki dulist þess, að vér álítum það vera ósamboðið öllu kristilegu trúarlífi, og jafnvel hneykslanlegt, að líða slíkan mann sem Halldór prófast Bjarnarson í prestlegri stöðu, og vildum vér því fegnir mega losast við hann sem allra fyrst.«

Stefndi hefir kannast við að hafa ritað nafn sitt undir framangreint vottorð, til þess að fyrgreindur Einar Einarsson fengi það í hendur til frjálsa afnota, og þó að honum eigi verði gefin beint sök á því að vottorðið var birt á prenti, verður hann þó að bera ábyrgð á ummælum þeim, er í vottorðinu standa, að svo miklu leyti sem ummælin álítast meiðandi.

Það sem sagt er í vottorðinu um prestlega framkomu áfrýjanda er svo niðrandi, að ef það væri satt, hlyti það að rýra mannorð áfrýjanda; en stefndi hefir eigi sannað, að ummælin séu á rökum bygð.

Að því er hin önnur átöldu ummæli snertir, þá verður því að vísu eigi neitað, að áfrýjandi við einstök tækifæri virðist hafa sýnt nokkru meiri fégirnd og nokkru meiri tregðu við að borga réttmætar skuldir en góðu hófi gegnir, en það heimilar þó eigi stefnda að lýsa áfrýjanda ágjarnan og óskilvísan. Orðin: »Til sóknarnefndar . . . jafnlengi« og »þá er ekkert . . . . mikið fé« eru eigi ærumeiðandi fyrir áfrýjanda. Að öðru leyti fela hin átöldu ummæli í sér sumpart aðdróttun um, að áfrýjandi hafi framið verk, sem mundu gjöra hann óverðugan virðingar samþegna hans, sumpart annan áburð er hlyti að skerða virðingu hans, en stefndi hefir eigi með sannanatilraunum sínum fundið þessum orðum sínum stað. Það verður því að dæma stefnda samkvæmt 217. og 219. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 í sekt til landssjóðs fyrir framantalin meiðandi ummæli, og þykir sektin hæfilega ákveðin 50 krónur, eða til vara 15 daga einfalt fangelsi. Framantalin meiðandi ummæli um áfrýjandann ber að dæma dauð og ómerk. Í málskostnað greiði stefndi áfrýjanda 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Jón Benjamínsson greiði í sekt til

landssjóðs 50 kr. eða sæti einföldu fangelsi í 15 daga, ef sektin er eigi öll greidd innan ákveðins tíma. Framangreind meiðandi orð og ummæli eiga að vera dauð og ómerk. Stefndi greiði áfrýjanda Halldóri prófasti Bjarnarsyni í málskostnað fyrir báðum réttum 30 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 30/1899: Halldór Bjarnarson
gegn
Birni Guðmundssyni.

Dómur:

Mál þetta er í héraði höfðað af áfrýjanda Halldóri prófasti Bjarnarsyni á Presthólum gegn stefnda Birni Guðmundssyni á Grjótnesi í Þingeyjarsýslu út af meiðyrðum um hann í yfirlýsingu eða vottorði, er stefndi og nokkrir menn aðrir hafa ritað nafn sitt undir og fengið Einari Einarssyni nokkrum, er síðan lét prenta vottorðið aftan við ritling, er hann gaf út árið 1897 og sem nefndist »Svar til herra biskups Hallgríms Sveinssonar«. Var málið dæmt í aukarétti Þingeyjarsýslu 25. nóv. 1898, þannig, að stefndi skyldi greiða í sekt til landssjóðs 25 kr. eða til vara sæta einföldu fangelsi í 7 daga. Svo skyldu flest hin á-

töldu ummæli vera dauð og ómerk og stefndi greiða áfrýjanda í málskostnað 20 krónur.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 10. ágúst f. á. og hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum, að héraðsdómurinn verði feldur úr gildi, að hin meiðandi og óvirðandi ummæli í vottorðinu verði dæmd dauð og ómerk og að stefndi verði dæmdur í laganna þyngstu hegningu og í málskostnað eftir mati réttarins. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að hann verði sýkn dæmdur í málinu og að málskostnaður verði látinn falla niður, og til vara, að héraðsdómurinn verði staðfestur.

Orð þau sem átalin eru í umgetnu vottorði eru þessi: »Að vér álítum frammistöðu Halldórs prófasts Bjarnarsonar á Presthólum í kirkju sinni mjög ófullkomna og óprestlega í alla staði; til dæmis hafa oss fundist ræður hans óviðunandi lélegar, og ofan á þetta hefir bætst, að framburðurinn . . . er sundurslitinn og mjög óáheyrilegur, og svo lágur, að varla heyrist um alla kirkjuna. Enda var svo, að á meðan vér létum svo lítið að koma í kirkju til að hlýða á ræður hans, ef ræður skyldi kalla, að það var oss meir til leiðinda og skapraunar en til ánægju og uppbyggingar. Af þessu og öðru fleira leiðir, að nú er svo komið og hefir verið síðastliðið ár, að enginn af oss sóknarmönnum, að undanskildum fáeinum mannhræðum, hafa viljað koma í kirkju til að hlusta á lestur hans orða, eða þiggja neina prestsþjónustu af honum«.

»Til sóknarnefndar hefir ekki verið kosið í síðastliðin 2 ár og enginn safnaðarfundur verið haldinn jafnlengi«, »þá er ekkert við hana (kirkjuna) gjört, jafnvel þó hún eigi mikið fé«, »að oss hefir reynst hann vera bæði ágjarn, óskilvís, þrætugjarn, yfirgangssamur og ósanngjarn og svo óheill, að vér viljum ekkert við hann eiga. Og til frekari skýringar um breytni prófastsins skulum vér geta þess, að fyrir rúmlega 2 árum síðan hefir hann verið kærður fyrir gripdeildir, ef ekki þjófnað, og eftir því sem oss er frekast kunnugt um það mál, þá er það fullkomin sannfæring vor, að hann sé þar sannur að sök«.

»Eftir þessu, sem að framan er sagt, og jafnvel fleiru, getum vér ekki dulist þess: að vér álítum það vera ósamboðið öllu kristilegu trúarlífi, og jafnvel hneykslanlegt, að líða slíkan mann sem Halldór prófast Bjarnarson í prestlegri stöðu, og vildum vér því fegnir mega losast við hann sem allra fyrst«.

Stefndi hefir kannast við að hafa ritað nafn sitt undir framangreint vottorð til þess að fyrgreindur Einar Einarsson fengi það í hendur til frjálsra afnota, og þó að honum eigi verði gefin beint sök á því, að vottorðið var birt á prenti, verður hann þó að bera ábyrgð á ummælum þeim, er í vottorðinu standa, að svo miklu leyti sem ummælin álítast meiðandi.

Það sem sagt er í vottorðinu um prestslega framkomu áfrýjanda er svo niðrandi, að ef það væri satt, hlyti það að rýra mannorð áfrýjanda;

en stefndi hefir eigi sannað, að ummælin séu á rökum bygð.

Að því er hin önnur átöldu ummæli snertir, þá verður því að vísu eigi neitað, að áfrýjandi við einstök tækifæri virðist hafa sýnt nokkru meiri fégirnd og nokkru meiri tregðu við að borga réttmætar skuldir en góðu hófi gegnir, en það heimilar þó eigi stefnda að lýsa áfrýjanda ágjarnan og óskilvísan. Orðin: »Til söknarnefndar . . . . jafnlengi« og »þá er ekkert . . . . mikið fé« eru eigi ærumeiðandi fyrir áfrýjanda. Að öðru leyti fela hin átöldu ummæli í sér sumpart aðdróttun um að áfrýjandi hafi framið verk, sem mundu gjöra hann óverðugan virðingar samþegna hans, sumpart annan áburð, er hlyti að skerða virðingu hans, en stefndi hefir eigi með sannanatilraunum sínum fundið þessum orðum sínum stað. Það verður því að dæma stefnda samkvæmt 217. og 219. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 í sekt til landssjóðs fyrir framantalin meiðandi ummæli, og þykir sektin hæfilega ákveðin 50 krónur, eða til vara 15 daga einfalt fangelsi. Framantalin meiðandi ummæli um áfrýjandann ber að dæma dauð og ómerk. Í málskostnað greiði stefndi áfrýjanda 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Björn Guðmundsson greiði í sekt til landssjóðs 50 kr. eða sæti einföldu fangelsi í 15 daga, ef sektin er eigi öll greidd innan ákveðins tíma. Framangreind meiðandi orð

og ummæli eiga að vera dauð og ómerk. Stefndi greiði áfrýjanda Halldóri prófasti Bjarnarsyni í málskostnað fyrir báðum réttum 30 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 32/1899: Halldór Bjarnarson
gegn
Kristjáni Sigurðssyni.

Dómur:

Mál þetta er í héraði höfðað af áfrýjanda Halldóri prófasti Bjarnarsyni á Presthólum gegn stefnda Kristjáni bónda Sigurðssyni á Valþjófsstöðum í Þingeyjarsýslu út af meiðyrðum um hann í yfirlýsingu eða vottorði, er stefndi og nokkrir menn aðrir hafa ritað nafn sitt undir og fengið Einari Einarssyni nokkrum, er síðan lét prenta vottorðið aftan við ritling, er hann gaf út árið 1897, og sem nefndist »Svar til herra biskups Hallgríms Sveinssonar«. Var málið dæmt í aukarétti Þingeyjarsýslu 25. nóv. 1898 þannig, að stefndi skyldi greiða í sekt til landssjóðs 25 kr. eða til vara sæta einföldu fangelsi í 7 daga. Svo skyldu flest hin átöldu ummæli vera dauð og ómerk og stefndi greiða áfrýjanda í málskostnað 20 krónur.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfir-

dómsins með stefnu dags. 10. ágúst f. á. og hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum að héraðsdómurinn verði feldur úr gildi, að hin meiðandi og óvirðandi ummæli í vottorðinu verði dæmd dauð og ómerk og að stefndi verði dæmdur í laganna þyngstu hegningu og í málskostnað eftir mati réttarins. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að hann verði sýkn dæmdur í málinu og málskostnaður látinn falla niður, og til vara, að héraðsdómurinn verði staðfestur.

Orð þau sem átalin eru í umgetnu vottorði eru þessi: »Að vér álítum frammistöðu Halldórs prófasts Bjarnarsonar á Presthólum í kirkju sinni mjög ófullkomna og óprestlega í alla staði; til dæmis hafa oss fundist ræður hans óviðunandi lélegar, og ofan á þetta hefir bætst, að framburðurinn . . . . er sundurslitinn og mjög óáheyrilegur og svo lágur, að varla heyrist um alla kirkjuna. Enda var svo, að á meðan vér létum svo lítið að koma í kirkju til hans til að hlýða á ræður hans, ef ræður skyldi kalla, að það var oss meir til leiðinda og skapraunar en til ánægju og uppbyggingar. Af þessu og öðru fleiru leiðir, að nú er svo komið og hefir verið síðastliðið ár, að enginn af oss sóknarmönnum, að undanskildum fáeinum mannhræðum, hafa viljað koma í kirkju til að hlusta á lestur hans orða, eða þiggja neina prestsþjónustu af honum«.

»Til sóknarnefndar hefir ekki verið kosið í síðastliðin 2 ár, og enginn safnaðarfundur verið

haldinn jafnlengi«, »þá er ekkert við hana (kirkjuna) gjört, jafnvel þó hún eigi mikið fé«, »að oss hefir reynst hann vera bæði ágjarn, óskilvís, þrætugjarn, yfirgangssamur og ósanngjarn, og svo óheill, að vér viljum ekkert við hann eiga. Og til frekari skýringar um breytni prófastsins skulum vér geta þess, að fyrir rúmlega 2 árum síðan hefir hann verið kærður fyrir gripdeildir, ef ekki þjófnað, og eftir því sem oss er frekast kunnugt um það mál, þá er það fullkomin sannfæring vor, að hann sé þar sannur að sök«.

»Eftir þessu, sem að framan er sagt og jafnvel fleiru, getum vér ekki dulist þess: að vér álítum það vera ósamboðið öllu kristilegu trúarlífi, og jafnvel hneykslanlegt, að líða slíkan mann sem Halldór prófast Bjarnarson í prestlegri stöðu, og vildum vér því fegnir mega losast við hann sem allra fyrst«.

Stefndi hefir kannast við að hafa ritað nafn sitt undir framangreint vottorð til þess að fyrgreindur Einar Einarsson fengi það í hendur til frjálsra afnota, og þó að honum eigi verði gefin beint sök á því að vottorðið var birt á prenti, verður hann þó að bera ábyrgð á ummælum þeim, er í vottorðinu standa að svo miklu leyti sem ummælin álítast meiðandi.

Það sem sagt er í vottorðinu um prestslega framkomu áfrýjanda er svo niðrandi, að ef það væri satt, hlyti það að rýra mannorð áfrýjanda; en stefndi hefir eigi sannað að ummælin séu á rökum bygð.

Að því er hin önnur átöldu ummæli snertir, þá verður því að vísu eigi neitað að áfrýjandi við einstök tækifæri virðist hafa sýnt nokkru meiri fégirnd og nokkru meiri tregðu við að borga réttmætar skuldir en góðu hófi gegnir, en það heimilar þó eigi stefnda að lýsa áfrýjanda ágjarnan og óskilvísan. Orðin: »Til sóknarnefndar . . . jafnlengi« og »þá er ekkert . . . . mikið fé«, eru eigi ærumeiðandi fyrir áfrýjanda. Að öðru leyti fela hin átöldu ummæli í sér sumpart aðdróttun um að áfrýjandi hafi framið verk, sem mundu gjöra hann óverðugan virðingar samþegna hans, sumpart annan áburð er hlyti að skerða virðingu hans, en stefndi hefir eigi með sannanatilraunum sínum fundið þessum orðum sínum stað. Það verður því að dæma stefnda samkvæmt 217. og 219. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 í sekt til landssjóðs fyrir framantalin meiðandi ummæli og þykir sektin hæfilega ákveðin 50 krónur, eða til vara 15 daga einfalt fangelsi. Framantalin meiðandi ummæli um áfrýjandann ber að dæma dauð og ómerk. Í málskostnað greiði stefndi áfrýjanda 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Kristján Sigurðsson greiði í sekt til landssjóðs 50 kr. eða sæti einföldu fangelsi í 15 daga, ef sektin er eigi öll greidd innan ákveðins tíma. Framangreind meiðandi orð og ummæli eiga að vera dauð og

ómerk. Stefndi greiði áfrýjanda Halldóri prófasti Bjarnarsyni í málskostnað fyrir báðum réttum 30 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 38/1899: Halldór Bjarnarson
gegn
Jóhönnu Bjarnardóttur.

Dómur:

Mál þetta er í héraði höfðað af áfrýjanda Halldóri prófasti Bjarnarsyni á Presthólum gegn stefndu ekkjunni Jóhönnu Bjarnardóttur á Grjótnesi í Þingeyjarsýslu út af meiðyrðum um hann í yfirlýsingu eða vottorði, er stefnda og nokkrir menn aðrir hafa ritað nafn sitt undir og fengið Einari Einarssyni nokkrum, er síðan lét prenta vottorðið aftan við ritling, er hann gaf út árið 1897, og sem nefndist »Svar til herra biskups Hallgríms Sveinssonar«. Var málið dæmt í aukarétti Þingeyjarsýslu 25. nóv. 1898 þannig, að stefndi skyldi greiða í sekt til landssjóðs 25 kr. eða til vara sæta einföldu fangelsi í 7 daga. Svo skyldu flest hin átöldu ummæli vera dauð og ómerk og stefndi greiða áfrýjanda í málskostnað 20 krónur.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 12. ágúst f. á., og hefir

hann krafist þess fyrir yfirdóminum, að héraðsdómurinn verði feldur úr gildi, að hin meiðandi og óvirðandi ummæli í vottorðinu verði dæmd dauð og ómerk og stefnda verði dæmd í laganna þyngstu hegningu fyrir meiðyrðin, að hún verði sektuð hæfilega fyrir þrætugirni og dæmd til að greiða áfrýjanda málskostnað að skaðlausu eða eftir réttarins mati. Af hálfu stefndu hefir þess aftur á móti verið krafist, að hún verði dæmd sýkn í máli þessu og að málskostnaður verði látinn falla niður, en til vara, að héraðsdómurinn verði staðfestur.

Krafa áfrýjanda um, að stefnda verði sektuð fyrir þrætugirni, er rökstudd með því, að stefnda hafi eigi mætt fyrir sáttanefnd í málinu, þótt hún væri löglega kölluð; en það má álíta það nægilega sannað í málinu, að elli stefndu hafi eins og á stóð verið full afsökun fyrir hana til að mæta ekki sjálf á sáttafundinum, og þar sem hún sendi son sinn fyrir sig á sáttafundinn með umboði, sem innibatt í sér heimild fyrir hann til að sættast á málið fyrir hennar hönd, þá verður hún, þótt sáttanefndin samkvæmt ástæðulausum mótmælum áfrýjanda gegn gildi umboðsins vísaði umboðsmanni hennar frá sáttaumleituninni, eigi álitin hafa vanrækt í neinu skyldu sína eftir sáttalöggjöfinni, og verður því krafa áfrýjanda eigi tekin til greina.

Orð þau sem átalin eru í umgetnu vottorði eru þessi: »Að vér álítum frammistöðu Halldórs prófasts Bjarnarsonar á Presthólum í kirkju sinni

mjög ófullkomna og óprestslega í alla staði: til dæmis hafa oss fundist ræður hans óviðundi lélegar, og ofan á þetta hefir bætst, að framburðurinn . . . er sundurslitinn og mjög óáheyrilegur, og svo lágur að varla heyrist um alla kirkjuna. Enda var svo, að á meðan vér létum svo lítið að koma í kirkju til að hlýða á ræður hans, ef ræður skyldi kalla, að það var oss meir til leiðinda og skapraunar en til ánægju og uppbyggingar. Af þessu og öðru fleiru leiðir, að nú er svo komið, og hefir verið síðastliðið ár, að enginn af oss sóknarmönnum, að undanskildum fáeinum mannhræðum, hafa viljað koma í kirkju til að hlusta á lestur hans orða, eða þiggja neina prestsþjónustu af honum«.

»Til sóknarnefndar hefir ekki verið kosið í síðastliðin 2 ár og enginn safnaðarfundur verið haldinn jafnlengi».

»Þá er ekkert við hana (kirkjuna) gjört, jafnvel þó hún eigi mikið fé«

»Að oss hefir reynst hann vera bæði ágjarn, óskilvís, þrætugjarn, yfirgangssamur og ósanngjarn, og svo óheill, að vér viljum ekkert við hann eiga. Og til frekari skýringar um breytni prófastsins skulum vér geta þess, að fyrir rúmlega 2 árum síðan hefir hann verið kærður fyrir gripdeildir, ef ekki þjófnað, og eftir því sem oss er frekast kunnugt um það mál, þá er það fullkomin sannfæring vor, að hann sé þar sannur að sök«.

»Eftir þessu sem að framan er sagt og jafn-

vel fleiru, getum vér ekki dulist þess: að vér álítum það vera ósamboðið öllu kristilegu trúarlífi, og jafnvel hneykslanlegt að líða slíkan mann sem Halldór prófast Bjarnarson í prestlegri stöðu, og vildum vér því fegnir mega losast við hann sem allra fyrst«.

Stefnda hefir kannast við að hafa ritað nafn sitt undir framangreint vottorð til þess að fyrgreindur Einar Einarsson fengi það í hendur til frjálsra afnota, og þó að henni eigi verði gefin beint sök á því að vottorðið var birt á prenti, verður hún þó að bera ábyrgð á ummælum þeim er í vottorðinu standa að svo miklu leyti sem ummælin álítast meiðandi.

Það sem sagt er í vottorðinu um prestslega framkomu áfrýjanda er svo niðrandi, að ef það væri satt, hlyti það að rýra mannorð áfrýjanda; en stefnda hefir eigi sannað að ummælin séu á rökum bygð.

Að því er hin önnur átöldu ummæli snertir, þá verður því að vísu eigi neitað, að áfrýjandi við einstök tækifæri virðist hafa sýnt nokkru meiri fégirnd og nokkru meiri tregðu við að borga réttmætar skuldir en góðu hófi gegnir, en það heimilar þó eigi stefndu að lýsa áfrýjanda ágjarnan og óskilvísan. Orðin: »Til sóknarnefndar . . . . jafnlengi« og »þá er ekkert . . . . mikið fé« eru eigi ærumeiðandi fyrir áfrýjanda. Að öðru leyti fela hin átöldu ummæli í sér sumpart aðdróttun um að áfrýjandi hafi framið verk sem mundu

gjöra hann óverðugan virðingar samþegna hans, sumpart annan áburð er hlyti að skerða virðingu hans, en stefnda hefir eigi með sannanatilraunum sínum fundið þessum orðum sínum stað. Það verður því að dæma stefndu samkvæmt 217. og 219. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 í sekt til landssjóðs fyrir framantalin meiðandi ummæli og þykir sektin hæfilega ákveðin 50 krónur, eða til vara 15 daga einfalt fangelsi. Framantalin meiðandi ummæli um áfrýjandann ber að dæma dauð og ómerk. Í málskostnað greiði stefndi áfrýjanda 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda Jóhanna Bjarnardóttir greiði í sekt til landssjóðs 50 kr. eða sæti einföldu fangelsi í 15 daga, ef sektin er eigi öll greidd innan ákveðins tíma. Framangreind meiðandi orð og ummæli eiga að vera dauð og ómerk. Stefnda greiði áfrýjanda Halldóri prófasti Bjarnarsyni í málskostnað fyrir báðum réttum 30 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. febrúarmánaðar.

Nr. 33/1899: Halldór Bjarnarson
gegn
Þorsteini Þorsteinssyni
(yngra).

Dómur:

Mál þetta er í héraði höfðað af áfrýjanda Halldóri prófasti Bjarnarsyni á Presthólum gegn stefnda Þorsteini Þorsteinssyni (yngra) á Daðastöðum út af meiðyrðum um hann í yfirlýsingu eða vottorði, er stefndi og nokkrir menn aðrir hafa ritað natn sitt undir og fengið Einari Einarssyni nokkrum, er síðan lét prenta vottorðið aftan við ritling er hann gat út árið 1897 og sem nefndist »Svar til herra biskups Hallgríms Sveinssonar«. Var málið dæmt í aukarétti Þingeyjarsýslu 25. nóv. 1898, þannig, að stefndi skyldi greiða í sekt til landssjóðs 25 kr. eða til vara sæta einföldu fangelsi í 7 daga. Svo skyldu flest hin átöldu ummæli vera dauð og ómerk og stefndi greiða áfrýjanda í málskostnað 20 kr.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 10. ágúst f. á. og hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum, að héraðsdómurinn verði feldur úr gildi, að hin meiðandi og óvirðandi ummæli í vottorðinu verði dæmd dauð og ómerk og að stefndi verði dæmdur í laganna þyngstu hegningu og í málskostnað eftir réttarins mati.

Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að

hann verði sýknaður af kærum og kröfum áfrýjanda í þessu máli, og til vara, að sektarákvæði undirdómsins verði lækkað eða staðfest, og loks, að áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað eftir mati réttarins.

Orð þau sem átalin eru í umgetnu vottorði eru þessi: »Að vér álítum frammistöðu Halldórs prófasts Bjarnarsonar á Presthólum í kirkju sinni mjög ófullkomna og óprestlega í alla staði; til dæmis hafa oss fundist ræður hans óviðunandi lélegar, og ofan á þetta hefir bætst, að framburðurinn . . . er sundurslitinn og mjög óáheyrilegur, og svo lágur, að varla heyrist um alla kirkjuna. Enda var svo, að á meðan vér létum svo lítið að koma í kirkju til að hlýða á ræður hans, ef ræður skyldi kalla, að það var oss meir til leiðinda og skapraunar en til ánægju og uppbyggingar. Af þessu og öðru fleiru leiðir, að nú er svo komið og hefir verið síðastliðið ár, að enginn af oss sóknarmönnum, að undanskildum fáeinum mannhræðum, hafa viljað koma í kirkju til að hlusta á lestur hans orða, eða þiggja neina prestsþjónustu af honum.«

»Til sóknarnefndar hefir ekki verið kosið í síðastliðin 2 ár og enginn safnaðarfundur verið haldinn jafnlengi«.

»Þá er ekkert við hana (kirkjuna) gjört, jafnvel þó hún eigi mikið fé«.

»Að oss hefir reynst hann vera bæði ágjarn, óskilvís, þrætugjarn, yfirgangssamur og ósanngjarn og svo óheill, að vér viljum ekkert við

hann eiga. Og til frekari skýringar um breytni prófastsins skulum vér geta þess, að fyrir rúmlega 2 árum síðan hefir hann verið kærður fyrir gripdeildir, ef ekki þjófnað, og eftir því sem oss er frekast kunnugt um það mál, þá er það fullkomin sannfæring vor, að hann sé þar sannur að sök.«

»Eftir þessu sem að framan er sagt og jafnvel fleiru getum vér ekki dulist þess, að vér álítum það vera ósamboðið öllu kristilegu trúarlífi, og jafnvel hneykslanlegt, að líða slíkan mann sem Halldór prófast Bjarnarson í prestlegri stöðu, og vildum vér því fegnir mega losast við hann sem allra fyrst.«

Stefndi hefir kannast við að hafa ritað nafn sitt undir framangreint vottorð, til þess að fyrgreindur Einar Einarsson fengi það í hendur til frjálsra afnota, og þó að honum eigi verði gefin beint sök á því að vottorðið var birt á prenti, verður hann þó að bera ábyrgð á ummælum þeim, er í vottorðinu standa, að svo miklu leyti sem ummælin álítast meiðandi.

Það sem sagt er í vottorðinu um prestslega framkomu áfrýjanda er svo niðrandi, að ef það væri satt, hlyti það að rýra mannorð áfrýjanda; en stefndi hefir eigi sannað, að ummælin séu á rökum bygð.

Að því er hin önnur átöldu ummæli snertir, þá verður því að vísu eigi neitað, að áfrýjandi við einstök tækifæri virðist hafa sýnt nokkru meiri fégirnd og nokkru meiri tregðu við að borga réttmætar skuldir en góðu hófi gegnir, en það

heimilar þó eigi stefnda að lýsa áfrýjanda ágjarnan og óskilvísan. Orðin: »Til sóknarnefndar . . . jafnlengi« og »þá er ekkert . . . . mikið fé« eru eigi ærumeiðandi fyrir áfrýjanda. Að öðru leyti fela hin átöldu ummæli í sér sumpart aðdróttun um, að áfrýjandi hafi framið verk, sem mundu gjöra hann óverðugan virðingar samþegna hans, sumpart annan áburð, er hlyti að skerða virðingu hans, en stefndi hefir eigi með sannanatilraunum sínum fundið þessum orðum sínum stað. Það verður því að dæma stefnda samkvæmt 217. og 219. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 í sekt til landssjóðs fyrir framantalin meiðandi ummæli, og þykir sektin hæfilega ákveðin 50 krónur, eða til vara 15 daga einfalt fangelsi. Framantalin meiðandi ummæli um áfrýjandann ber að dæma dauð og ómerk. Í málskostnað greiði stefndi áfrýjanda 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Þorsteinn Þorsteinsson greiði í sekt til landssjóðs 50 kr. eða sæti einföldu fangelsi í 15 daga, ef sektin er eigi öll greidd innan ákveðins tíma. Framangreind meiðandi orð og ummæli eiga að vera dauð og marklaus. Stefndi greiði áfrýjanda Halldóri prófasti Bjarnarsyni í málskostnað fyrir báðum réttum 30 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 36/1899: Halldór Bjarnarson
gegn
Þorsteini hreppstjóra Þorsteinssyni.

Dómur:

Mál þetta er í héraði höfðað af áfrýjanda Halldóri prófasti Bjarnarsyni á Presthólum gegn stefnda Þorsteini hreppstjóra Þorsteinssyni á Daðastöðum í Þingeyjarsýslu út af meiðyrðum um hann í yfirlýsingu eða vottorði, er stefndi og nokkrir menn aðrir hafa ritað nafn sitt undir og fengið Einari Einarssyni nokkrum, er síðan lét prenta vottorðið aftan við ritling, er hann gaf út árið 1897 og sem nefndist »Svar til herra biskups Hallgríms Sveinssonar«. Var málið dæmt í aukarétti Þingeyjarsýslu 25. nóv. 1898, þannig, að stefndi skyldi greiða í sekt til landssjóðs 25 kr. eða til vara sæta einföldu fangelsi í 7 daga. Svo skyldu flest hin átöldu ummæli vera dauð og ómerk og stefndi greiða áfrýjanda í málskostnað 20 krónur.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 10. ágúst f. á. og hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum, að héraðsdómurinn verði feldur úr gildi, að hin meiðandi og óvirðandi ummæli í vottorðinu verði dæmd dauð og ómerk og að stefndi verði dæmdur í lagaanna þyngstu hegningu og í málskostnað eftir mati réttarins. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að hann verði sýknaður af kærum og kröfum áfrýjanda í þessu máli, og til vara, að sektarákvæði undirdómsins verði lækkað eða staðfest,

og loks, að áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað eftir mati réttarins.

Orð þau sem átalin eru í umgetnu vottorði eru þessi:

»Að vér álítum frammistöðu Halldórs prófasts Bjarnarsonar á Presthólum í kirkju sinni mjög ófullkomna og óprestlega í alla staði; til dæmis hafa oss fundist ræður hans óviðunandi lélegar, og ofan á þetta hefir bætst, að framburðurinn . . . er sundurslitinn og mjög óáheyrilegur, og svo lágur, að varla heyrist um alla kirkjuna. Enda var svo, að á meðan vér létum svo lítið að koma í kirkju til að hlýða á ræður hans, ef ræður skyldi kalla, að það var oss meir til leiðinda og skapraunar en til ánægju og uppbyggingar. Af þessu og öðru fleiru leiðir, að nú er svo komið og hefir verið síðastliðið ár, að enginn af oss sóknarmönnum, að undanskildum fáeinum mannhræðum, hafa viljað koma í kirkju til að hlusta á lestur hans orða, eða þiggja neina prestsþjónustu af honum«.

»Til sóknarnefndar hefir ekki verið kosið í síðastliðin 2 ár og enginn safnaðarfundur verið haldinn jafnlengi«.

»Þá er ekkert við hana (kirkjuna) gjört, jafnvel þó hún eigi mikið fé«.

»Að oss hefir reynst hann vera bæði ágjarn, óskilvís, prætugjarn, yfirgangssamur og ósanngjarn og svo óheill, að vér viljum ekkert við hann eiga. Og til frekari skýringar um breytni prófastsins skulum vér geta þess, að fyrir rúmlega 2 árum

síðan hefir hann verið kærður fyrir gripdeildir, ef ekki þjófnað, og eftir því, sem oss er frekast kunnugt um það mál, þá er það fullkomin sannfæring vor, að hann sé þar sannur að sök«.

»Eftir þessu, sem að framan er sagt, og jafnvel fleiru, getum vér ekki dulist þess: að vér álítum það vera ósamboðið öllu kristilegu trúarlífi, og jafnvel hneykslanlegt, að líða slíkan mann sem Halldór prófast Bjarnarson í prestlegri stöðu, og vildum vér því fegnir mega losast við hann sem allra fyrst«.

Stefndi hefir kannast við að hafa ritað nafn sitt undir framangreint vottorð til þess að fyrgreindur Einar Einarsson fengi það í hendur til frjálsra afnota, og þó að honum eigi verði gefin beint sök á því, að vottorðið var birt á prenti, verður hann þó að bera ábyrgð á ummælum þeim, er í vottorðinu standa, að svo miklu leyti sem ummælin álítast meiðandi.

Það sem sagt er í vottorðinu um prestslega framkomu áfrýjanda er svo niðrandi, að ef það væri satt, hlyti það að rýra mannorð áfrýjanda; en stefndi hefir eigi sannað, að ummælin séu á rökum bygð. Að því er hin önnur átöldu ummæli snertir, þá verður því að vísu eigi neitað, að áfrýjandi við einstök tækifæri virðist hafa sýnt nokkru meiri fégirnd og nokkru meiri tregðu við að borga réttmætar skuldir en góðu hófi gegnir, en það heimilar þó eigi stefnda að lýsa áfrýjanda ágjarnan og óskilvísan. Orðin: «Til sóknarnefndar . . . . jafnlengi« og »þá er ekkert . . . . mikið fé« eru

eigi ærumeiðandi fyrir áfrýjanda. Að öðru leyti fela hin átöldu ummæli í sér sumpart aðdróttun um að áfrýjandi hafi framið verk, sem mundu gjöra hann óverðugan virðingar samþegna hans, sumpart annan áburð, er hlyti að skerða virðingu hans, en stefndi hefir eigi með sannanatilraunum sínum fundið þessum orðum sínum stað. Það verður því að dæma stefnda samkvæmt 217. og 219. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 í sekt til landssjóðs fyrir framantalin meiðandi ummæli, og þykir sektin hæfilega ákveðin 50 krónur, eða til vara 15 daga einfalt fangelsi. Framantalin meiðandi ummæli um áfrýjandann ber að dæma dauð og ómerk. Í málskostnað greiði stefndi áfrýjanda 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Þorsteinn hreppstjóri Þorsteinsson greiði í sekt til landssjóðs 50 kr. eða sæti einföldu fangelsi í 15 daga, ef sektin er eigi öll greidd innan ákveðins tíma. Framangreind meiðandi orð og ummæli eiga að vera dauð og ómerk. Stefndi greiði áfrýjanda Halldóri prófasti Bjarnarsyni í málskostnað fyrir báðum réttum 30 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 37/1899: Halldór Bjarnarson
gegn
Sigurlaugu Benjamínsdóttur.

Dómur:

Mál þetta er í héraði höfðað af áfrýjanda Halldóri prófasti Bjarnarsyni á Presthólum gegn stefndu, ekkjunni Sigurlaugu Benjamínsdóttur á Snartastöðum í Þingeyjarsýslu út af meiðyrðum um hann í yfirlýsingu eða vottorði, er stefnda og nokkrir menn aðrir hafa ritað nafn sitt undir og fengið Einari Einarssyni nokkrum, er síðan lét prenta vottorðið aftan við ritling, er hann gaf út árið 1897 og sem nefndist »Svar til herra biskups Hallgríms Sveinssonar«. Var málið dæmt í aukarétti Þingeyjarsýslu 25. nóv. 1898 þannig, að stefnda skyldi greiða í sekt til landssjóðs 25 kr. eða til vara sæta einföldu fangelsi í 7 daga. Svo skyldu flest hin átöldu ummæli vera dauð og ómerk, og stefnda greiða áfrýjanda í málskostnað 20 krónur

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 12. águst f. á. og hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum, að héraðsdómurinn verði feldur úr gildi, að hin meiðandi og óvirðandi ummæli í vottorðinu verði dæmd dauð og ómerk, að stefnda verði dæmd í lagaanna þyngstu hegningu fyrir meiðyrðin, að hún verði sektuð hæfilega fyrir þrætugirni og dæmd til að greiða áfrýjanda málskostnað að skaðlausu

eða eftir réttarins mati. Af hálfu stefndu hefir þess aftur á móti verið krafist, að hún verði sýknuð af kærum og kröfum áfrýjandans í málinu, og til vara, að sektarákvæði undirdómsins verði lækkað eða staðfest, og loks, að áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað eftir mati réttarins.

Krafa áfrýjanda um að stefnda verði sektuð fyrir þrætugirni, er rökstudd með því, að stefnda hafi eigi mætt fyrir sáttanefnd í málinu, þótt hún væri löglega kölluð, en það má álíta það nægilega sannað í málinu, að elli stefndu hafi eins og á stóð verið full afsökun fyrir hana til að mæta ekki sjálf á sáttafundinum, og þar sem hún sendi son sinn fyrir sig á sáttafundinn með umboði, sem innibatt í sér heimild fyrir hann til að sættast á málið fyrir hennar hönd, þá verður hún, þótt sáttanefndin samkvæmt ástæðulausum mótmælum áfrýjanda gegn gildi umboðsins, vísaði umboðsmanni hennar frá sáttaumleituninni, eigi álitin hafa vanrækt í neinu skyldu sína eftir sáttalöggjöfinni, og verður því krafa áfrýjanda eigi tekin til greina.

Orð þau sem átalin eru í umgetnu vottorði eru þessi:

»Að vér álítum frammistöðu Halldórs prófasts Bjarnarsonar á Presthólum í kirkju sinni mjög ófullkomna og óprestlega í alla staði: til dæmis hafa oss fundist ræður hans óviðunandi lélegar, og ofan á þetta hefir bætst, að framburðurinn . . . . er sundurslitinn og mjög óáheyrilegur og svo lágur að varla heyrist um alla kirkjuna. Enda

var svo, að á meðan vér létum svo lítið að koma í kirkju til að hlýða á ræður hans, ef ræður skyldi kalla, að það var oss meir til leiðinda og skapraunar, en til ánægju og uppbyggingar. Af þessu og öðru fleiru leiðir, að nú er svo komið, og hefir verið síðastliðið ár, að enginn af oss sóknarmönnum, að undanskildum fáeinum mannhræðum, hafa viljað koma í kirkju til að hlusta á lestur hans orða, eða þiggja neina prestsþjónustu af honum«.

»Til sóknarnefndar hefir ekki verið kosið í síðastliðin 2 ár og enginn safnaðarfundur verið haldinn jafnlengi«.

»Þá er ekkert við hana (kirkjuna) gjört, jafnvel þó hún eigi mikið fé«.

»Að oss hefir reynst hann vera bæði ágjarn, óskilvís, prætugjarn, yfirgangssamur og ósanngjarn og svo óheill, að vér viljum ekkert við hann eiga. Og til frekari skýringar um breytni prófastsins skulum vér geta þess, að fyrir rúmlega 2 árum síðan hefir hann verið kærður fyrir gripdeildir ef ekki þjófnað, og eftir því sem oss er frekast kunnugt um það mál, þá er það fullkomin sannfæring vor að hann sé þar sannur að sök«.

»Eftir þessu sem að framan er sagt og jafnvel fleiru, getum vér ekki dulist þess: að vér álítum það vera ósamboðið öllu kristilegu trúarlífi, og jafnvel hneykslanlegt, að líða slíkan mann sem Halldór prófast Bjarnarson í prestlegri stöðu, og

vildum vér því fegnir mega losast við hann sem alla fyrst«.

Stefnda hefir kannast við að hafa ritað nafn sitt undir framangreint vottorð til þess að fyrrgreindur Einar Einarsson fengi það í hendur til frjálsra afnota, og þó að henni eigi verði gefin beint sök á því að vottorðið var birt á prenti, verður hún þó að bera ábyrgð á ummælum þeim er í vottorðinu standa, að svo miklu leyti sem ummælin álítast meiðandi.

Það sem sagt er í vottorðinu um prestlega framkomu áfrýjanda, er svo niðrandi, að ef það væri satt, hlyti það að rýra mannorð áfrýjanda; en stefnda hefir eigi sannað að ummælin séu á rökum bygð. Að því er hin önnur átöldu ummæli snertir, þá verður því að vísu eigi neitað, að áfrýjandi við einstök tækifæri virðist hafa sýnt nokkru meiri fégirnd og nokkru meiri tregðu við að borga réttmætar skuldir en góðu hófi gegnir, en það heimilar þó eigi stefndu að lýsa áfrýjanda ágjarnan og óskilvísan. Orðin: »Til sóknarnefndar . . . jafnlengi« og »þá er ekkert . . . mikið fé« eru eigi ærumeiðandi fyrir áfrýjanda. Að öðru leyti fela hin átöldu ummæli í sér sumpart aðdróttun um að áfrýjandi hafi framið verk, sem mundu gjöra hann óverðugan virðingar samþegna hans, sumpart annan áburð, sem hlyti að skerða virðingu hans, en stefnda hefir eigi með sannanatilraunum sínum fundið þessum orðum sínum stað. Það verður því að dæma stefndu samkvæmt 217. og 219. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869

í sekt til landssjóðs fyrir framantalin meiðandi ummæli, og þykir sektin hæfilega ákveðin 50 krónur, eða til vara 15 daga einfalt fangelsi. Framantalin meiðandi ummæli um áfrýjandann ber að dæma dauð og ómerk. Í málskostnað greiði stefnda áfrýjanda 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda Sigurlaug Benjamínsdóttir greiði í sekt til landssjóðs 50 krónur eða sæti einföldu fangelsi í 15 daga, ef sektin er eigi öll greidd innan ákveðins tíma. Framangreind meiðandi orð og ummæli eiga að vera dauð og ómerk. Stefnda greiði áfrýjanda Halldóri prófasti Bjarnarsyni í málskostnað fyrir báðum réttum 30 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 39/1899: Halldór Bjarnarson
gegn
Halldóri Sigurðssyni.

Dómur:

Mál þetta er í héraði höfðað af áfrýjanda Halldóri prófasti Bjarnarsyni á Presthólum gegn stefnda Halldóri bónda Sigurðssyni á Valþjófsstöðum í Þingeyjarsýslu út af meiðyrðum um hann í yfirlýsingu eða vottorði, er stefndi og

nokkrir menn aðrir hafa ritað nafn sitt undir og fengið Einari Einarssyni nokkrum, er síðan lét prenta vottorðið aftan við ritling, er hann gaf út árið 1897, og sem nefndist »Svar til herra biskups Hallgríms Sveinssonar«. Var málið dæmt í aukarétti Þingeyjarsýslu 25. nóv. 1898 þannig, að stefndi skyldi greiða í sekt til landssjóðs 25 kr. eða til vara sæta einföldu fangelsi í 7 daga. Svo skyldu flest hin átöldu ummæli vera dauð og ómerk og stefndi greiða áfrýjanda í málskostnað 20 krónur.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 12. ágúst f. á., og hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum að héraðsdómurinn verði felldur úr gildi, að hin meiðandi og óvirðandi ummæli í vottorðinu verði dæmd dauð og ómerk og að stefndi verði dæmdur í laganna þyngstu hegningu og í allan af málinu leiðandi kostnað að skaðlausu. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að hann verði dæmdur sýkn í máli þessu og að málskostnaður verði látinn niður falla, en til vara, að héraðsdómurinn verði staðfestur.

Orð þau sem átalin eru í umgetnu vottorði eru þessi:

»Að vér álítum frammistöðu Halldórs prófasts Bjarnarsonar á Presthólum í kirkju sinni mjög ófullkomna og óprestlega í alla staði: til dæmis hafa oss fundist ræður hans óviðunandi lélegar, og ofan á þetta hefir bætst, að framburðurinn . . . . er sundurslitinn og mjög óáheyrilegur, og svo

lágur að varla heyrist um alla kirkjuna. Enda var svo, að á meðan vér létum svo lítið, að koma í kirkju til að hlýða á ræður hans, ef ræður skyldi kalla, að það var oss meir til leiðinda og skapraunar, en til ánægju og uppbyggingar. Af þessu og öðru fleiru leiðir, að nú er svo komið, og hefir verið síðastliðið ár, að enginn af oss sóknarmönnum, að undanskildum fáeinum mannhræðum, hafa viljað koma í kirkju til að hlusta á lestur hans orða, eða þiggja neina prestsþjónustu af honum«.

»Til sóknarnefndar hefir ekki verið kosið í síðastliðin 2 ár og enginn safnaðarfundur verið haldinn jafnlengi«.

»Þá er ekkert við hana (kirkjuna) gjört, jafnvel þó hún eigi mikið fé«.

»Að oss hefir reynst hann vera bæði ágjarn, óskilvís, þrætugjarn, yfirgangssamur og ósanngjarn og svo óheill, að vér viljum ekkert við hann eiga. Og til frekari skýringar um breytni prófastsins skulum vér geta þess, að fyrir rúmlega 2 árum síðan hefir hann verið kærður fyrir gripdeildir, ef ekki þjófnað, og eftir því sem oss er frekast kunnugt um það mál, þá er það fullkomin sannfæring vor, að hann sé þar sannur að sök«.

»Eftir þessu sem að framan er sagt og jafnvel fleiru, getum vér ekki dulist þess: að vér álítum það vera ósamboðið öllu kristilegu trúarlífi, og jafnvel hneykslanlegt að líða slíkan mann sem Halldór prófast Bjarnarson í prestlegri stöðu, og

vildum vér því fegnir mega losast við hann sem allra fyrst«.

Stefndi hefir kannast við að hafa ritað nafn sitt undir framangreint vottorð til þess að fyrgreindur Einar Einarsson fengi það í hendur til frjálsra afnota, og þó að honum eigi verði gefin beint sök á því að vottorðið var birt á prenti, verður hann þó að bera ábyrgð á ummælum þeim er í vottorðinu standa, að svo miklu leyti sem ummælin álítast meiðandi.

Það sem sagt er í vottorðinu um prestlega framkomu áfrýjanda er svo niðrandi, að ef það væri satt, hlyti það að rýra mannorð áfrýjanda; en stefndi hefir eigi sannað, að ummælin séu á rökum bygð. Að því er hin önnur átöldu ummæli snertir, þá verður því að vísu eigi neitað, að áfrýjandi við einstök tækifæri virðist hafa sýnt nokkru meiri fégirnd og nokkru meiri tregðu við að borga réttmætar skuldir, en góðu hófi gegnir, en það heimilar þó eigi stefnda að lýsa áfrýjanda ágjarnan og óskilvísan. Orðin: »Til sóknarnefndar . . . jafnlengi« og »þá er . . . ekkert mikið fé« eru eigi ærumeiðandi fyrir áfrýjanda. Að öðru leyti fela hin átöldu ummæli í sér sumpart adróttun um að áfrýjandi hafi framið verk, sem mundu gjöra hann óverðugan virðingar samþegna hans, sumpart annan áburð, er hlyti að skerða virðingu hans, en stefndi hefir eigi með sannanatilraunum sínum fundið þessum orðum sínum stað. Það verður því að dæma stefnda samkvæmt 217. og 219. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 í

sekt til landssjóðs fyrir framantalin meiðandi ummæli, og þykir sektin hæfilega ákveðin 50 krónur eða til vara 15 daga einfalt fangelsi. Framantalin meiðandi ummæli um áfrýjandann ber að dæma dauð og ómerk. Í málskostnað greiði stefndi áfrýjanda 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Halldór Sigurðsson greiði í sekt til landssjóðs 50 kr. eða sæti einföldu fangelsi í 15 daga, ef sektin er eigi öll greidd innan ákveðins tíma. Framangreind meiðandi orð og ummæli eiga að vera dauð og ómerk. Stefndi greiði áfrýjanda Halldóri prófasti Bjarnarsyni í málskostnað fyrir báðum réttum 30 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 26. febrúarmánaðar.

Nr. 4/1900: Hið opinbera
gegn
Runólfi Péturssyni.

Dómur:

Með dómi lögregluréttar Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 15. desbr. f. á., var hinn kærði Runólfur kaupmaður Pétursson í Reykjavík dæmdur fyrir brot gegn lögum um veitingu og

sölu áfengra drykkja 10. febrúarm. 1888, 3. gr. til að greiða sekt 35 kr. til fátækrasjóðs Reykjavíkur, og til að lúka öllum málskostnaði. Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins eftir ósk hins kærða.

Með eiðfestri skýrslu tveggja vitna, sem eigi verður vefengd, er það þrátt fyrir neitun hins kærða sannað, að hann hafi 12. desbr. f. á. selt fyrir peninga brennivín á $1^1/_2$ pela flösku, og fór salan fram í herbergi við hliðina á sölubúð hans, sem innangengt er í úr búðinni. Með þessu atferli hefir kærði gjörst brotlegur gegn 3. gr. í áðurnefndum lögum 3. febr. 1888, og þykir sekt sú, sem hann hefir til unnið fyrir brotið, hæfilega ákveðin eftir 9. gr. sömu laga 35 kr. og renni sektin öll í fátækrasjóð Reykjavíkur, með því að nota hefir orðið vitnisburð uppljóstursmanns til þess að sanna brotið. Hinn kærði verður og að greiða allan kostnað sakarinnar, og ber því að staðfesta lögregluréttardóminn að öllu leyti. Ásamt áfrýjunarkostnaði málsins skal kærði greiða málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn skal vera óraskaður. Kærði Runólfur Pétursson greiði einnig allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með

talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, við yfirdóminn, málflutningsmanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dómi þessum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagri aðför að lögum.

Nr. 28/1899: Halldór Bjarnarson
gegn
Þórði Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta er í héraði höfðað af áfrýjanda Halldóri prófasti Bjarnarsyni á Presthólum gegn stefnda Þórði bónda Jónssyni á Kílsnesi í Þingeyjarsýslu út af meiðyrðum um hann í yfirlýsingu eða vottorði, er stefndi og nokkrir menn aðrir hafa ritað nafn sitt undir og fengið Einari Einarssyni nokkrum, er síðan lét prenta vottorðið aftan við ritling, er hann gaf út árið 1897, og sem nefndist »Svar til herra biskups Hallgríms Sveinssonar«. Var málið dæmt í aukarétti Þingeyjarsýslu 25. nóv. 1898 þannig, að stefndi skyldi greiða í sekt til landssjóðs 25 kr. eða til vara sæta einföldu fangelsi í 7 daga. Svo skyldu flest hin átöldu ummæli vera dauð og ómerk og stefndi greiða áfrýjanda í málskostnað 20 krónur.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 11. ágúst f. á., og hefir

hann krafist þess fyrir yfirdóminum, að héraðsdómurinn verði feldur úr gildi, að hin meiðandi og óvirðandi ummæli í vottorðinu verði dæmd dauð og ómerk og að stefndi verði dæmdur í laganna þyngstu hegningu og í allan af málinu leiðandi kostnað að skaðlausu eða eftir réttarins mati. Hinn stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að hann verði sýknaður af kærum og kröfum áfrýjanda í máli þessu, og til vara, að héraðsdómsákvæðið um sekt verði lækkað eða staðfest, og loks að áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað samkvæmt því sem rétturinn álítur hæfilegt.

Orð þau sem átalin eru í umgetnu vottorði eru þessi:

»Að vér álítum frammistöðu Halldórs prófasts Bjarnarsonar á Presthólum í kirkju sinni mjög ófullkomna og óprestslega í alla staði: til dæmis hafa oss fundist ræður hans óviðundi lélegar, og ofan á þetta hefir bætst, að framburðurinn . . . er sundurslitinn og mjög óáheyrilegur, og svo lágur að varla heyrist um alla kirkjuna. Enda var svo, að á meðan vér létum svo lítið að koma í kirkju til að hlýða á ræður hans, ef ræður skyldi kalla, að það var oss meir til leiðinda og skapraunar en til ánægju og uppbyggingar. Af þessu og öðru fleiru leiðir, að nú er svo komið, og hefir verið síðastliðið ár, að enginn af oss sóknarmönnum, að undanskildum fáeinum mannhræðum, hafa viljað koma í kirkju til að hlusta á lestur hans orða, eða þiggja neina prestsþjónustu af honum«.

»Til sóknarnefndar hefir ekki verið kosið í síðastliðin 2 ár og enginn safnaðarfundur verið haldinn jafnlengi».

»Þá er ekkert við hana (kirkjuna) gjört, jafnvel þó hún eigi mikið fé«

»Að oss hefir reynst hann vera bæði ágjarn, óskilvís, þrætugjarn, yfirgangssamur og ósanngjarn, og svo óbeill, að vér viljum ekkert við hann eiga. Og til frekari skýringar um breytni prófastsins skulum vér geta þess, að fyrir rúmlega 2 árum síðan hefir hann verið kærður fyrir gripdeildir, ef ekki þjófnað, og eftir því sem oss er frekast kunnugt um það mál, þá er það fullkomin sannfæring vor, að hann sé þar sannur að sök«.

»Eftir þessu sem að framan er sagt og jafnvel fleiru, getum vér ekki dulist þess: að vér álítum það vera ósamboðið öllu kristilegu trúarlífi, og jafnvel hneykslanlegt, að líða slíkan mann sem Halldór prófast Bjarnarson í prestlegri stöðu, og vildum vér því fegnir mega losast við hann sem allra fyrst«.

Stefndi hefir kannast við að hafa ritað nafn sitt undir framangreint vottorð til þess að fyrgreindur Einar Einarsson fengi það í hendur til frjálsra afnota, og þó að honum eigi verði gefin beint sök á því að vottorðið var birt á prenti, verður hann þó að bera ábyrgð á ummælum þeim er í vottorðinu standa að svo miklu leyti sem ummælin álítast meiðandi.

Það sem sagt er í vottorðinu um prestslega

framkomu áfrýjanda er svo niðrandi, að ef það væri satt, hlyti það að rýra mannorð áfrýjanda; en stefndi hefir eigi sannað að ummælin séu á rökum bygð.

Að því er hin önnur átöldu ummæli snertir, þá verður því að vísu eigi neitað, að áfrýjandi við einstök tækifæri virðist hafa sýnt nokkru meiri fégirnd og nokkru meiri tregðu við að borga réttmætar skuldir en góðu hófi gegnir, en það heimilar þó eigi stefnda að lýsa áfrýjanda ágjarnan og óskilvísan. Orðin: »Til sóknarnefndar . . . . jafnlengi« og »þá er ekkert . . . . mikið fé« eru eigi ærumeiðandi fyrir áfrýjanda. Að öðru leyti fela hin átöldu ummæli í sér sumpart aðdróttun um að áfrýjandi hafi framið verk sem mundu gjöra hann óverðugan virðingar samþegna hans, sumpart annan áburð, er hlyti að skerða virðingu hans, en stefndi hefir eigi með sannanatilraunum sínum fundið þessum orðum sínum stað. Það verður því að dæma stefnda samkvæmt 217. og 219. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 í sekt til landssjóðs fyrir framantalin meiðandi ummæli og þykir sektin hæfilega ákveðin 50 krónur, eða til vara 15 daga einfalt fangelsi. Framantalin meiðandi ummæli um áfrýjandann ber að dæma dauð og ómerk. Í málskostnað greiði stefndi áfrýjanda 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Þórður Jónsson greiði í sekt til landssjóðs 50 kr. eða sæti einföldu

fangelsi í 15 daga, ef sektin er eigi öll greidd innan ákveðins tíma. Framangreind meiðandi orð og ummæli eiga að vera dauð og ómerk. Stefndi greiði áfrýjanda Halldóri prófasti Bjarnarsyni í málskostnað fyrir báðum réttum 30 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 29/1899: Halldór Bjarnarson
gegn
Þórarni Benjamínssyni.

Dómur:

Mál þetta er í héraði höfðað af áfrýjanda Halldóri prófasti Bjarnarsyni á Presthólum gegn stefnda Þórarni bónda Benjamínssyni á Efrihólum út af meiðyrðum um hann í tveim vottorðum, er stefndi og nokkrir menn aðrir hafa ritað nafn sitt undir annað þeirra, en hitt stefndi einn, en vottorðin voru af vottorðsgefendum fengin hendur Einari nokkrum Einarssyni, sem lét prenta þau aftan við ritling er hann gaf út árið 1897 og sem nefndist »Svar til herra biskups Hallgríms Sveinssonar«. Var málið dæmt í aukarétti Þingeyjarsýslu 25. nóv. 1898, þannig, að stefndi skyldi greiða í sekt til landssjóðs 40 kr. eða til vara sæta 12 daga einföldu fangelsi. Flest hin átöldu meiðyrði voru jafnframt dæmd dauð

og ómerk og stefndi skyldaður til að greiða áfrýjanda í málskostnað 20 kr.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 11. ágúst f. á. og hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum, að dómurinn verði úr gildi feldur og hin meiðandi og óvirðandi ummæli dæmd dauð og ómerk, að stefndi verði látinn sæta laganna þyngstu hegningu fyrir brot sitt, að stefndi eða umboðsmaður hans fyrir undirrétti verði sektaðir fyrir ósæmilegan rithátt og hin ósæmilegu orð dæmd dauð og ómerk, og loks að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu eða með einhverju eftir réttarins mati nægilegu. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að hann verði sýknaður af öllum kærum og kröfum áfrýjanda í málinu, og til vara, að sektarákvæði héraðsdómsins verði lækkað eða staðfest, og loks, að áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað samkvæmt því, sem rétturinn álíti hæfilegt.

Orð þau sem átalin eru í umgetnum vottorðum eru þessi:

1. í vottorði því sem undirritað er af stefnda og nokkrum öðrum mönnum:

»Að vér álítum frammistöðu Halldórs prófasts Bjarnarsonar á Presthólum í kirkju sinni mjög ófullkomna og óprestlega í alla staði: til dæmis hafa oss fundist ræður hans óviðunandi lélegar, og ofan á þetta hefir bætst, að framburðurinn . . . er sundurslitinn og mjög óáheyrilegur, og svo lágur, að varla heyrist um alla kirkjuna.

Enda var svo, að á meðan vér létum svo lítið að koma í kirkju til að hlýða á ræður hans, ef ræður skyldi kalla, að það var oss meir til leiðinda og skapraunar en til ánægju og uppbyggingar. Af þessu og öðru fleiru leiðir, að nú er svo komið, og hefir verið síðastliðið ár, að enginn af oss sóknarmönnum, að undanskildum fáeinum mannhræðum, hafa viljað koma í kirkju til að hlusta á lestur hans orða, eða þiggja neina prestsþjónustu af honum.«

»Til sóknarnefndar hefir ekki verið kosið í síðastliðin 2 ár og enginn safnaðarfundur verið haldinn jafnlengi«.

»Þá er ekkert við hana (kirkjuna) gjört, jafnvel þó hún eigi mikið fé«.

»Að oss hefir reynst hann vera bæði ágjarn, óskilvís, prætugjarn, yfirgangssamur og ósanngjarn og svo óheill, að vér viljum ekkert við hann eiga. Og til frekari skýringar um breytni prófastsins skulum vér geta þess, að fyrir rúmlega 2 árum síðan hefir hann verið kærður fyrir gripdeildir, ef ekki þjófnað, og eftir því sem oss er frekast kunnugt um það mál, þá er það fullkomin sannfæring vor, að hann sé þar sannur að sök.«

»Eftir þessu sem að framan er sagt og jafnvel fleiru getum vér ekki dulist þess: að vér álítum það vera ósamboðið öllu kristilegu trúarlífi, og jafnvel hneykslanlegt, að líða slíkan mann sem Halldór prófast Bjarnarson í prestlegri stöðu,

og vildum vér því fegnir mega losast við hann sem allra fyrst.«

2. í vottorði því, er stefndi einn undirritaði:

»Að Halldór prófastur Bjarnarson á Presthólum hefir með breytni sinni gagnvart mér og fleirum sýnt sig að vera ágjarnan, óskilvísan, þrætugjarnan, yfirgangssaman, ósannsöglan og óheilar, í fám orðum sagt, að þann mann vildi eg geta forðast engu síður en mjög illkynjaða pest«.

»að hann eitt sinn tók án vilja míns og vitundar fjórar eikarspýtur og part af skipsstefni úr strandskipinu »Ida« og hagnýtti sér. Þetta hefir hann viðurkent fyrir rétti. Spýtur þessar allar voru mín eign«.

»hans óskilvísi«.

»að jafn ódyggan mann og undirförulan eins og Halldór prófast Bjarnarson«.

Stefndi hefir kannast við að hafa ritað nafn sitt undir framangreind vottorð, til þess að fyrgreindur Einar Einarsson fengi það í hendur til frjálsra afnota, og þó að honum eigi verði gefin beint sök á því, að vottorðin voru birt á prenti, verður hann því að bera ábyrgð á ummælum þeim, er í vottorðunum standa, að svo miklu leyti sem ummælin álítast meiðandi.

Það sem sagt er í hinu fyrra vottorðinu um prestslega framkomu áfrýjanda er svo niðrandi, að ef það væri satt, hlyti það að rýra mannorð áfrýjanda; en stefndi hefir eigi sannað, að ummælin séu á rökum bygð.

Að því er hin önnur átöldu ummæli snertir,

þá verður því að vísu eigi neitað, að áfrýjandi við einstök tækifæri virðist hafa sýnt nokkru meiri fégirnd og nokkru meiri tregðu við að borga réttmætar skuldir en góðu hófi gegnir, en það heimilar þó eigi stefnda að lýsa áfrýjanda ágjarnan og óskilvísan. Orðin: »Til sóknarnefndar . . . jafnlengi« og »þá er ekkert . . . . mikið fé« eru eigi ærumeiðandi fyrir áfrýjanda. Að öðru leyti fela hin átöldu ummæli í sér sumpart aðdróttun um, að áfrýjandi hafi framið verk, sem mundu gjöra hann óverðugan virðingar samþegna hans, sumpart annan áburð, er hlyti að skerða virðingu hans, en stefndi hefir eigi með sannanatilraunum sínum fundið þessum orðum sínum stað. Það verður því að dæma stefnda samkvæmt 217. og 219. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 í sekt til landssjóðs fyrir framantalin meiðandi ummæli, og þykir sektin hæfilega ákveðin 60 krónur, eða til vara 18 daga einfalt fangelsi. Framantalin meiðandi ummæli um áfrýjandann ber að dæma dauð og ómerk. Í málskostnað greiði stefndi áfrýjanda 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Þórarinn Benjamínsson greiði í sekt til landssjóðs 60 kr. eða sæti einföldu fangelsi í 18 daga, ef sektin er eigi öll greidd innan ákveðins tíma. Framangreind meiðandi orð og ummæli eiga að vera dauð og ómerk. Stefndi greiði áfrýjanda Halldóri prófasti

Bjarnarsyni í málskostnað fyrir báðum réttum 30 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 31/1899: Halldór Bjarnarson
gegn
Þorláki Einarssyni.

Dómur:

Mál þetta er í héraði höfðað af áfrýjanda Halldóri prófasti Bjarnarsyni á Presthólum gegn stefnda Þorláki Einarssyni á Hróarsstöðum í Þingeyjarsýslu út af meiðyrðum um hann í yfirlýsingu eða vottorði, er stefndi og nokkrir menn aðrir hafa ritað nafn sitt undir og fengið Einari Einarssyni nokkrum, er síðan lét prenta vottorðið aftan við ritling, er hann gaf út árið 1897 og sem nefndist »Svar til herra biskups Hallgríms Sveinssonar«. Var málið dæmt í gestarétti Þingeyjarsýslu 31. okt. 1898, þannig, að stefndi skyldi greiða í sekt til landssjóðs 25 kr. eða til vara sæta einföldu fangelsi í 7 daga. Svo skyldu flest hin átöldu ummæli vera dauð og ómerk og stefndi greiða áfrýjanda í málskostnað 15 krónur.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 10. ágúst f. á. og hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum, að héraðsdómurinn verði feldur úr gildi, að hin meiðandi

og óvirðandi ummæli í vottorðinu verði dæmd dauð og ómerk og að stefndi verði dæmdur í laganna þyngstu hegningu og í málskostnað eftir mati réttarins. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að hann verði sýknaður af kærum og kröfum sækjanda í þessu máli, og til vara, að sektarákvæði undirdómsins verði lækkað eða staðfest, og loks, að áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað eftir mati réttarins.

Orð þau sem átalin eru í umgetnu vottorði eru þessi:

»Að vér álítum frammistöðu Halldórs prófasts Bjarnarsonar á Presthólum í kirkju sinni mjög ófullkomna og óprestlega í alla staði; til dæmis hafa oss fundist ræður hans óviðunandi lélegar, og ofan á þetta hefir bætst, að framburðurinn . . . er sundurslitinn og mjög óáheyrilegur, og svo lágur, að varla heyrist um alla kirkjuna. Enda var svo, að á meðan vér létum svo lítið að koma í kirkju til að hlýða á ræður hans, ef ræður skyldi kalla, að það var oss meir til leiðinda og skapraunar en til ánægju og uppbyggingar. Af þessu og öðru fleiru leiðir, að nú er svo komið og hefir verið síðastliðið ár, að enginn af oss sóknarmönnum, að undanskildum fáeinum mannhræðum, hafa viljað koma í kirkju til að hlusta á lestur hans orða, eða þiggja neina prestsþjónustu af honum«.

»Til sóknarnefndar hefir ekki verið kosið í síðastliðin 2 ár og enginn safnaðarfundur verið haldinn jafnlengi«.

»Þá er ekkert við hana (kirkjuna) gjört, jafnvel þó hún eigi mikið fé«.

»Að oss hefir reynst hann vera bæði ágjarn, óskilvís, þrætugjarn, yfirgangssamur og ósanngjarn og svo óheill, að vér viljum ekkert við hann eiga. Og til frekari skýringar um breytni prófastsins skulum vér geta þess, að fyrir rúmlega 2 árum síðan hefir hann verið kærður fyrir gripdeildir, ef ekki þjófnað, og eftir því, sem oss er frekast kunnugt um það mál, þá er það fullkomin sannfæring vor, að hann sé þar sannur að sök«.

»Eftir þessu, sem að framan er sagt, og jafnvel fleiru, getum vér ekki dulist þess: að vér álítum það vera ósamboðið öllu kristilegu trúarlífi, og jafnvel hneykslanlegt, að líða slíkan mann sem Halldór prófast Bjarnarson í prestlegri stöðu, og vildum vér því fegnir mega losast við hann sem allra fyrst«.

Stefndi hefir kannast við að hafa ritað nafn sitt undir framangreint vottorð til þess að fyrgreindur Einar Einarsson fengi það í hendur til frjálsra afnota, og þó að honum eigi verði gefin beint sök á því, að vottorðið var birt á prenti, verður hann þó að bera ábyrgð á ummælum þeim, er í vottorðinu standa, að svo miklu leyti sem ummælin álítast meiðandi.

Það sem sagt er í vottorðinu um prestslega framkomu áfrýjanda er svo niðrandi, að ef það væri satt, hlyti það að rýra mannorð áfrýjanda; en stefndi hefir eigi sannað, að ummælin séu á rökum bygð. Að því er hin önnur átöldu ummæli snertir, þá

verður því að vísu eigi neitað, að áfrýjandi við einstök tækifæri virðist hafa sýnt nokkru meiri fégirnd og nokkru meiri tregðu við að borga réttmætar skuldir en góðu hófi gegnir, en það heimilar þó eigi stefnda að lýsa áfrýjanda ágjarnan og óskilvísan. Orðin: »Til sóknarnefndar . . . . jafnlengi« og »þá er ekkert . . . . mikið fé« eru eigi ærumeiðandi fyrir áfrýjanda. Að öðru leyti fela hin átöldu ummæli í sér sumpart aðdróttun um að áfrýjandi hafi framið verk, sem mundu gjöra hann óverðugan virðingar samþegna hans, sumpart annan áburð, er hlyti að skerða virðingu hans, en stefndi hefir eigi með sannanatilraunum sínum fundið þessum orðum sínum stað. Það verður því að dæma stefnda samkvæmt 217. og 219. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 í sekt til landssjóðs fyrir framantalin meiðandi ummæli, og þykir sektin hæfilega ákveðin 50 krónur, eða til vara 15 daga einfalt fangelsi. Framantalin meiðandi ummæli um áfrýjandann ber að dæma dauð og ómerk. Í málskostnað greiði stefndi áfrýjanda 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Þorlákur Einarsson greiði í sekt til landssjóðs 50 kr. eða sæti einföldu fangelsi í 15 daga, ef sektin er eigi öll greidd innan ákveðins tíma. Framangreind meiðandi orð og ummæli eiga að vera dauð og ómerk. Stefndi greiði áfrýjanda

Halldóri prófasti Bjarnarsyni í málskostnað fyrir báðum réttum 30 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 35/1899: Halldór Bjarnarson
gegn
Ingimundi Sigurðssyni.

Dómur:

Mál þetta er í héraði höfðað af áfrýjanda Halldóri prófasti Bjarnarsyni á Presthólum gegn stefnda Ingimundi Sigurðssyni á Snartastöðum út af meiðyrðum um hann í yfirlýsingu eða vottorði, er stefndi og nokkrir menn aðrir hafa ritað nafn sitt undir, og fengið Einari Einarssyni nokkrum, er síðan lét prenta vottorðið aftan við ritling er hann gaf út árið 1897 og sem nefndist: »Svar til herra biskups Hallgríms Sveinssonar«. Var málið dæmt í aukarétti Þingeyjarsýslu 25. nóv. 1898, þannig, að stefndi skyldi greiða í sekt til landssjóðs 25 kr. eða til vara sæta einföldu fangelsi í 7 daga. Svo skyldu flest hin átöldu ummæli vera dauð og ómerk og stefndi greiða áfrýjanda í málskostnað 20 kr.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 11. ágúst f. á. og hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum að héraðsdómurinn verði feldur úr gildi, að hin meiðandi

og óvirðandi ummæli í vottorðinu verði dæmd dauð og ómerk og að stefndi verði dæmdur í lagaanna þyngstu hegningu og í allan af málinu leiðandi kostnað að skaðlausu. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að hann verði sýknaður af kærum og kröfum sækjanda í þessu máli og til vara, að ákvæði héraðsdómsins um sekt verði lækkað eða staðfest, og loks að áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað samkvæmt því, sem réttur-inn álíti hæfilegt.

Orð þau sem átalin eru í umgetnu vottorði eru þessi:

»Að vér álítum frammistöðu Halldórs prófasts Bjarnarsonar á Presthólum í kirkju sinni mjög ófullkomna og óprestlega í alla staði; til dæmis hafa oss fundist ræður hans óviðunandi lélegar, og ofan á þetta hefir bætst, að framburðurinn . . . . er sundurslitinn og mjög óáheyrilegur og svo lágur, að varla heyrist um alla kirkjuna. Enda var svo, að á meðan vér létum svo lítið að koma í kirkju til að hlýða á ræður hans, ef ræður skyldi kalla, að það var oss meir til leiðinda og skapraunar en til ánægju og uppbyggingar. Af þessu og öðru fleiru leiðir, að nú er svo komið, og hefir verið síðastliðið ár, að enginn af oss sóknarmönnum, að undanskildum fáeinum mannhræðum, hafa viljað koma í kirkju til að hlusta á lestur hans orða, eða þiggja neina prestsþjónustu af honum«.

»Til sóknarnefndar hefir ekki verið kosið í

síðastliðin 2 ár, og enginn safnaðarfundur verið haldinn jafnlengi«.

»Þá er ekkert við hana (kirkjuna) gjört, jafnvel þó hún eigi mikið fé«.

»Að oss hefir reynst hann vera bæði ágjarn, óskilvís, þrætugjarn, yfirgangssamur og ósanngjarn, og svo óheill, að vér viljum ekkert við hann eiga. Og til frekari skýringar um breytni prófastsins skulum vér geta þess, að fyrir rúmlega 2 árum síðan hefir hann verið kærður fyrir gripdeildir, ef ekki þjófnað, og eftir því sem oss er frekast kunnugt um það mál, þá er það fullkomin sannfæring vor, að hann sé þar sannur að sök«.

»Eftir þessu, sem að framan er sagt og jafnvel fleiru, getum vér ekki dulist þess, að vér álítum það vera ósamboðið öllu kristilegu trúarlífi, og jafnvel hneykslanlegt, að líða slíkan mann sem Halldór prófast Bjarnarson í prestlegri stöðu, og vildum vér því fegnir mega losast við hann sem allra fyrst«.

Stefndi hefir kannast við að hafa ritað nafn sitt undir framangreint vottorð til þess að fyrgreindur Einar Einarsson fengi það í hendur til frjálsra afnota; og þó að honum eigi verði gefin beint sök á því að vottorðið var birt á prenti, verður hann þó að bera ábyrgð á ummælum þeim, er í vottorðinu standa, að svo miklu leyti sem ummælin álítast meiðandi.

Það sem sagt er í vottorðinu um prestslega framkomu áfrýjanda er svo niðrandi, að ef það væri satt, hlyti það að rýra mannorð áfrýjanda;

en stefndi hefir eigi sannað, að ummælin séu á rökum bygð.

Að því er hin önnur átöldu ummæli snertir, þá verður því að vísu eigi neitað, að áfrýjandi við einstök tækifæri virðist hafa sýnt nokkru meiri fégirnd og nokkru meiri tregðu við að borga réttmætar skuldir en góðu hófi gegnir, en það heimilar þó eigi stefnda að lýsa áfrýjanda ágjarnan og óskilvísan. Orðin: »Til sóknarnefndar . . . jafnlengi« og »þá er ekkert . . . . mikið fé« eru eigi ærumeiðandi fyrir áfrýjanda. Að öðru leyti fela hin átöldu ummæli í sér sumpart aðdróttun um, að áfrýjandi hafi framið verk, sem mundu gjöra hann óverðugan virðingar samþegna hans, sumpart annan áburð, er hlyti að skerða virðingu hans, en stefndi hefir eigi með sannanatilraunum sínum fundið þessum orðum sínum stað. Það verður því að dæma stefnda samkvæmt 217. og 219. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 í sekt til landssjóðs fyrir framantalin meiðandi ummæli, og þykir sektin hæfilega ákveðin 50 krónur eða til vara 15 daga einfalt fangelsi. Framantalin meiðandi ummæli um áfrýjandann ber að dæma dauð og ómerk. Í málskostnað greiði stefndi áfrýjanda 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Ingimundur Sigurðsson greiði í sekt til landssjóðs 50 krónur eða sæti einföldu fangelsi í 15 daga, ef sektin er eigi

öll greidd innan ákveðins tíma. Framangreind meiðandi orð og ummæli eiga að vera dauð og ómerk. Stefndi greiði áfrýjanda Halldóri prófasti Bjarnarsyni í málskostnað fyrir báðum réttum 30 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. marzmánaðar.

Nr. 6/1900: Einar Zoëga
gegn
bæjarfógetanum í Reykjavík
Halldóri Daníelssyni
fyrir hönd landssjóðsins.

Dómur:

Hinn 10. janúar þ. á. krafði hinn stefndi bæjarfógeti í Reykjavík áfrýjandann Einar Zoëga, veitingamann sama staðar, um árgjald til landssjóðs, fyrir veitingasölu samkvæmt 6. gr. í lögum nr. 26, 11. nóv. f. á., um verzlun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi, 300 krónur, og með því að áfrýjandinn skoraðist undan að greiða gjaldið, tók fógetinn lögtaki hjá honum samstundis til lúkningar gjaldinu og kostnaði við lögtakið ýmsa lausafjármuni, er virtir voru samtals 305 kr. Þessari lögtaksgjörð hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 23. jan. þ. á., og hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum, að yfir-

dómararnir Kristján Jónsson og Jón Jensson víki dómarasæti í málinu við dæmingu þess, þar sem þeir hafi setið á þingi og unnið þar að samningu fyrgreindra laga 11. nóv. f. á., *að* hann verði sýknaður af kærum og kröfum hins stefnda í málinu, og *að* lögtakskostnaður og málskostnaður fyrir yfirdóminum verði greiddur af almannafé. Hinn stefndi bæjarfógeti krafðist þess aftur á móti, að fógetagjörðin væri staðfest og áfrýjandi dæmdur í hæfilegan málskostnað.

Það þykir eigi vera nein ástæða til þess að yfirdómarnir Kristján Jónsson og Jón Jensson víki úr dómarasæti í máli þessu fyrir það, þótt þeir sem alþingismenn hafi tekið þátt í samþykt laganna 11. nóv. f. á., enda hafa þeir ekki þar látið uppi neitt álit um spurningu þá, sem mál þetta veltur á.

Áfrýjandinn hefir bygt undanfærslu sína að greiða umrætt gjald á því, að eins og löggjafarvaldið eigi hefði getað svift sig rétti til að reka áfram atvinnu sem veitingasali, sem hann hafi verið búinn að öðlast rétt til með veitingaleyfi og rekið um undanfarin ár, eins hafi því verið óheimilt að leggja greint gjald á atvinnu sína og gjöra sér með því ómögulegt að reka hana áfram, og að fyrnefnd lög 11. nóv. f. á. svifti hann borgaralegu jafnrétti, með því að leggja gjald einungis á þá atvinnu, er hann reki, og komi þannig í bága við 51. gr. stjórnarskrárinnar. Þessar ástæður áfrýjandans eru þó eigi á rökum bygðar, og í

stjórnarskránni eru, hvorki í 51. gr. eða annarsstaðar nein ákvæði, er séu því til fyrirstöðu, að með lögum sé lagður skattur eða árlegt gjald, eins og það er hér um ræðir, á tiltekna atvinnu í landinu, eins og veitingasöluna, er hér er spurningin um. Gildi laganna 11. nóv. f. á. verður því eigi vefengt í þessu efni; og þar sem áfrýjandinn hefir rekið atvinnu sem veitingamaður um undanfarinn tíma og eigi afsalað sér rétti sínum til þessarar atvinnu með yfirlýsingu samkvæmt 9. gr. laganna, þá var hann samkvæmt 6. gr. sbr. 1. gr. þeirra réttilega krafinn um árgjald til landssjóðs af veitingasölunni. Það ber því að staðfesta hina áfrýjuðu lögtaksgjörð. Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandinn greiði stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 8 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hið áfrýjaða lögtak á að vera óraskað. Áfrýjandinn Einar Zoëga greiði stefnda bæjarfógeta Halldóri Daníelssyni fyrir hönd landssjóðs 8 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 26. marzmánaðar.

Nr. 7/1900: Einar Zoëga
gegn
W. Ó Breiðfjörð.

Dómur:

Mál þetta höfðaði í héraði hinn stefndi kaupmaður W. Ó. Breiðfjörð í Reykjavík gegn áfrýjandanum, veitingamanni Einari Zoëga í Reykjavík, til lúkningar verzlunarskuld að upphæð 234 kr. 15 a., og var málið dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 9. nóv. f. á. með þeim úrslitum, að áfrýjandinn skyldi greiða stefnda 184 kr. 15 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og 15 kr. í málskostnað. Svo var og áfrýjandinn samkvæmt tilsk. 11. ágúst 1819, sbr. tilsk. 24. jan. 1838, sektaður um 4 kr. til landssjóðs.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 27. jan. þ. á. og hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum, að hann verði algjörlega sýknaður af kærum og kröfum stefnda, og að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Hinn stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 60 kr. í málskostnað.

Fyrir bæjarþinginu hafði áfrýjandinn ekkert að athuga við 169 kr. 15 a. af hinni umstefndu skuld, og af mótmælum sínum gegn öðrum 15 kr.

af skuldinni lét hann síðar í málinu, þegar stefnandinn (stefndi fyrir yfirdóminum) hafði skýrt frá, hvernig á þeim stæði. Þessar viðurkendu upphæðir (kr. 169,15 + 15,00 = 184, 15) dæmdi bæjarþingsdómurinn áfrýjandann til að greiða stefnda, en sýknaði hann að öðru leyti. Og með því að áfrýjandinn hér fyrir réttinum hefir engin rök fært fyrir kröfu sinni um frekari niðurfærslu skuldarinnar eða algjörða sýknun í málinu, ber að staðfesta bæjarþingsdóminn að því aðalefni hans snertir. Svo ber og að staðfesta bæjarþingsdóminn að því snertir ákvæði hans um málskostnað og um sekt fyrir óþarfa þrætu, sem lögð var á áfrýjanda fyrir að láta eigi í forföllum sínum mæta á fullnægjandi hátt fyrir sáttanefnd. Ber þannig að staðfesta bæjarþingsdóminn í öllum greinum. Fyrir yfirdóminum verður og að sekta áfrýjandann fyrir bersýnilega ástæðulausa áfrýjun samkvæmt tilskipun 11. ágúst 1819, sbr. tilskipun 24. jan. 1838, 3. gr., um 15 krónur, er renni í landssjóð. Í málskostnað greiði áfrýjandi stefnda 15 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Afrýjandinn Einar Zoëga greiði stefnda W. Ó. Breiðfjörð í málskostnað fyrir yfirdómi 15 krónur. Svo greiði hann og 15 kr. sekt í landssjóð.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. aprílmánaðar.

Nr. 11/1900: Réttvísin
gegn
Arnbirni Ólafssyni.

Dómur:

Með dómi, uppkveðnum 12. ágústmánaðar f. á. fyrir aukarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu, af settum dómara Einari Benediktssyni, var hinn ákærði Arnbjörn bakari Ólafsson í Keflavík dæmdur fyrir brot gegn 102. gr. hinna almennu hegningarlaga í 100 kr. sekt til landssjóðs eða til vara í einfalt fangelsi í 30 daga; svo skyldi hann og greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað.

Þessum dómi hefir að beiðni hins ákærða og fyrir hönd hins opinbera verið áfrýjað til landsyfirdómsins.

Málsatvik eru samkvæmt eigin játningu ákærða og öðrum skýrslum, sem fengnar eru í málinu, þessi: Hinn 15. septbr. 1898 var enskt botnvörpuskip að nafni »Cuckoo« að veiðum í Garðsjó í landhelgi. Hlutaðeigandi sýslumaður, Franz Siemsen, lét þá flytja sig út í nefnt skip til þess að reka landsréttar gegn skipstjóra. Þegar far það, sem sýslumaður fluttist á, kom að nefndu botnvörpuskipi, rétti ákærði, sem var um borð í botnvörpuskipinu, kaðal til þeirra, sem á farinu vorinu, svo að þeir mættu festa sig við botnvörpuskipið. Þegar sýslumaður kom upp á skipið, var ákærði staddur uppi á stjórnbrú skipsins. Sýslu-

maður yrti þá að fyrra bragði á ákærða þessum eða líkum orðum: »Þér eruð þá hér, þér megið skammast yðar, eg skal hitta yður seinna«; jafnframt beindi sýslumaður svipu, sem hann hafði í hendinni, upp til ákærða. Ákærði brást við reiður, steytti hnefana framan í sýslumann og ávarpaði hann þessum orðum: »hér er enginn köttur til að rótuslíta«, eins og hann einnig sagði að sýslumaður hefði þar ekkert að gjöra.

Ákærði hefir kannast við, að hann hafi viðhaft þessi orð til sýslumanns í því skyni að óvirða hann og smána, þótt hann reyndar hafi viljað halda því fram, að hann hafi ekki ætlað að óvirða sýslumanninn sem embættismann, heldur sem privatmann; en til þessa verður ekkert tillit haft, þar sem ákærði hefir kannast við, að hann hafi vitað, að sýslumaðurinn væri kominn umborð til að gegna embætti sínu.

Þetta atferli ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og ekki áður hefir sætt hegningu fyrir neitt lagabrot, hefir héraðsdómurinn með réttu heimfært undir 102. gr. hegningarlaganna og virðist hegning sú, sem hann hefir til unnið samkvæmt nefndri lagagrein. samanborinni við 103. gr. sömu laga, hæfilega metin 200 kr. sekt, er renni í landssjóð, eða einfalt fangelsi í 60 daga, sé öll sektin ekki greidd í ákveðinn tíma. Um málskostnað í héraði á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður. Svo ber ákærða og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með

talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn ákærði, Arnbjörn Ólafsson, á að greiða 200 kr. sekt til landssjóðs eða sæta einföldu fangelsi í 60 daga, sé öll sektin ekki greidd í ákveðinn tíma. Að því málskostnað í héraði snertir, á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður. Ákærði greiði einnig allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, cand. juris Guðmundar Sveinbjörnsson og setts málaflutningsmanns Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. aprílmánaðar.

Nr 10/1900: Hið opinbera
gegn
Sigurði Jóhannessyni og
Hákoni Halldórssyni.

Dómur:

Með bréfi dags. 9. marz 1898 tilkynti sýslu-

maðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hreppstjórunum í Ytri- og Innri-Akraneshreppum, að amtmaðurinn yfir suðuramtinu hefði, með skírskotun til tilskipunar 12. febr. 1872 um fiskiveiðar útlendra við Ísland og laga 17. desbr. 1875 um breyting á þeirri tilskipun, lagt bann fyrir að menn í sýslunni færu út í utanríkisskip, sem ekki væru búin að sýna skjöl sín einhversstaðar hér við land í sömu fiskiferðinni hingað frá útlöndum, eða út að þeim, þannig að menn hefðu nokkur mök við skipverja, sem sé með því að leggja bátum sínum að skipunum, taka fisk og annað hjá skipverjum og færa þeim hitt og þetta úr landi. Lagði sýslumaður í bréfinu fyrir hreppstjórana, að gjöra almenningi í hreppunum kunnugt bann þetta, með því að birta bréfið í hreppunum, og það virðast þeir hafa gjört.

Í máli þessu eru nú formennirnir Sigurður Jóhannesson á Bræðraparti og Hákon Halldórsson í Lambhúsum samkvæmt skipun amtsins kærðir, hinn fyrnefndi fyrir brot gegn fyrtéðu amtsbanni og gegn tilskipun um sóttvarnir 8. febr. 1805, 39. gr. 8, sbr. 27., 28., og 29. gr., og hinn síðarnefndi fyrir sömu brot og fyrir brot gegn tilskipun 12. febr. 1872, um fiskiveiðar útlendra við Ísland o. fl. og lög 17. desbr. 1875, um breyting á þeirri tilskipun, en með dómi lögregluréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 14. okt. f. á. voru hinir kærðu dæmdir sýknir af kæru hins opinbera í málinu, og málskostnaður lagður á almannafé.

Þessum dómi hefir amtmaðurinn yfir suður-

amtinu af hálfu hins opinbera skotið til landsyfirdómsins.

Hinum kærða Sigurði Jóhannessyni er gefið það að sök og það sannað með eigin játningu hans, að hann hafi í aprílmánuði 1898, eftir að búið var að birta fyrnefnt amtsbann, farið út í botnvörpuveiðiskipið Richard nr. 91, sem var að veiðum utan landhelgi, og sem ekki var búið að sýna skjöl sín hér við land, og fengið hjá skipverjum fisk fyrir eitthvað af tóbaki og vínföngum. Það er ekki upplýst í málinu, hverrar þjóðar nefnt botnvörpuskip var eða frá hvaða stað það var, en í lögregluréttardóminum virðist gengið út frá því, að það hafi verið frá Englandi.

Um kærða Hákon Halldórsson er það sannað, að hann í sama mánuði og sömuleiðis eftir birtingu amtsbannsins hafi átt samskonar viðskifti við botnvörpuskipið »Faraday« frá Hull, sem heldur ekki var búið að sýna skjöl sín áður á neinni höfn hér við land, og fór hann út í skipið fyrst þar, sem það var við veiðar utan landhelgi, og léði þeim þá mann til að leiðbeina skipinu inn á höfn, og síðan aftur daginn eftir, er skipið var komið inn á höfn á Akranesi, en þó ekki farið að gjöra hreppstjóra aðvart um komu sína, og sótti hann þá mann sinn aftur í skipið og fékk fisk hjá því fyrir mannlánið.

Að því leyti hinir kærðu eru sakaðir fyrir brot gegn tilsk. 8. febr. 1805, um sóttvarnir, þá er það þegar nægileg ástæða til að sýkna þá fyrir þeirri kæru, að engin auglýsing var þá í

gildi, er þeir eiga að hafa sekir orðið, frá stjórnarráðinu eða landshöfðingja um að fyrirmælum tilskipunarinnar skyldi framfylgt að því er snerti fyrnefnd skip eða önnur. Og þó að svo væri álitið, að slíkrar auglýsingar þyrfti eigi nú orðið, þar sem einhverjar hættulegar og næmar sóttir gangi jafnaðarlega eða ávalt einhversstaðar í útlöndum, þá er þess að gæta, að um afarlangan tíma hefir ekkert verið gjört af yfirvaldanna hálfu til að halda uppi gildi tilskipunarinnar, svo sem með skipun sóttvarnarnefnda, og annara umsjónarmanna eða með auglýsingum og öðrum fyrirskipunum, sem tilskipunin gjörir ráð fyrir sem nauðsynlegum grundvelli fyrirmæla sinna. Það er einnig svo fjarri því, að bann amtsins, sem mál þetta er sprottið af, hafi verið út gefið til að brýna fyrirmæli nefndrar tilskipunar frá 1805, og því geti skoðast sem nauðsynleg aðvörun til manna um að gæta fyrirmæla þeirrar tilskipunar, að bannið skírskotar að eins til laganna um fiskiveiðar útlendra 12. febr. 1872 og 17. desbr. 1875, og að einmitt í því bréfi sínu, er amtmaður skipaði sýslumanni að útgefa bannið, tekur hann það fram, að sóttvarnarlög landsins »komi vitanlega eigi til greina, nema auglýsing stjórnarráðsins sé uppi um það, að *þær hafnir*, sem skipin koma frá, séu sýktar af þeim sjúkdómum, sem sóttvarnarlögin eiga við«; en þessi ummæli sýna ljóslega, að amtið hefir þá, þegar bannið var út gefið, eigi álitið, að sóttvarnartilskipunin 8. febr. 1805 væri

þá í fullu gildi, eða að henni yrði framfylgt gegn mönnum í þá átt, er hér ræðir um.

Það verður þannig, hvernig sem á er litið, að sýkna hina kærðu að því leyti málið er höfðað fyrir brot gegn tilsk. 8. febr. 1805. Og með því að eigi verður heldur séð, að þeir hafi í neinu brotið gegn hinum öðrum lagafyrirmælum, er nefnd eru í málshöfðunarskipuninni, tilskipun 12. febr. 1872 um fiskveiðar útlendra við Ísland og lögum 17. desbr. 1875 um breytin gá þeirri tilskipun, en um sérstaka ábyrgð fyrir óhlýðni við bann amtsins getur eigi verið að ræða, þá verður að sýkna hina kærðu algjörlega í máli þessu, eins og undirdómarinn hefir gjört. Ákvæði lögregluréttardómsins um málskostnað samþykkjast einnig, og ber því að staðfesta téðan dóm í öllum greinum. Áfrýjunarkostnað málsins ber eftir þessum úrslitum að greiða af almannafé, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í héraði hefir vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn á að vera óraskaður. Allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors, ber að greiða af almannafé.

Nr. 3/1900: Ingvar Ingvarsson
gegn
Kristjáni Þorgrímssyni
fyrir hönd verzlunar W. Fischers
í Hafnarfirði.

Dómur:

Mál þetta var í héraði höfðað af kaupmanni Kristjáni Þorgrímssyni í Reykjavík fyrir hönd W. Fischers verzlunar í Hafnarfirði gegn Ingvari Ingvarssyni, bónda á Kalmanstjörn, til greiðslu á verzlunarskuld, og var Ingvar Ingvarsson með gestaréttardómi Kjósar- og Gullbringusýslu, uppkveðnum 9. sept. f. á., dæmdur til þess að greiða hina umkröfðu skuld, 76 kr. 40 aura, með 5% vöxtum frá 19. júní 1899 þangað til borgun fer fram, og málskostnað eftir reikningi 54 kr. 50 aur. Dómi þessum hefir Ingvar Ingvarsson skotið til yfirdómsins með stefnu, út gefinni 9. jan. þ. á., og hefir hann krafist þess, að hann verði algjörlega sýknaður fyrir kærum og kröfum stefnda, og að sér verði tildæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum með 50 kr., eða eftir réttarins mati. Stefndi Kristján Þorgrímsson hefir krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi með 30 kr., eða einhverju nægilegu eftir réttarins mati. Hinn stefndi byggir kröfu sína gegn áfrýjanda á reikningi yfir viðskifti hans við verzlun P. C. Knudtzon & Söns í Hafnarfirði frá ársbyrjun 1893 til ársloka 1894,

og síðan á viðskiftareikningi hans við W. Fischers verzlun sama staðar frá ársbyrjun 1895 til 1898, og er W. Fischers verzlun áframhald af P. C. Knudtzons verzlun. Eftir þessum reikningi var skuld áfrýjanda hinn 1. jan. 1893 63 kr., hinn 1. janúar 1895 var hún 3 kr. 29 aur., við ársbyrjun 1897 er hún talin 73 kr. 63 aur., og 1898 76 kr. 40 aur., og er hann nú krafinn um þessa upphæð. Reikningarnir eru löglega staðfestir útdrættir úr verzlunarbókum áðurnefndra kaupmanna, og stafar skuldin eftir þeim frá úttekt á ýmis konar almennum verzlunarvörum. Verzlunarúttekt áfrýjanda þessi ár eftir reikningunum er þó miklu hærri en hin umkrafða skuld, þar sem greiðslur hans til verzlananna á sama tíma eru í þessum reikningum taldar 930 kr. 49 aur., og verðuppbót að auki 10 krónur.

Fyrir gestaréttinum mótmælti áfrýjandi með öllu hinni umstefndu skuld, »með því að hann ekki viti til þess, að hann skuldaði nokkuð til W. Fischers-verzlunar í Hafnarfirði; hann hafi reyndar haft viðskifti við fyrverandi forstjóra verzlunarinnar, Gunnlaug heitinn Briem, en þau viðskifti hafi verið klár og séu því þessu óviðkomandi«; og síðar fyrir gestaréttinum tekur hann það fram, að hann hafi engin viðskifti haft við verzlun Knudtzons í Hafnarfirði, heldur við Gunnlaug sál. Briem persónulega. Fyrir yfirdóminum hefir svo áfrýjandi ítrekað neitun sína um það, að hann hafi skift við Knudtzon's verzlun í Hafnarfirði eða við

þá verzlun eftir að hún var orðin eign W. Fischers.

Með því áfrýjandi þannig hefir neitað því eindregið, að hann hafi átt verzlunarviðskifti við Knudtzons verzlun í Hafnarfirði eða núverandi eiganda hennar W. Fischer, en stefndi hins vegar ekki hefir fært næga sönnun fyrir að svo hafi verið, virðast úrslit málsins eiga að vera komin undir eiði áfrýjanda, þannig, að ef hann með eiði synjar fyrir, að hann á því tímabili, sem umstefnd skuld á að vera til orðin, hafi haft verzlunarviðskifti við P. C. Knudtzons verzlun í Hafnarfirði eða við þá verzlun eftir að hún var orðin eign W. Fischers, þá skuli hann vera sýkn af kærum og kröfum stefnda í máli þessu, og á málskostnaður þá að falla niður, en treysti hann sér ekki til að vinna svo feldan eið, á hann að greiða Kristjáni Þorgrímssyni fyrir hönd verzlunar W. Fischers í Hafnarfirði kr. 76, 40 aur. með 5% vöxtum frá 19. júní 1899 unz borgað er að fullu; svo ber honum og þá að greiða stefnda málskostnað fyrir báðum réttum, er þykir hæfilega metinn 50 kr.

Því dæmist rétt vera:

Ef áfrýjandi Ingvar Ingvarsson eftir löglegan undirbúning á sínu varnarþingi vinnur eið að því, að hann ekki hafi haft nein verzlunarviðskifti við P. C. Knudtzons verzlun í Hafnarfirði eða W. Fischers verzlun í Hafnarfirði á tímabilinu frá ársbyrjun 1893 þangað til á árinu 1898, á hann að vera sýkn af

kærum og kröfum stefnda í málinu og fellur þá málskostnaður niður. En treysti hann sér ekki til að vinna svo feldan eið, ber honum að greiða stefnda kr. 76 40 aur. með 5% vöxtum frá 19. júní 1899, unz borgað er að fullu, og 50 kr. í málskostnað fyrir báðum réttum.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að við lagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 30. aprílmánaðar.

Nr. 14/1900. Réttvísin
gegn
Bárði Kristjáni Guðmundssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Ísafjarðarsýslu, uppkveðnum 5. febr. þ. á., var hinn ákærði, búfræðingur Bárður Kristján Guðmundsson á Hesteyri, dæmdur fyrir húsbrennu samkvæmt almennum hegningarlögum 25. júní 1869, 283. gr. 2. málslið, til að sæta 2. ára betrunarhúsvinnu, greiða iðgjöld til Ingibjargar Halldórsdóttur 131 kr. 75 aur., svo og lúka öllum af málsrekstrinum í héraði og varðhaldsvist hans leiðandi kostnaði að meðtöldum málsvarnarlaunum til verjanda hans, 8 krónum. Dómi þessum hefir verið áfrýjað til yfirdómsins að beiðni hins ákærða.

Hinn ákærði bygði árið 1898 hús á verzlun-

arstaðnum Hesteyri í Norður-Ísafjarðarsýslu og vátrygði það sama ár hjá brunabótafélaginu »Commercial Union« fyrir 1600 kr., og var húsið þá eigi fullbúið. Hjá sparisjóðnum á Ísafirði fekk hann lán upp á húsið, sem hann átti að greiða afborgun og vexti af árlega, afborgun í fyrsta sinn á síðastliðnu hausti. Auk þess hvíldu á honum ýmsar aðrar skuldir, sem hann ekki hafði fé til að greiða. Honum hugkvæmdist þá það ráð, að afla sér fjár með því að brenna húsið, en áður vildi hann þó hækka ábyrgðar-upphæð þess og í því skyni sneri hann sér í síðastliðnum nóvembermánuði til umboðsmanns brunabótafélagsins »Commercial Union« á Ísafirði, og beiddist þess, að ábyrgð á húsinu væri hækkuð um 400 kr., og sendi jafnframt fult ábyrgðargjald, einnig fyrir hækkun ábyrgðarinnar. Nokkru áður, í september f. á, hafði hann vátrygt innanstokksmuni sína og lausafé fyrir 1400 kr. hjá umboðsmanni brunabótafélagsins: »det kgl. octrojerede almindelige Brandassurance Compani« á Ísafirði, og jafnframt vátrygði hann þar fjármuni ráðskonu sinnar fyrir 400 kr., og hafði hún áður beðið hann, eða óskað þess, að hann vátrygði lausafé sitt, en eigi hafði hún tiltekið vátryggingarupphæðina. Lausafé þetta, sem hann þannig vátrygði, var í húsi hans. Ákærða var neitað um aður áminsta hækkun á ábyrgð á húsinu, en tilkynningu um það fekk hann eigi fyr en hann hafði framkvæmt það áform sitt, að kveikja í því og brenna það. Þegar ákærði hafði gjört þennan undirbún-

ing, og fest það ráð með sér, að kveikja í húsinu og brenna það, til þess að ná í ábyrgðarupphæð þess og lausafjárins, afréð hann að framkvæma þetta áform sitt nóttina milli 15. og 16. desember f. ár. Undir lofti í húsi hans var óþiljað geymslurúm í öðrum endanum; var þar meðal annars geymt steinolíufat með töluverðu af steinolíu í; rétt hjá fatinu voru pokar, kassar, veiðarfæri og ýmislegt fleira. Síðari hluta dags, hinn 15. desember, — en þá var gott veður, tunglskin og logn, — fór ákærði inn í geymslurúmið, vætti hamp og kaðaltáningu með steinolíu og lagði þetta bak við steinolíutunnuna. Á venjulegum tíma um kvöldið, um kl. 10, fór heimilisfólk að hátta í húsinu, sömuleiðis hinn ákærði; en er hann hafði legið í rúmi sínu nálægt því klukkutíma, og allir aðrir voru komnir í svefn, læddist hann út úr svefnherbergi sínu, fór niður í geymslurúmið, skvetti steinolíu á hefilspæni, er troðið var upp í binding á húsinu og sem þar sást á, og á þiljur og gólf í þeim enda geymslurúmsins, þar er tunnan lá, velti tunnunni af stokkunum, þannig, að olían rann úr henni, og kastaði síðan logandi eldspýtu í olíuna, og kviknaði þá þegar í henni, húsþilinu og húsveggnum. Eftir skamma stund stóð alt húsið í björtu báli. Ákærði var þó áður kominn upp á loft í húsinu, og hafði aðvarað hitt heimilisfólkið um, að eldur væri kominn í húsið. Fólkið alt í húsinu, — en þar var, auk ákærða, faðir hans og tvö börn ákærða, ráðskona ákærða og vinnukona — komst út úr brunanum skemdar-

laust, en húsið og alt fémætt, er í því var, brann til kaldra kola. Það virðist eigi hafa stafað voði af bruna þessum fyrir nokkurt annað mannvirki í nándinni, og eigi fyrir mannslíf annara en þeirra, sem í húsinu voru, og sýndi ákærði talsverða fyrirhyggju til þess að setja þá eigi í voða. — Töluverð tregða varð á því, að hinn ákærði játaði glæp sinn fyrir undirréttinum, en hann var þegar í upphafi grunaður um að hafa valdið brennunni; að lokum gaf hann þó afdráttarlausa skýrslu um verknaðinn og öll atvik, sem lúta að honum.

Þegar húsið var brunnið, gjörði hinn ákærði ráðstafanir til þess, að fá ábyrgðarupphæðina fyrir það útborgaða. Hann skýrði þá frá því, að brunnið hefðu hjá sér 250 kr. í peningum, í staðinn fyrir 105 kr., sem hann síðar hefir kannast við að væri hin rétta upphæð. Skýrsla hans um hið brunna lausafé var og röng, að því er nokkra aðra muni snertir.

Framantalin afbrot hins ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, og eigi hefir áður sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurn glæp, heyra undir 283. gr., 2. lið hinna almennu hegningarlaga, og 261. gr. sömu laga, og þykir refsingin fyrir þau hæfilega ákveðin 2 ára og 6 mánaða betrunarhúsvinna. Um málskostnað og iðgjöld á héraðsdómurinn að vera óraskaður. Hinn ákærði á einnig að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, sem ákveðast 10 kr. til hvors þeirra. — Það vottast, að

rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Bárður Kristján Guðmundsson skal sæta betrunarhúsvinnu í 2 ár og 6 mánuði. Að öðru leyti skal undirréttardómurinn vera óraskaður. Ákærði greiði einnig allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málsfærslumannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmd iðgjöld greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, og skal honum að öðru leyti fullnægt með aðför að lögum.

Mánudaginn 14. maímánaðar.

Nr. 15/1900: Réttvísin gegn Lárusi Pálssyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað gegn Lárusi Pálssyni, húsmanni í Reykjavík fyrir fölsun á læknisrecepti, fyrir að hafa gjört skaða með lækningatilraun og fyrir ólöglega meðalasölu, og var það dæmt í aukarétti Reykjavíkur 24. jan. þ. á. með þeim úrslitum, að ákærði var sýknaður af ákæru sóknarans að því er kæruna fyrir skjalafölsun snerti,

en dæmdur fyrir brot gegn lögum 29. febr. 1884 í 20 kr. sekt til landssjóðs og fyrir ólöglega meðalasölu í 4 kr. sekt til fátækrasjóðs Reykjavíkur. Svo skyldi hann og greiða allan af málinu leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda sins í héraði, yfirréttarmálaflutningsmanns Einars Benediktssonar, 10 kr. Þá voru og nokkur eiturlyf, er fundust hjá ákærða, gjörð upptæk.

Það er sannað með játningu ákærða og á annan hátt, að hann hefir breytt recepti, er hann hafði fengið hjá Guðmundi lækni Magnússyni í Reykjavík og sem hljóðaði um 10 eða 15 grömm af tinctura aconiti, þannig, að hann gjörði úr grammatölunni á receptinu töluna 215. Receptið hafði ákærði, áður en hann breytti grammatölunni á því, notað að minsta kosti tvisvar, eftir því sem ætla verður af áteiknunum á því, en með því að hann þurfti oft á meðalinu að halda, sumpart handa sjálfum sér og sumpart til lækninga, sem hann hefir fengist töluvert við, og hann áleit sér heimilt að fá af meðalinu meira í einu, eins og hann gat fengið út á receptið eins oft og hann vildi, þá breytti hann tölunni á receptinu eins og fyrr er frá skýrt, og kveðst hann þannig hafa að eins gjört breytinguna á receptinu til að spara sér ómak og lyfsalanum margar afgreiðslur. Hið breytta recept sendi ákærði á lyfjabúðina í Reykjavík og hafði þá ritað jafnframt aftan á það beiðni til lyfjasölumannsins um að láta sig fá 215 gr. af meðalinu í reikning sinn. Lyfsölumaðurinn, sem beiðnin á receptinu var stíluð til, af-

greiddi það eins og um var beðið, en hann kveðst þó hafa tekið eftir því, að grammatalan á því var óreglulega skrifuð og eins og henni væri breytt, en hafi þó eigi álitið sér heimilt að neita að láta úti hinn tiltekna skamt, enda sé meðalið eitt af þeim, sem megi láta úti eftir sama recepti í svo stórum skömtum sem vera vill.

Að vísu hefir nú ákærði játað, að sér hafi verið það ljóst, að læknirinn mundi ekki hafa gefið sér recept upp á svo stóran skamt sem breytingin hljóðaði um, en á hinn bóginn verður að taka trúanlega þá skýrslu ákærða, að hann hafi ætlað, að eins og hann mætti fá út á receptið svo oft sem hann vildi af meðalinu, eins hlyti sér að vera leyfilegt að fá meira af því í einu til að spara óþarfa ómök og afgreiðslur. Það kemur nú eigi til greina, hvort þessi skoðun ákærða, sem kemur heim við álit lyfsölumannsins, sem fyrr er getið, er rétt eða eigi, en hún gat sennilega leitt til þess, að ákærði áliti sér leyfilegt að breyta skamtinum, sem á receptinu stóð, til leiðbeiningar fyrir lyfsalann, er hann vildi fá stærri skamt afgreiddan. En að ákærði eigi hafi ætlað að villa sjónir fyrir lyfsölumanninum, virðist mega ráða að því, að breytingin á receptinu er svo illa gjörð, að ákærði gat eigi búist við, að hún dyldist fyrir honum, og eins bendir það á að ákærði hafi eigi verið sér meðvitandi þess, að hafa gjört nokkuð óleyfilegt með breytingunni á receptinu, að hann alveg ótilkvaddur sýndi rannsóknardómaranum hið

breytta recept síðar, er málssókn þessi var hafin gegn honum fyrir ólöglegar lækningar og meðalasölu, og skýrði hiklaust frá breytingunni. Af þessum sökum verður eigi álitið, að ákærði hafi breytt fyrtéðu recepti í hegningarverðum tilgangi, og verður því, eins og undirdómarinn hefir gjört, að sýkna hann fyrir ákæru sóknarans að því þetta kæruatriði snertir.

Að því er snertir kæruna fyrir að hafa gjört skaða með lækningatilraunum sínum, þá eru atvik málsins þau, að 1. nóv. f. á. leitaði Geir skipstjóri Sigurðsson í Reykjavík ráða hjá ákærða, sem er alkunnur að því að fást við lækningar, og fekk ákærði, Geir, við sjúkdómi hans, sem var taugaveiklun (nevrastheni) 4 glös, merkt a, b, c og d, sem Geir átti að taka úr 7 dropa 5 sinnum á dag, 1. daginn úr *a*-glasinu, þar næst úr *b*-glasinu o. s. frv. í 12 daga, en ákærði áminti Geir um að taka varlega úr b-glasinu og skyldi hann að eins taka 3 inntökur úr því á dag, ef honum fyndist það meðal hafa óþægileg áhrif á sig, en í glasi þessu var eiturmeðal, tinctura belladonnae, í 3. þynningu eftir homöopathiskum reglum, að sögn ákærða, en blandan kröftugri nokkuð að ætlun landlæknis, héraðslæknis og lyfsala, sem hafa prófað verkanir meðalsins og verkanir réttrar 3. þynningar af tinctura belladonnae. Geir Sigurðsson byrjaði þegar sama daginn að taka úr glösunum eftir fyrirsögn ákærða, en næsta dag, er hann hafði tekið 2 inntökur úr b-glasinu, fanst honum sér versna allmikið; hann fekk hjartslátt og titr-

ing og honum fanst sem tóm eða eyða yrði í höfðinu á sér og augun stækkuðu eða gengu út, og fleiri óþæginda fann hann til, sem hann eigi hafði fundið til áður. Hann hætti þá að brúka meðalið eftir ráði héraðslæknis, og skánaði honum þá brátt aftur, og áleit héraðslæknir hann eftir rúma 2 daga orðinn lausan við beinar afleiðingar af eitruninni, sem orsakaðist af brúkun meðalsins í *b*-glasinu, þó að hann gæti, vegna taugaveiklunar sinnar, búið lengur að áhrifum hennar á hann. Það er og álit téðra lækna, að heilsu mannsins hefði ef til vill verið veruleg hætta búin, ef hann hefði haldið áfram að taka inn meðalið eftir fyrirsögn ákærða.

Með lækningatilraun þeirri, er nú hefir verið lýst, verður að álíta, að ákærði hafi gjört skaða, í þeim skilningi, sem lög 29. febr. 1884 gjöra ráð fyrir, og verður því að fallast á það, að hann, sem áður hefir með landsyfirréttardómi 2. maí 1881 verið sektaður um 20 krónur fyrir skottulækningar samkvæmt tilskipun 5. sept. 1794, 5. gr., er með hinum áfrýjaða dómi dæmdur til að sæta sekt samkvæmt greindum lögum, er þykir hæfilega ákveðin 40 krónur, er renni í fátækrasjóð Reykjavíkur.

Þá hefir ákærði verið kærður fyrir ólöglega meðalasölu, og hefir hann játað að hafa látið úti meðöl til manna, einkum í seinni tíð, og tekið borgun fyrir og hefir hann keypt meðölin í lyfjabúðum hér á landi. Hefir ákærði með þessari

lyfjaverzlun orðið brotlegur gegn tilskipun 4. des. 1672, 30. gr. sbr. kgsbr. 17. jan. 1783 og kansbr. 16. sept. 1797 og er því með undirdóminum réttilega sektaður fyrir hana og þykir upphæð sektarinnar hæfilega ákveðin 10 kr., er renni í fátækrasjóð Reykjavíkur.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku eiturlyfja þeirra, er fundust hjá ákærða, samþykkjast einnig og sömuleiðis málskostnaðarákvæði dómsins, og ber þannig að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með framangreindum breytingum að því er refsingarákvæði hans snertir. Ákærða ber að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 10 kr. til hvors. Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Sekt ákærða Lárusar Pálssonar ákveðist samtals 50 krónur, og renni öll í fátækrasjóð Reykjavíkur. Að öðru leyti á aukaréttardómurinn að vera óraskaður. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 krónur til hvors þeirra.

Ídæmd sekt greiðist innan 8 vikna frá lög-

birtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 18. júnímánaðar.

Nr. 45/1899: Kristján Jörundsson
gegn
prestinum að Staðarhrauni
Stefáni Jónssyni, fyrir hönd
Hítardalskirkju.

Dómur:

Með því að landamerkjamál það, sem hér er undir áfrýjun, og sem dæmt var í merkjadómi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 7. ágústm. f. á., eigi hefir verið lagt til sátta á lögskipaðan hátt, sbr. tilsk. 20. jan. 1797, I. kap. 1, verður að dæma hinn áfrýjaða dóm ómerkan og vísa málinu frá landamerkjadóminum. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Landamerkjadómurinn á að vera ómerkur og vísast málinu frá undirréttinum. Málskostnaður falli niður.

Nr. 46/1899: Guðrún Bjarnardóttir
gegn
Arnljóti Ólafssyni.

Dómur:

Mál þetta var í héraði höfðað af áfrýjandanum ekkjufrú Guðrúnu Bjarnardóttur á Presthólum gegn stefnda Arnljóti presti Ólafssyni á Sauðanesi til sekta og skaðabóta fyrir skemdir á grafreitsgrindum um leiði manns áfrýjanda í kirkjugarðinum á Sauðanesi, en með dómi aukaréttar Þingeyjarsýslu, uppkveðnum 28. nóv. 1898, var stefndi dæmdur sýkn af kærum og kröfum áfrýjandans og málskostnaður látinn falla niður. Svo var og með dóminum umboðsmaður áfrýjanda fyrir aukaréttinum Páll kandídat Bjarnarson dæmdur í 10 kr. sekt til fátækrasjóðs Sauðanesshrepps fyrir ósæmilegan rithátt í söknarskjali. Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 2. desbr. f. á. og krafist þess, að stefndi verði dæmdur til þess annaðhvort að uppsetja jafngóðar grindur úr steypujárni í stað hinna brotnu, eða greiða andvirði þeirra með 209 kr. ásamt 5% vöxtum frá sáttakærudegi, að ákvæði hins áfrýjaða dóms um sekt verði úr gildi felt og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfir- og undirrétti eftir réttarins mati. Loks hefir áfrýjandi krafist þess, að yfirdómari Kristján Jónsson víki úr dómarasæti í máli þessu sakir skyldleika við undirdómarann; en með því að eigi er spurning um neina ábyrgð á hendur

undirdómaranum í málinu, þykir eigi ástæða til að verða við kröfu þessari. Stefndi hefir eigi mætt eða látið mæta af sinni hálfu fyrir yfirdóminum.

Vorið 1891 lét stefndi rífa gamla kirkjuhúsið á Sauðanesi, sem hann hafði keypt, en þegar verið var að rífa það, misti vinnumaður hans, er meðal annara var að verkinu, tré eða borð á járngirndur, er áfrýjandi hafði látið setja upp árið áður um leiði manns síns og sem stóðu skamt fra austurgafli kirkjunnar, og brotnuðu við þetta tappar af einu spjaldinu í grindunum (af 8 eða 9) og losnaði það því úr þeim. Eftir þetta voru grindurnar látnar eiga sig og hrörnuðu þær smátt og smátt, svo að þegar mál þetta var höfðað, virðist lítið annað hafa verið uppistandandi af þeim en stólparnir, sem spjöldin voru greypt inn í. Áfrýjandi byggir nú kröfur sínar á hendur stefnda á því, að stefndi hafi átt að svara til yfirsjónar vinnumanns síns, er grindurnar braut í fyrstu, og þarnæst á því, að hann hafi eigi varnað frekari skemdum á grindunum, sérstaklega með því að gjöra áfrýjanda aðvart um brotið á grindunum, svo að hún gæti látið gjöra við þær í tíma, enda hafi stefndi og verið orsök í því, að skemdirnar ágerðust, með því að vanrækja skyldu sína sem kirkjuhaldari að halda kirkjugarðinum við, svo að allar skepnur hafi þar gengið viðstöðulaus út og inn.

Að vísu var það, eins og áður hefir sagt verið, vinnumaður stefnda, sem olli broti á grindun-

um í fyrstu; en eftir því sem ráða virtist mega af málsskjölunum vann hann að niðurrifi kirkjunnar að eins í frístundum sínum og fyrir menn, er stefndi hafði samið við um niðurrif kirkjunnar, og verður því stefndi þegar af þeirri ástæðu eigi krafinn ábyrgðar á grafreits-grindabrotinu sjálfu. En að því leyti áfrýjandi vill gefa stefnda sök á því, að grindurnar gjörféllu síðar eða því sem næst, þá verður stefnda, eftir því sem upplýst er, eigi um það kent, þótt girðingunni um kirkjugarðinn hafi verið ábótavant, þar sem hann eftir megni virðist hafa reynt að fá rétta hlutaðeigendur, sóknarnefndina, til að bæta hana, enda er því haldið fram af áfrýjanda, að grindurnar hafi eyðilagzt eigi síður fyrir áhrifum vinds og veðra en af skepnuágangi eða fyrir það að kirkjugarðurinn var óvarinn. Og í annan stað verður eigi álitið að stefnda hafi borið skylda til að gjöra áfrýjandanum aðvart um, að grindurnar þyrftu aðgjörðar við eða til að bæta skemdirnir sjálfur, enda vissi stefndi eigi um grindabrotið fyr en eftir að áfrýjanda var orðið kunnugt um það.

Samkvæmt framansögðu ber að fallast á það, að undirdómarinn hefir sýknað stefnda fyrir kærum og kröfum áfrýjandans í máli þessu að því aðalefnið snertir. Málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins samþykkist og, og sömuleiðis ákvæði hans um sekt fyrir ósæmilegan rithátt, en sektin renni að hálfu í fátækrasjóð og að hálfu í landssjóð, og er aukaréttardómurinn staðfestur með

þeirri breytingu. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður, þó svo, að sektin fyrir ósæmilegan rithátt renni að hálfu í fátækrasjóð Sauðanesshrepps en að hálfu í landssjóð.

Ídæmd sekt greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. júlímánaðar.

Nr. 16/1900: Guðmundur Þorsteinsson
gegn
Jóni Gíslasyni.

Dómur:

Með leigusamningi dags. 30. apríl 1898 leigði áfrýjandinn Guðmundur Þorsteinsson trésmiður í Reykjavík stefnda Jóni skósmið Gíslasyni samastaðar í húsi sínu við Nýlendugötu í Reykjavík 2 herbergi og eldhús með eldavél og skápum, er því fylgdu, eldhússkúr, geymsluplass í kjallara og hálfan kálgarð. Leigutíminn var frá 14. maí 1898 til jafnlengdar 1899, og skyldi stefndi greiða í leigu 8 kr. fyrir hvern mánuð og annast matreiðslu fyrir leigjanda einu sinni á dag. Leigjandi skyldi hafa húsið í leigufæru standi með lyklum og heilum rúðum og leiguliði skila því í sama standi

Stefndi bjó í húsrúminu hinn umsamda tíma og flutti þaðan 14. maí f. á., en þá átti hann ógreiddar af húsaleigunni 28 kr. og hafði auk þess, að áliti áfrýjanda, vanhaldið þá skyldu sína, að annast matreiðslu fyrir áfrýjanda mestan hluta leigutímans, og taldi áfrýjandi sér það 20 kr tjón. Þá taldi og áfrýjandi, að stefndi hefði skemt ýmislegt, er hann átti að skila óskemdu, og mat það 2 kr. 40 au. Höfðaði því áfrýjandi mál gegn stefnda fyrir bæjarþingi Reykjavíkur og krafðist þess að hann af þessum sökum yrði dæmdur til að greiða sér 50 kr. 40 aur. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og málskostnað, en með dómi fyrir nefndum rétti 7. sept. f. á. var stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda 2 kr. 40 aur. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en var að öðru leyti sýknaður af kröfum hans í málinu, og málkostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 6. marz þ. á. og hefir hann krafist þess, að stefndi verði dæmdur til að borga 50 kr. 40 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en til vara, fyrir viðurkenda ólokna húsaleigu og skemdir á íbúðinni 30 kr. 40 a. með sömu vöxtum, og loks að hann verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum, fyrir yfirrétti með 20 kr. eða annari upphæð eftir mati réttarins. Stefndi krafðist aftur á móti þess, að dómurinn væri staðfestur og sér dæmdur málskostnaður hjá áfrýjanda.

Stefndi hefir viðurkent, að hann hafi hætt að

greiða áfrýjanda húsaleigu frá janúarlokum 1899, en hann hefir haldið því fram, að sér hafi verið heimilt að gjöra þetta með því að áfrýjandi hafi vanhaldið leigusamninginn gagnvart sér með því að vanrækja að hafa húsið í leigufæru standi, eins og áskilið hefði verið, og með því að leigja öðrum manni að sér fornspurðum hálft eldhúsið, sem hann átti að hafa, 3—4 mánuði af árinu. Það er einnig sannað með eiðfestum vitnisburðum tveggja húsasmiða, er skoðuðu húsrúm það, er stefndi hafði haft, 15. maí f. á, þegar stefndi flutti úr því, að útbúnaður á því hafi verið mjög illur og hafa þeir álitið að íbúðin hafi þá eigi verið í leigufæru standi, svo að full leiga gæti borgast eftir hana. Og með því að áfrýjandi virðist hafa lofað stefnda að umbæta gallana, er á íbúðinni voru, en þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir stefnda lét það ógjört, og braut þannig leigusamninginn af sinni hálfu, þá gat stefndi eigi verið skyldur til að greiða fulla leigu eftir húsrúmið, og þykir upphæð sú, 18 kr., er hann í þessu skyni tjáist hafa dregið frá húsaleigunni, ekki ósanngjörn eða of há sem skaðabætur fyrir vanefndir á samningnum. En þar sem stefndi hefir haldið eftir af húsaleigunni 10 kr. fyrir það, að áfrýjandi hafi leyft öðrum manni aðgang að eldhúsinu að honum fornspurðum 3—4 mánuði sumarið 1898, þá verður að líta svo á, sem þetta hafi verið þegjandi samþykt af stefnda, þar sem hann virðist ekki hafa borið sig upp yfir því, enda greiddi mótmælalaust húsaleiguna óskerta þann tímann

sem eldhúsið þannig var notað af öðrum jafnframt honum, og nokkra mánuði eftir það. Það verður því að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda þessar 10 kr. af húsaleigunni. Að því er snertir kröfu áfrýjanda um 20 kr. bætur hjá stefnda fyrir það, að stefndi hafi vanrækt þá skyldu sína samkvæmt leigusamningnum að annast matreiðslu fyrir hann »mestan hluta leigutímans«, þá hefir áfrýjandi eigi, gegn neitun stefnda, sannað, að stefndi hafi vanrækt þessa skyldu sína, nema ef vera skyldi í eitt skifti eða 1 dag, þegar kona stefnda skoraðist undan að elda fyrir áfrýjandann, af þeirri ástæðu, að hún þurfti ekkert að elda fyrir sjálfa sig, en fyrir þetta eina skifti verður stefndi eigi dæmdur í 20 kr. bætur til áfrýjanda, og um varakröfu þar er eigi að ræða Samkvæmt framansögðu verður að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda 10 kr. auk þeirra 2 kr. 40 a., sem bæjarþingsdómurinn ræðir um og sem eigi koma til álita í yfirdóminum, eins og málið liggur fyrir, hvorttveggja með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en sýkna hann að öðru leyti fyrir kröfum áfrýjanda, eins og bæjarþingsdómurinn hefir gjört. Málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins samþykkjast, og þykir og rétt, að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Jón Gíslason greiði áfrýjandanum Guðmundi Þorsteinssyni 12 kr. 40 a. ásamt

5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en sé að öðru leyti sýkn af kröfum hans í þessu máli. Málskostnaður fyrir báðum dómum fellur niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 8/1900: Bogi Magnússon
gegn
forstöðumanni Leonh. Tangsverzlunar í Stykkishólmi.

Dómur:

Mál þetta höfðaði í héraði hinn stefndi forstöðumaður Leonh. Tangs verzlunar í Stykkishólmi gegn áfrýjandum Boga bónda Magnússyni í Rauðseyjum, til borgunar á verzlunarskuld, og var málið dæmt í gestaréttí Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 12. okt. f. á. þannig, að áfrýjandinn skyldi greiða stefnda 795 kr. 62 a. að viðbættum 6% vöxtum af 746 kr. 75 a. frá 1. jan. 1899 til borgunardags og 10 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 2. febr. 1900, og hefir hann krafist þess, að dóminum verði hrundið og málinu heimvísað til nýrrar löglegri meðferðar frá því umboðsmaður áfrýjanda lagði spurningu um gildi stefnunnar til gestaréttarins undir úr-

skurð undirdómarans, og að stefndi verði dæmdur í allan málskostnað fyrir báðum réttum, með 40 kr. fyrir landsyfirdómi eða annari upphæð eftir mati réttarins. Hinn stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og áfrýjandinn dæmdur í málskostnað að skaðlausu eða með einhverju að réttarins mati nægilegu.

Áfrýjandinn hefir bygt ómerkingarkröfu sína á því, að honum hafi eigi verið löglega stefnt til gestaréttarins, en þessi sömu mótmæli voru lögð undir úrskurð dómarans í gestaréttinum, og kvað hann upp sérstakan úrskurð um þau 30. sept. f. á., er fór í þá átt, að móttmælin voru eigi tekin til greina. Þessum úrskurði hefir eigi verið áfrýjað til yfirdómsins og verður honum því eigi breytt af yfirdóminum eða hinn áfrýjaði dómur ómerktur fyrir þá sök, að hann er bygður á honum. Og með því að áfrýjandi hefir eigi að öðru leyti fundið að dóminum, ber að staðfesta hann, eins og stefndi hefir krafist. Eftir þessum úrlitum ber áfrýjanda að greiða stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandinn Bogi Magnússon greiði stefnda, forstöðumanni Leonhard Tangs verzlunar í Stykkishólmi, í málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna

frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. júlímánaðar.

Nr. 21/1900: Réttvísin
gegn
Helga Ingimundarsyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Árnessýslu, uppkveðnum 28. marz þ. á., var hinn ákærði Helgi Ingimundarson dæmdur fyrir svik og margítrekaðan stórþjófnað og einfaldan þjófnað samkvæmt 255. gr. og 234. gr. 1. og 2. málsl. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, með hliðsjón af 63. gr. og 65. gr. sömu laga, til að sæta 5 ára betrunarhússvinnu og greiða allan kostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun í héraði 5 kr. Dómi þessum hefir hlutaðeigandi amtmaður skotið til yfirréttarins.

Með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum í málinu er það nægilega sannað, að hann hafi gjört sig sekan í eftirnefndum afbrotum.

Í fyrra sumar dvaldi hann í Litlu-Sandvík í Árnessýslu undir umsjón hreppstjórans í Sandvíkurhreppi, með því að hann þá hafði verið dæmdur í héraði fyrir þjófnað, en dómu sá var undir áfrýjun. Hann ásetti sér því að strjúka, til þess að komast undan hegningunni, sem hann hafði verið dæmdur í. Hann framkvæmdi þennan á-

setning sinn 2. sept. f. á.., og fór þá um kvöldið frá heimili sínu ofan á Eyrarbakka í því skyni, að kaupa sér þar nesti, eftir því sem hann hefir frá skýrt, en áður en hann fór að heiman frá Litlu-Sandvík, fór hann með gömlum lykli, sem hann hafði fundið í rusli þar á bænum, í læsta kommóðu, sem var í herbergi innar af stofunni og stal úr henni peningabuddu með 4 5 krónum í, en budduna og peningana átti húsmóðir hans. Á Eyrarbakka keypti hann brennivín og brauð í nestiskyni, og fór þaðan undir nótt, en áður en hann færi, tók hann leyfislaust rauðan hest, sem hann hitti austarlega í kaupstaðnum og reið honum upp í Sandvíkur-mýri. Þar urðu fyrir honum 2 ferðamenn austan úr Fljótshlíð, sem höfðu tekið sér náttstað í tóftarbroti einu. Þar stal ákærði einum af hestum þeirra, jarpskjóttum að lit, en skildi eftir rauða hestinn, sem hann hafði tekið á Eyrarbakka; ennfremur stal ákærði af farangri ferðamanna hnakk og tösku með ýmsum munum í, svipu, yfirhöfn, skjóðu með nesti í, og fleiri munum; var skjóðan í malpoka undir höfðalagi annars mannsins og stóð pokinn út undan höfðalaginu; skar ákærði gat á malpokann til þess að ná í skjóðuna. Þegar ákærði hafði aðhafst þetta, reið hann upp að Litlu-Sandvík og hafði hina stolnu muni með sér. Var þá komið fram yfir miðnætti og heimilisfólk í svefni. Ákærði stal þá úr ólæstri skemmu á hlaðinu reiðbeizli, sem vinnumaður Guðni Einarsson átti, og lagði það við hestinn, sem hann hafði tekið. Þá

sprengdi hann með skóflu upp hurðina á geymsluhúsi þar á bænum (þinghúsi hreppsins), án þess að hurðin eða læsingin brotnaði, stakk upp læsta kistu, sem var í húsinu og stal úr henni 6 kr. 75 au. í peningum, sem Margrét Þorvarðardóttir átti. Þá stal hann og 2 smjörskökum úr opinni skrínu, sem var í ólæstum kjallara undir íbúðarhúsinu. Þegar ákærði hafði starfað þetta, reið hann af stað áleiðis til Reykjavíkur. Tók hann þá á leiðinni upp að Selfossi olíukápu, sem hékk fyrir utan tjald vegagjörðarmanna og ætlaði að stela henni, en eigandinn tók hana af honum áður en hann kæmist burt með hana. Hélt ákærði þá áleiðis upp eftir veginum, fann aðra olíukápu, sem lá fyrir utan eitt af tjöldum vegagjörðarmannanna, og stal henni; hún var eign Eyjólfs Friðrikssonar, vinnumanns á Stokkseyri. Hélt ákærði svo áfram ferð sinni til Reykjavíkur og kom þangað daginn eftir; var það áform hans, að komast með strandferðabátnum »Hólar« til Austfjarða, en hann var handsamaður áður en úr því yrði. Ákærði átti þá eftir af hinum stolnu peningum óeytt 6 kr. 60 aura. Hnakkinn og töskuna, sem hann hafði stolið, hafði hann þá selt söðlasmið í Reykjavík fyrir 8 kr., en þessum munum var skilað aftur, og fekk kaupandi sínar 8 kr. aftur. Ákærði reyndi og að selja hestinn í Reykjavík, en gat það ekki. Hjá áðurnefndum Guðna Einarssyni fekk ákærði tösku til láns niður á Eyrarbakka áður en hann strauk, en skilaði

henni eigi aftur og tjáist hann hafa tapað henni á leiðinni til Reykjavíkur; taskan kostaði 3 kr. 90 aura. Loks hefir hinn ákærði játað, að hann hafi þrívegis stolið peningum frá fyrverandi húsbónda sínum Þorvarði Guðmundssyni. Tók hann peningana úr læstum kistli, sem var í stofunni á bænum og fór hann í kistilinn með hinum rétta lykli, er lá þar í stofunni. Í fyrsta sinn stal hann úr kistlinum 20 kr. haustið 1898, í annað sinn á vertíðinni 1899 einnig 20 kr., og í þriðja sinn um Jónsmessuleytið sama ár enn 20 kr. Brúkaði hann peninga þessa til munaðarvörukaupa, einkum brennivíns.

Megnið af hinum stolnu munum, að undanskildum fyrgreindum 6 kr. 60 aurum af peningunum og ýmsu smálegu, sem ákærði eyddi þegar í stað, hefir náðst og komist aftur til réttra eigenda. Að öðru leyti hefir endurgjalds eigi verið krafist fyrir hið stolna.

Hinn ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir honum áður verið refsað fyrir eftirnefnda glæpi: 1. fyrir skjalafals og þjófnað með 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð samkv. aukaréttardómi Vestmanneyjasýslu 9. júní 1893; 2. fyrir einfaldan þjófnað framinn í 2. sinn með 8 mánaða betrunarhússvinnu, samkvæmt aukaréttardómi sömu sýslu 13. apríl 1894; 3. fyrir þjófnað framinn í 3. sinn með 1 árs betrunarhússvinnu samkv. landsyfirréttardómi 8. júní 1896. Svo var hann 4. með aukaréttardómi Árnessýslu, uppkveðnum 22. júní f. ár, dæmdur fyrir einfaldan þjófnað,

stórþjófnað og svik til að sæta betrunarhússvinnu í 2 ár og 6 mánuði, en með yfirréttardómi 18. desember f. ár var refsingin ákveðin 3 ára betrunarhússvinna. Hinn ákærði hefir framið alla glæpi þá, sem í þessu máli eru sakarefni, eftir að aukaréttardómur Árnessýslu 22. júní f. á. var uppkveðinn og birtur honum, nema tvo fyrstu peningastuldina frá Þorvarði Guðmundssyni. Samkvæmt þessu ber að heimfæra afbrot hans undir 234. gr. 1. og 2. málsl. hinna almennu hegningarlaga og 255. gr. sömu laga, og þykir hegningin hæfilega ákveðin með hliðsjón af 63. og 65. gr. hegningarlaganna 5 ára betrunarhússvinna, eins og undirdómarinn hefir ákveðið hana. Með því að yfirdómurinn einnig felst á ákvæði aukaréttardómsins um málskostnað, ber að staðfesta téðan dóm í öllum greinum. Hinn ákærði greiði og áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, sem ákveðast 10 kr. til hvors. Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Ákærði Helgi Ingimundarson greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málflutningsmannanna

Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 9/1900: Markús Þorsteinsson
gegn
Jóhannesi Jónssyni.

Dómur:

Með dómi gengnum á bæjarþingi Reykjavíkur 11. janúar þ. á., var áfrýjandi þessa máls, Markús Þorsteinsson, dæmdur til að greiða stefnda, Jóhannesi Jónssyni, sem nokkurn part eftirstöðva af umsaminni borgun fyrir að gjöra grundvöll undir hús áfrýjanda, 27 kr. 85 au. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefir Markús Þorsteinsson að fenginni gjafsókn áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu dagsettri 2. febr. þ. á. og krafist, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt og hrundið, þannig, að hann verði sýknaður af kærum og kröfum stefnda í málinu, en stefndi dæmdur til að greiða honum kr. 55 með 5% vöxtum frá sáttakærudegi, og til vara, að honum verði ákveðnar skaðabætur eftir mati óvilhallra, dómkvaddra manna, og hvernig sem málið fer, að stefndi verði dæmdur í 40 kr. málskostnað fyrir undirdómi og málskostnað fyrir yfirdómi að skaðlausu, eins og málið eigi væri

gjafsóknarmál, þar á meðal málflutningskaup til málflutningsmanns hans. Hins vegar hefir hinn stefndi krafist, að hann verði sýknaður af hinum nýju kröfum áfrýjanda og að undirdómurinn verði staðfestur, en til vara, að sá skaði, er áfrýjandi eftir dómi óvilhallra manna hafi beðið við vanhald á samningi við stefnda, verði dreginn frá upphæð þeirri, er undirdómurinn ákveður og að áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað fyrir yfirdómi með 20 kr. eða annari upphæð eftir mati réttarins.

Hinn 14. marz 1898 gjörðu málsaðilar þann samning með sér, að stefndi skyldi gjöra grunn undir hús áfrýjanda fyrir samtals 252 kr. 85 aura með öllu tilleggi. Var lengd, breidd og hæð grunnsins svo og veggjaþykt ákveðin í samningnum. Að afloknu verkinu skilaði stefndi grunninum, er áfrýjandi síðan lét reisa hus á, án þess, svo séð verði, að finna neitt að honum. Átti áfrýjandi að greiða 100 kr. af kaupinu, þegar búið væri að leggja tvö lög í kring, 100 kr. að verkinu búnu og eftirstöðvarnar, kr. 52,85, þegar húsið væri vátrygt. En áfrýjandi greiddi ekki síðast nefnda upphæð á ákveðnum gjalddaga og neitaði að greiða hana, af því að ýmislegt mætti finna að verkinu. Fyrst það, að grunnurinn væri ekki eins hár og um samið hafði verið, að sementið hefði verið of blandað sandi og sprunga í einu horninu á grunninum. Ennfremur heimtaði hann borgun fyrir það, að stefndi hefði tekið mestalt grjótið á sinni lóð, en þó hefði í áætlun stefnda verið gengið út frá því, að grjótið yrði aðfluttt.

Hefir áfrýjandi krafist fyrir missmíði á kjallaranum 41 kr. — þar á meðal fyrir 1 tunnu af cementi 11 kr. — fyrir grjót það, sem stefndi hafi tekið á lóð áfrýjanda og notað til grunnsins kr. 37,50, og fyrir grjót, er stefndi hafi haft á burt með sér af lóð áfrýjanda, 25 kr., eða samtals 103 kr. 50 aur. Hin endilega krafa hans, að frádreginni þeirri upphæð, sem stefnda er dæmd í hinum áfrýjaða dómi og öðrum pósti, er þó ekki nema 55 kr., sem áfrýjandi telur að ekki sé of rífleg.

Að því nú er fyrst snertir missmíði á kjallaranum, þá má telja það sannað, að grunnurinn hafi, að minsta kosti sumstaðar, verið lítið eitt lægri en um var samið, en úr því að áfrýjandi lét reisa húsið á þessum grunni án þess að heimta af stefnda, að hann bætti úr þessum galla, og án þess, svo séð verði, að áfrýjandi hafi látið bæta úr honum, þá verður ekki séð, að hann eftir á geti heimtað neinar bætur hjá stefnda fyrir þetta, úr því hann engu kostaði til. Að aðrir gallar hafi verið á grunninum virðist ekki nægilega sannað. Í samningnum er ekkert ákveðið um, hve mikið sement skuli brúka í grunninn, og þar sem áfrýjandi hefir haldið því fram, að cementið hafi verið of blandað sandi, þá er það alls ekki sannað; því þótt vitni hafi borið, að cement það, sem hingað venjulega flyzt, megi ekki blanda með sandi nema að $^2/_3$ hlutum, þá er ekkert fram komið um það, að það cement, sem stefndi notaði hafi verið af því tægi, heldur öllu fremur miklar líkur til þess, að cementið hafi verið langtum

betri tegund en hingað venjulega flyzt. Samkvæmt framanskrifuðu verður það ekki álitið, að áfrýjandi eigi heimting á neinum bótum fyrir missmíði á grunninum, né heldur fyrir vantandi cement í hann.

Að því er kemur til þeirra 37 kr. 50 au., sem áfrýjandi krefst fyrir grjót það, tekið á hans lóð, sem stefndi notaði í grunninn, þá er ekki gegn neitun stefnda komin fram nein sönnun fyrir því, að áfrýjandi geti heimtað frekari borgun fyrir grjótið en stefndi hefir boðist til að greiða, sem sé 10 kr. Á hinn bóginn þykir ekki sannað, að það sé venja meðal steinsmiða, að hirða það grjót og nota í eigin þarfir, sem þeir taka upp á þess lóð, er þeir byggja fyrir, en afgangs verður, og þykir því rétt, að stefndi borgi áfrýjanda það grjót, sem hann flutti burt af lóð áfrýjanda og sem í hinum áfrýjaða dómi virðist hæfilega metið 10 kr.

Bætur þær, sem áfrýjandi á heimting á, eru þannig: 10 kr. fyrir grjót, sem stefndi tók á lóð áfrýjanda og notaði í grunninn undir hús hans, 10 kr. fyrir grjót, sem stefndi flutti burt af lóð áfrýjanda og hagnýtti sér, og fyrir aðgjörð á 2 stólum 5 kr., eða samtals 25 kr., og þegar þær eru dregnar frá þeim 52 kr. 85 aur., sem stefndi átti ógreiddar hjá áfrýjanda fyrir að gjöra grunninn undir hús hans, verða eftir 27 kr. 85 au., sem áfrýjanda ber að borga stefnda, og er það einmitt sú upphæð, sem bæjarþingsdómurinn hefir gjört áfrýjanda að greiða, og ber því, með því að

yfirdómurinn einnig felst á ákvæði hans um málskostnað, að öllu leyti að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eftir atvikum mega falla niður. Hinum skipaða málsfærslumanni áfrýjanda, sem fengið hefir gjafsókn í málinu, verða samkvæmt þessum úrslitum málsins ekki dæmd nein málflutningslaun.

Að því málið hefir verið sótt með gjafsókn vottast, að rekstur þess hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 30. júlímánaðar.

Nr. 47/1899: Þorvaldur Friðriksson gegn Birni Stefánssyni.

Dómur:

Samkvæmt áritun hlutaðeigandi stefnuvotta á yfirdómsstefnuna hefir téð stefna verið birt 2. febr. þ. á. í húsi Björns snikkara Stefánssonar á Sauðárkróki, þar er hann síðast átti lögheimili hér í sýslu (o: Skagafjarðarsýslu). Jafnframt er þess getið í vottorðinu, að stefndi sé fyrir rúmu missiri farinn þaðan, líklega til Ameríku. Að öðru leyti er þess eigi getið, fyrir hverjum stefnan hafi ver-

ið birt. Með því að yfirdómsstefnan þannig hefir eigi verið löglega birt fyrir stefnda samkvæmt N. l. 1—4—4 og stefndi hefir eigi mætt né látið mæta fyrir yfirdóminum, verður ex officio að frávísa málinu og fellur málskostnaður þá niður.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 6. ágústmánaðar.

Nr. 1/1900: Þorsteinn Gíslason
gegn
Birni Jónssyni.

Dómur:

Áfrýjandi þessa máls, ritstjóri Þorsteinn Gíslason, var eigandi 2 blaða, »Íslands« og »Sunnanfara«, en hinn 30. desembermánaðar 1898 afsalaði hann eignarrétti sínum að báðum blöðunum til nokkurra manna í Reykjavík, sem höfðu verið styrktarmenn blaðanna og áttu veð í þeim, með þeim skilyrðum, *að* blöðunum yrði haldið úti að minsta kosti alt hið næsta ár og áfrýjandi ráðinn ritstjóri þeirra með ákveðnum árslaunum, 900 kr., auk 15% af auglýsingatekjum blaðanna, og 10% af því sem inn kæmi frá nýjum kaupendum, er viðbættust eftir afsalsdag, *að* stefnandi skyldi eiga sem svaraði 500 kr. eign í blöðunum, og hafa rétt til að eignast þau aftur, hve nær sem hann æskti

þess með 3 mánaða fyrirvara, og útgefendunum að skaðlausu, og *að* það sem afgangs yrði útgáfukostnaðinum með 5% vöxtum skyldi eingöngu ganga til lúkningar skuldum, sem þá hvíldu á blöðunum. Eftir skýrslu áfrýjanda var það þá fyrirætlan manna þeirra, sem keyptu blöðin, að stofna hlutafélag til þess að kosta útgáfu þeirra. Nokkrir menn skrifuðu sig fyrir félagshlutum auk kaupendanna, og var ákveðið að halda stofnunarfund félagsins 7. jan. f. á., en á fundi þeim mættu svo fáir af hluthöfunum, að eigi varð neitt úr stofnun félagsins. Áfrýjandi þessa máls gefur hinum stefnda, ritstjóra Birni Jónssyni, sök á því að hann hafi með munnlegum fortölum, hótunum og ýmsum greinum í blaði sínu »Ísafold« fælt menn frá að ganga í félagið og með því móti tálmað því, að það kæmist á stofn, og hafi hann þannig bakað sér atvinnutjón, end hafi hann í blaði sínu stært sig af því, að hann hafi eyðilagt félagið; svo hafi hann og borið áfrýjanda ýmislegum brigzlum, gjört fjárhag hans að umtalsefni í blaði sínu og þannig raskað prívatlífs-friði hans. Fyrir þessar sakir höfðaði áfrýjandi Þorsteinn Gislason mál á móti stefnda Birni Jónssyni fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur til skaðabóta fyrir atvinnuhnekki, hneisu og lánstrausts-spjöll, til sekta fyrir röskun á prívatlífsfriði áfrýjanda, og til málskostnaðargreiðslu, og var máli þessu ráðið til lykta með dómi bæjarþingsréttarins 13. júlí f. á. á þann veg, að stefndi var sýknaður af kærum og kröfum áfrýjanda og málskostnaður látinn falla

niður. Þessum dómi hefir ritstjóri Þorsteinn Gíslason áfrýjað til yfirdómsins með stefnu útgefinni 2. jan. þ. á., og hefir hann krafist þess að dóminum verði hrundið og breytt þannig, *að* stefndi verði dæmdur til að greiða sér 10,000 kr. skaðabætur fyrir atvinnuhnekki, hneisu og lánstraustsspjöll, *að* hann verði látinn sæta hæstu sekt er lög heimila fyrir röskun á privatlífsfriði áfrýjanda, og *að* hann verði skyldaður til að greiða allan málskostnað eftir mati réttarins. Stefndi hefir af sinni hálfu krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað eftir mati réttarins.

Þar sem áfrýjandi telur, að stefndi hafi komið því til leiðar með munnlegum fortölum, hótunum og ýmsum greinum í »Ísafold«, að stofnun hlutafélagsins til útgáfu áminstra blaða fórst fyrir, þá er engin sönnun komin fram fyrir því í málinu, að stefndi hafi beitt hótunum eða munnlegum fortölum í þessu efni. Greinar þær í blaðinu »Ísafold«, sem áfrýjandi hefir tilgreint, að hafi haft áminst áhrif, eru einkum grein í 1. tölubl. Ísaf. 1899, sem út kom 7. jan. það ár með fyrirsögn »Kynlegt gróðabrall«, og í sambandi við hana ýmsar greinar í 5 næstu tölublöðum Ísafoldar (tölubl. 2—6) með fyrirsögnunum »Leynihlutafélagið«; »Eftirmál um Ísland«; »Uppvakningur«; «Landeyðan«; »Kátbroslegur gorgeir«; »Ekki gefinn bitinn«, og »Margkynjað óhróðursbull«. Það eru og þessar blaðagreinar, sem áfrýjandi telur að

innihaldi brigzlyrði til sín, gjöri fjárhag sinn að umtalsefni og raski prívatlífsfriði sínum.

Það er nú ekki vafamál, enda hefir stefndi kannast við það, að áminstar blaðagreinar, einkanlega greinin í 1. tölubl. Ísafoldar f. ár, eru ritaðar í því skyni, að hamla stofnun hins áminsta hlutafélags og tálma útkomu blaðsins Íslands. En það er þó eigi sannað, — enda ósannanlegt nema ef vera skyldi með yfirlýsingu hlutafélagsmannanna sjálfra, sem eigi hefir komið fram í málinu, — að greinarnar í Ísafold hafi haft þessi áhrif. Í þessu efni má geta þess, að blaðið »Ísland« hélt áfram að koma út að minsta kosti missiristíma eftir að greinin birtist í »Ísafold« 7. jan. f. ár, og var það þá eftir sögn áfrýjanda sjálfs gefið út af félagi (»Útgáfufélagi Íslands«). En þó nú svo væri álitið, að stefndi hafi með greinum sínum í Ísafold komið því til leiðar, að stofnun hlutafélagsins fórst fyrir, þá verður eigi séð, að hann með því hafi gjört sig sekan í verknaði, er skapi honum skaðabótaskyldu gagnvart áfrýjanda. Stefndi áleit blaðafyrirtæki hlutafélagsins eða áfrýjanda skaðsamlegt, og reyndi því að koma í veg fyrir, að það fengi framgang, en þetta gat ekki bakað honum ábyrgð til skaðabóta. Um hitt er eigi að ræða í þessu máli, hvort stefndi hafi með áminstum greinum í blaði sínu ærumeitt áfrýjanda, jafnframt og hann réðst á hlutafélagsstofnunina og blaðaútgáfu-fyrirtæki hans, þar eð honum er eigi stefnt til ábyrgðar fyrir ærumeið-

ingar. Samkvæmt þessu verður skaðabótakrafa áfrýjanda eigin tekin til greina.

Hinn annar kærupóstur áfrýjanda á hendur stefnda er, að hann hafi með áminstum blaðagreinum í »Ísafold« raskað prívatlífsfriði sínum, og heimtar hann að stefndi verði dæmdur í hæstu sektir, er lög leyfa, fyrir þessar sakir. Í þessu efni getur eigi verið um annað að ræða en það, að stefndi hefir í téðum greinum minst á fjárhagsástæður áfrýjanda og gefið í skyn, að hann hafi lifað á lánsfé fyrir hjálp kunningja sinna. Þessi ummæli verða þó eigi álitin svo nærgöngul áfrýjanda, að þau séu refsingarverð, einkanlega þegar þess er gætt, að áfrýjandi hafði sjálfur áður gjört atvinnuveg og fjárhagsástæður sínar að umtalsefni í blaði sínu »Íslandi«, og að hann á hinn bóginn hafði í blaði sínu talað um atvinnuveg stefnda á þá leið, að hann »hefði lengstum lifað af lánum og gjöfum annara, þangað til hann saug sig fastan á landssjóðinn«.

Samkvæmt því, sem hér er tekið fram, verður að fallast á úrslit þau, sem málið hefir fengið í undirrétti, og staðfesta bæjarþingsdóminn. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist og eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 13. ágústmánaðar.

Nr. 19/1900: Landshöfðinginn yfir Íslandi fyrir hönd landssjóðsins gegn Júlíusi lækni Halldórssyni.

Dómur:

Eftir að lög um bólusetningar, útgefin 26. febr. 1898, voru gengin í gildi, tók hinn stefndi, Júlíus Halldórsson, sem var héraðslæknir í 8. læknishéraði, sér ferð á hendur sumarið 1899 um héraðið sitt til framkvæmdar því ákvæði í 1. gr. áminstra laga, að bólusetja skuli öll ófermd börn, sem eigi hafi áður verið bólusett eða fengið bólu, svo og alla á aldrinum 20—25 ára, innan árs frá þeim degi, er lögin öðluðust gildi, en með 2. gr. laganna er það ákveðið, að héraðslæknar og aukalæknar skuli hafa bólusetning á hendi hver í sínu héraði. Að aflokinni áminstri bólusetningarferð gjörði stefndi landssjóði reikning fyrir hana og krafðist borgunar á þessum upphæðum:

1. Bólusetningar- og endurbólusetningargjaldi, 25 a. pro persona, samtals . . . . kr. 134 50
2. Dagpeningum, 4 kr. fyrir daginn — 80 00
3. Ferðakostnaði (o: hestaleigu og fylgdarmannskaupi) . . . . . — 150 00

Alls kr. 364 50

Hann fekk þegar útborgaðan fyrsta lið reikningsins, 134 kr. 50 a., en landsstjórnin neitaði að greiða honum hina 2 reikningsliðina, dagpeningana og ferðakostnaðinn, sem eru samtals 230 kr.

Þá höfðaði stefndi, eftir að hafa fengið gjafsókn og málflutningsmann skipaðan, mál gegn landshöfðingjanum yfir Íslandi fyrir hönd landssjóðsins, og hafði landshöfðinginn fengið heimild ráðgjafans fyrir Ísland til að taka á móti málshöfðuninni; var téðu máli ráðið til lykta með bæjarþingsdómi Reykjavíkur, uppkveðnum 19. apríl þ. á., á þá leið, að stefnda var dæmdur réttur til að fá greitt úr landssjóði áðurtaldar 230 kr.; jafnframt voru hinum skipaða málsfærslumanni hans, Halldóri Kr. Friðrikssyni, dæmd málsfærslulaun úr landssjóði, að upphæð 10 kr. Dómi þessum hefir landshöfðinginn yfir Íslandi fyrir hönd landssjóðsins áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 24. apríl þ. á., og krafist þess, að honum verði hrundið og breytt þannig, að áfrýjandinn verði algjörlega sýknaður af kröfum stefnda, og stefndi dæmdur til að greiða málskostnað. Stefndi, sem hefir fengið gjafvörn og skipaðan málflutningsmann fyrir yfirdómi, hefir af sinni hálfu farið því fram, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og að málsfærslumanninum verði dæmt hæfilegt málsvarnarkaup fyrir yfirdómi.

Ágreiningurinn í máli þessu er um það, eins og tekið hefir verið fram, hvort stefndi eigi heimting á dagpeningum og ferðakostnaði, auk bólusetningarborgunarinnar, 25 a. fyrir hvern mann, sem bólan kom út á, á bólusetningarferð þeirri, er um er að ræða í málinu. Í lögunum 26. febr. 1898, um bólusetningar, segir í 8. gr. að kostnaður við opinberar bólusetningar greiðist úr

landssjóði og að bólusetjarinn fái 25 a. fyrir hvern þann, er hann bólusetur eða endurbólusetur og bólan kemur út á, og sé í þeirri borgun fólgin borgun fyrir að gefa út bólusetningarvottorð. Frekari fyrirmæli um borgun til bólusetjara og endurgjald til þeirra fyrir bólusetningar eru ekki í lögunum 26. febr. 1898. Þar sem nú borgunin til bólusetjara áður en lög þessi komu út, voru ákveðin einmitt á sama hátt og í þeim er ákveðið, 25 a. fyrir hvern bólusettan, sem bólan kom út á, og án þess ræða væri um sérstaka þóknun fyrir ferðakostnað eða dagpeninga til bólusetjaranna, þótt þeir þyrftu að ferðast nokkuð, og þar sem þó ekkert er minst á það í lögunum 1898, að bólusetjurum beri nú auk borgunarinnar, og fremur en áður átti sér stað, dagpeningar og ferðakostnaður, þá liggur beinast við að skilja svo 5. gr. í nefndum lögum, að bólusetjarar eigi ekki að fá frekara endurgjald fyrir bólusetningar en þar er ákveðið, hvort heldur það eru héraðslæknarnir eða aukalæknarnir, sem bólusetja sjálfir, eða það gjöra aðstoðarbólusetjarar, sem læknum er í 2. gr. laganna gefinn kostur á að fá skipaða, þar sem atvik mæla með því. Þessi skilningur kemur og heim við ástæður stjórnarinnar fyrir frumvarpinu til laganna 1898, því að þar er það skýrt tekið fram, að ekki sé tilætlunin að borga læknunum dagpeninga og ferðakostnað að auki, þótt þeir fari ferðir til bólusetninga, en þessar ástæður stjórnarinnar virðist alþingi hafa fallist á. Stefndi hefir reyndar haldið því fram, að hann

ætti heimting á dagpeningum og ferðakostnaði samkvæmt hinni almennu reglu í 4. gr. laga 15. okt. 1875, um aðra skipun á læknahéruðunum á Íslandi, o. fl., þar sem svo er ákveðið, að fyrir ferðalög og störf lækna í þarfir hins opinbera beri þeim endurgjald eftir reglum þeim, er gilt hafi þangað til, og eigi þessi ákvörðun að koma til greina einnig þegar um bólusetning sé að ræða, þar sem eigi sé annað sagt í bólusetningarlögunum 1898. En samkvæmt því, sem áður hefir verið tekið fram, ber einmitt að skilja 8. gr. laganna 26. febr. 1898 svo, að sú borgun, sem þar er tiltekin eigi að vera alt það endurgjald, er veitt sé fyrir bólusetningar, og er þá auðvitað, að ákvörðunin í 4. gr. laganna 15. okt. 1875 getur þá eigi komist að, þegar um bólusetningar er að ræða.

Samkvæmt þessu verður eigi álitið, að hinn stefndi héraðslæknir eigi heimting á að fá endurgoldið úr landssjóði hina umstefndu upphæð, 230 kr., og ber því að sýkna áfrýjandann fyrir landssjóðs hönd af kærum stefnda í þessu tilliti. Málskostnaður fyrir undir- og yfirdómi á að falla niður. Málfærslulaun hins skipaða málflutningsmanns stefnda fyrir undirréttinum, 10 kr., ber að greiða úr landssjóði, en málsfærslulaun fyrir yfirdómi verða samkvæmt úrslitum málsins ekki dæmd talsmanni stefnda þar.

Að því leyti málið hefir verið gjafsóknarmál, vottast, að flutningur þess hefir verið lögmætur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn, landshöfðinginn yfir Íslandi fyrir hönd landssjóðsins, á að vera sýkn fyrir kærum og kröfum stefnda í máli þessu. Málskostnaður fyrir undir- og yfirdómi fellur niður. Hinum skipaða málsfærslumanni stefnda fyrir undirréttinum, yfirkennara Halldóri Kr. Friðrikssyni, greiðist úr landssjóði málflutningslaun þar, 10 krónur.

Mánudaginn 20. ágústmánaðar.

Nr. 25/1900: Hið opinbera
gegn
Lárusi Pálssyni.

Dómur:

Með dómi lögregluréttar Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 15. júní þ. á., var hinn kærði, Lárus Pálsson, húsmaður í Reykjavík, dæmdur fyrir ólöglega lyfjasölu til að greiða 15 kr. sekt í fátækrasjóð Reykjavíkur, og allan kostnað, er leiddi af málssókninni gegn honum. Þessum dómi hefir að ósk hins kærða verið skotið til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu hins kærða löglega sannað í máli þessu, að hann hafi keypt homöopathisk meðul í lyfjabúðinni í Reykjavík, og síðan selt þau ýmsum öðrum, er leituðu lækninga hjá honum. Með því þannig að láta úti læknislyf fyrir borgun hefir kærði gjörst brotlegur gegn

lagareglum þeim, sem settar eru um meðalasölu einkanlega tilsk. 4. desbr. 1672, 30. gr., »Instrux« fyrir landlækni 25. febr. 1824, 18. gr., og »Instrux« fyrir héraðslækna 25. febr. 1824, 17. gr., sbr. kgsbr. 17. jan 1783 og kansellíbréf 16. sept. 1797. Hann getur því eigi komist hjá sekt fyrir hinn átalda verknað, og með því að sektin, sem rennur í fátækrasjóð Reykjavíkur, þykir hæfilega ákveðin fyrir hinn kærða, 15 kr., með tilliti til þess, að hann áður á þessu ári hefir verið dæmdur í 10 kr. sekt fyrir sams konar brot, og með því að málskostnaðarákvæði undirréttardómsins samþykkist, ber að staðfesta nefndan dóm eins og hann er. Eftir þessum úrslitum verður kærði einnig að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, sem ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn á að vera óraskaður. Kærði Lárus Pálsson skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talið málflutningskaup til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málfærslumannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 13/1900: Halldór Bjarnarson
gegn
Jóhönnu Bjarnardóttur, Birni St. Guðmundssyni, Jóni Guðmundssyni, Vilborgu S. Guðmundsdóttur og Jakobínu Guðmundsdóttur.

Dómur:

Mál þetta höfðaði í héraði ekkja Guðmundar sál. Jónssonar í Grjótnesi, hin stefnda Jóhanna Bjarnardóttir, ásamt börnum hennar og Guðmundar sál., hinum meðstefndu Birni St. Guðmundssyni, Jóni Guðmundssyni og Vilborgu S. Guðmundsdóttur, svo og systur Guðmundar sáluga, Jakobínu Jónsdóttur, gegn áfrýjandanum Halldóri prófasti Bjarnarsyni á Presthólum, fyrir meiðyrði um mann, föður og bróður þeirra, oftnefndan Guðmund sál. Jónsson á Grjótnesi, og var málið dæmt í aukarétti Þingeyjarsýslu 12. ágúst f. á. þannig, að áfrýjandinn var dæmdur í 50 kr. sekt til landssjóðs eða til vara í 15 daga einfalt fangelsi, svo og í 10 kr. sekt fyrir óþarfa málsýfingu og í málskostnað 20 kr., og hin átöldu meiðyrði voru dæmd dauð og ómerk.

Áfrýjandinn hefir nú skotið þessu máli til yfirdómsins með stefnu dags. 20. febr. þ. á., en þar er að eins stefnt ekkju og börnum Guðmundar sál. Jónssonar og Jakobínu nokkurri Guðmundsdóttur, sem eigi virðist koma málinu við, en aftur á móti var óstefnt látið Jabobínu Jónsdóttur, systur Guðmundar sál. Jónssonar, og þar sem þannig eigi hefir stefnt verið öllum hlutaðeigendum málsins, er höfðuðu það og fengu dóm í því, þann er áfrýjað er, ber að vísa máli þessu frá yfirdómi, eftir kröfu hinnar stefndu ekkju og barna hennar, og ber áfrýjandanum eftir þessum úrslitum að greiða stefnda í kost og tæring 15 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfrýjandinn Halldór prófastur Bjarnarson greiði stefndu, ekkjunni Jóhönnu Bjarnardóttur og börnum hennar Birni St. Guðmundssyni, Jóni Guðmundssyni og Vilborgu S. Guðmundsdóttur í kost og tæring 15 krónur, er greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 12/1900: Halldór Bjarnarson
gegn
Sigurlaugu Bemjamínsdóttur,
Ingimundi Sigurðssyni,
Hólmfríði Sigurðardóttur og
Halldóri Sigurðssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðuðu hin stefnu í héraði gegn áfrýjandanum Halldóri prófasti Bjarnarsyni á Presthólum samkvæmt 225. gr. alm. hegningarlaga fyrir meiðyrði um mann og föður þeirra látinn, Sigurð sál. Rafnsson á Snartarstöðum, og var málið dæmt í aukarétti Þingeyjarsýslu 12. ágúst f. á. þannig, að áfrýjandinn samkvæmt 219. sbr. 225. gr. alm. hegningarlaga var dæmdur í 40 kr. sekt til landssjóðs eða til vara 12 daga einfalt fangelsi og hin átöldu ummæli dæmd dauð og ómerk. Þá var og áfrýjandinn sektaður um 10 kr. til landssjóðs fyrir óþarfa málsýfingu og dæmdur til að greiða stefnda 20 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 20. febr. þ. á., og hefir hann krafist þess, að dómurinn verði dæmdur ómerkur og undirdómarinn sektaður, og skyldaður til að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, annaðhvort einn eða í sambandi við hina stefndu málsaðila, en til vara, að áfrýjandinn verði sýkn dæmdur af kærum og kröfum stefndu og sektin fyrir óþarfa þrætu feld úr gildi, og hvernig sem málið fer, að hin stefndu, þar á með-

al undirdómarinn, verði in solidum dæmd í málskostnað. Hin stefndu hafa aftur á móti krafist þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að greiða stefndu í málskostnað einhverja upphæð, sem réttinum virðist hæfileg. Af hálfu undirdómarans, sem stefnt hefir verið til ábyrgðar, hefir enginn mætt fyrir yfirdóminum.

Ómerkingarkröfu sína byggir áfrýjandinn á því, að í stefnunni til héraðsréttarins er sakarefnið talið ærumeiðandi orð um Sigurð sál. Rafnsson í framhaldsvarnarskjali í máli réttvísinnar gegn honum (áfrýjanda), dags. 28. okt. f. á. — en það verður eftir dagsetning sefnunnar: 28. okt. 1898 — en í sáttakærunni er kært yfir meiðyrðum í framhaldsvarnarskjali í máli réttvísinnar gegn áfrýjanda, dags. 28. okt. 1896. Álítur áfrýjandinn því, að málsefnið hafi aldrei verið lagt til sátta og hafi því borið að vísa málinu frá undirréttinum. Þessi röksemdafærsla áfrýjanda er þó ekki rétt. Málið og dómurinn, sem áfrýjað er, hljóðar einmitt um meiðyrði í framhaldsvarnarskjali 28. okt. 1896, sem lögð voru til sátta í málinu á löglegan hátt, þótt áfrýjandi mætti eigi á sáttafundinum, þegar til kom. Það getur því eigi verið að ræða um ómerking málsins fyrir þá sök, að eigi hafi verið leitað sætta um sakarefnið. Hitt er annað mál, að í héraðsstefnunni er skjalið, sem hin átöldu meiðyrði eru í, talið dagsett, eins og fyrr er sagt, 26. okt. f. á. (þ. e. 1898), í stað þess að meiðyrðin, sem dómurinn og málið hljóða um, standa í skjali

dags. 26. okt. 1896, en það er hvorttveggja, að þetta er ritvilla í stefnunni, sem fyrir engum gat dulist, eins og á stóð, sérstaklega vegna þess, hvernig sakarefnið er að öðru leyti einkent í stefnunni, enda hefir og áfrýjandinn eigi krafist ómerkingar á málinu af þeirri sök, að honum hafi eigi verið löglega stefnt til héraðsréttarinns.

Ummæli þau, sem átalin eru í málinu, ritaði áfrýjandinn í varnarskjali fyrir rétti 26. okt. 1896 í sakamáli, er þá hafði höfðað verið gegn honum af réttvísinnar hálfu, en Sigurður sál. Rafnsson, sem átt var við með ummælunum, var þá látinn fyrir nokkurum árum, og höfðaði ekkja hans og börn, hin stefndu, mál gegn áfrýjanda út af orðunum, fyrst 26. okt. 1897, en það mál ónýttist, og síðan aftur þetta mál, sem nú er áfrýjað. Hin átöldu ummæli eru þessi: »Þó Sigurður . . . héldi áfram að reyna að villa fólki sjónir« (um ágreining okkar) . . . »Hundarnir krafsa yfir skít sinn, hví skyldi þá Sigurður ekki gjöra það« . . . »Lét hann eiginhagsmuni æfinlega hefta illgirnina, þegar svo bar undir«.

Þessi ummæli verða að teljast meiðandi og óvirðandi fyrir hinn látna mann, sem þau voru höfð um, og þar sem þau eigi eru réttlætt af áfrýjanda, eru þau, eins og undirdómarinn hefir gjört, réttilega heimfærð undir 219. gr. alm. hegningarlaga, og ber því að dæma þau dauð og ómerk samkvæmt 220. gr. sömu laga. Aftur á móti verður áfrýjandi, sakir ákvæða 67. gr. hegningarlaganna, eigi látinn sæta refsingu fyri um-

mælin, þar sem liðin voru meir en 2 ár frá því að meiðyrðin voru við höfð og þangað til mál þetta var höfðað af nýju, en það var með sáttakæru 25. marz f. á. Með því að áfrýjandinn kom eigi til sáttafundar í málinu, þótt hann væri löglega til kallaður, er hann með aukaréttardóminum réttilega dæmdur í sekt samkvæmt tilskipun 11. ágúst 1819 og í málskostnað í héraði, og ber því að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms að þessu leyti. Það er ekki ástæða til, eftir kröfu áfrýjanda, að gjöra undirdómaranum neina ábyrgð fyrir málsmeðferð hans eða dóm í málinu. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Framantilgreind meiðandi og óvirðandi ummæli eiga dauð og ómerk að vera. Ákvæði aukaréttardómsins um sekt fyrir óþarfa málsýfingu og um málskostnað eiga að vera óröskuð. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Nr. 22/1900: Isak Bjarnason gegn Franz Siemsen.

Dómur:

Í sumar er leið var áfrýjandi máls þessa, Ísak Bjarnason, ráðinn háseti á fiskigufuskipið »Utopia«, sem gjört var út frá Hafnarfirði, og fór

hann ásamt nokkrum öðrum mönnum, er einnig voru ráðir á téð skip, um jónsmessuleytið síðastliðið ár á skrifstofu hins stefnda, sem þá var sýslumaður í Kjósar- og Gullbringusýslu, til þess að verða lögskráður á skipið. Þegar þeir komu á skrifstofuna, var stefndi, sem nýkominn var úr embættisferð, eigi viðlátinn að lögskrá þá. Afrýjandi vildi þó eigi láta sér það lynda og heimtaði að verða afgreiddur þá þegar. Vísaði stefndi áfrýjanda þá út, hratt honum út fyrir húsdyrnar og skelti hurðinni aftur. Atvikaðist það þá svo, að áfrýjandi lenti með 2 fingrum milli hurðar og stafs, þeim megin, sem hurðarhjarirnar voru, og meiddust fingurnir, enda losnaði hann eigi fyr en hurðinni var hrundið upp eða hún var brotin upp að utan. Var áfrýjandi handlama nokkurn tíma á eftir, og eigi vinnufær. Fyrir þessar sakir höfðaði áfrýjandi skaðabótamál gegn stefnda fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur, og var málinu ráðið til lykta með dómi téðs réttar uppkveðnum 15. marzmánaðar þ. á., á þá leið, að stefndi var sýknaður, og málskostnaður látinn falla niður. Þessum bæjarþingsdómi hefir Ísak Bjarnason skotið til yfirdómsins með stefnu, út gefinni 18. maí þ. á., og krafist þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda 100 kr. í skaðabætur fyrir áverka og vinnutjón, og málskostnað fyrir báðum réttum með 50 kr., eða eftir mati réttarins. Stefndi hefir af sinni hálfu krafist þess, að hann verði dæmdur sýkn af kærum og kröfum áfrýjanda, og að á-

frýjandi verði dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað.

Það er ekki neinn ágreiningur um það í máli þessu, *að* stefndi hafi synjað áfrýjanda um afgreiðslu við umrætt tækifæri, *að* hann hafi hrundið áfrýjanda út úr húsi sínu, *að* hann hafi skelt hurðinni aftur á eftir honum, og *að* áfrýjandi þá og þar af leiðandi hafi meiðst á fingrum, eins og skýrt er frá að framan. Stefndi verður þó, eins og málið liggur fyrir, eigi látinn sæta neinni ábyrgð fyrir það, að hann synjaði áfrýjanda um afgreiðslu og rak hann með valdi út úr húsi sínu. Að því er meiðsl þau snertir, sem áfrýjandi hlaut, er það ennfremur fullvíst, að stefndi var eigi viljandi valdur að þeim. Spurningin verður því sú, hvort hann hafi sýnt svo mikið gáningsleysi, að hann eigi að bæta áfrýjanda skaða þann og líkamsspjöll, sem hann varð fyrir. Þetta verður nú eigi álitið, því að stefndi þurfti eigi að búast við því eða hafa athuga á því, að áfrýjandi færi með hönd sína inn í gættina bak við hurðina. Þannig verður að líta svo á, að áfrýjandi hafi fengið meiðsl sín fyrir atvik, sem stefndi ekki ber ábyrgð á, og verður því að ráða máli þessu til lykta á sama hátt og héraðsdómarinn hefir gjört. Með því að málskostnaðarákvæði undirréttardómsins einnig samþykkjast, staðfestist téður dómur í öllum greinum. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir og mega falla niður. Málið var sótt með gjafsókn og af skipuðum málsfærslumanni fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, og vottast, að málsfærsl-

an þar var lögmæt, en það athugast, að vottorð héraðlútandi er eigi tekið upp í undirréttardóminn.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal standa óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 2/1900: Haraldur Ó Briem
gegn
hreppsnefnd Geithellnahrepps.

Dómur:

Með bréfi, dags. 7. desbr. 1897, sem birt var áfrýjandanum af hlutaðeigandi stefnuvottum 20. des. næst á eftir, sagði hin stefnda hreppsnefnd Geithellnahrepps áfrýjandanum upp ábúð á $^2/_3$ hlutum jarðarinnar Búlandsness, er var eign hreppsins, en áfrýjandi hafði haft bygging fyrir henni síðan 1880, og skyldi áfrýjandinn samkvæmt útbyggingarskjalinu víkja af jörðinni í næstu fardögum (1898). Áfrýjandi sinti eigi útbyggingu þessari og leitaði þá hreppsnefndin aðstoðar fógeta, sem síðan úrskurðaði 7. júnímán. 1898, að áfrýjandinn mætti út berast af jörðinni, og vék þá áfrýjandinn af jörðinni.

Þessum úrskurði hefir nú áfrýjandinn, að fenginni uppreist til áfrýjunar og gjafsókn, skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 8. jan. þ. á., og hefir þess verið krafist af hans hendi, að hinn á-

frýjaði úrskurður verði feldur úr gildi, og áfrýjandi sýknaður af kærum og kröfum útbyggjenda, en að honum verði í skaðabætur fyrir ólögmætan útburð og útbygging dæmdar 1500 kr., eða til vara önnur upphæð eftir mati réttarins eða eftir mati dómkvaddra, óvilhallra manna, og loks að allur málskostnaður að skaðlausu, eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál, sé látinn falla á stefndu, hreppsnefndina, þar á meðal málsfærslulaun til málflutningsmanns áfrýjanda fyrir yfirdómi, 50 kr., eða önnur upphæð eftir mati réttarins. Af hálfu hreppsnefndarinnar, sem einnig hefir fengið gjafsókn fyrir yfirdómi og jafnframt skipaðan málsfærslumann, hefir þess aftur á móti verið krafist, að fógetaúrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða allan málskostnað, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talið málflutningskaup til málsfærslumanns hreppsnefndarinnar eftir mati yfirdómsins.

Áfrýjanda voru bygðir $^2/_3$ hlutar jarðarinnar Búlandsness af hreppsnefnd Geithellnahrepps með bréfi dags. 22. maí 1880 frá fardögum sama ár, og skyldi hann mega hafa þennan jarðarpart til ábúðar og allra afnota meðan hann þyrfti jarðarinnar við, ef hann héldi byggingarskilmálana, þá er í bréfinu voru settir, en þar var meðal annars áskilið, *að* landskuldin (400 fiskar) skyldi greidd fyrir nýjár ár hvert til hreppsnefndarinnar, og *að* leiguliði skyldi leitast við að auka og rækta tún, engjar og varp, selveiði og alt annað, sem jörðinni mætti vera til viðgangs. Hreppsnefndin hefir

nú bygt útbygging sína á því, að áfrýjandinn hafi eigi greitt í tæka tíð eftirgjaldið eftir jörðina fyrir fardagaárið 1896/97, og að hann hafi eigi setið jörðina eins vel og vera bar. Um eftirgjaldsgreiðsluna er það viðurkent í málinu, að landskuldin fyrir fardagaárið 1896/97, sem samkvæmt byggingarskilmálunum átti að greiðast fyrir nýjár 1897, var eigi greidd fyrr en 23 desbr. 1897, eða næstum ári síðar en skyldi, og henni var ólokið þegar útbyggingin fór fram. Áfrýjandi hefir viljað réttlæta þennan drátt á greiðslunni með því, að það hafi verið orðin breyting á hinum upprunalegu byggingarskilmálum að því gjalddagann snerti með venju og samkomulagi við gjaldkera hreppsins, og það er upplýst, að nokkur árin á undan hafði áfrýjandi ekki borgað landsskuldina fyrr en tæpu ári eftir gjalddaga. Áfrýjandi hefir þó eigi fært neinar sönnur á það, að hann hafi fengið breyting á gjalddaga landskuldarinnar í greinda átt, og þó að sami eða líkur dráttur á greiðslunni og í þessu máli er átalinn hafi átt sér stað áður, nokkur undanfarin ár, þá gat það eitt út af fyrir sig eigi svift hreppsnefndina rétti til að heimta eftirleiðis, að hinn skýlausi greiðslutími væri haldinn, enda er því haldið fram af hreppsnefndinni að áfrýjandi hafi áður sætt áminningum fyrir greiðsludráttinn og jafnvel hótunum af hálfu nefndarinnar um útbyggingu. Áfrýjandi verður samkvæmt þessu að álítast hafa brotið hina settu byggingarskilmála með því, að greiða eigi landsskuldina 1896/97 í tæka tíð, og gjörist þá eigi þörf

að rannsaka hitt atriðið, sem honum var fundið til foráttu, að hann hafi eigi setið jörðina svo vel, sem vera bar. Áfrýjanda var þannig réttilega út bygt af jörðinni, og þar sem hann beitti þrásetu, var rétt að bera hann út af jörðinni. Það ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð. Eftir atvikum þykir málskostnaður mega falla niður. Hinum skipaða málsfærslumanni hreppsnefndarinnar ákveðast 20 kr. í málsflutningslaun, er greiðist úr landssjóði. Það vottast, að málsfærslan við yfirdóminn hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður á að vera óraskaður og hin stefnda hreppsnefnd að vera sýkn af kærum og kröfum áfrýjanda í máli þessu. Yfirréttarmálaflutningsmanni Oddi Gíslasyni greiðist úr landssjóði í málsfærslulaun fyrir yfirdómi 20 krónur.

Mánudaginn 10. septembermánaðar.

Nr. 17/1900: Carl F. Schiöth gegn Sigfúsi Daníelssyni fyrir hönd verzlunar Jóns Magnússonar á Eskifirði.

Dómur:

Með gestaréttardómi Suðurmúlasýslu gengnum 20. janúar þ. á. var áfrýjandi þessa máls, kaup-

maður Carl F. Schiöth, dæmdur til að greiða stefnda, verzlun Jóns kaupmanns Magnússonar á Eskifirði, verzlunarskuld að upphæð kr. 80,28. Málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefir Carl F. Schiöth áfrýjað til yfirdómsins með stefnu 4. apríl þ. á., og krafist aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda kr. 123 72 a., sem sé skuld verzlunarinnar (Jóns Magnússonar) við áfrýjanda, að frádregnum kr. 80,28; til vara hefir hann krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 23 kr. 72 a., og til þrautavara, að áfrýjandi sé sýknaður af kröfum stefnda, en dæmdur til að greiða honum í málskostnað fyrir báðum dómum einhverja upphæð eftir mati réttarins.

Hins vegar hefir hinn stefndi krafist, að hinn áfrýjaði gestaréttardómur verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati réttarins.

Þegar mál þetta var tekið fyrir í gestaréttinum, bar stefndi upp skuldakröfu sína á hendur áfrýjanda, kr. 75,28, sem undir rekstri málsins fyrir gestaréttinum hefir með samþykki mótpartsins verið hækkuð um 5 kr. Var þá þegar reynd sætt í málinu árangurslaust, og komu ekki önnur mótmæli fram af hendi áfrýjanda gegn nefndri skuldakröfu, en að áfrýjandi ætti hærri mótkröfu á hendur stefnda en skuldakrafa hans næmi. Þessi mótkrafa áfrýjanda, sem hann gjörði nánari grein fyrir í næsta réttarhaldi í málinu, sést eigi

hafa verið lögð til sátta í málinu, sem þó þurfti með, þar sem um sjálfstæða skuldakröfu var að ræða, enda mótmælti stefndi henni frá byrjun sem rangri. Ber því að vísa kröfu áfrýjanda frá gestaréttinum. Hins vegar hefir hann ekki vefengt kröfu stefnda, sem því verður að taka til greina, og ber því, hvað hana snertir, að staðfesta hinn áfrýjaða gestaréttardóm. Eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, sem virðist hæfilega ákveðinn 15 kr.

Því dæmist rétt vera:

Krafa áfrýjanda Carl F. Schiöths vísast frá gestaréttinum. Að öðru leyti á gestaréttardómurinn að vera óraskaður. Áfrýjandi greiði stefnda Sigfúsi Daníelssyni fyrir hönd verzlunar Jóns Magnússonar á Eskifirði í málskostnað fyrir yfirdómi 15 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 5. nóvembermánaðar.

Nr. 26/1900: Réttvísin
gegn
Einari Finnssyni.

Dómur:

Mál þetta hefir verið höfðað gegn ákærða,

Einari Finnssyni, vegabótastjóra í Reykjavík, fyrir sviksamlegt athæfi og skjalafals, og gekk dómur í því í aukarétti Reykjavíkur 13. júní þ. á., með þeim úrslitum, að ákærði var fyrir að afla sér ávinnings á sviksamlegan hátt sem vegabótastjóri landssjóðs dæmdur samkvæmt 259. gr. almennra hegningarlaga í 14 daga einfalt fangelsi; svo var hann og dæmdur til að greiða allan af málinu leiðandi kostnað, þar á meðal 10 kr. í málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns síns í héraði, cand. jur. Guðmundar Sveinbjörnssonar.

Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins eftir ósk hins ákærða og af hálfu réttvísinnar.

Nokkur undanfarin sumur, 1894—1899, hefir ákærði haft á hendi verkstjórn við vegabætur fyrir landstjórnina, og sumurin 1898 og 1899 stóð hann fyrir vegabótum í Holtunum í Rangárvallasýslu og Þingvallasveit, fyrra sumarið, og í Holtunum framan af og þar eftir í Svínahrauni síðara sumarið, en það er starfsemi hans sem vegabótastjóri þessi tvö síðastnefndu sumur, sem hann er ákærður fyrir í þessu máli. Var í starfi ákærða sem verkstjóra fólgið, að hann skyldi ráða verkamenn til vegavinnunnar, ákveða daglaun þeirra og annast bogun á þeim, svo og að gjöra reikning yfir vegabótakostnaðinn, sem skilagrein fyrir fé því, er hann tók við og útborgaði fyrir landssjóðinn, og voru ákærða í þessu skyni fengnar kaupskrár, prentuð eyðublöð, með 5 dálkum, þar sem í 1. dálki skyldu tilfærð nöfn verka-

manna, í 2. dálki dagsverkatala, í 3. dálki daglaunaupphæðin, í 4. dálki kaupgjaldið samantalið og í 5. dálki skyldu verkamenn rita nafn sitt sem kvittun.

Að því leyti ákærði er sakaður um skjalafals, þá hefir hann játað, að hann hafi í fyrstu skrifað tölurnar á kaupskránum 1899 með blýanti, en síðan lét hann annan mann, sem yfirfór fyrir hann útreikninginn á kaupskránum, rita ofan í tölurnar með bleki, og var það eigi gjört fyr en flestir verkamennirnir höfðu skrifað nöfn sín sem kvittun á skrárnar. Tjáist ákærði hafa ritað þannig fyrst með blýanti á skrárnar til þess, að eiga hægra með að leiðrétta reikningsvillur, um leið og hann gjörði upp kaupið við verkamennina, án þess að þurfa að ónýta kaupskrárnar, með því að verkamennirnir kvittuðu á þær smámsaman eða sinn í hvert skiptið, og hann hefir stöðugt haldið því fram, að hann hafi ekki viljandi breytt eða látið breyta neinni tölu á kaupskránum eftir að búið var að kvitta á þær. Það hefir heldur eigi orðið upplýst, að tölum hafi verið breytt á kaupskránum eftir að verkamenn höfðu kvittað á þær. Þó hefir það komið fram um einn verkmann, Guðmund Magnússon, að hjá honum eru oftalin á skránni 29 eða 30 dagsverk, en ákærði fullyrðir að þau séu tilkomin fyrir vangá eða mislestur, þegar ritað var ofan í tölurnar á skránni, þannig, að 58 dagsverk hafi þá verið lesin og rituð sem 88. Þessa skýringu ákærða um það, hvernig

standi á hinum oftöldu dagsverkum, má álíta eigi ósennilega, og verður því eigi álitið, að sú breyting, sem hér virðist hafa átt sér stað, hafi orðið fyrir fölsun á kaupskránni. Um kvittanir á kaupskránum hefir það því næst sannast viðvíkjandi einum verkamanni, Sigurði Sigurðssyni frá Seli, að þó kvittað sé á skránni með hans nafni, þá hefir hann ekki skrifað nafn sitt þar sjálfur, eða veitt öðrum heimild til að gjöra það. Hér verður þó eigi heldur um skjalafals að ræða af hálfu ákærða, því að eftir því sem fram komið er, verður að ætla, að hann, ákærði, hafi skoðað téðan Sigurð Sigurðsson sem verkamann annars manns, Steingríms nokkurs Jónssonar, en þessi Steingrímur kvittaði eða lét kvitta fyrir kaupinu.

Þá hefir ákærða verið gefið að sök, að hann hafi dregið sér sviksamlega fé með því, að telja á skránni fleiri dagsverk hjá sumum verkamönnum en þeir unnu. Í þessu tilliti er það upplýst og játað af ákærða, að fleiri dagsverk séu talin á kaupskránni hjá þessum mönnum en þeir hafi unnið: Jóni Bjarnasyni, Ögmundi Gíslasyni, Katli Þorsteinssyni, Jónasi Þorsteinssyni, Jóni Jónssyni frá Kálfholti, Vigfúsi Bjarnasyni, Guðmundi Magnússyni, Grími Ásgrímssyni og Jóni Jónssyni frá Herríðarhóli. Hjá Jóni Bjarnasyni hefir ákærði talið 15 dagsverk 1899 fram yfir þau, sem hann vann, og hefir hann réttlætt það með því, að hann (ákærði) hafi átt upphæð, sem því svaraði, til góða frá 1898, og þess vegna bætt dagsverkum þessum við hjá Jóni með hans samþykki. Kveðst ákærði

hafa skýrt landshöfðingja frá þessu og hafi hann leyft, að við svo búið mætti standa. Um dagsverk þau, sem oftalin eru hjá Ögmundi Gíslasyni, hefir það sannast, að annar maður vann þau í stað Ögmundar, og eru þau eigi talin annarsstaðar á kaupskránum. Að því er snertir oftalin dagsverk hjá Katli Þorsteinssyni, Jónasi Þorsteinssyni, Jóni Jónssyni frá Kálfhoti og Vigfúsi Bjarnasyni, þá hefir ákærði gefið þá skýrslu, og styðst hún við annað það, er upplýst er í málinu, að hann hafi gjört samning við bróður sinn, séra Ólaf Finnsson í Kálfholti, um grjótaðdrátt til Steinslækjarbrúarinnar, og síðan breytt samningsborguninni, 225 kr., í dagsverkaborgun og talið hana á kaupskránni hjá téðum mönnum, og tjáist ákærði hafa gjört þetta af því, að hann var í vafa um, hvort hann hefði heimild til að gjöra slíkan samning um grjótaðdráttinn upp á sitt eindæmi, þó að hann annars áliti sér heimilt að breyta borgun fyrir smásamninga (akkord) í dagsverkaborgun. Samkvæmt þessari skýrslu ákærða, sem taka verður trúanlega, virðist ákærði eigi hafa gjört sig sekan í athæfi, er refsingarvert sé eftir hegningarlögunum. Að því er snertir þau 29 eða 30 dagsverk, er oftalin eru hjá Guðmundi Magnússyni, hefir það áður verið tekið fram, að ætla verður, að þau hafi orðið af vangá eða fyrir mislestur. Þá hafa oftalist hjá Grími Ásgrímssyni 41 dagsverk sumarið 1899. Þetta sumar var unnið í Holtunum til 31. júlí, en eftir þann tíma í Svínahrauni, og var höfð sín kaupskrá fyrir hvorn kafla vinnunnar.

Grímur var við vegavinnuna í Holtunum, en ekki í Svínahrauni, en þó er hann talinn á Svínahraunsskránni með 41 dagsverk. Ákærði hefir ekki getað afsakað þessa villu á kaupskránni með öðru en því, að hún hafi orðið í algjörðu hugsunarleysi og ógáti hjá sér, og hann hefir viljað skýra, hvernig hún muni vera til komin, þannig, að hann hafi upphaflega ætlað að hafa 2 kaupskrár yfir vinnuna í Holtunum og verið búinn að innfæra á þær nöfn verkamannanna, er þar unnu, þar á meðal Gríms Ásgrímssonar, en svo hafi hann notað aðra þessa skrá fyrir vinnuna í Svínahrauni og hafi þá Grími verið ofaukið, en hann muni þó í hugsunarleysi, er hann fylti skrána út, hafa ritað sömu dagverkatölu í dálk Gríms eins og hjá næsta manni fyrir ofan. Á skrána var kvittað fyrir Gríms hönd af öðrum manni, sem hafði umboð til þess, og tók hann ekkert eftir, að neitt væri rangt tilfært um vinnu Gríms, enda athugaði ekki tölurnar né gat séð, að vinnan var að nokkru talin í Svínahrauni, með því að sú skráin var þá yfirskriftarlaus. Þó að ofantéð skýring ákærða virðist nokkuð ósennileg, þá verður hann þó ekki gegn stöðugri fullyrðing sinni um, að honum hafi orðið þessi villa óviljandi og hugsunarlaust, álitinn hafa með skekkju þessari ætlað að draga sér fé sviksamlega. Hjá Jóni Jónssyni frá Herríðarhóli eru oftalin 6—7 dagsverk hvort árið 1898 og 1899, en Jón hefir kannast við að hafa fengið útborgaða og að hafa kvittað fyrir upphæð þá, er talin er á kaupskránni 1899, og sömu-

leiðis minnir hann, að hann hafi fengið hina tilfærðu kaupupphæð borgaða 1898, þó dagsverkin standi eigi heima hvorugt árið. Akærði hefir gjört þá grein fyrir skekkju þessari í daglaunatölunni, að hann hafi 1899 bætt þessum 6—7 dagsverkum við Jón, til þess að bæta honum upp kaup hans, sem var lágt, og hafi hann álitið sér þetta heimilt, þar sem hann réð kauphæðinni hjá verkamönnunum, en hafi hagað uppbótinni á þennan veg, til að breyta sem minst kaupskránni. Ákærði ætlar og, að eins standi á mismuninum á dagsverkatölunni 1898, þó að hann muni ekki glögt eftir því. Með því að Jón virðist, eftir framburði hans að dæma, hafa fengið það kaup borgað, sem á kaupskránum 1898 og 1899 er tilfært, verður skýrsla ákærða um þetta atriði að teljast nokkurn veginn fullnægjandi Þá hafa verkamennirnir Guðmundur Guðmundsson frá Þjótanda, Sigurður Sigurðsson frá Seli og Guðni Gestsson og Guðmundur Guðfinnsson borið það, að hjá þeim séu talin á kaupskrá fleiri dagsverk en þeir unnu, hjá Guðmundi Guðmundssyni 7 um of, hjá Sigurði 4, hjá Guðna 6 og hjá Guðmundi Guðfinnssyni 14. En ákærði hefir um 3 hina fyrstnefndu haldið því fram, að dagsverkin séu rétt talin hjá þeim, og að hlutaðeigendur hafi fengið að fullu borgaða þá kaupupphæð, sem kvittað er fyrir á skránum. Viðvíkjandi Guðmundi Guðfinnssyni, sem var í vinnunni 1898, ætlar ákærði helzt, að hann hafi bætt hinum oftöldu dagsverkum við hann til að bæta honum upp kaup hans, sem var lágt, en

hann fátækur, og hafi hann þannig haft sömu aðferð við hann eins og við Jón frá Herríðarholi. Hefir ákærði fastlega neitað því, að hann hafi dregið sér nokkuð af kaupi því, sem talið er á skránum borgað þessum mönnum. Guðmundur Guðfinnsson hefir heldur eigi talið ólíklegt, þó hann muni það eigi nú, að hann hafi fengið kaup það borgað, sem á skránni stendur. Ákærði verður þannig eigi dæmdur fyrir að hafa dregið undir sig sviksamlega af kaupi nefndra verkamanna.

Enn hefir orðið spurning um, að ákærði hafi oftalið dagsverk hjá Ólafi Gunnlaugssyni, sem var við vinnuna sumurin 1898 og 1899. Sumarið 1899 virðist það þó upplýst, að borgun til Ólafs hafi eigi verið oftalin, en nær helmingur dagsverka þeirra, er talin eru á skránni, voru fyrir flutninga, er Ólafur hafði á hendi fyrir vegavinnuna, en borguninni fyrir þá var breytt í dagsverk, eins og ákærði oft gjörði. Sumarið 1898 hafði Ólafur enga daglaunavinnu sjálfur, en að eins flutninga á ýmsu fyrir vegavinnuna, og var borguninni fyrir flutningana breytt í dagsverk á venjulegan hátt. Eftir reikningi Ólafs eru dagsverkin hjá honum þetta ár talin fleiri en flutningnum nam, er hann hafði það sumar, og munar það um 90 kr., en ákærði heldur því fram, að það sé misminni Ólafs, að hann hafi eigi haft meiri flutninga það sumar, og fullyrðir, að dagsverkin fyrir flutningana séu rétt talin; þó telur hann það mögulegt, að aðrir menn 2, er hann hefir tilgreint, hafi farið nokkrar af

flutningsferðunum nefnt sumar, og sé þá borgunin til þeirra fólgin í dagsverkum Ólafs. Þessari skýring ákærða er eigi hnekt, og það styður hana, að eftir því, sem upplýst er, hefir ákærði eigi talið borgun fyrir flutninga annarsstaðar í vegabótareikningi sínum 1898.

Það er komið fram í máli þessu, að það hefir tíðkast nokkuð hjá ákærða sem vegabótastjóra, að aðrir menn hafa ráðið verkamenn í vinnuna hjá honum, ekki að eins vinnumenn sína, heldur og aðra, sem þeir hafa tekið einungis til að koma þeim í vegavinnuna; hafa menn þessir tekið til sín vegavinnulaunin, en goldið verkamanninum umsamið kaup, og hirt sjálfir afganginn. Ákærði vissi um þessar mannaráðningar, en áleit sér óviðkomandi sem verkstjóra, hver hirti verkalaun mannanna, ef þau voru að eins eigi ákveðin hærri en mennirnir áttu skilið fyrir vinnu sína. Þó það nú helzt hafi verið venzlamenn ákærða, sem réðu menn á þennan hátt í vinnuna, bræður hans og mágur (auk þeirra virðist að eins einn maður, Sigurður Daníelsson, hafa ráðið menn í vinnuna með þessu móti), þá er það eigi sannað, að ákærði hafi greitt verkamönnum þeim, er þeir réðu fyrir sinn reikning, hærra kaup en hæfilegt var eða mennirnir unnu fyrir, og hallað þannig á landssjóðinn, eða að hann hafi sjálfur áskilið sér eða fengið þátt í hagnaðinum af mönnunum. Hins vegar hefir ákærði játað um einn verkamann, Guðmund Einarsson, að hann hafi verið ráðinn sem hans (ákærða) maður til vinnunnar,

þannig að ákærði borgaði honum 2 kr. í daglaun, en tæki til sín kaup það, er hann ynni fyrir í vegavinnunni, og þar sem ákærði ákvað kaup mannsins 2 kr. 75 a. um daginn, tók ákærði þannig til sín af kaupi hans í þá 49 daga, er hann var við vinnuna, 36 kr. 25 a. Með þessari aðferð sinni hefir ákærði, sem hafði á hendi ráðning verkamanna til vinnunnar fyrir landssjóðinn, dregið sér sviksamlega fé úr landssjóði, og hefir því bakað sér með því hegningu. Um 2 verkamenn aðra en Guðmund Einarsson, þá Sigurð Sigurðsson frá Seli og Guðna Gestsson, sem báðir voru ráðnir í vinnuna með 2 kr. daglaunum, en eru taldir á kaupskrá með 2 kr. 75 a. um daginn, getur reyndar nokkur grunsemd verið um, hvort ekki hafi verið ráðnir í vinnuna sem menn ákærða, þannig, að hann ætti að hafa hagnaðinn af þeim, en eftir framburði Sigurðar Daníelssonar, sem réð menn þessa til vinnunnar, og ákærða, sem eigi hefir verið hrundið, þá réði Sigurður Daníelsson mennina til ákærða sem sína menu, þannig, að hann tæki afganginn af kaupi þeirra. Reyndar samdist svo síðar milli ákærða og Sigurðar, að ábatinn af mönnunum gengi til að styrkja fátækan vegabótamann, Steingrím nokkurn Jónsson, er eigi hafði sökum veikinda getað gengið að vinnu um sumarið, og fekk Steingrímur þessi þannig 72 kr., með því að hver verkamannanna vann 48 dagsverk, og var reiknað 2 kr. 75 a. kaup um daginn. En að svo miklu leyti sem raða má af

þessari tilslökun Sigurðar Daníelssonar, að mennirnir hafi í raun og veru verið ráðnir til landsvegavinnunnar fyrir 2 kr. um daginn, þá hefir ákærði skýrt frá því, að landshöfðinginn hafi samþykt styrkveitinguna til Steingríms Jónssonar og er þeirri skýrslu hans eigi hnekt.

Samkvæmt því, sem hér að framan hefir verið tekið fram, hefir ákærði gjört sig sekan í sviksamlegum fédrætti, að því er kaupgreiðslu fyrir Guðmund Einarsson snertir, og er það brot hans af undirdómaranum réttilega heimfært undir 259. gr. almennra hegningarlaga 25. júnf 1869, og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin í aukaréttardóminum 14 daga einfalt fangelsi. Með því að endurgjalds hefir eigi verið krafist fyrir upphæðir þær, er ákærði hefir ranglega fært landssjóði til útgjalda, og yfirdómurinn felst á ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnaðinn, ber að staðfesta aukaréttardóminn að öllu leyti. Ákærða ber og greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, er ákveðast 15 kr. til hvors þeirra.

Málið hefir í héraði verið rekið með nægilegum hraða, en það athugast, að það þykir ekki í ýmsum atriðum hafa verið upplýst af undirdómanum svo rækilega sem skyldi, og hefir yfirdóminum þó eigi fundist ástæða til að fyrirskipa ítarlegri rannsókn í því, með því að ætla verður, að hún yrði, eins og málinu er komið, árangurs-

laus. Málsfærslan fyrir yfirdóminum hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á vera óraskaður. Ákærði Einar Finnsson greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálaflutningsmanna Einars Benedikssonar og Odds Gíslasonar, 15 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 28/1900: Hannes Thorsteinsson fyrir hönd Thor E. Tulinius gegn Ben. S. Þórarinssyni.

Úrskurður:

Eftir að gagnáfrýjandinn Ben. S. Þórarinsson hafði fengið leyfisbréf til að leggja fram ný skjöl og skilríki í málinu, kom hann fram með og lagði í rétt hinn 15. okt. þ. á. ýms ný skjöl, sem öll eru gefin út og fengin í Kaupmannahöfn. Aðaláfrýjandinn fekk þá 1/2 mánaðar frest til andsvara í málinu, en að honum liðnum bað hann um framhaldsfrest til næsta réttardags eftir 27. þ. m., til að bíða upplýsinga með póstskipi, sem

þá var væntanlegt frá Kaupmannahöfn, sakir nýrra skjala, þeirra er mótparturinn hafði lagt fram. Til vara bað hann um viku framhaldsfrest til andsvara. Gagnáfrýjandi mótmælti fresti til 27. þ. m., eða lengur, sökum þess að áfrýjandi hafi vitað af skjölum þeim, sem framkomin séu, og að það þurfti að hrekja þau, og það enda síðan málið var fyrir undirrétti. Hann mótmælti einnig varakröfunni um vikufrest, með því að aðaláfrýjandi hafi þegar áður haft hálfsmánaðarfrest í málinu.

Þó að hin framlögðu skjöl, bréf og skýrslur, aðallega eigi að vera til þess að staðfesta staðhæfingar gagnáfrýjanda fyrir undirrétti, verður því þó eigi neitað, að þau eru ný sönnunargögn, og það verður eigi fortekið, að aðaláfrýjandi þurfi að bera þau undir umbjóðanda sinn, sem búsettur er í Kaupmannahöfn, og fá umsögn hans um þau, en þetta gat hann eigi gjört, fyr en skjölin komu fram. Á hinn bóginn skal það tekið fram, að aðaláfrýjandi var sækjandi í héraði í þessu skuldamáli, og að hann er dómhafi, sem hefir áfrýjað dómi undirréttarins til staðfestingar. Dráttur á málinu hefir því í för með sér drátt á því, að hann fái innheimt skuld sína hjá gagnáfrýjanda, en fyrir gagnáfrýjanda, sem að eins krefst sýknunar í málinu, að því er skuldaskiptin snertir, virðist enginn réttarmissir geta leitt af því, að dráttur verði á málinu, og verður samkvæmt þessu að veita hinn umbeðna frest til mánudags 3. næsta mánaðar.

Fyrir því úrskurðast:

Aðaláfrýjanda veitist frestur í málinu til 3. desbr. næstkomandi.

Mánudaginn 3. desembermánaðar.

Nr. 20/1900: Guðmundur verzlunarstjóri Ólsen fyrir hönd W. Fischers verzlunar gegn Hannesi Thorsteinsson fyrir hönd Jóns Norðmanns verzlunarstjóra.

Dómur:

Mál þetta var höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af hinum stefnda cand. juris Hannesi Thorsteinsson í umboði verzlunarstjóra Jóns Norðmanns á Oddeyri gegn verzlunarstjóra W. Fichers verzlunar Guðmundi Ólsen til skaðabóta fyrir það, að W. Fischers verzlun hafi tekið undir sig heimildarlaust fisk Norðmanns, er verzlunin hafði tekið að sér verkun á fyrir hann, og til greiðslu á uppbót fyrir út teknar vörur við verzlunina, er stefndi taldi sig eiga kröfu til samkvæmt samningi. Var málið dæmt á bæjarþinginu hinn 5. aprílmán. þ. á. með þeim úrslitum, að áfrýjandinn var fyrir hönd W. Fischers verzlunar dæmdur til að greiða stefnda fyrir hönd Jóns Norðmanns sem skaðabætur fyrir óheimila ráðstöfun eða töku á fiski hans samtals 2996 kr. 67 a. og 6% vexti af upphæð þessari frá sáttakærudegi til

borgunardags. Aftur á móti var áfrýjandinn sýknaður fyrir kröfu stefnda um afslátt eða uppbót fyrir úttekt á vörum við verzlun áfrýjandans. Málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir nú áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 5. maí þ. á., og hefir hann gjört þá *aðalréttarkröfu* fyrir yfirdóminum, að hinn áfrýjaði dómur verði feldur úr gildi og W. Fischersverzlun algjörlega sýknuð af kærum og kröfum stefnda, en *til vara*, að dregnar verði frá dómskuldinni 516 kr. 36 a. + 1651 kr., og hvernig sem málið fer, krefst áfrýjandi þess, að stefndi verði dæmdur í málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati réttarins.

Árið 1898 hafði Jón Norðmann verzlunarstjóri á Oddeyri 2 skip, er hann átti, »Jón« og »Geysi«, á fiskiveiðum við Suðurland, og samdi Chr. Zimsen kaupmaður fyrir Norðmanns hönd svo við W. Fischers verzlun í Reykjavík, að skipin skyldu fá út nauðsynjar sínar við verzlunina gegn 12% afslætti, ef borgað væri í peningum á gjalddaga, fyrir ágústmánaðarlok, og að verzlunin tæki að sér að verka afla skipanna fyrir 3 kr. hvert skippund. Var síðan allur afli »Jóns« og nokkuð af afla »Geysis« lagður upp í Hafnarfirði og verkaður þar við útibú W. Fischers verzlunar, og urðu úr aflanum 127 skpd. af saltfiski nr. 1, 51½ skpd. af smáfiski, 22½ skpd. af ýsu og 6 skpd. af löngu og saltfiski nr. 2. Með bréfi dags. 15. sept. 1898 til forstöðumanns Fischers verzlunar í Hafnarfirði skýrði Norðmann

forstöðumanninum frá því, að hann hefði beðið Dines Petersen í Kaupmannahöfn að selja málsfiskinn þar og Sturlu kaupmann Jónsson að selja fyrir sig smáfiskinn og ýsuna til Genua, og skoraði á forstöðumanninn að afhenda fiskinn samkvæmt þessum ráðstöfunum, en þegar þetta bréf kom suður, seinast í mánuðinum, var búið, í miðjum mánuðinum, að leggja allan fiskinn inn í Fischers verzlun, í samráði við eða með samþykki Chr. Zimsens kaupmanns, eftir því, sem forstöðumenn verzlunarinnar skýrðu Norðmann frá, og var fiskurinn tekinn í verzlunina og verð sett á hann þannig: skpd af saltfiski nr. 1, 41 kr., af smáfiski 35 kr., af ýsu 28 kr., af saltfiski nr 2 32 og af löngu 40 kr. Norðmann áleit þessa innlagning fisksins, sem hafði verið gjörð að honum fornspurðum, heimildarlausa með öllu, og að sér hefði verið með henni bakað verulegt fjártjón, með því að hann bjóst við töluvert betri sölu á fiskinum með þeim ráðstöfunum á honum, er hann hafði gjört, og höfðaði hann því mál þetta gegn Fischers verzlun til að fá sér dæmdar skaðabætur hjá verzluninni fyrir fisktökuna, og lyktaði mál það sem fyr segir.

Tildrögin til þess, að umræddur fiskur var lagður inn í Fischers verzlun, voru, eftir því sem upplýst er í málinu, sérstaklega með framburði Zimsens kaupmanns, sem leiddur hefir verið sem vitni í því, þau er nú skal greina. Síðast í ágústmánuði 1898, eða um það leyti sem ráðgjört var í samningnum milli Fischers verzlunar og Zim-

sens, að úttekt skipanna skyldi greidd verzluninni, kom verzlunarstjóri Fischers verzlunar, Guðbr. Finnbogason, sem nú er dáinn, til Zimsens og spurði hann, hvort eigi væri óhætt, að hann tæki fiskinn inn í verzlunina, með því að gjalddagi á úttekt skipanna væri kominn, og engin ráðstöfun gjörð á fiskinum, en hann (verzlunarstjórinn) þurfti þá að segja til þess, til Kaupmannahafnar, hve mikið skiprúm þyrfti að ætla fyrir fisk verzlunarinnar það haust. Svaraði þá Zimsen því, að hann hefði eigi umboð frá Norðmann til að ráðstafa fiskinum, en lét jafnframt í ljósi, að það væri eðlilegt, að Fischers verzlun fengi fiskinn fremur öðrum, ef hún gæfi jafnmikið fyrir hann og aðrir vildu gefa. Varð svo eigi meira úr að sinni. En nokkru síðar, um eða fyrir miðjan septembermánuð, kom Zimsen aftur til verzlunarstjórans. Hafði þá annar maður, Jörgen Hansen kaupmaður, boðið í saltfiskinn nr. 1, það er fullverkað var af honum, 42 kr. að frádregnum tolli og útskipunarkostnaði, og með því að Zimsen og skipstjóri Norðmanns, Marteinn sál. Teitsson, sem aflað hafði mest af fiskinum og sem Zimsen áleit standa næst til að ráðstafa fiskinum í fjarveru Norðmanns, voru orðnir hræddir um að komið væri í síðustu forvöð með að ráðstafa fiski Norðmanns á heppilegan hátt og óttuðust, þar sem ekkert bréf hafði komið frá Norðmann um fiskinn, að bréf frá honum hefði misfarist, þá höfðu þeir, þar sem boð Hansens var það bezta, er þeir ætluðu að kostur myndi á að fá, eftir verði á fiski þá, afráðið að selja Hansen

fiskinn fyrir hið framboðna verð. Var nú erindi Zimsens til verzlunarstjóra Guðbr. Finnbogasonar það, að fá fiskinn út, til að selja Hansen hann, en Finnbogasen var tregur til að láta af hendi fiskinn með því að hann hafði þegar gjört ráð fyrir skiprúmi handa honum til Kaupmannahafnar, og gaf í skyn, að ef fiskurinn yrði seldur öðrum, myndi verzlunin reikna sér hærri pakkhúsleigu og annað kostnað fyrir það, sem eftir væri af fiskinum. Við þessar undirtektir Finnbogasens kveðst Zimsen hafa afráðið að hætta við að fá fiskinn út, en hann hafi sagt Finnbogasen, að hann yrði að ábyrgjast, að Norðmann fengi eins mikið fyrir fiskinn og hann gæti fengið annarsstaðar. Finnbogasen hefir í bréfi til Norðmanns skýrt nokkuð öðru vísi frá þessum fundi þeirra Zimsens út af tilboði Hansens að kaupa fiskinn. Segir hann þar, að Zimsen hafi gefið sér kost á að kaupa fiskinn fyrir sama verð og Hansen bauð og gefið sér eins dags umhugsunartíma til að kjósa um, hvort hann vildi sleppa fiskinum eða halda honum fyrir það verð, og hafi hann daginn eftir kosið að halda honum, þótt honum þá hefði boðist jafngóður fiskur fyrir nokkuð minna verð; en jafnframt hafi hann þá áskilið sér sanngjarna pakkhúsleigu fyrir fiskinn. Um þennan samfund þeirra Zimsens og Finnbogasens er eigi frekari upplýsingar að fá í málinu, en skömmu eftir þetta viðtal þeirra var fiskur Norðmanns tekinn inn í verzlunina sem önnur innlögð vara.

Það virðist nú mega telja það alveg víst,

þar sem Zimsen hafði marglýst því yfir við Finnbogasen, að hann áliti að Fischers verzlun ætti að ganga fyrir öðrum með kaup á fiskinum fyrir sama verð, að verzluninni, eins og Finnbogasen hefir skýrt frá í bréfi sínu til Norðmanns, hafi staðið til boða fiskur Norðmanns, sá er Hansen bauðst að kaupa, og fyrir sama verð og Hansen bauð, en að það hafi þá að eins staðið fyrir kaupum af hendi verzlunarinnar, að verzluninni þótti verðið of hátt. Í öðru lagi er það sannað, að Zimsen og þeim Marteini skipstjóra var áhugamál að fá fiskinn seldan fyrir þetta verð, sem Hansen bauð, þar sem þeir óttuðust, að það mundi ef til vill verða um seinan til að fá heppilega sölu á fiskinum, ef salan væri dregin lengur. Um þennan sama áhuga á því að fá fisk Norðmanns seldan fyrir það verð, er Hansen bauð, bera og ummæli Zimsens við Finnbogasen í oftumrætt skifti ótvíræðan vott, þar sem Zimsen vildi leggja ábyrgð á Finnbogasen fyrir að Norðmann fengi eins mikið fyrir fiskinn og hann gat fengið annarsstaðar (ɔ: hjá Hansen). Það virðist því verða að telja það eðlilegt mjög, þótt Fischers verzlun hafi skilið svo alla framkomu Zimsens í þessu fisksölumáli, og sérstaklega hin síðast tilfærðu ummæli hans um, að Finnbogasen yrði að ábyrjast, að eins mikið fengist fyrir fiskinn og Hansen bauð, svo, að hann væri fyrir Norðmanns hönd samþykkur því að verzlunin tæki fiskinn fyrir þetta sama verð, sem boðið var. Og þó að Zimsen lýsti yfir

því, að hann hefði eigi umboð frá Norðmann til að selja fiskinn, þá var hann búinn að sýna það fyllilega, að hann áleit þá nauðsyn vera fyrir hendi, er réttlætti sölu á fiskinum af sinni henni fyrir Norðmann.

Samkvæmt því, sem tekið hefir verið fram, verður að álíta, að Fischers verzlun hafi haft samþykki Zimsens kaupmanns til að taka fisk Norðmanns, þann er Jörgen Hansen hafði boðist til að kaupa, en það var saltfiskurinn nr. 1, inn í verzlunina, og með því að hún samkvæmt afskiftum Zimsens af skipaútgjörð Norðmanns og umboðsmensku hans gagnvart verzluninni, sem hafði samið við hann einan fyrir Norðmanns hönd, hafði fulla ástæðu til að taka ályktanir og samþykki hans gilt í þeim efnum, er útgjörðina og aflann snerti, þá verður eigi álitið, að Fischers verzlun hafi tekið umræddan fisk heimildarlaust, svo að hún verði skyldug til að bæta Norðmann það tjón, er innlagning fisksins í verzlunina kynni að hafa bakað honum, fyrir missi þess ábata, er hagstæðari sala á fiskinum myndi hafa gefið honum.

Um hinar aðrar fisktegundir en saltfiskinn nr. 1 er þar á móti öðru máli að gegna. Hvað þær snertir hefir Fischers verzlun eigi sannað, að hún hafi haft samþykki Zimsens né annars manns fyrir Norðmanns hönd til að leggja þann fisk inn í verzlunina, og það verður eigi álitið, að Fischers verzlun hafi haft rétt til að taka fiskinn allan

til sín fyrir það að eigi var staðið í skilum með borgun á úttekt skipanna, sem greiðast átti í lok ágústmánaðar, og það þó fiskinum væri þá óráðstafað af Nordmann. Venju þá við verzlanir í Hafnarfirði, sem slíkt ætti á að byggjast, hefir áfrýjandinn eigi sannað nægilega gegn mótmælum stefnda. Hér um ræddan hluta af fiski Nordmanns verður því Fischers verzlun að álítast hafa tekið heimildarlaust til sín, og leiðir af því, að verzlunin eða áfrýjandinn fyrir hennar hönd verður að skyldast til að bæta Nordmann tjón það, er hann hefir beðið við fisktökuna. Þetta tjón hefir stefndi talið 7 kr. 3 a. á skpd af smáfiski, 5 kr. 53 a. á skpd. af ýsu, 5 kr. á skpd. af löngu og málsfiski nr. 2, samtals af þessum hluta fisksins 516 kr. 36 a., og með því að áfrýjandinn hefir eigi með rökum mótmælt þessum reikningi stefnda yfir tjón hans, ber að taka hann til greina.

Samkvæmt þessu ber að dæma áfrýjandann til að greiða stefnda sem skaðabætur fyrir óheimila fisktöku 516 kr. 36 a. með 6% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en sýkna hann að öðru leyti af kröfum stefnda. Málskostnaður fyrir báðum dómum þykir rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn, Guðmundur verzlunarstjóri Olsen, fyrir hönd W. Fischers verzlunar, greiði stefnda, Hannesi Thorsteinson, fyrir hönd Jóns Nordmanns verzlunarstjóra, 516 kr. 36

a., með 6% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Málskostnaður fyrir báðum dómum fellur niður.

Mánudaginn 17. desembermán.

Nr. 42/1900: Sigfús Eymundsson
gegn
W. Ó. Breiðfjörð.

Dómur:

Samkvæmt áteiknun stefnuvotta á áfrýjunarstefnuna í máli þessu hefir stefnan verið birt í sölubúð stefnda, sem eigi tjáist hafa fundist heima, fyrir verzlunarmanni nafngreindum, er þar var fyrir. Með því að áteiknunin þannig eigi ber það með sér, að stefnan hafi verið birt á heimili stefnda, en hann hefir eigi mætt eða látið mæta af sinni hálfu fyrir yfirdóminum, brestur sönnun fyrir því, að stefnubirtingin hafi verið lögmæt, sbr. N. L. 1. 4. 2. og 22. og tilsk. 3. júní 1796 20. gr. og ber því ex officio að vísa máli þessu frá yfirdóminum.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum.

Nr. 32/1900: Páll Markússon
gegn
verzlunarstjóra Eggert Laxdal
fyrir hönd Gudmann's Efterfölgers verzlunar.

Urskurður:

Af stefnda hálfu hafa andsvör að sinni að eins verið gefin um formhlið málsins og hefir málfærslumaður hans hér fyrir réttinum krafist frávísunar málsins fyrir þá sök, að stefnda sé í áfrýjunarstefnunni að eins stefnt til þess að heyra sókn, bera fram vörn og þola dóm o. s. frv. í málinu, en eigi til þess að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð né til að hlýða á réttarkröfur áfrýjanda, enda kveðst hann eigi hafa mætt fyrir yfirdóminum til þessa, sem síðar var talið.

Það leiðir þó af sjálfu sér, að þar sem stefnt er til að heyra sókn, þá hlaut stefndi að vita, að því var óhjákvæmilega samfara í yfirdómi framlagning skjala og skilríkja, eins og einnig réttarkröfur eru sjálfsagður hluti sóknar í máli. Frávísunarkrafa stefnda er því ástæðulaus með öllu og verður henni eigi sint. En stefnda verður, samkvæmt varakröfu hans, veittur frestur til næsta réttardags til andsvara um aðalefni málsins.

Fyrir því úrskurðast:

Frávísunarkrafa stefnda verður eigi tekin til greina, en honum veitist frestur til andsvara um aðalefni málsins til næsta réttardags.

Hæstaréttardómar.

Miðvikudaginn 7. febrúar 1900.

Nr. 31. Amtmaður yfir Suðuramti og Vesturamti Íslands J. Havsteen (Asmussen eftir skipun).

gegn

ritstjóra Skafta Jósefssyni (Enginn).

útaf ærumeiðingum.

Aukaréttardómur Norður-Múlasýslu 21. ágúst 1894.

Hinn stefndi ritstjóri og ábyrgðarmaður blaðsins »Austra« cand. philos. Skafti Jósefsson á Seyðisfirði á að greiða 80 — áttatíu — króna sekt í landssjóð, eða, ef sektin er eigi greidd í tæka tíð, að sæta einföldu fangelsi í 24 daga. Hin ærumeiðandi ummæli um stefnandann, amtmann J Havsteen, í 29. tölubl. »Austra« 28. október 1892, í greininni með inngangsorðunum: »Meistara Eiríks Magnússonar málið« og greinin í heild sinni á að vera dauð og ómerk. Stefndi greiði einnig allan af máli þessu leiðandi kostnað, eins og það eigi væri gjafsóknarmál, þar með talin máls færslu

laun til hins skipaða sækjanda, sýsluskrifara Jóns Runólfssonar á Seyðisfirði. — Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans, sæti ella aðför að lögum.

Dómur hins íslenzka landsyfirréttar 30. september 1895:

Áfrýjandinn, ritstjóri Skafti Jósefsson, á fyrir kæru stefnda, amtmanns Júlíusar Havsteen, í þessu máli sýkn að vera. Málskostnaður fyrir báðum dómum fellur niður.

Dómur hæstaréttar:

Með konungsbréfi 31. marz 1898 er hæstarétti veitt heimild til að leggja dóm á mál þetta, jafnvel þótt sakarefnið eigi kynni að nema áfrýjunarupphæð.

Samkvæmt ástæðum þeim, er tilfærðar eru í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann.

Málsfærslulaun hins skipaða málsfærslumanns áfrýjandans fyrir hæstarétti ber að greiða af alalmannafé.

Því dæmist rétt vera:

Dómur landsyfirréttarins á að vera óraskaður. Í dómsmálasjóð greiðir áfrýjandinn 2 krónur. Í málsfærslulaun fyrir hæstarétti ber hæstaréttarmálafærslumanni Asmussen 100 krónur, er greiðast af almannafé.

Ástæður landsyfirréttardómsins eru prentaðar í 5. bindi dómasafns þessa, á bls. 120—123.

Miðvikudaginn 27. júní 1900.

Nr. 163. Hansen hæstaréttarmálaflutningsmaður
gegn
Sigríði Jónsdóttur (verjandi Hindenburg),
sem ákærð er fyrir þjófnað eða hlutdeild í þjófnaði.

Aukaréttardómur Barðastrandarsýslu 27. ágúst 1898:

Hin ákærðu, Sigríður Jónsdóttir og Einar Bjarnason, sæti betrunarhússvinnu, hún í eitt ár og hann í átta mánuði. Hólmfríður Sigríður Arngrímsdóttir sæti fangelsi við vatn og brauð í 5 daga. Svo ber hinum ákærðu öllum in solidum að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með talin málaflutningslaun til svaramanna þeirra fyrir réttinum, séra Bjarna Símonarsonar á Brjánslæk og Guðmundar hreppstjóra Jónssonar, í Haga, 8 kr. til hvors. — Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Dómur hins íslenzka landsyfirréttar 19. júní 1899:

Ákærða Sigríður Jónsdóttir sæti betrunarhúsvinnu í eitt ár. Ákærði Einar Bjarnason sæti 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Ákærða Hólmfríður Sigríður Arngrímsdóttir sæti 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Akærða Sigríður Jónsdóttir og Hólmfríður Sigríður Arngrímsdóttir greiði in solidum 8 kr. í varnarlaun til séra Bjarna Símonarsonar og ákærði Einar Bjarnason Guðmundi hreppstjóra Jónssyni í varnarlaun 8 kr. Allan annan sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir

yfirdómi, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra, greiði hin ákærðu öll in solidum. — Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar:

Samkvæmt ástæðum þeim, er tilfærðar eru í hinum áfrýjaða dómi, að því er ákærðu Sigríði Jónsdóttur áhærir,

dæmist rétt vera:

Dómur landsyfirréttarins á, að því leyti er honum hefir verið áfrýjað, óraskaður að vera. Í málflutningslaun fyrir hæstarétti greiðir nefnd ákærða hæstaréttarmálaflutningsmanni Hansen og Hindenburg advokat 30 krónur hvorum.

Ástæður landsyfirréttardómsins eru prentaðar hér að framan á bls. 38—42.

Þriðjudaginn 6. nóvember 1900.

Nr. 230. Jensen hæstaréttarmálaflutningsmaður
gegn
Halldóri Bjarnarsyni
(verjandi Hindenburg).

sem ákærður er fyrir líkamlegt ofbeldi og meiðingar.

Aukaréttardómur Þingeyjarsýslu 5. apríl 1899:

Hinn ákærði séra Halldór Bjarnarson á Prestshólum á að greiða 200 króna sekt í landssjóð, en verði sektin eigi öll greidd innan ákveðins tíma, á hann að sæta einföldu fangelsi í 60 daga. Í lækningarkostnað og fyrir atvinnumissi greiði ákærði ennfremur Þórarni bónda Benjamínssyni á Efrihólum 120 krónur. Svo ber honum og að greiða allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað. — Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Dómur hins íslenzka landsyfirréttar 6. nóvember 1899:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Ákærði Halldór prófastur Bjarnarson greiði og allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálafærslumannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra. — Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar:

Samkvæmt ástæðum þeim, er tilgreindar eru í hinum áfrýjaða dómi, verður að fallast á það, að ákærði hefir verið dæmdur sekur samkvæmt 205. gr. hinna íslenzku hegningarlaga fyrir atferli það, er lýst er í dóminum, en eftir málavöxtum öllum þykir mega ákveða refsinguna 100 króna sekt, eða til vara einfalt fangelsi í 20 daga. Um skaðabætur og málskostnað ber að stað-

festa dóminn. Málaflutningslaunin fyrir hæstarétti virðist rétt að greiðist af almannafé.

Því dæmist rétt vera:

Halldór Bjarnarson á að greiða í sekt til landssjóðs eitt hundrað krónur, og ef sektin er eigi greidd innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, sæti hann einföldu fangelsi í tuttugu daga. Að öðru leyti á dómur landsyfirréttarins að vera óraskaður. Í málflutningslaun fyrir hæstarétti ber Jensen hæstaréttarmálaflutningsmanni og Hindenburg advókat 50 krónur hvorum, er greiðist af almannafé.

Ástæður landsyfirréttardómsins eru prentaðar hér að framan á bls. 66—70.

Landsyfirréttardómar 1901.

Mánudaginn 21. janúarmánaðar.

Nr. 40/1900: Réttvísin
gegn
Gísla Þóroddssyni.

Dómur:

Mál þetta, sem af réttvísinnar hálfu er höfðað gegn ákærða, Gísla Þóroddssyni, fyrir brot gegn 171. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, var dæmt í aukarétti Norður-Múlasýslu 17. ágústm. f. á., með þeim úrslitum, að hinn ákærði var dæmdur til vatns og brauðs hegningar í 4×5 daga og til að greiða allan málskostnað, þar með talin varnarlaun til talsmanns ákærða, bæjargjaldkera Árna Jóhannssonar, 5 kr.

Dómi þessum er af hálfu hins opinbera áfrýjað til landsyfirdómsins.

Með eigin játningu hins ákærða, sem styðst við þær skýrslur, sem á annan hátt eru fengnar í málinu, er það löglega sannað, að hann kringum jólin 1898 kom í kofa nokkurn skamt frá Forna-

stekk í Seyðisfirði, þar sem ekkjan Signý Sigfúsdóttir býr með dóttur sinni Pálínu Árnadóttur, 25 ára gamalli, sem er fábjáni. Var Pálína þá ein í kofanum og lá í rúmi sínu óklædd. Hann lagðist ofan á hana og hafði holdlegt samræði við hana, án nokkurs umtals við hana, og án þess á nokkurn hátt að þröngva henni með valdi eða hótunum. Einhvern tíma á góunni 1899 kom hann aftur í kofann; var Pálína þá ein inni, og átti hann þá aftur holdlegt samræði við hana á sama hátt og fyr greinir. Hinn 31. desember 1899 ól Pálína barn.

Pálína er, eftir því sem upplýst er í prófunum og sem styðst við álit hlutaðeigandi læknis, með öllu fábjáni og er lítt eða ekkert talandi.

Hinn ákærði, sem er drykkjumaður, var í bæði skiftin, er hann hafði holdlegt samræði við Pálínu, talsvert ölvaður, en þó ekki svo út úr, að hann ekki vissi, hvað hann gjörði.

Brot hins ákærða, sem er kominn langt yfir lögaldur sakamanna, og ekki áður hefir sætt hegningu fyrir neitt afbrot, hefir héraðsdómarinn með réttu heimfært undir 171. gr. hegningarlaganna og virðist mega ákveða hegningu ákærða samkvæmt nefndri lagagrein, sbr. 40. gr. sömu laga, betrunarhúsvinnu í 8 mánuði. Með því að yfirdómurinn felst á ákvæði héraðsdómsins um málskostnað, ber þannig að staðfesta hann með nefndri breyting á hegningunni. Svo ber ákærða og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með

talin málflutningslaun til sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Gísli Þóroddsson á að sæta betrunarhúsvinnu í 8 mánuði; að öðru leyti á héraðsdómurinn að vera óraskaður. Ákærða ber að greiða áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 11. febrúarmánaðar.

Nr. 27/1900: Sigfús Pétursson
gegn
Ólafi Ólafssyni.

Dómur:

Með skjali, dags. 2. febr. 1899, gjörðu þeir, áfrýjandi Sigfús Pétursson, þá á Þorleifsstöðum, og stefndi Ólafur Ólafsson, þá á Neðri-Mýrum, samning um kaup á jörðinni Steiná í Bólstaðarhlíðarhreppi til handa áfrýjanda, og skyldi áfrýjandi greiða fyrir jörðina 4000 kr., er gjaldast skyldu þannig, að áfrýjandi tæki að sér 1485 kr. skuld

til landsbankans, er á jörðinni hvíldi, en borgaði afgang kaupverðsins á 3 tilteknum gjalddögum, og átti 1. afborgunin, 1000 kr., að lúkast 20. okt. 1899, ásamt vöxtum af þeirri upphæð, 4 1/3 %, frá fardögum s. á. Jörðin átti hins vegar að vera frí og frjáls, laus og liðug fyrir kaupanda frá nefndum fardögum. Áfrýjandinn flutti nú að vísu á jörðina Steiná í fardögum 1899, eins og til var ætlast í kaupsamningnum; en þegar kom að því, að greiða skyldi 1. afborgun jarðarverðsins, vildi hann eigi greiða hana, og lögsótti þá stefndi hann til greiðslu á henni, 1000 kr., ásamt vöxtum frá fardögum 1899, og jafnframt til borgunar á vöxtum af skuldinni til landsbankans, sem stefndi þóttist hafa orðið að greiða fyrir hans hönd haustið 1899, og var málið dæmt í gestaréttí Húnavatnssýslu 1. marz f. á. með þeim úrslitum, að áfrýjandinn var dæmdur til að greiða stefnda hina umþrættu afborgun, 1000 kr., ásamt 4 1/3 % vöxtum af þeirri upphæð frá fardögum 1899, og í málskostnað 30 kr. Svo voru og nokkur ummæli um stefnda í varnarskjali áfrýjanda fyrir gestaréttinum dæmd dauð og ómerk. Að öðru leyti var áfrýjandi sýknaður af kröfum stefnda í málinu. Dómur þessi var síðan birtur áfrýjanda af hlutaðeigandi stefnuvottum 30. marz f. á., og með því að áfrýjandi greiddi eigi dómskuldina áður fullnægingarfrestur dómsins var liðinn, var fjárnám gjört hjá honum fyrir skuldinni 6. apríl s. á., og teknar fjárnámi hjá honum skepnur, er honum tilheyrðu, er virtar voru alls á 1146 kr., og 29.

maí s. á. voru skepnur þessar seldar til lúkningar skuldinni á opinberu uppboði, er hlutaðeigandi hreppstjóri hélt í forföllum sýslumanns og eftir skipun hans, dags. 24. apríl 1900, og seldust skepnurnar alls á uppboðinu fyrir 1099 kr. 60 a.

Framannefndum dómi ásamt fjárnámsgjörð og sýslumannsskipun um uppboð með eftirfylgjandi uppboðsgjörð hefir nú áfrýjandi, sem fengið hefir konungsleyfi til að leggja fram ný skjöl og skilríki, skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 28. júlí f. á., og hefir þess verið krafist hér fyrir réttinum af hans hálfu, *að* hann verði sýknaður af kærum og kröfum stefnda í málinu, og stefndi dæmdur í málskostnað fyrir báðum réttum með einhverri hæfilegri upphæð, eftir mati yfirdómsins, auk endurborgunar á andvirði hins selda, kr. 1099,60, *að* hinn áfrýjaði fógetaúrskurður og þar eftirfarandi fjárnámsgjörð verði felld úr gildi, og að hin áfrýjaða sýslumannsskipun, og þarmeð hin eftirfarandi uppboðsgjörð verði ónýtt, en áfrýjanda dæmdar bætur fyrir eftir mati dómkvaddra manna eða með ákveðinni upphæð, 1000 kr., eða eftir mati yfirdómsins, auk endurborgunarinnar á kr. 1099,60. Af stefnda hálfu hefir þess aftur á móti verið krafist, að hinn áfrýjaði dómur, fógetaúrskurður og fjárnámsgjörð og uppboðsskipun sýslumanns ásamt eftirfarandi uppboði verði staðfest, og að áfrýjandinn verði dæmur í málskostnað eftir réttarins mati.

Áfrýjandinn hefir fyrst og fremst haldið því fram, að kaupsamningurinn 2. febr. 1899, sem að

framan er skýrt frá, sé óskuldbindandi fyrir sig, þar sem stefndi nefni þar jörðina Steiná eignarjörð sína, en hann hafi þó þá, þegar samningurinn var gjörður, að eins verið búinn að gjöra kaupsamning um hana sjálfur, sem hann ekki hafi staðið í skilum með, og hafi hann því ekki getað skuldbundið sig til að veita afsal fyrir jörðinni. Það er nú að vísu rétt, að stefndi var ekki orðinn eigandi að hinni seldu jörð í þeim skilningi, að hann væri búinn að fá afsalsbréf fyrir henni, þegar kaupsamningurinn við áfrýjanda var gjörður, og að því leyti var það eigi nákvæmt, að kalla jörðina Steiná eignarjörð stefnda í kaupsamningnum, en það verður ekki ráðið annað af málinu en að áfrýjanda hafi verið kunnugt um þessa afstöðu stefnda til jarðarinnar, og gjörði þessi ónákvæmni í orðuninni þá ekkert til; hitt er alls ósannað í málinu, að stefndi hafi með vanhaldi kaupsamningsins við hinn fyrri eiganda jarðarinnar gjört sér ómögulegt að uppfylla kaupsamninginn við áfrýjandann. Þessi sýknunarástæða áfrýjanda verður því eigi álitin á rökum bygð.

Í öðru lagi hefir áfrýjandi haldið því fram, að jörðin Steiná hafi í fardögum 1899, þegar hann tók við henni, verið í miklu verra ástandi en hún hafi átt að vera eftir samningunum þeirra á milli, áfrýjanda og stefnda, og að afhending jarðarinnar, bæði sjálfrar hennar og húsa á henni og kúgilda, hafi verið svo ófullkomin og óviðunandi, að hann hafi kallað stefnda til þá þegar, og sagt upp kaupunum á jörðinni fyrir þá sök, og hafi stefndi tek-

ið þeirri uppsögn sinni og skrifað jafnframt manni þeim, er hann hafði samið við um kaup jarðarinnar, bréf þess efnis, að hann gaf honum, sem til þess tíma hafði búið á jörðinni, sök á viðskilnaði hennar og uppsögn áfrýjanda á kaupunum, og sagði sig einnig lausan við kaup á jörðinni af sömu sökum og áfrýjandi. Hefir áfrýjandinn lagt fram eftirrit, sem hann tjáist hafa fengið hjá stefnda af bréfi þessu, sem dagsett á að hafa verið 10. júní 1899, og er innihald bréfseftirrits þessa eins og áfrýjandi hefir haldið fram og nú hefir verið frá skýrt. Stefndi hefir mótmælt því, að hið framlagða eftirrit sé »rétt eftirrit af frumriti með sinni undirskrift« og kveðst aldrei hafa »skrifað eða látið skrifa nafn sitt undir frumrit, sem sé samhljóða því eftirriti«. Eigandi Steinár, sem bréfið var ritað til, hefir verið leiddur sem vitni um þetta atriði, og hefir hann kannast við að hafa meðtekið bréf frá stefnda, dags. 10. júní 1899, og hafi bréfið verið viðvíkjandi vanhaldi hans á ábúðarskyldu hans gagnvart jörðinni Steiná, en hann hefir skýrt frá, að bréfið sjálft væri glatað og kveðst ekki geta borið um, hvort eftirritið sé rétt eftirrit af bréfinu, því hann hefði eigi lært það utanað, og um einstakar klausur úr bréfseftirritinu hefir hann svarað því, að hann muni ekki til þess, að þau orð eða þeim lík hafi staðið í bréfinu. Á hinn bóginn hafa 3 vitni, sem leidd hafa verið af áfrýjandanum, eftir að gestaréttardómurinn var upp kveðinn, borið það og unnið eið að því, að þau hafi séð bréf frá stefnda vorið

1899 hjá eiganda Steinár, er það var stílað til, og hafi það bréf verið, að því vitnin frekast minnir, samhljóða hinu framlagða eftirriti, og sérstaklega hafa vitnin fullyrt, að í bréfinu hafi stefndi tekið það fram, að áfrýjandinn, sakir viðskilnaðar þess, er bréfið var ritað til, á jörðinni Steiná, hafi sagt sig frá kaupum á jörðinni, og að hann sjálfur (stefndi) neyddist einnig fyrir sömu sakir til að segja sig frá kaupum og öllum afskiftum af jörðinni. Eitt af vitnum þessum hefir auk þess borið það, að það hafi nokkru síðar, sama vor, hitt stefnda og átt að krefja hann um skuld fyrir þenna sama mann, er bréfið fekk, út af kaupum á Steiná, og hafi þá stefndi einmitt vitnað í umrætt bréf sitt til hans, því viðvíkjandi, að áfrýjandinn hafi sagt upp kaupum á jörðinni fyrir illa ábúð greinds manns á henni. Þegar það í sambandi við þessa vitnisburði í málinu er athugað, *að* stefndi hefir aldrei í málinu beint neitað því, að hann hafi ritað og sent bréf með því aðalinnihaldi, er í hinu framlagða eftirriti felst, en hann hefir að eins neitað því, að bréfið hafi verið samhljóða eftirritinu eða að eftirritið sé rétt eftirrit af frumriti, er hann hafi ritað undir, og *að* hann hefir jafnvel heldur aldrei í málinu berum orðum neitað því, að hann hafi, eins og áfrýjandi heldur fram, samþykt uppsögn hans á kaupunum á Steiná, heldur að eins mótmælt vörn áfrýjanda með almennum orðum, þá verður að líta svo á, að nægilega sé sannað af áfrýjanda, að stefndi við umrætt tækifæri, er hann ritaði oftnefnt bréf, sem

virðist hafa verið samið með vitund áfrýjanda, er fekk að taka eftirrit af því, hafi leyst áfrýjanda frá kaupunum á Steiná samkvæmt kaupsamningnum 2. febr. 1899. Það verður því að dæma áfrýjanda sýknan af kröfu stefnda um afborgun þá, er mál þetta er höfðað út af, og ber því að breyta gestaréttardóminum að því leyti. Samkvæmt þessu ber og að fella úr gildi hina áfrýjuðu fjárnámsgjörð og uppboð, og ber stefnda að skila áfrýjanda uppboðsandvirðinu 1099 kr. 60 a. Frekari skaðabætur verða áfrýjanda aftur á móti eigi dæmdar, með því að hann hefir eigi fært sönnur á, að hann hafi beðið neitt tjón við gjörðir þessar, enda hefði honum verið innan handar að koma í veg fyrir uppboðið með því að taka út í tíma áfrýjunarstefnu til yfirdómsins. Um ómerking nokkurra ummæla í varnarskjali áfrýjanda fyrir gestaréttinum á dómurinn að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir undir- og yfirrétti virðist rétt að stefndi greiði áfrýjanda 60 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn Sigfús Pétursson á að vera sýkn af kröfu stefnda Ólafs Ólafssonar um afborgun út af kaupum á jörðinni Steiná. Hin áfrýjaða fjárnámsgjörð og uppboð skulu feld úr gildi, og ber stefnda að skila áfrýjanda uppboðsandvirðinu 1099 kr. 60 a. Um ómerking nokkurra ummæla í varnarskjali áfrýjanda fyrir gestaréttinum á hinn áfrýjaði

dómur að vera óraskaður. Í málskostnað greiði stefndi áfrýjanda 60 kr.

Dómi þessum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 18. marzmánaðar.

Nr. 3/1901: Réttvísin
gegn
Hjálmari Ísakssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Vestmannaeyjasýslu, gengnum 23. okt. f. á., var hinn ákærði, Hjálmar Ísaksson, dæmdur fyrir einfaldan þjófnað í 6 daga fangelsi við vatn og brauð, svo og til að lúka öllum málskostnaði, þar með talin málsvarnarlaun til Sigurðar hreppstjóra Sigurfinnssonar 4 kr.

Þessum dómi hefir hlutaðeigandi amtmaður áfrýjað til landsyfirdómsins.

Það er með eigin játningu ákærða, sem ekki kemur í bága við það, sem á annan hátt eru leidd rök að í málinu, löglega sannað, að hann 4. okt. f. á. um morguninn milli 7. og 8. stundar fór inn í fiskikró Guðmundar nokkurs Þórarinssonar — en króarhurðin stóð þá opin, að því ákærði hefir borið og ekki er hægt að vefengja — og hafði á burt með sér þaðan 1/4 poka, en í honum var prjónapoki og skinnskjóða, og í þeim nokkuð af kaffi, sykri, hagldabrauði o. fl., alt saman hér um bil 5 króna virði; eigandi þessa var Ólafur nokkur

Símonarson frá Steinum í Austur-Eyjafjallahreppi. Þýfið lét ákærði í tunnu í fiskikró sinni, án þess að róta við því, nema hvað hann úr prjónapokanum tók nálægt 1½ pd. af kandissykri, ½ pd. af hvítasykri og 4 hagldabrauð, og lét það í klút, er hann sjálfur átti, án þess þó að hafa hann burt með sér, heldur lét hann klútinn ofan í sömu tunnu og hitt þýfið. Eigandinn hefir fengið aftur alt það er frá honum hvarf, að undanskildum nálægt 20 kvintum af hvítasykri, er hann hyggur að vanti, en þó ekki hefir krafist endurgjalds fyrir, enda ekki sannað, að ákærði hafi eytt því. Héraðsdómarinn hefir með réttu heimfært þetta afbrot ákærða undir 230. gr. alm. hegningarlaga, og þykir eftir öllum málavöxtum mega ákveða hegningu þá, sem ákærði, sem kominn er langt yfir lögaldur sakamanna og ekki, svo kunnugt sé, áður hefir sætt hegningu fyrir neitt afbrot, hefir til unnið, 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Yfirdómurinn felst á ákvæði héraðsdómsins um málskostnað og varnarlaun talsmanns ákærða í héraði, og ber því með umgetinni breytingu á hegningunni að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Ákærða ber einnig að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Að því snertir rekstur málsins í héraði athugast, að héraðsdómarinn ekki hefir útvegað hegningarvottorð úr Múlasýslunum, þar sem ákærði hefir fyrir nokkrum árum dvalið 3 ára tíma; en

með því ákærði hefir alið allan aldur sinn í Vestmannaeyjum að undanskildum nefndum 3 ára tíma, og það því er meira en líklegt, að kunnugt hefði verið í Vestmannaeyjum ef ákærði hefði sætt hegningu eystra, þá hefir þótt mega við svo búið standa um þetta atriði. Að öðru leyti vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus. Sókn og vörn málsins fyrir yfirdómi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að hegningin sé 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Ákærða ber einnig að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 25. marzmánaðar.

Nr. 2/1901: Réttvísin gegn Jónasi Jónassyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Ísafjarðarsýslu, uppkveðnum 4. september f. ár, var hinn ákærði Jónas snikkari Jónasson, dæmdur fyrir brot gegn alm. hegningarlögum 25. júní 1869, 261. gr., til að sæta

2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og til að greiða allan sakarkostnaðinn, þar á meðal málsvarnarlaun í héraði, 10 krónur. Dómi þessum hefir verið skotið til yfirréttarins af hálfu réttvísinnar og eftir beiðni hins ákærða.

Það er með eigin játningu hins ákærða, sem styðst við aðrar skýrslur í málinu, löglega sannað, að eftir að smíðahús hans á Þingeyri hafði brunnið með ýmsum smíðatólum og öðrum munum, nóttina milli 13. og 14. nóvemberm. 1899, en húsin og smíðatólin voru í eldsvoðaábyrgð hjá »det kgl. octr. alm. Brandassurance-Compagni«, hafi hann samið skrá yfir munina, sem brunnu, verðsett þá, og krafist endurgjalds fyrir þá af umboðsmanni ábyrgðarfélagsins. Meðal munanna taldi hann fram hefilbekk, og setti verð hans á 50 kr. Það hefir þó síðar sannast, og ákærði hefir kannast við það, að hann hafi engan hefilbekk átt, og að enginn hefilbekkur hafi brunnið með munum hans. Í hefilbekks stað hafði hann í smíðahúsinu planka með ánegldri skáskífu, sem kostaði 3—4 krónur. Hefir ákærði kannast við það, að hann hafi talið fram hefilbekkinn á skránni yfir hina brunnu muni, til þess að fá þeim mun hærra brunabóta-iðgjald, sem nam verði því, er hann setti á hann.

Þetta afbrot hins ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefir áður sætt dómi eða refsingu fyrir neinn glæp, hefir héraðsdómarinn réttilega heimfært undir 261. gr. hinna almennu hegningarlaga, og með því að refsingin

þykir hæfilega ákveðin 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og málskostnaðarákvæði dómsins einnig samþykkjast, ber að staðfesta téðan dóm í öllum greinum. Ákærði verður og að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, sem ákveðast 10 kr. fyrir hvorn þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus, og málsfærslan við yfirdómin lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Ákærði Jónas Jónasson greiði einnig allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málsfærslumannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 41/1900: W. Ó. Breiðfjörð gegn Sigfúsi Eymundssyni.

Dómur:

Með bæjarþingsdómi Reykjavíkur, gengnum 1. nóv. f. á., var aðaláfrýjandi þessa máls, kaupmaður W. Ó. Breiðfjörð, dæmdur fyrir meiðandi ummæli um stefnda og gagnáfrýjanda, Sigfús Ey-

mundsson, í blaðinu »Reykvíkingur«, í 50 kr. sekt til landssjóðs eða til vara í 15 daga einfalt fangelsi, svo og til að greiða Sigfúsi Eymundssyni 12 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir W. Ó. Breiðfjörð áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu 23. nóvembermán. f. á., og krafist, að hann verði dæmdur sýkn saka, en Sigfúsi Eymundssyni gjört að greiða honum hæfilegan málskostnað, en til vara, að hann verði látinn sæta hinni lægstu sekt, sem lög leyfa.

Hinn stefndi, Sigfús Eymundsson, sem hefir gagnáfrýjað ofannefndum dómi með stefnu, dags. 14. jan. þ. á., hefir hins vegar krafist, *að* áfrýjandi verði dæmdur til að sæta fangelsi fyrir hin átöldu ummæli, eða til vara dæmdur í hina hæstu sekt er lög heimila, *að* hin átöldu og tilfærðu ummæli verði dæmd dauð og marklaus, og *að* áfrýjandi verði dæmdur í málskostað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Mál þetta er risið út af grein einni í blaðinu »Reykvíking« X. árgangi, 8. tölubl., með fyrirsögn: »Kolakaupfélagsstjórn Reykjavíkur«, sem er undirskrifuð: »Útgefandi«, en aðaláfrýjandi er útgefandi nefnds blaðs. Þessa grein telur gagnáfrýjandi, sem er formaður kaupfélagsstjórnar Reykjavíkur, í heild sinni ærumeiðandi fyrir sig, og til nefnir sérstaklega nokkur ummæli, sem sé 1) »að óþektu mætti ætla, að stjórn þessi (það er kaupfélagsstjórnin) beitti engum lítilsvirðandi brögðum til þess að ná áformi sínu í kolakaupunum«; 2) »hitti eg Eymundssen á götunni og segir hann

þá, að þeir geti ekki tekið kolin hjá mér af þessu tvennu: að eg selji öðrum kolin með sama verði og félagi hans, og eg gefi kolastjórn hans ekkert extra fyrir að kaupa kol sín hjá mér«; 3) »hafi mér nokkurn tíma komið til hugar að snúa mér frá nokkrum með fyrirlitningu, þá hefir það án efa verið í þetta skifti«; 4) »Það álízt ef til vill of harður dómur af mér að segja, að varla muni eiga sér stað rótarlegri aðferð í viðskiftum en þetta«.

Yfirdómurinn verður að vera undirdómaranum samdóma um, að hin átalda grein í heild sinni sé ekki meiðandi fyrir gagnáfrýjanda. En að því snertir hin sérstaklega átöldu ummæli í greininni, þá virðist klausa sú, sem nefnd er undir tölul. 1. hér að framan, fela í sér óvirðandi aðdróttun til gagnáfrýjanda. Orð þau, sem nefnd eru undir tölul. 2., eru meiðandi að því leyti, sem þau drótta því að kaupfélagsstjórninni (gagnáfrýjanda), að hún áskilji sér aukaþóknun fyrir sjálfa sig við innkaup fyrir félagið. Orðin undir tölul. 3. eru móðgandi, og svo er og um orðið *rótarlegur*, sem viðhaft er í klausunni undir nr. 4.

Aðaláfrýjandi hefir ekki í málinu fært rök að því, að hin óvirðandi og móðgandi ummæli og meiðyrði í hinni átöldu grein eigi við rök að styðjast, og kemst hann því ekki hjá að greiða sekt fyrir þau samkv. 219. gr. alm. hegningarlaga, og þykir hún hæfilega ákveðin 50 kr., er renni í landssjóð, en sé sektin ekki öll greidd í ákveðinn tíma, á aðaláfrýjandi að sæta einföldu fangelsi í

12 daga. Með þessari breytingu ber þannig að staðfesta bæjarþingsdóminn, einnig málskostnaðarákvæði hans. Svo verður og eftir kröfu gagnáfrýjanda að dæma dauð og ómerk framantalin meiðandi og móðgandi ummæli aðaláfrýjanda, og eftir þessum úrslitum verður hann að greiða málskostnað fyrir yfirdóminum, sem ákveðst 15 kr.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi W. Ó. Breiðfjörð greiði 50 kr. sekt til landssjóðs eða sæti 12 daga einföldu fangelsi, sé öll sektin ekki greidd í ákveðinn tíma. Hin óvirðandi og móðgandi ummæli eiga að vera dauð og ómerk. Ákvæði bæjarþingsdómsins um málskostnað á að vera óraskað. Áfrýjandinn W. Ó. Breiðfjörð greiði gagnáfrýjanda, Sigfúsi Eymundssyni, 15 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 33/1900: Valdimar Ásmundsson
gegn
Davíð Östlund.

Dómur:

Mál þetta höfðaði í héraði hinn stefndi prentsmiðjueigandi Davíð Östlund gegn áfrýjandanum, ritstjóra blaðsins Fjallkonunnar, Valdimar Ásmundssyni, fyrir meiðyrði um sig í grein í téðu

blaði, 23. tölubl. 17. árg. þess, með fyrirsögn: »Afturför í bókagerð og prentiðn«, sem áfrýjandinn hefir kannast við að bera ábyrgð á, en nefnt tölubl. kom út 16. júní f. ár, og var málið dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 6. sept. f. á. með þeim úrslitum, að nokkur ummæli í téðri grein voru dæmd dauð og ómerk, og áfrýjandinn dæmdur í 20 kr. sekt til landssjóðs eða til vara í 6 daga einfalt fangelsi, og í málskostnað skyldi hann greiða stefnda 10 krónur.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 22. sept. f. á., og hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum, að verða algjörlega sýknaður af kærum og kröfum stefnda í málinu, og að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir báðum dómum að skaðlausu. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur í málskostað fyrir yfirdómi eftir réttarins mati.

Ummæli þau í ofannefndri grein, sem geta komið til álita í yfirdóminum eins og málið liggur þar fyrir, eru þessi: »Hún sýnir . . . að Östlund fer með vísvitandi ósannindi, þar sem hann ber séra Friðrik fyrir því, að *þar* (í biflíunni) séu engar mótsagnir«; og »Er mér nær að halda að guðsmaðurinn sé meira eða minna sekur við öll þessi boðorð (nefnilega: hvað satt er og sómasamlegt, hvað réttvíst er, hvað skírlíft er, hvað elskuvert er eða gott afspurnar, hvað dygðugt er, hvað lofsvert er, gefið því gaum) í þessu riti sínu, nema

eg get þó undantekið eitt — skírlífið; það er satt; klám hefir hann ekki skrifað; það má hann eiga«. Í hinni fyrtöldu málsgrein eru orðin: »vísvitandi ósannindi« meiðyrði, sem varða við lög, því að þó að áfrýjandi hafi sýnt fram á rangfærslu hjá stefnda í tilvitnun hans til skoðunar annars manns, var áfrýjanda þó óheimilt að segja, að stefndi færi þar með vísvitandi ósannindi. Það verður því að fallast á það, að orð þessi eru í hinum áfrýjaða dómi dæmd dauð og ómerk, en þar sem stefndi hefir eigi gagnáfrýjað málinu, verður áfrýjandi eigi dæmdur í sekt fyrir þessi meiðyrði, sem undirdómarinn hefir eigi álitið hegningarverð. Í hinni síðari málsgrein er það ærumeiðandi fyrir stefnda, að segja, að sér (áfrýjanda) sé nær að halda, að hann (stefndi) sé í riti sínu (Frækorni) meira eða minna sekur við boðorðin, að gefa því gaum hvað satt er og sómasamlegt o. s. frv., og með því að áfrýjandi hefir eigi réttlætt ummæli þessi um stefnda, ber eins og undirdómarinn hefir gjört, að dæma ummælin dauð og ómerk, og verður áfrýjandi að sæta sekt fyrir þau, er samkvæmt 219. gr. alm. hegningarlaga þykir eigi of hátt metin 20 krónur, en í stað sektarinnar komi, ef hún er eigi öll greidd í tæka tíð, 4 daga einfalt fangelsi. Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms samþykkjast einnig, og ber því að staðfesta bæjarþingsdóminn að öðru leyti en að því er vararefsinguna áhrærir. Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður, þó þannig, að vararefsingin ákveðst 4 daga einfalt fangelsi. Áfrýjandinn, Valdimar Asmundsson, greiði stefnda Davíð Östlund í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, sæti ella aðför að lögum.

Nr. 28/1900: Hannes Thorsteinsson fyrir hönd Thor E. Tuliníus stórkaupmanns gegn Benedikt S. Þórarinssyni.

Dómur:

Mál þetta var í héraði höfðað af áfrýjandanum cand. jur. Hannesi Thorsteinson fyrir hönd stórkaupmanns Thor E. Tulinius í Kaupmannahöfn, gegn stefnda kaupmanni í Reykjavík Benedikt S. Þórarinssyni, til innheimtu á skuld að upphæð 80 kr. 11 a., er Tuliníus, er hafði verið verzlunarerindreki stefnda árið 1898, taldi sig eiga ógreidda hjá stefnda frá þeim viðskiftum. Var málið dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 8. febrúarmán. f. á. með þeim úrslitum, að stefndi var dæmdur til að greiða áfrýjanda 74 kr. 82 a. með 6% vöxtum frá 1. júlí 1899 til borgunardags, og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir afrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 4. ág. f. á., og krafist

þess að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi. Svo hefir hann og krafist, að nokkur ummæli í varnarskjali stefnda fyrir yfirdóminum verði dæmd dauð og marklaus, og hann sektaður fyrir þau. Hinn stefndi, sem hefir gagnáfrýjað málinu, með stefnu, dags. 29. ágúst f. á. og fengið leyfisbréf til að leggja fram ný skjöl og skilríki í því, hefir á hinn bóginn krafist þess, að verða dæmdur sýkn af kærum og kröfum áfrýjandans, og að áfrýjandinn verði dæmdur í málskostnað fyrir undir- og yfirrétti, alt að 120 kr., og í sekt fyrir nokkur ummæli um sig í sóknarskjali fyrir bæjarþingsréttinum, og að ummæli þessi verði dæmd dauð og ómerk. Og loks hefir stefndi síðar í málinu krafist, að Thor E. Tuliníus verði sektaður fyrir rangar fjárkröfur á hendur sér.

Áfrýjandinn hefir í lok málsfærslunnar fyrir yfirdóminum kannast við það, að hin umkrafða skuld eigi að færast niður um 52 kr. 64 a. fyrir endursend ílát (tómar flöskur og poka) frá stefnda, sem stefndi hefir í málinu frá upphafi þess haldið fram að vantaði að færa til inntektar í reikningi áfrýjanda, en áfrýjandi eigi þózt hafa fengið, enda hafði stefndi nú fyrir yfirdóminum fært fullar sönnur á, að áfrýjandi hefði veitt ílátum þessum viðtöku. Af skuldakröfu áfrýjanda á hendur stefnda koma þannig eigi til greina lengur nema 22 kr. 18 aurar, en af þeirri kröfu virðist stefndi þó einnig eiga að sýknast. I þessu tilliti skal

það tekið fram, að vantaldar eru í reikningi áfrýjanda 6 kr., andvirði fyrir 15 tóma endursenda poka, sem áfrýjandi hefir játað að hafa tekið við, en eigi þózt skyldur að kaupa aftur af stefnda; en áfrýjandi verður nú, með því að telja framangreindar 52 kr. 64 a. stefnda til inntektar, að nokkrum hluta fyrir sams konar poka, að álítast hafa kannast við, að stefndi hafi haft rétt til að heimta einnig endurgjald fyrir þessa poka, og gat áfrýjandi eigi komið sér undan endurgjaldi þessu, með því að afhenda pokana manni í Kaupmannahöfn, sem eigi virðist hafa haft heimild til að taka við þeim fyrir hönd stefnda.

Þá hefir áfrýjandi, eftir því sem stefndi hefir haldið fram, talið stefnda ranglega til skuldar 21 kr. 10 a. fyrir vinnu og flutning á vörum, sem áfrýjandi keypti fyrir hann í Kaupmannahöfn, og hefir stefndi fullyrt, að áfrýjandi muni eigi hafa greitt þennan kostnað af hendi fyrir sína hönd, með því að venja sé, að seljandi annist flutning vörunnar til skips eða þangað sem þarf, og hefir áfrýjandi eigi mótmælt þessari skýrslu stefnda nægilega. Það verður því einnig að fella þessa upphæð úr reikningi áfrýjanda.

Samkvæmt því sem hér er tekið fram, hefir aðaláfrýjandi enga réttmæta skuldakröfu á hendur stefnda (gagnáfrýjanda), þó að eigi sé tekið tillit til annara upphæða í gagnreikningi stefnda, en hinna ofantöldu, og ber því að sýkna stefnda algjörlega af skuldakröfu áfrýjanda á hendur honum í þessu máli. Með tilliti sérstaklega til þess

kostnaðar, er áfrýjandi hefir bakað stefnda með neitun sinni um, að hafa veitt móttöku ílátum þeim, er fyr er getið, en sannanir í því efni þurfti að sækja til Kaupmannahafnar, og kaupa leyfisbréf til að koma þeim fram, þá þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda í málskostnað fyrir undir- og yfirrétti 80 krónur.

Það þykir eigi ástæða til að taka til greina kröfur málspartanna um ómerking ummæla, er þeir hafa haft hvor um annan í málsskjölunum, og um sektir fyrir þau.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Benedikt S. Þórarinsson kaupmaður á fyrir kröfum og kærum áfrýjanda Hannesar Thorsteinson fyrir hönd Thor. E. Tulinius stórkaupmanns, í þessu máli sýkn að vera. Áfrýjandinn Hannes Thorsteinson fyrir hönd Thor. E. Tulinius, greiði stefnda í málskostnað fyrir undir- og yfirrétti 80 — áttatíu — krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 29/1900: Bogi Magnússon í Rauðseyjum
gegn
forstöðumanni Leonhard Tangs verzlunar í Stykkishólmi.

Dómur:

Skuldamál þetta hefir áður verið fyrir yfir-

dóminum, og lauk því þá svo, að gestaréttardómur sá, er upp hafði verið kveðinn í því af sýslumanninum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 12. okt. 1899, var staðfestur með dómi yfirréttarins 2. júlí f. ár. Nú hefir þessum sama gestaréttardómi aftur verið áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 25. ágústm. f. ár. Þar eð yfirdómurinn þannig áður hefir kveðið upp fullnaðardóm um aðalefni málsins, verður nú ex officio að vísa því frá réttinum. Eftir atvikum greiði áfrýjandi stefnda málskostnað fyrir yfirdómi með 25 kr. Áfrýjanda ber að greiða sekt fyrir óþarfa málsýfing samkvæmt tilsk. 11. ág. 1819, 30 kr., er renni í landssjóð. Málsfærslumaður áfrýjanda, settur málaflutningsmaður Einar Benediktsson, sektast um 5 kr. til fátækrasjóðs Reykjavíkur og 5 kr. til landssjóðs fyrir ósæmileg ummæli um dómendur landsins í frumsóknarskjali sínu í málinu.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum.

Áfrýjandi Bogi Magnússon greiði stefnda, forstöðumanni Leonhard Tangs verzlunar í Stykkishólmi, 25 kr. í málskostnað. Svo greiði hann og sekt fyrir óþarfa málsýfing, 30 krónur, er renna í landssjóð. Málsfærslumaður áfrýjanda, settur málaflutningsmaður Einar Benediktsson, greiði 10 kr. sekt fyrir ósæmilegan rithátt, og rennur helmingur sektarinnar til fátækrasjóðs Reykjavíkur, en helmingurinn til landssjóðs.

Idæmdar sektir og málskostnaður lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa að viðlagði lagaaðför.

Mánudaginn 15. aprílmánaðar.

Nr. 7/1901: Réttvísin
gegn
Eyólfi Símonarsyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Árnessýslu, uppkveðnum 22. desbr. f. á., var hinn ákærði Eyólfur Símonarson dæmdur samkvæmt 250. sbr. 249. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, til að sæta 1 árs betrunarhúsvinnu, og til að greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs svaramanns síns í héraði, Ólafs prests Ólafssonar, 4 kr. En þessum dómi er að beiðni hins ákærða skotið til yfirdómsins.

Með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum í málinu er það löglega sannað, að haustið 1899, þegar hann bjó á Stóra-Hálsi í Grafningi, kastaði hann að ófrjálsu eign sinni á 5 kindur, sem hann vissi, að hann átti ekki, en 4 af þeim voru komnar sjálfkrafa saman við fé hans, og 1 hafði verið dregin honum í réttum sökum marklíkingar. Kindur þessar voru tvær ær og tvö lömb, og ein veturgömul gimbur, og afmarkaði ákærði aðra ána og bæði lömbin undir sitt mark, eða mörk, sem hann notaði á fé sitt,

en hina ána og gimbrina hornamarkaði hann, ána sínu marki, en gimbrina undir mark manns, er hann lét hana í skiftum til fyrir aðra kind, en hornmörkum þessum breytti hann síðar út í bláinn, þegar hann fór að verða hræddur um að grunur væri að vakna hjá mönnum um kindatökuna. Allar hafa kindurnar verið virtar á 22 kr. 50 a., og hefir réttum eigendum verið skilað aftur ánum og öðru lambinu, en um hitt lambið og gimbrina hefir eigi uppvíst orðið, hverjir átt hafi.

Ákærði er fæddur 6. febrúar 1857, og hefir áður verið hegnt fyrir þjófnað og hlutdeild í þjófnaði með 4 ára betrunarhússvinnu samkvæmt hæstaréttardómi 23. apríl 1888. Framantalin afbrot hans eru af undirdómaranum réttilega heimfærð undir 250. sbr. 249. gr. alm. hegningarlaga, og þykir refsingin fyrir þau með hliðsjón til 58. og 63. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 1 árs betrunarhússvinna. Og með því að yfirdómurinn felst á málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins, ber að staðfesta hann að öllu leyti. Ákærða ber og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra. Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað máls-

ins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálaflutningsmannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 34/1900: Landssjóðurinn gegn Jóni Jónssyni.

Dómur.

Í júlímánuði 1897 flóðu Eyjafjarðará og Þverá, sem renna meðfram landi því, er tilheyrir ábúðarjörð stefnda, þjóðjörðinni Munka-Þverá, yfir mikinn hluta af engjum téðrar jarðar og báru á þær töluvert leirlag á pörtum, og Þverá einnig töluvert af möl. Hinn stefndi sneri sér þá til hlutaðeigandi þjóðjarðaumboðsmanns og krafðist þess, að skemdir þær væru skoðaðar, sem flóðið hafði gjört á jörðinni, samkvæmt 17. gr. laga 12. jan. 1884, um bygging, ábúð og úttekt jarða, og lét umboðsmaður síðan úttektarmenn skoða skemdirnar 7. ágúst s. á., og voru þeir báðir viðstaddir skoðunina, umboðsmaður og stefndi. Sömdu skoðunarmenn, þegar skoðuninni var lokið, skriflega lýsingu á skemdunum, og létu uppi það álit sitt, að landsskuld jarðarinnar ætti að færast niður fyrir það ár um 232 álnir vegna skemdanna. Þessa skoðunar- og matsgjörð fekk umboðsmaður í

hendur í nóvembermán. s. á. og sendi hana amtmanni, en hann lét þá umboðsmann tilkynna það stefnda, að skoðunargjörðin væri þannig úr garði gjörð, að ekkert yrði á henni bygt, og að stefndi gæti ekki vænst að fá niðurfærslu á landsskuld fyrir aðrar skemdir en þær, er yllu því, að jörðin rýrnaði til langframa, og þyrfti hann því, ef hann vildi fá bætur fyrir skemdir á jörðinni, að láta nýja skoðun fram fara á skemdum jarðarinnar, þeim er rýrðu hana til langframa samkv. 17. gr. fyrnefndra laga 12. jan. 1884. Stefndi fór þó eigi að þessari bendingu amtmanns, en 11. nóv. 1898, þegar hann gjörði umboðsmanni skriflega grein fyrir eftirgjaldi jarðarinnar fyrir árið 1897—98, vísaði hann honum meðal annars til borgunar upp í það á helminginn af hinni metnu niðurfærslu á landskuldinni, eða í peningum eftir verðlagsskrá kr. 52,78, er hann taldi sér bera samkvæmt matsgjörðinni. Umboðsmaður tók þó eigi gilda þessa borgun upp í jarðargjaldið, heldur bygði hann stefnda út af jörðinni, að fengnu samþykki amtmanns, fyrir vangreiðslu á eftirgjaldinu, með bréfi dags. 9. desbr. s. á., og skyldi stefndi víkja af jörðinni í fardögum 1899. Þessari útbyggingu var þó eigi framfylgt gegn stefnda, sem mótmælti henni og sat kyr. En 5. jan. f. á. var mál höfðað gegn stefnda fyrir vangreiðslu á eftirgjaldi jarðarinnar, eftir skipun landshöfðingjans, fyrir gestarétti Eyjafjarðarsýslu, eftir að stefndi áður hafði verið kallaður fyrir sáttanefnd, þar sem

hann þó eigi mætti, og var þess krafist af landssjóðsins hálfu fyrir gestaréttinum, að stefndi yrði dæmdur til að víkja burt af jörðinni Munkaþverá í fardögum 1900, og til að greiða eftirstöðvar af landskuld 1897—98, kr. 52,78, svo og málskostnað. Hinn stefndi krafðist aftur á móti sýknunar af kröfum landssjóðsins, og skaðabóta fyrir fjárhagstap af útbyggingu og málarekstri, og málskostnaðar. Var málið dæmt í téðum rétti 14. apríl f. á. þannig, að stefndi var sýknaður af kröfum og kærum landssjóðsins og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir nú af hálfu landssjóðsins verið skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 13. okt. f. á. og hefir þess verið krafist fyrir hans hönd, að stefndi verði dæmdur til að hafa fyrirgjört ábúðarrétti sínum á jörðinni Munkaþverá, og til að greiða hina umstefndu upphæð kr. 52,78, en að kröfum stefnda um niðurfærslu á afgjaldinu og skaðabætur verði vísað frá meðferð gestaréttarins, þar sem hann hafi eigi gagnstefnt, en að öðrum kosti verði ekkert tillit tekið til þeirra krafa, með því að þær séu í sjálfu sér ólögmætar og á engum rökum bygðar. Til vara er þess krafist, að stefndi verður dæmdur til þess að greiða kr. 52,78 með eða án frávísunar á gagnkröfu hans, og loks að hann, hvernig sem fer, verði dæmdur í málskostnað fyrir báðum réttum. Stefndi hefir eigi mætt fyrir yfirdóminum og enginn af hans hendi, þótt honum sé löglega stefnt, og verður því að dæma málið eftir hinum framlögðu gögnum og

skilríkjum samkvæmt N. l. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Það skal fyrst tekið fram, að þar sem mál þetta hefir verið höfðað gegn stefnda til greiðslu á vangoldnu eftirgjaldi eftir ábúðarjörð hans, og til þess að hafa fyrirgjört ábúðarrétti á jörðinni fyrir þá vangreiðslu, þá þurfti stefndi eigi að höfða gagnsókn til þess að færa fram þá varnarástæðu, að hann hefði greitt eftirgjaldið að hinum vantandi hluta með skuldajöfnuði, með því að ávísa sem borgun upp í eftirgjaldið skaðabætur þær, er hann áleit sig eiga heimtingu á vegna skemda á ábúðarjörð hans. Spurningunni um það, hvort stefnda hafi borið slíkar skaðabætur, verður því eigi vísað frá dómi, eins og áfrýjandi hefir krafist, en úrslit málsins verða komin undir því, hvort krafa stefnda til umræddra skemdabóta hefir verið réttmæt og ávísun bótanna upp í eftirgjaldið því lögleg borgun upp í það.

Eins og áður er getið, mátu skoðunarmenn, að landskuld Munkaþverár ætti fardagaárið 1897—98 að færast niður um 232 álnir vegna umræddra skemda á engjum jarðarinnar, en helminginn af þessari upphæð, eða í peningum kr. 52,78, áleit stefndi sig eiga heimting á að fá bættan úr umboðssjóði samkv. 17. gr. í fyrnefndum lögum 12. jan. 1884, og tók hann því upphæðina undir sjálfum sér með skuldajafnaði, er hann greiddi eftirgjald jarðarinnar.

Í skoðunargjörð matsmannanna 7. ág. 1897 er skemdunum á engjum Munkaþverár í umrætt

skifti, sumarið 1897, lýst svo, að miklir hlutar af engjum jarðarinnar hafi orðið lítt eða ekki notandi það sumar vegna leiráburðar úr Eyjafjarðará, og að á allstóra engjaspildu hafi Þveráin borið leir og möl, og spilt henni svo með því, að þó að áður hafi fengist þar nál. 100 hestar, þá ætla skoðunarmenn, að lítið sem ekkert muni verða slegið þar það sumar. Um rýrnun jarðarinnar af skemdunum framvegis treystu skoðunarmenn sér ekki til að láta neitt álit uppi, nema hvað þeir telja auðsætt, að engið geti ekki orðið jafngott »á pörtum« á næstu árum. I þessari lýsingu skoðunarmanna á skemdunum felst engin sönnun fyrir því, að jörðin Munkaþverá hafi að samtöldu, eða í heild skoðuð, rýrnað nema þetta eina sumar (1897) sakir skemdanna, og því síður að hún hafi rýrnað til langframa, enda er það sannað í málinu af hálfu áfrýjanda, að 2 næstu árin á eftir hafi heyfall af engjum jarðarinnar verið með mesta móti, og meira en 3 næstu árin á undan skemdunum, en þetta, að jörðin hafi orðið fyrir meiri skemdum, en bættar verði á einu ári, eða þeim skemdum, að hún rýrni til langframa, er skilyrði fyrir því eftir 17. gr. laganna 12. jan. 1884, að landsdrottinn sé skyldur að bæta leiguliða rýrnun jarðar fyrir skemdir af vatnságangi o. þvl. Eftir sjálfri skoðunargjörðinni var þannig eigi um slíka rýrnun á ábýlisjörð stefnda að ræða, er landsdrottinn samkvæmt téðri lagagrein væri skyldur að bæta leiguliða. Og þó að skoðunarmennirnir kvæðu upp álit sitt um landskuldar-

lækkun, er rýrnun jarðarinnar fyrir skemdirnar ætti að hafa í för með sér, þá gat það álit þeirra eða mat eigi lagt neina skyldu á landsdrottinn til þess að þola niðurfærslu, þar sem lögin ekki heimiluðu leiguliða hana eftir eðli og ásigkomulagi skemdanna, eins og skoðunarmennirnir lýstu þeim.

Samkvæmt þessu hafði umboðsstjórnin sem htutaðeigandi landsdrottinn rétt til að neita stefnda um hina umþrættu niðurfærslu á landsskuld fyrir umræddar skemdir á ábýlisjörð hans, og þar sem hann samt sem áður hefir látið ógreidda landsskuldina af jörðinni fyrir fardagaárið 1897—98, það er þessari niðurfærslu nam, þá verður samkvæmt kröfu áfrýjanda að dæma stefnda til að greiða hana af hendi með kr. 52,78, og jafnframt til að hafa fyrirgjört ábúðarrétti sínum á jörðinni með fyrirvara samkv. byggingarbréfi hans 24. nóvbr. 1853, 12. gr.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að stefndi greiði málskostnað fyrir báðum réttum, sem ákveðst 80 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Jón Jónsson bóndi á Munkaþverá greiði landssjóði kr. 52,78 og hafi fyrirgjört ábúðarrétti sínum á þjóðjörðinni Munkaþverá með fyrirvara samkvæmt byggingarbréfi hans 24. nóvbr. 1853, 12. gr. Sem málskostnað greiði hann áfrýjanda 80 kr.

Dómi þessum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 37/1900: Hreppsnefnd Seltjarnarnesshrepps
gegn
landritara Jóni Magnússyni
vegna dánarbús sýslumanns
Benedikts Sveinssonar.

Dómur:

Frá fardögum 1899 átti sýslumaður Benedikt Sveinsson bú og heimili á Vatnsenda í Seltjarnarnesshreppi, þangað til hann lézt 2. ágústm. s. ár. Tóku þá fullveðja erfingjar hans búið til skiftameðferðar, og hinn 8. októbermán. næst á eftir afhentu þeir einum meðerfingjanum alt búið á Vatnsenda til eignar, bæði gangandi fé og dauða muni, og heimiluðu honum jörðina til ábúðar afgjaldslaust til næstu fardaga á eftir. Þetta sama haust gjörði hreppsnefndin í Seltjarnarnesshreppi dánarbúi Benedikts Sveinssonar að greiða aukaútsvar til hreppsins fyrir fardagaárið 1899—1900 að upphæð 100 kr., og jafnframt krafði hún búið um jarðartíund og lausafjártíund fyrir sama ár, að upphæð 5 kr. 70 aur. Krafðist hreppsnefndin þess, að gjöld þessi væru innheimt með lögtaki, ef á þyrfti að halda, hjá umráðamanni dánarbúsins, en fyrir fógetarétti Reykjavíkur 7. september f. á. neitaði hann að greiða aukaútsvarið, en kvaðst mundu

greiða tíundirnar, þó eigi fyrir hönd dánarbúsins, heldur fyrir hönd meðerfingjans, sem hafði tekið við búinu. Var svo 10. s. mán. kveðinn upp úrskurður í málinu af fógetarétti Reykjavíkur á þá leið, að lögtak yrði ekki gjört fyrir áminstum gjöldum.

Úrskurði þessum hefir hreppsnefnd Seltjarnarnesshrepps skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 12. nóvemberm. f. ár, og hefir hún til þess fengið gjafsókn og skipaðan málaflutningsmann. Hefir málaflutningsmaðurinn krafist þess hér fyrir réttinum, að úrskurðurinn verði úr gildi feldur, og fógetanum upp á lagt að framkvæma lögtak á gjöldum hreppsins 105 kr. 70 aur.; ennfremur að sér verði tildæmd hæfileg málssóknarlaun, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, og að stefndi verði að öðru leyti dæmdur í málskostnað. Hinn stefndi hefir eigi mætt né látið mæta fyrir yfirdóminum þótt löglega sé stefndur, og verður því málið dæmt eftir hinum framlögðu gögnum og skilríkjum samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Með því að hinn stefndi greiddi fátækratíundirnar, 5 kr. 70 aur., í fógetaréttinum 10. septbr. f. ár, kemur spurningin um þær nú eigi til álita. Að því er aukaútsvarið, 100 kr., snertir, þá verður að fallast á það, að eftir löggjöf vorri sé eigi heimild til, að skoða dánarbú sem gjaldþegn, sem jafna megi á sem slík aukaútsvari, sjá lög nr. 9' 9. ágúst 1889, 1. málsl., lög nr. 1, 9. jan. 1880, 1. gr. 1. málsl., og reglugj. 8. jan. 1834, 10. gr. Og

þarsem því hefir verið haldið fram *til vara* af hreppsnefndarinnar hálfu, að aukaútsvarið álítist hafa verið lagt á ábúð dánarbúsins á Vatnsenda samkvæmt 2. málsl. nefndra laga 9. ágúst 1889, þá getur sú varakrafa eigi samrýmst aðalkröfunni, að útsvarið hafi verið lagt á dánarbúið *í heild sinni*, og er varakrafa þessi því sjálffallin, enda er enga upplýsing eða jafnvel fullyrðing að finna um það í málinu, að aukaútsvarið hafi verið lagt á og miðað við ábúð búsins eina á téðri jörð. Það verður því að fallast á það, að fógetinn neitaði að framkvæma hið umbeðna lögtak, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð. Málskostnaður fellur niður og eftir þessum úrslitum málsins verða hinum skipaða málfærslumanni áfrýjanda eigi dæmd málflutningslaun, en það vottast, að sóknin af hans hendi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður skal vera óraskaður. Málskostnaður fellur niður.

Nr. 32/1900: Páll Markússon
gegn
Eggert Laxdal fyrir hönd »Gudmanns Efterfölgers« verzlunar.

Dómur:

Með samningi dags. 28. júní 1899 lofaði áfrý-

jandinn Páll Markússon meðal annara að selja verzlun Gudmanns Eftirfölgers á Akureyri alla þá síld, sem hann veiddi með »úthaldi« sínu, — eins og að orði er komist í samningsskjalinu —, á tímabilinn frá 1. ágúst til 31. desember nefnt ár, og skyldi verðið fyrir hverja mælda strokktunnu af stærri síld eftir ákveðnum merkjum vera 4 kr., en verðið fyrir minni síld skyldi vera eftir samkomulagi, og átti síldarverðið að borgast að $^2/_3$ hlutum í peningum, en að $^1/_3$ í vörum með almennu vöruverði. Áfrýjandi lét þó eigi síld þá, sem hann aflaði í sinn hlut á áminstu tímabili, og sem í undirréttardóminum er talin að hafa verið 5 tunnur, af hendi við verzlanina, heldur seldi hann öðrum síldina. Eggert Laxdal höfðaði þá fyrir hönd verzlunar Gudmanns Efterfölgers skaðabótamál á hendur Páli Markússyni fyrir aukarétti Akureyrarkaupstaðar, og var málinu ráðið til lykta með dómi téðs réttar, upp kveðnum 13. júní f. ár á þá leið, að Páll Markússon skyldi greiða verzlunarstjóra Eggert Laxdal fyrir hönd Gudmanns Eftirfölgers verzlunar 85 kr. sem skaðabætur með vöxtum 6% frá 15. febrúar f. ár, unz greiðsla færi fram, en málskostnaður var látinn falla niður. Dómi þessum hefir Páll Markússon skotið til yfirréttarins með stefnu, útgefinni 8 sept. f. ár, og hefir hann gjört þær réttarkröfur, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu, og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Af hálfu hins stefnda verzlunarstjóra Eggerts Laxdals

fyrir hönd verzlunar Gudmanns Eftirfölgers hefir þess verið krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum.

Áfrýjandi hefir bæði í héraði og fyrir yfirdómi borið fram þá sýknunarástæðu fyrir sig, að hann hafi verið ófullveðja, er hann gjörði og undirskrifaði samninginn 28. júní 1899. Það er og rétt, að áfrýjandi, sem er fæddur 2. ágúst 1874, var eigi fullveðja að aldri, þegar greindur samningur var gjörður. En þar sem hér var að ræða að eins um ráðstöfun eða sölu á atvinnuarði hans eða sjálfsafla, þá var hann alt að einu bær um að skuldbinda sig með samningnum, og samningurinn var því gildur og skuldbindandi fyrir áfrýjanda, þótt hann væri undirritaður af honum tilsjónarmannslaust. Það verður því að athuga innihald samningsins með tilliti til þess, hvort áfrýjandi hafi rofið hann, eins og haldið er fram af stefnda, og orðið með því skaðabótaskyldur til hans. Eins og áður hefir verið skýrt frá, skuldbatt áfrýjandi sig í samningnum til þess að selja verzlun þeirri, er stefndi veitir forstöðu, alla þá síld, er hann veiddi »með úthaldi sínu« á tímabilinu frá 1. ág. til 31. des. það ár (1899), fyrir það verð og með þeim skilyrðum að öðru leyti, sem skýrt er frá í samningnum. En nú er það sannað í málinu, og jafnvel viðurkent af stefnda, að þegar til kom hafði áfrýjandi ekkert síldarúthald á nefndu tímabili, og gat því eigi verið að ræða

um neina síld, er hann á þeim tíma veiddi »með úthaldi sínu«; en það gat ekki talist að áfrýjandi hefði síldarúthald, þó að hann ætti part (1/4) í bát, sem hann leigði úthaldseiganda þeim, er hann var ráðinn sjómaður hjá yfir tímann, sem samninguriinn ræðir um, og virðist áfrýjandi eigi hafa fengið aðra síld en þá, sem hann fekk sem formaður á úthaldi þessa manns. Samkvæmt innihaldi umrædds samnings bar þannig áfrýjanda engin skylda til að leggja síld þá, er hann fekk í sinn hlut sem sjómaður, inn í verzlun stefnda, og var því eigi um nein samningsrof í þessu tilliti að ræða af hans hendi við verzlunina. Verður því að sýkna hann fyrir kröfum stefnda. Eftir úrslitum málsins þykir rétt, að stefndi borgi áfrýjanda málskostað, er þykir hæfilega metinn 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Páll Markússon á í þessu máli að vera sýkn af kröfum stefnda verzlunarstjóra Eggerts Laxdal fyrir hönd verzlunar Gudmanns Efterfölgers. Málskostnað fyrir báðum dómum greiði stefndi áfrýjanda með 40 krónum, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, sæti ella aðför að lögum.

Nr. 8/1901: W. O. Breiðfjörð
gegn
Guðmundi Björnssyni.

Dómur:

Áfrýjunarstefnan í máli þessu var birt hinum stefnda 12. febr. þ. á., og honum með henni stefnt til að mæta í yfirdóminum 25. s. m. Málinu hefir því eigi verið stefnt til yfirdómsins með löglegum fyrirvara samkv. tilskipun 11. júlí 1800, 15. gr., og ber því að frávísa því eftir kröfu hins skipaða málfærslumanns stefnda. Áfrýjandi greiði hinum skipaða málsfærslumanni stefnda í kost og tæring 8 krónur.

Það vottast, að málsfærlan af hendi hins skipaða málsfærslumanns stefnda hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfrýjandi W. Ó. Breiðfjörð greiði í kost og tæring til hins skipaða málsfærslumanns stefnda, yfirréttarmálaflutningsmanns Einars Benediktssonar, 8 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Nr. 38/1900: Sigurður Thóroddsen
gegn
Valdimar Ásmundssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði mannvirkjafræðingur Sigurður Thoroddsen fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkurkaupstaðar gegn ritstjóra Valdimar Ásmundssyni út af grein með fyrirsögninni »Andhæli« og undirskriftinni »Þórarinn Jóhannsson (verkmaður)« í XVII. árgangs 19. tölublaði blaðsins »Fjallkonan«, sem út kom 15. maí f. ár, en stefndi er útgefandi og ritstjóri téðs blaðs; taldi áfrýjandi greinina í heild sinni móðgandi fyrir sig og ýms ummæli í henni meiðandi, og krafðist ómerkingar á þeim, sektar á hendur stefnda og endurgjalds á málskostnaði af hans hálfu, og var málinu ráðið til lykta með bæjarþingsdómi Reykjavíkur, uppkveðnum 13. sept. f. ár, á þá leið, að sum af hinum átöldu ummælum voru dæmd ómerk, að stefndi var sektaður um 20 kr. til landssjóðs, en til vara var hann dæmdur til að sæta 6 daga einföldu fangelsi, ef hann eigi greiddi sektina innan ákveðins tíma, og loks var honum gjört að greiða 10 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir mannvirkjafræðingur Sigurður Thoroddsen skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 14. nóv. f. ár, og hefir hann gjört þær réttarkröfur, *að* sektarákvæði undirdómsins verði hert eftir strangleik laganna, *að* öll þau ummæli, sem sóknin fyrir undirrétti krefst ómerkingar á, verði

dæmd dauð og marklaus af yfirdóminum, og *að* stefndi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati réttarins. Stefndi hefir af sinni hálfu krafist þess, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu, en með því að hann hefir eigi gagnáfrýjað sökinni, verður að skilja þetta svo, að hann krefjist, að bæjarþingsdómurinn sé staðfestur; þá hefir hann og gjört kröfu til málskostnaðar.

Þó að hin átalda grein í blaðinu »Fjallkonan« sé með höfundarnafni undir (Þórarinn Jóhannsson), er ábyrgðinni fyrir greinina réttilega snúið á hendur stefnda, útgefanda og ritstjóra téðs blaðs, með því að hann hefir eigi sint lögmætri áskorun áfrýjanda um, að skýra frá því, hvar nefndur greinarhöfundur ætti heima, svo að áfrýjandi gæti leitað réttar síns gegn honum, sbr. tilsk. um prentfrelsi 9. maí 1855, 3. gr., síðasta málslið.

Áfrýjandi telur þessar klausur í áminstri blaðagrein sérstaklega meiðandi og móðgandi fyrir sig:

1. »Það er alkunnugt, að þessi ágætismaður (áfrýjandi) hefir tekið með þögn og þolinmæði flestum móðgunum, sem hann hefir orðið fyrir af ólærðum vegagjörðarverkstjórum og almenningi«; 2. »óhlutvandir menn hafa vanþakkað honum (ɔ: áfrýjanda) þá umsjón (ɔ: með brúarsmíðinni á Þjórsá), og vitna til þess, að brúin hafi fundið eystri akkeris-stöpulinn of léttvægan og því hótað hundruðum manna bráðum bana sjálfan vígsludaginn«; 3. »og allan veturinn er hann (ɔ: áfrýj-

andi) hvern góðviðrisdag til sýnis á götum höfuðstaðarins eða tjörninni«, í sambandi við upphaf málsgreinarinnar: »Sumum þykir S. T. vinna lítið fyrir kaupinu«.

Undirdómarinn hefir dæmt ómerk ummælin, sem talin eru við tölul. 2, og sektað stefnda fyrir þau, og verður það að standa óhaggað, þar sem málinu hefir *eigi* verið gagnáfrýjað af hálfu stefnda. Ummælin, sem tilgreind eru við tölul. 1, eru ekki ærumeiðandi, og verða eigi heldur álitin svo móðgandi, að þau varði við lög. Með ummælunum, sem tilgreind eru við tölul. 3., er það gefið í skyn, að áfrýjandi vinni lítið fyrir kaupi því, sem hann þiggur, og jafnframt sagt berum orðum, að hann á hverjum góðviðrisdegi hafist við (»sé til sýnis«) á götum bæjarins eða á tjörninni. Með þessum orðum er áfrýjanda borið á brýn iðjuleysi, og er þessi áburður, sem stefndi eigi hefir réttlætt, móðgandi fyrir áfrýjanda og til þess fallinn, að hnekkja virðingu hans. Verður því eftir kröfu áfrýjanda að dæma þessi ummæli ómerk. Hinn stefndi verður og að sæta sekt fyrir orð þau, sem dæmd hafa verið ómerk, og ákveðst sektin 30 krónur samkvæmt 219. grein hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869, en sé sektin eigi öll greidd innan ákveðins tíma, skal hann sæta einföldu fangelsi í 6 daga. Ákvæði bæjarþingsdómsins um málskostnað samþykkist. Eftir þessum úrslitum verður stefndi einnig að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 15 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Valdimar ritstjóri Ásmundsson greiði 30 kr. sekt til landssjóðs eða sæti 6 daga einföldu fangelsi, ef sektin eigi öll er greidd innan ákveðins tíma. Framantalin meiðandi ummæli um áfrýjanda Sigurð Thoroddsen eiga að vera dauð og ómerk. Um málskostnað í héraði skal bæjarþingsdómurinn vera óraskaður. Stefndi greiði og sækjanda málskostnað fyrir yfirdómi að upphæð 15 kr.

Dóminum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 29. aprílmánaðar.

Nr. 14/1901: Réttvísin
gegn
Erlendi Jónssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Rangárvallasýslu, uppkveðnum 7. sept. f. ár, var hinn ákærði Erlendur Jónsson, bóndi á Giljum, dæmdur fyrir skjalafals samkvæmt 270. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 4 sinnum 5 daga fangelsi við vatn og brauð, og til að greiða allan kostnað sakamálsins gegn honum. Þessum dómi hefir verið skotið til yfirdómsins bæði eftir ósk hins ákærða og af hálfu réttvísinnar.

Það er löglega sannað með eigin játningu

hins ákærða, sem kemur heim við aðrar skýrslur, er fengnar hafa verið í málinu, að hann hafi öndverðlega í októbermánuði 1898, er hann var á ferð út á Eyrarbakka og gisti á Grímsfjósum í Stokkseyrarhverfi, skrifaði þar skirteini undir nafni Árna Guðmundssonar á Þverá, þess efnis, að Árni biður kaupmann P. Nielsen á Eyrarbakka að lána sér út úr reikingi sínum 11 kr. til Erlendar Jónssonar í Hallgeirsey, en þar virðist ákærði þá hafa átt heima. Skirteini þetta, sem ákærði dagsetti 2. okt. 1898, sýndi hann samdægurs í verzlun þeirri á Eyrarbakka, er P. Nielsen veitir forstöðu, og tók vörur út á það. Ákærði kveðst hafa átt 10 kr. í peningum hjá Árna Guðmundssyni á Þverá, og hafi hann beðið hann um innskrift fyrir þeim til nefndrar verzlunar á Eyrarbakka og hafi Arni tekið vel undir það og viljað láta hann fá innskriftina, þó að ekki yrði af því í það sinn. Arni hefir og kannast við það, að ákærði hafi beðið sig um innskrift fyrir 11 kr. til Lefolii verzlunar, en það hafi farist fyrir að gefa hana, af því að Arni hélt að hann myndi ekkert fá út í reikning sinn. Hins vegar sést það eigi af skýrslu Árna, hvort hann hefir skuldað ákærða áminstar 10 kr. Akærði hefir skýrt svo frá, að hann hafi á þessari ferð sinni út á Eyrarbakka hitt Guðmund, föður Arna, og beðið hann að skila til Árna, að hann, ákærði, bæði Árna að misvirða eigi við sig, þótt hann tæki í reikning hans svo sem 10 eða 11 kr., en þessi skilaboð tjáist Arni eigi hafa fengið, og hefur skýrt svo frá, að faðir

sinn muni eigi eftir, að hann hafi átt að bera þau, þó að hann fortaki það ekki, að það kunni að vera rétt, með því að hann sé orðinn minnissljór mjög af elli; en viðurkent er það, að ákærði hitti Guðmund þenna um nefnt leyti. Þó að álíta megi samkvæmt þessum skýrslum, að ákærði hafi haft ástæðu til að ætla, að hann myndi hafa getað fengið ávísun hjá Arna fyrir umræddri vöruúttekt, þá var það þó heimildarlaust, er hann sjálfur ritaði slíka ávísun undir nafni hans, og hefir hann með þessu atferli sínu gjörst sekur í skjalafölsun.

Þegar ákærði í sama sinn gisti á Grímsfjósum, var honum þar samnátta Markús nokkur Einarsson; þessi Markús bað ákærða að skrifa fyrir sig úttektarskírteini undir nafni Hallberu Jónsdóttur á Skækli til Eyrarbakkaverzlunar; var ákærði mjög tregur til þess, en lét þó tilleiðast fyrir þrábeiðni Markúsar, sem sagði að það væri alveg óhætt, og að hann hefði fengið leyfi Hallberu til að skrifa »bevísið« sjálfur; skrifaði ákærði þá skírteinið, þess efnis, að »undirskrifuð biður kaupmann P. Nielsen á Eyrarbakka að hjálpa sér um 2 kr. til Markúsar Einarssonar«, og skrifaði ákærði dagsetninguna: »Skækli, 4. október 1898« og nafnið »Hallbera Jónsdóttir« undir það. Skírteini þetta tók svo Markús og notfærði sér það við verzlunina á Eyrarbakka. Það er að vísu upplýst í málinu, að Markús Einarsson hafði eigi leyfi Hallberu til að rita téð úttektarskírteini eða láta rita undir hennar nafni, en þar sem framburði ákærða um, að hann hafi trúað sögusögn Markúsar í

þessu tilliti, er eigi hnekt, verður hann eigi dæmdur fyrir skjalafals, að því þetta atriði málsins snertir.

Tilverknaður ákærða, er fyr hefir verið lýst, er saknæmur eftir 270. gr. alm. hegningarlaga, og þykir refsingin fyrir hann hæfilega ákveðin fyrir ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefir áður sætt dómi eða refsingu fyrir neinn glæp, samkvæmt hinni fyrnefndu grein hegningarlaganna, 2. málslið, 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Með því að yfirdómurinn felst einnig á málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins, ber þannig að staðfesta hann. Ákærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, sem ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Það athugast, að málið er fremur linlega prófað í héraði og rannsóknin óglögg, og lengur hefir staðið á málinu frá því próf hófust í því og þangað til það kom fyrir yfirdóminn en þörf hefir verið á, en þó þykir eigi ástæða til að víta meðferð þess í héraði frekar. Það vottast, að málsfærslan við yfirdóminn hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Akærði Erlendur Jónsson greiði og áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málsfærlumannanna

Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullægja með aðför að lögum.

Nr. 15/1901: Hið opinbera gegn Gísla Eyólfssyni.

Dómur:

Mál þetta var höfðað fyrir lögreglurétti Reykjavíkurkaupstaðar gegn hinum kærða Gísla Eyólfssyni fyrir ólöglega tómthúsmensku í kaupstaðnum, og var það dæmt af lögregluréttinum 20. febr. þ. á., á þá leið, að kærði skyldi greiða 15 kr. sekt, sem að helmingi rennur í fátækrasjóð Reykjavíkur, en að helmingi til fátækranefndarinnar þar; svo var hann og dæmdur til að greiða allan kostnað málsins. Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins eftir beiðni hins kærða.

Eftir skýrslu hins kærða sjálfs var hann bóndi á Kjaransstöðum á Akranesi yfirstandandi fardagaár, en í byrjun febrúarmánaðar þ. ár flutti hann til Reykjavíkur með konu sína og 3 börn, og leigði sér hér húsnæði til 14. maímánaðar næstkomandi. Hann flutti og hingað með sér eina kú, og á enga búslóð eftir á Kjaransstöðum nema 2 hross; ekkert fólk var heldur þar eftir á hans vegum. Eftir þessu verður að líta svo á, að kærði hafi hætt búskap á Kjaransstöðum, og að

hann hafi sezt að í húsmensku í Reykjavík, og með því að hann hafði eigi sótt um né fengið leyfi fátækrastjórnarinnar til þessa, hefir hann gjörst brotlegur eftir tilsk. 26. maí 1863, 12. gr., og verður að sæta sekt fyrir. Þykir sektin hæfilega ákveðin 10 kr., sem að helmingi tilfalli fátækrasjóði Reykjavíkur, og að helmingi fátækranefndinni þar. Með því að yfirdómurinn felst á ákvæði lögregluréttardómsins um málskostnað, ber að staðfesta téðan dóm með þessari breytingu á sektarupphæðinni. Hinn kærði verður og að greiða áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, sem ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins fyrir lögregluréttinum hefir verið vítalaus, og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn á að vera óraskaður, þó svo, að sektarupphæðin sé 10 kr. Kærði Gísli Eyólfsson greiði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málsfærslumannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar

séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. júnímánaðar.

Nr. 5/1901: W. Ó. Breiðfjörð
gegn
Jakobi Frímannssyni.

Dómur:

Þegar áfrýjunarstefnan í máli þessu átti að falla í rétt, 20. f. m., mætti áfrýjandi eigi og enginn af hans hendi, og var stefnan eigi lögð fram í yfirdóminum. Aftur á móti mætti í yfirdóminum í þetta skifti af hálfu stefnda samkvæmt stefnunni yfirréttarmálaflutningsmaður Oddur Gíslason og krafðist kosts og tæringar handa stefnda fyrir að hafa látið mæta árangurslaust í málinu. Ber að taka þá kröfu til greina samkv. N. L. 1—4—34, og dæma stefnda í kost og tæring hjá áfrýjanda, 6 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi W. Ó. Breiðfjörð kaupmaður greiði stefnda Jakobi Frímannssyni í kost og tæring 6 — sex — krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 15. júlímánaðar.

Nr. 13/1901: Réttvísin
gegn
Arnóri presti Árnasyni.

Dómur:

Mál þetta hefir verið höfðað að amtsboði gegn hinum ákærða, presti að Felli í Strandasýslu, Arnóri Árnasyni, með skírskotun til 102. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, sbr. við 99. gr. þeirra, fyrir að hafa á sveitarfundi 21. ágúst 1898 vaðið upp á oddvitann í Fellshreppi, Guðjón Guðlaugsson með meiðyrðum, er hann var að starfa að sveitarstjórnarverki. Var málið dæmt í aukarétti Strandasýslu 10. nóv. 1900 með þeim úrslitum, að ákærði var dæmdur sýkn af ákæru réttvísinnar í málinu, en skyldi greiða allan af málinu leiðandi kostnað, þar á meðal 10 kr. til svaramanns síns fyrir aukaréttinum, Eggerts Jónssonar frá Kleifum. En þessum dómi er af hálfu réttvísinnar og eftir ósk hins ákærða skotið til yfirdómsins.

Meiðyrði þau, sem átalin eru í máli þessu, voru viðhöfð af ákærða á fundi að Stóra-Fjarðarhorni 21. ágúst 1898, en fyrnefndur oddviti Fellshrepps hafði tekið upp hjá sjálfum sér að kalla saman fund þenna, og mættu á honum eftir fundarboðun hans allir búendur Fellshrepps, nema 3, nokkrir búlausir menn úr hreppnum og allir hreppsnefndarmenn úr Óspakseyrarhreppi, og virðast allir þessir menn, eftir skýrslu oddvitans í Fellshreppi, hafa átt atkvæðisrétt á fundinum.

Eftir því, hvernig fundur þessi var skipaður, er það því augljóst, að þar var eigi um eiginlegan sveitarfund eða hreppsnefndarfund að ræða, hvorki fyrir Fellshrepp einan eða fyrir Fellshrepp og Óspakseyrarhrepp í sameiningu (hinn forna Broddaneshrepp), enda var og engin fundarbók við á fundinum eða neitt bókað um það, er á fundinum gjörðist, og fundarmenn kusu sér sjálfir fundarstjóra til að stýra fundinum. Það verður þá og eigi heldur álitið, að fyrnefndur oddviti Fellshrepps hafi verið að sveitarstjórnarstörfum, er hann sem kosinn fundarstjóri stýrði fundinum, eða að ákærði, sem er einn af hreppsnefndarmönnum Fellshrepps, geti hafa orðið brotlegur gegn hinum tilvitnuðu greinum hegningarlaganna, þó að hann hefði haft í frammi meiðandi orð við oddvitann sem fundarstjóra á fundinum; og þar sem brot ákærða átti samkvæmt málshöfðunarskipuninni að vera fólgið í þessu, verður þegar af þessum ástæðum að dæma ákærða sýknan af ákæru réttvísinar í máli þessu, og ber að greiða sakarkostnað allan, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun svaramanns ákærða í héraði, 10 kr., og málfærslulaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors, af almannafé.

Rannsókn málsins og meðferð í héraði hefir staðið töluvert lengur yfir en skyldi, úr því að málið var tekið fyrir sem opinbert mál, en það þykir þó eftir atvikum eigi ástæða til að láta

undirdómarann sæta ábyrgð fyrir dráttinn. Að öðru leyti hefir rekstur málsins í héraði verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Arnór prestur Árnason á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar í máli þessu. Allur kostnaður málsins, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun hins skipaða svaramanns í héraði, Eggerts bónda Jónssonar á Kleifum, 10 kr., og málsfærslulaun hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafé.

Nr. 12/1901: Réttvísin gegn Helgu Jóhannsdóttur, Guðmundi Þórðarsyni og Guðmundi Einarssyni.

Dómur.

Mál þetta hefir verið höfðað gegn hinum á kærðu Helgu Jóhannsdóttur fyrir ranga faðernislýsingu og Guðmundi trésmið Þórðarsyni og Guðmundi Einarssyni steinsmið fyrir hlutdeild í eða upptök að téðu broti Helgu Jóhannsdóttur, og var

málið dæmt í aukarétti Reykjavíkurkaupstaðar 5. febrúar þ. á. með þeim úrslitum, að Helga Jóhannsdóttir var samkvæmt 180. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 dæmd til 8 daga einfalds fangelsis, Guðmundur Einarsson samkvæmt sömu lagagrein, sbr. við 52. gr. og 49. gr. hegningarlaganna, dæmdur í 50 kr. sekt til landssjóðs eða til vara í 15 daga einfalt fangelsi, og Guðmundur Þórðarson sýknaður af ákærum sókarans í málinu. Um málskostnað var svo ákveðið í dóminum, að Helga Jónsdóttir skyldi greiða kostnað allan af varðhaldi sínu og málsvarnarlaun, 8 kr., til hins skipaða talsmanns síns fyrir aukaréttinum, en allan annan kostnað málsins skyldu þau Helga og Guðmundur Einarsson greiða bæði fyrir annað og annað fyrir bæði, þó svo, að ákærði Guðmundur Þórðarson greiddi 1/3 in solidum með þeim.

Dómi þessum hefir verið skotið til landsyfirdómsins að því er ákærðu Helgu Jóhannsdóttur snertir, eftir ósk hennar, og að því er snertir hina ákærðu Guðmund Þórðarson og Guðmund Einarsson, af hálfu réttvísinnar.

Það er með eigin játningu hinnar ákærðu Helgu Jóhannsdóttur sannað, að þegar hún 11. okt. f. á. lét skíra óskilgetið barn sitt, er hún átti 5. sept. f. á., lýsti hún við prestinn, sem skírði, föður að barninu Árna Grímsson, er farið hafði til Vesturheims á síðastliðnu vori, en maður þessi var ekki til og nafnið tilbúið út í bláinn, og hefir hin ákærða kannast við það síðar, að hinn rétti

faðir barnins væri hinn meðákærði Guðmundur Þórðarson, enda lét hún það og uppi við aðra, áður en barnið var skírt, að hann væri faðir þess og enginn annar. Ákærða kveðst hafa látið tilleiðast fyrir fortölur hinna meðákærðu Guðmundar Þórðarsonar og Guðmundar Einarssonar, og hótanir þeirra, að lýsa rangan föður að barninu, því að á eina hliðina hafi þeir haldið því að henni, að Guðmundur Þórðarson myndi sverja fyrir barnið, að hann ætti það, og hún þannig standa ein og hjálparlaus uppi með það, og á hinn bóginn hafi Guðmundur Þórðarson lofað henni að geta með barninu, ef hún lýsti annan föður, og að hjálpa henni að auki, ef henni lægi á, enda jafnvel gefið henni von um, að hann myndi síðar kannast við faðernið, ef hann þyrfti ekki að kannast við það þá þegar.

Hinn ákærði Guðmundur Þórðarson hefir játað, að hann hafi boðið meðákærðu Helgu Jóhannsdóttur fé til að lýsa annan en sig föður að umræddu barni, og lét hann hana fá 20 kr. í þessu skyni í ágústmánuði f. á., áður en barnið fæddist, og 60 kr. kvöldið sama dag sem barnið var skírt, þegar Helga sagði honum frá, að hún væri búin að lýsa fyrnefndan Árna Grímsson föður að því. Ákærði hefir stöðugt neitað því, að hann sé eða geti verið faðir að barninu og kveðst að eins hafa gjört það til að losast við bæjarþvaður af áburði Helgu, að kaupa hana til að nefna annan föður að barninu en sig, enda hafi hún og sagst geta lýst annan föður, og hann því álitið að hún gæti gjört

það með góðri samvizku. Það er nú eigi að eins, að þessi framburður ákærða, um að hann geti eigi verið faðir að barni Helgu, er mjög ósennilegur í sjálfu sér, þegar litið er til allrar framkomu hans gagnvart Helgu og afskifta hans af feðrun á barni hennar, og sérstaklega til þess, hvílíku kappi hann beitti með fortölum og fjárloforðum til að fá hana til að nefna annan föður — og skal það í þessu sambandi tekið fram, að allar líkur eru til þess, að framburður Helgu, um að ákærði hafi lofað henni töluvert meiru fé en hann borgaði henni, sé sannari en framburður ákærða í því efni — en það virðist auk þess nægilega sannað með bréfum, sem fóru milli ákærða og Helgu fyrir milligöngu meðákærða Guðmundar Einarssonar og sem ákærði las og samþykti, að framburður ákærða sé rangur, og að hann hafi viljað fá Helgu til að nefna rangan föður að barninu. Í bréfum þessum fer því svo fjarri, að minst sé nokkurstaðar einu orði á það, að Helga kenni ákærða Guðmundi Þórðarsyni ranglega barnið eða að hann eigi það ekki, að þar er þvert á móti að eins og afdráttarlaust beitt öllum fortölum til að fá hana til að kenna barnið annaðhvort tilgreindum manni, sem ákærði hafði áður stungið upp á við hana að kenna barnið, en hún neitaði að hafa haft nokkur mök við, en maður þessi var þá farinn til Vesturheims, eða að kenna það »einhverjum öðrum, sem ekki væri mjög ólíklegt með og sem hún ekki þyrfti að óttast síðar«. Er það

þannig bersýnilegt af bréfum þessum að ákærði bygði alls eigi á því og gjörði eigi ráð fyrir því, að Helga gæti með góðri samvizku eða réttilega kent öðrum barnið en honum, enda eru og í bréfunum höfð orðatiltæki, eins og t. d. að það sé hættulaust fyrir hana að nefna annan, sem að eins verða skiljanleg, þegar um ranga faðernislýsingu er að ræða. Það verður því að álíta, að ákærði Guðmundur Þórðarson hafi gjört sig sekan í hlutdeild í broti ákærðu Helgu og átt upptökin að því með loforðum sínum og fortölum.

Hinn ákærði Guðmundur Einarsson var milligöngumaður milli hinnar ákærðu Helgu Jóhannsdóttur og Guðmundar Þórðarsonar að því faðernislýsinguna snerti, og gjörði hann sér, eftir að Guðmundur Þórðarson hafði fengið ádrátt Helgu um að nefna annan föður, bæði munnlega og bréflega, með því að semja og senda fyrirgreint bréf til Helgu, far um að telja hana á að halda þetta loforð við Guðmund Þórðarson, jafnvel þótt telja megi víst bæði samkvæmt játningu hans í málinu og samkv. innihaldi téðra bréfa, að hann hafi verið sér þess meðvitandi, að hún gjörði sig með því seka í rangri faðernislýsingu, þar sem hann ætlaði, að Guðmundur Þórðarson væri hinn rétti faðir barnsins.

Prestur sá, sem skýrði barn það, sem ræðir um í málinu, var fríkirkjuprestur utanþjóðkirkjusafnaðarins í Reykjavík, sem fengið hefir konunglega staðfestingu samkv. lögum 19. febr. 1886, og má að vísu ganga út frá því, að ákærða Helga

hafi álitið það hafa sömu þýðingu, er hún nefndi fyrir honum föður að barni sínu, sem hún hefði gjört það fyrir sóknarprestinum, en þar sem það á hinn bóginn er fyrirskipað með nefndum lögum, 10. gr. þeirra, að foreldrar, sem ekki eru í þjóðkirkjunni, skuli innan ákveðins frests skýra sóknarpresti frá fæðingu og nöfnum barna sinna, til þess að hvorttveggja verði ritað í gjörðabók prestakallsins, og að vöttorð um nafngjafir þessar komi í stað skírnarvottorðs, þá virðist mega skoða skýrslu þá, sem gefin var fríkirkjuprestinum af hinni ákærðu um nafn barnsins, að eins sem tilraun til brots þess, er 180. gr. hegningarlaganna ræðir um.

Hið ákærðu eru öll komin yfir lögaldur sakamanna og hafa eigi áður sætt refsingu fyrir neitt lagabrot. Brot ákærðu Helgu Jóhannsdóttur ber að heimfæra undir 180. gr. hegningarlaganna, sbr. 46. gr. þeirra, og þykir refsing hennar hæfilega ákveðin 50 króna sekt. er renni í landssjóð, en ef sektin er eigi greidd í tæka tíð, komi í stað hennar 12 daga einfalt fangelsi. Brot ákærða Guðmundar Þórðarsonar ákveðst samkvæmt sömu lagagrein, sbr. 53. gr. 2. málslið, 50 kr. sekt til landssjóðs eða til vara 12 daga einfalt fangelsi. Brot ákærða Guðmundar Einarssonar ákveðst samkvæmt 180. gr., sbr. og 52. gr. hegningarlaganna, 30 króna sekt til landssjóðs, eða til vara 8 daga einfalt fangelsi. Hin ákærða Helga Jóhannsdóttir greiði allan af varðhaldi sínu leiðandi kostnað og málsvarnarlaun hins skipaða talsmanns síns í hér-

aði, en allan annan kostnað málsins í héraði og allan áfrýjunarkostnað málsins ber hinum ákærðu að greiða in solidum, þar með talin málflutningslaun hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, sem ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hin ákærðu Helga Jóhannsdóttir, Guðmundur Þórðarson og Guðmundur Einarsson greiði í sekt til landssjóðs, hin tvö fyrstnefndu 50 kr. hvort og Guðmundur Einarsson 30 kr., og sæti ákærðu, ef þau eigi greiða sekt þá að fullu, er þeim hverju um sig er gjörð, í tæka tíð, Helga og Guðmundur Þórðarson 12 daga einföldu fangelsi hvort, en Guðmundur Einarsson 8 daga einföldu fangelsi. Ákærða Helga Jóhannsdóttir greiði varðhaldskostnað sinn og 8 kr. í málsfærslulaun til talsmanns síns í héraði, cand. jur. Guðmundar Sveinbjörnssonar. Allan annan kostnað málsins í héraði og allan áfrýjunarkostnað málsins greiði hin ákærðu in solidum, þar með talin málsfærslulaun hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra. Ídæmdar sektir ber að greiða innan 8 vikna

frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 35/1900: Sveinbjörn Guðmundsson
gegn
Stjórnarnefnd kvennaskólans
á Ytriey.

Dómur:

Mál þetta er í héraði höfðað fyrir gestarétti Húnavatnssýslu af stjórnarnefnd kvennaskólans á Ytriey, eiganda jarðarinnar Ytrieyjar, gegn Sveinbirni Guðmundssyni ábúanda á jörðinni Kambakoti, til skaðabóta fyrir þá sök, að hann sumarið 1899 hafi slegið og hirt engjastykki, sem liggi undir Ytriey, og var það útkljáð með gestaréttardómi nefndrar sýslu, gengnum 17. apríl 1900, þannig, að Sveinbjörn Guðmundsson í Kambakoti skyldi greiða stjórnarnefnd kvennaskólans á Ytriey eða af hennar hendi Sigurði bónda Sigurðssyni, er málið flutti fyrir skólann, 50 kr. í skaðabætur og 40 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir Sveinbjörn Guðmundsson áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu 16. okt. f. á. og þar krafist aðallega, að málinu verði vísað frá meðferð gestaréttarins og héraðsdómurinn þannig úr gildi fellur, eða, að málinu verði vísað heim til löglegri meðferðar frá því stigi, er vitnaleiðsla um landamerki hófst, en til vara, að áfrýjandi verði sýknaður af kærum og kröfum stjórnarnefnd-

ar kvennaskólans á Ytriey, og loks, að stjórnarnefndin fyrir hönd skólans verði in solidum dæmd til að greiða áfrýjanda allan málskostnað fyrir báðum réttum með einhverri upphæð nægilegri eftir mati yfirdómsins, hvort sem málið verði dæmt að forminu eða efninu til. Hins vegar hefir hinn stefndi krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að nokkur ummæli áfrýjanda fyrir gestaréttinum verði dæmd dauð og ómerk, og að áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Frávísunarkrafa áfrýjanda er bygð á því, að málið sé í raun réttri landamerkjamál og eigi því undir merkjadóm; en það er ekki svo. Málið er hreint og beint skaðabótamál, eins og það er höfðað, og það gjörir enga breytingu í þessu tilliti, þótt landamerkin milli jarða þeirra, sem deilan er milli í máli þessu, yrðu, ef upplýst væru, að ráða úrslitum þess, og verður því frávísunarkrafa áfrýjanda, í heild sinni eða að nokkru leyti, ekki tekin til greina.

Það er viðurkent af pörtunum í málinu, hvar engjastykki það, sem áfrýjandi sló og hirti, er, og er því ekki þörf í þessu máli að meta vitnisburði vitna þeirra, sem leidd hafa verið viðvíkjandi þessu atriði. Um upphæð skaðabótakröfu stefnda er heldur enginn ágreiningur. Ágreiningurinn er þannig einungis um, hvorri jörðinni engjastykkið fylgi.

Stefndi hefir viljað sanna eignarrétt sinn eða Ytrieyjar að engjastykkinu með landamerkjaskrá

fyrir Ytriey saminni 16. maí 1891 og þinglesinni 23. maí s. á. Áfrýjandi hins vegar styður rétt sinn eða Kambakots til engjastykkisins á landamerkjaskrá fyrir Hafursstöðum með hjáleigunum Hafursstaðakoti og Kambakoti ritaðri í marzmán. 1890 og þinglesinni 22. maí s. á. Hvorugri þessari landamerkjaskrá var mótmælt, þá er þær voru þinglesnar. En í þessu máli eru komin fram mótmæli gegn merkjaskrá Ytrieyjar. 2 af þeim, sem eiga að hafa undirskrifað merkjaskrána, og annar þeirra er eigandi Kambakots, hafa svarið það, að þeir hafi hvorki sjálfir skrifað nöfn sín undir skrána, né heimilað neinum öðrum að gjöra það; þar við bætist, að nafn eins þeirra, er áttu að undirskrifa skrána, vantar. Samkvæmt nefndri skrá virðist engjastykkið að fylgja Ytriey; en með því skráin er vefengd, eins og áður segir, getur stefndi ekki bygt neinn rétt á henni. Merkjaskrá Kambakots er ekki vefengd; en samkvæmt henni eru merkin ekki nógu glögg, þar sem ekki er sannað í málinu, hvar markasteinar þeir séu, sem hún til nefnir. Þar sem stefndi þannig ekki hefir sannað í málinu, að áfrýjandi hafi slegið og hirt í Ytrieyjarlandi, verður að sýkna áfrýjanda af kærum og kröfum stefnda í þessu máli. Samkvæmt þessum úrslitum málsins þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður. Ekki þykir næg ástæða til að dæma þau af stefnda átöldu orð dauð og marklaus.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Sveinbjörn Guðmundsson á í þessu máli að vera sýkn af kærum og kröfum stefnda, stjórnarnefndar kvennaskólans í Ytriey. — Málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Mánudaginn 22. júlímánaðar.

Nr. 20/1901: Réttvísin gegn Jóhannesi Jóhannessyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Akureyrarkaupstaðar, uppkveðnum 27. febr. þ. á., var hinn ákærði Jóhannes skipstjóri Jóhannesson frá Sauðárkróki dæmdur fyrir skjalafals, svik og tilraun til svika til að sæta 18 mánaða betrunarhússvinnu, og til að greiða í iðgjöld til sparisjóðs Norðuramtsins 70 kr. 68 aur. Svo skyldi hann og greiða allan af málinu leiðandi kostnað, þar á meðal 8 kr. í málsvarnarlaun til verjanda síns í héraði cand. Valdimars Thorarensen. Dómi þessum hefir eftir ósk hins dómfelda og af hálfu réttvísinnar verið skotið til yfirdómsins.

Síðastliðið sumar eða haust vátrygði ákærði líf sitt fyrir 2000 kr. hjá umboðsmanni lífsábyrgðarfélagsins »Scandia« á Sauðárkróki, þar sem ákærði átti heima. Í vetrarbyrjun var ákærði, sem á fyrir konu og börnum að sjá, í miklum

kröggum með lífsframfæri fyrir sig og sína, og hugkvæmdist honum þá að látast drukna eða verða úti, til þess að konu sinni yrði útborguð lífsábyrgðin. Hugsaði hann sér, að þegar konan hefði fengið lífsábyrgðarupphæðina borgaða, skyldi hún fara til Vesturheims og hann slást í för með henni þangað, einhverstaðar á Austfjörðum, en þangað til ætlaði hann að leynast undir fölsku nafni, helzt í Skaftafellssýslu. Til þess að koma þessu áformi sínu fram, fór ákærði um miðjan nóvemberm. síðastliðinn norður á Akureyri, en meðfram ætlaði hann þó að reyna þar að fá skip að færa næsta sumar, því að hann hafði haft atvinnu áður sem skipstjóri, og hefir hann skýrt svo frá, að hann myndi fyrir bænastað konu sinnar, sem hann lét skilja um fyrirætlun sína, hafa hætt við það áform sitt að ætla að látast deyja til að hafa út lífsábyrgðina, ef sér hefði tekist að fá skip að færa á Akureyri. Á Akureyri reyndi ákærði að fá skip, en fekk ekki, og réð hann þá af að framkvæma hitt áform sitt, að látast deyja og fá lífsábyrgðarféð útborgað handa konu sinni, en af því að hann þurfti peninga til þess að komast austur og bíða þar konu sinnar, enda var farinn að skulda fyrir veruna á Akureyri, þá tók hann það til bragðs í vandræðum sínum, án þess hann hefði hugsað sér neitt slíkt áður, eftir því sem hann hefir haldið fram, að útvega sér peninga út á fölsuð skjöl. Bjó hann þá samstundis út handa sér umboð til að taka 600 kr. lán úr almennum sjóði fyrir hönd Þorsteins nokkurs Hannessonar á

Hjaltastöðum og ritaði undir það nafn Þorsteins og tveggja vitundarvotta og dagsetti skjalið 10. nóv. f. á. Svo bjó hann og út sjálfskuldarábyrgðarloforð tveggja manna, Pálma Símonarsonar á Svaðastöðum og Einars Jónssonar á Brimnesi, fyrir láninu, og ritaði undir nöfn þeirra og nöfn sömu vitunarvotta og dagsetti það skjal 9. nóv. f. á. Voru allir mennirnir, er ákærði ritaði undir skjölin, menn í Skagafirði, er hann þekti. Fór ákærði síðan með skjöl þessi á skrifstofu sparisjóðs Norðuramtsins og fekk þar samdægurs lánaðar úr sjóðnum 600 kr. og undirskrifaði skuldabréf þar að lútandi með skírskotun til umboðsskjalsins. Þegar ákærði var búinn að fá peninga þessa, beið hann á Akureyri á annan dag, til þess að vekja engan grun með bráðri burtför sinni. Hann lét uppi við menn, að hann færi aftur til Skagafjarðar, og tók mörg bréf þangað til flutnings. Lagði hann síðan á stað vestur og kom að Geirhildargörðum í Yxnadal undir rökkur. Hitti hann bóndann þar og sagði honum hið rétta nafn sitt, og að hann ætlaði að leggja á heiðina um nóttina, en bóndi réð honum frá því, því að éljagangur var. Þóttist ákærði þó myndi halda áfram ferð sinni og skildi við bónda; en þegar hann var skilinn við hann, sneri hann aftur og fór sömu leið en þó eigi eftir alfaravegi, og hélt áfram kvöldið og alla nóttina fyrir ofan Akureyri og austur yfir Vaðlaheiði, og kom að Krossi í Ljósavatnsskarði næstu nótt eftir, og gisti þar. Á þessari austurleið

nefndi ákærði sig fyrir mönnum, sem hann hitti, Jóhann Rögnvaldsson, og kvaðst vera frá Víkum á Skaga og vera á leið til Vopnafjarðar að hitta systkini sín, sem hann reyndar engin átti þar. Á Krossi skrifaði hann kunningja sínum á Sauðárkrók, sem eftir framburði ákærða vissi um fyrirætlun hans alla, og lét hann vita, að nú væri hann búinn að koma því svo fyrir, að menn hlytu að ætla, að hann hefði annaðhvort druknað í Öxnadalsá eða orðið úti á heiðinni, og lagði ráðin á, hvernig fara skyldi að til að fá lífsábyrgðina útborgaða. Lagði hann innan í bréf þetta 120 kr., og átti kona hans að fá 100 kr. af því, en 20 kr. að ganga upp í skuld til kunningja hans. Frá Krossi hélt ákærði áfram ferð sinni; en í Sandfellshaga var för hans heft að boði sýslumanns og hann síðan tekinn fastur, því að þá voru komin upp um hann peningasvikin og fölsunin á Akureyri. Af fé því, er ákærði sveik út með hinum fölsuðu skjölum, hafa komið til skila og verið fengnar sparisjóðnum 529,32 kr., og hefir sparisjóðurinn því gjört kröfu til endurgjalds á kr. 70,68.

Auk afbrota þeirra, er nú hefir verið lýst, hefir ákærði játað að hafa 22. október f. á. skrifað falsaða ávísun undir nafni Sveins hreppstjóra Árnasonar á Felli í Sléttuhlíð til Knudsens kaupmanns á Sauðárkrók, þess efnis, að Sveinn bað Knudsen að lána sér $2^1/_2$ pott af spritti. Ákærði fór sjálfur með ávísunina, fekk sprittið og drakk það sjálfur og gaf öðrum með sér. Ákærði virðist hafa verið töluvert drukkinn, er hann gjörði þetta, en

þó eigi svo, að hann hafi eigi verið fullkomlega með sjálfum sér og vitað hvað hann gjörði. Áður en ákærði fór frá Akureyri í ofanumgetið skifti tók hann, eins og fyr er sagt, bréf af ýmsum til flutnings til Skagafjarðar, og var þar á meðal bréf með innlögðum 2 kr. frá unglingspilti nokkrum. Eftir skýrslu hins ákærða trosnaði bréf þetta í vasa hans, svo að peningarnar duttu úr því, og lét hann þá peningana saman við sína eigin peninga. Það er þó ekki sannað, að hann hafi ætlað að taka undir sig peninga þessa og ekki ætlað að skila þeim með bréfunum, sem hann tók til flutnings, en þau var hugsun hans að senda réttum viðtakendum þegar hann væri sjálfur kominn undan. Og þar sem hér auk þess væri um brot samkv. 256. gr. hegningarlaganna að ræða, þá þurfti samþykki þess, er fyrir hallanum varð, til þess að ákærða yrði refsað fyrir misgjörð þessa, en það samþykki hefir eigi verið fengið.

Þá hefir og ákærða verið gefið að sök, að hann hafi í umræddri ferð til Akureyrar reynt að fá lánaðar 7 kr. hjá manni gegn borgun í fiski á Sauðárkróki, sem hann engan átti til, og hafi hann með þessu reynt að fá lán, sem hann eigi hafi ætlað sér að borga aftur. Það verður þó eigi af því sem upplýst er í þessu efni, álitið nægilega sannað, að ákærði hafi ekki ætlað sér að borga lán þetta, sem hann bað um, ef hann hefði fengið það, og verður því að sýkna hann af þessu ákæruatriði.

Framangreind brot ákærða, sem fæddur er 15. sept. 1863 og eigi hefir áður sætt refsingu fyrir neitt lagabrot, ber að heimfæra undir 261. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 46. gr., og 270. gr. sbr. 63., gr. og virðist hegningin hæfilega ákveðin í aukaréttardóminum 18 mánaða betrunarhúsvinna. Yfirdómurinn felst og á ákvæði aukaréttardómsins um iðgjöld og málskostnað og ber því að staðfesta téðan dóm að því er niðurstöðu hans áhrærir. Ákærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra. Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Ákærði greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra. Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 25/1901: Réttvísin
gegn
Markúsi Einarssyni

Dómur:

Með aukaréttardómi Rangárvallasýslu, gengn-

um 28. marzmán. þ. á., var hinn ákærði Markús Einarsson dæmdur fyrir þjófnað, svík og fals til að sæta 6 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð, til að greiða iðgjöld til Erlends Jónssonar 16 kr., Guðrúnar Bergsdóttur 12 kr. 60 a., Guðlaugs Nikulássonar 15 kr. 20 a., Sæmundar Skúlasonar 2 kr., Ragnhildar Diðriksdóttur 1 kr., Þorsteins Gíslasonar 60 a., Eggerts Pálssonar 1 kr. og Natanaels Engilbertssonar 2 kr., svo og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með taldar 5 kr. til talsmanns síns í héraði, Gríms Sk. Thorarensens.

Þessum dómi hefir að beiðni hins ákærða verið áfrýjað til landsyfirréttarins.

Það er með eigin játningu hins ákærða, sem ekki kemur í bága við það, sem á annan hátt er komið fram í málinu, löglega sannað, að ákærði hefir framið glæpi þá er nú skal telja:

Vorið 1897 tók ákærði heimildarlaust út í reikning Sigríðar Gísladóttur, vinnukonu á Hólmum, við J. P. T. Brydes verzlun í Vestmannaeyjum, 1 pott af brennivíni, og í janúar 1899 út í reikning sömu konu við sömu verzlun 1 pd. af hvítasykri, 1 pd. af kaffi, 1 pd. af kaffibæti, 1 pd. af kandíssykri, 2 pd. af skonroki og 1 pd, af tvíbökum, og ennfremur í maímán. s. á. 4 álnir af segldúk, 2 pd. af rúsínum og 1/4 pd. af munntóbaki, og er verð þess samtals 6 kr. 50 a.

Þegar ákærði haustið 1898 var á ferð á Eyrarbakka, tók hann út í reikning Hallberu Jónsdóttur á Spækli við I. B. R. Lefoliis verzlun á

Eyrarbakka 1 flösku af brennivíni með flösku, án leyfis hennar og vitundar, og nokkrum dögum síðar fékk ákærði Erlend Jónsson á Giljum til að skrifa fyrir sig ávísunarseðil frá sömu konu á sömu verzlun, að upphæð 2 kr., er hann sjálfur tók út á, og hafði hann enga heimild til þess frá Hallberu.

Sama ár nokkru fyrir jól reyndi hann til að fá annan mann til að skrifa fyrir sig ávísunarseðil upp á 1 pott af brennivíni útúr verzlun, undir nafni áðurnefndrar Sigríðar Gísladóttur, en honum tókst það ekki.

Semma sumars 1899 tók hann leyfislaust út í reikning húsmóður sinnar, Vigdísar Bergsteinsdóttur, við verzlun J. P. T. Brydes í Vestmannaeyjum 3 pd. af hvítasykri, 3 pd. kringlur, 1 pd. brauð, 2 potta af brennivíni og ½ pd. af neftóbaki, er kostaði samtals 5 kr. 10 a., og nokkru seinna, eða í júlímán. s. á., tók hann heimildarlaust út í reikning Þorsteins Ólafssonar á Búðarhóli, við sömu verzlun fyrir 3 kr. 67 a., sem sé 1 pd. af reyktóbaki, 1 pd. af skonroki, ½ af hvítasykri, 1 flösku af brennivíni með flösku, 1 pd. af rúsínum og eldspýtur, og enn í maímán næst á undan tók ákærði út í reikning Guðna Guðmundssonar á Spækli, við sömu verzlun 2 pd. af hvítasykri, 3 potta af brennivíni og 2 pd. af skonroki, sem alls nam 3 kr. 67 a. og var það leyfislaust af hendi Guðna.

Haustið 1899 tók ákærði úr rétt hjá Búðarhólshjáleigu fullorðinn sauð, eign Guðlaugs Nikulássonar í Hallgeirsey, og veturgamla gimbur, er átti Erlendur Jónsson á Giljum, og fám dögum síð-

ar tók hann í Voðmúlastaðarétt fullorðinn sauð, sem Guðrún Bergsdóttir í Hallgeirsey átti og tvævetran sauð og veturgamla gimbur frá Erlendi Jónssyni á Giljum. Slátraði hann öllum þessum kindum og hagnýtti sér. Í sömu rétt tók ákærði ennfremur tvævetran sauð, eign Erlends Jónssonar á Giljum, og beiddi annan mann að selja hann fyrir sig á markaði, sem boðaður hafði verið þar í sveit; en það fórst fyrir, og hefir eigandinn fengið kind þessa aftur. Vorið 1899 markaði ákærði undir mark húsbónda síns dilká, er átti áðurnefndur Erlendur, og ætlaði ákærði að hagnýta sér hana sjálfur síðar, en sú ær er komin til skila til rétts eiganda.

Þá hefir ákærði á ýmsum tímum heimildarlaust rúið og hagnýtt sér ullina af nokkrum kindum. Þannig rúði hann vorið 1898 gemling, sem átti Þorsteinn Gíslason í Hólminum, ullin af honum var metin 60 a. virði, og sama vor rúði hann 3 sauði Guðrúnar Bergsdóttur í Hallgeirsey og 1 sauð, er átti Guðlaugur Nikulásson í Hallgeirsey; ullin er metin alls kr. 4,80; og enn sama vor rúði hann 1 sauð frá Eggert presti Pálssyni á Breiðabólsstað, 1 sauð frá Ragnhildi Diðriksdóttur í Hólminum og 2 sauði, er átti Natanael Engilbertsson á Búðarhóli; ullin af nefndum 4 kindum, er ákærði hagnýtti sér, hefir verið metin 4 kr.

Ákærði hefir einnig kastað eign sinni á hatt, er hann fann, og sem átti Sæmundur Skúlason í Selshjáleigu.

Loks hefir ákærði borið, að faðir hans, sem

er dáinn, hafi haustið 1898 skorið kind, sem hann ekki átti, og hafi ákærði haldið fótunum. Hefir ákærði borið, að Sigurður Einarsson á Fagurhól hafi átt kindina, en Sigurður kannast ekki við, að svo geti hafa verið. Það virðist því ekki takandi tillit til þessarar játningar ákærða. Þá hefir og ákærði borið það, að faðir hans hafi nálægt árinu 1892 stolið kind og spýtum og að hann (ákærði) hafi aðstoðað föður sinn með því að halda fótunum á kindinni á meðan hún var skorin og með því að hjálpa föður sínum til að byggja upp kofa þann, sem þessar spýtur eiga að hafa verið notaðar í; en ákærði, sem þá var barn að aldri, verður ekki látinn sæta refsingu fyrir þessa aðstoð hans, þó sönnuð væri, sbr. 69. gr. hegningarlaganna.

Ákærði er fæddur 10. jan. 1882 og því kominn yfir lögaldur sakamanna. Hann hefir ekki áður verið ákærður eða dæmdur fyrir neitt afbrot.

Héraðsdómarinn hefir með réttu heimfært afbrot hans undir 253. gr., 270. gr., sbr. 46. gr., 230. gr., 231. gr. og 249. gr., sbr. 63. gr. hegningarlaganna, og virðist hegning sú, sem hann hefir til unnið, með tilliti til 38. gr. sömu laga hæfilega metin 1 árs betrunarhúsvinna.

Um ídæmd iðgjöld og málskostnað er yfirdómurinn héraðsdómnum samþykkur. Ber þannig að staðfesta héraðsdóminn með nefndri breytingu á hegningunni.

Ákærða ber og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutn-

ingslaun til sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið nokkuð seinfara, en þó ekki svo, að næg ástæða sé til að láta héraðsdómarann sæta ábyrgð fyrir. Sókn og vörn fyrir yfirdómi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að ákærði Markús Einarsson sæti betrunarhúsvinnu í eitt ár. Svo greiði hann og allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, málfærslumannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Hið ídæmda lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. ágústmánaðar.

Nr. 19/1901. Réttvísin
gegn
Hans Sigurbjarnarsyni.

Dómur.

Með aukaréttardómi Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 18. marz þ. á., var hinn ákærði, Hans Sigurbjarnarson, dæmdur fyrir brot gegn 230. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta

5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða stúdentafélaginu í Reykjavík iðgjöld 1 kr. 65 aur., svo og svara öllum sakarkostnaði, þar á meðal 8 kr. í málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns hans í héraði, Árna leturgrafara Gíslasonar. Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins eftir beiðni ákærða.

Eins og málið liggur fyrir yfirdóminum, er aðeins spurning um það, hvort ákærði, sem er kominn yfir tvítugt og áður hefir með bæjarþingsdómi Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 10. nóvbr. 1894, verið dæmdur fyrir þjófnað, er hann framdi rúmlega 16 ára gamall, til 10 daga fangelsisrefsingar við venjulegt fangaviðurværi, — hafi nú gerst sekur í því, að stela 1 flösku af Gravesvíni, sem kostaði 1 kr. 65 aur., á danssamkomu í Bárufélagshúsinu kvöldið eða nóttina 30. desember f. á., en fyrir þennan glæp einan er hann dæmdur í aukaréttinum. Ákærði hefir stöðugt neitað því, að hann hafi gert sig sekan í stuld þessum; en skýrsla hans um ýms atvik, er að málinu lúta, hefir verið mjög á reiki og óstöðug og í sumum atriðum reynst röng, enda var ákærði mjög drukkinn á danssamkomunni 30. des. f. á. Að öðru leyti eru atvik málsins þessi: Kvöldið 29. desbr. f. á. hélt stúdentafélagið í Reykjavík samsæti í Bárufélagshúsinu, og að loknu samsætinu fengu forstöðumenn þess húsráðandanum, Otto Þorlákssyni, til geymslu öll þau vínföng af ýmsum tegundum, sem afgangs höfðu orðið, og voru það bæði rínarvín (Graves), portvín, sherry, konjak og romm. Otto Þor-

Láksson tók við vínföngunum, og lét þau upp á hanabjálkaloft (efsta loft) í húsinu, en upp í hanabjálkaloftið má komast gegnum gat í loftinu á herbergi, sem er upp yfir forstofunni í húsinu; laus hleri er fyrir loftsgatinu, en enginn stigi að því. Að morgni 31. desemberm. næst á eftir fór Otto Þorláksson upp á hanabjálkaloftið, og varð hann þess þá vís, að mest öll vínföngin voru horfin, svo að eigi var eftir af þeim nema 2/1 fl. af konjaki og 1/2 fl. af rauðvíni. En kvöldinu áður, 30. des. hafði Bárufélagið haldið fjölmennan dansleik í félagshúsi sínu, og eru allar líkur til, að fyrgreint vín hafi horfið þá. Það hafði þá eigi verið hægt að loka dyrunum úr forstofunni upp á áðurnefnt loftherbergi, vegna þess að hurðin var þrútin, en húsið ný bygt, og gekk því hver sem vildi þangað upp. Á dansleiknum 30. des. var ákærði einn meðal annara; hann var mjög drukkinn þar og sást fara með vínföng, og féll því grunur á hann um, að hann væri valdur að vínhvarfinu. Það er sannað og viðurkent af ákærða, að hann hafi gefið 2 nafngreindum mönnum vín að drekka úr flösku fyrir utan samkomuhúsið, og að hann hafi komið með þá flösku ofan úr loftherberginu. Þegar þeir höfðu tæmt flöskuna, sló ákærði henni við húshornið og braut hana þar. Flöskubrotin fundust um morguninn 31. desbr. þar við húshornið með einkennismiðanum, en eftir honum hafði Graves-vín verið á flöskunni. Ákærði gaf, eftir því sem sannað er og viðurkent, fleiri mönnum að súpa á flösku á dansleiknum, og var

það, eftir því sem hann skýrir frá sjálfur, bæði rauðvín og konjak. Hann þykist nl. hafa farið með ýms vínföng á dansleikinn, nl. portvín, konjak, rauðvín og brennivín, og hafi hann geymt þetta vín uppi á loftherberginu yfir forstofunni, bak við hurðina, en í herberginu hafi verið dimt. Það hafi verið þetta vín, sem hann gaf ýmsum að drekka af á dansleiknum. Um það, hvar og hvenær ákærði hafi fengið vínið og hvernig hann hafi geymt það, þangað til hann fór með það þangað, er skýrsla ákærða nokkuð á reiki, og hefir í sumum atriðum reynst röng. En alt að einu verður eigi fortekið fyrir það, að ákærði hafi haft með sér tilgreind vínföng á dansleikinn, og að hann hafi geymt þau í loftherberginu uppi yfir forstofunni; þá er eigi heldur loku fyrir það skotið, að ákærði hafi í ölæðinu, — en hann varð dauðadrukkinn um nóttina — tekið Graves-vínflösku í misgripum fyrir sína flösku, og hafi Graves-vínið þá verið komið ofan í loftherbergið, þar sem ákærði geymdi sitt vín, af völdum einhvers annars manns. Það virðast þannig eigi vera nægileg gögn fyrir hendi til að álíta, að ákærði hafi gert sig sekan í þjófnaði þeim, sem hann hefir verið dæmdur fyrir, og ber því að sýkna hann í málinu. Allur kostnaður málsins, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, greiðist af almannafé, þar með talin varnarlaun í héraði 8 kr. samkv. ákvæði aukaréttardómsins, og málfærslulaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, sem ákveðast 10 kr. til hvors þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í héraði

hefir verið vítalaus, og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn ákærði Hans Sigurbjarnarson á að vera sýkn af ákærum sóknarans í máli þessu. Allur kostnaður málsins bæði í héraði og fyrir yfirdómi greiðist úr landssjóði, þar með talin málsvarnarlaun í héraði til leturgrafara Árna Gíslasonar 8 kr. og málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors.

Nr. 24/1901. Réttvísin
gegn
Þorsteini Guðmundssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 30. aprílmán. þ. á., var hinn ákærði Þorsteinn vinnumaður Guðmundsson í Miðhúsum í Reykjavík dæmdur fyrir einfaldan þjófnað til að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð samkvæmt alm. hegningarlögum 25. júní 1869, 230. gr., og til að greiða iðgjöld 2 kr. til kaupmanns Jóns Þórðarsonar, svo og allan af rekstri málsins og varðhaldi hans leiðandi kostnað, þar á meðal málsvarnarlaun í héraði til kandidats Péturs Hjalte-

steds 4 kr. Dómi þessum hefir verið skotið til yfirréttarins eftir ósk hins ákærða.

Það er með eigin játningu hins ákærða,— sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefir áður verið dæmdur né verið refsað fyrir nokkurn glæp — og öðrum skýrslum í málinu nægilega sannað, að hann hafi í leyfisleysi tekið spýtu, 4 álna langa, tilheyrandi Jóni kaupmanni Þórðarsyni, og læst hana inn í kofa í Miðhúsum, heimili ákærða, þar sem spýtan síðar fanst; ætlaði hann að hagnýta sér spýtuna, og þóttist hann hafa fundið hana sjórekna í fjörunni á Móakotslóð. En nú má ennfremur álíta það nægilega sannað, að þessi spýta, sem ákærði tók, hafi verið sama tréð, sem smiðir tveir tóku út í verzlun fyrir Jón kaupmann Þórðarson laugardaginn fyrir síðastliðna páska, fluttu inn á Móakotslóð og létu þar ofan á uppskipunarskip, sem þeir voru að smíða fyrir nefndan kaupmann, og að þetta tré hafi verið horfið þaðan, þá er smiðirnir ætluðu að taka aftur til starfa þriðjudaginn eftir páska. Þar sem nú ákærði heldur því fram, að hann hafi laugardagskvöldið fyrir páska fundið spýtuna í fjörunni og álitið hana sjórekna, þá verður þessi framburður hans eigi tekinn trúanlegur. Það er ekkert komið fram, er bendi á það, að spýtan hafi fluzt eða geti hafa verið flutt af annara völdum en ákærða frá uppskipunarskipinu niður í fjöruna hjá Móakoti. Ákærði lýsti ekki spýtunni, en fór leynilega með hana, faldi hana í kofa undir moðrusli og tuskum, og læsti kofanum, sem annars hafði vanalega verið

ólæstur, því að hann var hafður fyrir hesthúskofa; þegar ákærði var fluttur í varðhald, játaði hann það fyrir lögregluþjóninum, sem fór með hann, að hann hefði tekið staur frá Bjarna Þórðarsyni, en hann var annar af skipasmiðunum, sem áður er minst á. Ákærði hefir eigi gert neina viðunanlega grein fyrir því, hvað hann hafi ætlað að gera með spýtuna, en að líkindum hefir hann ætlað að brúka hana til eldsneytis. Af öllu því, sem þannig er komið fram í málinu, má álíta það sannað, að ákærði hafi laugardagskvöldið fyrir síðastliðna páska stolið áminstu tré úr uppskipunarskipinu á Móakotslóð, og með því að refsing sú fyrir atferli þetta, sem honum er gerð með aukaréttardóminum, þykir hæfileg, og ákvæði dómsins um iðgjöld og málskostnað samþykkjast, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Ákærði verður og að greiða áfrýjunarkostnað málsins, þar með talið málsfærslukaup til hinna skipuðu málflutningsmanna við yfirdóminn, sem ákveðst 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Ákærði Þorsteinn Guðmundsson greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málfærslumannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors. Ídæmd iðgjöld greiðist áður liðnar séu 8 vik-

ur frá lögbirtingu dóms þessa og ber honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 19. ágústmánaðar.

Nr. 6/1901. Þórður Guðjohnsen fyrir hönd Örum & Wulffs verzlunar gegn hreppsnefnd Hálshrepps.

Dómur:

Mál þetta átti samkvæmt áfrýjunarstefnunni að koma fyrir yfirdóminn 29. apríl þ. á. Þó var það samkvæmt ósk málsfærslumanns áfrýjandans tekið fyrir þar 22. apríl þ. á., og incamineraði málsfærslumaðurinn þá málið og lagði fram sókn í því, en skipaður talsmaður hinnar stefndu hreppsnefndar, sem mætti í málinu mótmælalaust sama dag, fékk 3 vikna frest í því til andsvara. Aftur á móti mætti enginn nefndan dag af hendi undirdómarans í málinu, sem hafði verið stefnt fyrir yfirdóminn til að sæta ábyrgð fyrir meðferð málsins í héraði og dóm sinn, og 29. apríl, hinn rétta stefnudag málsins, gat heldur eigi verið um mót af hálfu undirdómarans að ræða, þar sem ekkert réttarhald var í málinu þann dag.

Með því að undirdómaranum samkvæmt þessu hefir eigi gefist kostur á, samkvæmt því sem fyrirskipað er í Norsku laga 1—2—3, að verja dóm sinn og meðferð málsins, verður eigi hjá því komist að vísa máli þessu ex officio frá yfirdómi, og

ber áfrýjandanum að greiða hinum skipaða talsmanni hreppsnefndarinnar í ómakslaun 10 kr.

Vörnin af hendi hins skipaða talsmanns hreppsnefdarinnar hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdómi. Áfrýjandinn Þórður Guðjohnsen fyrir hönd Örum og Wulffs verzlunar greiði hinum skipaða talsmanni hreppsnefndarinnar, yfirréttarmálaflutningsmanni Oddi Gíslasyni, í ómakslaun 10 kr., er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 26. ágústmánaðar.

Nr. 9/1901. Guðjón Guðlaugsson
gegn
Arnóri presti Árnasyni.

Dómur:

Veturinn 1898—1899 kom áfrýjandinn, sem er búandi í prestakalli stefnda, fósturdóttur sinni fyrir um tíma til kenslu hjá bónda í öðru prestakalli, Prestsbakkaprestakalli, og skyldi bóndi þessi annast um fermingu stúlkunnar og hún síðan koma heim aftur. Var stúlkan samkvæmt þessu umtali fermd í Prestbakkaprestakalli af sóknarprestinum þar 4. júní 1899, og fór hún að því búnu heim aftur til áfrýjandans. Með því að hinn stefndi á-

leit, að sér hefði borið sem hlutaðeigandi sóknarpresti, þar sem stúlkan var heimilisföst, að ferma hana, og að sér því bæri fermingargjald fyrir hana hjá áfrýjanda, þótt hann hefði látið annan prest án síns leyfis ferma hana, krafðist hann lögtaks á gjaldinu, kr. 6,60, og kom lögtaksbeiðnin í hendur sýslumanni 4. júní 1900, en 15. ágúst s. á. úrskurðaði sýslumaður að lögtakið mætti fram fara og skipaði hreppstjóranum í Óspakseyrarhreppi að framkvæma það. Þetta gerði hreppstjórinn og 5. sept. næst á eftir og tók lögtaki fyrir gjaldinu og áföllnum kostnaði hverfistein, er áfrýjandinn átti, sem virtur var 12 kr. Um mótmæli áfrýjanda gegn gjörðinni, er hann bar upp fyrir hreppstjóra meðan á gjörðinni stóð, feldi fógetinn síðan úrskurð 2. októbermán. s. á. á þá leið, að mótmælin voru eigi tekin til greina, en löktaksgerðin staðfest.

Fógetaúrskurði þessum og lögtaksgerð hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 14. febr. þ. á., og hefir hann fengið konunglegt leyfisbréf til áfrýjunarinnar, þar sem áfrýjunarfrestur var liðinn. Er þess nú krafist af hans hálfu fyrir yfirdóminum, að hinn áfrýjaði úrskurður verði dæmdur ómerkur og lögtaksgerðin ónýtt og að stefndi verði dæmdur til að greiða allan kostnað málsins fyrir báðum dómum að skaðlausu eða eftir réttarins mati. Af stefnda hálfu hefir þess aftur á móti verið krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að greiða stefnda málskostnað eftir mati yfirdómsins.

Eins og áður er getið, kom lögtaksbeiðnin til

sýslumanns 4. júní 1900 og fyr var lögtaksins því eigi beiðst, en 4. júní 1899 var umrædd stúlka fermd, og þá, að fermingunni aflokinni, var gjalddagi fermingargjaldsins til stefnda, ef stefndi á annað borð átti heimting á því, en úr því, hvort svo hafi verið, þarf eigi að skera í þessu máli, með því að lögtakið verður að dæma ómerkt þegar fyrir þá sök, að þess samkvæmt framansögðu eigi var beiðst fyr en ár var liðið frá gjalddaga og krafan fyrir það hafði mist lögtaksrétt.

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður og lögtaksgjörð eiga því ómerk að vera. Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjanda í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður og lögtaksgerð eiga ómerk að vera. Stefndi Arnór prestur Árnason greiði áfrýjandanum Guðjóni Guðlaugssyni alþingismanni í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 2. septembermánaðar.

Nr. 29/1901. Hið opinbera gegn Jóni Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta er í héraði höfðað eftir skipun amt-

mannsins yfir Norður- og Austuramtinu gegn hinum kærða Jóni Jónssyni, veitingasala á Vopnafirði, fyrir það, að hann hafi án yfirvaldsleyfis selt greiða og gistingu á Vopnafirði frá því í september og þangað til í desembermán. f. á., en hinn 6. desbr. síðastl. fékk hann amtsleyfi til að hafa um hönd greindar veitingar. Máli þessu var ráðið til lykta með lögregluréttardómi Norður-Múlasýslu, uppkveðnum 14. marsm. þ. á., og var kærði sýknaður fyrir kæru hins opinbera í málinu og kostnaður þess allur dæmdur á almannafé. Dómi þessum hefir amtmaðurinn yfir Norður- og Austuramtinu skotið til yfirréttarins.

Það er sannað með játningu hins kærða og öðrum skýrslum í málinu, að hann, sem var heimilisfastur á Vopnafirði, hafi á tímabilinu frá því í septembermán. og þangað til 6. desbr. f. á. haft þar á boðstólum fyrir gesti mat og kaffi, hey og gistingu, og tekið borgun fyrir, og að hann hafi eigi haft leyfi amtmanns til þessarar veitingasölu, og hefir því verið haldið fram, að hann með þessu atferli hafi gerst brotlegur gegn banninu í tilsk. 17. nóvbr. 1786, 10. gr., sbr. op. br. 28. desbr. 1836, 1. og 2. gr. Í áminstri 10. gr. tilskipunarinnar er svo ákveðið, að í kaupstöðum »skuli brennivínsbrensla öldungis bönnuð vera, og eins gestaveitingar, nema með sérlegu amtmanns leyfi«, og eftir op. br. 28. desbr. 1836 gildir þetta einnig um löggilta verzlunarstaði, en eftir orðalaginu og sambandinu í lagagreininni verða eigi aðrar veitingar en »brennivínsveitingar«, þ. e. áfengisveit-

ingar, taldar »gestaveitingar«. Það verður eigi álitið, að það hafi verið tilgangurinn með ákvæði þessarar lagagreinar, að banna að selja gestum í kaupstöðum og verzlunarstöðum mjólk, mat eða rúmlán eða annað því um líkt án sérstaks amtsmannsleyfis, enda mun þeim skilningi á lögunum eigi hafa verið framfylgt hér á landi að undanförnu. Samkvæmt þessu ber að sýkna hinn kærða í málinu, og verður því að staðfesta lögregluréttardóminn, einnig ákvæði hans um málskostnað. Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr landssjóði, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, sem ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn á að vera óraskaður. Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist af almannafé, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, málsfærslumannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors.

Nr. 10/1901. Kristján Hallgrímsson
gegn
Gísla Eiríkssyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í héraði af fyrverandi pósti Gísla Eiríkssyni gegn veitingamanni Kristjáni Hallgrímssyni á Seyðisfirði til borgunar á 30 kr. fyrir ferð, sem Gísli þykist hafa farið frá Seyðisfirði til Norðfjarðar fyrir tilstilli áfrýjanda í þarfir þrotabús W. G. Spence Patersons konsúls, en áfrýjanda hafði verið falið ásamt 2 öðrum mönnum að aðstoða skiftaráðanda við meðferð og stjórn netnds bús. Var málinu ráðið til lykta með dómi aukaréttar Norður-Múlasýslu uppkveðnum 14. maí f. á. á þá leið, að Kristján Hallgrímsson skyldi greiða Gísla Eiríkssyni 30 kr. með 5% vöxtum p. a. frá 15. desbr. 1899 uns borgað væri og 5 kr. í málskostnað, ef Gísli löglega synjaði fyrir það með eiði, að hann hefði heimilað, að nafn hans væri skrifað undir kvittun þá, sem rituð er á reikning þann, er fram er lagður í máli þessu í undirréttinum sem réttarskjal nr. 4, en ef Gísli eigi ynni synjunareið þannan, átti Kristján Hallgrímsson að vera sýkn af kröfum hans í málinu, og Gísli skyldi þá greiða honum 5 kr. í málskostnað. Dómi þessum hefir Kristján Hallgrímsson skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 21. febr. þ. á., og hefir hann krafist þess, að dóminum verði breytt á þá eið, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu,

og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum dómum eftir réttarins mati.

Stefndi Gísli Eiríksson hefir eigi mætt né látið mæta fyrir yfirdóminum, þótt hann sé löglega stefndur, og verður því að dæma málið eftir hinum framkomnu gögnum og skilríkjum samkvæmt N. L. 1—4—32, og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Ferð sú, sem stefndi krefst borgunar fyrir í þessu máli, var farin, eins og áður er tekið fram, í þarfir þrotabús V. G. Spence Patersons, en í stjórn þess voru, auk skiftaráðanda, sem aðstoðarmenn hans 3 menn og áfrýjandinn einn af þeim. Stefndi hefir nú eigi sannað, að hann eigi aðgang að áfrýjanda sérstaklega um borgun fyrir ferð þessa, sem auðvitað var gerð á kostnað búsins — hvorki fyrir það, að áfrýjandi hafi ráðið hann til ferðarinnar, sem áfrýjandi hefir neitað að hafa gert fremur en hinir aðrir meðstjórnendur búsins — né fyrir það, að áfrýjandi hafi tekið á sig sérstaklega ábyrgð á borguninni til stefnda fyrir ferðina. Það verður því eigi litið svo á, að stefndi hafi haft neitt tilefni til að ætla, að hann gæti beint borgunarkröfunni að öðrum en þrotabúinu eða skiftaráðanda. Það verður því að sýkna áfrýjanda algjörlega í málinu. Eftir atvikum þykir málskostnaður mega falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Kristján Hallgrímsson skal vera

sýkn af kröfum stefnda Gísla Eiríkssonar í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Nr. 22/1901. Ritstjóri Þorvarður Þorvarðarson gegn rektor Birni M. Ólsen.

Dómur:

Mál þetta var höfðað í héraði af rektor latínuskólans Birni M. Ólsen eftir skipun landshöfðingja með gjafsókn og skipuðum talsmanni gegn ritstjóra blaðsins »Reykjavík« Þorvarði Þorvarðarsyni, fyrir meiðandi og móðgandi ummæli um hann í 1. árg. 25. tölublaði nefnds blaðs, sem út kom 7. nóv. f. á. Var það dæmt á bæjarþingi Reykjavíkurkaupstaðar 21. marz þ. á. með þeim úrslitum, að stefndi Þorvarður Þorvarðarson skyldi greiða 40 kr. sekt til landssjóðs, en til vara var hann dæmdur í 10 daga einfalt fangelsi. Svo voru nokkur hinna átöldu ummæla dæmd dauð og ómerk og stefndi skyldaður til að greiða stefnanda málskostnað með 20 kr., þar í talin málflutningslaun 12 kr. til hins skipaða málfærslumanns stefnanda, Einars yfirréttarmálaflutningsmanns Benediktssonar.

Þessum dómi hefir Þorvarður Þorvarðarson áfrýjað til landsyfirréttarins með stefnu, dags. 29. apríl þ. á., og krafist, *að* hann verði alsýknaður af kæru um og kröfum stefnda í máli þessu, og *að* stefndi verði dæmdur til að greiða sér hæfilegan

málskostnað fyrir báðum réttum eins og málið hefði ekki verið gjafsóknarmál fyrir hann. Stefndi rektor B. M. Ólsen hefir gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 1. júlí þ. á. og til þess fengið gjafsókn og skipaðan málfærslumann, og krafist aðallega, eins og fyrir bæjarþingi, að orðin í grein þeirri í nefndu blaði, sem átalin er, sem sé: »Þetta er auðvitað hið allramildasta svar, sem auðið var að beita við jafnhrottalegan og þurslegan sleggjudóm«. — »Mennirnir gátu ekkert annað gert til að verja vísindalegan heiður sinn gegn röklausum sleggjudómi en að biðja menn að leggja engan trúnað á hann« — »hvort skólastjórum í öðrum löndum mundi líðast svona munnsöfnuður um þekkingu meðkennara sinna látum vér ósagt, en gætum betur trúað, að það séu fáir skólastjórar slíkt mikilmenni til orðs og æðis sem herra B. M. Ólsen« — verði dæmd dauð ómerk, eins og líka fyrirsögn greinarinnar: »Miklir menn erum við, Hrólfur minn«, og að aðaláfrýjandi verði dæmdur í sekt fyrir það, svo og í málskostnað skaðlaust, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. En til vara hefir hann krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með sömu réttarkröfum um málskostnað og málflutningslaun til hins skipaða málsfærslumanns.

Tilefnið til, að hin átalda grein í blaðinu »Reykjavík« kom út, var það, að gagnáfrýjandi rektor B. M. Ólsen og 2 af kennendum latínuskólans höfðu, hinn fyrri í blaðinu »Þjóðólfi« og hinir síðarnefndu í blaðinu »Ísafold«, látið birta auglýsingu útaf nýútkominni stafsetningarorðabók, sem

ritstjóri Björn Jónsson hafði samið með aðstoð þessara kennara, og eru í nefndri grein í blaðinu »Reykjavík« viðhöfð þau ummæli um B. M. Ólsen, sem áður eru nefnd. En ummæli þessi eru eigi svo löguð, að gagnáfrýjandi, ef þau væru sönn, myndi vera óverðugur virðingar samþegna sinna né heldur hlytu þau að verða virðingu hans til hnekkis, og eigi verða þau heldur álitin svo móðgandi eða særandi fyrir hann, að þau sé refsingarverð, einkum þegar það er athugað, að þau eru eingöngu höfð um all-harðorðan órökstuddan ritdóm, sem gagnáfrýjandi hafði birt í blaðinu »Þjóðólfi«. Það verður því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu og eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður. Eftir þessum úrslitum verða hinum skipaða málflutningsmanni gagnáfrýjanda aðeins dæmd málfærslulaun í héraði, sem ákveðast 12 kr. og greiðast úr landssjóði; það vottast að málsfærslan af hans hálfu hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi Þorvarður Þorvarðarson á að vera sýkn af kærum og kröfum gagnáfrýjanda rektors Björns M. Ólsens í þessu máli. Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður. Málsfærslulaun hins skipaða sækjanda fyrir bæjarþingsréttinum, Einars málaflutningsmanns Benediktssonar, 12 krónur, greiðist úr landssjóði.

Mánudaginn 9. septembermánaðar.

Nr. 27/1901: Hið opinbera
gegn
Kristjáni Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta hófst með kæru frá hreppsnefndinni í Reykdælahreppi eða fjallskilastjóra þar á hendur hinum kærða, til að fá hann dæmdan til skaðabóta og sekta fyrir gangnarof eða brot gegn reglugjörð 15. júní 1893, um fjallskil í vesturhluta Þingeyjarsýslu, og var málið dæmt í lögréttu Þingeyjarsýslu 22. ágúst f. á. þannig, að kærði var dæmdur í 5 kr. sekt til sveitarsjóðs Reykdælahrepps og til að greiða sama sjóði 15 kr. 30 a. í skaðabætur; svo skyldi kærði og greiða allan af málinu leiðandi kostnað. Þessum dómi hefir verið áfrýjað til yfirdómsins eftir ósk hins kærða.

Nefnd reglugjörð 15. júní 1893 skipar svo fyrir í 34. gr., að með brot gegn reglugjörðinni skuli farið sem almenn lögreglumál, sbr. lög nr. 14, 22. marz 1890. Þó hefir lögregludómarinn látið afskiftalaust af sinni hálfu að upplýsa málið, og látið það vera að öllu leyti á valdi kæranda og kærða, að hve miklu leyti þeir vildu færa fram gögn og vitni í því, og hefir málarekstrinum því verið hagað sem í hverju öðru einkamáli. Með því að þessi málsmeðferð er gagnstæð lögum, sérstaklega grundvallarreglunni í tilsk. 8. marz 1799, ber að ómerkja hinn áfrýjaða lögréttardóm og alla meðferð málsins frá upphafi.

Samkvæmt þessum urslitum málsins verður að dæma lögregludómarann til að greiða allan kostnað málsins bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Þess skal getið, að þar sem töluverður dráttur hefir orðið á áfrýjun máls þessa af hendi lögregludómarans, þá virðist sá dráttur hafa stafað af hinum sama misskilningi, er ráðið hefir meðferð hans að öðru leyti á málinu, þar sem hann hefir ætlað málsaðilum (kærða) að hlutast sjálfum til um áfrýjun málsins, og þarf því eigi að víta þetta atriði sérstaklega.

Málsfærslan fyrir yfirdóminum hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera.

Hinn áfrýjaði lögregluréttardómur og meðferð málsins frá upphafi á að vera ómerkt. Lögregludómarinn, sýslumaður Steingrímur Jónsson, greiði allan kostnað málsins bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra, og lúkist kostnaðurinn innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. septembermánaðar.

Nr. 23/1901. W. Ó. Breiðfjörð
gegn
Guðmundi Björnssyni.

Dómur:

Mál þetta var höfðað í héraði eftir skipun landshöfðingjans yfir Íslandi af Guðmundi héraðslækni Björnssyni gegn kaupmanni W. Ó. Breiðfjörð fyrir ummæli nokkur í 11. tölubl. af 10. árg. blaðsins »Reykvíkingur«, sem út kom 1. nóv. f. á.; ummæli þessi, sem stefndi taldi meiðandi fyrir sig, voru í nafnlausri grein með yfirskriftinni: »Fyrir bæjarþingsrétti«, en áfrýjandi er útgefandi og ábyrgðarmaður blaðsins. Málinu, sem var gjafsóknarmál af hálfu sækjanda í héraði, var ráðið til lykta með bæjarþingsdómi Reykjavíkur, uppkveðnum 24. jan. þ. á., þannig, að hin átöldu ummæli í nefndri blaðagrein voru dæmd dauð og ómerk og að W. Ó. Breiðfjörð var dæmdur í 60 kr. sekt til landssjóðs, en til vara til að sæta 15 daga einföldu fangelsi, svo og til að greiða allan kostnað málsins, eins og það hefði eigi verið gjafsóknarmál, þar með talin málfærslulaun til hins skipaða málflutningsmanns sækjanda fyrir bæjarþingsréttinum, yfirréttarmálaflutningsmanns Einars Benediktssonar, 10 kr. Þessum bæjarþingsdómi hefir kaupmaður W. Ó. Breiðfjörð skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 8. maímán. þ. á. og krafist þess, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu og að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður, en til

vara, að dómur undirréttarins verði mildaður að mun. Stefndi, héraðslæknir Guðmundur Björnsson, hefir af sinni hálfu krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi með einhverri nægilegri upphæð eftir mati réttarins.

Í áminstri grein í nóvemberblaði »Reykvíkings« f. á. er skýrt frá því, að Guðmundur héraðslæknir Björnsson, stefndi í máli þessu hér fyrir réttinum, hafi mætt sem vitni í máli einu fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur, og í sambandi við það hefir áfrýjandi þau ummæli í greininni, sem átalin eru, nl.: »að bæjarbúum finnist án efa, að það ganga óhæfu næst, að sjá þar (ɔ: í réttinum) standa einn af æðstu embættismönnum landsins, landlækni dr. Jónassen, áklagaðan af undirmanni sínum, héraðslækni Guðmundi Björnssyni, fyrir ágreining á sjúkdómsnöfnum«; »fyrir réttinum mætti Guðmundur Björnsson sem vitni á móti landlækni«; »G. B. hélt því fram, að landlæknirinn hefði gefið veikindunum fyrnefnt nafn (ɔ: rauðir hundar með skarlatssóttareinkennum) áður en hann hefði séð þau«; »en hvernig G. B. getur vitað með vissu, að landlæknirinn hefði ekki séð veikina,... þá er hann nefndi hana rauða hunda með skarlatssóttareinkennum, er að minsta kosti öllum lækningaófróðum mönnum óskiljanlegt«; og »er því óhætt að fullyrða, að G. B. vinnur ekki í áliti hjá almenningi fyrir gauragang sinn á móti dr. Jónassen, yfirmanni sínum«.

Það verður eigi álitið, að ummæli þessi feli í

sér aðdróttun að stefnda um það, að hann hafi framið verk, er mundu gera hann óverðugan virðingar samþegna sinna, né heldur eru þau þess eðlis, að í þeim felist áburður, er hljóti að verða virðingu stefnda til hnekkis, og verða þau því eigi talin hegningarverð fyrir þessar sakir. En þar sem svo er komist að orði í blaðgreininni, að bæjarbúum muni finnast það ganga óhæfu næst, að sjá landlækni standa fyrir rétti, áklagaðan af undirmanni sínum, hinum stefnda, fyrir ágreining á sjúkdómsnöfnum, og að það sé óhætt að fullyrða, að G. B., hinn stefndi, vinni ekki í áliti hjá almenningi fyrir gauragang sinn á móti yfirmanni sínum, þá þykja þessi orð, sem eigi hafa verið réttlætt af áfrýjanda, ver asvo móðgandi fyrir stefnda, að við lög eigi að varða, einkum þegar tekið er tillit til þess, að hann er undirmaður landlæknisins. Áfrýjandi hefir að vísu sagt, að orðið »áklagaðan« sé prentvilla, og hafi átt að vera »aðvaraðan«, en til þessarar leiðréttingar, sem gerir málsgreinina meiningarlausa, og eigi kom fram, fyr en búið var að höfða mál þetta, verður ekkert tillit tekið. Samkvæmt þessu verður að dæma ómerk hin tilgreindu meiðandi ummæli í hinni átöldu grein »Reykvíkings«, og sekta áfrýjanda fyrir þau, og þykir sektin hæfilega ákveðin samkvæmt 219. gr. í alm. hegningarlögum 25. júní 1869 20 kr., er renni í landssjóð, og komi í stað hennar 6 daga einfalt fangelsi, sé hún eigi öll greidd innan ákveðins tíma. Málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins samþykkjast, en eftir þessum úrslitum þykir rétt, að málskostn-

aður fyrir yfirdómi falli niður. Það vottast, að því leyti málið hefir verið gjafsóknarmál í héraði, að meðferð þess þar hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Framantalin meiðandi ummæli um stefnda, héraðslækni Guðmund Björnsson, eiga að vera ómerk. Áfrýjandi W. Ó. Breiðfjörð kaupmaður greiði 20 króna sekt í landssjóð, en sæti 6 daga einföldu fangelsi, ef sektin eigi öll greiðist innan ákveðins tíma. Akvæði bæjarþingsdómsins um málskostnað skulu standa óröskuð og málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 28. októbermánaðar.

Nr. 39/1901. Réttvísin gegn Jóni Guðmundssyni.

Dómur:

Mál þetta var höfðað í héraði gegn ákærða Jóni Guðmundssyni fyrir brot gegn 167. og 175. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 og dæmt í aukarétti Norður-Múlasýslu 19. júní síðastl. með þeim úrslitum, að ákærði skyldi fyrir brot gegn 175. gr. hegningarlaganna sæta fangelsi við vatn

og brauð í 3 × 5 daga og greiða allan af málinu leiðandi kostnað, þar með talin varnarlaun til talsmanns síns í héraði, Árna bæjargjaldkera Jóhannssonar, 5 kr. Þessum dómi er að beiðni hins ákærða áfrýjað til landsyfirréttarins.

Það er sannað í málinu með eigin játningu ákærða, sem styðst við það, sem á annan hátt er framkomið, að hann, sem var vinnumaður Jóns Benediktssonar á Ölfu í Seyðisfjarðarhreppi vistarárið 1899—1900, hafi fleirsinnis á útmánuðum veturinn 1900 átt holdlegt samræði við dóttur nefnds húsbónda síns, Ingibjörgu Jónsdóttur, sem þá var aðeins á 15. ári, fædd 2. desbr. 1885, og ól hún barn 14. desbr. 1900, sem ákærði hefir kannast við faðerni að. Móðir stúlkunnar — en stúlkan er óskilgetin — hefir krafist þess, að mál yrði höfðað gegn ákærða, nema því að eins að ákærði gengi að eiga stúlkuna, ef hún væri því samþykk, en stúlkan hefir lýst því yfir, að hún ekki vildi giftast ákærða. Faðir stúlkunnar lét ákærða kenna Ingibjörgu veturinn 1899—1900, og hefir því þótt álitamál, hvort ákærði hafi ekki gerst brotlegur gegn 167. gr. hegningarlaganna. Héraðsdómarinn hefir þó eigi álitið að svo væri, þar sem ákærði var vinnumaður hjá föður stúlkunnar og kenslan eitt af störfum hans sem slíks, enda hafi farið fram í húsi föður stúlkunnar, og á þessa skoðun felst yfirdómurinn. Hins vegar kemst ákærði, sem er fæddur 3. október 1875 og ekki áður hefir verið hegnt fyrir neitt afbrot, ekki hjá að sæta hegningu eftir 175. gr. hegningarlaganna, þar sem hann

samkvæmt eigin játningu hefir haft upptökin til samfara hans og stúlkunnar, og virðist mega — með tilliti til þess, að stúlkan var, eftir því sem upplýst er, nálega fullþroskuð og ákærði þurfti eigi að beita neinum eiginlegum fortölum við hana til þess að fá vilja sinn með henni — ákveða hegninguna 2 mánaða einfalt fangelsi. Um málskostnað á héraðsdómurinn að vera óraskaður. Ákærða ber að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra. Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Jón Guðmundsson á að sæta 2 mánaða einföldu fangelsi. Að öðru leyti á héraðsdómurinn að vera óraskaður. Ákærði greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 25. nóvembermánaðar.

Nr. 16/1901. Halldór Bjarnarson
gegn
Jóhönnu Bjarnardóttur, Birni St. Guðmundssyni, Jóni Guðmundssyni, Vilborgu S. Guðmundsdóttur og Jakobínu Jónsdóttur.

Úrskurður:

Umboðsmaður hinna stefndu hefir krafist frávísunar máls þessa frá yfirdóminum fyrir þá sök, »að þriggja mánaða frestur sá, er lögin ákveði fyrir áfrýjun máls, er áður hafi hlotið frávísunardóm yfirréttarins, hafi verið fyrir löngum tíma útrunninn, þá er áfrýjunarstefnan var útgefin 1. apríl þ. á.« En þessi tilvitnun umboðsmannsins til konungsbréfs 19. desbr. 1749 getur eigi leitt til frávísunar málsins, með því að dómurinn, sem áfrýjað er, eftir skýrslu umboðsmanns áfrýjandans, sem styðst við vottorð stefnuvotta þar að lútandi, aldrei virðist hafa verið birtur áfrýjandanum og hinn almenni áfrýjunarfrestur þannig eigi hefir verið útrunninn þegar áfrýjunarstefnan í máli þessu var útgefin 1. apríl þ. á. Umboðsmaður hinna stefndu hefir að vísu athugað það í þessu tilliti, að dómsbirtingin hafi *getað* farið löglega fram, án þess að stefnuvottar framkvæmdu hana eða vissu um hana, en hann hefir eigi fullyrt, að svo hafi verið, og því síður lagt fram neina sönnun fyrir slíkri birtingu dómsins.

Þá hefir umboðsmaður hinna stefndu í öðru lagi haldið því fram, að undir vottorð stefnuvotta um birting áfrýjunarstefnunnar vanti innsigli þeirra, og sé því vottorðið ógilt, og bresti þannig sönnun fyrir löglegri birtingu stefnunnar. En þar sem stefndu hafa látið mæta í málinu af sinni hálfu, verður eigi þessi vöntun innsigla undir birtingarvottorðið látin varða frávísun málsins.

Samkvæmt framansögðu verður krafa umboðsmanns hinna stefndu um frávísun málsins eigi tekin til greina, en hins vegar ber, samkvæmt varakröfu hans, að veita honum hæfilegan frest til andsvara um aðalefni málsins.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa umboðsmanns hinna stefndu verður eigi tekin til greina, en honum ber að veita hæfilegan frest til andsvara um aðalefni málsins.

Nr. 1/1901. Sýslumaður Magnús Torfason gegn amtmanni Páli Briem.

Dómur:

Vorið 1892 tók stefndi Páll amtmaður Briem, er þá var sýslumaður í Rangárvallasýslu, við ábúð á Árbæ í Holtum og samdist þá 17. maí 1892 svo milli hans og eiganda jarðarinnar, ekkjunnar Helgu Sigurðardóttur, að hann tók til sín nokkur

jarðarhúsin, baðstofu, bæjardyr, búr og eldhús, fyrir ákveðið verð, 241 kr., og skyldi hann svara þessari upphæð þegar hann færi af jörðinni, annaðhvort í peningum, eða húsum eftir mati úttektarmanna, ef viðtakandi jarðarinnar skyldi óska þess. 1895, þegar stefndi var orðinn amtmaður, en áfrýjandinn sýslumaður í Rangárvallasýslu, gerði áfrýjandinn 29. júní kaupsamning við Helgu Sigurðardóttur um kaup á jörðinni Árbæ, og 2 dögum síðar, 1. júlí, gerði hann annan samning við stefnda um kaup á húsum þeim, er hann átti á jörðinni. Í kaupsamningnum við Helgu er hið selda talið jörðin Árbær ásamt kirkjunni þar og skuld hennar til seljanda, og segir þar ennfremur, að í kaupinu sé fjós og stofa undir baðstofulofti og alt annað tilheyrandi. Í kaupsamningnum við Pál amtmann er ákveðið, að kaupverðið fyrir húsin sé 3000 kr., og greiðist þær að helmingi fyrir 5. júlí 1896, en hinn helmingurinn með jöfnum afborgunum á 3 næstu árum með $4^1/_2$% vöxtum frá fardögum 1896, og skyldi kaupandi eiga heimting á að fá afsalsbréf fyrir húsunum, þegar hann hefði greitt hinar fyrstu 1500 kr.; 5. gr. samningsins er svo hljóðandi: »Seljandi er laus við að borga álag eða annað fyrir hús eða annað tilheyrandi jörðinni Árbæ, þegar hann hættir þar ábúð, sem hann er skyldur til og frí við í næstu fardögum; og loks segir í 7. gr., að mál út af kaupsamningnum skuli sótt og varið fyrir gestarétti Reykjavíkur. Hinn 4. júlí 1896 greiddi áfrýjandi stefnda upp í húsaverðið 1259 kr. í peningum og sendi honum jafn-

framt kvittaðan fyrgreindan samning hans frá 17. maí 1892 við Helgu Sigurðardóttur, en kröfuna á hendur stefnda eftir þeim samningi að upphæð 241 kr. hafði áfrýjandi eignast með kaupunum á Árbæ 29. júní 1895, enda hafði Helga einnig framselt honum hana beinlíns 15. sept. s. á. Ætlaðist áfrýjandi til þess, að með þessum 1259 kr. + 241 kr. væri greidd fyrsta afborgunin af húsaverðinu til stefnda, en stefndi vildi eigi taka þá greiðslu gilda að því 241 kr. snerti, með því að hann áleit, að hann væri með 5. gr. húsakaupasamningsins 1. júlí 1895 leystur frá að greiða jarðarhúsaandvirðið, 241 kr. Og með því að áfrýjandinn hvorki greiddi þessar 241 kr. á annan hátt né stóð í skilum með næstu afborganir af húsaverðinu, höfðaði stefndi mál þetta fyrir gestarétti Reykjavíkur, til þess að fá áfrýjanda dæmdan til að greiða sér áðurnefndar 241 kr., svo og afborganir þær, er í gjalddaga voru fallnar af síðara helmingi húsaverðsins, 1000 kr., ásamt vöxtum. Áfrýjandinn krafðist, þess á hinn bóginn, að verða sýknaður í málinu annaðhvort algjörlega (pure) eða með því að synja fyrir með eiði, að hann hafi vitað um samninginn 17. maí 1892, þegar húsakaupasamningurinn 1. júlí 1895 var gerður, og til vara, að fyrgreindar 241 kr. verði dregnar frá kröfu stefnda, og höfðaði hann gagnsök á hendur stefnda til að koma fram þessari varakröfu sinni. Svo krafðist hann og málskostnaðar. Var málið dæmt í gestaréttinum 19. desbr. 1899 þannig, að áfrýjandinn skyldi greiða stefnda 1000 kr. með vöxtum $4^1/_2$% frá 6. júní

1896 til stefnudags 10. maí 1899 og 5½% þar eftir til borgunardags, en vera að öðru leyti sýkn af kröfum hans í málinu, ef hann eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu ynni þann eið, að honum hefði verið ókunnugt um samning Helgu Sigurðardóttur við stefnda, dags. 17. maí 1892, þegar hann undirskrifaði samninginn við stefnda 1. júlí 1895, og skyldi þá niður falla kostnaður í aðal- og gagnsökinni. En ynni áfrýjandi eigi svofeldan eið, skyldi hann ennfremur greiða stefnda 241 kr. með 5% vöxtum frá stefnudegi til borgunardags og 60 kr. í málskostnað.

Nefndum dómi, sem eigi sést hafa verið birtur málsaðilum af undirdómaranum samkv. tilsk. 15. ágúst 1832, 16. gr. og málsaðilar þó eigi tráfallið birtingu hans, hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 2. jan. þ. á., og hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum, fyrst og fremst, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnda, og þar næst, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða 683 kr. 37 a, en til vara, að kvittun hans á samninginn 17. maí 1892 verði tekin gild sem greiðsla upp í kaupverð húsanna á Árbæ, og loks, að sér verði dæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati réttarins. Hinn stefndi, amtmaður Páll Briem, hefir eigi mætt né látið mæta af sinni hálfu fyrir yfirdóminum, þótt honum sé löglega stefnt, og ber því að dæma málið eftir hinum framkomnu gögnum og skilríkjum samkv. N. L. 1--4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Eins og áður er getið, var svo ákveðið í 5. gr.

húsakaupasamningsins 1. júlí 1895, að stefndi skyldi laus við að borga álag eða annað fyrir hús eða annað tilheyrandi jörðinni Árbæ, er hann hætti þar ábúð, en þessi orð eru svo víðtæk, að eftir orðanna hljóðan leystu þau stefnda frá að greiða andvirði hinna niðurlögðu jarðarhúsa samkvæmt samningnum 17. maí 1892, 241 kr., til áfrýjanda, sem með kaupunum á Árbæ var orðinn eigandi kröfunnar til þessa húsaandvirðis. En áfrýjandi hefir haldið því fram, að sér hafi, þegar samningurinn við stefnda 1. júlí 1895 var gerður, verið ókunnugt um þetta tilkall sitt til nefnds jarðarhúsaandvirðis eða um skyldu stefnda að greiða það, og hafi stefndi vísvitandi leynt sig þessum samningi frá 17. maí 1892, til þess að láta sig afsala sér kröfunni samkvæmt honum með fyrgreindri 5. gr. húsakaupasamningsins 1. júlí 1895, og þar sem stefndi þannig hafi beitt undirferli við tilorðning þessa samnings hafi hann fyrirgert öllum rétti sínum eftir honum, en hann (áfrýjandi) sé laus allra mála. Gegn neitun stefnda, sem hefir haldið því fram, að hann hafi skýrt áfrýjanda frá samningnum 17. maí 1892, er þeir sömdu um húsakaupin, og að 5. gr. samningsins 1. júlí 1895 hafi verið orðuð einmitt með tilliti til hans eða kröfunnar eftir honum, verður þó eigi álitið, að neitt það sé komið fram, er sanni, að stefndi hafi leynt áfrýjanda greindum samningi eða kröfu eða að hann hafi beitt undirferli við áfrýjanda í samningunum um húsakaupin, og skal það sérstaklega tekið fram, að engin sönnun í þessa átt felst í því, þótt vit-

undarvottarnir að húsakaupasamningnum 1. júlí 1895 hafi eigi heyrt semjendur minnast á jarðarhúsaandvirðið samkvæmt samningnum 17. maí 1892. En á hinn bóginn gaf orðalag 5. greinar í samningnum 1. júlí 1895 áfrýjanda fult tilefni til að ganga úr skugga um og fá skýrt tekið fram, við hvað átt var í þeirri grein, ef það var eigi jarðarhúsaandvirðið, umræddar 241 kr. Aðalkrafa áfrýjanda um að hann sé að öllu laus við samninginn 1. júlí 1895 fyrir undirferli af hálfu stefnda, verður því eigi tekin til greina.

Í öðru lagi hefir áfrýjandi haldið því fram, að stefndi hafi rofið samninginn 1. júlí 1895 með því að taka eigi kvittun fyrir kröfunni eftir samningnum 17. maí 1892, 241 kr., sem gilda borgun upp í húsaverðið og neita fyrir því að veita sér afsalsbréf fyrir húsunum, eins og hann hefði verið skyldur til, er 1. afborgun húsaverðsins væri lokið, og hefir áfrýjandi á þessari ástæðu viljað byggja það, að honum hafi verið heimilt að taka húsin sem landsdrottinn samkvæmt ábúðarlögunum, eftir mati úttektarmanna, er honum varð kunnugt um samningsrofið af hálfu stefnda, og krefst hann samkvæmt því að þurfa eigi að greiða frekara fyrir húsin en 683 kr. 37 a. En eins og áður er sagt, leysti 5. gr. samningsins 1. júlí 1895 eftir orðalagi sínu stefnda frá að greiða jarðarhúsaandvirðið, 241 kr., eftir samningnum 17. maí 1892, og það eru eigi í málinu af áfrýjandans hálfu færð næg rök fyrir því, að takmarka eigi þýðingu greinarinnar í þessu efni, frekara en orðin benda til. Stefndi

var því eigi skyldur til að taka gilda borgun þá, sem áfrýjandi bauð fram sem 1. afborgun húsaverðsins og gefa áfrýjanda afsalsbréf fyrir húsunum að svo stöddu, og var þannig eigi í greindu tilliti um neitt samningsrof að ræða af stefnda hendi. Þessi krafa áfrýjanda verður því heldur eigi til greina tekin.

Að því loks snertir varakröfu áfrýjandans, um að kvittun hans á samninginn 17. maí 1892 verði tekin gild upp í kaupverð húsanna, þá verður samkvæmt því er nú var tekið fram, að álíta, að téður samningur, eða krafan eftir honum, hafi fallið burt með 5. gr. samningsins 1. júlí 1895, og gat því eigi verið um borgun til stefnda með henni að ræða. Verður því varakrafa áfrýjanda eigi tekin algerlega til greina; en þar sem málinu eigi er gagnáfrýjað af hálfu stefnda, verður að standa við ákvæði gestaréttardómsins, að því leyti þar er látið vera undir eiði áfrýjanda komið, hvort hann á að greiða þær 241 kr., sem stefndi hefir talið vangreiddar af 1. afborgun húsaverðsins samkvæmt samningnum 1. júlí 1895.

Samkvæmt þessu ber því að staðfesta gestaréttardóminn að öllu leyti, einnig málskostnaðarákvæði hans. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Því dæmist rétt vera.

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 2. desembermánaðar.

Nr. 37/1901. Réttvísin gegn Guðjóni Jens Jónssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Ísafjarðarkaupstaðar, gengnum 3. júlí þ. á. var hinn ákærði, húsmaður Guðjón Jens Jónsson, dæmdur fyrir brot gegn 102. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 í 50 kr. sekt til landssjóðs eða til vara í einfalt fangelsi í 15 daga, og til að greiða allan af málinu leiðandi kostnað, þar á meðal 5 kr. til talsmanns hans í héraði, Skúla sýslumanns Thoroddsens, en dómi þessum er að beiðni hins ákærða og fyrir hönd réttvísinnar skotið til yfirdómsins.

Hinum ákærða er gefið að sök, að hann ritaði og sendi bæjarfógetanum á Ísafirði bréf 29. desbr. f. á., að afloknum bæjarstjórnarfundi þann sama dag, þar sem næturvarðarstarfið í kaupstaðnum, sem ákærði hafði sótt um, hafði verið veitt öðrum manni, og segir ákærði í bréfinu, að »bæjarfógeti ásamt bæjarstjórninni« hafi neitað sér ástæðulaust um næturvarðarstarfið, með því að hann hafi átt langhelzt skilið að fá það »og fyrir áeggjan yðar (ɔ: bæjarfógeta) sótti eg um það, sem aldeilis var óþarfi, þar eg vissi, hverjir voru í bæjarstjórninni

og hvaða bölvaðir grautardallar þeir voru sumir af þeim«. Með því að meiðyrðin í bréfi þessu, »bölvaðir grautardallar« eiga auðsjáanlega aðeins við bæjarfulltrúana (bæjarstjórnina, ekki bæjarfógetann, sem er nefndur fyrir sig), en bréfið er stílað til bæjarfógeta eins, er hér eigi um brot að ræða, sem hið opinbera eigi sókn á samkvæmt 102. gr. hegningarlaganna, og það breytir eigi innihaldi bréfsins í þessu tilliti, þótt ákærði hafi við prófun málsins sagst hafa meint orðin bæði til bæjarfógeta og tveggja bæjarfulltrúanna. Það verður því að sýkna ákærða af þessu kæruatriði.

Í öðru lagi er það sannað upp á ákærða og hann sakaður fyrir það, að hafa í réttarhaldi 30. desbr. f. á. í lögreglurétti vaðið upp á bæjarfógetann á Ísafirði, sem var að yfirheyra hann útaf fyrgreindu bréfi og öðru máli, er hann var kærður fyrir, og kallað bæjarfógetann »helvítis týranna« og haft um hann ýms önnur smánar- og skammaryrði, sem þó ekki er upplýst nánara um, hver voru. Með þessari árás sinni á dómarann hefir ákærði orðið brotlegur gegn 102. gr. alm. hegningarlaga, en með því að hann eftir vitnisburði dómarans og vitna þeirra, er leidd hafa verið, var mjög drukkinn í þetta skifti, þykir mega ákveða refsingu hans, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefir áður verið refsað fyrir neitt lagabrot, með tilliti til 40. gr. hegningarlaganna 10 kr. sekt til landssjóðs, en í stað sektarinnar komi 3 daga einfalt fangelsi, ef sektin er eigi öll greidd í tæka tíð. Ákærða ber og að greiða all-

an af málinu gegn honum leiðandi kostnað, þar með talin varnarlaun í héraði, 5 kr., og málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Viðvíkjandi rekstri málsins og meðferð skal það tekið fram, að hinn setti dómari, sem fór með málið og dæmdi það, kvað upp dóm í því í Reykjavík, þar sem hann setti og hélt í því skyni aukarétt Ísafjarðarkaupstaðar. Lagði hann og fram í því réttarhaldi aldursskírteini ákærða og hegningarvottorð honum viðvíkjandi, sem eigi höfðu áður komið fram í málinu, og var þó eigi ákærði tilkallaður eða neinn fyrir hans hönd. Þessi málsmeðferð er lögum gagnstæð, og hlýtur setudómarinn að sæta aðfinningu réttarins fyrir hana, en með því að hún hefir eigi getað haft áhrif á úrslit málsins, virðist þess eigi þörf að ómerkja dóminn fyrir þessa sök. Að öðru leyti hefir rekstur málsins í héraði verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Guðjón Jens Jónsson greiði 10 króna sekt í landssjóð, en sæti 3 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi öll greidd í tæka tíð. Svo greiði ákærði og allan af málinu í héraði og fyrir yfirdómi leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin varnarlaun í héraði, 5 krónur, til fyrv. sýslumanns Skúla Thoroddsens og málsfærslulaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, fyrv. sýslumanns Franz Siemsens og

yfirréttarmálaflutningsmanns Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmd sekt greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 21/1901. Guðmundur Jónsson
gegn
Einari Vigfússyni.

Dómur:

Héraðsdómurinn í máli þessu var kveðinn upp 2. októberm. f. á. og birtur áfrýjandanum 6. s. m., en áfrýjunarstefnan var eigi gefin út fyr en 16. aprílm. þ. á. Þar sem áfrýjunarfresturinn var þannig liðinn, er stefnan var gefin út, og leyfi til uppreisnar hefir eigi verið fengið, ber að frávísa máli þessu frá yfirdóminum, eins og krafist hefir verið af stefnda hálfu, og dæma áfrýjandann til að greiða stefnda, samkvæmt kröfu hans, í kost og tæringu 10 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdómi. Áfrýjandinn, Guðmundur kaupmaður Jónsson á Búðum í Fáskrúðsfirði, greiði stefnda, Einari bakara Vigfússyni samastaðar, 10 krónur í kost og tæring, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 16. desembermánaðar.

Nr. 11/1901. Pétur M. Bjarnarson
gegn
Jóni Laxdal sem gjaldkera fyrir síldarveiðafélagið »Ísfirðingur«.

Dómur:

Mál þetta var höfðað í héraði fyrir aukarétti Isafjarðarsýslu af verzlunarstjóra Jóni Laxdal sem gjaldkera og innheimtumanni fyrir síldarveiðafélagið »Ísfirðingur« gegn kaupmanni Pétri M. Bjarnarson til greiðslu á 396 kr., sem andvirði fyrir 22 tunnur síldar, sem nefndur kaupmaður átti að hafa keypt hjá síldarveiðafélaginu í júlímánuði f. á., og var málinu ráðið til lykta með dómi aukaréttarins 20. nóvbr. f. á. á þá leið, að Pétur M. Bjarnarson var skyldaður til að greiða stefnanda í héraði Jóni Laxdal sem gjaldkera fyrir síldarveiðafélagið Ísfirðingur 396 kr. með 5% vöxtum frá stefnudegi 1. ágúst 1900 til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður. Dómi þessum hefir kaupmaður Pétur M. Bjarnarson skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 21. febr. þ. á., og gert þær kröfur hér fyrir réttinum, að dóminum verði breytt þannig, að dregnar verði 264 kr. frá dómsskuldinni, en til vara, að hann, áfrýjandi, verði aðeins dæmdur til að greiða 7 kr. eða í hæsta lagi 8 kr. fyrir hverja tunnu síldar, að stefndi Jón Laxdal verði sektaður fyrir nokkur ummæli hans í sóknarskjölunum í héraði, og að hann verði dæmdur til þess að greiða málskostnað fyrir báðum réttum

með nægilegri upphæð eftir mati réttarins. Stefndi Jón Laxdal gerir þá kröfu fyrir hönd síldarveiðafélagsins, að aukaréttardómurinn verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi með nægilegri upphæð eftir mati réttarins.

Áfrýjandi hefir kannast við það fyrir yfirdóminum, sem hann og óbeinlínis virðist hafa gert fyrir aukaréttinum 4. okt. f. á., að hann hafi keypt hjá síldarveiðafélaginu »Ísfirðingur« 22 tunnur síldar í júlímánuði f. á. og að honum beri að greiða félaginu verð fyrir þessa síld. Er því nú eigi neinn ágreiningur um þetta atriði. En málsaðila skilur á um verðið. Síldin var athent 11. og 12. júlí f. á., 11 tunnur, og 15. og 16. s. m. aðrar 11 tunnur. Hinar fyrri 11 tunnur voru reiknaðar áfrýjanda á 24 kr. pr. tunnu, alls 264 kr., og hinar síðari 11 tunnurnar á 12 kr. pr. tunnu, alls 132 kr., eða samtals 396 kr., sem er hin dæmda upphæð. Áfrýjandi vill aðallega eigi greiða nema 6 kr. fyrir tunnuna, og heimtar því, að 264 kr. séu dregnar frá dómsupphæðinni, en til vara hefir hann þó samþykt að greiða 7 kr. eða í hæsta lagi 8 kr. fyrir hverja tunnu síldar. Ágreiningurinn í máli þessu er því nú aðeins um verð það, sem áfrýjandi átti að greiða fyrir síldina. Áfrýjandi segir að sér hafi verið lofað síldinni fyrir 6 kr. tunnan, og að reglulegur samningur um þetta verð hafi gerst milli sín og stefnda, eða formanns síldarveiðanna, Guðmundar Hjaltasonar, eða síldarveiðafélagsins »Ísfirðingur«. En stefndi hefir afdráttarlaust neitað því, að

slíkur samningur hafi verið gerður, svo að bindandi hafi verið fyrir félagið »Ísfirðing«. Og gegn þessari neitun hefir áfrýjandinn eigi sannað það, að síldinni hafi verið lofað fyrir ákveðið verð, in casu fyrir áminst verð. Að vísu hafa nokkrir vitnisburðir í málinu lýst atvikum, sem benda í þá átt, að áfrýjandi hafi átt að fá síldartunnuna fyrir 6 kr., svo framarlega hann tæki 50 tunnur hjá félaginu. En nú er það viðurkent, að hann hafi eigi tekið hjá félaginu nema 22 tunnur, þótt honum stæði til boða meiri síld hjá því, og getur hann því eigi heimtað greint verð með skírskotun til þessara vitnisburða, sem og að öðru leyti eru eigi svo eindregnir eða ljósir, að þeir séu lögfull sönnun í málinu um síldarverðið gegn vefengingu stefnda. Það verður því að líta svo á, að eigi hafi verið samið um verð á síldinni, þegar áfrýjandi tók hana, og var það þá eftir almennum reglum á valdi stefnda að leggja verð á vöru sína, þá er hann seldi. Jafnframt skal þess getið, að hann virðist eigi hafa sett hærra verð á síld þessa, sem áfrýjandi fekk, en þá um það leyti, fyrir og eftir miðjan júlímánuð f. á., var á síld af sama tægi á Ísafirði, samkvæmt vottorðum, er fram hafa verið lögð í málinu og eigi virðast hafa verið vefengd að þessu leyti. Krafa áfrýjanda um lægra verð á síldinni en það, sem hinn áfrýjaði dómur hefir bygt á, verður samkvæmt þessu eigi tekin til greina.

Þar sem áfrýjandi hefir krafist þess, að stefndi verði sektaður fyrir nokkur tilgreind ummæli í

málssóknarskjölunum í héraði, þá eru þessi ummæli eigi svo vaxin, að þau misbjóði virðingu réttarins, og er því eigi tilefni til að taka þessa kröfu til greina.

Með því að yfirrétturinn einnig felst á málskostnaðarákvæði undirréttardómsins ber samkvæmt hinu framanritaða að staðfesta téðan dóm í öllum greinum. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir yfirdómi falli einnig niður.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 26/1901. Landlæknir dr. J. Jónassen
gegn
ritstjóra Birni Jónssyni.

Dómur:

Áfrýjandinn, landlæknir J. Jónassen, höfðaði mál þetta í héraði fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur gegn hinum stefnda ritstjóra Birni Jónssyni út af nokkrum ummælum í grein einni í blaðinu Ísafold, XXVII. árg. 62. tölubl., er kom út 6. okt. f. á., með fyrirsögninni »Skarlatssótt«, og taldi áfrýjandi ummæli þessi meiðandi og móðgandi fyrir sig, og að stefndi ritstjóri blaðsins bæri ábyrgð á

þeim, með því að greinin er nafnlaus. Málinu var ráðið til lykta með dómi bæjarþingsréttarins uppkveðnum 18. apríl þ. á., og var Björn ritstjóri Jónsson sýknaður í málinu, og málskostnaður látinn falla niður.

Bæjarþingsdómi þessum hefir landlæknir J. Jónassen skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 17. júní þ. á., og krafist þess, að dóminum verði breytt og hrundið þannig, að kröfur hans fyrir bæjarþinginu verði að öllu leyti teknar til greina, að þar átalin ummæli verði dæmd dauð og ómerk, að stefndi verði látinn sæta hæfilegri sekt fyrir þau, að viðlögðu fangelsi, og að hann verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum með einhverri nægilegri upphæð eftir mati yfirdómsins. Stefndi Björn ritstjóri Jónsson hefir af sinni hálfu krafist algjörðrar sýknunar eða að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður af hendi áfrýjanda.

Í áminstri grein í »Ísafold«, sem er sakarefni, er þess getið, að skarlatssóttin sé að sögn farin að dreifa sér út um Árnessýslu, að haft sé eftir lækni (o: héraðslækni), að hún muni vera þar á fleiri bæjum en sóttkvíaðir hafi verið, en ókunnugt sé um, hvort hann hafi gert nokkura gangskör að eftirgrenslun um það. Síðan segir svo í greininni: »Landlæknir hefir og líklegast ekki mikið við að ýta undir hann til þess; hann skírir sjálfsagt sóttina »rauða hunda« óséða, eins og hann gerði hér

í vor, þegar hún gekk í Lónakoti og í Hliðsnesi. Engu líkara en það sé nokkurs konar gamanleikur, hvort stemdir eru eftir mætti stigir fyrir sóttinni eða ekki«. Þessa klausu telur áfrýjandi meiðandi og móðgandi fyrir sig, og vill láta hana varða við lög. Yfirdómurinn verður nú og að álíta, að í framsögninni um að »landlæknir muni sjálfsagt skíra sóttina rauða hunda óséða« (o: rannsóknarlaust) og »að engu sé líkara en að það sé nokkurskonar gamanleikur (nl. fyrir landlæknir), hvort stemdir séu eftir mætti stigir fyrir sóttinni eða ekki» — felist móðgandi getsök fyrir þenna embættismann landsins, um það, að hann muni engin afskifti hafa af sótt þessari nema í alvöruleysi og með léttúð, og þessi getsök er ekki nægilega réttlætt í málinu með skýrslum þeim, sem framkomnar eru af hálfu stefnda um afskifti áfrýjanda eða læknastéttarinnar af sóttinni í Árnessýslu í fyrra, og að getsökin eða aðdróttunin þykir vera svo móðgandi, að hún eigi að varða við lög eftir 219. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869. Það verður því að dæma dauð og ómerk hin tilvitnuðu meiðyrði og dæma hinn stefnda í sekt fyrir þau, er ákveðst 40 krónur samkvæmt áminstri hegningarlagagrein, og skal sektin renna í landssjóð, en í stað hennar komi 8 daga einfalt fangelsi, sé hún eigi öll greidd í ákveðinn tíma. Samkvæmt þessum úrslitum málsins þykir það rétt, að stefndi greiði áfrýjanda sem málskostnaðarendurgjald 40 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Framantalin meiðandi ummæli um áfrýjanda, landlækni dr. J. Jónassen, eiga að vera dauð og ómerk. Stefndi ritstjóri Björn Jónsson greiði sekt til landssjóðs 40 krónur, eða sæti 8 daga einföldu fangelsi, ef sektin eigi öll greiðist í tæka tíð. Svo greiði hann og málskostnað til áfrýjanda 40 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 32/1901. Sigurður Thoroddsen
gegn
W. Ó. Breiðfjörð.

Dómur:

Áfrýjandinn, verkfræðingur Sigurður Thoroddsen höfðaði mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn hinum stefnda, kaupmanni W. Ó. Breiðfjörð, út af meiðandi ummælum um áfrýjanda í 2 nafnlausum greinum í blaðinu »Reykvíkingur«, X. árg. 5. tölubl. og XI. árg. 1. tölubl., en stefndi er útgefandi og ábyrgðarmaður blaðsins, og var málið dæmt á bæjarþinginu 11. apríl þ. á. á þá leið, að hin átöldu ummæli í X. árg. 5. tölubl. blaðsins voru dæmd dauð og ómerk, stefndi dæmdur í 30 króna sekt til landssjóðs fyrir þau, en til vara 8 daga einfalt fangelsi, og til að greiða 12 kr. í málskostnað. Dómi þessum hefir Sigurður Thoroddsen

skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 8. júlí þ. á. og krafist þess, *að* stefndi verði dæmdur í sekt fyrir öll hin umstefndu ummæli, einnig fyrir aðdróttun þá, sem hann var sýknaður um í undirréttinum, *að* sektarákvæði undirréttardómsins yfir höfuð að tala verði hert eftir strangleik laganna, *að* öll hin umstefndu ummæli verði dæmd ómerk, og *að* stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum með nægilegri upphæð eftir mati dómsins. Stefndi W. Ó. Breiðfjörð hefir af sinni hálfu gagnáfrýjað málinu með stefnu, útgefinni 5. ágúst þ. á., og gert þær réttarkröfur, að málinu verði vísað frá bæjarþingsréttinum að öllu eða nokkru leyti, en til vara, að hann verði algerlega sýknaður af kærum og kröfum aðaláfrýjanda, og að aðaláfrýjandi verði, hvernig sem málið fer, dæmdur til þess að greiða allan málskostnað fyrir báðum réttum með nægilegri upphæð eftir mati yfirdómsins.

Ummæli þau, sem aðaláfrýjandi hefir gert að sakarefni, eru sumpart í grein einni í 5. tölubl. af X. árg. »Reykvíkings«, 1. maí 1900, með fyrirsögninni: »Umtalið á götunum um nýju fulltrúana«, og eru þau þessi: »En að þeir skyldu fara að kjósa hann (ɔ: Sigurð Thoroddsen) í bæjarstjórnina. Hann sem er sagður svo latur«. »Og fer svo seint á fætur«, sumpart í grein í 1. tölubl. af XI. árg. sama blaðs með fyrirsögninni: »Hinn stóri borgarafundur í Reykjavík 17. desbr. 1900«, og eru þau þessi: »Vegafénu var að mestu eytt í fyrra vetur til óþarfs klakahöggs undir veg o. fl.«

og er í greininni aðaláfrýjanda gefin sök á þessu. Gagnáfrýjandi hefir haldið því fram, að hér sé blandað saman 2 ósamkynja málum, og að það beri því að frávísa málinu annaðhvort í heild sinni eða að nokkru leyti frá undirréttinum. En þetta er ekki rétt. Öll hin átöldu ummæli voru í héraði kærð sem meiðyrði og stefnt fyrir þau sem meiðyrði, og var ekkert því til fyrirstöðu, að stefnt væri fyrir þau öll í sömu sökinni. Jafnframt skal þess getið, að ekkert það er að athuga við sáttakæru eða sáttaumleitun í málinu, að fyrir þá skuld hafi borið að vísa málinu frá bæjarþingsréttinum.

Að því er snertir hin átöldu ummæli, er yfirrétturinn samdóma undirdómaranum um það, að það varði gagnáfrýjanda eigi við lög, þótt hann hafi sagt, að »vegafénu hafi að mestu verið eytt til óþarfs klakahöggs«; svo verður það eigi heldur talið saknæmt meiðyrði, þótt sagt sé um aðaláfrýjanda, að hann »fari seint á fætur«, og verður að sýkna gagnáfrýjanda að því er þessi ummæli snertir, enda ræðir hvorki kæran né stefnan í málinu um misgjörð eftir 222. gr. hegningarlaganna.

Þar sem gagnáfrýjandi í hinni umræddu grein hefir borið það á aðaláfrýjanda, að hann »sé sagður svo latur«, þá er þetta áburður, sem hlyti að verða áliti aðaláfrýjanda til hnekkis, ef hann væri sannur, og með því að hann eigi er að neinu leyti réttlættur, verður að dæma hann ómerkan, og sekta gagnáfrýjanda fyrir hann samkvæmt 219. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, og þykir sektin hæfilega ákveðin 30 krónur, er renni í landssjóð,

en í stað hennar komi 6 daga einfalt fangelsi, verði hún eigi öll greidd innan ákveðins tíma. Um málskostnað í héraði á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður, en eftir þessum úrslitum þykir rétt, að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Framantalin meiðyrði um aðaláfrýjanda Sigurð Thoroddsen verkfræðing í 5. tölubl., X. árgangi blaðsins »Reykvíkingur«, sem kom út 1. maí 1900, eiga að vera dauð og ómerk. Gagnáfrýjandi kaupmaður W. Ó. Breiðfjörð greiði sekt til landssjóðs 30 krónur, en sæti 6 daga einföldu fangelsi, ef sektin eigi öll greiðist innan ákveðins tíma. Um málskostnað í héraði á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður, en málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirting hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 31/1901. Sigurður Thoroddsen gegn W. O. Breiðfjörð.

Dómur:

Mál þetta var höfðað í héraði af áfrýjandanum, verkfræðing Sigurði Thoroddsen, fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur gegn hinum stefnda, kaupmanni W. O. Breiðfjörð, fyrir ummæli nokkur í

blaðinu »Reykvíkingur«, XI. árg., 2. tölubl., sem út kom 1. febr. 1901, er áfrýjandi taldi meiðandi fyrir sig, en stefndi er útgefandi nefnds blaðs, og voru greinarnar, sem þessi ummæli voru í, nafnlausar. Var málið dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 11. apríl þ. á. á þá leið, að hin móðgandi og óvirðandi ummæli voru dæmd ómerk og W. Ó. Breiðfjörð dæmdur í 20 króna sekt til landssjóðs fyrir þau, eða til vara í 4 daga einfalt fangelsi; svo var hann og dæmdur til að greiða málskostnað 12 kr. Dómi þessum hefir verkfræðingur Sigurður Thoroddsen skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 8. júlí þ. á., og hefir hann krafist þess, að sektarákvæði undirréttardómsins verði hert eftir strangleik laganna, að hin umstefndu ummæli verði dæmd dauð og ómerk, og að stefndi W. Ó. Breiðfjörð verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati réttarins. Af sinni hálfu hefir kaupmaður W. Ó. Breiðfjörð gagnáfrýjað málinu, með stefnu, dags. 5. ágúst þ. á., og hefir hann krafist þess, að hann verði algerlega sýknaður af kærum og kröfum aðaláfrýjanda, og að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum með nægilegri upphæð eftir mati yfirdómsins.

Ummæli þau, sem eru sakarefni, eru í 2 greinum í áminstu tölublaði blaðsins »Reykvíkingur«, og eru þau þessi: »Hinn mikli, árvakri og ötuli mannvirkjafræðingur landsins«; »hinn alkunna og fræga mannvirkjafræðing landsins«; »auðvitað munuð þið, sem af reynslunni úti um landið þekkið svo ógn

vel til árvekni, framúrskarandi dugnaðar og ósérhlífni þessa fræga og lærða mannvirkjafræðings Íslands«. Aðaláfrýjandi álítur, að ummæli þessi séu höfð um sig til háðungar og í vanvirðingarskyni, og heldur því fram, að þau eigi að varða við lög. Það sést nú og af greinum þeim í blaðinu, sem ummælin eru tekin úr, að þau eru ekki rituð í alvöru, heldur til þess að gera gys að aðaláfrýjanda og spotta hann. Þó að nú eigi felist í ummælum þessum áburður á aðaláfrýjanda eða aðdróttun til hans um svívirðandi athafnir, verknað eða hegðan, þá eru þau þó, eins og þau eru sett fram í greinunum, óvirðandi fyrir hann og mjög móðgandi, og virðist gagnáfrýjandi eigi geta komist hjá sekt fyrir þau samkvæmt 219. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, sem þykir hæfilega ákveðin í undirréttardóminum 20 kr., er renni í landssjóð. Með því að ákvæði dómsins um ómerking meiðyrðanna og málskostnað í héraði einnig samþykkjast, ber að staðfesta téðan dóm í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 30/1901 Sigurður Thoroddsen
gegn
W. Ó. Breiðfjörð.

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn, verkfræðingur Sigurður Thoroddsen, gegn stefnda, kaupmanni W. Ó. Breiðfjörð, fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur útaf grein einni í blaðinu »Reykvíkingur« X. árg. 8. tölubl., sem kom út 1. ágústmán. f. á, með fyrirsögninni: »Enn um vegi og rennur hér í bænum«, en áfrýjandi áleit, að í grein þessari, sem var nafnlaus, og fyrir því á ábyrgð hins stefnda, útgefanda blaðsins, væru saknæm meiðyrði og aðdróttanir til sín. Málinu var ráðið til lykta með dómi bæjarþingsréttarins, uppkveðnum 28. marz þ. á., og var stefndi sýknaður af kærum og kröfum áfrýjanda og málskostnaður látinn falla niður. Dómi þessum hefir verkfræðingur Sigurður Thoroddsen skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 8. júlí þ. á., og krafist þess, að stefndi verði dæmdur í laganna þyngstu sekt fyrir áminst óvirðandi og móðgandi ummæli um áfrýjanda í blaðinu »Reykvíkingur«, að hin átöldu meiðyrði verði dæmd dauð og ómerk og að stefndi verði dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað fyrir báðum réttum. Stefndi kaupmaður W. Ó. Breiðfjörð hefir af sinni hálfu gagnáfrýjað málinu með stefnu, útgefinni 5. ágúst þ. á., og krafist þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, þó með breytingu á málskostnaðarákvæði hans, með því að gagnáfrýjandi

gerir kröfu til endurgjalds málskostnaðar fyrir báðum réttum með einhverri nægilegri upphæð eftir mati yfirdómsins.

Í nefndri grein í blaðinu »Reykvíkingur« með yfirskriftinni: »Enn um vegi og rennur hér í bænum«, er mjög fundið að ráðstöfunum bæjarstjórnar og veganefndar, snertandi vegamál bæjarins og önnur skyld mál, og er síðan farið eftirnefndum orðum um aðaláfrýjanda, sem þá var bæði í bæjarstjórn og veganefnd: »og illa þykir oss rætast loforð S. Thoroddsens á undirbúningsfundunum undir bæjarstjórnarkosningarnar seinast, þar sem hann sagðist skyldi gera miklu meira að vegabótum í bænum fyrir miklu minna fé en áður hefði verið til þeirra varið; — en vera nú á fyrsta árinu því nær búinn með alt vegaféð, en hafa þó fátt eða ekkert látið gera af því, sem átti að gera; slíkt kalla menn, mildast sagt, að lofa upp í ermina á sér sjálfum; en hvað kemur ekki loforða-landfarsóttin mönnum til að gera«. Þessa málsgrein alla telur aðaláfrýjandi móðgandi og meiðandi fyrir sig; en þó að það sé hér borið á hann, að hann hafi á undan bæjarstjórnarkosningum þeim, er minst er á, lofað meiri framkvæmdum á vegabótum en síðar hafi gerðar verið, og að hann þannig hafi lofað upp í ermina á sér, þá er eigi með þessu dróttað að áfrýjanda, að hann hafi gert nokkurt það verk, er mundi gera hann óverðugan virðingar samþegna hans, og að öðru leyti er áburðurinn eigi þess eðlis, að hann hljóti að verða virðingu aðaláfrýjanda til hnekkis, né svo móðgandi eða ó-

virðandi, að hann eigi að varða við lög. Það verður því að sýkna gagnáfrýjanda af kröfum aðaláfrýjanda í þessu máli, eins og undirdómarinn hefir gert. Það þykir og rétt að málskostnaður í héraði falli niður, því að málshöfðunin verður eigi kölluð tilefnislaus, og ber þannig að staðfesta bæjarþingsdóminn í öllum greinum. En eftir úrslitum málsins virðist aðaláfrýjandi eiga að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Aðaláfrýjandi Sigurður Thoroddsen verkfræðingur greiði gagnáfrýjanda W. Ó. Breiðfjörð kaupmanni 20 krónur sem málskostnað fyrir yfirdómi, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum

Hæstaréttardómar.

Fimtudaginn 14. febrúar 1901.

Nr. 19. Verzlunarstjóri Þórarinn Guðmundsson (Nellemann) gegn ritstjóra Skafta Jósefssyni (Dietrichson) um lögmæti útburðargjörðar og skaðabætur fyrir hana.

Úrskurður fógetaréttar í Seyðisfjarðarkaupstað, 6. ágúst 1896:

Hin umbeðna útburðargjörð á fram að fara.

Dómur hins íslenzka landsyfirdóms 28. júní 1897:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður og útburðargjörð eiga ógild að vera. Stefndi, verzlunarstjóri Þórarinn Guðmundsson, greiði áfrýjandanum, Skafta ritstjóra Jósefssyni, í skaðabætur 1000 kr. — eitt þúsund krónur — og í málskostnað greiði hann honum 50 — fimtíu — krónur. Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstaréttar:

Samkvæmt ástæðum þeim, er tilgreindar eru í hinum áfrýjaða dómi, verður að fallast á það, að

úrskurður fógetaréttarins er úr gildi feldur og áfrýjandinn skyldaður til að greiða stefnda skaðabætur fyrir tjón það, er útburðurinn bakaði honum, en eftir öllum skýrslum málsins, sem að nokkru leyti eru fengnar eftir uppsögn dómsins, þykir mega ákveða skaðabæturnar 500 krónur. Með breytingu þeirri, er af þessu leiðir, ber að staðfesta dóminn, þó svo, að málskostnaðurinn, er í honum er ákveðinn, þykir mega falla niður. Málskostnaður fyrir hæstarétti á einnig að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Dómur landsyfirdómsins á að vera óraskaður, þó svo, að skaðabæturnar skulu vera 500 krónur og að málskostnaður sá, er dómurinn ákveður, fellur niður. Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður. Í dómsmálasjóð greiði hvor málsaðila 10 krónur.

Astæður landsyfirréttardómsins eru prentaðar í 5. bindi Dómasafnsins, á bls. 404—409.

Nr. 80. Hvalaveiðamaður, konsúll P. Herlofsson (Shaw)
gegn
amtmanni yfir Vesturamti Islands J. J. Havsteen (Enginn),

um rétt áfrýjanda til að nota útlend skip við hvalaveiðar.

Lögregluréttardómur Ísafjarðarsýslu 2. desember 1897:

Kærði, hvalaveiðamaður P. Herlofsson, á fyrir

kæru hins opinbera í þessu máli sýkn að vera. Málskostnaður greiðist af almannafé.

Dómur hins íslenzka landsyfirdóms 29. ágúst 1898:

Kærði P. Herlofsson greiði 100 krónur í sekt til hlutaðeigandi fátækrasjóðs og allan af máli þessu bæði í héraði og fyrir yfirdómi leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. jur. Halldórs Bjarnasonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 krónur til hvors þeirra. Ídæmd sekt greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar:

Með konungsbréfi 6. apríl 1899 er hæstarétti veitt heimild til að taka mál þetta fyrir til dómsáleggingar, jafnvel þótt það kunni að reynast, að efni þess eigi nemi áfrýjunarupphæð (summa appellabilis).

Það sést af skýrslum málsins, að hvalaveiðar þær, er ræðir um í hinum áfrýjaða dómi, hafa aðeins verið reknar fyrir utan landhelgi við Ísland. Áfrýjandinn hefði því haft rétt til að nota útlend skip til sjálfrar veiðarinnar og hlýtur þá því fremur að hafa haft rétt til að flytja veiðina á slíkum skipum til lands á hvalaveiðastöðina, því að í ákvörðuninni í tilskipun 13. júní 1787, 1. kap., 10. gr., er eigi fólgið neitt bann gegn því.

Þegar af þessum ástæðum ber að dæma á-

frýjandann sýknan, og á kostnaður málsins fyrir báðum hinum fyrri dómstólum að greiðast af almannafé. Kostnað fyrir hæstarétti þykir stefndi eiga að greiða áfrýjandanum með 150 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn, hvalaveiðamaður konsúll P. Herlofsson á af kæru hins opinbera í máli þessu sýkn að vera. Málskostnaður fyrir hinum fyrri dómstólum, þar með talin málflutningslaun þau, er ákveðin eru í dómi landsyfirréttarins, greiðist af almannafé. Málskostnað fyrir hæstarétti greiði stefndi, amtmaðurinn yfir Vesturamti Íslands, J. J. Havsteen, af hendi hins opinbera áfrýjandanum með 150 krónum.

Astæður landsyfirréttardómsins eru prentaðar í 5. bindi Dómasafnsins, á bls. 595—597.

Mánudaginn 11. marz 1901.

Nr. 99. Nellemann advokat

gegn

Lárusi Pálssyni (verj. Lund),

sem ákærður er fyrir fölsun á læknisrecepti og fyrir að hafa gert skaða með lækningatilraun og fyrir ólöglega meðalasölu.

Aukaréttardómur Reykjavíkurkaupstaðar 24. janúar 1900:

Ákærði Lárus Pálsson greiði 20 króna sekt í landssjóð og 4 kr. sekt í fátækrasjóð Reykjavíkur,

en sé að öðru leyti sýkn af ákærum sóknarans í þessu máli. Einnig ber honum að greiða allan af máli þessu leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til hins skipaða svarmanns, málaflutningsmanns Einars Benediktssonar, 10 kr. Framangreind eiturlyf dæmast upptæk. Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirting hans, undir aðför að lögum.

Dómur hins íslenzka landsyfirdóms 14. maí 1900:

Sekt ákærða Lárusar Pálssonar ákveðst samtals 50 krónur og renni öll í fátækrasjóð Reykjavíkur. Að öðru leyti á aukaréttardómurinn að vera óraskaður. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra. — Ídæmd sekt greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar:

Að því leyti ákærði er sakaður um ólöglega meðalasölu ber að frávísa málinu frá hæstarétti sökum þess, að það nær eigi áfrýjunaruppbæð (summa appellabilis). Að öðru leyti ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm samkvæmt ástæðum þeim, er í honum eru tilgreindar, og sem ekkert verulegt er að athuga við.

Yfirdómari Kristján Jónsson, sem hefir haft málsskjölin hjá sér til þýðingar meira en 5 mán-

uði, á fyrir þenna ótilhlýðilega drátt á málinu að greiða sekt samkvæmt tilsk. 3. júní 1796, 35. gr., 80 krónur, til fátækrasjóðs Reykjavíkurkaupstaðar.

Því dæmist rétt vera:

Að því er snertir ákæruna fyrir ólöglega meðalasölu frávísast málinu. Að öðru leyti á dómur landsyfirdómsins óraskaður að vera. Í málflutningslaun fyrir hæstarétti greiðir ákærði Lárus Pálsson Nellemann advokat og Lunn hæstaréttarmálaflutningsmanni 40 krónur hvorum. Yfirréttardómari Kristján Jónsson greiði í sekt til fátækrsjóðs Reykjavíkur kaupstaður 80 kr.

Astæður landsyfirréttardómsins eru prentaðaðar í þessu bindi Dómasafnsins, á bls. 195—200.

Fimtudaginn 9. maí 1901.

Nr. 138. Hæstaréttarmálaflutningsmaður Asmussen
gegn
Sigurði Jóhannessyni og Hákoni Halldórssyni (verj. Jensen),

sem ákærðir eru: hinn fyrnefndi fyrir brot á banni suðuramts Íslands gegn viðskiftum við utanríkisskip, sem eigi væru búin að sýna skjöl sín einhversstaðar hér við land í sömu fiskiferðinni hingað frá útlöndum, og á tilskipun um sóttvarnir 8. febr. 1805, 39. gr., 8. sbr. 27., 28. og 29. gr. -- og hinn síðarnefndi fyrir sömu brot og fyrir brot á tilsk.

12. febr. 1872, um fiskiveiðar útlendra við Island o. fl., og lögum 17. des. 1875, um breyting á þeirri tilskipun.

Lögregluréttardómur Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 14. okt. 1899:

Kærðu Sigurður Jóhannesson og Hákon Halldórsson eiga að vera sýknir af kæru hins opinbera í máli þessu. Málskostnaður greiðist af almannafé.

Dómur hins íslenzka landsyfirdóms 23. apríl 1900:

Lögregluréttardómurinn á að vera óraskaður. Allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors, ber að greiða af almannafé.

Dómur hæstaréttar:

Samkvæmt ástæðum þeim, er tilgreindar eru í hinum áfrýjaða dómi

dæmist rétt vera:

Dómur landsyfirréttarins á að vera óraskaður. Í málflutningslaun fyrir hæstarétti ber hæstaréttarmálaflutningsmönnunum Asmussen og Jensen 40 krónur hvorum, er greiðast af almannafé.

Ástæður landsyfirréttardómsins eru prentaðar í þessu bindi Dómasafnsins, á bls. 183—187.

Þriðjudaginn 18. júní 1901.

Nr. 158. Hæstaréttarmálaflutningsmaður Bagger
gegn
hreppstjóra Þorsteini Þorsteinssyni (verj. Halkier),

sem er ákærður fyrir að hafa látið hjá líða að framkvæma lögtak á prests- og kirkjugjöldum samkvæmt lögtaksúrskurði sýslumanns.

Aukaréttardómur Þingeyjarsýslu 24. apríl 1899:

Hinn ákærði Þorsteinn hreppstjóri Þorsteinsson á Daðastöðum á að greiða 10 kr. sekt í landssjóð, en verði sektin eigi öll greidd innan ákveðins tíma, á hann að sæta einföldu fangelsi í 3 daga. Svo ber honum og að greiða allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað. — Hið ídæmda að greiða innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Dómur hins íslenzka landsyfirdóms 8. janúar 1900:

Ákærði Þorsteinn hreppstjóri Þorsteinsson skal vera sýkn fyrir ákæru sóknarans í máli þessu. Allur kostnaður sakarinnar, bæði í héraði og fyrir yfirrétti, greiðist úr landssjóði, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dómur hæstaréttar:

Samkvæmt ástæðum þeim, er tilgreindar eru í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann.

Yfirréttardómari Kristján Jónsson, sem hefir haft málsskjölin hjá sér til þýðingar í nærfelt 10 mánuði, á fyrir þennan ótilhlýðilega drátt á málinu að greiða sekt samkvæmt tilsk. 3. júní 1796, 35. gr., 80 krónur til fátækrasjóðs Reykjavíkurkaupstaðar.

Því dæmist rétt vera:

Dómur landsyfirréttarins á að vera óraskaður. Í málflutningslaun fyrir hæstarétti ber þeim hæstaréttarmálaflutningsmanni Bagger og Halkier advokat 30 krónur hvorum, sem greiðast af almannafé. Yfirréttardómari Kristján Jónsson á að greiða í sekt til fátækrasjóðs Reykjavíkurkaupstaðar 80 krónur.

Ástæður landsyfirréttardómsins eru prentaðar í þessu bindi Dómasafnsins, á bls. 117—120.

Föstudaginn 28. júní 1901.

Nr. 172. Hansen
hæstaréttarmálaflutningsmaður
gegn
Helga Ingimundssyni
(verj.: Nellemann),

sem ákærður er fyrir þjófnað og sviksamlegt athæfi.

Aukaréttardómur Árnessýslu 28. marz 1900:

Hinn ákærði Helgi Ingimundsson sæti 5 ára

betrunarhússvinnu og greiði allan kostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun 5 kr. til hins skipaða verjanda hans, Guðmundar hreppstjóra Ísleifssonar. Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hins íslenzka landsyfirdóms 16. júlí 1900:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Ákærði Helgi Ingimundsson greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra. Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar:

Samkvæmt ástæðum þeim, er tilgreindar eru í hinum áfrýjaða dómi og sem í öllu verulegu verður fallist á, ber að staðfesta dóminn, þó svo, að hegningartímann þykir megá færa niður í 3 ár.

Því dæmist rétt vera:

Dómur landsyfirréttarins á að vera óraskaður, þó svo, að hegningartíminn skal vera 3 ár. Í málflutningslaun fyrir hæstarétti greiði ákærði Helgi Ingimundsson Hansen hæstaréttarmálaflutnings manni og Nellemann advokat 40 krónur hvorum.

Ástæður landsyfirréttardómsins eru prentaðar í þessu bindi Dómasafnsins, á bls. 211—216.

Þriðjudaginn 29. október 1901.

Nr. 86. Héraðslæknir
Pétur Emil Júlíus Halldórsson
(Nellemann eftir skipun)
gegn
landshöfðingja yfir Íslandi
M. Stephensen
fyrir hönd landssjóðs Íslands
(Bagger eftir skipun),
um rétt áfrýjanda til fæðispeninga og ferðakostnaðarendurgjalds á bólusetningarferðum.

Bæjarþingsdómur Reykjavíkur 19. apríl 1900:

Stefnandanum héraðslækni Júlíusi Halldórssyni ber að fá greitt úr landssjóði 230 krónur. Svo ber og að greiða úr landssjóði 10 kr. í málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns stefnandans, fyrverandi yfirkennara Halldórs Kr. Friðrikssonar, en að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Dómur hins íslenzka landsyfirdóms 13. ágúst 1900:

Áfrýjandinn, landshöfðinginn yfir Íslandi fyrir hönd landssjóðsins, á að vera sýkn fyrir kærum og kröfum stefnda í máli þessu. Málskostnaður fyrir undir- og yfirdómi fellur niður. Hinum skipaða málsfærslumanni stefnda fyrir undirréttinum, yfirkennara Halldóri Kr. Friðrikssyni, greiðist úr landssjóði málflutningslaun þar, 10 krónur.

Dómur hæstaréttar:

Samkvæmt ástæðum þeim, er tilgreindar eru

í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann, eftir kröfu stefnda.

Málskostnaður fyrir hæstarétti þykir eiga að falla niður og ber að greiða málflutningslaun hinna skipuðu málsfærslumanna málsaðilanna fyrir hæstarétti af almanna fé.

Því dæmist rétt vera:

Dómur landsyfirréttarins á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður. Í málsfærslulaun fyrir hæstarétti ber Nellemann advokat og Bagger hæstaréttarmálaflutningsmanni 80 krónur hvorum, og greiðast þær af almannafé. Í dómsmálasjóð greiðir áfrýjandinn 2 krónur.

Ástæður landsyfirréttardómsins eru prentaðar í þessu bindi Dómasafnsins, á bls. 226—230.

Landsyfirréttardómar 1902.

Mánudaginn 24. febrúarmánaðar.

Nr. 48/1901. Réttvísin
gegn
Ólafi Ólafssyni.

Dómur:

Með lögregluréttardómi Suðurmúlasýslu, gengnum 12. aprílmánaðar f. á., var hinn ákærði, vinnumaður Ólafur Ólafsson, dæmdur fyrir einfaldan þjófnað samkvæmt 230. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 í 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan af málinu leiðandi kostnað, þar með talin varnarlaun í héraði til prófasts Jóhanns L. Sveinbjarnarsonar, 4 kr. En dómi þessum er að ósk hins dómfelda áfrýjað af réttvísinnar hálfu til yfirdómsins.

Ákærði var í nóvembermánuði 1898, er hann framdi verknað þann, er hann er ákærður fyrir, vinnumaður á Rannveigarstöðum í Álftafirði, og var samvista honum þar stúlka að nafni Helga Halldórsdóttir, og höfðu þau, ákærði og hún, verið trú-

lofuð, en stúlkan síðan sagt honum upp. Ákærði hafði, meðan á trúlofuninni stóð, gefið unnustu sinni ýmsa muni, og heimtaði hann þá aftur af henni, er trúlofunin var rofin, og sagði hún að hann mætti fá þá, en afhenti honum þá þó aldrei. Ákærði undi þessu illa, og um kveldið 3. nóvbr. 1898, er Helga var eigi heima, fór hann leynilega í koffort hennar, sem virðist hafa verið ólæst, og stóð í svefnherbergi hans, og tók úr því sjalklút, vasaklút og sálmabók, sem hann hafði gefið henni, meðan þau voru trúlofuð, en auk þess kvennspjarir (íleppa), 15 aura virði. Þegar ákærði hafði tekið muni þessa úr koffortinu, lagði hann koffortið aftur, og tók að aðgæta nánara það, er hann hafði tekið, og datt þá innan úr sjalklútnum budda með 4 kr. 60 a. eða 4 kr. 80 a. í, sem hann hafði eigi veitt eftirtekt fyr, og datt honum þá í hug, að taka einnig budduna og peningana, sem í henni voru, upp í það sem hann hafði eigi fengið aftur af því, sem hann hafði gefið Helgu.

Það verður að fallast á það, er undirdómarinn hefir álitið, að ákærði hafi eigi orðið sekur í þjófnaði fyrir það, að taka sjalklútinn, vasaklútinn og sálmabókina, því að Helga hafði, eins og fyr er sagt, samþykt, að ákærði mætti fá gjafir þessar aftur og var því sjálftaka ákærða á þeim eigi þjófnaður. Aftur á móti getur það eigi orðið til afsökunar fyrir ákærða, með tilliti til tökunnar á peningabuddunni og kvennspjörunum, að hann þóttist eiga óendurgoldnar gjafir hjá Helgu, og verður því að dæma hann sekan í þjófnaði fyrir tökuna

á þessum munum, og þykir refsingin fyrir athæfi þetta hæfilega ákveðin 5 daga fangelsi við vatn og brauð, samkv. 230. gr. alm. hegningarlaga. Það ber því að staðfesta refsingarákvæði undirréttardómsins, svo og ákvæði hans um málskostnað, en um iðgjöld er ekki að ræða í málinu, með því að hinum teknu munum hefir verið skilað aftur eigandanum. Ákærða ber og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Við rekstur málsins í héraði er það að athuga, að málið hefir verið rekið og dæmt fyrir lögreglurétti, en þar sem með það hefir verið farið að öllu leyti sem aukaréttarmál, hefir eigi þótt þurfa að ónýta málið fyrir þá sök. Svo hefir undirdómarinn að nauðsynjalausu látið hjáliða að útvega skírnarvottorð hins ákærða, og er það aðfinningarvert, en eftir atvikum málsins þykir þó mega við svo búið standa, þar eð eigi er vafi á því, að ákærði hafi verið kominn yfir lögaldur sakamanna, er hann framdi brotið. Málsfærslan fyrir yfirdómi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera.

Ákærði Ólafur Ólafsson sæti 5 daga fangelsi við vatn og brauð og greiði allan af málinu bæði í héraði og fyrir yfirdómi löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til verjanda í héraði, prófasts Jóhanns L. Sveinbjarnarsonar, 4 kr., og til sækjanda og

verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra. Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 16/1901. Halldór Bjarnarson
gegn
Jóhönnu Bjarnardóttur, Birni St. Guðmundssyni, Jóni Guðmundssyni, Vilborgu S. Guðmundsdóttur og Jakobínu Jónsdóttur.

Dómur:

Mál þetta höfðuðu hin stefndu í héraði gegn áfrýjandanum, prestinum Halldóri Bjarnarsyni að Presthólum samkvæmt 225. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 fyrir meiðyrði um mann, föður og bróður þeirra látinn, Guðmund hreppstjóra Jónsson á Grjótnesi, og var málið dæmt í aukarétti Þingeyjarsýslu 12. ágúst 1899 þannig, að áfrýjandinn samkvæmt 217. gr. hegningarlaganna, sbr. við 225. gr. þeirra, var dæmdur í 50 kr. sekt til landssjóðs eða til vara í einfalt fangelsi í 15 daga; svo var hann og dæmdur í 10 kr. sekt til landssjóðs fyrir óþarfa málsýfingu og til að greiða stefndu 20 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 1. apríl f. á. og hefir hann krafist þess, fyrst og fremst, að hinn áfrýjaði dómur verði dæmdur ómerkur og hin stefndu skyld-

uð til að greiða honum málskostnað fyrir báðum réttum, en til vara, að áfrýjandi verði sýknaður af kærum og kröfum hinna stefndu og þau dæmd í málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati réttarins; svo krefst hann og, að sektin fyrir óþarfa þrætu verði feld úr gildi. Af hálfu hinna stefndu hefir þess aftur á móti verið krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að minsta kosti að því er snertir ómerkingu hinna umstefndu ummæla.

Ómerkingarkröfu sína byggir áfrýjandi á því, að í stefnunni til héraðsréttarins er áfrýjanda stefnt út af ummælum um Guðmund heitinn Jónsson í framhaldsvarnarskjali dags. 28. okt. f. á. (þ. e. 1898), en á sáttafund var honum stefnt út af ummælum í framhaldsvarnarskjali dags. 28. okt. 1896 og kröfur stefndu í undirréttinum og dómurinn þar átti einnig við meiðandi ummæli í skjali dags. 28. okt. 1896. Álítur áfrýjandi, að þannig hafi verið dæmt um óstefnda sök í undirdóminum og eigi því að ómerkja dóminn. Það verður þó eigi álitið, að umgetin ósamhljóðan héraðsstefnunnar við kröfur stefnda í undirréttinum hafi átt að leiða af sér frávísun málsins þar, og eigi því nú að varða ómerking dómsins, því að þrátt fyrir þessa ósamhljóðan, sem auðsjáanlega er framkomin við ritvillu í stefnunni, f. á. í stað ártalsins 1896, þá er málsefnið svo greinilega einkent í stefnunni, meðal annars með því, að hin átöldu meiðyrði eru talin þar upp, að engin áherzla verður lögð á nefnda missritun, sem engan gat vilt um sakarefnið. Ómerkingarkrafa áfrýjanda verður því eigi tekin til greina.

Ummæli þau, sem átalin eru í málinu, ritaði áfrýjandinn í varnarskjali fyrir rétti 28. okt. 1896 í sakamáli, er þá hafði höfðað verið gegn honum af réttvísinnar hálfu, en Guðm. sál. Jónsson, sem átt var við með ummælunum, var þá látinn, og höfðuðu aðstandendur hans, hin stefndu, mál gegn áfrýjandanum út af meiðyrðunum, fyrst 26. okt. 1897, en það mál ónýttist, og síðan aftur þetta mál, sem nú er áfrýjað. Hin átöldu ummæli eru þessi: *að* Guðmundur sál. Jónsson hafi meðal annara, sem kallaðir voru til að bera vitni í nefndu sakamáli gegn áfrýjanda, gert »fölsleg samtök til ljúgvitnis og rangra réttarskýrslna«, *að* hann ásamt öðrum »hafi lánað sig til að ljúga æruna af saklausum«, *að* hann ásamt fleirum hlaupi frá hálfsögðum sannleikanum til að halda lygum á lofti, *að* hugsunarháttur hans hafi verið »svipaður þessu: Fá mér átyllu til að breyta framburði mínum hinum fyrsta, þá skal eg bera hvað sem þú vilt«, *að* hann hafi verið »lygari«.

Þessi ummæli verða að teljast mjög meiðandi fyrir hinn látna mann, sem þau voru höfð um, og þar sem þau eru eigi að neinu leyti réttlætt af áfrýjanda, ber að heimfæra þau, eins og undirréttardómarinn hefir gert, undir 217. gr. alm. hegningarlaga og dæma þau dauð og ómerk samkvæmt 220. gr. sömu laga. Aftur á móti verður áfrýjandi sakir ákvæða 67. gr. hegningarlaganna, sbr. 68. gr. 1. málsl., eigi látinn sæta refsingu fyrir ummælin, þar sem liðin voru meir en 2 ár frá því að meiðyrðin voru viðhöfð og þangað til mál þetta var

höfðað af nýju, en það var með sáttakæru, dags. 24. marz 1899. Með því að áfrýjandinn kom eigi til sáttafundar í málinu, þótt hann væri löglega tilkallaður, er hann með aukaréttardóminum réttilega dæmdur í sekt samkvæmt tilsk. 11. ág. 1819 og í málskostnað í héraði, og ber því að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms að þessu leyti. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Framantalin meiðandi ummæli eiga dauð og ómerk að vera. Ákvæði aukaréttardómsins um sekt fyrir óþarfa málsýfingu og um málskostnað eiga að vera óröskuð. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Ídæmd sekt og málskostnaður greiðist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 42/1901. Gunnar Gunnarsson
gegn
Birni Símonarsyni

Dómur:

Mál þetta höfðaði í héraði áfrýjandinn Gunnar Gunnarsson trésmiður í Reykjavík gegn stefnda, Birni Símonarsyni gullsmið samastaðar, til greiðslu á $^4/_5$ hlutum af 300 króna víxli, sem áfrýjandi hafði gefið út á hendur Tómasi Gunnarssyni tómthúsmanni en stefndi skrifað aftan á nafn sitt á-

samt 2 öðrum mönnum. Var málinu ráðið til lykta með dómi bæjarþingsréttar Reykjavíkur 12. sept. f. á. þannig, að stefndi var sýknaður af kröfum áfrýjanda í málinu og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda í málskostnað 10 kr.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 4. okt. f. á., og hefir hann krafist þess, að undirréttardóminum verði breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 240 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi, eða til vara, að hann verði dæmdur til að greiða honum tiltölulegan hluta af þeirri upphæð, er þeir 3 menn, er skrifuðu aftan á fyrnefndan víxil, hefðu með því ábyrgst, og hvernig sem fer, hefir hann krafist þess, að stefndi verði dæmdur í málskostnað fyrir báðum dómum, eftir réttarins mati. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og stefndi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi með þeirri upphæð, er réttuinn eftir öllum atvikum áliti nægja.

Víxil þann, er mál þetta er sprottið af, gaf áfrýjandinn út til Landsbankans 20. des. 1900 á hendur tómthúsmanni Tómasi Gunnarssyni í Reykjavík, fyrir 300 kr., og rituðu aftan á víxilinn nöfn sín stefndi og 2 menn aðrir. Gjalddagi víxilsins var 20. maí f. á. og daginn eftir, 21. maí, innleysti áfrýjandi víxilinn, án þess Tómasi, sem hafði ritað samþykki á víxilinn, væri sýndur hann, eða hann krafinn um borgun. Áfrýjandi hefir haldið því fram, að stefndi og þeir 2 menn, sem með

honum rituðu nöfn sín aftan á víxilinn, hafi með því gerst ábyrgðarmenn greiðanda víxilsins og samþykkjanda, Tómasar Gunnarssonar, gagnvart sér sem útgefanda, og hafi hann því getað, er hann hafði innleyst víxilinn, krafist allrar víxilupphæðarinnar hjá hverjum þeirra, er hann vildi kjósa að heimta hana af, þar sem þeir ábyrgðust einn fyrir alla og allir fyrir einn, en hann hefir aðeins krafist 4/5 hluta upphæðarinnar af stefnda, með því að hann kveðst ætla sjálfur að bera 1/5 af skaðanum af greiðslufallinu. Af áritun stefnda aftan á víxilinn verður eigi ráðið neitt um það, með hverjum hann og þeir 2 menn, sem með honum rituðu nöfn sín á víxilinn, hafi viljað ábyrgjast greiðslu víxilsins, hvort heldur með útgefanda hans eða greiðanda, en stefndi hefir neitað því, að hann hafi gerst með árituninni ábyrgðarmaður greiðanda (Tómasar), en hefir aftur á móti fullyrt, að hann og hinir 2 mennirnir hafi aðeins ritað á víxilinn fyrir beiðni áfrýjanda og í hans þágu, sem ábyrgðarmenn fyrir hann, til þess að hann gæti selt Landsbankanum víxilinn og fengið með því peningalán. Áfrýjandi hefir ekki fært fram neina sönnun gegn þessari fullyrðingu stefnda, en hún styrkist hins vegar mjög við það, að áfrýjandi seldi sjálfur bankanum víxilinn og tók til sín peningana fyrir hann, og við það, að hann innleysti sjálfur víxilinn, þegar hann féll í gjalddaga, án þess að láta krefja greiðanda og samþykkjanda um upphæðina, eða láta afsagnargjörð fram fara hjá honum, en þetta bendir til þess,

að hann hafi álitið sig aðalskuldara að víxilupphæðinni.

Með því að áfrýjandinn hefir þannig eigi sannað, að hann eigi aðgang að stefnda með endurgreiðslu umræddrar víxilupphæðar að öllu eða nokkru leyti, verður að fallast á það, að bæjarþingsdómurinn hefir sýknað stefnda af kröfum áfrýjanda í málinu og ber því að staðfesta bæjarþingsdóminn, einnig að því er málskostnaðarákvæði hans snertir. Eftir úrslitum málsins ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi með 20 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandinn Gunnar Gunnarsson trésmiður greiði stefnda Birni Símonarsyni gullsmið í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur og lúkist málskostnaðurinn innan 8 vikna frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 38/1901.

Verzlunarstjóri
Þórður Guðjohnsen
f. h. verzlunar Örum & Wulffs
á Húsavík
gegn
hreppsnefnd Hálshrepps.

Urskurður:

Hinn skipaði talsmaður hreppsnefndarinnar

fyrir yfirdóminum — en þar hefir hreppsnefndin fengið gjafvörn og skipaðan málsfærslumann — hefir krafist þess, að máli þessu verði vísað frá yfirdóminum fyrir þá sök, að birtingarvottorð stefnuvotta á áfrýjunarstefnunni beri það eigi með sér, að stefnan hafi verið löglega birt 4 af mönnum þeim, sem eru í hinni stefndu hreppsnefnd, þar sem eigi sjáist af vottorðunum, að stefnan hafi verið birt mönnum þessum á heimilum þeirra. Þessi vefenging á lögmæti stefnubirtingarinnar fyrir nokkrum af hreppsnefndarmönnunum getur þó eigi orðið til þess, að málinu verði vísað frá yfirdómi, með því að stefnan hefir ómótmælt verið löglega birt fyrir oddvita nefndarinnar, en það nægir samkvæmt stöðu hans í nefndinni, að honum einum sé birt stefna til hreppsnefndarinnar, sbr. 11. og 12. gr. tilsk. um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872. Frávísunarkrafa talsmanns hreppsnefndarinnar verður því eigi tekin til greina, en honum ber, samkvæmt varakröfu hans, að veita hæfilegan frest til andsvara í aðalefni málsins.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa hins skipaða talsmanns hreppsnefndarinnar verður eigi tekin til greina, en honum veitist hæfilegur frestur til andsvara í aðalefni málsins.

Mánudaginn 3. marzmánaðar.

Nr. 41/1901. Þórður J. Thoroddsen
gegn
Kristjáni Ó. Þorgrímssyni fyrir hönd
sýslumanns Franz Siemsens.

Dómur:

Með gestaréttardómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, uppkveðnum 5. ágústm. f. á., var áfrýjandinn Þórður læknir Thoroddsen dæmdur til að greiða hinum stefnda kaupmanni Kr. Ó. Þorgrímssyni fyrir hönd fyrverandi sýslumanns Franz Siemsens skuld að upphæð 70 kr. 4 a. með vöxtum 5 af hundraði frá 13. júní f. á. til borgunardags og 20 kr. í máls kostnað. Dómi þessum hefir Þórður læknir Thoroddsen skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 30. sept. f. á., og krafist þess, að honum verði breytt þannig, að hann verði með eða án synjunarreiðs alsýknaður af kröfum stefnda, og að stefndi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Stefndi kaupmaður Kr. Ó. Þorgrímsson fyrir hönd fyrverandi sýslumanns Franz Siemsen á hinn bóginn krafist þess, að gestaréttardómurinn verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi.

Á uppboði á lausafé tilheyrandi þrotabúi Jóns Eyjólfssonar í Sjóbúð í Garði í Gullbringusýslu, sem haldið var 4. ágústm. 1893 af Franz Siemsen sem hlutaðeigandi sýslumanni, keypti áfrýjandinn Þórður J. Thoroddsen smáfisk og þorsk fyrir 163

kr. 50 a., og varð uppboðsskuld hans með innheimtugjaldi alls kr. 170,04, en sýslumaðurinn, Franz Siemsen, var innheimtumaður. Upp í skuld þessa borgaði áfrýjandinn 100 kr. hinn 1. ágúst 1897, en eftirstöðvarnar, kr. 70,04, telur stefndi enn óborgaðar, og hefir því samkvæmt innheimtu-umboði frá Franz Siemsen lögsótt áfrýjanda til greiðslu á þeim, og hefir héraðsdómarinn tekið kröfu hans til greina, eins og áður er sagt.

Áfrýjandinn hefir viðurkent það, að hann hafi skuldað Franz Siemsen sem eftirstöðvar af uppboðsskuldinni 70 kr. 4 a. hinn 1. ágústm. 1897. En hann heldur því fram, að hann hafi sama haustið afhent Franz Siemsen reikning til sýslusjóðs Gullbringu- og Kjósarsýslu að upphæð kr. 80,90, fyrir ferðir, meðul og læknishjálp við hettusóttarsjúklinga, sem höfðu verið einangraðir að yfirvaldsboði, og hafi hann ætlast til, að reikningsupphæð þessi gengi til borgunar á uppboðsskuldinni, og hafi sýslumaður lofað, að svo skyldi vera og greitt honum afganginn af reikningsupphæðinni í peningum. Hefir áfrýjandinn til stuðnings þessari sögusögn sinni skírskotað til staðfestrar útskriftar úr reikningsviðskiftabók sinni, þar sem hann hefir við 1. okt. 1897 ritað: »Mér borgað af sýslumanni (Jón Eyj. + pen.) kr. 80,90«, og eiga innskotsorðin að benda til þess, að skuld til bús Jóns Eyjólfssonar (uppboðsskuldin) hafi verið kvittuð með reikningsupphæðinni. Sömuleiðis hefir hann til styrkingar skýrslu sinni tekið það fram, að þeir stefndi (sýslumaður Franz Siemsen) hafi gert upp öll viðskifti

þeirra á milli um það leyti er sýslumaður skilaði af sér sýslunni 1899, og hafi sýslumaður eftir þeirri uppgerð skuldað áfrýjanda tæpar 400 kr., sem hann hafi borgað sér að fullu, og hafi þó verið í þessum 400 kr. innieign áfrýjanda og annara, er hann átti að taka peninga fyrir, frá þessu sama búi, Jóns Eyjólfssonar í Sjóbúð, sem uppboðsskuldin stafaði frá. Heldur áfrýjandi því fram, að þessi skuldauppgjörð og greiðsla sýni ljóslega, að sýslumaður hafi ekki talið til skuldar hjá sér þá (1899) og sízt fyrir bú það, er hann greiddi honum fé úr eftir uppgjörðinni. Stefndi hefir afdráttarlaust neitað því, að borgun hafi átt sér stað á hinni umkröfðu skuld með skuldajöfnuði, á þann hátt, er áfrýjandi hefir haldið fram, og hefir hann lagt fram til sönnunar sínu máli umræddan sóttvarnarkostnaðarreikning, að upphæð kr. 80,90, með áritaðri kvittun áfrýjanda. Sannar þessi kvittun áfrýjanda á reikningnum að vísu eigi, að eigi hafi átt sér stað skuldajöfnuður við greiðslu hans, en þar sem áfrýjandi hefir eigi getað sýnt kvittun fyrir uppboðsskuldareftirstöðvunum, sem upphæðin á að mestu að hafa gengið til að borga, þá hvílir auðvitað á honum sönnunarbyrðin, að því leyti sem hann heldur því fram, að eftirstöðvarnar hafi verið borgaðar með téðum skuldajöfnuði. En þó að áfrýjandi hafi eigi getað sýnt kvittun fyrir uppboðsskuldareftirstöðvunum, þá virðist hann þó hafa leitt töluverðar líkur að því, að skuldinni hafi verið lokið á þann hátt, er hann hefir skýrt frá, og er sérstaklega í því tilliti þýðingarmikil tilvísun hans til uppgjörð-

arinnar á öllum viðskiftum þeirra sýslumanns 1899, er sýslumaður slepti sýslunni, því það verður að telja mjög ósennilegt, að sýslumaður hefði við þetta tækifæri greitt áfrýjanda innieignir hans allar í sama búinu, sem uppboðsskuldarupphæðin átti að renna til, án þess að þessi skuld, sem löngu var fallin í gjalddaga, væri borguð um leið, og hefir þó sýslumaður kannast við að hafa munað eftir uppboðsskuldinni við þetta tækifæri. Þegar í sambandi við þetta er athuguð tilfærsla áfrýjanda í reikningsviðskiftabók hans, sem stefndi hefir eigi beinlínis neitað að væri sönn, þó að hann mótmælti gildi hennar með almennum orðatiltækjum, þá þykir rétt að láta úrslit þessa máls vera komin undir eiði áfrýjanda, eins og hann hefir krafist til vara, þannig, að ef áfrýjandi synjar fyrir það með eiði, að hann hafi meðtekið meira í peningum af sýslumanni, af upphæð fyrtéðs sóttvarnarkostnaðarreiknings, en (kr. 80,90 ÷ kr. 70,04 =) kr. 10,86, þá skuli hann vera sýkn af kærum og kröfum stefnda í máli þessu, og ber þá stefnda að greiða honum í málskostnað 30 krónur; en treysti hann sér eigi til vinna svofeldan eið, á gestaréttardómurinn að vera óraskaður, og ber þá áfrýjanda að greiða stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Ef áfrýjandinn Þórður J. Thoroddsen héraðslæknir eftir löglegan undirbúning á sínu varnarþingi vinnur eið að því, að hann hafi

eigi meðtekið meira í peningum af sýslumanni Franz Siemsen af upphæð sóttvarnarkostnaðarreiknings þess, að upphæð kr. 80,90, er um er getið í málinu, en kr. 10,86, þá skal hann vera sýkn af kærum og kröfum stefnda Kristjáns Ó. Þorgrímssonar fyrir hönd sýslumanns Franz Siemsens, og skal stefndi þá greiða honum í málskostnað 30 krónur; en treysti áfrýjandi sér eigi til að vinna svofeldan eið, á gestaréttardómurinn að vera óraskaður, og ber þá áfrýjanda að greiða stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 45/1901: Skúli Árnason
gegn
Birni Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði í héraði Skúli Árnason, héraðslæknir í Grímsnesslæknishéraði, gegn Birni ritstjóra Jónssyni út af ummælum um hann í blaðinu Ísafold, er hann taldi meiðandi fyrir sig, og var málið dæmt fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 25. apríl f. á. með þeim úrslitum, að Björn ritstjóri Jónsson var dæmdur sýkn af kærum og kröfum Skúla héraðslæknis Árnasonar og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir Skúli læknir Árnason áfrýjað til landsyfirréttarins með stefnu, dags. 23. okt f. á. og krafist, að Björn ritstjóri Jónsson verði dæmdur til sektar og að ummæli þau, sem áfrýjandi telur meiðandi fyrir sig, verði dæmd dauð og marklaus og að stefnda verði gjört að greiða málskostnað fyrir báðum réttum. Áfrýjandi hefir fengið gjafsókn fyrir báðum dómum og skipaðan málflutningsmann. Stefndi hefir hins vegar krafist, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður.

Í 62. tölubl. 27. árg. blaðsins Ísafold er, í grein einni með fyrirsögn »Skarlatssóttin«, eftir að sagt er frá, að skarlatssóttin sé farin að dreifa sér í Árnessýslu og að hún hafi gjört vart við sig snemma í sumar á Húsatóttum á Skeiðum, og að bær þessi hafi verið sóttkvíaður að undirlagi héraðslæknis — komist svo að orði um áfrýjanda: »en aldrei kvað hann hafa þar komið í sumar, fyr né síðar, og eftirlitið þá líklega slælegt«. Það eru þessi ummæli, sem áfrýjandi telur meiðandi fyrir sig.

Það er sannað í málinu, að bóndinn á Húsatóttum sagði frá því hér í Reykjavík, þá er skarlatssótt var nýlega um garð gengin á nefndum bæ, að áfrýjandi hefði ekki komið á heimili hans fyr en sjúkling eða sjúklingum þeim, sem veikst höfðu af skarlatssóttinni, hefði verið batnað, og það er þessi sögusögn bóndans á Húsatóftum, sem Ísafold hefir haft eftir, en hefir svo bætt við þeirri ályktun, að eftirlitið (með veikinni) hafi þá líklega

verið slælegt. Stefndi, ritstjóri »Ísafoldar«, sem ber ábyrgð á hinum átöldu ummælum, hefir þannig að eins skýrt frá því, sem bóndinn á Húsatóftum hafði sagt frá, án þess með einu orði að kveða nokkurn dóm upp um, hvort það myndi á rökum bygt eða ekki, og virðist það ekki geta bakað honum lagaábyrgð; og þótt hann bætti þeirri athugasend við, að eftirlitið myndi þá líklega hafa verið slælegt, þá virðist það ekki heldur geta sakfelt hann, þar sem hún er eðlileg ályktun, nátengd við sögusögn bóndans á Húsatóttum, og auðsjáanlega ekki rituð í neinum meiðandi tilgangi.

Það verður því, þar sem yfirdómurinn einnig felst á ákvæði bæjarþingsdómsins um málskostnað, að öllu leyti að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eftir atvikum eiga að falla niður, og verður hinum skipaða málsfærslumanni áfrýjanda eftir þessum úrslitum málsins ekki dæmd nein málflutningslaun.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 17. marzmánaðar.

Nr. 50/1901: Tryggvi Gunnarsson
gegn
Sigurði Thoroddsen.

Dómur:

Mál þetta höfðaði verkfræðingur Sigurður Thoroddsen fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur gegn bankastjóra Tryggva Gunnarssyni fyir meiðyrði um sig í grein í 55. árg. 10. tölubl. blaðsins »Þjóðólfur«, sem út kom 1. marz f. á., með fyrirsögninni »Þyrnar milli rósa« og var málið dæmt í nefndum rétti 29. ágúst f. á. með þeim úrslitum, að hin átöldu ummæli voru dæmd dauð og ómerk og áfrýjandi dæmdur til að greiða 30 kr. sekt í landssjóð eða sæta til vara 6 daga einföldu fangelsi; svo skyldi og áfrýjandi greiða stefnda í málskostnað 15 krónur.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 26. nóvember f. á., og hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum, að hinn áfrýjaði dómur verði feldur úr gildi og hann algerlega sýknaður af kærum og kröfum stefnda í málinu, en stefndi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir undir- og yfirdómi eftir mati réttarins. Hinn stefndi hefir á hinn bóginn krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi.

Hin átöldu ummæli í téðri blaðagrein, sem er undirskrifuð »Tr. G.« og áfrýjandi hefir kann-

ast við að hann sé höfundur að og beri ábyrgð á, eru þessi: »en orsökin til þess« (að uppástunga áfrýjanda á alþingi, um að veitt væri fé til að gera þurra skipakví, var álitin þar óundirbúin), »var sú, að þau tvö skifti um veturinn áður, sem 3000 kr. maðurinn var beðinn að skoða hinn fyrirhugaða stað, sem liggur svo nálægt Rvík, að fara má þangað á rúmum ½ kl.tíma, þá þurfti hann að leika »komedíu« og hvíla sig á »sofanum««. Það er viðurkent að með þessum ummælum sé átt við stefnda (sbr. 3000 kr. maðurinn), og eftir því sem framkomið er í málinu, verða þau að teljast ósönn. Og þar sem ummælin verða að skiljast á þann veg, að með þeim sé dróttað að stefnda, sem er opinber starfsmaður, að hann hugsi mest um skemtanir og sé latur, þá eru þau mjög móðgandi fyrir hann og óvirðandi, og ber því að dæma þau ómerk og sekta fyrir þau, eins og undirdómarinn hefir gjört. Þykir sektin, sem í undirdóminum er gerð, ekki of hátt ákveðin 30 kr. samkv. 219. gr. hegningarlaganna, og með því yfirdómurinn einnig felst á vararefsinguna og á málskostnaðarákvæði dómsins, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að öllu leyti. Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda og að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Afrýjandinn, Tryggvi bankastjóri Gunnarsson,

greiði og stefnda Sigurði verkfræðing Thoroddsen málskostnað fyrir yfirdómi með 20 kr. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 46/1901. Ólafur Arnason
gegn
Snjáfríði Gísladóttur.

Dómur:

Mál þetta höfðaði kaupmaður Ólafur Árnason á Stokkseyri fyrir lögreglurétti Reykjavíkur kaupstaðar gegn stúlkunni Snjáfríði Gísladóttur fyrir það, að hún hafi hlaupið úr vist frá sér, er hún hafi verið ráðin í fyrir vistarárið frá 14. maí 1901 til sama tíma 1902, og var málið útkljáð með lögregluréttardómi nefnds kaupstaðar 2. septbr. 1901, og urðu þau málalok, að Snjáfríður Gísladóttir skyldi, ef hún eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu synjaði fyrir það með eiði, að hún hefði verið vistráðin nefnt ár hjá Ólafi Árnasyni gegn 60 kr. árskaupi, vera sýkn af kröfum hans í málinu og málskostnaður þá falla niður, en ella greiða honum 55 kr. fyrir vistarrof og 10 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir Ólafur Árnason áfrýjað til landsyfirréttarins með stefnu dagsettri 12. nóvember f. á. og krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur og honum þannig breytt, að hin stefnda verði dæmd til að greiða honum 55 kr.

fyrir vistarrof og allan málskostnað fyrir báðum réttum með 75 kr. eða einhverju nægilegu eftir mati réttarins. Hins vegar hefir stefnda Snjáfríður Gísladóttir krafist, að hún verði sýkn fundin af kærum og kröfum stefnandans í þessu máli og hann dæmdur í málskostnað að skaðlausu fyrir báðum réttum, en hún hefir ekki gagnáfrýjað málinu, og verður því krafa hennar að skiljast á þá leið, að lögregluréttardómurinn verði staðfestur.

Stefnda Snjáfríður Gísladóttir fór sem vinnukona til áfrýjanda á vinnuhjúaskildaga 1901, en hér um bil mánuði seinna fór hún burt úr vistinni, að hún segir sökum þess, að hún hafi eigi séð sér fært að vera lengur í henni vegna framkomu húsmóðurinnar við sig, enda hafi hún ekki verið ráðin til áfrýjanda nema um óákveðinn tíma. En áfrýjandi heldur því fram, að hún hafi verið vistuð til árs gegn 60 kr. kaupi.

Með framkomnum vitnisburðum og vottorðum er það sannað, að stefnda hefir sagt það ýmsum, að hún væri ráðin í ársvist hjá áfrýjanda með 60 kr. kaupi, en þar sem stefnda kveðst hafa sagt mönnum þetta að eins til þess að láta eigi bera á því, að hún var í raun og veru óvistuð og í ólöglegri lausamensku, þá verður eigi álitin fengin full sönnun fyrir fullyrðingu áfrýjanda með téðum skýrslum og vottorðum, en svo miklar líkur verða hins vegar að teljast með þeim fram komnar gegn stefndu, að það virðist rétt, að úrslit málsins verði látin vera komin undir eiði hennar, eins og undirdómarinn hefir gjört, og með því yfirdómurinn

einnig felst á ákvæði undirdómsins að því til málskostnaðar kemur, ber að öllu leyti að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Vinni stefnda eið þann, sem henni er gjörður, virðist áfrýjandi eiga að greiða henni málskostnað fyrir yfirdómi, sem virðist hæfilega ákveðinn 15 krónur, en vinni hún ekki eiðinn, skal málskostnaður fyrir yfirdómi falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Vinni stefnda Snjáfríður Gísladóttir eið þann, sem undirdómarinn hefir gert henni, ber áfrýjanda Ólafi Árnasyni að greiða henni málskostnað fyrir yfirdómi með 15 krónum. Að öðrum kosti falli málskostnaður fyrir yfirdómi niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 21. aprílmán.

Nr. 49/1901. Einar Finnsson
gegn
bæjarfógeta Halldóri Daníelssyni f. h.
bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

Dómur:

Þegar kjörskrá til alþingis var samin fyrir Reykjavíkurkaupstað fyrir árið 1901—1902, var áfrýjanda þessa máls, verkstjóra Einari Finnssyni, slept af skránni. Hann kærði þá yfir þessu til

bæjarstjórnarinnar í Reykjavík, en hiun 17. maí f. á. lagði bæjarstjórnin þann úrskurð á málið, að honum hefði verið slept réttilega af skránni vegna yfirréttardóms 5. nóv. 1900. Þá höfðaði Einar Finnsson mál á móti bæjarstjórninni fyrir gestaréttí Reykjavíkur, til þess að fá hana skyldaða til að taka sig upp á alþingiskjörskrána, en með dómi gestaréttarins, uppkveðnum 3. ágústmán. f. á., var þessari kröfu hans hrundið og jafnframt var hann skyldaður til að greiða 8 kr. í málsvarnarlaun til hins skipaða verjanda bæjarstjórnarinnar, yfirréttarmálafærslumanns Odds Gíslasonar. Dómi þessum hefir Einar Finnsson skotið til yfirréttarins með stefnu, útgefinni 26. nóv. f. á., og krafist þess hér fyrir réttinum, að gestaréttardómurinn verði feldur úr gildi, að það verði ákveðið með dómi yfirréttarins, að áfrýjandinn skuli tekinn upp á alþingiskjörskrá Reykjavíkur, og að bæjarstjórnin verði skylduð til að greiða allan af málinu leiðandi kostnað bæði fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins. Af bæjarstjórnarinnar hálfu hefir þess verið krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað eftir mati dómsins.

Með áminstum yfirréttardómi, uppkveðnum 5. nóv. 1900, sem eigi hefir verið áfrýjað, var áfrýjandi dæmdur í 14 daga einfalt fangelsi fyrir brot gegn 259. gr. í almennum hegningarlögum 25. júní 1869, og er afbroti hans lýst þannig í dómnum, að hann, sem árin 1898 og 1899 hafði á hendi ráðningu verkamanna til vegavinnu fyrir

landssjóðinn, hafi ráðið einn mann í vinnuna á þann hátt, að hann var kallaður maður áfrýjanda og tók áfrýjandi kaup hans til sín, 2 kr. 75 a. fyrir hvern dag, en borgaði manninum að eins 2 kr. um daginn í daglaun, og segir svo í dómnum, að með þessari aðferð hafi ákærði dregið sér sviksamlega fé úr landssjóði og hafi bakað sér með því refsingu, og síðar segir í dómnum, að ákærði hafi gjört sig sekan í sviksamlegum fjárdrætti að því er snertir kaupgreiðslu áður umgetins verkamanns. Yfirdómurinn verður að álíta, að verknaður sá, sem áfrýjandi þannig hefir verið dæmdur sekur fyrir, sé svívirðilegur að almenningsáliti, sbr. lög um kosningar til alþingis 14. sept. 1877, 2. gr., og að áfrýjandi verði eigi talinn hafa óflekkað mannorð, meðan hann hefir eigi fengið uppreist æru sinnar, sbr. stjórnarskrána 5. jan. 1874, 17. gr., og samkvæmt þessu verður það að álítast rétt, að honum var synjað um upptöku á alþingiskjörskrá Reykjavíkurkaupstaðar. Það verður því að staðfesta hinn áfrýjaða gestaréttardóm bæði að þessu leyti, og að því er málsvarnarlaunin snertir. Svo þykir og rétt eftir þessum úrslitum, að áfrýjandi greiði stefnda 8 krónur sem málskostnað fyrir yfirdómi.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi Einar Finnsson greiði stefnda bæjarfógeta Halldóri Daníelssyni fyrir hönd bæj-

arstjórnarinnar í Reykjavík 8 krónur sem málskostnað fyrir yfirdómi.

Hinn dæmdi kostnaður og málsvarnarlaun greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. maímánaðar.

Nr. 6/1902. W. Ó. Breiðfjörð gegn Sigurði Thoroddsen.

Dómur:

Hinn 28. f. m. átti að taka mál þetta fyrir í yfirdóminum, en áfrýjandinn, kaupmaður W. Ó. Breiðfjörð í Reykjavík, sem hafði haft frest í málinu og fengið skjöl málsins að láni, mætti þá eigi í réttinum og enginn af hans hendi. Stefndi, Sigurður verkfræðingur Thoroddsen, sem mætti í réttinum, krafðist þess þá, að málið væri hafið og áfrýjandinn dæmdur til að greiða sér hæfilegan kost og tæringu. Þessa kröfu stefnda ber að taka til greina, og þykir hæfilegt, að áfrýjandi greiði honum í kost og tæringu 12 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Mál þetta skal vera hafið. Áfrýjandinn kaupmaður W. Ó. Breiðfjörð greiði stefnda Sigurði verkfræðing Thoroddsen í kost og tæringu 12

krónur, er lúkist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 26. maímánaðar.

Nr. 5/1902: Réttvísin
gegn
Sigurgeir Sófusi Gissurarsyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Eyjafjarðarsýslu, uppkveðnum 10. janúar þ. á., var hinn ákærði Sigurgeir Sófus Gissurarson í Skjaldarvík, dæmdur fyrir þjófnað samkvæmt 230. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, sbr. við 38. gr. sömu laga, í 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað, þar á meðal 5 kr. til skipaðs talsmanns síns í héraði, Júlíusar amtsskrifara Sigurðssonar. En þessum dómi hefir eftir ósk ákærða verið áfrýjað til yfirdómsins af hálfu réttvísinnar.

Það er með eigin játningu ákærða og öðrum skýrslum í málinu sannað, að hann haustið 1900 stal gullhring, 5 króna virði, í baðstofunni á Efsta-Samtúni í Glæsibæjarhreppi, þar sem hann hafði verið nætur sakir, og hékk hringurinn þar á nagla í baðstofunni. Ákærði var þegar grunaður um að hafa tekið hringinn, og játaði það einnig og skilaði honum aftur nokkru síðar eigandanum. Þá stal og ákærði snemma í júnímánuði f. á. mórauð-

um fingravetlingum í stofu á Skútum, þar sem hann var gestkomandi, en hann varð einnig brátt uppvís að þeim stuldi og játaði hann á sig, og voru vetlingarnir, sem hann hafði látið fyrir greiða, innleystir af unnustu hans og fengnir eigandanum. Ákærði hefir einnig kannast við að hafa tekið leyfislaust annara manna hesta til brúkunar, en með því að engin kæra hefir fram komið um málssókn gegn honum fyrir þann verknað frá hálfu þeirra, er hestana áttu, kemur það brot hans eigi til álita í þessu máli. Og þar sem ákærði er kærður í máli þessu fyrir flakk, hefir ekkert sannast á hann í því tilliti, er refsingardómur verði á bygður.

Ákærði er fæddur 24. júní 1883 og var þannig eigi fullra 18 ára, er hann framdi þjófnaðarafbrot þau, er á hann hafa sannast. Þykir hegning sú, er hann hefir til unnið, samkvæmt 230. gr. sbr. 38. gr. hegningarlaganna, sem réttilega er vitnað til af undirdómaranum, hæfilega ákveðin í aukaréttardóminum 5 daga fangelsi við vatn og brauð, og með því að yfirdómurinn einnig felst á ákvæði dómsins um málskostnaðinn, ber að staðfesta hann að öllu leyti. Ákærða ber og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Ákærði Sigurgeir Sófus Gissurarson greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 8/1902: Réttvísin gegn Stefáni Jónssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Þingeyjarsýslu, uppkveðnum 18. nóvbr. f. á., var hinn ákærði, Stefán bóndi Jónsson á Skinnalóni, sem er skipaður stefnuvottur í Presthólahreppi, dæmdur fyrir óhlýðni við löglegar fyrirskipanir yfirboðara sinna samkv. 143. sbr. við 145. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 í 15 kr. sekt til landssjóðs eða til vara í 4 daga einfalt fangelsi, svo og til að greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað. Þessum dómi hefir eftir ósk hins ákærða verið áfrýjað til yfirdómsins.

Með bréfi dags. 24. janúar f. á. sendi hreppstjórinn í Presthólahreppi ákærða, sem, eins og áður er sagt, var skipaður stefnuvottur þar, hæsta-

réttardómsgjörðir í sakamáli og skoraði á hann, eftir undirlagi sýslumanns, að birta hæstaréttardóminn á löglegan hátt hinum dómfelda, ásamt hinum stefnuvottinum í hreppnum. Ákærði sinti að engu bréfi þessu, og ítrekaði þá hreppstjórinn áskorun sína í bréfi dags. 18. febr. næst á eftir, en ákærði svaraði því þá bréflega á þá leið, að hann mundi eigi birta dóminn fyr en hann fengi borgun greidda fyrirfram fyrir birtinguna. Hinn 1. apríl s. á. tilkynti hreppstjórinn ákærða bréf sýslumanns, þar sem hann tekur það fram, að eigi geti komið til mála, að ákærði geti heimtað fyrirfram borgun fyrir birtingu á dómum í sakamálum, er hið opinbera annist birting á, og að framferði ákærða geti bakað honum ábyrgð. Jafnframt skoraði hreppstjórinn í bréfinu á ákærða að framkvæma birtinguna tafarlaust. Ákærði endursendi þá hreppstjóranum dómsgjörðirnar, en birti eigi dóminn að heldur. Loks ritaði sýslumaður ákærða bréf 28. maí f. á. og skipaði honum eftir fyrirlagi amtmanns, er hann hafði borið málið undir, að birta tafarlaust sakamálsdóminn, og skýrði honum frá því um leið, að amtmaður hefði fyrirskipað sakamálshöfðun gegn honum, ef hann eigi hlýðnaðist skipuninni. Með þetta bréf fór hreppstjóri Presthólahrepps sjálfur til ákærða og reyndi að fá hann til að vera með sér að birtingu dómsins, en ákærði neitaði enn að framkvæma birtinguna, nema því að eins að hann fengi birtingarkostnaðinn fyrirfram borgaðan, og gaf hann hreppstjóranum skriflega yfirlýsingu sína þar

að lútandi. Var síðan birtingin á umræddum sakamálsdómi framkvæmd af öðrum.

Með greindu framferði sínu hefir ákærði, sem er opinber sýslunarmaður, sýnt ítrekaða óhlýðni við löglegar skipanir yfirboðara sinna, og með því gerst brotlegur gegn fyr tilvitnuðum greinum alm. hegningarlaga, og þykir refsing sú, sem hann, er kominn er langt yfir lögaldur sakamanna, hefir til unnið, hæfilega ákveðin 50 kr. sekt til landssjóðs eða 15 daga einfalt fangelsi, ef sektin er eigi öll greidd í tæka tíð. Með því að yfirdómurinn felst á málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með greindri breytingu á refsingunni. Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður, þó þannig, að hin ídæmda sekt sé 50 kr. og vararefsingin 15 daga einfalt fangelsi. Ákærða ber og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda málsins fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra. Ídæmd sekt greiðist

innan 8 vikna frá lögbirtingu dómsins og honum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 2. júnímánaðar.

Nr. 43/1901. Oddur Gíslason fyrir hönd H. Th. A. Thomsens verzlunar í Reykjavík gegn Finnboga Árnasyni.

Dómur:

Með skjali, dags. 12. maí 1900, gekk stefndi Finnbogi Árnason húsmaður í Reykjavík í ábyrgð fyrir skilvísa borgun á því, sem tengdasonur hans, þáverandi kaupmaður hér í bænum, Runólfur Pétursson, kynni að fá til láns eða í umboðssölu frá verzlun H. Th. A. Thomsens. Fám dögum síðar hófust síðan töluverð viðskifti af Runólfs hendi við verzlunina með vöruúttekt og jafnaðarlegum innborgunum, sem hélzt til loka ársins, en hætti þá algjörlega, og var þá Runólfur orðinn skuldugur verzluninni um 1871 kr. Runólfur gaf út 9. maí f. á. skriflega viðurkenningu um að hann skuldaði verzluninni téða upphæð, en með því að hann lét hana ógreidda, var af áfrýjanda látin fram fara kyrsetningargjörð hjá honum 10. júní s. á., en Runólfur gat þá eigi vísað á neitt til tryggingar skuldinni nema lítilfjörlega muni, sem virtir voru samtals á 11 kr. 50 a. Áleit þá áfrýjandinn, að aðgangurinn væri að stefnda sem ábyrgðarmanni fyrir skuldinni, og með því að stefndi vildi eigi

góðfúslega verða við áskorun hans um borgun á henni, höfðaði hann mál þetta gegn honum fyrir bæjarþingi Reykjavíkur til greiðslu á skuldaruppháðinni, 1871 kr., með 6% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, kostnaði við kyrsetningargjörðina og málskostnaði að skaðlausu, og var mál þetta dæmt fyrir téðum rétti 22. ágúst f. á., þannig að stefndi skyldi að svo stöddu vera sýkn af kröfum áfrýjandans og málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 14. okt. f. á., og hefir hann krafist þess fyrst og fremst, að stefndi verði álitinn hafa með ábyrgðarskjalinu 12. maí 1900 tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuld Runólfs Péturssonar og verði því dæmdur til að greiða H. Th. A. Thomsensverzlun eða honum (áfrýjanda) fyrir hennar hönd alla hina umstefndu skuld, 1871 kr., ásamt 6% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og málskostnað eftir mati yfirdómsins; en verði öðruvísi litið á nefnt ábyrgðarskjal, krefst áfrýjandinn til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða verzluninni eða sér fyrir hönd hennar 1859 kr. 50 a. ásamt 6% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og allan kostnað af málinu. Af stefnda hálfu hefir þess aftur á móti verið krafist, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur í málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Áfrýjandinn hefir fyrst og fremst haldið því fram, að stefndi hafi með fyrgreindu ábyrgðar-

skjali tekið á sig sjálfskuldarábyrgð fyrir skuld Runólfs Péturssonar til Thomsens verzlunar; en eftir því sem skjalið er orðað, verður yfirdómurinn að vera samdóma undirdómaranum um það, að eigi sé heimild til að álíta, að það leggi stefnda frekari ábyrgð fyrir skuldinni á herðar en einfalda ábyrgð. Aðalkrafa áfrýjandans verður því eigi tekin til greina. Hins vegar skal það þegar tekið fram, að þar sem málaflutningsmenn stefnda fyrir undir- og yfirdómi hafa viljað draga það í efa, eða telja það hæpið, að ábyrgðarskjalið sé að nokkru gilt, sökum þess, að eigi sé vottað á það, að það hafi verið lesið upp fyrir stefnda, sem þeir telja ólæsan og óskrifandi, áður en hann handsalaði nafn sitt undir það, þá er þessi lauslega vefenging á gildi ábyrgðarskjalsins þýðingarlaus þegar af þeirri ástæðu, að því hefir eigi verið neitað af stefnda hálfu, að honum hafi verið kunnugt innihald skjalsins, er hann lét rita nafn sitt undir það, enda er það upplýst með vitnisburðum vitundarvottanna, sem undir skjalið hafa ritað, að það hafi verið upplesið fyrir stefnda áður en hann handsalaði nafn sitt undir það.

Stefndi hefir enn fært það til sem vörn gegn því, að hann verði skyldaður til að greiða hina umstefndu skuld, að krafa Thomsens verzlunar falli eigi inn undir ákvæði ábyrgðarskjalsins og verði því að teljast óviðkomandi ábyrgðarskuldbindingu hans, þótt hún væri að öðru leyti álitin að nokkru gild, og í öðru lagi hefir hann haldið því fram, að engin sönnun sé enn fengið fyrir því, að Run-

ólfur Pétursson hefði eigi getað borgað skuldina sjálfur eða eitthvað af henni, og geti áfrýjandi því eigi að svo komnu máli snúið sér um borgunina að einfaldri ábyrgð sinni á greiðslu hennar.

Um hina fyrri varnarástæðu stefnda skal það tekið fram, að áfrýjandi hefir fyrir yfirdóminum, að fengnu leyfisbréfi til að leggja þar fram ný skjöl og skílríki, sannað það, með því að leggja fram viðskiftabók stefnda við verzlun H. Th. A. Thomsens og staðfestan útdrátt úr löggiltri höfuðbók téðrar verzlunar, að Runólfur Pétursson hefir fengið til láns í reikning við verzlun H. Th. A. Thomsens töluvert af vörum á tímabilinu frá 16. maí 1900 (4 dögum eftir útgáfu ábyrgðarskjalsins) til 31. desbr. s. á. og að hann skuldaði verzluninni þá (31. desbr. 1900), að frádregnu því er hann smátt og smátt hafði borgað upp í skuldina, 1871 kr., og með því að þetta er sama upphæðin, sem stefndi er krafinn um í máli þessu og sem Runólfur Pétursson hefir viðurkent með skjali 9. maí f. á. að hann skuldi verzluninni, getur enginn vafi leikið á því, að ábyrgð stefnda, sem ræðir um það, er Runólfur kynni að fá *til láns* eða í umboðssölu við verzlunina, taki til skuldar þessarar, sem hér er sakarefni.

Viðvíkjandi hinni síðari varnarástæðunni, er stefndi hefir borið fyrir sig, er það að segja, að, eins og fyr er sagt, lét áfrýjandinn fara fram kyrsetningargjörð hjá Runólfi Péturssyni 10. júní f. á. í því skyni, að innheimta skuldina hjá honum eða fá trygging fyrir skuldinni, en Runólfur gat

þá eigi vísað á neitt sem hann ætti upp í skuldina annað en lítilfjörlega muni, er virtir voru á 11 kr. 50 a., og hefir áfrýjandinn dregið þessa upphæð frá skuldinni, svo að varakrafa hans hér fyrir réttinum er um 1859 kr. 50 a., auk vaxta. Stefndi hefir nú neitað því, að áfrýjandi hafi með kyrsetningargjörð þessari sannað »insolvens« Runólfs eða að Runólfur hafi verið ófær um að borga skuldina til Thomsens verzlunar, og hefir hann í þessu sambandi bent til þess, *að* vanrækt hafi verið með gjörðinni að kyrsetja verzlunarbækur Runólfs, þar sem hann hafi átt töluverðar útistandandi skuldir eftir þeim hjá ýmsum mönnum, *að* Runólfur hafi átt peninga hjá bróður sínum, sem hafi borgað honum síðar með því að greiða fyrir hann fargjald til Ameríku fyrir hann og konu hans, og *að* Runólfur hafi átt innanstokksmuni í öðrum húsum, sem hann hafi eigi vísað á við kyrsetningargjörðina. Þessar fullyrðingar stefnda um, að Runólfur hafi eigi skýrt rétt frá um fjárhag sinn við kyrsetningargjörðina, styðjast þó eigi við neitt, sem fram komið er í málinu. Þannig hefir stefndi, sem hafði Runólf, tengdason sinn, í húsum sínum, er kyrsetningin fór fram og þangað til Runólfur skömmu síðar fór til Ameríku, og því hlaut að vera kunnugt um hagi hans, eigi skýrt frekara frá því, hvar innanstokksmunir þeir, er Runólfur á að hafa átt og eigi sagt til, hafi verið niður komnir, þegar kyrsetningin var gjörð, og hefir áfrýjanda því eigi gefist kostur á að rannsaka sannindi þeirrar fullyrðingar. Engin átylla

er heldur fyrir því, að ætla að Runólfur hafi átt hjá bróður sínum fargjald það, er þessi bróðir hans greiddi fyrir hann og konu hans. Og viðvíkjandi verzlunarbókum Runólfs virðast skýrslur málsins benda ótvíræðlega á það, að Runólfur sjálfur hafi álitið þær einskis virði, þar sem hann eigi hirti neitt um þær eða hafði þær með höndum eftir kyrsetningargjörðina, og voru þær geymdar hjá óviðkomandi manni, þangað til stefndi tók þær til sín eftir að mál þetta var byrjað, en áfýjandi hefir, þótt hann hafi mælst til þess af stefnda í málinu, eigi fengið að sjá og rannsaka bækurnar. Þegar litið er á alla þessa málsfærslu stefnda, sem, eins og áður er tekið fram, má ætla að hafi verið mjög kunnugur högum Runólfs, þá virðist mega ganga út frá því, að upplýsingar þær, er fram komu við kyrsetningargjörðina 10. júní f. á. um eignaleysi Runólfs, hafi verið réttar, sbr. einnig lög um ýmisleg atriði, er snerta gjaldþrotaskifti, 13. apríl 1894, 3. gr., og að Runólfur hafi eigi átt annað til að borga með skuld sína til Thomsens verzlunar en það, sem hann þá taldi fram. Það verður því að fallast á það, að áfrýjandi hafi haft rétt til að beina máli þessu að stefnda og krefja hann um hina umstefndu skuld, og ber samkvæmt varakröfu áfrýjanda að dæma stefnda til að greiða honum fyrir hönd H. Th. A. Thomsens verzlunar 1859 kr. 50 a. ásamt 6% vöxtum af upphæð þessari frá sáttakærudegi 14. júní f. á. til borgunardags og í málskostnað fyrir yfirdómi 40 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Finnbogi Árnason greiði áfrýjandanum yfirréttarmálaflutningsmanni Oddi Gíslasyni fyrir hönd H. Th. A. Thomsens verzlunar 1859 kr. 50 a. ásamt 6% vöxtum á ári af upphæð þessari frá 14. júní f. á. til borgunardags og í málskostnað fyrir yfirdómi 40 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. júnímánaðar.

Nr. 38/1901. Þórður Guðjohnsen fyrir hönd Örum & Wulffs verzlunar á Húsavík gegn hreppsnefnd Hálshrepps.

Dómur:

Haustið 1898 lagði hreppsnefnd Hálshrepps 20 króna aukaútsvar á »salthús«, er verzlun Örum & Wulffs á Húsavík átti í Flatey á Skjálfanda. Áfrýjandinn verzlunarstjóri Þórður Guðjohnsen neitaði að greiða útsvarið og höfðaði þá hreppsnefndin, að fenginni gjafsókn, mál til greiðslu á því, og gekk dómur í því máli í gestarétti Þingeyjarsýslu 1. nóv. 1900, með þeim úrslitum, að áfrýjandinn var fyrir hönd verzlunarinnar dæmdur til að greiða hreppsnefndinni útsvarið 20 kr.,

ásamt 5% vöxtum af þeirri upphæð frá stefnudegi til borgunardags og í málskostnað 35 kr.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 3. sept. f. á., og hefir þess verið krafist af hans hálfu, að úrskurður gestaréttarins 17. sept. 1900, út af frávísunarkröfu áfrýjanda, verði feldur úr gildi og málinu vísað frá gestaréttinum að öllu eða nokkru leyti, en til vara, að áfrýjandi verði algjörlega eða að einhverju leyti sýknaður af kærum og kröfum hreppsnefndarinnar og honum dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum hjá stefndu. Þá krefst áfrýjandinn þess og, að héraðsdómari Steingrímur sýslumaður Jónsson á Húsavík verði látinn sæta lögákveðinni ábyrgð fyrir óleyfilegan drátt á dómsuppsögn í málinu. Hin stefnda hreppsnefnd, sem hefir fengið gjafvörn og skipaðan málaflutningsmann fyrir yfirdóminum, hefir aftur á móti krafist þess, að gestaréttardómurinn verði staðfestur, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða hinum stefnda héraðsdómara 30 kr. í ómakslaun og hreppsnefndinni málskostnað eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin hæfileg málsfærslulaun til hins skipaða málsfærslumanns hennar.

Þar sem málsfærslumaður stefndu hefir enn krafist þess, að justitiarius L. E. Sveinbjörnsson víki úr dómarasæti í máli þessu vegna þess, að heyrst hafi, að verzlunarstjóri Orum & Wulffs verzlunar á Húsavík, Þórður Guðjohnsen, sem er skyldur justitiarius í annan lið, sé meðeigandi téðrar verzlunar, þá er þessi staðfæring málsfærslu-

mannsins algjörlega ósönnuð og órökstudd, og verður krafan, sem á henni er bygð, því eigi tekin til greina.

Krafa áfrýjanda um frávísun málsins frá gestaréttinum er bygð á því, að réttarstefnan og sóknin í héraði telji sakarefnið útsvar á salt- og fiskitökuhúsi Örum & Wulffs verzlunar í Flatey, en gjafsóknarleyfi amtmanns nefni það að eins útsvar á salthús verzlunarinnar í Flatey, og hafi þannig málið verið ólöglega höfðað. En það veldur eigi frávísun máls, þótt ósamhljóðan verði milli málsefnisins, sem haldið er fram, og gjafsóknarleyfisins, og verður krafa þessi því eigi tekin til greina.

Örum og Wulffs verzlun á Húsavík hefir í Flatey á Skjálfanda látið byggja 2 hús. Annað húsið er haft til þess að geyma í því salt, sem verzlunin mestmegnis brúkar sjálf til þess að salta blautfisk, sem lagður er inn til hennar þar á eynni, en lítið eitt af saltinu hefir verið afhent viðskiftamönnum verzlunarinnar þar eftir ávísun verzlunarstjórans á Húsavík; í húsi þessu er og eftir atvikum, ef þörf gjörist, geymdur verkaður fiskur, sem verzlunin á. Í hinu húsinu er aftur geymdur blautfiskur sá, er til verzlunarinn er látinn, og hann saltaður þar; er fiskur þessi síðan verkaður þar á eynni og að því búnu fluttur til Húsavíkur.

Útsvar það, er hreppsnefndin kallar eftir hjá verzluninni í máli þessu, var eftir orðalaginu á niðurjöfnunarskránni í hreppnum umrætt haust

(1898) lagt á »salthúsið í Flatey, Ö. & Wulffs-verzlunar í Húsavík«, og hefir hreppsnefndin haldið því fram, að með þessum orðatiltækjum sé útsvarið lagt á alla starfsemi verzlunarinnar í Flatey, ekki á saltgeymsluna eina og saltgeymsluhúsið, heldur einnig á fiskigeymsluhúsið og blautfisktökuna og fiskverkunina, sem við það húsið er sérstaklega tengt. Yfirdómurinn getur þó eigi fallist á það, að álögustofninn, eins og húseign og starfsemi verzlunarinnar er háttað þar á eynni, sé nægilega skýrt ákveðinn á niðurjöfnunarskránni, ef greind orð eiga að tákna alla starfsemi verzlunarinnar á eynni, einnig fisktökuhúsið og fisktökuna, enda er það eigi sannað í málinu, gegn mótmælum áfrýjanda, að orðið salthús hafi svo víðtæka merkingu, að það grípi yfir þetta alt. Það verður því að skilja svo útsvarsálöguna, að útsvarið sé að eins lagt á það af húsum Örum & Wulffs verzlunar í Flatey, sem salt er geymt í eða á saltgeymsluna í Flatey, en salthúsið er eigi, eins og afnotum þess er lýst hér að framan, arðsöm stofnun eða fyrirtæki, slíkt er leggja megi á aukaútsvar samkvæmt lögum 9. ágúst 1889. Það verður þess vegna að sýkna áfrýjandann af kærum og kröfum hreppsnefndarinnar í máli þessu. Málskostnaður fyrir báðum dómum þykir eftir atvikum eiga að falla niður og hinum skipaða talsmanni hreppsnefndarinnar verða eftir þessum úrslitum eigi ákveðin nein málsfærslulaun.

Héraðsdómarinn hefir haft málið undir dómi 2 dögum lengur en 6 vikur, en hann hefir fyrir

yfirdóminum réttlætt nægilega þennan drátt og verður honum því eigi gjörð ábyrgð fyrir dráttinn samkvæmt kröfu áfrýjanda.

Að því leyti málið hefir verið rekið með gjafsókn í héraði og gjafvörn fyrir yfirdómi, vottast, að flutningur þess hefir verið löglegur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn verzlunarstjóri Þórður Guðjohnsen fyrir hönd Örum & Wulffs verzlunar á að vera sýkn af kærum og kröfum stefndu, hreppsnefndarinnar í Hálshreppi. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 30. júnímánaðar.

Nr. 9/1902: Réttvísin gegn Jóni, Sigurgeir, Jónasi og Sigurði Jónssonum.

Dómur:

Með dómi aukaréttar Þingeyjarsýslu, gengnum 25. maí f. á., var hinn ákærði Jón Jónsson dæmdur fyrir brot gegn 159. gr. hinna alm. hegningarlaga í 14 daga einfalt fangelsi og til þess ásamt hinum meðákærðu bræðrum sínum að greiða in solidum allan málskostnað, þar með talin málsvarnarlaun til talsmanns þeirra í héraði, Árna prófasts Jónssonar á Skútustöðum, 5 kr. Að öðru

leyti voru þeir bræður, Sigurgeir, Jónas og Sigurður, sýknaðir af ákæru réttvísinnar í þessu máli.

Dómi þessum hefir hlutaðeigandi amtmaður eftir ósk þriggja hinna ákærðu og af hálfu réttvísinnar áfrýjað til landsyfirréttarins.

Atvik málsins eru þessi: Um mánaðamótin janúar og febrúar 1896 andaðist að Ljósavatni í Bárðardal ekkjan Þuríður Eyólfsdóttir. Þegar að henni látinni ráðgjörðu synir hennar, hinir ákærðu eða að minsta kosti 3 þeirra, að flytja lík hennar upp að Skútustöðum við Mývatn, þar sem maður Þuríðar sál. var grafinn. Hafði hún löngu áður en hún dó oftar en einu sinni látið í ljósi þá ósk sína, að bein hennar fengju að hvílast hjá manni sínum, enda hafði henni þegar við fráfall manns hennar verið ætlaður legstaður þar. En þessi ráðagjörð þeirra bræðra fórst þó fyrir þá sökum ýmislegra atvika. Þeir létu jarðsetja móður sína að Ljósavatni, en bjuggu þó svo um gröfina, að taka mætti upp kistuna seinna, því að það var fastráðið áform þeirra, að flytja hina framliðnu þegar færi gæfist upp að Skútustöðum og jarðsetja hana þar. En af óhjákvæmilegum ástæðum dróst flutningurinn þangað til í marzmán. 1890. Um gröf hinnar framliðnu á Ljósavatni var þannig búið, að fleki var látinn ofan á kistuna, til þess að mold ekki kæmist að henni og feygði hana, og síðan var moldin látin ofan á flekann. Það var ákærði Jón, sem stóð fyrir upptekning kistunnar með aðstoð ýmsra manna; reyndist kistan þá óskemd; að eins var skrautið á henni og hankarn-

ir dottið af. Síðan var kistan flutt upp að Skútustöðum og þar jarðsett af prófasti séra Árna Jónssyni, sem áður var kunnugt um að flutningurinn átti að fara fram, með venjulegri viðhöfn.

Þessi flutningur hinnar framliðnu af nánustu ættingjum hennar, er að öllu leyti fór fram sómasamlega, verður ekki skoðaður sem röskun á grafarhelginni og á því ekki undir 159. gr. hinna alm. hegningarlaga, og þar sem málshöfðunarskipun amtsins er einskorðuð við þennan lagastað, þarf ekki í þessu máli að rannsaka, hvort hinir ákærðu hafi brotið gegn nokkrum öðrum lagaákvæðum.

Það ber því að sýkna hina ákærðu af ákæru réttvísinnar í þessu máli, og eftir þessum úrslitum málsins ber að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun í héraði og málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors, af almannafé.

Rekstur málsins í héraði hefir orðið nokkuð seinfara, en héraðsdómarinn hefir réttlætt drátt þann, sem orðið hefir á málinu. Fyrir yfirdómi hefir flutningur málsins verið löglegur.

Því dæmist rétt vera:

Hinir ákærðu Jón, Sigurgeir, Jónas og Sigurður Jónssynir eiga að vera sýknir af ákæru réttvísinnar í þessu máli. Málskostnaður allur, þar með talin varnarlaun til talsmannshinna ákærðu í héraði, Árna prófasts Jóns-

sonar, 5 krónur, og málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafé.

Mánudaginn 14. júlímán.

Nr. 2/1902. Hreppsnefnd Húsavíkurhrepps
gegn
Kaupfélagi Þingeyinga.

Dómur:

Mál þetta fór með og dæmdi í aukarétti Þingeyjarsýslu sýslumaður og bæjarfógeti Klemens Jónsson á Akureyri sem þar til skipaður setudómari, en honum hefir þó eigi verið stefnt fyrir yfirdóminn við áfrýjun málsins, eins og boðið er í N. l. 1.—2.—3., og þessa vöntun bætir það eigi upp, þótt yfirdómsstefnan hafi verið birt fyrir manni, er settur hefir verið til að gegna embætti setudómarans sem sýslumanns í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógeta á Akureyri í fjarveru hans, þar sem eigi sést af stefnunni eða málinu, að maður þessi hafi haft neitt umboð til að taka á móti stefnu í máli þessu fyrir hönd setudómarans. Það verður því ex officio að vísa máli þessu frá yfirdóminum. Með því að enginn hefir mætt fyrir yfirdóminum af hálfu kaupfélagsins, er eigi um kost og tæring í málinu að ræða.

Því dæmist rétt vera:
Máli þessu vísast frá yfirdóminum.

Mánudaginn 28. júlímánaðar.

Nr. 17/1902: Réttvísin
gegn
Sturlu Vilhjálmssyni.

Úrskurður:

Áður en dómur verður lagður á þetta mál í landsyfirréttinum er nauðsynlegt, að undirdómarinn prófi málið ítarlegar einkum með tilliti til mannhættu þeirrar, sem stafaði af brunanum, og ber honum því svo fljótt sem frekast verða má að útvega þær skýrslur og skilríki sem nú skal greina:

1. Að prófa heimilisfólk það, sem var á Þorgrímsstöðum þegar þjófnaðurinn þar og brennan var framið, um öll atvik að brunanum, og jafnframt að fá skýrslu hjúanna um, hvað hvert þeirra um sig misti af munum í brunanum, og hvers virði þeir voru, og hvort þau krefjist iðgjalda fyrir.
2. Að útvega greinilega skýrslu um húsaskipan á Þorgrímsstöðum, um það, hvort kviknað hafi í baðstofunni eða göngum þeim, sem kvað hafa verið milli skemmunnar, sem brann, og baðstofunnar, og á hverju logað hafi, þegar Jón bóndi lauk upp baðstofuhurðinni, sem vissi

út að göngunum, svo og hvað muni hafa hamlað því, að eldurinn læsti sig í baðstofuna.

3. Að útvega skýrslu um, hvað verið hafi í kistu þeirri, sem ákærði stal peningunum úr, og um, hvort kistan hafi verið læst, eða hvort hún muni hafa getað verið opin sökum þess, að föt hafi orðið á milli, þegar átti að læsa henni, og hver síðast hafi gengið um kistuna, svo og hver þau ummerki hafi verið á kistuskránni, að ætla megi að kistan hafi verið opnuð með ofbeldi.
4. Að yfirheyra ákærða enn nákvæmar um það, hvort honum hafi ekki hugkvæmst það, áður en hann framdi glæpinn, eða meðan hann var að því verki, að mannháski gæti eða hlyti að stafa af verknaði hans, svo og um það, í hverju hann hafi kveikt í kistunni — því eigi hefir hann með einni eldspýtu getað kveikt í kistunni sjálfri —. Ennfremur að spyrja hann ítarlega um, hvort hann ekki hafi haft fleiri eldspýtur en þrjár að starfi sínu, eða önnur eldfæri en eldspýtur. Ennfremur ber að ganga á hann um það, hvort hann ekki hafi opnað kistuna með ofbeldi, og ef svo er, hver verkfæri hann hafi haft til þess.
5. Að útvega hegningarvottorð ákærða.

Svo ber undirdómaranum og að útvega allar aðrar upplýsingar þær, er framhaldsprófin kunna að gefa tilefni til, eins og líka að útvega skýrslur þeirra húsbænda Sturlu, sem hann hefir dvalið hjá, um hegðun hans að undanförnu.

Því úrskurðast:

Undirdómaranum ber að útvega hinar heimtuðu upplýsingar og skýrslur svo fljótt sem verða má.

Nr. 17/1901: Beneficiarius Skútustaða Árni prófastur Jónsson sem umráðamaður kirkjujarðarinnar Vindbelgjar.
gegn
eigendum Geirastaða.

Dómur:

Mál þetta var höfðað í héraði af hálfu eigenda bændajarðarinnar Geirastaða gegn umráðamanni kirkjujarðarinnar Vindbelgjar, prestinum til Skútustaða, Árna prófasti Jónssyni, út af landamerkjaágreiningi milli jarða þessara, og var því ráðið til lykta með landamerkjadómi Þingeyjarsýslu, uppkveðnum 2. júní 1900, á þá leið, að landamerki jarðarinnar skyldu vera: »Bein stefna úr Merkihellu í Kerlingarnesi á hæsta topp Vindbelgjarfjalls og þaðan í Helguhól«; dagpeningar dómsmanna, 39 kr., ásamt ferðakostnaði oddvita merkjadómsins eftir reikningi, skyldu greiðast að helmingi af eigendum Geirastaða og að helmingi af opinberu fé, en í héraði hafði varnaraðili haft beneficium processus gratuiti.

Presturinn í Skútustaðaprestakalli, Árni prófastur Jónsson, hefir nú að fenginni gjafsókn og með skipuðum málflutningsmanni skotið áminstum

landamerkjadómi til yfirréttarins með stefnu útgefinni 2. apríl f. á., og hefir hann krafist þess fyrir þessum rétti, að merkjadómurinn verði feldur úr gildi fyrir ýmsar sakir, og að málinu verði heimvísað, en að hinir stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða allan af málinu leiðandi kostnað, þar með talin hæfileg málsóknarlaun til hins skipaða sækjanda. Af hálfu hinna stefndu, eigenda Geirastaða, hefir þess verið krafist í málinu, fyrst og fremst að því verði vísað frá yfirdóminum, en til vara að merkjadómurinn verði staðfestur, að minsta kosti að því er snertir sókn annars eigenda Geirastaða, Sigurðar Sigurjónssonar, og að hinum stefndu verði, hvernig sem málið fer, tildæmdur málskostnaður af opinberu fé eftir mati yfirdómsins.

Hinir stefndu hafa krafist frávísunar málsins fyrir þá sök, að frumritið af undirréttarskjali nr. 4, lögfestu fyrir Vindbelg, sem ritað er í landamerkjadómsgjörðirnar, eigi fylgdi með téðum dómsgjörðum, þegar málið fyrst kom fyrir yfirréttinn, þar sem þó segir í dómsgjörðunum, að frumritið af skjali þessu »*ennfremur*« fylgi þeim. Það þykir þó eigi þurfa að taka þessa frávísunarkröfu til greina, með því að áminst frumrit hefir síðar verið framlagt í yfirdóminum undir rekstri málsins.

Þar sem áfrýjandi krefst þess, að landamerkjadómurinn verði ómerktur fyrir sá sök, að annar af eigendum Geirastaða mætti eigi persónulega við sáttatilraun í málinu, en lét umboðsmann mæta fyrir sig, án þess að sanna lögleg forföll, þá

á þessi krafa eigi við rök að styðjast, með því að það sést af gögnum málsins, að málspartur sá, er sendi umboðsmann á sáttafundinn, átti heima utan sáttaumdæmisins, sbr. tilsk. 20. jan. 1797, 25. gr. og kgsbrj. 19. okt. 1798, 2. gr. a. — Þá hefir áfrýjandi vefengt umboðsskjal það, sem eigandi Geirastaða, sá er sótti málið í héraði, Sigurður Sigurjónsson, lagði fram sem málssóknarheimild frá hinum eigandanum, Bóthildi Hansdóttur, og færir það til, að skjalið sé ekki undirskrifað af henni. En í þessu efni skal þess getið, að áfrýjandi hreyfði engum mótmælum gegn málssóknarheimildinni (umboðinu) í héraði, fyr en sama daginn og málið var tekið undir dóm, og kannaðist hann þá jafnframt við, að hann hefði ekki viljað »hrinda umboðinu« við sáttatilraunina af tillátssemi við sækjanda í héraði, en með þessu verður að álíta, að hann hafi samþykt umboðið, og geti nú eigi fyrir yfirdómi vefengt það með árangri. — Loks hefir áfrýjandi tekið það fram, að afstöðuuppdráttur hafi eigi verið lagður fram í málinu, og telur hann, að fyrir þá sök verði að ómerkja dóminn og heimvísa málinu, en með því að það eigi er réttarfarslegt skilyrði fyrir dómsáleggingu í landamerkjamálum, að afstöðu-uppdráttur sé fram lagður, ef málið án hans er nægilega glögt og ljóst, — en það sýnist þetta mál vera, — þá verður þessari ómerkingar- og heimvísunarkröfu eigi gaumur gefinn.

Að því er aðalefni málsins snertir, landamerkin milli jarðanna, þá eru málsaðilar sammála

um það, að þau séu eftir beinni stefnu úr Merkihellu í Kerlingarnesi á hátopp Vindbelgjarfjalls. Þaðan telur áfrýjandi að þau eigi að vera eftir beinni línu í botninn (ɔ: upptökin) á Brennukíl og svo eftir kíl þessum út í Sandvatn, en hinir stefndu, eigendur Geirastaða, álíta að merkin úr Vindbelgjarfjallstopp eigi að vera eftir beinni línu í Helguhól, og hefir landamerkjadómurinn samþykt þessa merkjastefnu. Í þessu efni hefir merkjadómurinn stuðst við lögfestu, gjörða af beneficiarius Múlastaðar, sem þá var umráðamaður Vindbelgjar, og þinglesin hefir verið að Skútustöðum 30. maí 1699. Eins og áður er áminst, hefir frumrit skjals þessa komið fram í réttinum. Eftir skjali þessu er þrætulandið þá *ekki* eignað Vindbelg, en eftir afstöðu þess getur eigi verið um annað að tala en að það annað tveggja heyri undir Geirastaði, Grímsstaði eða Vindbelg, eða sé sérstök eign (eyðijörð). Ekkert er komið fram í þá átt, að landið heyri undir Grímsstaði, enda fortekur merkjadómurinn, að svo geti verið; eftir lögfestunni var það eigi talið til Vindbelgjar árið 1699, og eyðibýli það, Brenna, sem eftir jarðabókunum á að hafa verið á þessu svæði (sbr. örnefnið Brennukíll) er talið í Geirastaðalandi (jarðabók Árna Magnússonar). Þetta alt bendir fremur í þá átt, að þrætulandið heyri undir Geirastaði. Þar sem í málinu er getið um það, að á fyrri öld hafi verið til lögfesta fyrir Geirastöðum, er hafi talið landamerkin úr hátoppi Vindbelgjarfjalls í Brennukíl, eins og krafa áfrýjanda er, þá hefir lögfesta

þessi ekki komið fram í málinu, og verður ekkert á henni bygt. — Um brúkun þrætulandsins á síðustu öld eru komnir fram ýmsir vitnisburðir í málinu, en engan veginn eru þeir svo skýrir eða ákveðnir, að þeir gefi ljósa og ótvíræða skýrslu um notkunina. Þó virðist svo sem þrætulandið hafi aðallega verið notað frá Greirastöðum fyrri hluta aldarinnar eða fram um 1850, en að það hafi frekar verið notað frá Vindbelg á síðari helming aldarinnar, einkanlega á árunum 1850—1880, en jafnframt er það komið fram í málinu, að eigandi Geirastaða, Bóthildur Hansdóttir, hafi verið óánægð með brúkun Vindbelgjarbónda á landinu, og að hún hafi látið þá óánægju í ljósi og viljað fara í málaferli út af henni, en úr því hafi þó ekki orðið, en þetta var á árunum eftir 1860.

Þegar athuguð eru þannig gögn þau og skilríki, sem legið hafa fyrir merkjadóminum við úrslitagjörð í málinu, verður eigi álitið, að þau skeri svo úr um þrætuefnið, að merkjadómurinn hafi gjört lögleysu að efni til, er hann dæmdi þrætulandið undir Geirastaði, og með því eigi er að öðru leyti tilefni til að ónýta dóminn, verður að staðfesta hann. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir rétt að falli niður, og verða hinum skipaða málfærslumanni áfrýjandans við yfirdóminn eigi dæmd málsfærslulaun eftir þessum úrslitum, en það vottast, að sókn málsins af hans hendi hefir verið lögmæt. Ennfremur vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Landamerkjadómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 44/1901: Guðmundur Björnsson
gegn
W. Ó. Breiðfjörð.

Dómur:

Á almennum borgarafundi í Reykjavík, sem haldinn var 17. desbr.mán. 1900 í leikhúsi gagnáfrýjanda, kaupmanns W. Ó. Breiðfjörðs, hélt aðaláfrýjandi, héraðslæknir Guðmundur Björnsson, ræðu, og voru í henni ýmisleg ummæli, sem W. Ó. Breiðfjörð taldi meiðandi fyrir sig. Hann höfðaði fyrir því meiðyrðamál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur Guðmundi Björnssyni, og var það dæmt á bæjarþinginu 4. júlí f. ár, með þeim úrslitum, að ýms af hinum átöldu ummælum voru dæmd dauð og ómerk, að Guðmundur Björnsson var dæmdur til að greiða 60 kr. sekt til landssjóðs, en til vara til að sæta 15 daga einföldu fangelsi og að hann loks var dæmdur til að greiða stefnanda (gagnáfrýjanda) 60 kr. í málskostnað. — Bæjarþingsdómi þessum hefir héraðslæknir Guðmundur Björnsson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 16. okt. f. ár, og krafist þess, að dómurinn verði feldur úr gildi, og að hann, aðaláfrýjandi, verði algjörlega sýknaður í málinu, en að stefndi, W. O. Breiðfjörð, verði dæmdur til að greiða all-

an málskostnað fyrir báðum réttum. Af sinni hálfu hefir kaupmaður W. Ó. Breiðfjörð gagnáfrýjað málinu með stefnu, útgefinni 3. jan. þ. á., og gjört þær réttarkröfur, að sekt aðaláfrýjanda verði hækkuð sem lög frekast leyfa, að öll hin umstefndu orð og ummæli verði dæmd dauð og ómerk, og að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir báðum réttum með 150 kr., eða einhverju nægilegu eftir réttarins mati.

Ummæli þau, sem gagnáfrýjandi telur að aðaláfrýjandi hafi beint að sér á borgarafundinum 17. desbr. 1900, og gjörð hafa verið að sakarefni, eru þau, að aðaláfrýjandi hafi í ræðu sinni skýrt frá því, að hann hafi skömmu fyrir fundinn átt tal við bæjarfógeta Halldór Daníelsson, og hafi bæjarfógetinn þá sagt, að gagnáfrýjandi hafi um mörg ár haft það fyrir atvinnu, að leggja menn í einelti og rægja þá og ljúga upp á þá óbótaskömmum; enginn skaffaði sér jafnmikið að gjöra, því að gagnáfrýjandi hefði brotið hverja samþykt í bænum, og hafi bæjarfógetinn leyft sér að segja þetta á borgarafundinum. Þá hafi aðaláfrýjandi ennfremur getið þess í ræðu sinni, að hjá Grikkjum hafi það verið lög, að þegar bæjar- eða þjóðfélaginu stóð háski af einhverjum manni, þá hafi þeir getað hreinsað félagið fyrir slíkum manni, með því að reka hann í burtu, og hafi hann jafnframt beint þeirri spurningu að fundarmönnum, sem hann óskaði ekki þá þegar svarað, hvort Reykjavíkurbúar mundu heldur gjöra, að hreinsa bæinn með því að reka Sigurð Thoroddsen úr

bænum eða W. Ó. Breiðfjörð, og hafi aðaláfrýjandi með þessu gefið í skyn, að gagnáfrýjandi væri háskalegur maður fyrir bæjarfélagið.

Það verður nú eigi álitið, að þessi spurning aðaláfrýjanda, hvort Reykjavíkurbúar mundu heldur gjöra, að reka Sigurð Thoroddsen eða W. Ó. Breiðfjörð úr bænum, skoðuð í sambandi við söguna sem hann sagði frá Grikkjum, feli í sér saknæma aðdróttun til gagnáfrýjanda eða sé svo löguð, að hún meiði ærurétt hans, og verður aðaláfrýjandi því eigi dæmdur fyrir hana. Þar sem aðaláfrýjanda er borið á brýn, að hann hafi sagt eftir bæjarfógetanum, að gagnáfrýjandi hafi brotið hverja samþykt í bænum, þá er það sannað í málinu, að gagnáfrýjandi hafi brotið svo margar samþyktir bæjarins, sumar þeirra fleirsinnis, að ummæli þessi verða að teljast nægilega réttlætt. En að því er snertir hina fyrstu sakargiftina, sem sé að aðaláfrýjandi hafi haft það eftir bæjarfógetanum, að gagnáfrýjandi hafi um mörg ár haft það fyrir atvinnu, að leggja menn í einelti, og rægja þá og ljúga upp á þá óbótaskömmum, þá er það ljóst, að hafi aðaláfrýjandi látið sér þessi orð um munn fara á borgarafundinum, þá hefir hann freklega ærumeitt gagnáfrýjanda. Af hálfu aðaláfrýjanda hefir því verið neitað, að hann hafi sagt þessi orð á fundinum. Þrjú vitni hafa borið það fyrir réttinum, að aðaláfrýjandi hafi talað áminst orð á fundinum. Að vísu hefir einu vitni verið hnekt samkvæmt N. L. 1—13—16, en hin tvö vitnin hafa eigi verið vefengd með rökum, og

hefir framburður þeirra verið tekinn jafngildur sem eiðfestur væri. Á hinn bóginn hafa tvö önnur vitni borið það, að þau hafi verið á borgarafundinum, heyrt alla ræðu aðaláfrýjanda, en ekki heyrt hann viðhafa hin átöldu orð, og í skrifleglegum vottorðum hafa vitni þessi sagt, að aðaláfrýjanda hafi eigi farist þannig orð (o: eins og hann er sakaður um). Þessir vitnisburðir, sem hafa verið teknir jafngildir sem eiðfestir væru, veikja svo sönnunargildi vitna þeirra, er fram eru komin af hálfu gagnáfrýjanda, að það verður eigi álitið, að hann hafi sannað til fullnustu sakargift sína, og þykir þá rétt að úrslit málsins verði látin vera komin undir eiði aðaláfrýjanda, þannig, að ef hann synjar fyrir það með eiði, að hann hafi viðhaft áminst ummæli á borgarafundinum, þá á hann að vera sýkn fyrir kærum og kröfum gagnáfrýjanda, og skal málskostnaður þá falla niður; en vinni hann eigi þennan eið, skulu hin átöldu ummæli vera dauð og ómerk, aðaláfrýjandi sæti sekt fyrir þau, er ákveðst eins og í héraðsdóminum 60 kr., og renni í landssjóð, en til vara sæti hann 12 daga einföldu fangelsi, ef sektin eigi greiðist öll innan ákveðins tíma. Svo greiði hann og þá gagnáfrýjanda 80 kr. sem málskostnað fyrir báðum dómum.

Því dæmist rétt vera:

Svo framarlega aðaláfrýjandi, Guðmundur héraðslæknir Björnsson, eftir löglega málsmeðferð á varnarþingi sínu synjar fyrir það með

eiði, að hann hafi á borgarafundi í Reykjavík, í leikhúsi gagnáfrýjanda, hinn 17. desemberm. árið 1900, talað þau orð, að bæjarfógeti Halldór Daníelsson hafi sagt við sig »að gagnáfrýjandi W. Ó. Breiðfjörð hafi í mörg ár haft það fyrir atvinnu, að leggja menn í einelti og rægja þá og ljúga upp á þá óbótaskömmum«, — þá skal hann vera sýkn fyrir kærum og kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu, og skal málskostnaður þá falla niður. En vinni aðaláfrýjandi eigi svofeldan synjunareið, skal hann greiða sekt í landssjóð 60 — sextíu — krónur, eða sæta 12 daga einföldu fangelsi, ef sektin eigi öll greiðist innan ákveðins tíma, svo og í málskostnað til gagnáfrýjanda 80 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 18. ágústmánaðar.

Nr. 21/1902: Hið opinbera
gegn
Siggeiri Torfasyni.

Dómur:

Í máli þessu er kærði, Siggeir kaupmaður Torfason í Reykjavík, sakaður um brot gegn 4. gr. laga 11. nóv. 1899, um verzlun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi, en með lögregluréttar-

dómi Reykjavíkur, gengnum 21. maí þ. á., var hann dæmdur sýkn af kæru hins opinbera í málinu og málskostnaður lagður á almannafé. Dómi þessum hefir hlutaðeigandi amtmaður skotið til yfirdómsins af hálfu hins opinbera.

Einhvern dag um miðjan síðastliðinn aprílmánuð seldi kærði, sem hefir heimild til að verzla með áfenga drykki samkvæmt ofangreindum lögum, manni nokkrum 3 pela af brennivíni og lánaði honum flösku undir það. Borgaði kaupandi vínið þá þegar, helti nokkru af því á pelaglas, sem hann hafði á sér, og bað kærða að geyma afganginn fyrir sig. Kærði gjörði þetta fyrir hann og lét flöskuna upp á hillu í búðinni, og sagði konu sinni, hver ætti það sem í flöskunni var, ef þess yrði vitjað, þegar hann væri ekki sjálfur við. Kaupandi kom svo síðar tvisvar sinnum í búðina með sama pelaglasið og sótti það sem eftir var í flöskunni.

Eftir því sem nú hefir verið frá skýrt um atvik málsins, eins og málsskjölin lýsa þeim, verður að álíta, að salan á umræddum 3 pelum af brennivíni hafi gjörst í eitt skifti, og að kærði hafi því eigi orðið brotlegur gegn tilvitnuðu lagaákvæði fyrir sölu á áfengum drykkjum í smærri skömtum en lögleyft er; og þar sem aðferð kærða eigi verður talin saknæm eftir öðrum ákvæðum í vínverzlunarlögunum 11. nóv. 1899, ber að fallast á það, að hann hefir verið sýknaður í lögregluréttardóminum af kæru hins opinbera í málinu. Málskostnaðarákvæði dómsins samþykkjast einnig, og er því

lögregluréttardómurinn staðfestur að öllu leyti. Áfrýjunarkostnað málsins ber og að greiða af almannafé, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra, ber að greiða af almannafé.

Nr. 24/1902: Hið opinbera
gegn
Guðmundi Magnússyni.

Dómur:

Mál þetta var höfðað fyrir lögreglurétti Reykjavíkur gegn Guðmundi kaupmanni Magnússyni fyrir brot á lögum um verzlun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi 11. nóv. 1899; en með dómi, kveðnum upp í nefndum rétti 31. maí þ. á., var kærði sýknaður af kæru hins opinbera í því máli og skyldi greiða málskostnað af almannafé.

Þessum dómi hefir hlutaðeigandi amtmaður af hálfu hins opinbera áfrýjað til landsyfirréttarins.

Það er sannað í málinu með játningu kærða og á annan hátt, að hann, sem síðastliðið haust rak kjötverzlun hér í bænum, lét þá 4 prentara hér í bænum eftir beiðni þeirra fá nokkrar flöskur af bjór, sem hann hafði keypt handa sjálfum sér til neyzlu; gjörði hann það í greiðaskyni við þessa kunningja sína, að hjálpa þeim um öllð, og greiddu þeir fyrir það alveg sama og kærði hafði fyrir það gefið, án þess hann tæki neina þókun fyrir ómak sitt. Í eitt eða 2 skifti önnur lét hann þá og eftir ósk þeirra fá þátt í ölkaupum sínum. Kærði hafði eigi leyfi til að verzla með áfenga drykki.

Þessi ölútlát eða útvegun verður ekki talin verzlun og heldur ekki verður litið svo á, að ákvæði 5. gr. nefndra laga 11. nóv. 1899 nái til þessa athæfis kærða. Kærði virðist þannig ekki hafa orðið brotlegur gegn nefndum lögum, og ber því að öllu leyti að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Málskostnað fyrir yfirdómi ber eftir þessum úrslitum málsins einnig að greiða af almannafé, þar með talin málflutningslaun til sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða lögregluréttardómi skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi, þar með

talin málflutningslaun til sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafé.

Nr. 20/1902: Hið opinbera
gegn
Halldóri Lárussyni.

Dómur:

Með lögregluréttardómi Reykjavíkur kaupstaðar, uppkveðnum 24. maí þ. á., var hinn kærði, Halldór Lárusson hraðritari, dæmdur fyrir brot á 43. gr. í lögreglusamþykt Reykjavíkur 15. nóv. 1890 til að greiða 5 króna sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur og allan kostnað af málinu, en dómi þessum hefir verið áfrýjað eftir ósk hins kærða.

Hinum kærða, Halldóri Lárussyni, er gefið það að sök, er hér segir: Að kvöldi hins 10. maím. þ. á. kom hann inn á veitingahúsið »hótel Ísland« hér í bænum, og sagðist hann þá vera að skygnast eftir manni, en með því að veitingamaðurinn hafði lagt svo fyrir, að kærði mætti eigi vera inni í veitingastofunni, fyrir sakir, er hann þóttist hafa á hendur honum, gekk veitingaþjónninn Davíð Guðmundsson þegar til kærða og skipaði honum að fara út; kærði gegndi því ekki, og stjakaði veitingaþjónninn þá við honum, eða ýtti með hendinni á brjóst honum, til þess að hrinda honum út, en þá lagði eða sló kærði hendinni

framan í veitingaþjóninn, og virðist höndin hafa komið á munn Davíðs, og hafi sprungið fyrir og blætt úr munninum á eftir. Það verður að álíta, að veitingaþjónninn hafi haft heimild til þess í umboði húsbónda síns, að banna kærða að vera í veitingastofunni og að vísa honum út úr henni, og að hann hafi mátt beita valdi til þess. Á hinn bóginn var kærða óheimilt að sýna þá mótstöðu, er hann gjörði, og hefir hann með atferli sínu og árás á veitingaþjóninn brotið gegn áðurnefndri grein lögreglusamþyktarinnar, eins og undirdómarinn hefir álitið. Með því sektarákvæði dóms þessa og málskostnaðarákvæði samþykkjast, ber þannig að staðfesta hann. Hinn kærði verður og að greiða áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn skal vera óraskaður. Hinn kærði Halldór Lárusson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun 10 kr. til hins skipaða sækjanda við yfirdóminn, málfærslumanns Einars Benediktssonar.

Ídæmda sekt ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 22. septembermán.

Nr. 22/1902: Hið opinbera
gegn
Þorvaldi héraðslækni Jónssyni.

Dómur:

Með lögregludómi Ísafjarðarkaupstaðar gengnum 23. maímán. þ. á. var hinn kærði, fyrverandi héraðslæknir á Ísafirði Þorvaldur Jónsson dæmdur fyrir ólöglega meðalaverzlun í 25 kr. sekt til bæjarsjóðs Ísafjarðarkaupstaðar og til að greiða allan af málinu gegn honum löglega leiðandi kostnað. En þessum dómi hefir eftir ósk hins kærða verið áfrýjað til landsyfirdómsins. Kærði er í máli þessu sakaður um að hafa rekið ólöglega meðalaverzlun á Ísafirði, eftir að hann fekk lausn frá héraðslæknisembætti þar í desemberm. 1900, og er það upplýst í málinu í þessu tilliti með játningu kærða, að hann hafi haldið áfram eftir þann tíma að hafa opna lyfjabúð í Ísafjarðarkaupstað og haft þar á boðstólum og selt meðul eigi að eins þeim, sem vitjuðu hans sem læknis, heldur einnig héraðslæknum, bæði héraðslæknirnum á Ísafirði og öðrum héraðslæknum, og almenningi, eftir því sem hver óskaði og forði var til. Meðul þau, er almenningur þannig hefir fengið keypt í lyfjabúð kærða, hafa sumpart verið látin úti eftir receptum kærða eða annara lækna eða án recepts, og hafa verið seld þannig í lyfjabúðinni öll þau meðul, sem venjulega fást í lyfjabúðum, svo sem almenn húsmeðul, t. d. hoffmannsdropar, laxerolía,

brjóstdropar, ýmsir plástrar, antifebrin, kinin, þau meðul, sem vísað er til í lækningabókum fyrir almenning og meðul, sem fyrirskipað er, að skip eigi að hafa. Ennfremur hefir verið seldur í lyfjabúðinni spíritus til iðnaðarafnota o. fl. Til afgreiðslu recepta og meðala hefir kærði, þegar hann ekki annast hana sjálfur, mann, sem ekki hefir tekið próf í lyfjafræði og ekki hefir fengist við slíkt fyr en síðastliðið haust, er hann gekk í þjónustu kærða meðfram til að gegna öðrum störfum hjá honum. Lyfjaforða sinn hefir kærði fengið mestmegnis beint frá Kaupmannahöfn, frá materíalistum þar, fyrir milligöngu lyfsalans í Stykkishólmi, sem hann hefir borgað vissa upphæð á ári fyrir að mega panta þaðan meðul í hans nafni, og hafa reikningarnir fyrir meðulin verið stílaðir upp á þann lyfsala. Meðalaverzlun kærða hefir eftir skýrslu hans numið árið 1901 rúmum 400 kr. á mánuði að meðaltali, en síðan, þangað til mál þetta hófst, tæpum 100 kr. á mánuði. Kærði hefir eigi sérstakt leyfisbréf til lyfjasölu, en hann hefir haldið því fram, að hann hafi, einnig eftir að hann slepti héraðslæknisembættinu, heimild til sem praktíserandi læknir að verzla með meðul á þann hátt, sem hann hefir gjört og lýst hefir verið hér að framan.

Samkvæmt gildandi lögum, einkum tilsk. 4. des. 1672 og instrúxum fyrir landlækni og héraðslækna 25. febr. 1824, hafa lyfsalar einkarétt til meðalaverzlunar á Íslandi, og frá þeim einkarétti er engin undanþága gjörð, nema að því leyti hér-

aðslæknum er í 18. gr. sbr. 16. gr. í instrúxi þeirra, 25. febr 1824, gjört að skyldu (og veittur réttur til) að hafa til sölu ekki nánar tilteknar meðalabirgðir, þar sem engin lyfjabúð er í umdæmi þeirra, en þeir eiga að kaupa meðalabirgðir þessar í lyfjabúð hér á landi. Hins vegar er praktiserandi læknum embættislausum hvergi í lögum eða lagafyrirmælum heimilaður neinn réttur til meðalaverzlunar, en það er aðeins gjört ráð fyrir því, sbr. tilsk. 4. des. 1672, 27. gr., instr. fyrir landlækni 25. febr. 1824, 19. gr., kans.br. 9. marz 1841, og víðar, að þeir megi hafa undir hendi meðul keypt í lyfjabúðum hér á landi, til að láta úti handa sjúklingum þeim, er leita þeirra sem lækna, og þessi heimild þeirra til að láta úti meðul er auk þess mjög takmörkuð, þar sem lyfjabúð er í héraðinu, sbr. instr. fyrir landlækni, 19. gr. Meðalasala kærða, sem nú, síðan hann lét af læknisembætti, er að skoða sem annan praktiserandi læknir, fer þannig langt fram yfir heimild þá, er hann sem slíkur getur að lögum álitist hafa haft til að láta úti meðul til manna, og verður sala þessi að teljast ólögleg meðalaverzlun. Það réttlætir eigi þessa meðalaverzlun kærða, þó að hann hafi haft töluverðar meðalabirgðir, sem hann þurfti að koma af sér, því að bæði hefir hann útvegað sér birgðir þessar að mestu leyti eftir að hann lét af embætti, og auk þess hefir núverandi héraðslæknir boðist til að kaupa þær af honum.

Samkvæmt því, sem tekið hefir verið fram, verður að fallast á það, að kærði er með hinum

áfrýjaða dómi dæmdur sekur um óleyfilega meðalaverzlun, og þykir sekt sú, sem ákveðin er í lögregluréttardóminum, hæfilega ákveðin samkvæmt kgsbr. 17. jan. 1783, sbr. kansbr. 16. sept. 1797, 25 krónur, er renni í bæjarsjóð Ísafjarðarkaupstaðar. Málskostnaðarákvæði dómsins samþykkjast einnig, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm í öllum greinum. Hinum kærða ber og að greiða áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn á að vera óraskaður. Kærði Þorvaldur fyrrum héraðslæknir Jónsson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmd sekt greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 3/1902: Sparisjóður Árnessýslu
gegn
hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps.

Dómur:

Haustið 1900 lagði hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps aukaútsvar til hreppsins á »Sparisjóð Árnessýslu« þar í hreppi, 40 krónur, en sparisjóðurinn áleit álöguna heimildarlausa að lögum, og neitaði að greiða gjaldið. Krafðist þá hreppsnefndin lögtaks á útsvarsupphæðinni ásamt lögtakskostnaði, og var sú krafa þrátt fyrir mótmæli sparisjóðsstjórnarinnar tekin til greina með úrskurði fógetaréttar Árnessýslu, gengnum 22. nóv. f. á. og lögtakið framkvæmt daginn eftir, þannig, að fógetinn tók af fyrirliggjandi peningum sparisjóðsins 49 kr. 50 a. til greiðslu útsvarsins og kostnaðar, er af því leiddi. Þessum fógetaúrskurði og lögtaksgjörð hefir sparisjóðsstjórnin, að fengnu uppreistarleyfi, skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 26. febr. þ. á., og hefir þess verið krafist af hennar hálfu, að hinum áfrýjaða úrskurði með eftirfarandi lögtaki verði hrundið, þannig, að sparisjóðurinn verði sýknaðnr af útsvarskröfunni, en að hreppsnefndin verði dæmd til að greiða allan kostnað málsins fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Hreppsnefndin, sem hefir fengið gjafsókn fyrir yfirdómi og skipaðan málsfærslumann, hefir aftur á móti krafist þess, að fógetaúrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað, eins og málið væri

eigi gjafsóknarmál, þar með talin málsvarnarlaun til hins skipaða málsfærslumanns hreppsnefndarinnar.

Heimild sína til að leggja umrætt aukaút svar á sparisjóðinn byggir hreppsnefndin á því, að sjóðurinn verði að teljast arðsamt fyrirtæki eða stofnun, sem rekin hafi verið í Eyrabakkahreppi og hafi því verið útsvarsskyld þar samkvæmt lögug 9. ágúst 1889; en þessu neitar stjórn sparisjóðsins, og verður því spurningin í máli þessu um það, hvort téð skoðun hreppsnefndarinnar sé á rökum bygð.

Það er viðurkent í málinu, að sparisjóðurinn er stofnun eða fyrirtæki, sem rekið hefir verið í Eyrarbakkahreppi stöðugt síðan árið 1888. Það er heldur enginn ágreiningur um það, enda gjört ráð fyrir því í lögum sjóðsins, að sparisjóðurinn hefir ágóða eða arð af starfsemi sinni. Þessi arður, sem aðallega eða eingöngu stafar af því, að sjóðurinn tekur hærri vexti af útlánum en hann svarar samlagsmönnum af inneignum þeirra, er, að frádregnum kostnaði við stjórn sjóðsins, lagður í varasjóð, sem er eign sjóðsins, en aðaltilgangur varasjóðsins er, að af honum verði bætt tjón það, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir, en að öðru leyti er það ákvæði í lögunum, að þegar varasjóðurinn sé orðinn 2000 kr. megi verja árságóða sparisjóðsins til einhvers þarflegs fyrirtækis eða stofnunar í Árnessýslu, ef $^3/_4$ ábyrgðarmanna sjóðsins samþykkja það, og ráða ábyrgðarmennirnir því þá einnig, til hvers fénu skuli varið.

Eftir reikningi sjóðsins fyrir árið 1900 var hinn samandregni arður eða ágóði sjóðsins, varasjóður hans, við lok þess árs orðinn 2938 kr. 53 a.

Það er ljóst af því sem nú hefir verið sagt, að sparisjóðurinn er arðsamt fyrirtæki eða stofnun, og það gjörir engan mun í þessu tilliti, þó að arðurinn af henni eða ágóðinn renni ekki til einstakra manna og fyrirtækið verði ekki skoðað sem gróðafyrirtæki eða eign einstakra manna; og með því að stofnunin hefir verið rekin alt ár það, sem um er að ræða, í Eyrarbakkahreppi, hafði hreppsnefndin heimild til að jafna á hana útsvari samkvæmt lögum 9. ágúst 1889. Það verður samkvæmt þessu að staðfesta hinn áfrýjaða fógetaúrskurð og lögtaksgjörð. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður, og ber að greiða málflutningslaun hins skipaða málsfærslumanns hreppsnefndarinnar, er ákveðast 20 krónur, úr landssjóði. Það vottast, að málsfærslan af hendi hins skipaða málsfærslumanns hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður og lögtaksgjörð eiga að vera óröskuð. Málskostnaður fellur niður. Hinum skipaða málsfærslumanni hreppsnefndarinnar Oddi yfirréttarmálaflutningsmanni Gíslasyni greiðast úr landssjóði málflutningslaun fyrir yfirdómi, 20 krónur.

Nr. 51/1901: Guðmundur Jónsson
gegn
Einari Vigfússyni.

Dómur:

Hinn 1. maí 1900 gekk hinn stefndi Einar Vigfússon í þjónustu hjá áfrýjanda, Guðmundi kaupmanni Jónssyni á Búðum í Fáskrúðsfirði, sem bakari, enda hafði hann og unnið hjá honum við og við að sömu störfum veturinn áður. Var það tilætlunin, að stefndi yrði fastur ársmaður hjá áfrýjanda frá 1. maí 1900 til sama tíma 1901, og hafði áfrýjandi boðið honum 450 kr. í árskaup og ókeypis húsnæði, og flutti stefndi í hús það, er honum var ætlað, 3. maí. En nokkrum dögum síðar (7. maí) vísaði áfrýjandinn stefnda í burtu og kvaðst eigi geta notað hann lengur. Höfðaði stefndi þá mál þetta fyrir vistarrof og krafðist þess, að áfrýjandi væri dæmdur til að greiða sér í skaðabætur hið umsamda árskaup 450 kr. og 60 kr. sem uppbót fyrir ókeypis húsnæði, svo og málskostnað. Var mál þetta dæmt í lögreglurétti Suður-Múlasýslu 2. okt. 1900 með þeim úrslitum, að kröfur stefnda um árskaup og uppbót fyrir ókeypis húsnæði voru teknar til greina og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum í málskostnað 25 kr.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn, að fengnu leyfi til uppreistar, dags. 6. des. f. á., skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 6. des. f. á., og hefir þess verið krafist af hans hendi, að áfrýjandi

verði, með eða án undangengins synjunareiðs af hans hálfu, sýknaður af kærum og kröfum stefnda og að stefndi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Hinn stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að lögregluréttardómurinn verði staðfestur, að áfrýjandi verði sektaður fyrir að hafa eigi mætt á sáttafundi í málinu, og að hann verði dæmdur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Það skal þegar tekið fram, að mál þetta snertir eigi venjuleg vistarráð milli húsbænda og hjúa, þar sem spurningin er um ráðning stefnda sem handverksmanns til ákveðins starfa, sem að iðnaði hans lýtur, og stefndi átti að hafa heimili út af fyrir sig, en eigi vera heimilismaður áfrýjanda eða á fæði hjá honum. Það var því eigi heimild til þess að höfða mál þetta fyrir lögreglurétti samkvæmt hjúatilskipuninni 26. jan. 1866, 34. gr. En þar sem málinu hefir verið stefnt fyrir sáttanefnd á venjulegan hátt og að öðru leyti með það farið sem alment einkamál, þykir eigi þurfa að ónýta málið fyrir þessa sök.

Eins og áður hefir verið tekið fram, tók stefndi til starfa hjá áfrýjanda 1. maí 1900 við brauðgjörðarhús hans, eftir að hann hafði við og við unnið þar veturinn áður, og heldur stefndi því fram, að hann hafi þá verið fullráðinn hjá áfrýjanda sem ársmaður við þetta starf til 1. maí 1901, enda hafi og flutt um það leyti í hús það, er honum var ætlað sem bakara og áfrýjandi átti. En nokkrum dögum síðar, 7. maí, kveður hann á-

frýjanda að ástæðulausu hafa rekið sig í burtu frá starfinu. Álítur stefndi sig því fyrir samningsrof af hendi áfrýjanda eiga heimting á árskaupi því, er um var samið, 450 kr., og uppbót fyrir húsnæðið, sem hann varð að yfirgefa nokkru síðar, 60 krónur.

Áfrýjandi hefir neitað því, að nokkur samningur hafi verið á kominn milli hans og stefnda, en hann kveðst að eins hafa boðið stefnda þjónustu hjá sér sem bakari fyrir umgetna ársþóknun 450 kr. og með ókeypis húsnæði, en þannig, að þeir skyldu gjöra með sér skriflegan samning þar-aðlútandi, því að hann áleit nauðsynlegt, fyrir kynni þau er hann hafði af stefnda, að binda hann með rækilegum og skýrum samningsákvæðum, áður en hann réði hann hjá sér til fulls. Það kemur heim við þessa skýrslu áfrýjanda, að það er viðurkent í málinu, að áfrýjandi hafi verið búinn að fá mann til að búa til vistarsamning milli hans og stefnda, þótt ekki yrði af samningsgjörðinni vegna þess að burtvísunin kom þá í milli. En þó að samningar samkvæmt þessu hafi eigi verið fullgjörðir að öllu leyti milli stefnda og áfrýjanda, þá virðist þó margt benda til þess, að þeir hafi verið búnir að binda fastmælum með sér aðalatriðin um ráðninguna, svo að áfrýjandi hafi eigi haft rétt til þess ófyrirsynju að vísa stefnda burt. Það er þannig viðurkent af áfrýjanda, að hann hafi boðið stefnda umrædda þjónustu hjá sér frá 1. maí 1900 til 1. maí 1901 fyrir 450 kr. árskaup og með ókeypis húsnæði, og stefndi var tekinn til starfa

hjá áfrýjanda á umsömdum tíma 1. maí 1900 og seztur að í húsnæði því, er þjónustunni fylgdi, og það er svarið af einu vitni, að áfrýjandi hafi sagt því, að stefndi væri vistaður hjá sér yfir umgetið tímabil og með nefndum kjörum. Áfrýjandi hefir reyndar mótmælt skýrslu þessa vitnis sem rangri, en með henni í sambandi við önnur atvik, þau er lýst hefir verið, virðast svo miklar líkur fram komnar fyrir því, að stefndi hafi verið ráðinn ársmaður hjá áfrýjanda með þeim kjörum, sem greind hafa verið, þó að til stæði að ákveða nánar skilmálana þeirra í milli með skriflegum samningi, að það þykir rétt, að láta úrslit málsins vera komin undir synjunareiði áfrýjanda, þannig, að ef áfrýjandi synjar fyrir það með eiði, að hann hafi ráðið stefnda ársmann til sín frá 1. maí 1900 til 1. maí 1901 fyrir 450 kr. kaup og með ókeypis húsnæði, þá skal hann sýkn vera af kröfu stefnda um skaðabætur fyrir vistarrof; en vinni hann eigi svofeldan eið, skal hann greiða stefnda fyrir samningsrof umsamið kaup 450 kr. og 60 kr. í uppbót fyrir ókeypis húsnæði, og í málskostnað fyrir yfirdómi 30 kr. Með því að áfrýjandi mætti eigi fyrir sáttanefnd í málinu, þótt hann væri löglega tilkallaður, ber honum samkvæmt tilsk. 20. jan. 1797, 26. gr., að greiða stefnda í málskostnað í héraði 25 kr. og í sekt til landssjóðs samkvæmt tilsk. 11. ág. 1819 (sbr. tilsk. 24. jan. 1838, 3. gr.) 4 kr.

Því dæmist rétt vera:

Ef áfrýjandi Guðmundur kaupmaður Jónsson á Búðum í Fáskrúðsfirði eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu synjar fyrir það með eiði, að hann hafi ráðið stefnda Einar Vigfússon bakara samastaðar ársmann til sín frá 1. maí 1900 til 1. maí 1901 fyrir 450 króna kaup og með ókeypis húsnæði, þá skal hann vera sýkn af kærum og kröfum stefnda í máli þessu, og fellur þá málskostnaður fyrir yfirdómi niður. En vinni áfrýjandi eigi svofeldan eið, greiði hann stefnda fyrir samningsrof 510 krónur og í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur. Afrýjandi greiði stefnda, hvernig sem málalok verða, málskostnað í héraði með 25 krónum og í sekt til landssjóðs 4 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 29. septembermánaðar.

Nr. 23/1902: Helgi Eiríksson
gegn
prófasti Jóhanni L. Sveinbjarnarsyni.

Dómur:

Mál þetta kom fyrir yfirdóminn samkvæmt stefnunni 1. þ. m. og mætti þá í yfirdóminum

málsfærslumaður áfrýjanda og óskaði frests til næsta réttardags, til að semja sóknarskjal í málinu, og samþykti mótparturinn þann frest, en af hans hendi mætti yfirréttarmálaflutningsmaður Oddur Gíslason sem skipaður talsmaður samkvæmt gjafsóknarleyfisbréfi landshöfðingjans dags. 1. þ. m., er heimilaði stefnda gjafvörn í málinu og ókeypis málsfærslu. Hinn 8. þ. m. var málið aftur tekið fyrir í yfirdóminum, en málsfærslumaður áfrýjanda lýsti því þá yfir, að áfrýjandi hætti við málið. Hinn skipaði talsmaður stefnda krafðist þá kosts og tæringar hjá áfrýjanda.

Mál þetta á, samkvæmt þessu, að vera hafið, og ber að taka kröfu hins skipaða málsfærslumanns um kost og tæring til greina, og dæma áfrýjanda til að greiða honum í nefndu skyni 6 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Mál þetta er hafið. Áfrýjandinn Helgi Eiríksson greiði hinum skipaða málsfærslumanni stefnda, yfirréttarmálaflutningsmanni Oddi Gíslasyni, í kost og tæring 6 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Nr. 4/1902: Sigurður Thoroddsen
gegn
Tryggva Gunnarssyni.

Dómur:

Mál þetta var í héraði höfðað af hinum stefnda bankastjóra Tryggva Gunnarssyni gegn áfrýjandanum verkfræðing Sigurði Thoroddsen út af ýmsum ummælum í grein einni í blaðinu »Þjóðólfur«, 33. tölubl. 52 árg., sem út kom 13. júlí 1900, og var grein þessi með yfirskriftinni: »Þórarinn Jóhannsson og Tryggvi Gunnarsson«, en undirskrifuð af Sigurði Thoroddsen, enda hefir hann kannast við, að hafa ritað hana. Málinu var ráðið til lykta með bæjarþingsdómi Reykjavíkur, uppkveðnum 29. ágústm. f. á., á þá leið, að ummæli þau í blaðgreininni, sem Tryggvi Gunnarsson hafði átalið, voru dæmd dauð og ómerk, og að Sigurður Thoroddsen var dæmdur til að greiða 50 króna sekt í landssjóð, eða sæta 10 daga einföldu fangelsi, ef sektin eigi greiddist í tækan tíma, svo og til að greiða sækjanda í héraði 20 kr. í málskostnað. — Dómi þessum hefir verkfræðingur Sigurður Thoroddsen skotið til yfirréttarins með stefnu, dags. 8. marz þ. á., og krafist þess, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu, eða til vara, að hin ídæmda sekt verði lækkuð svo mikið sem verða má, og að Tryggvi Gunnarsson verði dæmdur til að greiða allan málskostnað eftir mati réttarins, hvernig sem málið fer. — Stefndi bankastjóri Tryggvi Gunnarsson hefir af sinni hálfu

krafist þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Ummæli þau í áminstri grein »Þjóðólfs«, sem stefndi hefir átalið og undirdómarinn dæmt ómerk og saknæm, eru þessi: »Hér kemur fyrst fram opinberlega árangurinn af margra ára rógburði eins manns um mig — Tryggva bankastjóra Gunnarssonar — og eg fæ því tækifæri til þess að sýna fram á bankastjórans sannleiksást og samvizkusemi í árásum hans á mig«; — »hefir hann þó verið að rægja mig á þingi við þingmennina, af því hann hefir haldið, að þar gætu áhrifin orðið skaðlegust fyrir mig; þar hefir hann komið með ýmsar ósannindа- og þvaðurs-sögur um mig«; »Út úr þessu býr svo Tr. það til, að eg hafi ekki viljað fara, og notar það til að sverta mig í augum þingmanna, og þetta er því lúalegra, þar sem eg var fjarstaddur og gat ekki borið hönd fyrir höfuð mér«. Þar sem áfrýjandi með þessum ummælum ber það á stefnda, *að* hann hafi í mörg ár rógborið sig, *að* hann hafi rægt sig á þingi við þingmennina, af því að hann hafi haldið, að þar gætu áhrifin orðin skaðlegust, *að* hann hafi búið til sögu, til þess að sverta sig í augum þingmanna, og *að* aðferð hans hafi verið því lúalegri, þar sem henni hafi verið beitt við sig fjarstaddan, — þá verður að fallast á það álit undirdómarans, að öll þessi ummæli séu freklega meiðandi fyrir stefnda. En áfrýjandi hefir af sinni hálfu haldið því fram,

að ummæli þessi væri sönn, og ættu við rök að styðjast, og hefir hann í því efni vitnað til þess, sem stefndi hefir sagt um hann við ýmisleg tækifæri í ræðum sínum á alþingi, einkum 1897. En þó að hinar tilvitnuðu ræður stefnda beri vott um það, að hann hafi eigi traust á áfrýjanda og að hann álíti hann eigi vera vaxinn þeim starfa, sem hann hefir á hendi, og þó að stefndi hafi í þeim mjög fundið að starfsemi áfrýjanda sem verkfræðing landsins, þá er þó engin ástæða til að kalla þær rógburð, eða halda því fram, að stefndi hafi haldið ræður þessar til þess að sverta áfrýjanda. Það verður að líta svo á, að stefndi hafi álitið sér það skylt sem alþingismaður, að finna óvægilega að þeim aðgjörðum áfrýjanda, sem honum þóttu óheppilegar, og það hlaut honum að vera heimilt. En frekar en þetta verður eigi lagt í hinar tilvitnuðu alþingisræður. Með því að áfrýjandi hefir eigi heldur á annan hátt réttlætt hin átöldu ummæli sín um stefnda, verður að dæma þau ómerk, eins og undirdómurinn hefir gjört, og sekta áfrýjanda fyrir þau samkvæmt 219. grein hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869, og þar sem sektarákvæði bæjarþingsdómsins þykir hæfilegt, og ákvæði hans um vararefsinguna og málskostnað í héraði samþykkjast, verður að staðfesta nefndan dóm í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi og að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi Sigurður Thoroddsen greiði stefnda Tryggva Gunnarssyni málskostnað fyrir yfirdómi með 20 krónum.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 13/1902: Halldór Bjarnarson
gegn
Ásgrími Magnússyni.

Dómur:

Í máli þessu var áfrýjunarstefna útgefin á skrifstofu yfirdómsins 9. maím. þ. á., og átti málið að koma fyrir yfirdóminn samkvæmt stefnunni 28. júlí þ. á., en þá mætti áfrýjandi eigi og enginn af hans hendi. Aftur á móti mætti í réttinum greindan dag málsfærslumaður stefnda og krafðist kosts og tæringar hjá áfrýjanda, og ber að taka þá kröfu til greina og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda í téðu skyni samkvæmt N. L. 1—4—34 6 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn Halldór prestur Bjarnarson á Presthólum greiði stefnda Ásgrími Magnússyni barnakennara 6 — sex — krónur,

er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagri aðför að lögum.

Mánudaginn 6. októbermán.

Nr. 26/1902: Hreppsnefnd Auðkúluhrepps gegn P. J. Thorsteinsson fyrir hönd verzlunarfélagsins P. J. Thorsteinsson & Co. á Bíldudal.

Úrskurður:

Þegar mál þetta var í fyrsta skifti tekið fyrir í yfirdóminum og skipaður málfærslumaður hreppsnefndarinnar hafði lagt fram sókn í því og gjört málsútlistun sína, mætti í réttinum af hendi stefnda verzlunarstjóri hans í Hafnarfirði Sigfús Bergmann, samkvæmt umboði, er hann lagði fram, og bað um skjöl málsins lið og hálfsmánaðarfrest til andsvara. Hinn skipaði málsfærslumaður hreppsnefndarinnar mótmælti því, að verzlunarstjórinn hefði án sérstakrar löggildingar frá landshöfðingja heimild til að mæta af hendi stefnda í réttinum, og krafðist þess því, að málið væri tekið til dóms þá þegar, eins og enginn hefði mætt af stefnda hálfu. Lögðu málsaðilar þetta ágreiningsatriði undir dóm eða úrskurð réttarins.

Samkvæmt N. L. 1—9—14 og konungsúrskurði 19. marz 1858 þarf maður eigi að láta hina skipuðu málflutningsmenn við yfirdóminn flytja mál sitt fyrir nefndum rétti, ef hann vill sjálfur

flytja það eða ef hann vill láta fjárhaldsmann sinn, frænda eða þjón gjöra það. Og noti maður einhvern þessara manna, er engin heimild til að krefjast sérstakrar löggildingar handa þeim til að mæta í yfirdóminum. Með því nú að hinn mætti verzlunarstjóri hins stefnda verður að teljast þjónn hans, eins og skilja ber þetta orð í N. L. 1—9—14, þá gat stefndi, samkvæmt því er áður hefir verið tekið fram, látið hann mæta fyrir sína hönd í réttinum án löggildingar, og voru því mótmæli mótpartsins gegn komu hans í réttinn eigi á rökum bygð, og verður krafan af hans hendi eigi tekin til greina, en umboðsmanni stefnda ber að veita umbeðinn frest til andsvara.

Því úrskurðast:

Mótmæli áfrýjanda gegn umboðsmanni stefnda eru eigi tekin til greina, og veitist umboðsmanninum hálfsmánaðarfrestur í málinu til andsvara.

Nr. 18/1902: Réttvísin gegn Guðmundi Árnasyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Suður-Múlasýslu, uppkveðnum 1. marz þ. á., var hinn ákærði Guðmundur Árnason, sjómaður á Nesi í Norðfirði, dæmdur fyrir hlutdeild í brennu samkvæmt 282.

og 283. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 4 ára tyftunarhúsvinnu og til að greiða allan sakarkostnaðinn, þar með talin málsvarnarlaun í héraði 5 kr. Þessum dómi hefir verið skotið til yfirréttarins af hálfu valdstjórnarinnar.

Atvik málsins eru þessi, eftir skýrslu ákærða, en á henni verður yfirleitt að byggja, enda kemur hún eigi í bága við aðrar upplýsingar í málinu. Ákærði hafði í 2 vetur, 1898—1899 og 1899—1900 verið hjú Jóns nokkurs Guðjónssonar á Reykjum í Mjóafirði, en Jón þessi bjó þá í timburhúsi, sem hann átti fyrir innan Reyki og kallað var Melahús eða á Melum. Sumarið 1901 bjó Jón Guðjónsson þó ekki í húsinu, heldur á Reykjum. Þetta sumar fór ákærði að Reykjum til að krefja Jón Guðjónsson um skuld; við það tækifæri fóru þeir inn að Melum (Melahúsinu), og talfærði Jón það þá við ákærða, að hjálpa sér til þess að kveikja í húsinu til þess að brenna það, og lofaði ákærði því þá. Nokkru síðar gjörði Jón Guðjónsson ákærða boð um að koma heim til sín og fór ákærði þá að Reykjum að kveldi dags 27. sept. f. á. Nóttina eftir fóru þeir, ákærði og Jón, inn að Melum, og hafði Jón með sér eldspýtur, steinolíu og strigatuskur í poka. Þegar þeir komu að Melum fór Jón niður fyrir húsið til þess að gæta að, hvort það væri lokað, eftir því sem hann sagði, en ákærði beið á meðan fyrir ofan húsið. Þegar Jón var aftur kominn til ákærða, reisti hann stiga upp við húsið og boraði gat á þakið með sveifar-

bor, sem þeir höfðu meðferðis, en ákærði rétti Jóni borinn; tróð hann síðan tusku vættri í steinolíu í gatið og kveikti í með eldspýtu, en það kviknaði eigi í húsinu við þessa tilraun. Þá boraði Jón göt á þrem stöðum á húshliðinni, tróð í steinolíuvættum strigatuskum, og kveikti í þeim; kviknaði þá í húsinu. Þegar þeir Jón og ákærði sáu, að kviknað var í húsinu, svo að logaði, stukku þeir í burtu. Ákærði tjáist þó hafa viljað snúa aftur, er hann sá að logaði í húsinu, til þess að vekja fólkið, sem í því var, en Jón aftraði honum frá því, og bannaði honum það, og varð þá ekkert af því. Húsið var hespað aftur að utanverðu, en það segist ákærði ekki hafa vitað. Fólkið, sem inni var í húsinu, 12 manns að tölu, var í svefni, er verkið var unnið, en vaknaði við snarkið í eldinum, og komst út með því að sprengja eða spenna upp útidyrnar, og tókst því svo að slökkva eldinn á hér um bil klukkutíma. Húsið var vátrygt, og má ætla, að Jón Guðjónsson hafi framið glæp þenna til þess að ná í vátryggingarféð, en skýrsla hans hefir eigi fengist í málinu, með því að hann fyrirfór sér, áður en sýslumaður næði í hann. Hinn ákærði vissi, að ýmislegt fólk bjó í húsinu, og að það var í svefni, þegar þeir frömdu glæpinn, og hlaut hann því að sjá, að mönnum var háski búinn af eldinum, þótt hann eigi vissi, að húsið var hespað aftur að utan.

Þetta afbrot hins ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefir áður verið

dæmdur fyrir nokkurn glæp, heyrir undir 48. gr. 2. málsl. og 282. gr. almennra hegningarlaga, og þykir refsingin hæfilega ákveðin af undirdómaranum 4 ára tyftunarhúsvinna. Með því að málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins einnig samþykkjast, ber að staðfesta téðan dóm. Ákærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, sem ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Hinn ákærði Guðmundur Árnason greiði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málflutningsmannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. októbermánaðar.

Nr. 12/1902: Verzlunarstjóri Örum & Wulffs verzlunar á Húsavík f. h. verzlunarinnar gegn Steinólfi Eyólfssyni.

Dómur:

Hinn stefndi í máli þessu, söðlasmiður Steinólfur Eyólfsson, fekk með strandferðabátnum »Hólar« hinn 19. september f. á. til Húsavíkur timbur til húsabyggingar; daginn eftir flotaði hann timbrinu á land, bar það upp í fjöruna og hlóð því þar upp. Lá timbrið óhreyft þar í fjörunni til þess 26. s. m., en þá lét hann byrja að vinna það; daginn eftir, hinn 27., lét hann þó bera timbrið upp úr fjörunni upp á lóð annars manns, og hafði hann fengið leyfi hans til þess. En daginn áður (o: hinn 26.) hafði verzlunarstjóri Örum & Wulffs verzlunar á Húsavík komið til stefnda, tjáð honum, að fjaran væri honum óheimil til þessarar notkunar, og skipað honum að flytja timbrið burt af lóðinni (o: úr fjörunni) innan sólarhrings. Síðan höfðaði verzlunarstjórinn mál á móti stefnda fyrir yfirgang og óheimila brúkun lóðarinnar til skaðabótagreiðslu, sektar-útláta og málskostnaðargreiðslu, og var málið dæmt í aukarétti Þingeyjarsýslu 21. desbr. f. á. á þá leið, að stefndi var algjörlega sýknaður, og málskostnaður látinn falla niður. Þessum dómi hefir verzlunarstjóri Örum & Wulffs verzlunar á Húsavík skotið til yfirdómsins með

stefnu, útgefinni 9. maí þ. á., og hefir hann hér fyrir réttinum krafist þess, *að* stefndi verði dæmdur til að greiða sér fyrir hönd verzlunarinnar 50 kr. eða aðra upphæð nægilega eftir mati réttarins fyrir móðgun og vanheimila yfirgangsnotkun á hinni umræddu lóð, þó ekki minna heldur en sem svarar 6 daga leigu af lóðinni með sama eftirgjaldi, er verzlunin verður að borga fyrir réttindin til staðarins (o: Húsavíkurstaðar), »en það verða 1 kr. 62 aur.«, segir áfrýjandi, *að* stefndi auk þess verði dæmdur til þess að greiða hæfilega sekt eftir mati réttarins fyrir gjörræði sitt, sjálftöku og ólöglega aðferð við notkun lóðarinnar, og *að* hann verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Hinn stefndi, Steinólfur Eyólfsson hefir eigi mætt né látið mæta af sinni hendi fyrir yfirdóminum, þótt löglega sé stefndur, og verður því málið dæmt eftir framlögðum skjölum og framkomnum gögnum samkvæmt N. L. 1—4—32. og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Það er viðurkent af áfrýjanda, að verzlun Örum & Wulffs hafi ekki beðið neitt beint peningalegt tjón við það, þótt stefndi legði umrætt timbur upp í fjöru þá, er verzlunin eignar sér, og hefði það þar nokkra daga, og það er að öðru leyti ekkert komið fram í málinu, er bendi á það, að verzlunin hafi beðið nokkurn skaða af greindum verknaði stefnda. Stefndi verður því ekki, þegar af þessari ástæðu, dæmdur til að greiða áfrýjanda neinar skaðabætur í þessu máli. Það eru eigi heldur lög til þess, hvernig sem á rétt verzl-

unarinnar til fjörunnar er litið, að refsa stefnda fyrir ólöglega sjálftöku í þessu máli eða fyrir annað saknæmt gjörræði, og verður sektarkrafa áfrýjanda á hendur honum því heldur eigi tekin til greina. Það verður samkvæmt þessu að staðfesta aukaréttardóminn að öllu leyti. Þar eð stefndi eigi mætti fyrir yfirdóminum, verður málskostnaður fyrir þessum rétti að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Mánudaginn 20. októbermánaðar.

Nr. 27/1902: Réttvísin gegn Jens Fr. Jensen.

Dómur:

Með aukaréttardómi Ísafjarðarkaupstaðar, gengnum 7. júní þ. á., var hinn ákærði Jens Fr. Jensen dæmdur fyrir þjófnað til að sæta fangelsishegningu við vatn og brauð í 4×5 daga og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með talin varnarlaun til talsmanns hans í héraði Björns Árnasonar bæjarfulltrúa, 8 kr. Dómi þessum hefir hlutaðeigandi amtmaður áfrýjað til landsyfirréttarins.

Með eigin játning hins ákærða, er styðst við aðrar skýrslur, er fengar eru í málinu, er það

löglega sannað, að hann nóttina milli 17. og 18. apríl þ. á. fór inn í verzlunarbúð Leonh. Tangs verzlunar á Ísafirði með þeim hætti, að hann klifraði yfir girðingu við búðina og er hann var kominn inn fyrir hana (inn í portið) reif hann frá hlemm, sem negldur var fyrir rúðuop á glugga og smaug inn um opið inn í búðina. Var það ásetningur hans, að reyna að ná sér í ölföng í búðinni. Úr konjakstunnu í búðinni, sem krani var í, tók hann á flösku, er hann hafði meðferðis, og þar að auki drakk hann nokkuð af konjaki. Að því búnu opnaði hann peningaskúffuna, sem hann vissi hvar var, og tók úr henni peninga þá, sem í henni voru; það er ekki fengin full vissa fyrir, hve mikið var í skúffunni, en miklar líkur eru til þess, að ekki hafi verið meira fé í henni en 10 kr.

Ákærði er kominn langt yfir lögaldur sakamanna og hefir eigi áður verið refsað fyrir neinn glæp. Hann er hneigður mjög til ofdrykkju og var töluvert drukkinn, þegar hann framdi þjófnaðinn, og virðist eftir atvikum málsins ástæða til að taka tillit til þessa ástands hans, þegar ákveðin er refsing hans. Afbrot hans er því af undirdómaranum réttilega heimfært undir 231. gr. 4 í alm. hegningarlögum 25. júní 1869, sbr. 40. gr. þeirra, og þykir af honum hæfilega ákveðin 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Með því að yfirdómurinn einnig felst á málskostnaðarákvæði dómsins — en um iðgjöld er ekki að ræða, þar sem þeirra hefir eigi verið krafist — ber að staðfesta hinn á-

frýjaða dóm að öllu leyti. Akærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfærslulaun sóknara og svaramanns við yfirdóminn, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og sókn og vörn í málinu við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Ákærði Jens Fr. Jensen ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns í málinu fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 3. nóvembermánaðar.

Nr. 17/1902: Réttvísin
gegn
Sturlu Vilhjálmssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Suður-Múlasýslu, gengnum 28. febr. þ. á., var ákærði Sturla Vilhjálmsson frá Dölum í Fáskrúðsfirði dæmdur fyrir stórþjófnað og brennu eftir 231. og 282. gr. í almennum hegningarlögum fyrir Ísland 25. júní 1869 til að sæta 8 ára tyftunarhúsvinnu, til að borga iðgjöld 2280 kr. 84 a., svo og allan af málinu og varðhaldi

hans leiðandi kostnað, þar með talin varnarlaun til talsmanns hans í héraði Jóns sýsluskrifara Runólfssonar 5 kr.

Þessum dómi hefir hlutaðeigandi amtmaður fyrir hönd réttvísinnar áfrýjað til landsyfirréttarins.

Með eigin játningu ákærða, Sturlu Viljálmssonar, sem styðst við það, sem á annan hátt er framkomið í málinu, er það löglega sannað, að hann síðla kvelds, 9. sept. 1901, eða fyrri part nætur milli 9. og 10. sept. 1901, lagði leið sína til Þorgrímsstaða í Breiðdal með þeim ásetningi, að stela peningnm frá Jóni Jónssyni bónda þar, sem ákærða var kunnugt um, að Jón geymdi í kistu í skemmu, er áföst var við bæinn. Er hann var kominn að Þorgrímsstöðum, þar sem alt var kyrt, með því fólkið var háttað eða í svefni, fór hann inn í skemmuna með þeim hætti, að hann opnaði hlera, sem var fyrir glugga á gafli skemmunnar, kipti út glugganum og fór inn um opið, gekk að kistu, sem þar var og opnaði hana, — en hún var ólæst, af því að föt höfðu orðið á milli, er læsa átti kistunni — og stal úr henni 539 kr.; meðan hann var að ná peningunum, kveikti hann á 2 eldspýtum, til þess að sjá til; að því búnu kom honum til hugar að kveikja í skemmunni til þess að peningahvarfið kæmist ekki upp, og gjörði hann það með þeim hætti, að hann kveikti á þriðju eldspýtunni — fleiri hafði hann ekki — og kastaði henni ofan í kistuna, en í henni voru föt og bækur. Þá heyrði hann hund gelta á bænum

og flýtti hann sér því út um gluggaopið og hélt burtu með þýfið leiðar sinnar. Að því á annan hátt er upplýst, var eitthvað lítið komið á 12. klukkustundina, er hann kveikti í kistunni, en stuttu eftir miðnætti var skemman albrunnin. Jón bóndi á Þorgrímsstöðum vaknaði um miðnætti við það, að honum heyrðist sem vindur þyti, og er hann leit út í gluggann á baðstofunni, þar sem hann svaf, sá hann eldbjarma leggja á hlaðið; kallaði hann þá til fólksins, sem svaf á loftinu yfir baðstofunni og bjargaði það sér út um glugga, nema Gísli vinnumaður Eiríksson, sem fór niðri bæjargöng til þess að vita, hvað um væri að vera, en varð að hverfa aftur sökum reykjar, og fór því inn í baðstofu og þar út um glugga, en Jón bóndi og kona hans og börn voru þá komin út um gluggann út á hlað. Var svo innanstokksmunum í baðstofunni bjargað út um glugga, en drengur var sendur á næsta bæ til þess að biðja um hjálp, og kom bóndinn þar og bróðir hans að vörmu spori til hjálpar og tókst þeim og heimamönnum að slökkva eldinn án þess að hann næði til baðstofunnar; var það um 4. stund eftir miðnætti. Eins og áður er sagt, brann skemman öll niður og eldurinn læsti sig þaðan í göngin milli skemmunnar og baðstofunnar, og voru raftar þar talsvert brunnir, án þess þó að göngin hryndu. —

Jón bóndi á Þorgrímsstöðum, kona hans og hjú hafa látið í ljósi það álit sitt, að alt fólkið mundi hafa brunnið inni, hefði Jón bóndi ekki vaknað svo tímanlega

Ákærði hefir stöðugt haldið því fram, að honum hafi ekki komið til hugar að hætt hafi verið við, að fólkið mundi brenna inni, því logn hafi verið og svækja. Það verður nú eigi heldur, eftir atvikum málsins, sérstaklega þegar tillit er tekið til húsaskipunar á bænum og veðurlags, staðhæft, að ákærði hafi hlotið að sjá, að fólkinu væri bersýnilegur lífsháski búinn af brunanum; enda varð og sú raunin á, að ekki kviknaði í baðstofunni, og að alt heimilisfólkið bjargaðist greiðlega út um gluggana á henni.

Verknaður ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og ekki áður hefir verið hegnt fyrir neitt afbrot, á undir 231. gr. 4 og 283. gr. alm. hegningarlaga og virðist hegning sú, sem hann samkvæmt nefndum lagagreinum hefir til unnið, þegar litið er til hins langa gæzluvarðhalds ákærða, sbr. 59. gr. hegningarlanna, og til þess, að hann er ungur, hefir góða vitnisburði um framferði að undanförnu og í varðhaldinu, eins og líka að uppeldi hans frá barnæsku hefir verið mjög svo ábótavant, hæfilega ákveðin 5 ára betrunarhúsvinna.

Af þeim 539 kr., sem ákærði stal frá Jóni bónda Jónssyni, eru komnar til skila 472 kr. 1 e.; 66 kr. 99 a. var ákærði búinn að eyða, þegar hann var handsamaður; þegar hér við bætist andvirði þess sem brann fyrir Jóni — og alt var óvátrygt — 1728 kr. 85 a., eru iðgjöld þau, sem Jóni bera hjá ákærða, kr. 1795,84. Svo ber ákærða og að greiða í iðgjöld: Guðrúnu Halldóru Erlendsdóttur

147 kr. 50 a., Gísla Eiríkssyni 204 kr. 50 a., Álfheiði Bergsveinsdóttur 83 kr. Héraðsdómarinn hefir ennfremur dæmt ákærða til þess að greiða Jóni bónda Jónssyni í endurgjald til utanbæjarmanna 50 kr. fyrir þá muni sem þeir höfðu mist í brunanum, en með því að ekki sést, að hlutaðeigendur hafi krafist endurgjalds fyrir þessa muni, verður það ekki dæmt þeim eða Jóni í þessu máli.

Yfirdómurinn felst á ákvæði héraðsdómsins um málskostnað og borgun til verjanda í þessu máli.

Ákærða ber og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn ákærði Sturla Vilhjálmsson á að sæta 5 ára betrunarhúsvinnu og greiða í iðgjöld til Jóns bónda Jónssonar á Þorgrímsstöðum 1795 kr. 84 a., til Guðrúnar Halldóru Erlendsdóttur 147 kr. 50 a., til Gísla Eiríkssonar 204 kr. 50 a., og til Álfheiðar Bergsveinsdóttur 83 kr. Um málskostnað í héraði skal héraðsdómnum óraskað. Svo ber ákærða og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi

kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmd iðgjöld lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 15. desembermánaðar.

Nr.28/1902: Hið opinbera
gegn
verzlunarstjóra Joh. Christensen.

Dómur:

Með lögregluréttardómi Akureyrarkaupstaðar, uppkveðnum 12. ágúst þ. á., var hinn kærði, verzlunarstjóri Höepfners verzlunar á Akureyri, Joh. Christensen, dæmdur fyrir ólöglega verzlun með áfenga drykki við téða verzlun samkvæmt 2. gr. laga 11. nóv. 1899, um verzlun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi, í 150 kr. sekt til bæjarsjóðs Akureyrar, og skyldu jafnframt allir áfengir drykkir, er hjá honum fyndust, gjörðir upptækir og andvirði þeirra renna í sama sjóð og sektin. Málskostnaður var látinn falla niður. Þessum dómi hefir hlutaðeigandi amtmaður samkvæmt ósk hins kærða áfrýjað til landsyfirdómsins.

Mál þetta var rekið og dæmt í héraði af manni, er settur var eftir beiðni hins reglulega dómara til þess að þjóna embætti hans í fjarveru

hans, fyrir hans hönd og á hans ábyrgð að öllu leyti. Þó hefir hinum reglulega dómara eigi verið stefnt við áfrýjun málsins, heldur hinum setta umboðsmanni hans einum. Það virðist þó eftir atvikum mega líta svo á, sem áfrýjunarstefnunni sé einnig beint að umboðsmanninum fyrir hönd hins reglulega dómara, er ábyrgðina ber, og að umboðsmaðurinn hafi tekið á móti birting stefnunnar einnig fyrir hönd hins reglulega dómara, og er því eigi álitin fullnæg ástæða til að láta þenna formgalla á málinu tefja það.

Verzlun sú á Akureyri, er hinn kærði veitir forstöðu, og þar sem hin ólöglega áfengisverzluu á að hafa átt sér stað, hefir verið eign kaupmanns Carls Höepfners í Kaupmannahöfn og rekin á Akureyri samkvæmt borgarabréfi útgefnu 9. júní 1865 og hljóðandi upp á nafn téðs Carls Höepfners. Í sept. f. á. andaðist eigandi verzlunarinnar Carl Höepfner og keypti þá kærði verzlunarleyfi handa ekkju hans, ekkjufrú A. Höepfner í Kaupmannahöfn, og litlu síðar sótti hann fyrir hennar hönd um leyfi til áfengissölu samkv. lögum 11. nóv. 1899, en var neitað um það. Hætti kærði þá áfengissölu við verzlunina frá síðastliðnu nýári, en byrjaði á henni aftur í aprílmánuði síðastliðnum eftir skipun frú Höepfner, sem taldi sig hafa rétt til að halda verzlun manns síns áfram samkvæmt borgarabréfi hans, þar sem hún sæti í óskiftu búi eftir hann, einnig áfengisverzluninni samkvæmt 1. lið 2. greinar í nefndum lögum 11. nóv. 1899. Fyrir áfengissölu þá, er kærði hefir

þannig rekið við verzlunina eftir fráfall Carl Höepfners, bæði síðari hluta ársins 1901 og aftur síðan í aprílmán. þ. á., hefir því næst mál þetta verið höfðað gegn honum, og var það dæmt í lögreglurétti Akureyrar með þeim úrslitum, sem fyr segir.

Spurningin í máli þessu er nú sú, hvort ekkja Carl Höepfners kaupmanns hafi haft rétt til þess, eins og hún heldur fram, að nota verzlunarleyfi eða borgarabréf manns hennar, eftir að hann var fallinn frá, því að undir úrlausn þeirrar spurningar er það komið, hvort hinn kærði, verzlunarstjóri hennar, hefir gjört sig sekan í ólöglegri áfengisverzlun, þeirri er hann er kærður fyrir. Eins og áður hefir verið tekið fram, keypti reyndar kærði nýtt verzlunarleyfi handa ekkjunni og sótti um áfengissöluleyfi handa henni, eftir að maður hennar var dáinn, en þetta getur ekki álitist hafa breytt réttarstöðu ekkjunnar, að því er verzlunarréttindin snertir, til hins verra, enda er það fram komið í málinu, að kærði gjörði þetta hvorttveggja af misskilningi eða án heimildar frá ekkjunnar hálfu. En að því er kemur til aðalspurningarinnar í málinu, þá verður yfirdómurinn að vera sömu skoðunar og undirdómarinn um það, að verzlunarréttur C. Höepfners hafi fallið niður við fráfall hans, svo að ekkja hans hafi eigi getað haldið áfram verzluninni í skjóli þess borgarabréfs eða verzlunarleyfis, er útgefið var handa honum. Í lögum vorum, opnu bréfi 28. desbr. 1836, 2. gr., og nú lögum 7. nóv. 1879, 2. gr., er það boðið, að hver

sá, er vill reka verzlun á Íslandi, skuli kaupa til þess viðurkenningarbréf eða borgarabréf, og þar sem engin undantekning er gjörð frá því ákvæði, er eigi heimild til að skilja það svo, að nokkur annar en sá, er viðurkenningarbréfið eða borgarabréfið hljóðar upp á, geti notað bréfið til að reka verzlun í skjóli þess, hvort heldur það er ekkja þess, er bréfið fekk, jafnvel þótt hún sitji löglega í óskiftu búi, eða erfingjar hans. Verzlunarleyfi eða borgarabréf Carl Höepfners hljóðaði nú, eins og áður er tekið fram, upp á nafn hans eins, og gat hann því einn notað það, en ekki ekkja hans eftir hans dag. Því hefir verið haldið fram í málinu, að það hafi viðgengist á Íslandi, að ekkja hafi notað borgarabréf eða veitingaleyfi manns síns að honum látnum, án þess að fá nýtt leyfisbréf; en þó að þetta hafi komið fyrir í einstöku tilfellum og verið látið afskiftalaust, þá sannar það ekki, að það hafi verið álitið lögum samkvæmt, enda eru og dæmi til þess, að hið gagnstæða hefir átt sér stað, að ekkja hefir tekið nýtt borgarabréf eftir lát manns hennar.

Samkvæmt framansögðu verður ekki álitið, að verzlun sú, er kærði veitir forstöðu á Akureyri, hafi lögum samkvæmt getað haldið áfram í skjóli borgarabréfs þess, er Carl Höepfner hafði, og áfengissala við verzlunina gat því eigi haldist löglega eftir það er Carl Höepfner andaðist, og þar sem kærði hefir þó haldið slíkri verzlun áfram eftir þann tíma, er það rétt, að lögregluréttardómarinn hefir dæmt hann fyrir ólöglega áfengissölu

samkvæmt lögum 11. nóv. 1899, 13. gr. sbr. 2. gr. 1. málslið, og þykir sekt sú, er kærða ber að greiða, hæfilega ákveðin 100 kr., sem renni í bæjarsjóð Akureyrar. Svo skulu og allir áfengir drykkir, sem í verzluninni finnast, gjörðir upptækir og andvirði þeirra renna í bæjarsjóð Akureyrar. Kærða ber að greiða allan kostnað málsins í héraði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Kærði verzlunarstjóri Joh. Christensen á Akureyri greiði í sekt 100 — eitt hundrað — krónur, er renni í bæjarsjóð Akureyrar kaupstaðar, og skulu allir áfengir drykkir, er í verzlun þeirri finnast, er hann hefir veitt og veitir forstöðu á Akureyri, upptækir gjörðir og andvirði þeirra renna í bæjarsjóð Akureyrarkaupstaðar. Kærði greiði allan kostnað máls þessa í héraði og allan af áfrýjun þess leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmd sekt greiðist innan 8 vikna frá

lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 29/1902: Réttvísin
gegn
Nikulási Guðmundssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Ísafjarðarsýslu, uppkveðnum 12. sept. þ. á., var hinn ákærði Nikulás Guðmundsson frá Bólstaðarhlíð dæmdur fyrir einfaldan þjófnað samkv. 232. gr. 1. málsl. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 í 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og til að greiða allan málskostnað, þar með talin varnarlaun til verjanda síns í héraði, cand. Gríms Jónssonar, 8 kr., en dómi þessum er eftir ósk ákærða skotið til yfirdómsins.

Það er löglega sannað með játning ákærða og öðrum skýrslum, að hann stal 8. apríl þ. á. sjóbrók, sem metin hefir verið 9 kr. virði, úr geymsluhúsi við eina sjóbúðina í Hnífsdal. Var brókin geymd upp á lofti í geymsluhúsinu, en húsið var óaflæst, hurðin að eins lögð aftur, hespan niðurhangandi, og hengilásnum smeygt í kenginn í dyrustafnum. Brókinni hefir óskemdri verið skilað aftur eigandanum.

Ákærði er kominn langt yfir lögaldur sakamanna og hefir honum áður verið refsað 5 sinnum, nefnil. 1, samkv. aukaréttardómi Húnavatnssýslu 23. jan. 1861 með 20 vandarhöggum, fyrir

þjófnað; 2, samkv. yfirréttardómi 5. jan. 1874 með 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð, fyrir þjófnað og heimildarlausa brúkun á annara eign; 3, samkv. aukaréttardómi Húnavatnssýslu 11. apr. 1882, með 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð, fyrir þjófnað; 4, samkv. yfirréttardómi 14. apríl 1890 með 20 kr. sekt til landssjóðs, fyrir heimildarlausa brúkun á hrossi; 5, samkv. hæstaréttardómi 9. apríl 1897, með 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð fyrir stórþjófnað.

Það verður eigi álitið eftir skýrslum málsins, að ákærði, eins og hann hefir viljað halda fram, hafi verið drukkinn, er hann framdi þjófnaðinn, og um sálarástand hans, sem áður hefir verið talið óheilt með köflum, hefir hlutaðeigandi héraðslæknir, sem hefir rannsakað hann tvisvar sinnum, vottað, að eigi verði sagt, að það sé neitt verulega frábrugðið því, sem gjörist á heilbrigðum mönnum.

Afbrot ákærða er af undirdómaranum réttilega heimfært undir 232. gr., 1. málsl., alm. hegningarlaga, og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin af honum 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Með því að yfirdómurinnn einnig felst á málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins, ber að staðfesta hann að öllu leyti. Ákærða ber og að greiða áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Ákærði Nikulás Guðmundsson greiði og áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 krónur til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 15/1902: Skafti Jósefsson
gegn
Þorsteini Gíslasyni.

Dómur:

Áfrýjandinn, ritstjóri Skafti Jósefsson á Seyðisfirði, höfðaði mál þetta í héraði á hendur hinum stefnda, ritstjóra Þorsteini Gíslasyni, fyrir ærumeiðandi ummæli í grein einni fyrirsagnarlausri í blaðinu »Bjarka« 6. árg. 3. tölubl., sem kom út 25. jan. 1901, en af sinni hálfu höfðaði Þorsteinn Gíslason gagnsök á hendur Skafta Jósefssyni fyrir ýms ærumeiðandi ummæli í greinum í blaðinu »Austra«, nefnil. í tölubl. 26., 32., 34. og 46. árið 1900 og tölubl. 2. og 3. árið 1901, en áfrýjandi er ritstjóri blaðsins »Austra« og stefndi ritstjóri blaðsins »Bjarka«, og koma blöð þessi bæði út á Seyðisfirði. Málum þessum var ráðið til lykta með aukaréttardómi Seyðisfjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 15. febr. 1902, á þá leið, að sækjandi og stefndi

voru hvor um sig dæmdir í 100 kr. sekt til landssjóðs, en til vara í 30 daga einfalt fangelsi hvor, að hin átöldu meiðandi ummæli af hálfu beggja málsaðila voru dæmd dauð og ómerk, og að málskostnaður var látinn falla niður; svo voru og nokkur ummæli gagnsækjanda um aðalsækjanda í varnar- og sóknarskjölunum dæmd ómerk. Þessum dómi hefir ritstjóri Skafti Jósefsson skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 15. maí 1902, og gjört þær réttarkröfur, að dóminum verði breytt þannig, að stefndi (gagnsækjandi í héraði) verði dæmdur til að greiða hæfilega sekt fyrir meiðyrði sín að viðlögðu fangelsi, og að öll meiðyrðin verði dæmd dauð og ómerk, en að áfrýjandi verði sýknaður af öllum kærum og kröfum stefnda, eða til vara, að hann verði látinn sæta hinni lægstu réttlátu sekt fyrir ummæli sín, og að stefndi verði dæmdur í allan málskostnað fyrir báðum réttum. Stefndi, ritstjóri Þorsteinn Gíslason, hefir af sinni hálfu unað við hinn áfrýjaða dóm, og krafist, að hann verði staðfestur, svo og, að sér verði tildæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Áfrýjandi telur eftirnefnd ummæli í áminstri grein í blaðinu »Bjarka« 3. tölubl. 6. árg., 25. jan. 1901, meiðandi fyrir sig: »heimskingi, óþokki, narri«; »eru til bréf frá honum, þar sem hann býðst til að rógbera menn fyrir peninga, og dróttar jafnframt að þeim æruleysissökum«. »Þau (skjölin) eru spegill ógeðslegrar og lítilmótlegrar tuddasálar; það er ekki hægt að hugsa sér fleðu-

skap, smjaður og skítmensku innilegar sameinað en þar«, »verið brennimerktur á hornum og klaufum sem óþokki«, »þetta siðferðislega úrþvætti«, »maðurinn sé skoðaður sem fífl og narri«. »Einu sinni í haust gekk eg fram hjá einni af drykkjustofum hans hér í bænum; karl stóð þar inni, sneri kömpunum upp í loftið og var að hvolfa í sig að eg held úr brennivínspela«. »Drykkjustofur Skafta kalla sumir viss skot til og frá í bænum, sem karlmenn eiga stundum nauðsynleg erindi inn í; karlinn læzt sem sé vera í bindindi, og þarf því að skjótast inn á afvikna staði til að hella í sig«; «karlinn var slattfullur« »Aulabárðurinn gat þá í hvorugan fótinn stigið fyrir monti yfir því, hve kænn hann væri að hafa nú náð í tækifæri til að verja Ö. & W. Blöðin verða að vera praktisk, praktisk, japlaði hann í sífellu«. »Æru- og mannorðs-þjófinn Axar-Skafta nokkurn, ef þú kannast við hann: hvert logið brigzl, sem þú beinir mér, borgað með sönnu get eg þér«. »Og ef þú hefir nú ekki, Skafti, | a . . . . . húðarselurinn, | vit á að halda heimskum kjafti, | þá hýði eg þig í næsta sinn, | svo nokkrar rauðar rákir enn, | á rassinum á þér sjái menn«, »Oft hálffullur«, »að sjá aulann á þennan hátt níða lífið úr truntunni«. Stefndi hefir kannast við það, að allflest af ummælum þessum séu stíluð til áfrýjanda, og að öðru leyti er það eftir öllu sambandinu og stefnu greinarinnar vafalaust, að þau eru öll stíluð til hans. Ummæli þessi eru mjög svívirðandi og meiðandi fyrir áfrýjanda, og hefir stefndi eigi réttlætt þau

að neinu leyti, því að eigi verður í máli þessu tekið tillit til bréfs þess, sem stefndi tjáir að áfrýjandi hafi skrifað öðrum manni 29. okt. 1893, og sem að nokkru leyti mundi réttlæta sum af ummælum stefnda, ef sannað væri, að áfrýjandi hefði skrifað það. En hann hefir afdráttarlaust neitað því, og hefir neitun þeirri ekki verið hrundið. Stefndi getur því eigi komist hjá sekt fyrir meiðyrði sín um áfrýjanda eftir 217., sbr. 218. grein, og 219. gr. alm. hegningarl. 25. júní 1869, en þegar ákveða skal sektina, verður að taka tillit til þess, að áfrýjandi hafði hvað eftir annað áður ráðist á stefnda í blaði sínu »Austra« með skummaryrðum og meiðyrðum, síðast 19. jan. 1901, og segir stefndi, að sú árás í »Austra« hafi verið tilefnið til hinnar átöldu greinar í »Bjarka«. Með tilliti til þessa þykir rétt að ákveða sektina til handa stefnda 150 krónur, og komi í stað hennar 40 daga einfalt fangelsi, ef hún greiðist eigi öll í ákveðinn tíma. Um ómerkingu þessara meiðyrða á aukaréttardómurinn að vera óraskaður.

Eins og getið var um í upphafi, gagnstefndi Þorsteinn Gíslason áfrýjanda í héraði fyrir ýms ummæli í nokkrum tölublöðum blaðsins »Austra« 1900 og 1901, er hann taldi meiðandi fyrir sig, og hefir aukaréttardómurinn tekið til álita og dæmt ómerk eftirnefnd ummæli, sem fyrir því nú koma til álita í yfirdóminum: Í 26. tölubl. »Austra« 1900: »þá þokkapilta, er virðast láta sér á sama standa, hvort þeir segja satt eða ósatt, og nota hvert tækifæri til að ata út sannleikann og sér

betri menn«. Í 32. tölubl. 1900: »Hinum persónulega óþverra þessa ógeðslega aldamótaviðrinis, sósialista-, höfðingja- og auðmannasleikjunnar . . . þessa saurblaðs . . . haugalygum«. Í 34. tölubl.: »Mun alla lesendur Bjarka hafa furðað á því, hvað ritstjórar blaðsins hafa getað látið sér sæma að ganga langt fram af mönnum að svívirða með persónulegustu skömmum einhvern nýtasta verzlunarstjóra landsins . . . . Gefur þvílíkur ritháttur sterkasta grun um, að til þeirra örþrifsráða sé gripið . . . af meðfæddum óþokkaskap, og eru víst allir samdóma um, að þvílíkum tuddaskap er ekki svarandi. En það getur ekki Múlsýslungum staðið á sama, að hér sé mitt á meðal þeirra framfleytt því saurblaði, með tilsvarandi ritstjóra, er ausi sauri þeirra beztu og vitrustu menn . . . . Ámæli það er Ö. & W. fær í Bjarka er blátt áfram illmæli ósatt frá rótum . . . . er það óþokkabragð að tilfæra það í Bjarka . . . tilfært í Bjarka móti betri vitund . . . í þeim tilgangi, að reyna að sverta og skaða pólitiskan mótstöðumann og saklausa verzlun animo nocendi, animo injuriandi«. Í 46. tölubl. 1900: »Allur almenningur veit, að það sem Bjarki lýsir haugalygi, reynist oft satt að vera«. Í 2. tölubl. 1901: »Vafamál, hvort þar megi meira, heimskan eða illgirnin . . höfum látið mannrolu þessa alveg hlutlausa og ekki skift oss meira af honum en fullri rottu í rennusteini . . . þá getur Þorsteinn Gíslason átt þar fyrir lygaranafnið«. Í 3. tölubl. 1901: »Saurinn í Bjarka . . . Hinn afturgengni Sunnanfara og Íslands ritstjóri . . . óþverra-

grein . . . í fylliríi eða slæmum eftirköstum þess . . . ómerk ómagaorð . . . svívirðilegum fúkyrðum hans og lygaþvættingi . . . Dóna skömmum hins falleraða ritstjóra«. Áfrýjandi hefir haldið því fram, að stefndi ætti eigi sök á ummælum þessum, og að þeim hafi eigi verið beint að honum. Þetta er að vísu rétt að því er snertir ummælin í 26. og 32. tölubl. »Austra«; stefndi hafði eigi fulla ástæðu til að taka þau til sín; en öllum hinum ummælunum er ótvírætt beint að blaðinu Bjarka og ritstjórn hans, án þess nokkur greinarmunur sé gjörður þeirra, er í ritstjórninni voru. Nú var stefndi meðritstjóri blaðsins alt árið 1900 og einn ritstjóri þess eftir nýár 1901. Hann er því réttur aðili sakar að því er hin síðar tilgreindu ummæli snertir; og með því að það verður að fallast á það, að þau séu sumpart særumeiðandi fyrir stefnda og sumpart freklega óvirðandi og móðgandi, en áfrýjandi hefir eigi að neinu leyti réttlætt þau, þá verður að dæma þau dauð og ómerk og sekta áfrýjanda fyrir þau, og þykir sektin eigi of hátt ákveðin í undirdóminum, sem sé 100 kr., né heldur vararefsingin 30 daga einfalt fangelsi, og skal því staðfesta dóminn að þessu leyti. Málskostnaðarákvæði dómsins samþykkjast einnig, svo og ákvæðið um ómerkingu meiðyrða í gagnsóknarskjölunum í héraði. Samkvæmt þessu verður aukaréttardómurinn staðfestur með umgetinni breytingu á sekt stefnda og þeirri breytingu á ómerkingarákvæði hans, er leiðir af fyrsögðu.

Eftir öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður, þó svo, að sekt stefnda Þorsteins ritstjóra Gíslasonar sé 150 kr., er renni í landssjóð, og afplánist með 40 daga einföldu fangelsi. Svo falli og úr ómerkingarákvæði dómsins ummælin í 26. og 32. tölubl. »Austra« árið 1900. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 22. desembermánaðar.

Nr. 52/1902: Réttvísin
gegn
Anton Jörgen Andersen Krisvig.

Dómur:

Með aukaréttardómi Seyðisfjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 12. sept. síðastl. var hinn ákærði Anton Jörgen Andersen Krisvig frá Haugesund í Noregi dæmdur fyrir nauðgunartilraun samkv. 169. gr., 1. lið, og 46. gr. sbr. 47. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan

af málinu og varðhaldi hans leiðandi kostnað, þar með talin varnarlaun í héraði 6 kr. Þessum dómi hefir verið skotið til yfirdómsins eftir ósk hins ákærða.

Um afbrot hins ákærða og atvik málsins yfirleitt er það upplýst, sem nú skal greina: Í síðastliðnum júlímánuði var ákærði kolamokari á gufuskipinu »Avance« frá Stavanger, sem þá lá á Seyðisfirði, og var hann ásamt nokkrum öðrum löndum sínum í landi að kvöldi dags 4. júlí; voru þeir fyrst við drykkju á veitingahúsinu, og fóru þaðan seint um kvöldið; fóru þeir þá fyrst út á veitingasölustaðinn Steinholt, vöktu þar upp og keyptu 4 hálfflöskur af öli, sem þeir síðan fóru með; voru þeir þá orðnir tveir einir, ákærði og háseti af skipinu Loch Fyne frá Seyðisfirði, Trygve Hálvorsen að nafni; urðu þeir þá ásáttir um að fara lengra úteftir, til þess að reyna að ná fundi stúlkna, sem þeir höfðu heyrt að héldu þar til. Voru þeir þá báðir nokkuð ölvaðir, ákærði þó minna, og eigi svo, að það bæri verulega á honum. Þegar þeir komu út að svo nefndu Antoníusar-húsi, hittu þeir þar fyrir utan húsið tvær stúlkur, Rannveigu Sigurðardóttur og Hallberu Ottadóttur, sem áttu heima í húsinu, en voru eigi gengnar til svefns; auk þeirra voru þar til húsa 9 aðrar stúlkur, auk húsbónda og konu hans, og voru þau þá öll farin til svefns; allar þessar stúlkur höfðu sumarvinnu við fiskverkun hjá verzlun eða útgjörð O. Wathnes erfingja, og bjuggu því svo margar í einu húsi. Skúr var áfastur við

húsið, og var eldhús í honum innar, en gangur fram af og útidyr á, en eigi var innangengt úr skúrnum í húsið; voru stúlkurnar Rannveig og Hallbera við skúrinn og ætluðu að sögn þeirra að fara að læsa honum, þegar Norðmennina bar þar að; en þeir gáfu sig á tal við þær; að vísu hefir samtalið gengið stirt, því að stúlkurnar skildu lítt dönsku eða norsku, og Norðmennirnir kunnu ekki íslenzku, en þó fóru þær inn í eldhúsið, skúrinn, með Norðmönnunum, þar sem þeir fengu lánaða kaffibolla til þess að drekka öl úr; vildu þeir gefa stúlkunum öl og smakkaði Hallbera að minsta kosti eitthvað á því. En um viðskifti þeirra og atferli hins ákærða eftir þetta hefir eigi fengist samhljóða skýrsla þeirra, né fullkomlega áreiðanleg vissa um það, hvað ákærði hafi aðhafst.

Skýrsla stúlkunnar Rannveigar Sigurðardóttur er á þá leið, að hún hafi rétt skömmu síðar farið fram úr eldhúsinu og ætlað inn í íbúðarhúsið, en ákærði hafi þá farið á eftir henni, stöðvað sig í ganginum fram af eldhúsinu, lokað báðum ganghurðunum, boðið sér að súpa á ölflöskunni sinni og síðan falað sig til holdlegs samræðis, en hún hafi neitað því. Hafi hann þá beitt valdi við sig til þess að fá vilja sínum framgengt, tekið pilsin upp um hana, leitast við að leggja hana ofan á kolakassa, sem var þar í ganginum, hnept frá henni nærbuxum hennar og tekið þær ofan um hana, og hafi hún svo sparkað þeim af sér, er þær flæktust um fætur hennar, og lagt þær á kolakassann, þar sem þær fundust morguninn eft-

ir; hafi kærði hnept buxunum frá sjáltum sér, farið höndum um sig bera að neðan og stympast við sig fram undir hálfan klukkutíma; en loks hafi henni tekist að komast aftur inn í eldhúsið. Bað hún þá hina stúlkuna, Hallberu, að fara og kalla á húsbóndann til hjálpar, og fór hún þá út og Halvorsen með henni, en ákærði og Rannveig voru þá enn ein eftir í eldhúsinu. Eftir skýrslu Rannveigar fór ákærði þá aftur að leita á hana með enn meiri frekju en áður, skipaði henni að leggjast niður á gólfið, fletti pilsunum upp um hana og stympaðist við hana og leitaðist við að leggja hana ofan á gólfið, en hún varðist eftir mætti; rak hún þá fæturnar í eldavélina og meiddi sig, svo að á þeim sá. Hélt ákærði áfram þessum stympingum við hana þangað til Hallbera kallaði fyrir utan, að nú kæmi Helgi, húsbóndinn; ákærði slepti þá Rannveigu og komst hún út; var hún þá grátbólgin með flakandi hár og dagtreyja hennar flakti frá henni að neðan, og sjálf hafði hún þá orð á því, að hún mundi seint bíða þess bætur, er hún hefði orðið að líða um nóttina.

Hallbera Ottadóttir og Trygve Halvorsen hafa bæði skýrt frá því, að ákærði og Rannveig hafi bæði saman farið út úr eldhúsinu, skömmu eftir að þau öll saman hefðu farið inn í það, og að þau hafi heyrt þrusk og stympingar til þeirra úr ganginum, og hefir Hallbera tekið það fram, að hún hafi haft grun um það, að Rannveig væri nauðulega stödd, eins og hún hefir að orði komist; hún hefir og skýrt frá því, að Rannveig hafi einu

sinni kallað til sín, en þá hafi hún ekki komist fram, því að Halvorsen hafi varnað sér þess, og hefir hann kannast við það. En hann hefir sagt, að sig hafi ekkert grunað í þá átt, að ákærði væri að beita valdi til þess að fá vilja sínum framgengt við Rannveigu.

Hinn kærði hefir stöðuglega og afdráttarlaust neitað því, að hann hafi beitt valdi við Rannveigu til þess að þvinga hana til holdlegs samræðis við sig eða komið ósiðlega fram gagnvart henni; hann kannast að vísu við það, að hann hafi mælst til holdlegra samfara við hana, en hann kveðst hafa gjört það í gamni og mundi hann eigi hafa notað sér samþykki hennar, þó hún hefði veitt það, en það gjörði hún ekki. Hann hefir verið ófáanlegur til að kannast við það, að hann hafi verið einn með Rannveigu í ganginum eða í eldhúsinu, og hefir hann haldið því stöðugt fram, að þau hafi einlægt verið öll 4 saman, þangað til húsbóndinn Helgi kom að. Um þetta atriði hefir þó Helgi þessi borið það, að þegar hann kom þar að, hafi Norðmaðurinn, hinn ákærði, komið út og Rannveig á eftir honum, og hafi hún þá verið grátþrútin í framan og »hárið alt út í loftið«.

Um viðskifti ákærða og Rannveigar hafa ekki fengist frekari skýrslur, og verður þegar þær eru metnar að athuga það, að þau virðast eigi hafa getað vel skilið hvort annað, með því að hann kunni eigi íslenzku og hún eigi dönsku eða norsku, svo að vel væri, að hann var nokkuð drukkinn, svo að fyrir þá skuld getur minni hans

hafa verið ógleggra en ella, og að framburður hans hefir í einstöku atriðum verið á reiki, og í öðrum atriðum kemur hann í bága við samhljóða skýrslur hinna þriggja.

Þegar nú eru íhuguð atvik þau, sem þannig eru upplýst í málinu, einkanlega, *að* Rannveig hefir stöðugt haldið því fram, að ákærði hafi beitt valdi og þvingun við sig til þess að nauðga sér til samræðis, *að* hún kom út frá viðureign þeirra grátþrútin með flakandi hár og föt, *að* Hallbera og Halvorsen heyrðu hávaðann og stympingarnar til þeirra frammi í ganginum, *að* Rannveig eftir viðureignina hafði blá fingraför á báðum handleggjum og marbletti á öðrum fæti og var mjög þjökuð morguninn eftir, sem læknir hefir vottað, *að* nærbuxur hennar fundust morguninn eftir úti á kolakassa í ganginum eftir hennar eigin tilvísun, *að* ákærði hefir kannast við, að hann hafi þetta kvöld farið út á Búðareyri til þess að »hitta stúlkur«, *að* hann hefir kannast við að hafa frammi í ganginum — »í gamni« reyndar, eftir því sem hann segir — beðið Rannveigu að leyfa sér holdlegt samræði við hana, *að* framburður hans hefir reynst í sumum atriðum bersýnilega rangur og í öðrum atriðum hvikull, *að* Rannveig hefir fengið gott orð, og *að* eigi er nein sennileg ástæða til þess, að hún vilji bera ranga sök á ákærða í þessu efni — þá verður að álíta, að með þessu öllu sé fengin nægileg sönnun gegn neitun ákærða fyrir því, að hann hafi við umrætt tækifæri beitt

valdi við Rannveigu Sigurðardóttur í saurlifnaðartilgangi, sbr. tilsk. 8. sept. 1841, þó að ekki þyki rétt, gegn staðfastlegri neitun hans, að telja athæfi hans beint nauðgunar-tilraun til samræðis, og heyrir þetta brot hans, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefir áður verið refsað hér á landi, undir 177. gr. sbr. 169. gr. í alm. hegningarlögum, og þykir refsingin fyrir hann, sem var nokkuð drukkinn, er hann framdi brotið, en þó eigi svo, að það geti álitist að eiga að hafa áhrif á sakhæfi hans, hæfilega ákveðin með tilliti til hins langa gæzluvarðs hans og annara atvika í málinu 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Ákvæði aukaréttardómsins um málskostnað og málsvarnarlaun í héraði samþykkjast, og ber því að staðfesta téðan dóm með áminstri breytingu á refsingunni. Hinn ákærði á einnig að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, sem ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður, þó svo, að refsingin sé 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Ákærði Anton Jörgen Andersen Krisvig greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun

til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málsfærslumannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 11/1902: Gunnar Jónsson
gegn
Carl F. Schiöth.

Dómur:

Mál þetta er skuldamál, sem kaupmaður Carl F. Schiöth á Eskifirði höfðaði í héraði gegn Gunnari Jónssyni, bónda á Skriðustekk, og var því ráðið til lykta með gestaréttardómi Suður-Múlasýslu, uppkveðnum 30. nóv. 1901, á þá leið, að Gunnar Jónsson var dæmdur til að greiða Carl F. Schiöth skuld að upphæð 27 kr. 84 a. og málskostnað að upphæð 30 kr. Dómi þessum hefir Gunnar Jónsson skotið til yfirdómsins með stefnu, dags 9. maí 1902, og eru kröfur hans í málinu, að dómurinn verði dæmdur ómerkur og stefndi dæmdur í málskostnað fyrir báðum réttum, en til vara, að dóminum verði breytt eða hrundið þannig, að áfrýjandi verði algjörlega sýknaður af kærum og kröfum stefnda, og hann (stefndi) dæmdur í málskostnað fyrir báðum réttum. Af sinni hálfu hefir stefndi Carl F. Schiöth krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi með einhverri nægilegri upphæð.

Það er eigi ástæða til að ómerkja gestaréttardóminn samkvæmt aðalkröfu áfrýjanda, hvorki fyrir þá sök, að formleg gestaréttarstefna var eigi gefin út í málinu, með því að málsaðilar alt að einu mættu eða létu mæta við allar fyrirtektir málsins í héraði, né heldur fyrir þá sök, að undirdómarinn hafi eigi veitt áfrýjanda lögmælta leiðbeiningu, því að áfrýjandi hafði löglærðan málsfærslumann til að mæta fyrir sig við rekstur málsins, nema að eins fyrsta daginn, er það féll í rétt, og var dómarinn því eigi skyldur að leiðbeina áfrýjanda sérstaklega. Og þar sem einkanlega hefir verið fundið að því, að dómarinn lét það viðgangast, að stefndi krafði áfrýjanda í fyrsta réttarhaldi málsins yfirlýsingar um eitt einstakt atriði málsins, þá var þessi áskorun (provocatio), sem áfrýjandi svaraði þá þegar, fyllilega lögmæt.

Hin umþrætta skuld stafar af viðskiftum áfrýjanda við pöntunarfélag Suður-Múlasýslu árið 1893, en eftir reikningi þeim yfir þessi viðskifti, sem stefndi lagði fram í héraði (réttarskjal 2 í undirréttargjörðunum) var úttekt hans hjá félaginu að kostnaði meðtöldum 171 kr. 35 a., en innlagður borgunareyrir í ull 143 kr. 51 e., og er mismunurinn, 27 kr. 84 a., upphæð sú, sem dómurinn hljóðar um, og felst aðallega í henni ómakslaun, tollur, farmleiga og annar kostnaður. Áfrýjandi heldur því nú fram, að stefndi sé eigi bær um að krefjast þessarar upphæðar, því að pöntunarfélagið sé réttur aðili þeirrar sakar. Þetta virðist þó eigi vera rétt, því að með skjali 28. marz 1893

hafa 11 bændur, og er áfrýjandi einn meðal þeirra, gengið í sjálfskuldarábyrgð fyrir borgun á vörum þeim, er »þeir herrar Carl Schiöth og Carl Jacobsen útvega okkur á yfirstandandi ári«, og er eigi vafasamt, að þessi skuldbinding nær einnig til kostnaðar, sem vörupöntuninni var samfara; og með öðru skjali, útgefnu sama dag, veita sömu bændur þeim Carl Schiöth og Carl Jacobsen umboð til að selja fyrirfram fyrir sig c. 5000 pd. af vorull. Það er nú enginn vafi á því, að skuldarreikningur stefnda til áfrýjanda stafar af þessum verzlunarviðskiftum og vörupöntunum. En samkvæmt yfirlýsingum 21. marz, 31. s. m. og 6. apríl 1894 hefir Carl Jacobsen verið leystur frá öllum störfum snertandi áminstar vörupantanir, en stefndi hefir þá einn tekið þau að sér. Var þetta samþykt á pöntunarfundi í Stöðvarfirði 6. apríl 1894. Af þessu verður eigi betur séð, en að stefndi sé enn réttur aðili sakar, sbr. einkum skuldbindingarskjalið 28. marz 1893, enda virðist pöntunarfélagið, sem áfrýjandi vill kalla réttan aðila sakar, vera liðið undir lok eða hætt að starfa fyrir 4 árum, eftir því sem stefndi hefir skýrt frá fyrir undirréttinum.

Að því er snertir sjálfa skuldarupphæðina, 27 kr. 84 a., þá hefir áfrýjandi eigi beinlínis eða afdráttarlaust neitað því, að hún væri rétt. Fyrir sáttanefndinni vildi hann eigi viðurkenna »skuldakröfuna sem *rétt krafða*«, og síðan neitaði hann, að sér bæri nokkur skylda til að svara stefnda til skuldarinnar, »án tillits til réttmæti kröfunnar að

öðru leyti«. Fyrir yfirdóminum virðist það jafnvel viðurkent af hálfu áfrýjanda, að hann skuldi »pöntunarfélaginu« þessa upphæð. Öll vörn áfrýjanda fyrir yfirdómi er að þessu leyti í því fólgin, að stefndi geti eigi krafist skuldarinnar í sínu nafni sem sinnar eigin skuldar, og jafnframt er þess af hálfu áfrýjanda getið, að skuldin hafi myndast meðan stefndi var pöntunarstjóri nefnds félags (o: pöntunarfélags Suður-Múlasýslu). Það verður því eigi álitið, að áfrýjandi hafi neitað því, að skuldin væri rétt, enda hefir hann eigi sérstaklega minst á hina einstöku pósta hennar (ómakslaun, tollur, fragt, ábyrgðargjald, vinna etc). Samkvæmt þessu verður að dæma hann til að borga skuldina, eins og undirdómarinn hefir gjört, og ber að staðfesta dóminn, einnig málskostnaðarákvæði hans. Eftir úrslitum málsins verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 kr.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi Gunnar bóndi Jónsson greiði stefnda kaupmanni Carl F. Schiöth málskostnað fyrir yfirdómi með 20 krónum.

Dóminum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 10/1902: Kristján C. Magnússon
gegn
Carl J. Guðmundssyni.

Dómur:

Með dómi aukaréttar Suður-Múlasýslu, uppkveðnum 12. nóv. 1901, var áfrýjandinn Kristján C. Magnússon á Einarsstöðum dæmdur til þess að greiða stefnda kaupmanni Carl J. Guðmundssyni á Stöðvarfirði verzlunarviðskiftaskuld að upphæð 249 kr. 49 a. og 5% vexti af skuldinni frá stefnudegi 26. marz 1901 til borgunardags. Um málskostnað er ekkert ákveðið í dómsniðurlaginu, og hefir hann því fallið niður. Dómi þessum hefir Kristján C. Magnússon skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 6. maím. 1902, og krafist þess hér fyrir réttinum, að upphæð skuldarinnar, eins og hún er ákveðin í dóminum, verði færð niður um 85 kr. 18 a., og að stefndi verði dæmdur til að greiða allan kostnað málsins fyrir báðum réttum, en sérstaklega allan þann kostnað, sem leiddi af réttarhaldi því, »sem fram átti að fara 11. maí 1901«. Stefndi kaupmaður Carl J. Guðmundsson hefir af sinni hálfu krafist þess, að aukaréttardómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði látinn greiða allan kostnað af málsskotinu með einhverri nægilegri upphæð eftir mati yfirdómsins. Sérstaklega mótmælir stefndi því, að hann verði látinn greiða nokkurn kostnað fyrir aðgjörðir undirdómarans, og er með því átt við kostnað, sem talið er að

leitt hafi af réttarhaldi, sem átti fram að fara 11. maí 1901, en fórst fyrir.

Mál þetta er risið út af verzlunarviðskiftum áfrýjanda við stefnda. Eftir reikningum frá stefnda, sem fram hafa verið lagðir í málinu, skuldaði áfrýjandi honum 1. jan. 1898 3.6 kr. 35 a., 1. jan. 1899 890 kr. 90 a. og 1. jan. 1900 284 kr. 49 a., og er þetta upphæð sú, sem stefndi krafði áfrýjanda um fyrir aukarétti Suður-Múlasýslu, og fekk hann dóm fyrir henni í héraði, að frádregnum 35 kr., sem voru umkrafðir vextir, er héraðsdómurinn feldi niður. Varð dómsskuldin þannig 249 kr. 49 a. Áfrýjandi hefir kannast við skuld þessa að öðru leyti en því, að hann gjörir tilkall til uppbótar á fiskverði, 2 aura fyrir hvert pd. málsfiskjar og 1 e. fyrir hvert pd. undirmálsfiskjar, ýsu og löngu, og telur hann þessa uppbót samtals 85 kr. 18 a. Framfylgdi hann kröfu þessari með gagnsókn í héraði, en undirdómarinn tók hana eigi til greina. Krefst hann þess nú fyrir yfirdóminum, að dómsskuldin verði færð niður sem þessari upphæð nemur.

Hinn 13. júní 1899 — en þá var skuld sú öll til orðin, sem er sakarefni — gjörðu málsaðilar þá sátt með sér fyrir aukarétti Suður-Múlasýslu, að áfrýjandi lofaði að greiða upp í skuld sína við stefnda — en hún var jafnframt í sættinni talin hafa verið 30. desbr. 1898 855 kr. 90 a. — »fisk þann, sem hann á nú verkaðan og undir verkun, að undanskildu einu skpd. af verkuðum fiski«, og samkvæmt þessu lagði áfrýjandi allmikinn fisk

inn í verzlun stefnda í júlímán. næst á eftir. Áfrýjandi heimtar nú áminsta uppbót á verðinu fyrir þenna fisk, svo og nokkurn fisk, er hann lagði inn til verzlunarinnar í maímán. næst á undan.

Í hinni tilvitnuðu sátt er ekkert ákveðið um verð á fiskinum, og verður það eigi skilið öðru vísi en svo, að áfrýjandi hafi átt að sætta sig við það verð, sem stefndi almennt gæfi viðskiftamönnum sínum á fiski þá um sumarið, og að hann gæti eigi heimtað hið hæsta verð, sem gefið kynni að verða fyrir fisk þar í bygðarlaginu, úr því að hann eigi sérstaklega áskildi sér það. Þegar þetta er athugað, og jafnframt hitt, að með ýmsum skýrslum í málinu er það gjört mjög sennilegt, að verð það, sem stefndi gaf fyrir fiskinn, hafi verið almennt verð á fiski þar um slóðir fram undir lok júlímán. 1899, og ekkert er komið fram um það, að hann hafi gefið öðrum viðskiftamönnum sínum hærra verð fyrir fisk, verður eigi álitið, að nægileg heimild sé til þess, að taka uppbótarkröfu áfrýjanda til greina.

Samkvæmt þessu verður að staðfesta hinn áfrýjaða dóm eftir kröfu stefnda, bæði að því er snertir skuldarupphæðina og vaxtagreiðsluákvæði hans. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 30 krónur.

Mál þetta átti í fyrstu að takast fyrir í héraði 11. maí 1901 að Kirkjubóli í Stöðvarfirði, en það varð ekki af fyrirtekt málsins þá, með því að dómarinn gat eigi komist á staðinn sökum ofviðr-

is. Áfrýjandi lét þó mæta þar, og hefir hann krafist 55 kr. kostnaðarendurgjalds leiðandi af því. Stefnda verður þó eigi gefin sök á því, að ekkert varð af réttarhaldinu, og eftir því hvernig úrslit máls þessa eru orðin, verður þessari kröfu áfrýjanda ekki gefinn neinn gaumur.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi Kristján C. Magnússon greiði stefnda, kaupmanni Carl J. Guðmundssyni, málskostnað fyrir yfirirdómi, 30 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 26/1902: Hreppsnefnd Auðkúluhrepps
gegn
P. J. Thorsteinsson & Co. á Bíldudal.

Dómur:

Áfrýjandi, hreppsnefnd Auðkúluhrepps, gjörði stefnda P. J. Thorsteinsson & Co. á Bíldudal aukaútsvar fyrir fardagaárið 1900—1901, að upphæð 15 kr., og var útsvarið lagt á salt- og fiskverzlun stefndu í Hlaðsbót í Auðkúluhreppi. 9. desbr. 1901 tók hreppstjórinn í Suðurfjarðahreppi lögtaki gjald þetta eftir kröfu áfrýjanda, með því að stefndu neituðu að greiða það. Með úrskurði fógetans í Barðastrandarsýslu, gengnum 11. jan. 1902, var lög-

taksgjörðin úr gildi feld og hinir lögteknu munir leystir úr löghaldinu.

Þessum úrskurði hefir hreppsnefnd Auðkúluhrepps að fenginni gjafsókn og með skipuðum málflutningsmanni áfrýjað til landsyfirréttarins með stefnu, dags. 28. júní þ. á., og krafist þess, að hann verði úr gildi feldur og hinu stefnda verzlunarfélagi verði gjört að skyldu að greiða 15 kr. aukaútsvar til Auðkúluhrepps, svo og málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins, þar á meðal hæfileg málssóknarlaun til hins skipaða sækjanda. Af hálfu stefndu hefir þess verið krafist, að fógetaúrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða allan málskostnað að skaðlausu eða eftir mati yfirdómsins.

Útsvar það, sem áður er um getið, lagði hreppsnefnd Auðkúluhrepps á salt- og fiskverzlun, er hún taldi stefndu hafa rekið í Hlaðsbót innan Auðkúluhrepps í Ísafjarðarsýslu. Eftir því sem fram er komið í málinu, höfðu stefndu mann í Hlaðsbót frá 19. sept. til 16. nóv. 1900 til að taka á móti blautfiski og afgreiða salt til þeirra, er reru þaðan og þar nærlendis; á tímabilinu frá 3. apríl til 28. júní 1901 voru afhentar frá salthúsi stefndu í Hlaðsbót samtals 75 tunnur af salti. Þetta salt afhenti Mattías bóndi Ásgeirsson í Baulhúsum rétt við Hlaðsbót í hvert skifti eftir sérstakri ávísun frá verzluninni á Bíldudal. Svofeld saltútlát, sem fram fóru á tímabilinu frá 3. apríl til 28. júní 1901, verða hvorki skoðuð sem verzlun né sem arðsamt fyrirtæki, og er ekki heimild í lögum

til þess að leggja aukaútsvar á þannig lagaða starfsemi. En að því er kemur til blautfiskstöku og saltútláta þeirra, sem fram fóru frá 19. sept. til 16. nóv. 1900, þá kemur ekki til álita í þessu máli, hvort lög séu til að leggja útsvar á slíkt fyrirtæki eða ekki, með því að það ekki var rekið 4 mánuði á gjaldárinu, sjá lög 9. ágúst 1889.

Með því að áfrýjanda þannig hefir brostið lagaheimild til þess að leggja aukaútsvar það á stefndu, sem hér er um að ræða, ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð. Málskostnaður virðist eftir atvikum eiga að falla niður. Hinum skipaða talsmanni áfrýjanda verða eftir þessum úrslitum málsins ekki dæmd nein málflutningslaun.

Að því er málið hefir verið gjafsóknarmál vottast, að rekstur þess hefir verið lögmætur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður á að vera óraskaður. Málskostnaður fellur niður.

Landsyfirréttardómar 1903.

Mánudaginn 12. janúarmánaðar.

Nr. 33/1902: Réttvísin
gegn
Stefáni Guðmundssyni og
Óla Jóni Jónssyni.

Úrskurður:

Áður en dómur verður lagður á mál þetta, þykir nauðsynlegt, að það sé prófað ítarlega að því er eftirnefnd atriði snertir:

1. Verður að heimta ítarlegri skýrslu fyrir rétti af hinum ákærðu, hvorum í sínu lagi, um það, hvort þeir hafi, annarhvor eða báðir, skýrt séra Árna Þórarinssyni frá breytingu þeirri, sem þeir gjörðu á verðlagsskýrslunni, annaðhvort áður en þeir gjörðu hana eða á eftir, og ef svo er, þá hvenær.
2. Hafi þeir eigi gjört það, verður að krefja hina ákærðu, einnig fyrir rétti, hvorn í sínu lagi, ítarlegrar skýrslu um það, hvað til þess hafi

komið, að þeir létu það hjá líða, þar sem séra Árni hafði samið skýrsluna með þeim samkvæmt embættisskyldu sinni, og undirskrifað hana.

3. Það verður að krefja hina ákærðu, hvorn um sig, enn ítarlegri réttarskýrslu, en þegar er fengin, um það, við hvað þeir styðji það álit sitt, að séra Árni Þórarinsson hafi *af vangá* sett vaðmálsverðið í verðlagsskýrsluna, þar sem þeir annars bera það, að við samningu skýrslunnar hafi einmitt verið ágreiningur og þar af leiðandi sérstakt umtal um þennan lið í skýrslunni.
4. Það ber og að krefja hina ákærðu ítarlegri skýrslu fyrir rétti um það, á hverju þeir hafi bygt fullvissu sína um, að ekki ætti að verðleggja vaðmál í skýrslunni, þó að svo hafi áður verið gjört.
5. Verður að yfirheyra séra Árna Þórarinsson enn ítarlegar um samvinnu hans og hinna ákærðu að skýrslunni, með stöðugri hliðsjón af öllum framburði hinna ákærðu, þar á meðal um það, hvort hinir ákærðu hafi farið þess á leit við hann, að breyta verðlagsskýrslunni. Framburð séra Árna í málinu fyrir lögregluréttinum 5. okt. 1901 ber að eiðfesta, svo og eftir atvikum einnig væntanlegan framburð hans eftir úrskurði þessum.
6. Það ber að krefja Kristján bónda Þórðarson ítarlegri skýrslu fyrir rétti um það, hvort hann hafi verið við, er verðlagsskýrslan var samin

haustið 1900 og hvort hann hafi heyrt nokkurn ágreining eða umtal um upptöku gjaldvoðarvaðmáls á skýrsluna, og ber eftir atvikum að láta Kristján eiðfesta skýrslu sína.

7. Það ber að upplýsa það með yfirheyrslu ákærðu og annara, hverjir hafi samið verðlagsskýrsluna haustið 1899, þegar brugðið var, að því er virðist í fyrsta skifti, frá þeirri venju, að verðleggja vaðmál í verðlagsskýrslunni, og hvort þá hafi verið ágreiningur um það, hvort það bæri að verðleggja, eða yfirhöfuð hvað hafi ráðið því þá, að vikið var frá eldri venju í því efni.

8. Sömuleiðis ber að upplýsa á sama hátt, hverjir hafi samið verðlagsskýrsluna haustið 1898, hvort þá hafi orðið ágreiningur um sama atriði og hvað niðurstöðunni hafi valdið.

9. Verður að útvega skýrslur fleiri málsmetandi manna í Miklaholtshreppi en Kristjáns bónda Þórðarsonar, þeirra er óviðriðnir eru mál þetta, um það:

   a, hvort gjaldvoðarvaðmál hafi gengið kaupum og sölum eða sem gjaldeyrir manna á meðal (t. d. upp í hjúakaup) í Miklaholtshreppi frá því í okt. 1899 til jafnlengdar 1900, og

   b, hvort þeim hafi verið kunnugt um nokkurn ágreining í hreppnum, fyr eða síðar, um það, hvort verðleggja skyldi vaðmál í verðlagsskýrslunum, og hvort þeir viti

nokkuð um tildrögin til þess, að brugðið var frá eldri venju í þessu efni.

10. Ennfremur ber að útvega skýrslu um það, í hvaða hreppum sýslunnar gjaldvoðarmál var verðlagt í verðlagsskýrslunum haustin 1898, 1899 og 1900.

11. Svo verður rannsóknardómarinn ennfremur að útvega allar þær skýrslur aðrar, sem þessi framhaldsrannsókn málsins kann að gefa tilefni til.

Því úrskurðast:

Rannsóknardómaranum ber að útvega allar ofannefndar skýrslur svo fljótt sem unt er.

Mánudaginn 2. febrúarmánaðar.

Nr. 33/1902: Réttvísin
gegn
Stefáni Guðmundssyni og
Óla Jóni Jónssyni.

Úrskurður:

Eftir að yfirdómurinn með úrskurði uppkveðnum 12. f. m. hafði fyrirskipað ítarlegri próf í máli þessu, hefir hann fengið í hendur eiginhandarvottorð prestsins Jósefs Kr. Hjörleifssonar á Breiðabólsstað á Skógarströnd og 4. blað XXX. árg. blaðsins »Ísafoldar«, þar sem prentuð eru 2 vottorða-eftirrit, notarialiter staðfest eftir frumriti, annað undirritað af prestinum Eiríki Gíslasyni á

Prestbakka í Hrútafirði, en hitt af Sigurbirni Guðleifssyni í Ólafsvík.

Með því að þessi vottorð snerta mjög þetta mál og myndu, og ef þau væri sönn, styðja í ýmsu tilliti að upplýsingu þeirra atriða, er þótt hafa óljós í málinu, sérstaklega um tildrögin til þess, að breyting varð á venjunni, er áður var í nokkrum hreppum Snæfellsness- og Happadalssýslu, að verðleggja vaðmál í verðlagsskýrslunum, þá þykir nauðsynlegt

1. að vottorðsgefendurnir verði yfirheyrðir um vottorðin og þau atriði, er þau greina frá, og skal eiðfesta skýrslu þeirra;
2. að þeir menn, er nefndir eru í vottorðunum, og aðrir þeir, er upplýsingar geta gefið þar að lútandi, verði yfirheyrðir um það, er þeir vita viðvíkjandi því, er í vottorðunum er sagt, og öðrum atriðum, er málið snerta;
3. að sýslumaður Lárus H. Bjarnason verði yfirheyrður um það, er segir í vottorðunum, og sérstaklega um afskifti hans af samningu verðlagsskýrslanna og innkomu skýrslanna á sýsluskrifstofuna haustið 1900;
4. að nefndur sýslumaður verði krafinn ítarlegrar skýrslu um réttarrannsókn þá, sem tjáist hafa fram farið í Ólafsvík 20. júní f. á. »í verðlagsskrármálinu«, um upptök téðs máls og hvernig því nú er komið, svo að glögglega sjáist, hvort það stendur í nokkru sambandi við mál þetta, sem nú er fyrir yfirréttinum.
5. Svo ber og að útvega allar aðrar skýrslur og

upplýsingar í málinu, er hin nýju próf kynnu að gefa tilefni til eða sem álítast kynnu nauðsynlegar við ítarlegri prófun málsins.

Með því að samkvæmt ofansögðu þarf að yfirheyra dómarann sýslumann Lárus H. Bjarnason, er haft hefir málið til meðferðar hingað til, verður óhjákvæmilegt, að framhaldsrannsókn málsins, sem fyrirskipuð er með þessum úrskurði og úrskurðinum 12. f. m., verði falin öðrum manni en nefndum sýslumanni, og væntir yfirdómurinn þess, að setudómari verði því skipaður til að fara með málið nú þegar, til þess að það megi hafa sem greiðastan gang.

Því úrskurðast:

Framangreinda framhaldsrannsókn ber að framkvæma svo fljótt sem unt er.

Mánudaginn 16. febrúarmánaðar.

Nr. 25/1902: Jón Steinason gegn Jóni Helgasyni.

Dómur:

Hinn 1. okt. 1901 kom áfrýjandinn skipstjóri Jón Steinason inn í verzlunarbúð stefnda, kaupmanns Jóns Helgasonar hér í bænum. og sýndi honum ávísunarseðil, sem stefndi hafði gefið út til handhafa, að upphæð 5 kr. 74 a., og krafði hann um borgun á upphæðinni. Stefndi vildi eigi borga

upphæð seðilsins að svo komnu, en bað áfrýjanda að lána sér hann til skoðunar, og það gjörði áfrýjandi. Stefndi færðist þó enn undan að borga upphæðina, með því að hann áleit, að hann væri þegar búinn að borga öðrum manni hana, en samt hélt hann ávísunarseðlinum. Jón Steinason höfðaði þá mál gegn Jóni Helgasyni fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, til þess að fá hann dæmdan til að borga greinda upphæð, en með dómi bæjarþingsréttarins, uppkveðnum 19. desbr. 1901, var Jón kaupmaður Helgason sýknaður í málinu, og sækjandi dæmdur til að greiða honum 8 kr. í málskostnað. Dómi þessum hefir Jón Steinason skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 20. júní f. á., og krafist þess, að dóminum verði breytt þannig, að Jón kaupmaður Helgason verði dæmdur til að greiða áfrýjanda upphæð ávísunarseðilsins 5 kr. 74 a. með 6% vöxtum frá 2. okt. 1901, og að auki allan málskostnað fyrir báðum réttum eftir yfirdómsins mati. Af sinni hálfu krefst stefndi Jón Helgason þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur í öllum greinum og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum.

Stefndi hefir kannast við það, að hann hafi gefið út ávísunarseðil þann, sem áfrýjandi sýndi til borgunar 1. okt. 1901, og að hann hafi hljóðað um borgun til handhafa, og að upphæð hans hafi verið 5 kr. 74 a. Þar sem þetta alt er viðurkent af stefnda og upphæð seðilsins átti að sjálfsögðu, þar sem annað var ekki nefnt, að greiðast við

sýningu, var stefndi skyldur að greiða áfrýjanda ávísunarupphæðina þegar í stað, nema hann sannaði, að áfrýjandi væri ólögmætur handhafi seðilsins, en það hvorki gjörði hann þá er seðillinn var sýndur né hefir síðan gjört. Áfrýjandi hefir heimtað upphæð seðilsins greidda í peningum og segir að það sé samkvæmt innihaldi seðilsins, og þar sem stefndi eigi hefir lagt fram seðilinn, sem hann einn gat gjört, með því að hann hefir haft hann í sínum vörzlum síðan 1. okt. 1901, verður að taka þessa framsögn áfrýjanda og þar með einnig kröfu hans um peningaborgun til greina.

Samkvæmt þessu verður að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda 5 kr. 74 a., en eigi verða áfrýjanda dæmdir vextir af upphæð þessari, með því að þeirra er ekki krafist í áfrýjunarstefnunni. Eftir þessum úrslitum verður stefndi og að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum réttum, sem ákveðst 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Jón Helgason kaupmaður greiði áfrýjanda Jóni Steinasyni skipstjóra 5 krónur 74 aura og málskostnað að upphæð 30 krónur.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. febrúarmánaðar.

Nr. 30/1902: Séra Jóhannes L. L. Jóhannsson
gegn
Ólafi Jóhannessyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði í héraði áfrýjandinn, presturinn Jóhannes L. L. Jóhannsson á Kvennabrekku, gegn stefnda bóndanum Ólafi Jóhannessyni á Stóra Skógi, til þess að fá hann skyldaðan til að greiða sér sem presti hans dagsverk fyrir 2 ár — 1900 og 1901 — samtals kr. 5,33, en málið var dæmt í aukarétti Dalasýslu 1. júlí f. á. á þá leið, að stefndi var sýknaður af öllum kröfum áfrýjanda í málinu, og féll málskostnaður niður, enda hafði stefndi eigi krafist hans.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 1. okt. f. á., og hefir þess verið krafist af hans hálfu, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda hina umstefndu upphæð, kr. 5,33, og málskostnað að auki fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Stefndi hefir eigi mætt fyrir yfirdóminum, né látið mæta þar af sinni hálfu, og hefir þó verið löglega stefnt, og ber því samkvæmt N. L. 1.– 4.—32. og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr., að dæma málið eftir hinum framkomnu skjölum og skilríkjum.

Ágreiningurinn í máli þessu er um það eitt, hvort stefndi, sem er bóndi og tíundar meira lausafé en 5 hndr., hafi samkvæmt lögum nr. 16, 3. apr. 1900, 1. gr., verið skyldur að inna af hendi

dagsverk til sóknarprests síns þau 2 ár, sem gjaldið er krafið fyrir, og heldur áfrýjandi því fram, að svo hafi verið, en stefndi neitar því. En nefnt lagaákvæði verður eigi skilið öðruvísu en svo, að enginn maður sé dagsverksskyldur, sem tíundar 5 hndr. lausafjár eða þar yfir, og var það því rétt, er undirdómarinn sýknaði stefnda af kröfu áfrýjanda um hið umkrafða gjald, og ber að staðfesta aukaréttardóminn að öllu leyti. Með því að stefndi mætti eigi fyrir yfirdóminum, fellur málskostnaður niður.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 16. marzmánaðar.

Nr. 31/1902: Sigfús Sveinbjarnarson gegn L. A. Snorrasyni.

Dómur:

Áfrýjandi þessa máls, Sigfús Sveinbjarnarson, sótti stefnda L. A. Snorrason kaupmann, í héraði til fjárútláta fyrir samningsrof m. fl., og var það dæmt fyrir aukarétti Ísafjarðarkaupstaðar 18. júlí f. á. með þeim úrslitum, að stefndi var skyldaður til að gjöra stefnanda reikningsskil fyrir viðskiftum þeirra að viðlögðum 2 kr. dagsektum fyrir hvern dag, er það dregst framyfir fullnægingar-

frest. Um málskostnað er ekkert ákvæði í niðurlagsatriði dómsins.

Þessum dómi hefir Sigfús Sveinbjarnarson áfrýjað til landsyfirréttarins með stefnu, dags. 10. okt. f. á. og krafist, að hann verði úr gildi feldur eða honum breytt og hrundið þannig, *að* stefndi L. A. Snorrason verði dæmdur til að greiða sér sem verzlunarstjóra umsamið kaup 1500 kr. fyrir árið frá 25. sept. 1901 til 25. sept. 1902, *að* hann verði dæmdur til þess að greiða sér sanngjarna þóknun eftir óvilhallra manna mati fyrir aukatekjur þær (procentur), er hann hafi lofað sér, *að* honum verði gjört að svara sér eftir óvilhallra manna mati hlunnindum þeim, er hann hafi áskilið sér, *að* stefndi verði að viðlögðum dagsektum skyldaður til þess að gjöra reikningsskil fyrir viðskiftum þeirra, og loks, *að* stefndi verði dæmdur til þess að greiða allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað.

Hinsvegar hefir stefndi krafist, að hann verði sýknaður af öllum kröfum og kærum áfrýjanda í máli þessu, en áfrýjandi dæmdur til þess að greiða sér málskostnað eftir mati réttarins.

Málsatvik eru þau, að áfrýjandi kveðst hafa verið ráðinn frá 25. sept 1901 til þess að veita verzlun stefnda á Ísafirði forstöðu fyrst um sinn árlangt með þeim kjörum, að hann skyldi hafa 1500 kr. í laun, ókeypis heimilisvist, ljós og hita; skyldi hann ennfremur fá 15% af eigin úttekt sinni við verzlunina, $2^1/_2$% af innheimtum útistandandi skuldum og 1% af aukinni umsetningu

verzlunarinnar. Áfrýjandi segir stefnda hafa rofið þenna samning við sig, afturkallað fullmakt sína áður árið væri liðið og vikið sér frá verzlunarstjórastöðunni 5 mánuðum fyrir umsaminn tíma.

Hinsvegar hefir stefndi neitað því, að áfrýjandi hafi verið ráðinn til sín sem verzlunarstjóri árlangt, heldur að eins meðan hann væri í útlöndum veturinn 1901—1902; hann hefir neitað því, að hann hafi lofað áfrýjanda hærri launum en tiltölulegum hluta af 1400 kr. árslaunum fyrir þann tíma er hann væri verzlunarstjóri sinn; ennfremur hefir stefndi neitað því, að hann hafi lofað áfrýjanda ókeypis ljósi og eldsneyti, 15% af vörum þeim, er áfrýjandi fengi við verzlunina, og 1% af aukinni veltu (umsetningu), en kveðst hafa lofað honum 2% af innheimtum eldri skuldum, þó ekki af skuldum fastra viðskiftamanna verzlunarinnar, svo og ókeypis húsnæði. Hefir stefndi haldið því fram, að hann hafi boðið áfrýjanda að gjöra upp viðskifti þeirra þegar hann óskaði þess, og hefir áfrýjandi ekki nægilega vefengt það.

Áfrýjandi hefir alls ekki gegn neitun stefnda sannað, að það sem hann segir um samninga hans og stefnda, ráðningu hans og launakjör, eigi við nein rök að styðjast frekar en stefndi hefir viðurkent; verður því að taka gilt það sem stefndi í þessu tilliti hefir haldið fram.

Það sem áfrýjandi þannig virðist geta fært stefnda til reiknings eru laun fyrir 7 mánuði, miðuð við 1400 kr. árslaun, og 2% af innheimtum eldri skuldum að frátéknum skuldum fastra við-

skiftamanna verzlunarinnar; en áfrýjanda verður samt ekki í þessu máli dæmt neitt í þessu tilliti, þar sem það er viðurkent í málinu, að reikningur yfir viðskifti þeirra málsaðila enn er óuppgjörður og því ekki unt að ákveða neitt um, hvort eða hve mikið stefndi kann að eiga að lúka áfrýjanda. En heimting á hann á, að viðskiftareikningur þeirra verði uppgjörður, og þó að stefndi hafi boðist til að gjöra upp reikninginn, þá, með því að ekki verður séð að það enn sé gjört, en stefndi hefir öll tæki til þess í höndunum, virðist rétt samkvæmt kröfu áfrýjanda, að skylda hann til þess, eins og undirdómarinn hefir gjört, að viðlagðri 2 kr. sekt fyrir hvern dag er það dregst fram yfir ákveðinn tíma. Samkvæmt þessum úrslitum málsins verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er þykir hæfilega metinn 25 kr. Málskostnaður í héraði fellur niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjanda Sigfúsi Sveinbjarnarsyni ber að greiða stefnda L. A. Snorrasyni málskostnað fyrir yfirdómi með 25 krónum.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 30. marzmánaðar.

Nr. 34/1902: Árni Zakaríasson
gegn
J. G. Halberg.

Dómur:

Hinn stefndi veitingamaður J. G. Halberg í Reykjavík lét fógetann þar hinn 25. apríl f. á. birta fyrir áfrýjanda, Árna verkstjóra Zakaríassyni, bann þess efnis, að rekvisitus var fyrirboðið að »láta fyrirberast við dyrnar á hótel Ísland eða á götunni umhverfis það í því skyni að tálma aðsókn að því, með því að telja menn af að fara þangað inn til að kaupa veitingar«. Síðan höfðaði J. G. Halberg mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Árna Zakaríassyni til staðfestingar lögbanninu, og var það dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 18. sept. f. á., á þá leið, að fógetabannið var staðfest og Árni Zakaríasson dæmdur til að greiða J. G. Halberg 15 kr. Dómi þessum hefir Árni Zakaríasson skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 13. nóv. f. á., og krafist þess, að fógetabannið frá 25. apríl f. á. verði ásamt dóminum felt úr gildi og J. G. Halberg dæmdur til að greiða áfrýjanda hæfilegan málskostnað fyrir báðum réttum. Af sinni hálfu hefir stefndi J. G. Halberg krafist þess, að dómur undirréttarins verði staðfestur og að honum verði tildæmdur málskostnaður.

Þó að það í máli þessu teljist nægilega sannað, að áfrýjandi hafi »talið menn af því að fara inn á hótel Ísland til að kaupa veitingar« (þ. e.

vínveitingar) eða að hann að minsta kosti hafi beitt fortölum í þessu skyni, þá verður eigi séð, að hann með þessu móti hafi brotið nein lög, sem sett eru til verndar atvinnurétti hins stefnda, eða farið út fyrir þau takmörk, sem með löggjöfinni eru sett fyrir lögmætum gjörðum íslenzkra borgara. Þá verður þetta eigi fremur fyrir þá sök talið brot á atvinnurétti hins stefnda, að áfrýjandi beitti þessum fortölum við dyrnar á hótel Ísland, húseign stefnda, eða á götunni umhverfis það, en í máli þessu er honum hvorki gefið það að sök, að hann hafi raskað húsfriði stefnda, né raskað almenningsfriði á götunni. Samkvæmt þessu hefir fógetabannið frá 25. apríl f. á., eins og það liggur fyrir, eigi heimild í lögum vorum, og verður því að fella það úr gildi samkvæmt kröfu áfrýjanda, og breyta hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi í þessa átt. Eftir þessum úrslitum álízt rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir báðum réttum, sem ákveðst 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Fógetabannið frá 25. apríl f. á. er úr gildi felt. Stefndi J. G. Halberg greiði áfrýjanda Árna Zakaríassyni 40 kr. í málskostnað innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. aprílmánaðar.

Nr. 11/1903: W. Ó. Breiðfjörð
gegn
Oddi Gíslasyni fyrir hönd M. Rasmussen í Kaupmannahöfn.

Dómur:

Þegar mál þetta átti að taka fyrir í yfirdóminum 30. f. m. samkvæmt áfrýjunarstefnunni, mætti áfrýjandi eigi og enginn af hans hendi. Stefndi mætti aftur á móti í réttinum þennan dag og kvaðst vera kominn þar samkvæmt stefnunni og krafðist kosts og tæringar hjá áfrýjanda. Þessa kröfu ber að taka til greina og dæma áfrýjanda samkvæmt N. L. 1—4—34 til að greiða stefnda í þessu skyni 6 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn W. Ó. Breiðfjörð kaupmaður greiði stefnda Oddi yfirréttarmálaflutningsmanni Gíslasyni 6—sex—krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 12/1903: W. Ó. Breiðfjörð
gegn
Oddi Gíslasyni fyrir hönd Örsteds Parkens Kuranstalt í Kaupmannahöfn.

Dómur:

Þegar mál þetta átti að taka fyrir í yfirdóminum 30. f. m. samkvæmt áfrýjunarstefnunni, mætti áfrýjandi eigi og enginn af hans hendi. Stefndi mætti aftur á móti í réttinum þennan dag, og kvaðst vera kominn þar samkvæmt stefnunni, og krafðist kosts og tæringar hjá áfrýjanda. Þessa kröfu ber að taka til greina og dæma áfrýjanda samkvæmt N. L. 1—4—34 til að greiða stefnda í þessu skyni 6. krónur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn W. Ó. Breiðfjörð kaupmaður greiði stefnda Oddi yfirréttarmálaflutningsmanni Gíslasyni 6 — sex — krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 27. aprílmánaðar.

Nr. 5/1903: Réttvísin
gegn
Jónasi Jónssyni, Björgu Davíðsdóttur, Jóni Einari Jónassyni, Davíð Ólafssyni, Herdísi Benediktsdóttur og Þorsteini Júlíusi Þorsteinssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Norður-Múlasýslu, uppkveðnum 24. sept. f. á. voru hin ákærðu dæmd fyrir sauðaþjófnað og töku á kindum annara eða hlutdeild í þessum glæpum, þannig:

Jónas Jónsson var dæmdur samkv. 250. gr., 255. gr. og 231. gr. 1. málsl., sbr. 55. gr. og 240. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, með hliðsjón af 58. gr. og 63. gr. þeirra í 12 mánaða betrunarhúsvinnu.

Björg Davíðsdóttir var dæmd samkv. 240. gr. og 250. gr., sbr. 48. gr. hegningarlaganna með hliðsjón af 57. gr. og 63. gr. þeirra í fangelsi við vatn og brauð í 8 daga.

Jón Einar Jónasson, fæddur 27. apríl 1883, var dæmdur samkv. 231. gr. 1. málsl. hegningarlaganna með hliðsjón af 57. gr. 2. málsl. og 63. gr. og að sumu leyti 38 gr. þeirra í 8 mánaða betrunarhúsvinnu.

Davíð Ólafsson var dæmdur samkv. 250. gr., 255. gr. og 231. gr. 1. málsl., sbr. 55. gr. hegn-

ingarlaganna, með hliðsjón af 58. gr. og 63. gr. þeirra í 12 mánaða betrunarhúsvinnu.

Herdís Benediktsdóttir var dæmd samkvæmt 240. gr. hegningarlaganna með hliðsjón af 57. gr., 58. gr. og 63. gr. þeirra í fangelsi við vatn og brauð í 5 daga.

Þorsteinn Júlíus Þorsteinsson var dæmdur samkv. 231 gr. 1. málsl., 250. gr. sbr. að sumu leyti við 55. gr., og 250. gr. hegningarlaganna með hliðsjón af 58. gr. og 63. gr. þeirra í 15 mánaða betrunarhúsvinnu.

Ákærðu Jónas, Jón Einar og Þorsteinn Júlíus skyldu in solidum greiða iðgjöld til Karls Nielsen í Leiðarhöfn 15 kr. og til Jóns Jónssonar í Ytri-Vogum 15 kr., og ákærðu Davíð og Þorsteinn Júlíus, greiða iðgjöld in solidum til Einars Eiríkssonar á Djúpalæk 10 kr.

Ákærðu Jónas, Björg og Jón Einar skyldu greiða in solidum málsfærslulaun til svaramanns þeirra í héraði, séra Sigurður P. Sivertsen á Hofi, 9 kr., og ákærðu Davíð, Herdís og Þorsteinn Júlíus sömuleiðis in solidum 9 kr. í málsvarnaun til talsmanns þeirra, Jóns héraðslæknis Jónssonar á Vopnafirði. Af öllum öðrum kostnaði málsins skyldu hinir ákærðu Jónas, Davíð, Þorsteinn Júlíus og Jón Einar greiða in solidum $^{7}/_{8}$, en $^{1}/_{8}$, sömuleiðis in solidum, ákærðu Björg og Herdís.

Dómi þessum hafa hin ákærðu, Jónas, Björg og Jón Einar óskað áfrýjað til yfirdómsins, en hlutaðeigandi amtmaður hefir fyrir hönd réttvís-

innar skotið málinu í heild sinni til yfirdómsins og að því öll hin ákærðu snertir.

Það er sannað með eigin játningu hinna ákærðu, sem kemur heim við skýrslur málsins að öðru leyti, að þau hafa hvert um sig gjört sig sek í glæpum þeim, er nú skal greina:

Hinn ákærði Jónas Jónsson, sem um nokkur undanfarin ár hefir búið á afréttarbýlinu Hamri í Vopnafirði, tók haustið 1897 í samráði við sjúpson sinn, meðákærða Davíð, sem þá var hjá honum, veturgamla hvíta kind, er Davíð hafði fundið í eftirleit, er hann hafði farið í einsamall og ótilkvaddur, og komið með heim. Slátruðu þeir kindinni, sem þeir vissu eigi hver átti og hagnýtti Jónas sér afurðir hennar.

Sama haustið, eftir að göngur voru úti, sló ákærði, í samráði við Davíð, eign sinni á hvítt gimbrarlamb, með marki séra Arnljóts Ólafssonar á Sauðanesi, er komið var saman við fé ákærða, og slátraði ákærði lambinu síðar í sínar þarfir. Lambið hefir verið talið 4 kr. virði, en iðgjalda hefir eigi verið krafist fyrir það.

Sumarið 1899 stal ákærði, í félagi við meðákærða Jón Einar, son sinn, og Þorstein Júlíus, stjúpson sinn, 4 kindum veturgömlum, sem þeir vissu ekki hver átti. Sóttu þeir Jón og Júlíus kindurnar, 2 og 2 í einu, og slátruðu þeir þeim síðan allir í sameiningu, og ákærði tók til sín afurðirnar.

Haustið 1900 hagnýtti ákærði sér að ófrjálsu svarta meinakind veturgamla, er fanst þar í hög-

unum við Hamar og er eigi upplýst hver þá kind átti.

Seint á sumri 1901 stal ákærði í félagi við meðákærðu Jón Einar og Júlíus gráum sauð tvævetrum, eign Karls Nielsen í Leiðarhöfn, 15 kr. virði, og hvítum hrút veturgömlum, 15 kr. virði, eign Jóns Jónssonar í Ytri-Vogum, og hefir iðgjalda verið krafist fyrir kindur þessar. Kindurnar handsömuðu þeir Jón Einar og Júlíus eftir samráði við ákærðu, og slátruðu ákærðu þrír þeim síðan í sameiningu, en ákærði Jónas tók afurðirnar.

Þá um veturinn slátraði og ákærði hvítu gimbrarlambi, sem komið hafði saman við fé hans um haustið og meðákærði Júlíus þá markað að ófrjálsu undir mark ákærða.

Hin ákærða Björg Davíðsdóttir, kona ákærða Jónasar, vissi að ýmsar af kindum þeim, er maður hennar slátraði, voru honum ófrjálsar, og svo var um veturgömlu kindina 1897 og þær 5 kindur, er slátrað var 1899 og 1900, svo og um gráa sauðinn og hvíta hrútinn 1901, en hún matreiddi þó kindur þessar og hagtærði í búinu, enda hrærði og í blóði hvíta hrútsins og annarar kindar, er lógað var 1899 eða 1900.

Hinn ákærði Jón Einar Jónasson, sonur ákærðu Jónasar og Bjargar, fæddur 27. apríl 1883, var í samfélagi við föður sinn og meðákærða Júlíus um stuldinn á 2 veturgömlum kindum 1899, og sömuleiðis var hann í verki með þeim og samráði, eins og fyr er frá skýrt, um stuld á gráum

sauð og hvítum hrút 1901. Aftur á móti hefir hann ekki viljað kannast við að hafa átt nokkurn þátt í töku 2 af þeim 4 veturgömlu kindum, er stolið var á Hamri 1899, og verður hann því eigi sakfeldur fyrir það.

Hinn ákærði Davíð Ólafsson var í verki með meðákærða Jónasi stjúpföður sínum 1897 um töku á veturgömlu kindinni, er fyr er getið, og uppmörkun á lambi séra Arnljóts Ólafssonar. Árið 1899 flutti ákærði á afréttarbýlið Mælifell, sem er nokkru framar á heiðinni en Hamar, og bjó hann þar 2 ár. Fyrra sumarið sem ákærði bjó þar, tók hann að ófrjálsu, ásamt meðákærða Júlíusi hálfbróður sínum, er þá var vinnumaður hans, 4 hvítar kindur veturgamlar, er komnar voru saman við kvíafé hans, og slátraði þeim og hagnýtti sér. Tóku þeir kindurnar smátt og smátt, eftir því sem matbjargar þurfti til heimilisins, 1 kind eða 2 í einu, og slátruðu þeim. Júlíus heldur því fram, að kindurnar muni hafa verið 5, sem þeir hafi tekið, 1 og 1 í einu, en Davíð hefir eigi viljað kannast við það.

Næsta sumar, 1900, tóku þeir bræður með sama hætti að ófrjálsu 2 geldkindur, 1 og 1 í einu, sem voru saman við ær ákærða, og hagnýtti ákærði sér þær. Um höfuðdagsleytið sama sumar fór Júlíus eftir samráði við ákærða og rak heim 4 ókunnugar geldkindur, sem hann fann norður með Mælifellinu, og slátruðu þeir bræður 3 af þeim og hagnýttu en sleptu einni. Milli 2. og 3. gangna þá um haustið rákust heim að Mælifelli með lömb-

um, er Júlíus var að sækja á afréttinn, 3 geldkindur ókunnugar, og kom þeim bræðrum saman um að kasta eign sinni á þær og slátra þeim og gjörðu þeir það. Um sama leyti mörkuðu þeir að ófrjálsu undir mark ákærða, til að helga honum þau, 4 lömb, sem voru komin saman við fé ákærða eða fundust í eftirleit. Ekkert er upplýst um eigendur að kindum þeim, er þeir bræður tóku þannig.

Sama haustið tóku bræðurnir sauð, sem slapp úr rekstri og var kominn heim að Mælifælli og slátruðu honum. Átti sauð þenna Einar Eiríksson í Djúpalæk og hefir hann verið talinn 10 kr. virði, sem eigandi hefir krafist endurgjalds á.

Hin ákærða Herdís Benediktsdóttir, kona ákærða Davíðs, vissi að kindurnar 4, sem þeir bræður tóku 1899, voru þeim ófrjálsar, og vissi einnig, að sama var um kindur þær, er slátrað var árið eftir; þó matreiddi hún og hagnýtti sér afurðirnar af öllum þessum kindum. Henni var þessi kindataka móti skapi og vítti hún stundum mann sinn og Júlíus fyrir hana.

Hinn ákærði Þorsteinn Júlíus Þorsteinsson var með hinum ákærðu Jónasi og Jóni Einari um stuld á 4 kindum sumarið 1899, þeim er fyr er getið. Sömuleiðis var hann í verki með ákærða Davíð við töku 5 kinda í kvíafénu á Mælifelli, eins og fyr er á minst. Þá var hann og með sama manni um töku á 2 geldkindum vorið og sumarið 1900 úr kvíaánum á Mælifelli, um stuld á 3 geldkindum um höfuðdagsleytið sama sumar og

um töku á 3 geldkindum milli 2. og 3. gangna. Um sama leyti var hann og með ákærða Davíð að marka fjögur lömb að ófrjálsu undir mark hans, en lömbin voru komin saman við fé Davíðs eða fundust í eftirleit. Sama haustið slátraði hann einnig að ófrjálsu í félagi við Davíð sauð þeim frá Djúpalæk, er fyr er getið. Haustið 1901 stal hann með ákærðu Jónasi og Jóni Einari gráum sauð og hvítum hrút, eins og fyr er sagt, og markaði hvítt gimbrarlamb, sem komið var saman við Hamarsféð, undir mark ákærða Jónasar.

Öll hin ákærðu eru komin yfir lögaldur sakamanna, og hefir þeim eigi áður verið refsað eða þau verið ákærð fyrir neinn glæp.

Afbrot Jónasar Jónssonar heyrir undir 249., 250. og 231. gr. 1. málsl. sbr. 55. gr. hegningarlaganna, og þykir refsing hans með hliðsjón til 58. og 63. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 15 mánaða betrunarhúsvinna.

Afbrot Bjargar Davíðsdóttur er réttilega heimfært undir 240. gr. og 250. gr., sbr. 48. gr. hegningarlaganna, og þykir refsing hennar hæfilega ákveðin með hliðsjón til 63. gr. sömu laga fengelsi við vatn og brauð í 8 daga.

Afbrot Jóns Einars Jónassonar er réttilega heimfært undir 231. gr. 1. málsl. hegningarlaganna, sbr. 55. gr., og er refsing hans með hliðsjón til 57. og 63. og 3ð. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 8 mánaða betrunarhúsvinna.

Afbrot Davíðs Ólafssonar heyra undir 249., 250. og 231. gr. 1. málsl. sbr. 55. gr. hegningar-

laganna, og þykir refsing hans með hliðsjón til 58. og 63. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 15 mánaða betrunarhúsvinna.

Afbrot Herdísar Benediktsdóttur heyrir undir 240. gr. hegningarlaganna og er refsingin fyrir það hæfilega ákveðin með hliðsjón til 57., 58. og 63. gr. sömu laga 5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Afbrot Þorsteins Júlíusar Þorsteinssonar heyrir undir 249., 250. og 231. gr. 1. málsl., sbr. við 55. gr. alm. hegningarlaga, og þykir refsing hans með hliðsjón til 58. og 63. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 15 mánaða betrunarhúsvinna.

Ákvæði undirdómsins um iðgjöld og málskostnað í héraði samþykkjast og ber því að staðfesta aukaréttardóminn með fyrgreindri breytingu á refsingu ákærðu Jónasar og Davíðs.

Svo ber hinum ákærðu öllum in solidum að greiða áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 15 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður, þó svo, að refsing ákærðu Jónasar Jónssonar og Davíðs Ólafssonar sé 15 mánaða betrunarhúsvinna fyrir hvorn þeirra. Hin-

um ákærðu ber og öllum in solidum að greiða áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 15 kr. til hvors þeirra.

Ídæmd iðgjöld greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 11. maímánaðar.

Nr. 35/1902: Hreppsnefnd Húsavíkurhrepps
gegn
Kaupfélagi Þingeyinga.

Dómur:

Mál þetta hefir hreppsnefnd Húsavíkurhrepps höfðað í héraði gegn kaupfélagi Þingeyinga til innheimtu á aukaútsvörum félagsins til hreppsins fyrir árin 1895 til 1900, að svo miklu leyti sem félagið hafði eigi greitt útsvör þessi, og voru útsvara-eftirstöðvarnar, er hreppsnefndin krafði félagið um í málinu, samtals að upphæð 933 kr. Hreppsnefndin fekk gjafsókn til málssóknarinnar í héraði, og var málið dæmt í aukarétti Þingeyjarsýslu 23. okt. 1901 á þá leið, að kaupfélagið var sýknað af kærum og kröfum hreppsnefndarinnar og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir hreppsnefndin að fengnu

uppreistarleyfi, dags. 4. des. f. á., og með gjafsókn og skipuðum málsfærslumanni áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 4. des. f. á., og hefir þess verið krafist þar af hennar hendi, að kaupfélag Þingeyinga verði dæmt til að greiða sveitarsjóði Húsavíkurhrepps 953 kr. með 5% vöxtum frá 9. febr. 1901 og málskostnað fyrir báðum réttum, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða málsfærslumanns. Af hálfu kaupfélagsins hefir þess aftur á móti verið krafist, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða félaginu málskostnað fyrir yfirdómi eftir réttarins mati.

Af kröfu hreppsnefndarinnar eru 768 krónur taldar óloknar eftirstöðvar af útsvörum kaupfélagsins árin 1895 og 1897—1900, en kaupfélagið kærði til sýslunefndar yfir útsvörunum nefnd ár, og voru þau færð niður af sýslunefndinni með úrskurðum hennar á kærurnar. Greiddi kaupfélagið síðan útsvörin eftir úrskurðunum, og er nú krafa hreppsnefndarinnar, að því nefnd ár snertir, í þessu máli, einmitt sá hluti útsvaranna þessi ár, er feldur var niður af sýslunefndinni, en það getur eigi komið til mála að dæma félagið til að greiða þenna hluta útsvaranna, eftir að útsvaraupphæðunum hefir verið breytt með óhögguðum og endilegum úrskurðum sýslunefndar, sem enginn vafi getur verið um, að hreppsnefndin verður að hlíta (sbr. lög. 9. jan. 1880, 1. gr. 3. málsgr.). Þá standa eftir af kröfu hreppsnefndarinnar 165

kr., eftirstöðvar af útsvari því, er lagt var á félagið haustið 1896. Það haust var aukaútsvar lagt á kaupfélagið sérstaklega fyrir söludeild þess, 45 kr., og hefir kaupfélagið greitt þá upphæð. En auk þess var, eins og segir í niðurjöfnunarskránni, »til þess að hreppurinn sleppi engu niður af álögurétti þeim á félagið, er lög 9. ág. 1889 kynnu að fela í sér«, lagt á kaupfélagið þetta sama ár (1896) »að söludeild fráskilinni«, 165 kr. aukaútsvar, en þetta síðara útsvar hefir félagið eigi kært til sýslunefndar, og þó eigi álitið sér skylt að greiða það, sérstaklega með skýrskotun til laga nr. 7, 6. marz 1896. En þessi lög kveða svo á: »Á kaupfélög og pöntunarfélög má leggja aukaútsvar, ef þau hafa leyst borgarabréf, hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild félagsins«. Lög þessi verður að skilja svo, að því að eins megi leggja aukaútsvar á kaupfélög og pöntunarfélög, að þau uppfylli nefnd skilyrði (o: að hafa söludeild), og á þá aukaútsvarið að miðast að eins við veltu og arð í söludeildinni.

Eftir almennri málvenju hér á landi, sem kemur heim við það, er fram kom í umræðum á alþingi, er nefnd lög voru þar í undirbúningi, verður nú að álíta, að með »kaupfélögum og pöntunarfélögum« sé í lögunum átt við félög eða samtök manna til að ná hagstæðari verzlunarkjörum fyrir sjálfa sig, með því að panta eða kaupa í samfélagi útlendar vörur, er þeir þurfa á að halda, og með því að selja aftur í samfélagi þær inn-

lendar vörur, er þei geta látið koma á móti útlendu vörunum sem gjaldeyri. Í augnamiðinu er þá fólgið, að eigi er að ræða um neinn verzlunararð eða atvinnuarð fyrir félagsheildina sem slíka, heldur njóta hinir einstöku félagsmenn arðsins eða hagnaðarins af félagsskapnum fyrir þau hagstæðari verzlunarkjör, er þeir verða aðnjótandi.

Starfsvið og augnamið kaupfélags Þingeyinga er nú, samkvæmt því er upplýst er í málinu og samkvæmt lögum þess, einmitt þetta sama sem nú var lýst, eða, eins og lög félagsins orða það, »að reka með félagslegri sjálfsábyrgð (cooperativt) og með eigin erindsrekum sameiginlega verzlun félagsmanna á sem beztum markaði og með sem minstum kostnaði«. Það getur því enginn vafi leikið á því, að kaupfélag Þingeyinga verður að teljast vera »kaupfélag eða pöntunarfélag« í þeim skilningi er lögin 6. marz 1896 leggja í þessi orð, og það breytir ekki eðli félagsins í þessu tilliti, þótt það leggi hundraðsgjald á vörur (vöru-umsetningu) félagsmanna, til þess að standast kostnað við félagsskapinn og tryggja framtíð hans, eða þótt það taki inngöngugjald af félagsmönnum í sama skyni, eða þótt það gangist fyrir og haldi uppi og stjórni ýmsum sjóðum, er félagsmenn eiga, og sem miða að því, að efla félagsskapinn og tryggja framtíð hans.

Eftir þessu verður eigi samkvæmt fyrnefndum lögum 6. marz 1896 lagt aukaútsvar á kaupfélag Þingeyinga að því leyti er snertir starfsemi þess sem eiginlegs kaupfélags eða pöntunarfélags.

En þar sem það er viðurkent, að félagið hefir leyst borgarabréf og hefir sölubúð og vörur til sölu (ɔ: hefir söludeild) þá er með nefndum lögum heimilað að leggja á það aukaútsvar til sveitar »svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild félagsins«. Þetta hefir einnig hreppsnefndin gjört ár það, er hér ræðir um (1896), eins og fyr er tekið fram, og félagið hefir greitt það útsvar. Hinn hluta útsvarsins (165 kr.), er lagður var á kaupfélagsstarfsemina, var félagið, samkvæmt því sem tekið hefir verið fram, ekki skylt að greiða, og verður þá krafa hreppsnefndarinnar heldur eigi tekin til greina að því er þá upphæð snertir.

Samkvæmt þessu verður að sýkna hið stefnda kaupfélag Þingeyinga algjörlega af kröfum og kærum hreppsnefndarinnar í máli þessu, og þar sem yfirdómurinn einnig felst á málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins, ber að staðfesta hann að öllu leyti.

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir eftir atvikum mega falla niður.

Hinum skipaða málsfærslumanni hreppsnefndarinnar verða eigi eftir málalokum þessum greidd nein málsfærslulaun, en það vottast, að málsfærslan af hans hendi hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Mánudaginn 8. júnímánaðar.

Nr. 13/1903: Hið opinbera
gegn
Vigfúsi Þórarinssyni.

Dómur:

Mál þetta var í héraði höfðað gegn hinum kærða Vigfúsi bónda Þórarinssyni fyrir undandrátt á tíundarframtali vorið 1900, og var það dæmt í lögreglurétti Skaftafellssýslu 7. okt. f. á. á þá leið, að hinn kærði var sýknaður og málskostnaður dæmdur á almannafé. Þessum dómi hefir verið skotið til yfirdómsins að ráðstöfun hlutaðeinandi amtmanns.

Um atvik máls þessa er það upplýst, að hinn kærði ánafnaði dætrum sínum, Helgu og Elsu, ýmislegan gangandi pening, sauðfé og hross, með ráðstöfunarbréfi 8. jan. 1900, og að hann síðan brá búi í næstu fardögum á eftir. Þegar hreppstjóri spurði kærða um tíundarframtal hans þetta ár, neitaði kærði því, að hann ætti nokkurn tíundbæran pening til framtals, nema 1 hest og 1 tryppi, en það nemur eigi lögtíundar-upphæð. En með því að hreppstjóra var kunnugt, að kærði þá hafði undir hendi annan og meiri pening, gjörði hann honum tíund 28. febr. 1901, er nam 3 hndr. gjaldskyldum. En á næsta manntalsþingi 10. apríl 1901 staðfesti kærði með eiði, að hann hefði eigi átt annan tíundskyldan fénað en 1 tryppi og 1 hest í fardögum 1900. Hinn kærði hefir haldið því fram, að peningur sá, sem hann kannast við að

hafa haft undir hendi árið 1900, hafi verið eign dætra sinna tveggja og sonar síns, er þá voru öll myndug og flutt út úr hreppnum; hafi hann haft peninginn til geymslu og ráðstöfunar fyrir börn sín, og hafi það verið tilætlunin, að hann seldi hann fyrir þeirra hönd, þegar færi byðist. Þessa skýrslu kærða, sem styrkist við það, að nokkuð af peningnum var sett á tíundarskrá í heimilishreppi annarar dóttur kærða þetta ár sem hennar eign, verður að taka til greina, og verður þá spurning að eins um það, hvort kærði hafi gjörst brotlegur gegn tíundarlögunum fyrir þá skuld, að hann taldi eigi fram pening barna sinna, sem hann hafði til geymslu. Í 1. gr. tíundarlaganna 12. júlí 1878 stendur þessi aðalregla: »Hver maður, sem *á* 60 al. eða hálft hundrað í tíundbæru lausafé, skal tíunda það á hverju ári«. En síðan segir þannig í sömu greininni: »Skal hann . . . . telja fram það er hann átti eða hafði undir hendi í fardögum«. Eftir 4. gr. á hver búandi maður að telja fram lausafé sitt, hjúa sinna og annara, sem á hans vegum eru, ef þeir eigi mæta sjálfir. Eftir 8. gr. skal tíunda leigupening, annan en innstæðukúgildi, og gjöri leiguliði það. Eftir 9. gr. skal ómyndugrafé talið fram til tíundar og skal sá gjöra það, sem geymir fjárins eða hefir það í vörzlum sínum. Eftir 10. gr. er samtíund heimil foreldrum og niðjum, ef þau eiga bú saman, en öðrum ekki, nema með leyfi tíundartakenda. Þegar fé er í sameign tveggja eða fleiri manna, getur hver þeirra talið það fram, eftir því sem þeir verða ásáttir um.

Hin víðtæku orð í 1. gr. laganna »eða hafði undir hendi í fardögum« verða nú að skiljast í samræmi við þessi síðari ákvæði laganna, þannig, að hér sé að eins átt við leigupening eða ómyndugra fé eða pening hjúa og annara, sem á vegum framteljanda eru, en enganveginn um pening þann, sem hann annars kann að hafa undir höndum til geymslu eða ráðstöfunar fyrir mynduga menn. Það verður því eigi álitið að kærði hafi gjörst brotlegur gegn áminstum tíundarlögum eða öðrum lögum með undandrætti þeim, sem honum er gefinn að sök, og verður því að sýkna hann í málinu, eins og héraðsdómarinn hefir gjört. Lögregluréttardómurinn skal því staðfestur, einnig málskostnaðarákvæði hans. Allur áfrýjunarkostnaður málsins verður eftir þessum úrslitum að greiðast úr landssjóði, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. fyrir hvorn þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn skal vera óraskaður. Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr landssjóði, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málsfærslumannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors.

Mánudaginn 6. júlímánaðar.

Nr. 17/1903: Réttvísin
gegn
Birni Guðmundssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Reykjavíkur, gengnum 24. febr. þ. á., var hinn ákærði, húsmaður í Reykjavík Björn Guðmundsson, dæmdur fyrir brot samkvæmt 177. gr. sbr. 169. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, til að sæta fangelsi við vatn og brauð í 5× 5 daga og til að greiða allan af málinu gegn honum og varðhaldi hans leiðandi kostnað, þar með talin varnarlaun til cand. jur. Guðmundar Sveinbjörnssonar, 6 kr.

Dómi þessum er af hálfu réttvísinnar skotið til yfirdómsins.

Það er sannað með játningu ákærða og öðrum skýrslum í málinu, að aðfaranótt 18. janúar þ. á. var hann inn við Laugarnar við Reykjavík. Fór hann þaðan á 2. tímanum um nóttina og gekk fram á stúlkur tvær, Petrínu Sigríði Bjarnadóttur og Þóru Ólafsdóttur, báðar 16 ára gamlar, sem voru á heimleið úr Laugunum með þvott og voru komnar samt upp frá Laugunum, þar sem vegirnir skiftast. Ákærði réðst á stúlkur þessar; sneri hann sér fyrst að Petrínu og hratt henni flatri á andlitið niður á veginn, og sagði um leið: »nú skal eg taka þig, helvítið þitt«. Datt Petrína á grúfu með andlitið niður í götuna og hruflaðist lítið eitt á enni og nefi, og hljóp nokkur bólga í andlitið

af því, en hún var að mestu leyti hjöðnuð annan dag eftir. Ákærði skifti sér svo ekki frekara af Petrínu, og hljóp hún strax ofan að Laugunum til að sækja þangað mannhjálp, því að ákærði veittist þá að Þóru, kastaði henni til jarðar, lagðist ofan á hana, fletti upp um hana pilsunum, og reif nærbuxur hennar, svo að hún var ber fyrir, en ekki fór hann höndum um hana bera eða reyndi að taka sundur fætur hennar og ekki hnepti hann upp buxum sínum. Stúlkan varðist ákærða eftir megni með því að hrinda honum og ýta frá sér, sagði honum að sleppa sér og hótaði að klaga hann, því að hún kvaðst þekkja hann. Lét þá ákærði stúlkuna lausa og hljóp burtu, og var hann horfinn, er Petrína kom aftur að vörmu spori með 2 karlmenn til hjálpar við Þóru. Ákærði hafði haft brennivínsflösku með sér í þetta skifti inn í Laugarnar, og drukkið úr henni á leiðinni, og kveðst því eigi hafa verið algáður þegar hann réðst á stúlkurnar, en ekki tóku stúlkurnar þó eftir því, að hann væri kendur. Hann hefir kannast við það, að það hafi verið ásetningur sinn þegar hann mætti stúlkunum að komast yfir aðra hvora þeirra, en hann segist hafa látið af fyrirætlun sinni, af því að hann fann, að stúlkunni (Þóru) hafi verið full alvara að vilja ekki lofa honum að eiga við sig, og hafi hann þó eigi efast um, að hann ætti allskosta við hana, ef hann hefði beitt sér eins og hann gat, og ekki kveðst hann hafa hætt tilraun sinni við Þóru af því, að hann

væri hræddur við eða hugsaði út í það, að neinn kynni að koma að þeim þar. Þóra Ólafsdóttir hefir heldur ekki þorað að fullyrða, að ákærði hafi beitt sér við hana eins og hann gat, eða að hún hefði getað varist honum, ef hann hefði gert það.

Báðar stúlkurnar, Þóra og Petrína, eru taldar siðsamar stúlkur, sem ekkert lauslætisorð hafa á sér.

Ákærði hefir í öðru lagi játað það, og það er staðfest með öðrum skýrslum í málinu, að fyrir 5 árum, í marzmánuði 1898, réðst hann með líkum hætti í Kirkjustræti í Reykjavík á kvenmann, Ragnheiði Jónsdóttur, sem þá var vinnukona og talin siðsöm stúlka, en sem nú er gift kona í Reykjavík. Var Ragnheiður á heimleið til sín nálægt kl. 10 um kveldið, þegar ákærði gekk fram á hana á nefndum stað, og þreif hann utan um hana með þeim ummælum, að gaman væri að hafa samræði við hana; brá henni síðan, svo að hún féll á bakið og fletti upp um hana pilsunum. Stúlkan hljóðaði eins og hún gat, en ákærði vafði sjali hennar um höfuð henni til þess að kæfa hljóðin. Meira gerði ákærði ekki að verkum, en slepti stúlkunni hér um bil strax og fór burtu. Ákærði kveðst hafa verið nokkuð drukkinn, er hann aðhafðist þetta, en eftir skýrslum málsins verður þó ekki álitið, að svo mikið hafi kveðið að því, að það ástand hans eigi að hafa áhrif á sakhæfi hans.

Ákærði hefir tvisvar áður sætt refsingu fyrir þjófnað, 5 daga og 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð, samkvæmt aukaréttardómum Reykja-

víkur uppkveðnum 21. des. 1889 og 24. ágúst 1897. Afbrot hans í þessu máli eru af undirdómaranum réttilega heimfærð undir 177. gr. sbr. 169. gr. alm. hegningarlaga og þykir refsingin fyrir þau hæfilega ákveðin 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Yfirdómurinn felst á málskostnaðarákvæði dómsins, og ber því að staðfesta hann með nefndri hækkun á refsingunni. Ákærða ber og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærlan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður, þó þannig, að refsing hans sé 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Ákærði, Björn Guðmundsson, greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra. Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 18/1903: W. Ó. Breiðfjörð
gegn
Oddi Gíslasyni fyrir hönd M. Rasmussens í Kaupmannahöfn.

Dómur:

Mál þetta höfðaði stefndi, yfirréttarmálaflutningsmaður Oddur Gíslason í umboði M. Rasmussens vínsala í Kaupmannahöfn fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur á hendur kaupmanni W. O. Breiðfjörð í Reykjavík til innheimtu á skuld að upphæð 342 kr. og 12 aurar, er M. Rasmussen taldi til hjá áfrýjanda sem eftirstöðva af borgun fyrir vörusendingar til áfrýjanda á árunum 1892—1902. Var málið dæmt í nefndum rétti 22. janúar þ. á., með þeim úrslitum, að áfrýjandinn skyldi greiða stefnda 281 kr. 29 a. með 6% vöxtum frá sáttakærudegi 4. júlí 1902 til borgunardags, og skila stefnda aftur svonefndum Tempeltinerdrykk, eða greiða andvirði hans, 36 kr. með 6% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Svo skyldi og áfrýjandi greiða stefnda 20 kr. í málskostnað og í sekt til landssjóðs 8 kr. fyrir að mæta eigi fyrir sáttanefnd.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 7. apríl þ. á., og krafist þess, að hann verði dæmdur sýkn af kærum og kröfum stefnda, og sér dæmdur málskostnaður hjá stefnda að skaðlausu fyrir báðum réttum. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði

staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað eftir mati réttarins.

Krafa stefnda er bygð á reikningi, er fram hefir verið lagður í málinu fyrir bæjarþinginu, en eftir þeim reikningi hefir áfrýjandi fengið vörur frá M. Rasmussen vínsala fyrir 5—600 kr. á ári frá 1892—1902, og skuldar áfrýjandinn eftir reikningnum umgetnar eftirstöðvar 342 kr. 12 a., en frá þessari upphæð hefir stefndi samþykt að draga megi kostnað við auglýsingu á Tempeltínerdrykk, sem áfrýjandi hafði í umboðssölu fyrir M. Rasmussen, 24 kr. 83 a., og andvirði þessa drykkjar, 36 kr. — hið síðarnefnda þó því að eins, að áfrýjandi skili M. Rasmussen aftur drykk þessum óskemdum — og kemur hin dæmda upphæð, 281 kr. 29 a., fram við frádrátt beggja þessara upphæða frá hinni upprunalegu kröfu stefnda.

Áfrýjandi hefir viðurkent að skulda af hinni umstefndu upphæð 66 kr. fyrir síðustu vörusendinguna frá stefnda, en að öðru leyti telur hann allan reikninginn rangan og uppspuna að meira eða minna leyti. Hann hefir þó ekki haft á móti því, að hann hafi fengið vörur þær, er á reikningnum eru taldar, en hann hefir sérstaklega fundið að því, að honum eru færðar til útgjalda 6 kr. fyrir viðgerð á endursendum flátum, og telur, að skuldin stafi að öðru leyti af því, að eigi hafi verið færð sér til inntektar endursend flát, því að þeim hafi hann mátt skila og skilað þeim öllum, nema c. 55 kr. virði í flátum eða umbúðum, er hann áskilur sér að endursenda.

Á reikningum þeim (faktúrum), er M. Rasmussen lét fylgja vörusendingum sínum — og áfrýjandi hefir fyrir yfirdóminum viðurkent að hafa fengið slíka reikninga, þótt hann hefði neitað því fyrir undirréttinum — er það áskilið af stefnda, að áfrýjanda verði færð til útgjalda nauðsynleg viðgjörð á endursendum ílátum, og að tóm ílát verði að endursendast innan 3 mánaða, ef þau eigi að fást endurgoldin. Áfrýjandi virðist því vera réttilega skuldaður um fyrnefndar 6 kr. fyrir aðgjörð á ílátum, og fyrir ílát þau, c. 55 kr. virði, er hann krefst að mega endursenda, er hann einnig réttilega krafinn borgunar, þar sem það er ómótmælt í málinu, að ílát þessi stafa frá vörusendingum, er áfrýjandi fekk meira en ári áður en mál þetta hófst, og hann þannig hefir vanrækt að endursenda þau í tæka tíð.

Þar sem áfrýjandi að öðru leyti hefir haldið því fram, að umstefnd skuld stafi af endursendum ílátum, sem vanrækt hafi verið að reikna honum til frádráttar, þá hefir hann ekki tilgreint nánara hvenær slíkar sendingar hafi átt sér stað frá hans hendi, sem ekki séu taldar í reikningnum, en í reikningnum eru þráfaldlega tilfærðar endursendar umbúðir og ílát, og eru slíkar aðfinslur of óákveðnar og ólment orðaðar til þess, að geta komið til greina gegn beinni neitun stefnda.

Mótmæli áfrýjanda gegn kröfu stefnda verða þannig eigi tekin gild og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að öllu leyti, einnig málskostnaðarákvæði hans, þó svo, að sektin til landssjóðs

ákveðist 4 kr., sbr. tilsk. 24. jan. 1838, 3. gr. Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður, þó svo, að sektin til landssjóðs sé 4 kr. Áfrýjandinn, W. Ó. Breiðfjörð kaupmaður, greiði stefnda, Oddi yfirréttarmálaflutningsmanni Gíslasyni í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 36/1902: Skafti Jósefsson
gegn
Stefáni Th. Jónssyni fyrir hönd Sömme & Wathne í Stafangri.

Dómur:

Hinn stefndi, kaupmaður á Seyðisfirði Stefán Th. Jónsson höfðaði mál þetta í héraði í umboði verzlunarfélagsins Sömme & Wathne í Stafangri í Noregi gegn áfrýjandanum Skafta ritstjóra Jósefssyni á Seyðisfirði, til skila og greiðslu á fé, er hann hafði innheimt fyrir téð verzlunarfélag árin 1892 og 1893, og var málið dæmt í aukarétti Seyðisfjarðarkaupstaðar 25. ágúst 1902 með þeim úrslitum, að áfrýjandinn var dæmdur til að greiða

stefnda fyrir hönd verzlunarfélagsins 500 krónur með 5% vöxtum frá sáttakærudegi 19. febr. 1902 til borgunardags og 40 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir Skafti Jósefsson skotið til yfirdómsins með stefnu dagsettri 6 desbr. f. á., og krafist þess, að dóminum verði hrundið, þannig að málinu verði vísað frá meðferð aukaréttarins, eða til vara, að hin áfrýjaða upphæð verði færð niður um 430 kr. og stefndi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati réttarins. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað eftir mati réttarins.

Kröfu sína um frávísun málsins frá aukarétttinum og ómerking málsmeðferðarinnar þar byggir áfrýjandi á því, að þeir stefndi hafi fyrir nokkrum árum gert þá sætt með sér fyrir sáttanefnd í máli, út af meiðyrðum þeirra í milli, að þeir hétu því að flytja ekki mál hvor á móti öðrum persónulega og geti því stefndi ekki löglega flutt mál þetta. Slík skuldbinding af hálfu stefnda í öðru máli gæti þó ekki haft neina réttarfarslega þýðingu í þessu máli, úr því að stefndi eigi sinnir henni, og verður því málið eigi ómerkt fyrir þessa sök.

Að því er aðalefni málsins snertir, þá er það viðurkent af áfrýjanda, að hann hafi innheimt árin 1892—1893 fyrir verzlunarfélagið Sömme & Wathne í Stafangri skuld, er það átti hjá manni einum hér á landi, og tekið við upphæð skuldarinnar, 770 kr., og sömuleiðis að hann hafi ekki

skilað félaginu af þessari upphæð meiru en 140 kr. En hann hefir lagt fram sundurliðaðan reikning í málinu yfir kostnað við ferðalög, er innheimtan hafi orsakað, og nemur kostnaðurinn samkvæmt reikningnum 360 kr., sem hann ásamt innheimtulaununum, er hann telur sér 200 kr. og fyrnefndum 140 kr. krefst að dregnar séu frá skuldaruppháeðinni, er hann átti að standa skil á. Heldur hann því þess vegna fram, að dómskuldin verði færð niður um 430 kr., eða niður í 70 kr. Stefndi hefir aftur á móti haldið því fram, að reikningur áfrýjanda yfir kostnað hans og ómök við innheimtuna sé í hverju einstöku atriði og í heild sinni tómur ósannur uppspuni og tilbúningur, og hafi áfrýjandi ekki haft annað fyrir innheimtunni en að fara eina ferð til Norðfjarðar, þegar skuldunautur sættist fyrir gestarétti á að borga skuldina. Áfrýjandi hefir gegn þessum mótmælum ekki einu sinni reynt að færa sönnur á, að skýrsla hans um kostnað af innheimtunni og fyrirhöfn við hana sé rétt, og verður því ekkert tillit tekið til hennar frekara en stefndi hefir viðurkent. Og þegar tekið er tillit til vegalengdarinnar frá Seyðisfirði til Norðfjarðar og tíðkanlegra innheimtulauna hér á landi, þykir upphæð sú, sem undirdómarinn hefir metið fyrir hvorttveggja, ferðakostnað og ómakslaun, fullhátt ákveðin 130 kr., og verður þá áfrýjandi að skyldast til að greiða stefnda hina innheimtu upphæð, 770 kr., að frádreginni þessari upphæð og þeim 140 kr., er

hann hefir áður staðið skil á. Með því að yfirdómurinn einnig felst á málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum ber og áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákeðst 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandinn Skafti ritstjóri Jósefsson greiði stefnda Stefáni Th. Jónssyni kaupmanni fyrir hönd Sömme & Wathne í Stafangri í málskostnað fyrir yfirdómi 40 krónur. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 31/1902: Sigfús Sveinbjarnarson gegn L. A. Snorrasyni.

Dómur:

Í 25. tölublaði Vestra, sem út kom 26. apríl 1902, er birt auglýsing dagsett á Ísafirði 21. s. m. og undirskrifuð af stefndum L. A. Snorrasyni, svohljóðandi: »Almenningi tilkynnist hér með, að Sigfús Sveinbjörnsson, sem, því miður, um tíma í vetur veitti verzlun minni forstöðu, hefir ekki nokkurn hlut með hana að gera lengur, og lýsi eg hér með ógilda að öllu leyti fullmakt þá, er eg á sínum tíma gaf honum«.

Áfrýjandi þessa máls, Sigfús Sveinbjarnarson, sem um undanfarinn tíma hafði veitt forstöðu verzlun stefnda á Ísafirði, taldi auglýsingu þessa móðgandi fyrir sig, sérstaklega orðin »því miður«, og til þess fallna að kasta rýrð á sig og baka sér atvinnutjón. Höfðaði hann því meiðyrða- og skaðabótamál á móti stefndum, og var sök þeirri ráðið til lykta með aukaréttardómi Ísafjarðarkaupstaðar uppkveðnum 25. júlí 1902 á þá leið, að stefndur var algerlega sýknaður af kærum og kröfum áfrýjanda, og málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir Sigfús Sveinbjarnarson áfrýjað til landsyfirréttarins með stefnu, dagsettri 24. janúar þ. á., og krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur og honum breytt þannig, að stefndur L. A. Snorrason verði dæmdur í hegningu fyrir hin umgetnu móðgandi og niðrandi ummæli um sig, þau dæmd ómerk og stefndur ennfremur dæmdur til að greiða áfrýjanda auk málskostnaðar 2000 kr. í skaðabætur fyrir skapraun og mannorðsspell og þar af leiðandi atvinnutjón. Stefndur hefir aftur á móti haldið því fram, að hvorki auglýsingin yfirleitt né hin tilgreindu orð »því miður« sérstaklega væri meiðandi fyrir æru áfrýjanda eða til þess fallin, að rýra álit hans hjá almenningi. Hann telur því málshöfðun þessa gegn sér ástæðulausa, og krefst þess, að hann verði algerlega sýknaður í málinu, að áfrýjandi verði sektaður fyrir þrætugirni, og að hann, áfrýjandi, verði dæmdur til að greiða málskostnað eftir mati réttarins.

Eins og hin átöldu orð »*því miður*«, koma fyrir í auglýsingunni, liggur ekkert frekara í þeim en það, að stefnda þótti það *þá* lakara, að hann hafði ráðið áfrýjanda í þjónustu sína, og að hann þá sá eftir því; um ástæðu fyrir þessu gefur auglýsingin enga upplýsingu. Það er eigi hægt að staðhæfa það eða halda því fram, að auglýsingin drótti því að áfrýjanda, að hann hafi staðið illa í stöðu sinni, því að orð auglýsingarinnar geta alt eins vel stuðst við það, að þeim hafi komið illa saman, áfrýjanda og stefnda, eins og sannað er í málinu að var. — Það verður því ekki álitið, að hin átöldu orð séu ærumeiðandi fyrir áfrýjanda, eða að þau séu fallin til þess að verða virðingu hans til hnekkis eða að í þeim felist óvirðandi móðgun, sem eigi að varða við lög, og verður því að fallast á það, að stefndi er sýknaður með hinum áfrýjaða dómi. Með því að málskostnaðarákvæði dómsins samþykkjast einnig, skal staðfesta hann í heild sinni. Eftir málsatvikum þykir og rétt, að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður, og eigi er nægilegt tilefni til þess eftir kröfu stefnda, að sekta áfrýjanda fyrir óþarfa þrætugirni.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður falli niður.

Nr. 8/1903: Héraðslæknir G. B. Scheving
gegn
Arnóri presti Árnasyni.

Dómur:

Vorið 1901 var heimili stefnda, Fell í Kollafirði, sóttkvíað að yfirvaldsboði sakir skarlatssóttar, er þar var á bænum, og þegar veikinni var lokið, snemma í júlímánuði, kom héraðslæknirinn, áfrýjandinn, þangað, og fyrirskipaði sótthreinsun á heimilinu, og skoraði læknirinn á stefnda að leggja til starfsfólk við hreinsunina svo sem hann gæti. Stefndi gerði það, en áskildi sér dagkaup fyrir fólkið og ókeypis fæði. Læknirinn gekk að kjörum þessum og fór síðan sótthreinsunin fram með þessu fólki og 2 mönnum öðrum, er fengnir voru að í viðbót. Síðan sendi stefndi og hinir 2 mennirnir reikninga yfir fyrirhöfnina til sýslumanns áleiðis til landshöfðingja, og var upphæð reikninganna, sem áfrýjandi hafði samþykt fyrir sitt leyti, samtals 144 kr. 90 a., en eftir úrskurði landshöfðingja á reikningana fengust að eins borgaðar úr landssjóði upp í þá upphæð 32 kr. 50 a. og voru þá eftir 112 kr. 40 a., sem stefndi, er hefir fengið framseldan sér rétt hinna, er að sótthreinsuninni unnu, álítur sig eiga heimtingu á að fá endurgoldnar af áfrýjanda, með því að hann hafi lofað þeirri borgun, sem reikningarnir greini. Áfrýjandi áleit sig ekki skyldan til að sinna kröfu stefnda í þessa átt, og höfðaði þá stefndi mál gegn honum fyrir aukarétti Strandasýslu til greiðslu á téðum reikn-

ingseftirstöðvum 112 kr. 40 a. og var málið dæmt í nefndum rétti 27. oktbr. f. á. þannig, að áfrýjandinn var skyldaður til að greiða stefnda hina umstefndu upphæð með 5% vöxtum frá 27. maí f. á. og í málskostnað 19 kr. 50 a.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dagsettri 27. janúar þ. á., og hefir hann krafist þess, að aukaréttardómurinn verði úr gildi feldur og hann sýknaður af öllum kærum og kröfum stefnda og að sér verði dæmdur málskostnaður hjá stefnda fyrir báðum réttum að skaðlausu. Stefndi hefir eigi, þótt honum sé löglega stefnt, mætt eða látið mæta fyrir yfirdóminum og verður því að dæma málið eftir framkomnum skjölum og skilríkjum, samkvæmt N. L. 1—4 32, og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Stefndi hefir bygt kröfu sína á hendur áfrýjanda um, að hann borgaði sér eftirstöðvarnar af sótthreinsunarkostnaðinum, á því, eins og fyr er á minst, að áfrýjandi samþykti, að þeir, er að sótthreinsuninni unnu, fengju það kaup, er stefndi áskildi og talið er í reikningunum til landssjóðs. Hins vegar vissi stefndi það, að áfrýjandinn kom við sótthreinsunina að eins fram í embættisnafni og sem umboðsmaður hins opinbera, og að hann ætlaði ekki að takast á hendur neina skuldbindingu til að greiða borgunina úr eigin vasa eða ábyrgjast sjálfur með eigin fé, að hún yrði borguð, enda sést eigi, að farið hafi verið fram á neitt slíkt við áfrýjanda. Stefndi gat því

ekki bygt á loforði áfrýjanda eða samþykki hans kröfu á hendur honum um að greiða nefndan kostnað, sem, að svo miklu leyti sem hann er löglega til orðinn, hvílir á almannafé, samkvæmt lögum nr. 2, 31. janúar 1898, 8. gr., og með því að það heldur eigi verður séð, að áfrýjandi hafi bakað sér skaðabótaskyldu gagnvart stefnda með aðferð sinni — enda hefir því eigi beint verið haldið fram af stefnda — þá verður að sýkna áfrýjanda fyrir kröfu stefnda á hendur honum í máli þessu. Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi með 20 krónum, en málskostnaður fyrir undirrétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn, héraðslæknir G. B. Scheving, á að vera sýkn af kærum og kröfum stefnda, Arnórs prests Árnasonar, í máli þessu. Stefndi greiði áfrýjanda í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 37/1902: Jón Sigurðsson
gegn
Árna Árnasyni.

Dómur:

Snemma í ágústmánuði 1901 skrifaði áfrýjandinn, Jón Sigurðsson, sem þá var bóndi á Syðstu-Mörk, en síðar flutti sig til Reykjavíkur, hinum stefnda, bónda í Mið-Mörk Árna Árnasyni, bréf eitt, sem Árna þótti svo móðgandi og meiðandi fyrir sig, að hann lögsótti Jón Sigurðsson til sektar fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur, og var málinu ráðið þar til lykta með dómi réttarins 27. nóvember f. á., á þá leið, að Jón Sigurðsson var dæmdur til að greiða 100 kr. sekt til landssjóðs, en til vara sæta 20 daga einföldu fangelsi, svo og til að greiða 40 kr. í málskostnað; jafnframt voru ýms meiðandi og óvirðandi ummæli í áðurnefndu bréfi dæmd dauð og ómerk.

Dómi þessum hefir Jón Sigurðsson skotið til yfirréttarins, með stefnu, útgefinni 13. desbr. f. á., og krafist þess hér fyrir réttinum, að hann verði alsýknaður í málinu, en til vara, að sektin verði færð niður sem frekast má verða, og að honum verði, hvernig sem fer, tildæmdur málskostnaður að skaðlausu fyrir báðum réttum. Á hinn bóginn hefir stefndi, Árni Árnason, krafist þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Það er eigi vafi um það í málinu, að áfrýj-

andinn hafi skrifað áminst bréf frá Syðstu-Mörk í byrjun ágústmánaðar 1901 og stílað það til stefnda. Ummæli þau í bréfinu, sem stefndi átelur, eru þessi: »Veit hundur hvað étið hefir«; »annars óska eg og vona, að samvizka þín vakni innan skamms og þú lifir það sem eftir er æfinnar sem samvizkusamur og ráðvandur maður«; »en hvað er að nefna við þig ráðvendni, guð og samvizku; að þeim orðum gjörir þú að öllum líkindum gys, að athuguðum þínum eiginlegleikum. Sjálfsagt má virða þér til vorkunnar, þó þú eigi komir að kirkju á sunnudögum, því þá þarft þú að öllum líkindum að fara þá daga til aflafanga, þá til fjalls, ef ekki sjós, og ekki sízt þegar út hallar sumri og framan af vetri«. Ummæli þessi, sem öll hafa verið dæmd ómerk með undirréttardóminum, eru sum svívirðandi fyrir stefnda, einkanlega hin fyrst tilgreindu, sum ærumeiðandi, að því leyti að í þeim felst augljós aðdróttun um guðleysi, samvizkuleysi og óráðvendni og óleyfileg aflafönga, og öll eru þau freklega móðgandi fyrir hann, en engin tilraun hefir af áfrýjanda hálfu verið gjörð til að réttlæta þau. Þó að þau hafi komið fram í privatbréfi, varða þau engu að síður við lög, og hefir áfrýjandi unnið til refsingar fyrir þau samkvæmt almennum hegningarlögum 25. júní 1869, 217. og 219. gr., og þykir refsingin fyrir þau eigi of hátt ákveðin í undirréttardóminum 100 kr. sekt til landssjóðs eða til vara 20 daga einfalt fangelsi. Með því að yfirdómurinn einnig verður að sam-

þykkja ákvæði téðs dóms um ómerkingu meiðyrða og málskostnað, ber að staðfesta dóminn í öllum greinum. Þar eð áfrýjandi eigi mætti fyrir sáttanefndinni, þó löglega væri stefndur, og án þess forföll væru sönnuð, verður hann og að greiða sekt til landssjóðs samkvæmt tilsk. 11. ágúst 1819, 1. gr., er ákveðst 4 kr., og eftir úrslitum málsins verður hann einnig að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, sem þykir hæfilega ákveðinn 20 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi Jón Sigurðsson greiði ennfremur sekt til landssjóðs 4 kr. og málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 9/1903: Hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps
gegn
Fr. og M. Kristjánssonum.

Dómur:

Haustið 1901 lagði áfrýjandi, hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps, sveitarútsvar, að upphæð 65 kr., á hina stefndu, Fr. og M. Kristjánssyni, sem eru búsettir á Akureyri, með því að þeir höfðu látið stunda síldveiði þá um haustið fyrir landi

Glæsibæjarhrepps frá tveim verbúðum, er þeir eiga á Þórsnesi í landi jarðarinnar Ytra-Krossaness í nefndum hreppi. En er hinir stefndu neituðu að greiða útsvar þetta, beiddist hreppsnefndin lögtaks á útsvarinu, en því var neitað með úrskurði, kveðnum upp í fógetarétti Akureyrarkaupstaðar 27. október 1902. Þessum úrskurði hefir hreppsnefndin áfrýjað til landsyfirréttarins með stefnu dags. 27. janúar þ. á., og hefir hún fengið gjafsókn með skipuðum talsmanni.

Eins og áður sagt, létu hinir stefnu stunda síldveiði á bátum frá 2 verbúðum sínum á Þórsnesi í Glæsibæjarhreppi, og á þessa veiði þeirra hefir hreppsnefndin lagt áður umgetið útsvar. Telur hún það hafa verið heimilt samkvæmt lögum 9. ágúst 1889, því hér sé um arðsama stofnun að ræða, er hafi verið rekin nógu langan tíma til þess, að hinir stefndu væru útsvarsskyldir samkvæmt nýnefndum lögum, enda sé vafasamt, að lög 19. júní 1888 snerti síldveiði. Hefir áfrýjandi krafist hér fyrir réttinum, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og breytt þannig, að ákveðið verði, að stefndu beri að greiða hið umrædda útsvar að upphæð 65 kr. ásamt öllum kostnaði málsins í héraði og einnig fyrir yfirdómi, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, þar á meðal hæfileg málssóknarlaun til hins skipaða talsmanns hennar. Hins vegar er af hendi hinna stefndu krafist, að þeir verði sýknaðir af kröfum og kærum áfrýjanda í þessu máli og fógetaúrskurðurinn

staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað fyrir undir- og yfirrétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Lög 19. júní 1888 um bátfiski á fjörðum ákveða í 2. gr., að eigi skuli leggja aukaútsvar á útvegsmenn — sem stunda bátfiski — úr öðrum sveitarfélögum við þann fjörð eða flóa, sem útræðið er við, ef útsvar er á þá lagt í sveitarfélagi sjálfra þeirra. Hinir stefndu eru búsettir á Akureyri, sem liggur við Eyjafjörð, eins og Glæsibæjarhreppur, og hefir aukaútsvar verið lagt á þá á Akureyri nefnt ár. Eftir nýnefndum lögum 19. júní 1888 var því eigi heimild til að leggja aukaútsvar á þá í Glæsibæjarhreppi. Útsvarsálagan verður eigi heldur studd við lög 9. ágúst 1889, með því að það ekki er sannað, að veiðin hafi verið rekin í 4 mánuði í Glæsibæjarhreppi, en hinir stefndu hafa haldið því fram, að hún að eins hafi verið rekin þar $3^1/_2$ mánuð af árinu. — Samkvæmt framansögðu hefir hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps brostið heimild til að leggja aukaútsvar á hina stefndu haustið 1901, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða fógetaréttarúrskurð. Málskostnaður allur virðist eftir atvikum eiga að falla niður, og verða hinum skipaða talsmanni áfrýjanda eftir úrslitum málsins ekki dæmd nein málflutningslaun. Það vottast, að rekstur málsins sem gjafsóknarmáls hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður á að vera óraskaður. Málskostnaður falli niður.

Nr. 16/1903: Réttvísin
gegn
Guðjóni Böðvarssyni.

Dómur:

Með dómi aukaréttar Rangárvallasýslu uppkveðnum 29. ágúst f. á. var hinn ákærði, Guðjón Böðvarsson, vinnupiltur á Unhól, dæmdur fyrir einfaldan þjófnað til að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan sakarkostnaðinn í héraði, þar á meðal 12 kr. í málsvarnarkaup, en dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins að ráðstöfun valdstjórnarinnar.

Hinn ákærði, sem er fæddur 28. desbr 1883 og hefir eigi áður sætt dómi eða refsingu fyrir nokkurt afbrot, gaf þá játningu fyrir lögreglurétti Rangárvallasýslu 26. nóvember 1901, að hann hefði síðast í septembermánuði næst á undan stolið 3 krónum (tveggja-krónu-pening og ein-krónu-pening) úr ólæstri kommóðu í bæjardyrunum á Unhóli, en peningana átti húsbóndi hans. Lét hann peningana í vestisvasa sinn, en af því að gat var á vasanum, týndi hann þeim.

Í sama réttarhaldi játaði ákærði ennfremur, að hann hefði þá um sumarið um sláttinn tekið 3 hrossskinnslengjur úr eldhúsinu á Unhóli, er hús-

bóndi hans átti, og falið þær, fyrst í heygarði og síðan fyrir utan túngarðinn; gjörði hann þetta í því skyni að kasta eign sinni á þær; eina skinnlengjuna sagðist hann þó hafa látið aftur í eldhúsið, en um hinar vitjaði hann eigi fyr en eftir viku og voru þær þá horfnar. Framburður ákærða um atvik að þjófnaði þessum var töluvert á reiki og eigi ósjaldan óáreiðanlegur, en aðrar skýrslur, er fengnar hafa verið í málinu, styðja játningu hans um stuldinn á peningunum og skinnlengjunum, sem hann virðist hafa gefið án nokkurrar þvingunar. Þessa játningu sína tekur hinn ákærði þó aftur fyrir lögregluréttinum 27. desbr. 1901 og 9. janúar 1902; segir hann þá, að hann hafi gjört hana fyrir hræðslu sakir, og að hann hafi eigi »tekið neina peninga frá húsbónda sínum« og »aldrei tekið nein skinn«.

Samkvæmt N. L. 1—15—1 verður þessari afturköllun ákærða á fyrri játningu hans eigi gaumur gefinn, enda styrkist hún eigi við neitt það, sem annars er upplýst í málinu. Það verður því að dæma hinn ákærða fyrir einfaldan þjófnað samkvæmt 230. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og þykir refsingin með hliðsjón af 38. gr. og 58. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 5 daga fangelsi við vatn og brauð, eins og gjört er í aukaréttardóminum. Málskostnaðarákvæði dóms þessa samþykkjast einnig, þó svo, að málsvarnarlaun í héraði ákveðist 8 kr. Ákærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækj-

anda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, sem ákveðst 10 kr. fyrir hvorn þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði aukaréttardómur skal vera óraskaður, þó svo, að málsvarnarlaun í héraði til síra Ólafs Finnssonar, séu 8 kr. Ákærði Guðjón Böðvarsson greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málsfærslumannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 1/1903: Páll Bjarnarson
gegn
Þorleifi presti Bjarnasyni.

Úrskurður:

Mál þetta höfðaði í héraði fyrir gestarétti Þingeyjarsýslu Þorleifur prestur Jónsson gegn Páli Bjarnarsyni út af meiðyrðum og var það dæmt í héraði 8. ágúst 1902 með þeim úrslitum, að áfrýjandi þessa máls, Páll Bjarnarson, skyldi greiða 300 kr. sekt til landssjóðs, eða sæta einföldu fangelsi í 90 daga, væri sektin eigi greidd í ákveðinn

tíma; hin átöldu meiðyrði skyldu dauð og ómerk vera. Svo var honum og gjört að greiða allan málskostnað, eins og málið ekki væri gjafsóknarmál, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða talsmanns prestsins, Þorbergs hreppstjóra Þórarinssonar, 12 krónur.

Þessum dómi hefir Páll Bjarnarson, að fengnu leyfi til að leiða ný vitni og leggja fram ný skjöl, áfrýjað til landsyfirréttarins með stefnu, dags. 3. janúar þ. á., og krafist: *að* málinu verði vísað frá meðferð undirréttarins, *að* stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir yfirrétti og *að* dómarinn verði látinn sæta sektum fyrir ólöglega meðferð málsins. En verði þessi krafa hans ekki tekin til greina, biður hann um 3 mánaða frest til að leiða ný vitni í málinu. Svo hefir hann og krafist, að 1. assessor, Kristján Jónsson, víki úr dómarasæti í málinu, af því hann sé bróðir héraðsdómarans. — Að því er kemur til þessarar síðastnefndu kröfu hans, þá verður hún ekki tekin til greina, með því að héraðsdómaranum er ekki stefnt til ábyrgðar, og engin önnur atvik málsins eru til þess, að assessor Kristján Jónsson eigi geti dæmt í því. Hins vegar hefir stefndi, sem hefir fengið gjafvörn fyrir yfirdómi og sér skipaðan talsmann, mótmælt því að málinu verði vísað frá undirdómi, svo og öðrum kröfum áfrýjanda og sérstaklega að honum verði veittur lengri frestur en í 14 daga.

Þar sem áfrýjandi hefir krafist, að málinu verði vísað frá undirrétti, þá rökstyður hann þá

kröfu með því, að honum hafi verið ranglega birt stefnan á Sigurðarstöðum, því Sigurðarstaðir hafi ekki verið lögheimili hans, þegar stefnan til hans var birt þar, þá verður þessi krafa hans ekki tekin til greina, því yfirlýsing hans í þessu tilliti virðist ekki styðjast við neitt, sem framkomið er í málinu, og koma í bága við birtingarvottorð stefnuvottanna.

Krafa áfrýjanda um 3 mánaða frest til vitnaleiðslu verður heldur ekki gegn neitun stefnda tekin til greina; en honum veitist 14 daga frestur til andsvara í aðalefni málsins.

Því úrskurðast:

Krafa áfrýjanda um að málinu verði vísað frá undirrétti verður ekki tekin til greina, en honum veitist 14 daga frestur til andsvara um aðalefni málsins.

Mánudaginn 20. júlímán.

Nr. 21/1903: Réttvísin
gegn
Jóni Jónassyni frá Litladal.

Dómur:

Með dómi aukaréttar Skagafjarðarsýslu, uppkveðnum 27. nóvembermán. f. ár, var hinn ákærði, Jón Jónasson, unglingspiltur frá Litladal, dæmdur fyrir einfaldan þjófnað samkv. 230. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 5 daga fang-

elsi við vatn og brauð, og til að greiða allan sakarkostnað í héraði, þar á meðal málsvarnarlaun til hins skipaða verjanda þar 5 kr. — Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins eftir ósk hins ákærða.

Haustið 1901 um gangnaleytið var ákærði á Silfrastöðum samnátta Jóni nokkrum Jónssyni frá Höskuldsstöðum; sváfu þeir saman fram í stofu og fór Jón Jónsson fyr á fætur um morguninn, og fór út til að láta út hesta sína; aðgætti hann þá í peningabuddu sína og varð þess var, að úr henni höfðu horfið peningar, um 2 krónur. Fór hann þá inn í bæinn aftur og bar á ákærða, sem þá hafði farið til að matast inn í baðstofu, að hann hefði stolið peningunum. Ákærði tók þá peningana, sem Jón Jónsson hafði mist, upp úr buxnavasa sínum og afhenti Jóni þá. Þannig víkur málinu við eftir skýrslu Jóns þessa, sem peningana átti. En ákærði skýrir svo frá, að þegar Jón Jónsson var klæddur og farinn út, hafi hann, ákærði, tekið eftir því, að þessir umræddu peningar hafi legið á borðinu í skugga við föt sín. Hafi hann þá tekið peningana og ætlað að fá Jóni þá, en af því að Jón var þá farinn út til að láta út hestana, hafi eigi orðið af því þá þegar; en nokkru síðar hafi Jón komið inn, kallað á sig fram í stofu og borið undir eins á sig peningastuld og hafi hann þá afhent Jóni peningana. Ákærði hefir stöðuglega og staðfestlega neitað því, að hann hafi tekið peningana til þess að kasta eign sinni á þá. — Aðrar skýrslur en þessar hafa eigi fengist um atvikin að

peningatökunni, og með því að eigi verður fortekið fyrir það, eftir því hvernig málið er upplýst, að peningarnir kunni að hafa dottið úr vasa eða buddu Jóns Jónssonar, og þess vegna legið undir eða hjá fötunum á borðinu í stofunni, þykir eigi vera nægileg ástæða til þess að hrinda þeirri staðhæfingu ákærða, að hann hafi ætlað sér að skila peningunum, enda gerði hann það tregðulaust, næst er hann hitti Jón Jónsson og undireins og honum veittist ráðrúm til þess. Ákærði verður því eigi dæmdur fyrir þjófnað eða ólöglega meðferð á munum annarra í þessu máli, og ber samkvæmt því að sýkna hann af ákærum sóknarans. Eftir þessum úrslitum verður allur kostnaður sakarinnar bæði í héraði og fyrir yfirdómi að greiðast af almannafé, þar með talin málsvarnarlaun í héraði, 5 kr. eftir ákvæði aukaréttardómsins, og málflutningslaun hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, sem ákveðast 10 kr. fyrir hvorn þeirra. — Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus, og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Jón Jónasson frá Litladal á að vera sýkn af ákæru sóknarans í þessu máli. Allur sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, greiðist af almannafé, þar með talin málsvarnarlaun í héraði til hins skipaða verjanda Jónasar Sveinssonar, 5 krónur, og

málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, málflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 krónur til hvors.

Nr. 19/1903: W. Ó. Breiðfjörð gegn Oddi málaflutningsmanni Gíslasyni í umboði fyrir Örsteds Parkens Kuranstalt í Kaupmannahöfn.

Dómur:

Með bæjarþingsdómi Reykjavíkur, uppkveðnum 15. janúar þ. á., var áfrýjandinn, kaupmaður W. Ó. Breiðfjörð í Reykjavík, dæmdur til þess að greiða hinum stefnda, yfirréttarmálaflutningsmanni Oddi Gíslasyni sem umboðsmanni fyrir Örsteds Parkens Kuranstalt í Kaupmannahöfn viðskiftaskuld að upphæð 375 kr. 80 aur. með 6% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, og 20 kr. í málskostnað; svo var áfrýjandi og dæmdur til að greiða 8 kr. sekt í landssjóð samkvæmt tilskipun 11. ágúst 1819. — Dómi þessum hefir kaupmaður W. Ó. Breiðfjörð skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 7. apríl þ. á., og krafist þess, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu, og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum að skaðlausu. — Á hinn bóginn hefir stefndi málaflutningsmaður Oddur Gíslason fyrir hönd Örsteds-Parkens Kuranstalt í Kaupmanna-

höfn krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Áfrýjandi hefir um langt árabil, eða að minsta kosti árin 1890—1900, átt viðskifti við Örsteds-Parkens Kuranstalt, og lauk þeim viðskiftum svo árið 1900, að þá um árslok skuldaði áfrýjandi nefndri stofnun eftir hennar reikningi 37 kr. 50 aur. fyrir meðteknar vörur, og 338 kr. 30 aur. fyrir meðteknar umbúðir, sem eigi hafði verið aftur skilað, eftir því, sem stefndi heldur fram. Báðar þessar upphæðir, samtals 375 kr. 80 aur., hefir bæjarþingsdómurinn dæmt á áfrýjanda. Hann hefir nú og viðurkent fyrri upphæðina, 37 kr. 50 aur., sem réttkrafða skuld, og getur hann fyrir því eigi komist hjá því, að verða dæmdur til að greiða hana. — Hina síðari upphæðina 338 kr. 30 aur. hefir áfrýjandi neitað að greiða, og barið því við, að hann hafi engar aðrar umbúðir fengið frá stefnda en þær, sem hann hafi endursent jafnóðum; jafnframt heldur hann því fram, að hann hafi aldrei fyr en mál þetta hófst fengið reikning frá stefnda yfir öll viðskifti þeirra, og aldrei hafi hann frá honum fengið umkvartanir yfir því, að hann hafi eigi fengið »retúrgóz« (umbúðir) með skilum. Áfrýjandi hefir samt eigi gert neina tilraun til þess, að sanna þessar staðhæfingar sínar. —

Stefndi hefir lagt fram reikning yfir óslitin

viðskifti sín við áfrýjandi frá því 1. marz 1890 til 30. júní 1900. Á þessu tímabili hefir áfrýjandi greitt stefnda samkvæmt þessum reikningi fullar 1900 kr. í peningum, og endursent umbúðir fyrir nálægt því 1600 kr., og er honum talið þetta til inngjalda í reikningnum. — Áfrýjandi hefir nú eigi vefengt reikninginn að þessu leyti, en neitar þó að greiða þær 338 kr. 30 aur., sem hann í þessu máli samkvæmt þessum sama reikningi er krafinn um fyrir óendursendar umbúðir. Hann hefir enga tilraun gert til þess að sýna það með tilvitnun til hins framlagða reiknings, hverjar þær umbúðir séu, sem hann ranglega er krafinn borgunar fyrir, og hefir þannig eigi sýnt fram á það, að hverju leyti reikningurinn að hans áliti er rangur. Mótmæli hans gegn reikningnum verða því eigi álitin nægilega ákveðin eða nægilega skilgreind eða nægilega rökstudd, og verður því að fallast á það, að þeim er hrundið með bæjarþingsdóminum.

Samkvæmt þessu verður að staðfesta nefndan dóm eftir kröfu stefnda, bæði ákvæði hans um skuldina og um málskostnað, svo og sektarákvæðið, þó svo, að sektin sé 4 kr., sbr. tilsk. 24. jan. 1838, 3. gr. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi og að greiða stefnda hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður, þó svo að ídæmd sekt til landssjóðs sé 4 kr.

— Afrýjandi W. Ó. Breiðfjörð greiði stefnda Oddi Gíslasyni fyrir hönd Örsteds Parkens Kuranstalt ennfremur 20 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi. —

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 14/1902: Ben. S. Þórarinsson
gegn
Oddi Gíslasyni fyrir hönd H. B. Fogtmanns Efterfölger.

Dómur:

Eftir að kaupmaður Ben. S. Þórarinsson í Reykjavík og H. B. Fogtmanns Efterfölger í Kaupmannahöfn höfðu haft verzlunarviðskifti í nokkur ár, höfðaði Oddur Gíslason málflutningsmaður í umboði H. B. Fogtmanns Efterfölgers mál gegn Ben. S. Þórarinssyni til lúkningar á 115 kr. 78 aur., sem hinn fyrnefndi taldi til skuldar hjá hinum síðarnefnda, en af sinni hálfu höfðaði Ben. S. Þórarinsson gagnsök gegn H. B. Fogtmanns Efterfölger til greiðslu á 70 kr. 35 aur., sem hann á sína hlið þóttist eiga inni hjá H. B. Fogtmanns Efterfölger. Málum þessum var ráðið til lykta með dómi bæjarþingsréttar í Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 6. marzm. f. ár, á þá leið, að Ben. S. Þórarinsson skyldi greiða Oddi Gíslasyni

fyrir hönd H. B. Fogtmanns Efterfölger 35 kr. 28 aur., með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags; svo var hann og fyrir ósæmilegan rithátt dæmdur til að greiða 5 kr. sekt til landssjóðs og 5 kr. sekt til fátækrasjóðs Reykjavíkur, en málskostnaður var látinn falla niður bæði í aðalmálinu og gagnsökinni. —

Þessum dómi hefir Ben. S. Þórarinsson kaupmaður áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 10. maí f. ár, og krafist þess hér fyrir réttinum, að hann verði algjörlega sýknaður af öllum kærum og kröfum sækjanda (H. B. Fogtmanns Efterfölger's), og að Oddur Gíslason verði fyrir hans hönd dæmdur til að greiða sér 70 kr. 35 aura með 6% vöxtum frá gagnstefnudegi, að sami verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum alt að 100 kr., eða einhverja hæfilega upphæð eftir réttarins mati, svo og sekt fyrir óþarfa málsýfingu og rangar fjárkröfur, og að sektin fyrir ósæmilegan rithátt verði feld niður. —

Af sinni hálfu hefir málflutningsmaður Oddur Gíslason fyrir hönd H. B. Fogtmanns Efterfölger's krafist þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað eftir réttarins mati. —

Stefndi hefir í héraði lagt fram til réttlætingar skuldakröfu sinni viðskiftareikning (Contocourant) við áfrýjanda fyrir árið 1900, og eftir honum gerði hann kröfu til skuldar á hendur áfrýjanda að upphæð 115 kr. 78 aur. Áfrýjandi kannast eigi við þessa skuld, með því að hann heldur

því fram, að viðskiftareikningur stefnda fyrir árið 1899, sem hinn reikningurinn er áframhald af, sé mjög rangur í ýmsum atriðum, og hefir hann af sinni hálfu lagt fram viðskiftareikninga (Contocouranta) stefnda fyrir árin 1898 og 1899. Að vísu hefir áfrýjandi hinn 3. marz 1900, er hann var staddur í Khöfn, greitt stefnda 225 kr. 62 aur., sem er nákvæmlega upphæð sú, er stefndi þá þóttist eiga hjá honum, en af þessu verður það eigi leitt, að áfrýjandi hafi þá viðurkent reikninga stefnda rétta, enda eigi sannað, að hann hafi þá rannsakað þá; viðskifti þeirra héldu þá áfram eftir sem áður, og um sama leyti eða litlu síðar hefir áfrýjandi pantað hjá stefnda vörur fyrir 233 kr. 50 aur. Eftir öllum málavöxtum þykir eigi heldur ástæða til þess að álíta, að áfrýjandi hafi komið of seint fram með mótmæli sín gegn viðskiftareikningnum, svo að hann nú sé útilokaður frá að halda þeim fram. Það þykir verða að taka skýrslu hans í þessu efni til greina um það, að hann hafi gert athugasemdir við reikningana svo fljótt, sem honum eftir atvikum var unt. —

Eftir hinum framlagða viðskiftareikningi fyrir 1898 var skuld áfrýjanda til stefnda hinn 31. desbr. 1898 4 kr. 5 aur., en í viðskiftareikningnum fyrir 1899 er skuldin talin 1. jan. 1899 22 kr. 19 aur.; áfrýjandi telur mismuninn, 18 kr. 15 aur., sér oftalinn til skuldar, og verður að fallast á það, með því að stefndi hefir eigi réttlætt þessa skekkju. — Þá er í sama viðskiftareikningi fært

áfrýjanda til útgjalda: »Varer 27/8 1898 11 kr. 23 Öre«. Þessar vörur tjáist áfrýjandi aldrei hafa beðið um né fengið, og hefir stefndi eigi hnekt þeirri neitan hans. Áfrýjandi verður því eigi dæmdur til að greiða þessa upphæð. — Þá telur áfrýjandi að því, að stefndi hafi 6. marz 1899 fært sér til inngjalda 59 kr. 90 aur. í staðinn fyrir 60 kr., og sé þar um 10 aura reikningshalla að ræða sér í óhag, og hefir þessu ekki verið mótmælt. Hinn 12. febr. sama ár segist áfrýjandi hafa sent stefnda 2 tómar brennivínstunnur, sem eigi hafi verið færðar sér til inntektar, og telur hann verð þeirra 9 kr. 60 aur. 14. apríl s. á. viðurkennir Fogtmanns Efterfölger að hafa meðtekið þessar tunnur, telur verð þeirra 10 kr., en kostnað við þær (viðgerð og flutningskostn.) kr. 1,65; þó að áfrýjandi hafi mótmælt þessum kostnaði, þykir rétt að draga hann frá verði tunnanna, því að eigi er ástæða til að efa, að hann hafi áfallið, en verð tunnanna að honum frádregnum, kr. 8,35, er fært áfrýjanda til inngjalda í viðskiftareikningi 14. apríl 1899. Krafa áfrýjanda að því er snertir þessar tunnur verður því ekki til greina tekin. — Enn hefir áfrýjandi fundið það að viðskiftareikningnum, að sér séu þar eigi taldir til inngjalda 50 mjölsekkir tómir, sem hann tjáist hafa endursent stefnda 1. maí 1899, og sé verð þeirra 25 kr., eða 50 aura hver. Það er nú sannað í málinu, að stefndi hefir meðtekið þessa 50 sekki, og kemst hann, Fogtmanns Efterfölger, svo að orði um þetta í bréfi til áfrýjanda, dags. 27.

maí 1899: »Þar á móti neitar V. Lund (ɔ: mjölsalinn) að taka á móti sekkjunum, þar eð það eigi sé hans (ɔ: skylda). Eg hefi notað 30 sekki undir mjölið, og hefi þannig 20 sekki eftir«. Þó að stefndi væri verzlunar-umboðsmaður (Commissionær) áfrýjanda, sem hann þá var, þá leiddi eigi þar af, að hann væri skyldur til þess að kaupa aftur af áfrýjanda umbúðir (Emballage), sem frá honum fóru til áfrýjanda utan um verzlunarvörur, nema því að eins, að sérstaklega væri samið um það. En að svo hafi verið, sést eigi í þessu máli. Stefnda hlaut að vera heimilt að nota sekkina, eins og hann gjörði, undir annað mjöl, er hann síðar sendi áfrýjanda, og að geyma afganginn af þeim til frekari ráðstöfunar áfrýjanda. Krafa áfrýjanda út af sekkjum þessum verður því eigi tekin til greina.

Þar sem undirréttardómurinn hefir að öllu leyti tekið til greina kröfu áfrýjanda um niðurfærslu á reikningi stefnda sakir óheimillar verðhækkunar á mjöli, og þar sem að öðru leyti eigi eru fram komnar frekari aðfinslur af hálfu áfrýjanda við reikninga stefnda, en að framan er talið, verða úrslit málsins þau, að frá dómskuldinni, 35 kr. 28 aur., verður eftir framanrituðu að draga kr. 18. 15+kr. 11,23+kr. 0,10, eða alls 29 kr. 48 aur., og verður samkvæmt þessu að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 5 kr. 80 aur. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. — Eftir atvikum skal málskostnaður falla niður fyrir báðum réttum. Þar sem áfrýjandi hefir í sóknar-

skjölum sínum fyrir bæjarþingsréttinum viðhaft orðin: »afturhluta-sóknarskjal, snúðra, vingl«, og hefir verið sektaður fyrir af undirdómaranum, þá þykir hann eigi sektar verður fyrir þessi óviðkunnanlegu orð, hvorki eftir þýðingu þeirra, né sambandi því, er þau voru viðhöfð í. — Kröfu áfrýjanda um sekt fyrir þarflausa málsýfingu á hendur stefnda þykir ekki ástæða til að taka til greina.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Benedikt S. Þórarinsson greiði stefnda Oddi málflutningsmanni Gíslasyni fyrir hönd H. B. Fogtmanns Eftirfölger 5 kr. 80 aur. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. — Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum —.

Mánudaginn 7. septembermánaðar.

Nr. 32/1903: Hannes ritstjóri Þorsteinsson gegn Jóni yfirdómara Jenssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði Jón yfirdómari Jensson fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, samkvæmt skipun landshöfðingja og að fenginni gjafsókn, gegn ábyrgðarmanni blaðsins »Þjóðólfs«, Hannesi Þorsteinssyni,

út af meiðyrðum í grein með fyrirsögninni »Pólitískir tituprjónar« í 6. tölubl. 55. árg. blaðsins, er út kom 6. febr. þ. á. Var málið dæmt á bæjarþinginu 7. maí þ. á., með þeim úrslitum, að áfrýjandinn var, með tilvísun til 219. gr. hinna almennu hegningarlaga, dæmdur í 100 króna sekt til landssjóðs eða til vara í 20 daga einfalt fangelsi; svo voru og hin meiðandi ummæli í téðri grein dæmd dauð og ómerk, og áfrýjandinn dæmdur til að greiða sakarkostnað allan, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með taldar 10 kr. í málflutningslaun til hins skipaða málfærslumanns stefnda, Odds Gíslasonar yfirréttarmálfærslumanns. Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirréttarins með stefnu útgefinni 22. júní þ. á., og krafist þess, *að* hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að hann verði sýknaður af öllum kærum og kröfum stefnda, eða til vara, *að* hin ídæmda sekt verði lækkuð, svo *og*, *að* honum verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu fyrir báðum réttum. — Hinn skipaði talsmaður hins stefnda, er fengið hefir beneficium processus gratuiti, hefir gagnáfrýjað málinu, með stefnu útgefinni 9. júlí þ. á., og gjört þær réttarkröfur, *að* hinn gagnáfrýjaði dómur verði þyngdur að því er lög frekast leyfa, eða til vara, *að* hann verði staðfestur, *og að* aðaláfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða allan málskostnað eins og málið væri eigi rekið með gjafsókn, þar með talin hæfileg málsóknarlaun til sín eftir mati réttarins.

Hin umstefnda grein í »Þjóðólfi» gjörir að umtalsefni úrskurð, er landsyfirrétturinn feldi 2. febr. þ. á. í svokölluðu »verðlagsskrármáli» úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu; hafði yfirrétturinn skömmu áður kveðið upp úrskurð í máli þessu, og heimtað nýjar skýrslur af héraðsdómaranum, en tók málið upp aftur eftir beiðni málfærslumannanna vegna nýrra vottorða, er þeir lögðu fram, og sum höfðu verið birt í blaðinu »Ísafold«; var það efni þessa hins síðari úrskurðar, 2. febr., að dómari skuli settur til að rannsaka málið, þar á meðal afskifti héraðsdómarans, Lárusar Bjarnasonar, af því, og því jafnframt skotið til valdstjórnarinnar, að fela rannsóknina öðrum en nefndum héraðsdómara. Gagnáfrýjandi hefir talið hina umræddu grein í »Þjóðólfi« ærumeiðandi fyrir sig, og sérstaklega átalið fyrirsögn greinarinnar: »Pólitiskir títuprjónar«, og þessi orð í greininni sjálfri: »alleinkennilegur úrskurður«, »Við birtingu þessara vottorða í Ísafoldarblaðinu hleypur yfirrétturinn upp til handa og fóta«, »að Lárusi sýslumanni fornspurðum«, »en meðdómararnir báðir á einu bandi auðvitað, því að vottorðin stóðu í bibliunni þeirra», »en eitthvað kynlega lítur þetta snögga viðbragð réttarins út«, »Sjálfsagt væri þeim Kr. Jónssyni og J. Jenssyni harla óljúft, ef Lárus sýslumaður, vinur þeirra, yrði fyrir einhverju skakkafalli við þessa rannsókn, en sem betur fer geta þeir eflaust huggað sig við, að svo verður ekki og að Lárus stendur jafnréttur eftir sem áður, þrátt fyrir allar tilraunir Ísafoldar og

fylgifiska hennar til að sverta hann«, »og þess vegna væri langréttast af valdstjórninni að láta það eftir yfirréttinum, að skipa mann til að rannsaka þetta«.

Undirdómarinn hefir álitið að orðin: »að Lárusi sýslumanni fornspurðum« og »að láta það eftir yfirréttinum« o. s. frv. eigi gætu komið til greina sem saknæm, og getur yfirrétturinn verið því samþykkur. Að því er snertir hin önnur átöldu ummæli og fyrirsögn greinarinnar hlýtur yfirrétturinn einnig að vera á sama máli og undirdómarinn, þar sem hann álítur, að fyrirsögnin, í sambandi við hin ýmsu átöldu ummæli, feli í sér þá aðdróttun að gagnáfrýjanda, að hann hafi látið pólitíska andstæðingsskap og óvild hafa áhrif á, eða jafnvel ráða dómsatkvæði sínu í úrskurðarmáli því, sem um er rætt, og virðist eigi vera hægt að taka tillit til þess, sem aðaláfrýjandi hefir haldið fram sér til varnar, sem er það, að tilgangur greinarinnar hafi eigi verið sá, að móðga dómendur yfirréttarins, að hún verði eigi talin meiðandi, og sérstaklega að því er snertir fyrirsögnina: »Pólitískir tituprjónar«, að með henni sé átt við að mál það, sem ræðir um í greininni sé af vottorðsgefendunum fremur sótt af pólitískum ástæðum en sannleiksást. Þessi síðasttalda varnarástæða getur ekki komið til greina, því hin umstefnda blaðgrein ræðir frá upphafi til enda um úrskurð yfirréttarins og á fyrirsögnin augljóslega við hann.

Ofannefnda aðdróttun verður að telja æru-

meiðandi fyrir gagnáfrýjanda, og með því aðaláfrýjandi hefir eigi sýnt, að hún væri á rökum bygð, þá verður að fallast á það, að undirdómarinn hefir dæmt hin meiðandi ummæli dauð og ómerk, og látið aðaláfrýjanda sæta hegningu fyrir þau samkvæmt 219. gr. hinna almennu hegningarlaga, þó þannig, að hegningin skal ákveðin 50 kr. sekt til landssjóðs eða til vara 15 daga einfalt fangelsi. Málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins samþykkjast, og er því hinn áfrýjaði dómur staðfestur að því leyti. — Eftir þessum úrslitum verður aðaláfrýjandi að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eins og málið eigi hefði verið rekið með gjafsókn, þar á meðal 15 kr. í málflutningslaun til hins skipaða málfærslumanns gagnáfrýjanda.

Að því leyti, sem málið hefir verið gjafsóknarmál, vottast, að meðferð þess fyrir undirréttinum hefir verið vítalaus, og flutningur þess við yfirréttinn lögmætur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á að vera óraskaður, þó þannig, að hin ídæmda hegning skal ákveðin 50 kr. sekt til landssjóðs, eða 15 daga einfalt fangelsi, ef sektin er ekki greidd í tækan tíma. Aðaláfrýjandinn Hannes ritstjóri Þorsteinsson greiði málskostnað fyrir yfirdómi eins og málið hefði ekki verið rekið með gjafsókn, þar með taldar 15 kr.

til hins skipaða talsmanns gagnáfrýjanda Odds yfirréttarmálfærslumanns Gíslasonar.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför eftir lögum.

Mánudaginn 5. októbermán.

Nr. 2/1903: Skúli Thoroddsen gegn Kristjáni H. Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði í héraði ritstjóri blaðsins »Þjóðviljinn« Skúli Thoroddsen gegn ábyrgðarmanni blaðsins »Vestri«, Kristjáni H. Jónssyni, út af ummælum í síðarnefndu blaði í nafnlausri grein með yfirskriftinni Bréf frá Hornströndum í 17. tölubl. I. árg. blaðsins, er út kom 1. marz 1902, en ummæli þessi taldi áfrýjandi meiðandi og móðgandi fyrir sig. Stefndi Kristján H. Jónsson höfðaði þá gagnsök gegn áfrýjanda út af meiðandi og móðgandi ummælum um sig og blaðið »Vestra« í 51. tölubl. Þjóðviljans, er út kom 21. des. 1901 í grein undirskrifaðri af áfrýjanda með fyrirsögninni »Vestri og jarðeplatollurinn«. Var mál þetta dæmt í gestarétti Ísafjarðarkaupstaðar 14. júlí f. á. með þeim úrslitum, að orðin »fals og undirferli« í fyrnefndri grein í »Vestra« vóru dæmd dauð og ómerk og sömuleiðis þessi ummæli í umgetinni grein í »Þjóðviljanum«: »Þetta hermir

blaðið rétt, þótt kynlegt megi þykja« »kunna þeir ekki að skammast sín« »varpa fram jafn stráks-legum getsökum«, »hnjóðsyrði og lygar þess blaðs«. En hegning fyrir meiðyrðin, sem talin voru sak-næm samkvæmt 219. gr. alm. hegningarlaga, var látin falla niður að því er báða málsaðila snerti, samkvæmt 221. gr. hegningarlaganna, og voru þeir því dæmdir sýknir hvor af annars kröfum. Máls-kostnaður var og látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfir-dómsins með stefnu dags. 10. jan. þ. á., og hefir hann krafist þess, að dóminum verði breytt þann-ig, að stefndi verði dæmdur í sektir eða fangelsi fyrir meiðandi og móðgandi ummæli þau um á-frýjanda, sem átalin eru í málinu, og orðin dæmd dauð og ómerk, og að áfrýjandi verði sýknaður af kröfum gagnstefnandans fyrir undirréttinum. Svo hefir hann og krafist málskostnaðar fyrir báð-um réttum hjá stefnda, eftir mati yfirdómsins.

Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur í öllum grein-um og áfrýjandi dæmdur í málskostnað fyrir báð-um réttum eftir mati yfirdómsins.

Ummæli þau í fyrnefndri »Vestra«-grein (Bréf frá Hornströndum), sem átalin eru af áfrýjanda sem meiðandi og móðgandi fyrir hann eru þessi: »En við að bera kenning þína (þ: »Vestra«) sam-an við kenningu »Þjóðviljans«, þá sé eg, að þetta hefir alt verið fals og undirferli til að narra út atkvæði hjá almenningi, og þingmensku sína hafa svo sumir þessir kompánar notað til að koma fram

óvildarhug sínum til einstakra manna og til að svala drotnunargirnd sinni«. — »En eg skil ekkert í honum Skúla mínum, sem áður prédikaði svo mikið um ættjarðarást og drenglyndi, að hann skuli taka svona óþverra upp í blaðið sitt«. En ummæli þau, sem stefndi gagnstefndi fyrir í héraði og standa í áðurnefndri grein í »Þjóðviljanum«, eru þessi: »Þetta hermir blaðið (ɔ: Vestri) rétt, þótt kynlegt megi þykja«. »Kunna þeir ekki að skammast sín? Eða halda þeir að nokkur telji þeim fremd í því að varpa fram jafnstrákslegum getsökum?« »Eg veit, að öll hnjóðsyrði og lygar þess blaðs í minn garð«.

Í hinni átöldu »Vestra« grein (Bréfinu frá Hornströndum) kveðst bréfritarinn hafa heyrt talað um og »líka lesið í Þjóðviljanum«, að Skúli og þeir Valtýingar væru að reyna að útvega landinu stjórnarbót, og hafi þeir (ɔ: Hornstrendingar) tekið þetta alveg eftir orðunum, að það væri endurbót, sem gerði þjóðina sælli og lyfti henni á hærra menningarstig, og svo kemur klausan, sem átalin er: »En við að bera kenningu þína (ɔ: Vestra) saman við kenningu Þjóðviljans sé eg, að þetta hefir alt verið fals og undirferli til að narra út atkvæði hjá almenningi« . . . Það verður nú ekki álitið, eins og áfrýjandinn vill halda fram, að með þessum orðum sé áfrýjanda sjálfum brugðið um fals og undirferli. Orðin eru höfð um það (þá kenning), er bréfritarinn hafi »líka lesið í Þjóðviljanum«, en það er ekki sagt, að áfrýjandinn sé höfundur þeirrar kenningar eða að hann hafi sýnt

sig í falsi og undirferli, þótt kenningin kæmi fram í blaði hans. Þar sem síðar segir, að *sumir* þessir kompánar hafi svo notað þingmensku sína o. s. frv., þá getur heldur ekki áfrýjandinn tekið þessi ummæli til sín; til þess eru orðin of óákveðin og óljós. — Það virðist aftur á móti verða að teljast saknæm móðgun fyrir áfrýjanda sem blaðstjóra, er sagt er, að hann hafi tekið »svona óþverra« í blað sitt, og ber að ómerkja þau orð og láta þau varða sekt samkvæmt 219. gr. hegningarlaganna, og þykir hún hæfilega ákveðin 20 krónur, en til vara komi 5 daga einfalt fangelsi.

Að því er snertir ummæli þau í þjóðviljanum, er stefndi hefir átalið sem ærumeiðandi fyrir sig, þá eru þau og grein sú, er þau standa í, svar upp á grein í blaði stefnda »Vestra«, þar sem það er berlega gefið í skyn, að áfrýjandi muni eingöngu í hagnaðarskyni fyrir sjálfan sig hafa flutt tillögu á alþingi um aðflutningsgjald af jarðeplum, og virðist þessi freklega meiðandi aðdróttun um áfrýjanda sem alþingismann, sem stefndi hefir ekki borið við að réttlæta að neinu leyti, verða að skoðast sem svo verulegt tilefni til hinna umstefndu ummæla, að, þó að þau að öðru leyti komi undir 219. gr. hegningarlaganna, þá eigi hegning fyrir þau að falla niður samkvæmt 221. gr. sömu laga. En hins vegar ber að fallast á það, að undirdómarinn hefir ómerkt ummæli þessi.

Um málskostnað á hinn áfrýjaði dómur að standa óraskaður, en í málskostnað fyrir yfir-

dómi þykir rétt að stefndi greiði áfrýjanda 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Orðin: »að hann skuli taka svona óþverra upp í blað sitt« í greininni »Bréf frá Hornströndum« í umgetnu tölublaði »Vestra« eiga dauð og ómerk að vera, og ber stefnda Kristjáni H. Jónssyni að greiða í sekt til landssjóðs 20 krónur, en sæti 5 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi öll greidd innan ákveðins tíma. Um ómerking á nokkrum ummælum í 51. tölublaði »Þjóðviljans« 1901 og um málskostnað á gestaréttardómurinn að vera óraskaður. Stefndi greiði áfrýjanda Skúla Thoroddsen í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 3/1903: Skúli Thoroddsen
gegn
Kristjáni H. Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði í héraði ritstjóri blaðsins »Þjóðviljinn« Skúli Thoroddsen gegn ábyrgðarmanni blaðsins »Vestri« Kristjáni H. Jónssyni út

af ummælum, er hann telur meiðandi og móðgandi fyrir sig í 2 greinum »Þjóðviljinn og þingmálafundur Ísfirðinga« og »Sér grefur gröf þó grafi« í 26. tölubl. I. árg. Vestra, er út kom 3. maí f. á. Höfðaði stefndi þá gagnsök gegn áfrýjanda fyrir meiðandi og móðgandi ummæli um sig og blað sitt Vestra í grein með fyrirsögninni »Ekki hirtir! Ekki hirtir!« í 14. og 15. tölubl. Þjóðviljans 1902, er út kom 5. apríl f. á., og í bréfkafla með yfirskrift: »Norður-Ísafjarðarsýslu, Álftafirði« í 3. tölubl. sama blaðs, sama árgangi, er út kom 21. jan. f. á. Málið var dæmt í gestaréttí Ísafjarðarkaupstaðar 14. júlí 1902 á þá leið, að báðir málsaðilar voru sýknaðir hvor af annars kröfum, og málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 10. jan. þ. á. og krafist þess, að stefndi verði látinn sæta ábyrgð laganna fyrir hin umstefndu orð, vottorð og bréfkafla og þau dæmd dauð og ómerk, og að hann verði dæmdur í málskostnað fyrir báðum dómum eftir réttarins mati. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að gestaréttardómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur í málskostnað fyrir báðum réttum.

Meiðyrði þau í fyrnefndum greinum í Vestra, er áfrýjandi hefir átalið, eru þessi: Í fyrri greininni: »Þessi skýrsla »Þjóðviljans« er skrifuð með vanalegri sannleiksást« »almenningur út um land er farinn að þekkja svo vel sannleiksást Þjóðv.,

að menn fara nærri um, hvað satt er í þeim fréttum, er hann flytur héðan úr sýslu«. »En það er þó eitt atriði í skýrslu þessari, sem þó líklega af vangá hefir orðið rétt«, »er vonandi að »Þjóðv.« ratist þar einu sinni satt orð af munni«. Í hinni síðartöldu grein Vestra eru þessi ummæli átalin: »Skúli nær ekki upp í nef sitt út af þessum »ósæmilegu getsökum« og gefur það í skyn með vanalegum kurteisisorðum!« »Bréf þessi . . . gefa fulla ástæðu til þess að ætla að Sk. Th. hafi einmitt haft þessi ummæli«, en þessi klausa á við bréf og vottorð, sem birt eru í greininni, og þar sem nafngreindir menn votta, að Skúli Thoroddsen hafi haft lík ummæli og Vestri hafði haldið fram, en Skúli eigi viljað kannast við, um það, hvernig hann og flokkur hans myndu greiða atkvæði í stjórnarskrármálinu, en áfrýjandi álítur að sér sé með orðunum í greininni borin opinberlega ósannindi á brýn. Þá er það og átalið af áfrýjanda, er neðanmáls við greinina segir: »Vér treystumst því miður eigi til að gefa honum (ɔ: áfrýjanda) vottorð í þessa átt«, nefnil. að Ísfirðingar hafi ekki reynt hann að því óhreinlyndi, sem það væri, að láta uppi rangar yfirlýsingar um það, hvernig hann ætlaði að greiða atkvæði á þingi um stjórnarskrármálið.

Með því að stefndi hefir ekki gagnáfrýjað máli þessu af sinni hálfu og með því að meiðyrði þau, er hann hefir átalið í áðurnefndum »Þjóðvilja«greinum, ekki standa í því sambandi

við ummæli þau, er áfrýjandi kærir yfir, að komið geti til mála að jafna meiðyrðunum saman samkvæmt 221. gr. hegningarlaganna, þá er eigi þörf á að greina hér frá þeim ummælum, er stefndi átaldi fyrir gestaréttinum.

Þar sem í annari hinni tilvitnuðu Vestra-grein er talað um sannleiksást Þjóðviljans, og gefið í skyn, að þar sé ekki hirt um að skýra satt frá, þá er það ærumeiðandi aðdróttun til ritstjórans, áfrýjandans, og með því að hún er ekki réttlætt af stefnda, verður hann að sæta lagaábyrgð fyrir hana. Í hinni Vestra-greininni í neðanmálsathugasemdinni verður og að álítast vera saknæm ærumeiðandi aðdróttun að áfrýjanda um óhreinlyndi. En að öðru leyti virðast ummælin í greinum þessum ekki varða við lög, og sérstaklega skal það tekið fram, að það þarf ekki að vera aðdróttun um vísvitandi ósannsögli, þótt blaðið Vestri segist leggja meiri trúnað á vottorð annara nafngreindra manna en á orð áfrýjanda um ákveðið atriði.

Samkvæmt þessu verður að dæma stefnda til sektar fyrir framantalin meiðyrði, og þykir sektin hæfilega ákveðin samkvæmt 219. gr. alm. hegningarlaga 30 kr., er renni í landssjóð, og komi í stað hennar 7 daga einfalt fangelsi, ef hún eigi greiðist öll í tæka tíð; svo skulu og ummæli þau, er talin hafa verið saknæm, dæmd dauð og ómerk. Í málskostnað greiði stefndi áfrýjanda 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Kristján H. Jónsson greiði 30 króna sekt í landssjóð eða sæti 7 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi öll greidd á ákveðnum tíma. Framantalin meiðandi ummæli um áfrýjanda eiga að vera dauð og ómerk.

Stefndi greiði áfrýjanda Skúla Thoroddsen í málskostnað 30 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 4/1903: Skúli Thoroddsen
gegn
Kristjáni H. Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði í héraði ritstjóri blaðsins »Þjóðviljinn«, Skúli Thoroddsen, gegn stefnda Kristjáni H. Jónssyni ábyrgðarmanni blaðsins »Vestra» út af ummælum í grein með yfirskriftinni »Stefnufesta hr. Sk. Th.« í síðarnefndu blaði, I. árg. 18. tölubl., er út kom 8. marz f. á. og er greinin undirskrifuð með nafni stefnda, en áfrýjandi taldi ýms ummæli greinarinnar meiðandi og móðgandi fyrir sig. Í annan stað höfðaði stefndi gagnsök gegn áfrýjanda út af meiðandi og móðgandi ummælum um sig og blað sitt Vestra í 4.

—5. tölubl. »Þjóðviljans«, sem út kom 28. jan. f. á. í grein með fyrirsögninni »Blekkingar afturhaldsliða«, en áfrýjandi ber ábyrgð á grein þessari, sem er nafnlaus. Málið var dæmt í gestaréttí Ísafjarðarkaupstaðar 14. júlímán. f. á. þannig, að orðin »pólitískur vindhani« og »að trúa þeim manni, sem breytir eins oft um stefnu eins og hann skiftir um snýtuklút« í greininni »Stefnufesta hr. Sk. Th.« í fyrnefndu tölubl. Vestra og orðin í umgetnu tölubl. Þjóðviljans: »Blekkingar«, »sömu lygina er Vestri einnig látinn hlaupa með« og »hve málgagn þetta er afaróprúttið að því er til þess kemur að umhverfa sannleikanum gjörsamlega« voru dæmd dauð og marklaus; en að öðru leyti skyldu málsaðilar sýknir vera hvor af annars kærum í málinu og málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 10. jan. þ. á., og hefir hann krafist þess, að hann verði sýknaður af öllum kærum og kröfum stefnda, en að stefndi verði dæmdur í sekt fyrir umstefnd meiðyrði um áfrýjandann og meiðyrðin dæmd dauð og ómerk, og loks að stefndi verði dæmdur í málskostnað fyrir báðum réttum. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að gestaréttardómurinn verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað eftir mati réttarins.

Með því að stefndi hefir eigi af sinni hálfu gagnáfrýjað máli þessu, og þar sem greinar þær, sem kært er út af, eigi standa í því sambandi

hvor við aðra, að heimild sé til, eins og undirdómarinn hefir gert, að láta hegningu fyrir meiðyrði í þeim jafnast upp og falla niður, samkvæmt 221. gr. hegningarlaganna, þá kemur að eins til álita fyrir yfirdóminum annars vegar, hvort fleiri ummæli í umræddri Vestragrein eigi að dæmast saknæm en undirdómarinn hefir álitið, og hvort þau ummæli í greininni, er dæmd hafa verið ómerk af undirdómaranum sem meiðandi og móðgandi fyrir áfrýjandann, eigi einnig að baka stefnda hegningu, og hins vegar, hvort ómerking undirdómarans á nokkrum ummælum í umgetinni Þjóðviljagrein hafi verið á rökum bygð.

Í umræddri grein »Vestra« er leitast við að færa rök að því, að áfrýjandinn hafi breytt mjög oft um skoðanir eða stefnu í stjórnarskrármálinu, og er það eigi ærumeiðandi, en þar sem áfrýjandinn er kallaður fyrir stefnubreytingar sínar »pólitískur vindhani« og sagt að hann »breyti eins oft um stefnu og hann skifti um snýtuklút«, þá eru þau ummæli svo móðgandi og lítilsvirðandi fyrir áfrýjanda sem blaðamann og alþingismann, að þau virðast eiga að varða sektum fyrir stefnda. En einkum er það meiðandi fyrir áfrýjanda, þar sem því í greininni er haldið fram, að áfrýjandinn hafi, eins og þar er sagt, »gefið upp sjálfstjórnarkröfur landsins einungis til að svala persónulegri óvild sinni«. Þessi ummæli, sem eru alveg órökstudd — því að það er engin rökstuðning á þeim, þótt sýnt væri fram á, að áfrýjandi

hefði látið það ráða nokkru um stefnu sína í stjórnarskrármálinu, hver skipaður mundi ráðgjafi, er til kæmi — eru að vísu í greininni höfð eftir öðru tilgreindu blaði, en stefndi hefir tekið þau svo upp í greinina, að hann hefir gert þau að sínum eigin orðum og lýst sig samdóma þeim, og verður hann því að bera ábyrgð á þeim sem sinum eigin ummælum. Það er einnig ærumeiðandi fyrir áfrýjanda, þegar sagt er síðar í greininni, að »það voru mennirnir, en ekki málefnið, sem hafði áhrif á stefnu Sk. Th.«. Hins vegar er það ekki skerðing á æruréttindum áfrýjandans, þótt sagt sé í greininni, að hann hafi gert gys að stefnu í stjórnarbaráttunni, sem hann hafði áður verið fylgjandi.

Að því er snertir ummæli þau í fyrnefndri Þjóðviljagrein, sem átalin eru af stefnda og undirdómarinn hefir dæmt ómerk, þá verða þau að teljast meiðandi og móðgandi fyrir stefnda sem ábyrgðarmann Vestra, að því leyti sem því er dróttað að honum, að hann láti blað sitt flytja vísvitandi ósannar kenningar og fregnir, og ber því að dæma ummæli þessi dauð og ómerk; en eins og fyr er drepið á, verður eigi áfrýjanda gerð sekt fyrir þau, eins og málið liggur fyrir réttinum.

Framangreind meiðandi og móðgandi ummæli í blaðinu »Vestra« eiga að heimfærast undir 219. gr. alm. hegningarlaga, og þykir sekt sú, er stefnda ber að greiða fyrir þau, hæfilega ákveðin 60 krónur, en til vara komi 15 daga ein-

falt fangelsi. Ummælin ber og að dæma dauð og ómerk. Um málskostnað í héraði á gestaréttardómurinn að vera óraskaður, en í málskostnað fyrir yfirdómi ber stefnda að greiða áfrýjanda 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Kristján H. Jónsson greiði í sekt til landssjóðs 60 krónur, en sæti ella einföldu fangelsi í 15 daga, ef sektin er eigi öll greidd innan ákveðins tíma. Framangreind meiðandi eða móðgandi ummæli í greindum tölublöðum »Vestra« og »Þjóðviljans« eiga dauð og ómerk að vera. Stefndi greiði áfrýjandanum Skúla Thoroddsen í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 24/1903: Skúli Thoroddsen
gegn
Kristjáni H. Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði Skúli Thoroddsen fyrir gestarétti Ísafjarðarkaupstaðar gegn ritstjóra Kristjáni H. Jónssyni fyrir meiðyrði og móðgunaryrði í 2 ritgerðum í blaðinu »Vestri«. Var það dæmt

í gestarétti Isafjarðarkaupstaðar 30. okt. f. á. þannig, að hinn stefndi, Kristján H. Jónsson, var dæmdur sýkn af kærum og kröfum Skúla Thoroddsens og málskostnaður látinn falla niður. —

Þessum dómi hefir ritstjóri Skúli Thoroddsen áfrýjað til landsyfirréttarins með stefnu dagsettri 28. apríl þ. á. og krafist, *að* hin umstefndu ummæli um hann, sem hann hefir átalið fyrir undirrétti, verði dæmd dauð og marklaus, *að* stefndi verði látinn sæta hæfilegri sekt fyrir þau, og *að* hann verði dæmdur til þess að greiða allan málskostnað fyrir báðum réttum með einhverri upphæð nægilegri eftir mati yfirréttarins. — Á hinn bóginn hefir hinn stefndi, ritstjóri Kristján H. Jónsson, krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til þess, að greiða allan málskostnað eftir mati réttarins.

Orð þau og ummæli, sem áfrýjandi hefir átalið, eru í tveim greinum í »Vestra«; önnur greinin er í 40. tölubl. með fyrirsögn »Blaðaflutningur af Vesturlandi«, og hin í 41. tölubl. sama blaðs með fyrirsögn: »Frá alþingi«. Í fyrri greininni eru hin átöldu ummæli þessi: »og »Þjóðv.«, sem hafði lifað hér á kaupfélagsmolum og hryggjarliðum nokkur ár, þótti hér heldur ekki lengur vært,« og í síðari greininni þau ummæli um áfrýjanda: »Skúli var ekki á fundi og var sagður »lasinn« (hann kvað ekki hafa verið með hýrri há í sumar). Hann hefir máske ekki verið búinn að átta sig á, hvernig hann ætti nú að snúa sér í mál-

inu«. Stefndi er útgefandi og ábyrgðarmaður blaðsins »Vestri« og ber hann því ábyrgð á hinum átöldu ummælum, ef þau þykja saknæm.

Hin nefndu ummæli um blaðið »Þjóðviljinn«, sem áfrýjandi gefur út, eru ekki þess eðlis, að þau geti verið æru áfrýjanda til hnekkis, þar sem þau að eins fela í sér, að blaðið hafi átt erfitt uppdráttar eða selst illa, og að því er snertir ummælin um áfrýjanda í síðari greininni, þá felst engin ærumeiðing í þeim, né nein saknæm móðgun. — Það verður því að fallast á, að undirdómarinn hefir sýknað stefnda, og ber því að öllu leyti að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Samkvæmt þessum úrslitum málsins ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er þykir hæfilega metinn 15 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða gestaréttardómi skal óraskað.

Áfrýjandi Skúli Thoroddsen greiði stefnda sem málskostnað fyrir yfirdómi 15 kr.

Íðæmdur málskostnaður greiðist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 29/1903: Einar Benediktsson
gegn
Tryggva Gunnarssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði Tryggvi bankastjóri Gunnarsson gegn settum yfirréttarmálaflutningsmanni Einari Benediktssyni fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, út af meiðyrðum; var það dæmt 13. nóvbr. f. á. með þeim úrslitum, að Einar Benediktsson skyldi sýkn af kröfum stefnanda, en hann ynni eið að því eftir löglegan undirbúning á sínu varnarþingi, að hann hefði ekki viðhaft um Tryggva Gunnarsson hin átöldu meiðyrði, sem sé, að hann væri »den største Idiot i Reykjavík og den störte Kjeltring i hele Landet«. En ynni hann eigi eiðinn, skyldi hann greiða 100 kr. sekt í landssjóð, eða sæta 20 daga einföldu fangelsi, ef hann greiddi ekki sektina í tækan tíma, svo og greiða Tryggva 15 krónur í málskostnað.

Dómi þessum hefir Einar Benediktsson áfrýjað til landsyfirréttarins með stefnu 19. dag maímán. þ. á. og krafist, að stefndi taki aftur kröfur sínar í þessu máli af ástæðum þeim, sem hann hefir tilgreint í sóknarskjali sínu, og viðurkenni þá skýrslu sína um málið rétta, og í öllu falli krefst hann, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að hann verði alsýknaður af kærum og kröfum stefnda og sektarákvæði undirdómsins, en jafnframt, ef mótparturinn vill ekki taka aftur kröfu sína og kannast við skýrslu hans, að stefndi

þá verði dæmdur til þess að greiða allan málskostnað eftir mati yfirdómsins; ella óskar áfrýjandi að málskostnaður verði látinn falla niður. Stefndi hefir ekki mætt eða látið mæta fyrir yfirdómi, ber því að dæma málið eftir skjölum þeim og skilríkjum, sem fram eru lögð. —

Áfrýjandi hefir eindregið neitað því, að hann hafi við haft hin átöldu meiðyrði um stefnda. Eitt vitni hefir samt borið og unnið eið að þeim framburði, að áfrýjandi hafi á veitingahúsi einu hér í bænum viðhaft hin átöldu ummæli um stefnda; að vísu er það þannig ekki fullsannað, að svo hafi verið, en með þessum eiðfesta vitnisburði eru fengnar nægar líkur til þess, að skylda verður áfrýjanda til þess að synja með eiði sínum fyrir, að hann hafi viðhaft ofannefnd ummæli um stefnda, og gjöri hann það ekki, hlýtur hann að verða fyrir sekt, sem eigi er ofhátt ákveðin í undirdóminum, er eigi hefir verið gagnáfrýjað, samkvæmt 219. gr. alm. hegningarlaga, 100 kr. til landssjóðs eða til vara 20 daga einfalt fangelsi. — Með því að stefndi hefir ekki mætt eða mæta látið fyrir yfirdómi, fellur málskostnaður fyrir yfirdómi niður. — Samkvæmt framansögðu og með því að yfirdómurinn felst einnig á málskostnaðarákvæði undirdómarans, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Því dæmist rétt vera:

Undirréttardómurinn skal vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 37/1903: Hið opinbera
gegn
Arnbjörgu Stefánsdóttur.

Dómur:

Hinn 26. nóv. 1901 andaðist maður hinnar kærðu, Sigurður hreppstjóri Einarsson á Hánefsstöðum í Vestdalseyrarsókn í Dvergasteinsprestakalli, og hafði hann nokkru áður lýst yfir því fyrir presti sínum, að hann væri utanþjóðkirkjumaður, og skrifaði sig úntaratrúar við manntalið 1. nóv. s. á. Ekkja hans, hin kærða, skrifaði sóknarprestinum þegar eftir lát manns síns, og með því að hún kvaðst vera sömu trúar og maður hennar sál. og yrði því að láta jarða hann án þess að nota þjóðkirkjuprest við jarðarförina, þá spurðist hún fyrir um það, hvort presturinn vildi eigi samt leyfa að hann yrði jarðaður í kirkjugarði sóknarinnar. Presturinn svaraði á þá leið, að hann gæti ekki leyft neinn af þeim grafreitum, er hann hefði yfir að ráða, nema ekkjan undirgengist að láta brúka venjulega greftrunarsiði, þ. e. moldu væri kastað á líkið og sálmasöngur viðhafður. Lét þá kærða jarða mann sinn 6. des. s. á. í mel fyrir ofan íbúðarhús sitt í Hánefsstaðalandi í óvígðri moldu og án þess að prestur væri þar viðstaddur. Út af þessu skipaði landshöfðing-

inn málssókn þessa á hendur kærðu og var málið dæmt í lögreglurétti Norður-Múlasýslu 17. apríl þ. á. með þeim úrslitum, að kærða var sýknuð af kærum og kröfum hins opinbera í málinu, og málskostnaður lagður á almannafé. En dómi þessum hefir hlutaðeigandi amtmaður af hálfu hins opinbera skotið til yfirdómsins.

Kærða hefir fært sér það til afsökunar, að hún hafi þá fyrst látið grafa mann sinn í óvígðri mold, er sóknarpresturinn hafði neitað henni um leg fyrir hann í kirkjugarði, nema þjóðkirkjuprestur jarðsyngi líkið þar, en það skilyrði hefði hún eigi getað undirgengist, bæði vegna trúarskoðana sinna og manns síns sál., og vegna þess að hann hefði beðið hana þess síðast í banalegu hans og hún lofað honum því, að láta eigi fylgja siðum þjóðkirkjunnar við greftrun hans.

Eftir íslenzkum lögum sbr. sérstaklega Kristinn rétt Árna biskups, á að grafa öll lík í kirkjugarði eða í grafreitum, er utanþjóðkirkjumenn hafa upptekið samkvæmt lögum, sjá lög um utanþjóðkirkjumenn 19. febr. 1886, 15. gr., sbr. og kirkjuritual 25. júlí 1685, 9. kap., og þar sem þessu var eigi fylgt um lík það, er hér er um að ræða, þá hefir það eigi fengið löglegan gröft, þar sem það var jarðað utan löggildra grafreita. Það gerir enga breytingu í þessu tilliti, þó að kærða af ástæðum þeim, sem fyrgreindar eru, þættist ekki geta gengið að skilyrðum þeim fyrir greftruninni í kirkjugarði, er sóknarpresturinn samkv. reglum þeim, er honum eru settar um notkun þjóðkirkju

kirkjugarða, setti fyrir greftruninni þar. En hinsvegar er ekki í lögum nein heimild til að leggja refsingu á kærðu, eins og ætlast er til með málssókn þessari, fyrir aðferð hennar, og það því síður, sem öll nauðsynleg varúð virðist hafa verið viðhöfð að því er valið á grafreitarstæðinu snertir og greftrunin virðist í alla staði hafa farið sómasamlega fram. Það verður því að dæma kærðu sýkna af kæru hins opinbera í máli þessu, eins og undirdómarinn hefir gert, og með því að yfirdóminn einnig felst á málskostnaðarákvæði lögregluréttardómsins, ber að staðfesta hann að öllu leyti. Allan áfrýjunarkostnað málsins ber að greiða af almannafé, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 10 krónur til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn á að vera óraskaður. Allan áfrýjunarkostnað málsins ber að greiða af almannafé, þar með talin málsfærslulaun skipaðs sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Mánudaginn 12. októbermánaðar.

Nr. 22/1903: Guðrún Bjarnardóttir
gegn
yfirstjórn holdsveikraspítalans í Laugarnesi, J. Havsteen amtmanni, J. Jónassen landlækni og Guðm. Björnssyni héraðslækni.

Dómur:

Áfrýjandinn, fyrverandi ráðskona við holdsveikraspítalann í Laugarnesi, ekkjufrú Guðrún Bjarnardóttir, höfðaði mál þetta í héraði gegn hinni stefndu yfirstjórn nefnds spítala til skaðabóta fyrir það, að yfirstjórnin hefði ranglega vikið henni frá ráðskonusýslaninni við nefndan spítala, og var málið, sem hinni stefndu yfirstjórn var veitt gjafvörn í, dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 15. jan. þ. á. á þá leið, að yfirstjórnin var sýknuð af kærum og kröfum áfrýjandans og málskostnaður látinn falla niður, en málsfærslulaun hins skipaða talsmanns yfirstjórnarinnar, cand. jur. Jóns Þorkelssonar, 20 krónur, skyldu greiðast úr landssjóði.

Dómi þessum hefir frú Guðrún Bjarnardóttir skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 28. apríl þ. á. og hefir hún fengið til þess gjafsókn og skipaðan málaflutningsmann, og er þess krafist af hennar hálfu, að dóminum verði breytt þannig, að hin stefnda yfirstjórn holdsveikraspítalans verði dæmd til að greiða áfrýjanda umsamin laun 25 krónur á

mánuði í 6 mánuði frá 1. sept. f. á. að telja, og láta áfrýjanda í té fyrir sama tíma fæði og húsnæði, eins og áfrýjandi hafði á spítalanum, eða í þess stað 40 krónur á mánuði, og loks að yfirstjórnin greiði áfrýjanda málskostnað fyrir yfir- og undirrétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin hæfileg málflutningslaun til hins skipaða málflutningsmanns. Hin stefnda yfirstjórn hefir fengið gjafvörn og skipaðan málsfærslumann, og hefir þess verið krafist af hennar hálfu, að dómurinn verði staðfestur og að málsfærslumanni hennar verði dæmd málsfærslulaun fyrir yfirdómi.

Þar sem hinir stefndu hafa krafist þess, að jústitiarius L. E. Sveinbjörnsson viki úr dómarasæti í máli þessu, af þeirri ástæðu, að sonur hans hafi flutt málið af hálfu áfrýjanda fyrir bæjarþingsréttinum, þá verður eigi álitið, að afskifti nefnds málsfærslumanns af málinu í héraði geti leitt til þessa, og verður krafan því eigi tekin til greina.

Áfrýjandinn, ekkjufrú Guðrún Bjarnardóttir, var skipuð ráðskona við holdsveikraspítalann 4. marz f. á., en með bréfi yfirstjórnar spítalans, dags. 28. ágúst f. á. var henni vikið frá sýslaninni, og skyldi hún vera farin af spítalanum 1. sept. næst á eftir í síðasta lagi. Áfrýjandinn heldur því nú fram, að yfirstjórnin hafi eigi getað eða haft heimild til að víkja sér frá stöðunni fyrirvaralaust, en sér hafi samkvæmt erindisbréfi

handa ráðskonu holdsveikraspítalans, útgefnu 10. sept. 1898, borið 6 mánaða uppsagnarfrestur, og krefst hún því kaups, fæðis og húsnæðis eins og fyr greinir fyrir 6 mánuði hjá hinni stefndu yfirstjórn. Í nefndu erindisbréfi er einnig að vísu að eins kveðið svo á, að spítalastjórnin geti vikið ráðskonunni frá með 6 mánaða fyrirvara og ráðskonan geti og sagt af sér starfinu með sama fyrirvara, en þetta ákvæði verður ekki skilið svo, að með því sé loku skotið fyrir það, sem ekki þurfti berum orðum að nefna í erindisbréfinu, að spítalastjórnin gæti vikið ráðskonunni frá starfinu og það fyrirvaralaust, ef þörf er á, ef ráðskonan með hegðun sinni og skyldubrotum gjörði það nauðsynlegt spítalans vegna, að hún væri látin fara frá án nefnds 6 mánaða fyrirvara, og því er einmitt haldið fram af stefndu, að spítalastjórnin hafi haft fulla ástæðu og jafnvel verið neydd til að víkja áfrýjandanum frá stöðunni þegar í stað vegna hegðunar hennar, og hefir yfirstjórnin því neitað að gegna tilkalli áfrýjanda til skaðabóta þeirra, er krafist er af hennar hálfu í máli þessu.

Hinir stefndu hafa haldið því fram sem ástæðu til burtvísunar áfrýjanda af spítalanum, að hún hafi eigi verið vaxin stöðu sinni þar, með því hún hafi verið óþrifin, þrasgjörn, hávaðasöm og eigi kunnað sem skyldi til matreiðslu, og einkum, að hún hafi sýnt ítrekaða óhlýðni yfirboðurum sínum, og vakið ófrið á spítalanum og æst sjúklingana, svo að þeir skrifuðu yfirstjórninni hótunarbréf.

Viðvíkjandi óþrifnaði áfrýjanda, þrasgirni, hávaðasemi og vankunnáttu í matreiðslu er það eigi sannað, að svo mikil brögð hafi verið að þeim annmörkum, að ástæða hafi verið til þess að víkja áfrýjanda fyrir þær sakir einar sér frá stöðu hennar fyrirvaralaust, enda virðist yfirstjórnin heldur eigi hafa litið svo á, að þess gjörðist þörf, eða ætlað að gjöra það. Aðalástæðuna til þess, að áfrýjanda var vikið frá, telja stefndu aftur á móti óhlýðni áfrýjanda við yfirboðara sína, og ófrið þann og æsing, er hún vakti á spítalanum. Læknir spítalans, sem jafnframt er yfirumsjónarmaður þar, varð tvívegis að kæra áfrýjanda fyrir yfirstjórninni í ágústmánuði f. á. fyrir að hún neitaði að fara eftir fyrirskipunum hans, og áminti yfirstjórnin þá áfrýjanda um, að hún ætti að hlýðnast skipunum læknisins og hótaði henni uppsögn á stöðu hennar, ef hún ekki bætti ráð sitt í því efni. Bréf yfirstjórnarinnar út af síðari kæru læknisins virðist reyndar ekki hafa verið birt áfrýjanda, með því að áfrýjandi bað lækninn afsökunar á óhlýðni sinni, en daginn eftir að málið virtist þannig vera jafnað, skrifaði hún sjúklingum spítalans bréf, þar sem hún kvartaði yfir því, að hún gæti ekki haldist við á spítalanum fyrir ófriði, og sama dag, 19. ágúst, skrifuðu flestir eða allir (57) sjúklingar spítalans bréf til yfirstjórnarinnar, þar sem þeir tjá óánægju sína yfir því, að áfrýjandi, eftir því, sem hún hafi skrifað þeim, verði að fara af spítalanum vegna »ófriðar einstakra manna af heilbrigðu fólki spítalans«, og

heimta af yfirstjórninni tafarlausa rannsókn á málinu, en hóta ella að tilkynna alþingi umkvartanir sínar og alla málavöxtu, og endar bréfið á því, að sjúklingarnir segjast ekki ábyrgjast afleiðingarnar, ef þessari málaleitan verði enginn gaumur gefinn. Við eftirgrenslun, sem gjörð var á spítalanum út af bréfi þessu, eftir tilefni frá yfirstjórninni, kom það í ljós, sem bréfið reyndar bar ljósan vott um, að æsingur mikill og ólag var komið á sjúklingana á spítalanum, sem búast mátti við að ykist dag frá degi, ef ekkert væri aðgjört, og þar sem öll atvik bentu til þess, að yfirstjórnarinnar áliti, að þetta ástand væri áfrýjanda að kenna, þóttist hún neydd til að víkja áfrýjanda tafarlaust burtu, til þess að friður kæmist á í spítalanum.

Áfrýjandinn hefir að vísu haldið því fram, að hún hafi ekkert gert til þess að æsa upp sjúklingana eða fá þá til að skrifa umgetið hótunarbréf til yfirstjórnarinnar; en í málinu er fengin fullnæg sönnun fyrir því gagnstæða með fyrgreindu bréfi hennar til sjúklinganna, því að tilgangur þess gat ekki verið annar en sá, að leita liðsinnis hjá sjúklingunum í deilu hennar við yfirboðara sína, sérstaklega yfirumsjónarmanninn (lækninn), og fá þá til að skifta sér af því máli, enda sýnir einnig hótunarbréfið ljóslega, að sjúklingarnir hafa einmitt skilið bréfið á þessa leið. Vegna þessarar hlutdeildar áfrýjanda í uppþoti því og æsingu, sem á var komin á spítalanum, hlaut það að teljast eðlileg og nauðsynleg ráðstöf-

un af yfirstjórninni, er hún veik áfrýjanda viðstöðulaust frá spítalanum, og þar sem áfrýjandi hafði gefið fult tilefni til þeirrar ráðstöfunar, gat hún ekki átt tilkall til neinna skaðabóta fyrir hana. Það verður því að sýkna hina stefndu yfirstjórn af kærum og kröfum áfrýjanda, og með því að yfirdómurinn einnig felst á málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins, ber að staðfesta hann að öllu leyti. Í málsfærslulaun fyrir yfirdómi ber áfrýjanda að greiða hinum skipaða málsfærslumanni hinnar stefndu yfirstjórnar 20 krónur, en að öðru leyti á málskostnaður fyrir yfirdómi að falla niður. Hinum skipaða málsfærslumanni áfrýjanda verða eftir úrslitum málsins eigi dæmd nein málsfærslulaun.

Það vottast, að málsfærsla hinna skipuðu málsfærslumanna hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Áfrýjandinn ekkjufrú Guðrún Bjarnardóttir greiði hinum skipaða málsfærslumanni hinnar stefndu yfirstjórnar, yfirréttarmálaflutningsmanni Einari Benediktssyni, málfærslulaun fyrir yfirdómi með 20 krónum. Að öðru leyti fellur málskostnaður fyrir yfirdómi niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna

frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 23/1903: Skúli Thoroddsen
gegn
Kristjáni H. Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði ritstjóri Skúli Thoroddsen fyrir gestarétti Ísafjarðarkaupstaðar gegn ritstjóra og ábyrgðarmanni blaðsins »Vestri« Kristjáni H. Jónssyni, út af meiðyrðum, er hann þóttist hafa orðið fyrir í nefndu blaði. Var það dæmt í héraði 30. okt. f. á., þannig, að orðin í átaldri grein blaðsins: »Skúli telst til ferfætlinganna«, skyldu vera dauð og marklaus, en Kristján H. Jónsson að öðru leyti vera sýkn af kærum og kröfum sækjanda Skúla Thoroddsens; málskostnaður skyldi falla niður.

Þessum dómi hefir ritstjóri Skúli Thoroddsen áfrýjað til landsyfirréttarins með stefnu 28. apríl þ. á. og krafist, að öll hin meiðandi og móðgandi ummæli, sem átalin eru í þessu máli af sækjanda í undirrétti, verði dæmd dauð og marklaus, *að* stefndi verði látinn sæta þyngstu sekt fyrir þau, og *að* hann verði dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Hins vegar hefir hinn stefndi ritstjóri Kristján H. Jónsson krafist, *að* hinn áfrýjaði dómur verði að öllu leyti staðfestur, og *að* áfrýjandi

verði dæmdur í málskostnað fyrir yfir- og undirrétti með einhverju eftir réttarins mati nægilegu.

Í 12. nr. »Vestra«, sem kom út á Ísafirði 25. jan. f. á., er grein með fyrirsögninni: »Feigðarflanið« og önnur grein er í sama blaða með fyrirsögninni: »Hver er gleiðastur«, sem áfrýjandi Skúli Thoroddsen álítur meiðandi og móðgandi fyrir sig bæði í heild sinni og sérstaklega þessi orð í fyrri greininni: »Eins og snöggskorinn kálfur« til enda orðanna: »klunnaði strjúpanum«, »Leynistjórn Valtýsku klikkunnar«, »höfuðpaurarnir hérlendu, sem segjast hafa verið kosnir . . . . (réttara settir af Hafnardoktorunum)«, »þurfti að finna upp eitthvert ráð til þess að eyðileggja og koma í veg fyrir það, að nokkuð annað betra gæti fengist . . . . hvað svo sem landinu liði og þess þörfum«, »mætti yðar excellence þóknast« til enda orðanna: »heilan skaða en hálfan«; »hún er vön við«, »sveipa sig í húð af föllnu ljóni. Nú trúir þeim enginn. Eyrun sjást og yfirdrep og óhreinskilni gægist út um götin á ljónshúðinni. Tvískinnungurinn kemur upp um þá«; en í síðari greininni þessi orð: »Hann er þó alt af á sama bandi og Valtýr í pólitíkinni«, til enda orðanna: »þá hlýtur hann að vera ferfættur«.

Hin fyrri grein er í heild sinni pólitísk deilugrein og er stíluð gegn hinum svonefnda valtýska stjórnarflokki, en beinist ekki að áfrýjanda persónulega, eða gjörir athafnir hans eða framkomu sérstaklega að umtalsefni. Hún virðist því ekki vera þess eðlis, að áfrýjandi geti gefið stefnda

sök á henni. Hin síðari grein er kýmnisgrein og er þar sagt um áfrýjanda, »að hann sé alt af á sama bandi og Valtýr í pólitíkinni«. Þessi orð eru að áliti réttarins hvorki meiðandi né móðgandi fyrir áfrýjanda, og þar sem í greininni stendur um hann, að hann hljóti þá að vera »ferfættur«, þá á þetta að eins að vera fyndni, sem ekki getur álitist móðgandi fyrir áfrýjanda, þar sem það að eins á að tákna fjóra verustaði hans, Bessastaði, Reykjavík, Kaupmannahöfn og Ísafjörð.

Samkvæmt framansögðu verður því að sýkna stefnda af kærum og kröfum áfrýjanda, og með því yfirdómurinn felst einnig á málskostnaðarákvæði gestaréttardómsins, ber að staðfesta hann að öllu leyti.

Samkvæmt þessum úrslitum málsins ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er skal ákveðinn 15 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaði dómi skal óraskað.

Áfrýjandi Skúli Thoroddsen greiði stefnda Kristjáni H. Jónssyni 15 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Hið ídæmda greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 25/1903: Skúli Thoroddsen
gegn
Kristjáni H. Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta er í héraði höfðað af ritstjóra Skúla Thoroddsen gegn stefnda, Kristjáni H. Jónssyni ábyrgðarmanni blaðsins »Vestra«, fyrir meiðyrði í grein í blaði þessu, 37. tölubl. 1902, er út kom 19. júlí f. á., en fyrirsögn greinarinnar er: »Fégjafir og atkvæðakaup«. Var málið dæmt í gestaréttí Ísafjarðarkaupstaðar 30. okt. f. á. á þá leið, að orðin »fiskaði í gruggugu vatni« voru dæmd dauð og ómerk og stefndi dæmdur í sekt fyrir þau til landssjóðs samkvæmt 219. gr. alm. hegningarlaga 15 krónur, en skyldi sæta 5 daga einföldu fangelsi, ef sektin yrði ekki öll greidd innan ákveðins tíma. Málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 28. apríl þ. á., og hefir hann krafist þess, að öll þau ummæli, sem hann hefði átalið fyrir undirrétti, verði dæmd dauð og ómerk, að sektarákvæði dómsins verði hækkað, og að stefndi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað.

Í fyrgreindri blaðgrein, sem hefir að fyrirsögn: »Fégjafir og atkvæðakaup«, og sem áfrýj-

andinn telur meiðandi fyrir sig, er fyrst skýrt frá því, að kæra hafi komið fram í Sléttuhreppi, þar sem sagt sé að einn af kjósendum Skúla og síra Sigurðar hafi við umtal um alþingiskosningarnar síðustu borið »ýmislegt miður lögmætt og sæmandi frá aðförum hr. Skúla alþingismanns Thoroddsens, sem hann hafi viðhaft til að afla sér atkvæða«, þar á meðal, að þessi kjósandi ásamt ýmsum fleiri, sem nafngreindir eru í kærunni »hafi fengið fégjafir frá hr. Sk. Thoroddsen til að greiða honum atkvæði sín«. Eftir að þar eftir er í greininni skýrt frá því, hvað komið hafi fram við rannsókn, er sýslumaður hafði haldið út af kærunni, segir í greininni: »Það sem þegar hefir komið í ljós, virðist sýna það fullljóst, að Skúli hafi fiskað í grugguðu vatni við kosningarnar, og er ekki ósennilegt, að víðar í sýslunni hafi sömu meðölum verið beitt við kosningar og í Sléttuhreppi« . . . . »Það er vonandi að amtið láti ekki hjálíða að gjöra duglega gangskör að því, að mál þetta verði rannsakað rækilega og það ekki einungis í þessum eina hreppi, heldur um alla sýsluna; því það er sannarlega að misbjóða sóma þjóðarinnar, fótumtroða rétt hennar og að slá fjötrum á frelsi hennar, ef óhlutvöndum mönnum er látið haldast það uppi óstraffað, að kaupa sig inn á þingið með peningum og öðrum fégjöfum. Það væri lítils góðs að vænta af löggjafarþingi þjóðarinnar, ef það væri skipað mörgum slíkum kumpánum«. Loks er síðast í greininni tekið fram, hve nauðsynlegt væri að uppræta mútu-

brúkun við kosningar áður en þær yrðu að þjóðlesti, eins og búast mætti við, ef ekkert væri aðgert, þótt augljóst virtist að slíkt (ɔ: mútur) hefði átt sér stað«.

Það verður nú ekki talið saknæmt, þótt skýrt hafi verið frá því í umstefndri grein, að kæra hafi komið fram opinberlega gegn áfrýjanda, eða frá innihaldi kærunnar, ef það er ekki rangfært, en áfrýjandi hefir ekki haldið því fram, að svo væri gjört. Sömuleiðis var það ósaknæmt að skýra frá rannsókn málsins, er út af kærunni spanst, og því, sem þar kom fram, ef rétt var með það farið, og áfrýjandi hefir ekki sýnt fram á það, að skýrsla greinarinnar í þessu efni sé í neinu atriði röng. Öðru máli er að gegna um síðari hluta greinarinnar, klausur þær, er tilfærðar eru hér að framan, en þar lætur greinarhöfundurinn ótvíræðlega í ljósi það álit sitt, að ekki þurfi nema rækilegri rannsóknar í málinu til þess, að áfrýjandinn verði straffaður fyrir atkvæðakaup, enda einnig gefið í skyn, að hann sé óhlutvandur maður. Með því að þessi aðdróttun að áfrýjandanum er ekki réttlætt með því, sem skýrt er frá framar í greininni um, hvað upplýst hafi orðið við rannsókn málsins eða á annan hátt, en það er þvert á móti upplýst, að rannsókn sú, er hafin var út af fyrrgreindri kæru, var látin falla niður án málshöfðunar gegn áfrýjanda, þá verður stefndi að sæta sekt samkvæmt lögum fyrir ærumeiðing þá, er í aðdróttun þessari felst, eins og einnig ber að ómerkja þá klausu greinarinnar, sem

byrjar með orðunum: »ef óhlutvöndum mönnum« og endar með »slíkum »kumpánum«. Svo stendur og óhaggað ákvæði undirdómsins um sekt fyrir orðin »fiskað í grugguðu vatni« og ómerking á þeim.

Sekt sú, er stefnda samkvæmt þessu ber að greiða, þykir hæfilega ákveðin samkvæmt 219. grein alm. hegningarlaga 50 krónur, og komi í stað sektarinnar, ef hún er eigi öll greidd á ákveðnum tíma, 12 daga einfalt fangelsi. Stefnda ber samkvæmt þessum úrslitum málsins að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum réttum, er ákveðst 40 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Kristján H. Jónsson greiði í sekt til landssjóðs 50 krónur, og komi í stað sektarinnar, ef hún er eigi öll greidd innan ákveðins tíma, 12 daga einfalt fangelsi. Framantalin meiðandi ummæli eiga að vera dauð og ómerk. Stefndi greiði áfrýjandanum Skúla Thoroddsen í málskostnað 40 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn hinn 19. októbermánaðar.

Nr. 35/1903: Hannes ritstjóri Þorsteinsson
gegn
Kristjáni yfirdómara Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði Kristján yfirdómari Jónsson fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn ábyrgðarmanni blaðsins »Þjóðólfs«, Hannesi Þorsteinssyni, út af meiðyrðum í grein með fyrsögninni: »Pólitiskir títuprjónar« í 6. tölubl. 55. árg. blaðsins, er út kom 6. febr. þ. á. Var málið dæmt á bæjarþinginu 18. júní þ. á., með þeim úrslitum, að áfrýjandinn var, með tilvísun til 219. gr. hinna almennu hegningarlaga, dæmdur í 100 kr. sekt til landssjóðs, eða til vara 20 daga einfalt fangelsi; svo voru og hin meiðandi ummæli í téðri grein dæmd dauð og ómerk, og áfrýjandinn dæmdur til að greiða 20 kr. í málskostnað. — Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 10. júlí þ. á., og krafist þess, að hann verði sýknaður af öllum kærum og kröfum stefnda, og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum. — Hinn stefndi hefir gagnáfrýjað málinu, með stefnu útgefinni 7. sept. þ. á., og gjört þær réttarkröfur, að hinn gagnáfrýjaði dómur verði þyngdur að því er snertir sektarákvæði hans, að hin átöldu ummæli verði dæmd dauð og ómerk, og að gagnstefndi verði dæmdur til þess að greiða málskostnað eftir mati réttarins.

Hin umstefna grein í »Þjóðólfi« gjörir að umtalsefni úrskurð, er yfirrétturinn feldi 2. febr. þ. á. í svokölluðu »verðlagsskrármáli« úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu; hafði yfirrétturinn skömmu áður kveðið upp úrskurð í máli þessu og heimtað nýjar skýrslur af héraðsdómaranum, en tók málið upp aftur eftir beiðni málfærslumannanna vegna nýrra vottorða, sem þeir lögðu fram og sum höfðu verið birt í blaðinu »Ísafold«; var það efni þessa hins síðari úrskurðar, 2. febr., að dómari skuli settur til að rannsaka málið, þar á meðal afskifti héraðsdómarans, Lárusar Bjarnasonar, af því, og því jafnframt skotið til valdsstjórnarinnar, að fela rannsóknina öðrum en nefndum héraðsdómara. — Gagnáfrýjandi hefir talið hina umræddu grein í »Þjóðólfi« ærumeiðandi fyrir sig, og sérstaklega átalið fyrirsögn greinarinnar, og þessi orð í greininni sjálfri: »Alleinkennilegur úrskurður«, »hleypur yfirrétturinn upp til handa og fóta«, »en meðdómararnir báðir á einu bandi auðvitað, því að vottorðin stóðu í biblíunni þeirra«, »en eitthvað kynlega lítur þetta snögga viðbragð réttarins út«, »Sjálfsagt væri þeim Kr. Jónssyni og J. Jenssyni harla óljúft, ef Lárus sýslumaður, vinur þeirra, yrði fyrir einhverju skakkafalli við þessa rannsókn, en sem betur fer geta þeir eflaust huggað sig við, að svo verður ekki, og að Lárus stendur jafnréttur eftir sem áður þrátt fyrir allar tilraunir »Ísafoldar« og fylgifiska hennar til að sverta hann«, »að láta það eftir yfirréttinum, að skipa mann til að rannsaka þetta«.

Undirdómarinn hefir álitið, að orðin: »að láta það eftir yfirréttinum o. s. frv.« eigi geti komið til greina sem saknæm, og getur yfirrétturinn verið því samþykkur. -- Að því er snertir hin önnur átöldu ummæli og fyrirsögn greinarinnar, hlýtur yfirrétturinn einnig að vera á sama máli og undirdómarinn, þar sem hann álítur að fyrirsögnin, í sambandi við hin ýmsu átöldu ummæli, feli í sér þá aðdróttun að gagnáfrýjanda, að hann hafi látið pólitískan andstæðingsskap og óvild hafa áhrif á eða jafnvel ráða dómsatkvæði sínu í úrskurðarmáli því, sem um er rætt, og virðist eigi vera hægt að taka tillit til þess, sem aðaláfrýjandi hefir haldið fram sér til varnar, sem er það, að tilgangur greinarinnar hafi eigi verið sá, að móðga dómendur yfirréttarins, að hún verði eigi talin meiðandi, og, sérstaklega að því er snertir fyrirsögnina: »Pólitískir títuprjónar«, að með henni sé átt við, að mál það, sem ræðir um í greininni, sé af vottorðsgefendunum fremur sótt af pólitískum ástæðum en sannleiksást. Þessi síðasttalda varnarástæða getur ekki komið til greina, því hin umstefnda blaðgrein ræðir frá upphafi til enda um úrskurð yfirréttarins, og á fyrirsögnin augljóslega við hann. — Ofannefnda aðdróttun verður að telja ærumeiðandi fyrir gagnáfrýjanda, og með því að aðaláfrýjandi hefir eigi sýnt fram á, að hún væri á rökum bygð, þá verður að fallast á það, að undirdómarinn hefir dæmt hin meiðandi ummæli dauð og ómerk, og látið aðaláfrýjanda sæta hegn-

ingu fyrir þau samkvæmt 219. gr. hinna almennu hegningarlaga, þó þannig, að hegningin skal ákveðin 50 kr. sekt til landssjóðs eða til vara 15 daga einfalt fangelsi. Málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins samþykkjast og ber aðaláfrýjanda einnig að greiða gagnáfrýjanda 20 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á að vera óraskaður, þó þannig, að hin ídæmda hegning skal ákveðin 50 kr. sekt til landssjóðs eða 15 daga einfalt fangelsi, ef sektin eigi er greidd í tækan tíma. Aðaláfrýjandi, Hannes ritstjóri Þorsteinsson, greiði gagnáfrýjanda, Kristjáni yfirdómara Jónssyni, 20 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 26. októbermán.

Nr. 15/1903: P. Stangeland
gegn
Birni Stefánssyni.

Dómur:

Mál þetta var í héraði höfðað af Birni Stefánssyni, bónda í Dölum, gegn kaupmanni P.

Stangeland á Búðum í Fáskrúðsfirði, til innheimtu á verzlunarinneign að upphæð 73 kr. 55 a., og var því ráðið til lykta með aukaréttardómi Suður-Múlasýslu, uppkveðnum 5. sept. f. á., með þeim úrslitum, að P. Stangeland skyldi greiða Birni Stefánssyni 73 kr. 55 a. með 5% ársvöxtum frá 7. des. 1901 til borgunardags, og 70 kr. í málskostnað. Dómi þessum hefir P. Stangeland skotið til yfirréttarins með stefnu, útgefinni 18. marz þ. á., og krafist þess, að dómurinn verði úr gildi feldur, að áfrýjandi verði alsýknaður í málinu, og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi. Stefndi Björn Stefánsson hefir af sinni hálfu krafist þess, að aukaréttardómurinn verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi með nægilegri upphæð eftir mati réttarins.

Í vörn sinni í máli þessu í héraði hefir áfrýjandi afdráttarlaust kannast við það, að hann hafi skuldað stefnda 7. desbr. 1901 í verzlunarviðskiftum þeirra 73 kr. 55 a.; kæra til sáttanefndar í máli þessu var gefin út 11. s. m., og birt hinn 17., en deginum áður tjáist kærði hafa borgað upphæðina »til Björns Stefánssonar hjá Olgeir verzlunarstjóra Friðgeirssyni og tilkynt honum það samstundis«. Þessi greiðsla, sem framfór eftir að málssókn var byrjuð af hálfu stefnda, var þýðingarlaus, þar sem ekkert er komið fram um það í málinu, að Olgeir Friðgeirsson hafi haft heimild

til að veita skuldinni móttöku fyrir hönd stefnda og kvitta fyrir hana, svo gilt væri. Með því að áfrýjandi annars hefir eigi haft neina vörn fyrir sig að bera í máli þessu, verður að fallast á það, að héraðsdómarinn hefir dæmt hann til að greiða áminstar 73 kr. 55 a. En vextir verða eigi dæmdir stefnda til handa af upphæðinni, með því að þeirra er eigi getið í sáttakærunni, þar sem krafa hans þó er sundurliðuð. Eftir atvikum málsins er rétt að áfrýjandi borgi málskostnað í héraði, og með því að hann hefir eigi sýnt fram á það, að málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins sé of hátt, þá skal það staðfest. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi og að greiða málskostnað fyrir yfirdómi til stefnda, sem ákveðst 25 kr.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal óraskaður vera, þó svo, að ákvæði dómsins um ársvexti af skuldinni falli burtu. Áfrýjandi P. Stangeland greiði stefnda Birni Stefánssyni 25 krónur sem málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 30/1903: Hreppsnefnd Fáskrúðsfjarðarhrepps
gegn
verzlunarstjóra Jóni Davíðssyni fyrir hönd verzlunar Thor E. Tuliníus á Fáskrúðsfirði.

Dómur:

Áfrýjunarstefnan í máli þessu er útgefin af dómsmálaritara yfirdómsins 26. maí þ. á., en þó hljóðar vottorð stefnuvottanna á stefnunni um, að hún hafi verið birt stefnda 20. maí þ. á., og vottorð þetta er dagsett 20. maí 1902. Með svolöguðu vottorði er engin sönnun fengin fyrir birtingu stefnunnar með lögskipuðum fyrirvara fyrir hinum stefnda, og með því að hann hefir hvorki mætt né mæta látið af sinni hálfu fyrir yfirdóminum samkvæmt stefnunni, ber ex officio að vísa stefnunni frá yfirdóminum.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjunarstefnunni vísast frá yfirdóminum.

Mánudaginn hinn 2. nóvembermán.

Nr. 1/1903: Páll Bjarnarson
gegn
Þorleifi presti Jónssyni.

Dómur:

Í 33. tölubl. »Bjarka«, VI. árg., sem út kom 3. sept. 1901, stendur grein með fyrirsögninni »Kílsness-strandið«, dags. að Sigurðarstöðum 22. ágúst 1901 með nafninu Páll Bjarnarson undir, enda er það viðurkent, að hún sé rituð af áfrýjanda. Í grein þessari segir svo um stefnda, Þorleif Jónsson prest á Skinnastöðum: »Því séra Þorleifur Jónsson er bæði mannorðs og munaþjófur. Eg nefni hann hinu fyrra nafni, af því, að hann hefir logið því í 2 háttstandandi menn suður á landi, að séra Halldór bróðir minn væri sauðaþjófur, og spunnið upp sögu um það; en því kalla eg hann munaþjóf, að hann hefir stolið frá Presthólakirkju gömlum forngrip, skírnarfati einu, og selt sjálfum sér til inntektar, og á sama hátt mun hann hafa stolið skírnarfati Garðskirkju«. Biskupinn yfir Íslandi skipaði Þorleifi presti með 2 bréfum, dags. 20. sept. 1901 og 31. des. s. á., að hrinda af sér illmæli þessu með málssókn og dómi, og samkvæmt því höfðaði séra Þorleifur mál þetta fyrir gestarétti Þingeyjarsýslu gegn Páli bónda Bjarnarsyni á Sigurðarstöðum, og var málið dæmt í nefndum rétti 8. ágúst f. á. á þá leið, að cand. phil. Páll bóndi Bjarnarson var dæmdur til að

greiða 300 kr. sekt til landssjóðs eða sæta einföldu fangelsi í 90 daga, ef sektin eigi greiddist á ákveðnum tíma; hin átöldu ummæli, sem að framan eru tilgreind, voru dæmd dauð og ómerk, og loks var Páll Bjarnarson dæmdur til að greiða allan málskostnað í héraði, eins og sökin væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda í héraði, Þorbergs hreppstjóra Þórarinssonar á Sandhólum, 12 kr.

Þessum dómi hefir cand. phil. Páll bóndi Bjarnarson skotið til yfirdómsins með stefnu, útg. 3. jan. þ. á., og hefir hann, eftir að kröfu hans snertandi formhlið málsins, um frávísun þess frá undirréttinum, var hrundið með úrskurði réttarins, krafist þess með tilliti til aðalefnis sakarinnar, að hann verði sýknaður af öllum kærum og kröfum séra Þorleifs, og að honum (áfrýjanda) verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirréttinum. Stefndi Þorleifur prestur Jónsson, sem hefir fengið gjafvörn og skipaðan málsvarnarmann fyrir yfirdómi, hefir af sinni hálfu krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði að öllu leyti staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða allan sakarkostnaðinn, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Umboðsmaður áfrýjanda hefir síðar undir rekstri málsins krafist þess, að fá 3 mánaða frest til þess að láta staðfesta framlögð vottorð, eða frest, sem rétturinn álítur hæfilega langan, en gegn mótmælum málsfærslumanns stefnda getur enginn slíkur frestur orðið veittur, með því að

annarsvegar staðfesting umgetinna vottorða eigi getur haft neina þýðingu fyrir úrslit málsins, og hins vegar hefir áfrýjandi síðan mál þetta hófst haft yfirfljótanlegan tíma til að gjöra mál sitt svo úr garði, að við það ætti að mega hlíta. Það verður því nú að dæma um aðalefni málsins.

Hin tilgreinda klausa í Bjarka-blaðgreininni er stórlega ærumeiðandi og svívirðandi fyrir stefnda, sem er prestur í þjóðkirkjuembætti, þar sem honum er borið það á brýn, að hann hafi með lognum rógburði »stolið« mannorði tilgreinds manns, og að hann hafi stolið 2 gripum frá 2 tilnefndum kirkjum, sínum frá hvorri, og að hann hafi gjört þetta til að auðga sjálfan sig. Að því leyti áfrýjandi hefir leitast við að rökstyðja þessar gífurlegu sakargiftir, einkanlega að því er annan kirkjugripinn (skírnarfat Presthólakirkju) snertir, þá eru varnir hans í því efni alveg þýðingarlausar og ekkert mark á þeim takandi. Það er því rétt, að héraðsdómarinn hefir dæmt hin átöldu ummæli dauð og ómerk og sektað áfrýjanda fyrir þau, og þykir sektin eigi ofhátt ákveðin af héraðsdómaranum 300 krónur samkvæmt 218. gr. sbr. 217. og 219. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869. Með því að yfirrétturinn einnig felst á ákvæði undirréttardómsins um málskostnað, skal dómur þessi staðfestur í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða hæfileg málsvarnarlaun til hins skipaða málflutningsmanns stefnda fyrir yfirdómi, sem ákveðast 25 krónur.

Að því leyti málið hefir verið rekið með gjafsóknarleyfi vottast, að rekstur þess í héraði hefir verið vítalaus og málsvörnin fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Undirréttardómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi cand. phil. Páll Bjarnarson greiði málflutningslaun hins skipaða málsfærslumanns stefnda fyrir yfirdómi Odds Gíslasonar málsfærslumanns, 25 krónur.

Dóminum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 10/1903: Halldór Bjarnarson gegn Ásgrími Magnússyni.

Dómur:

Áfrýjandinn Halldór Bjarnarson prestur á Presthólum og stefndi Ásgrímur barnakennari Magnússon gjörðu að Presthólum 14. júní 1897 svofeldan skriflegan samning með sér, að Ásgrímur lofaði að vera í kaupavinnu hjá Halldóri presti hina næstu 3 mánuðina eða hjá Páli bróðir prests á Sigurðarstöðum, og færi svo, að Ásgrímur fengi eigi atvinnu við verzlun Otto Tuliníusar, skyldi hann verða ársmaður hjá þeim bræðrum við alla venjulega vinnu, að undanteknum

þeim tímum, sem hann hefði eða gæti fengið barnakenslu. Af sinni hálfu lofaði Halldór prestur Bjarnarson að greiða Ásgrími 150 kr., $^2/_3$ hluta í haust er kemur (o: 1897) og hitt að ári, svo og að vera honum í útvegum um barnakenslu þar í prestakallinu næsta vetur á eftir. Frá 14. júní til 30. sept. 1897 var Ásgrímur samkvæmt þessum samningi í kaupavinnu hjá þeim bræðrum Halldóri presti og Páli Bjarnarsyni, en frá 1. okt. nefnt ár gjörðist hann barnakennari í Presthólasókn, ráðinn til þess starfa af sóknarnefndinni. Af hinu umsamda sumarvinnukaupi sínu tjáist Ásgrímur eigi hafa fengið meira en 6 kr. borgaðar hjá Halldóri presti, og þar eð séra Halldór eigi sinti kröfum hans um frekari greiðslu, lögsótti Ásgrímur Halldór prest fyrir aukarétti Þingeyjarsýslu, og var máli því ráðið til lykta með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 5. okt. 1901, á þá leið, að séra Halldór var dæmdur til að greiða Ásgrími 144 kr. með 5% vöxtum frá 27. maí 1901 til borgunardags og 25 kr. í málskostnað.

Dómi þessum og 2 úrskurðum, uppkveðnum í héraði undir rekstri málsins, hefir Halldór prestur Bjarnarson skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 27. jan. þ. á., og hefir hann fengið uppreistarleyfi til áfrýjunarinnar. Hann hefir hér fyrir réttinum gjört þær kröfur, að málið verði í heild sinni með ógilding úrskurðar 1. júlí 1901, eða að nokkru leyti, vísað frá meðferð eða dómsálegging aukaréttarins, eða að málið verði með ógilding úrskurðar frá 31. ágúst 1901 með eða án ógildingar

á sýslumannsbréfi, dags. sama dag, vísað heim til löglegrar meðferðar, þannig, að krafa áfrýjanda um frest eða reassumption málsins í undirrétti verði tekin til greina, en til vara krefst hann þess, að hann verði alsýknaður af kærum og kröfum mótpartsins, og til þrautavara, að hann verði að þessu sinni sýknaður af 1/3 kaupkröfunnar, sem ekki var fallin í gjalddaga við málshöfðun; svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum réttum, er sé nægilegur eftir mati yfirdómsins. Stefndi Ásgrímur Magnússon hefir af sinni hálfu gjört þær kröfur, að aukaréttardómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur í 60 kr. málskostnað fyrir yfirdómi, eða til að greiða í þessu skyni einhverja hæfilega upphæð eftir mati réttarins.

Heimvísunar- og ógildingarkröfu sína byggir áfrýjandi aðallega á því, að málið sé í eðli sínu hjúamál, og hafi það átt að koma fyrir einkamálalögreglurétt í héraði, en eigi fyrir aukarétt. En þetta er ekki rétt, því að málið alt og kröfur stefnda styðjast við sérstakan vinnusamning, samninginn 14. júní 1897, en eigi við hjúalögin, og er nefndur samningur í ýmsum atriðum frábrugðinn venjulegum vistarsamningum. Það var því rétt að málið var sótt fyrir aukarétti, og verður því ekki heimvísað fyrir þessa skuld, né úrskurðurinn 1. júlí 1901 feldur úr gildi. Þá krefst áfrýjandi þess, að úrskurður feldur í héraði í málinu 31. ág. 1901 verði dæmdur ógildur, undirréttardómurinn ómerktur og málinu heimvísað fyrir þá skuld, að

honum var með áminstum úrskurði neitað um framhaldsfrest til varnar í málinu, eftir að hann hafði haft 2 mánaða frest í því. Þessi úrskurður virðist þó hafa verið fyllilega á rökum bygður, því að áfrýjandi færði engar réttmætar ástæður fyrir frestbeiðni sinni, og gjörði enga grein fyrir því, hvernig hann hefði notað hinn langa fest, sem hann þegar var búinn að hafa. Þá verður það eigi séð, að hann hafi löglega og formlega farið þess á leit, að málið væri reassumerað, eftir að það var tekið undir dóm í héraði, enda virðist hann eigi hafa lagt fram nauðsynlegan og sjálfsagðan kostnað eða sett tryggingu fyrir honum, sem var lögmætt skilyrði sett af undirdómaranum fyrir endur-upptekning málsins.

Með því að þannig eftir hinu framanritaða eigi er ástæða fyrir því, að vísa málinu frá undirrétti eða að ómerkja aukaréttardóminn, verður dómur að ganga um aðalefni málsins, og þar sem áfrýjandi hefir hvorki í héraði né fyrir yfirdómi athugað neitt, er mark sér á takandi, gegn kröfum stefnda, og með því að svo verður að líta á, að öll krafa stefnda samkvæmt samningnum 14. júní 1897 hafi verið komin í gjalddaga fyrir samningsrof áfrýjanda, þegar mál þetta var höfðað, þá ber að taka kröfu stefnda til greina, að því leyti sem héraðsdómarinn hefir gjört það, en héraðsdómnum verður eigi breytt stefnda í vil, með því að hann hefir eigi gagnáfrýjað honum. Samkvæmt þessu ber að staðfesta aukaréttardóminn í

öllum greinum, bæði ákvæði hans um skuldarupphæðina, um vexti og um málskostnað, og eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnan fyrir yfirdómi, er ákveðst 40 kr. Svo þykir og eftir málavöxtum rétt, að áfrýjandi greiði sekt fyrir þarflausa málsýfingu samkvæmt tilsk. 11. ág. 1819; ákveðst sektin samkvæmt þessu lagaboði, sbr. við tilsk. 24. jan. 1838, 3. gr., 10 kr., og rennur í landssjóð.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi Halldór Bjarnarson prestur í Presthólum greiði stefnda Ásgrími Magnússyni málskostnað fyrir yfirdómi að upphæð 40 kr. Svo skal áfrýjandi og greiða sekt til landssjóðs 10 kr.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 33/1903: Jón Þorkelsson
gegn
Bjarna Símonarsyni.

Dómur:

Með framsali, gjörðu 20. okt. 1902, afsalaði verzlunarstjóri J. P. T. Brydes verzlunar í Reykja-

vík áfrýjandanum cand. jur. Jóni Þorkelssyni í Reykjavík skuld að upphæð 181 kr. 84 a., sem greind verzlun taldist eiga hjá hinum stefnda Bjarna Símonarsyni frá Hallstúni, nú í Reykjavík, Jón Þorkelsson lögsótti síðan Bjarna Símonarson til greiðslu skuldarinnar fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur, og með dómi téðs réttar, uppkveðnum 26. marz þ. á., var Bjarni Símonarson dæmdur til að greiða Jóni Þorkelssyni 74 kr. 83 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en að öðru leyti var skuldakröfunni hrundið; málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir cand. jur. Jón Þorkelsson skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 22. júní þ. á, og hefir hann krafist þess, að dóminum verði breytt þannig, að sér verði dæmd öll hin umstefnda upphæð 181 kr. 84 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi, og málskostnaður fyrir báðum réttum með einhverri nægilegri upphæð eftir réttarins mati. Stefndi Bjarni Símonarson hefir af sinni hálfu krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verður staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað eftir mati réttarins.

Með því að stefndi hefir eigi gagnáfrýjað sökinni, er enginn ágreiningur um þær 74 kr. 83 a., sem bæjarþingsdómurinn hefir tildæmt áfrýjanda, en þetta var skuld stefnda til J. P. T. Brydes-verzlunar, sem staðið hefir óbreytt síðan 12. maí 1892. Hinn annar hluti hinnar umkröfðu skuldar, kr. 107,01, hefir skapast við úttekt stefnda hjá Brydes-verzlun frá 31. des. 1901 til 8. marz 1902.

Þennan hluta skuldarinnar telur stefndi sér óskylt að borga, og ber fyrir sig ákvæði í farmannalögum 22. marz 1890, 58. gr. 2. málsl. Telur hann að úttekt þessi hafi verið fyrirframborgun upp í kaup hans sem háseta ráðins á þilskipaútveg Brydes-verzlunar árið 1902. Það er nú og sannað með ráðningarsamningi, er stefndi gjörði 31. des. 1901, að hann réð sig sem háseta á skip J. P. T. Brydes-verzlunar í Reykjavík »frá því skipið fer á fiskiveiðar, og til þess tíma það hættir þeim«, og var kaupið þannig umsamið: »1/2 dráttur, borga salt og verkun kr. 8,00 per verkað skippund; alt tros frítt og salt í það. Borgun greiðist sem hér segir: 1/2 í peningum og 1/2 í vörum«. Þegar útgjörðartími þilskipa byrjaði veturinn 1902, fór stefndi í skiprúmið, samkvæmt ráðningarloforði sínu, en eftir 5 daga útivist varð skipið að leita til hafnar aftur sem ósjófært, og varð ekkert úr útgjörð þess það árið. Stefndi misti þannig af skiprúminu og atvinnu sinni. Þrátt fyrir mótmæli áfrýjanda verður að álíta, að úttekt sú, sem stefndi fékk við Brydes-verzlun frá 31. des. 1901 til 8. marz 1902, hafi einmitt verið veitt honum með tilliti til þess, að hann var ráðinn háseti á útveg verzlunarinnar, og að ætlast hafi verið til þess, að úttektin endurborgaðist af kaupi hans um útgjörðartímann, og getur þetta vel komið heim við ráðningarsamninginn, því að í honum segir: »borgun (o: fyrir hálfdrættið) greiðist 1/2 í peningum, 1/2 í vörum«, en af úttektinni eru 30 kr. í peningum, hitt í búðarvarn-

ingi. Þetta styrkist og við það, að stefndi, sem tjáist vera fátækur maður, hafði engin viðskifti haft við Brydes-verzlun frá því snemma á árinu 1892 og þangað til hann réðst sem háseti á útgjörð verzlunarinnar 31. des. síðastl.; skuld hans við verzlunina hafði staðið öll þessi ár óbreytt, en þá fær hann aftur nýja úttekt að verulegum mun, án þess að borga hina eldri skuld sína. Það verður því að fallast á það álit undirdómarans, að úttekt stefnda frá 31. des. 1901 til vertíðarbyrjunar 1902 verði að skoða sem meðtekna fyrirframgreiðslu upp í kaup hans, en þá er hún eigi afturkræf samkvæmt hinu tilvitnaða ákvæði farmannalaganna, með því að stefndi varð að fara af skipinu sökum þess, að það varð ósjófært fyrir slys. Það verður því að fallast á þau úrslit, sem mál þetta hefir fengið í héraði, og þar eð málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins samþykkist, skal téður dómur vera óhaggaður í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 20 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi cand. jur. Jón Þorkelsson greiði stefnda Bjarna Símonarsyni 20 krónur sem málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8

vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 9. nóvembermán.

Nr. 7/1903: Samson Eyólfsson
gegn
Hannesi Hafstein.

Dómur:

Aðaláfrýjandinn Samson Eyólfsson á Ísafirði höfðaði mál þetta í héraði gegn gagnafrýjandanum Hannesi Hafstein, bæjarfógeta á Ísafirði, fyrir ýms ummæli í bréfi, sem Hafstein ritaði amtmanninum yfir Vesturamtinu hinn 5. febr. 1900, en Samson taldi meiðandi fyrir sig. Málið var dæmt í aukarétti Ísafjarðarkaupstaðar 31. desembermán. f. ár, með þeim úrslitum, að nokkur af hinum átöldu ummælum voru dæmd dauð og ómerk, að Hannes Hafstein var dæmdur í 20 kr. sekt til landssjóðs fyrir þau, eða til vara til þess, að sæta 6 daga einföldu fangelsi, og loks til þess að greiða 30 kr. í málskostnað. Dómi þessum hefir Samson Eyólfsson skotið til yfirréttarins með stefnu útgefinni 26. jan. þ. á., og hefir hann krafist þess, að dóminum verði breytt þannig, að öll ummæli þau, sem hann hefir átalið, verði dæmd dauð og ómerk, að hin ídæmda hegning verði hækkuð og að stefndi (gagnáfrýjandi) verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum að skaðlausu, eða með nægilegri upphæð að mati réttar-

ins. — Hinn stefndi bæjarfógeti Hannes Hafstein hefir af sinni hálfu gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 21. apríl þ. á. og krafist þess, að hann verði algjörlega sýknaður af kærum og kröfum Samsonar Eyólfssonar, og að Samson verði dæmdur til að greiða sér hæfilegan málskostnað fyrir báðum réttum.

Aðaláfrýjandi hefir heimtað gagnsökinni frávísað fyrir þá sök, að gagnáfrýjunarstefnan hafi verið birt fyrir honum í Reykjavík, þar er hann þá dvaldi, og eigi á heimili hans, Ísafirði, og að honum hafi eigi verið veittur lögskipaður stefnufrestur eftir heimilisfangi hans. Í áteiknun sinni á stefnuna hafa stefnuvottarnir vottað það, að þeir hafi birt hana fyrir kaupmanni Samsoni Eyólfssyni persónulega í húsinu nr. 7 við Grjótagötu, »hvar hann tók birtinguna gilda«. Að vísu hefir áfrýjandi eigi viljað kannast við að þetta vottorð stefnuvottanna væri rétt, en vefenging hans á vottorði hinna eiðsvörnu stefnuvotta verður þó eigi tekin til greina, enda virðist hann í málsútlistun sinni eigi hafa neitt verulegt á móti því, að stefnan var birt honum í Reykjavík, og hefir aðaláfrýjandi um þetta efni þau ummæli, að honum virðist ekki full sanngirnisástæða til að nota það sem vörn, en finnur aðallega að því, að hann fekk ekki lengri stefnufrest. En hafi stefnubirtingin farið löglega fram í Reykjavík, sem álíta verður, þá bar honum eigi frekari stefnufrestur en sá, sem miðast við Reykjavík. Gagnsökinni verður fyrir því eigi frávísað eftir kröfu aðaláfrýjanda.

Því hefir verið hreyft af hálfu gagnáfrýjanda, að sök sú, er aðaláfrýjandi hefir höfðað á hendur honum, hafi verið fyrnd, þá er stefnan var gefin út í héraði 11. septbr. f. á. Ummæli þau, sem aðaláfrýjandi hefir átalið, eru skráð í bréfi gagnáfrýjanda til amtmannsins í Vesturamtinu 5. febr. 1900; þó virðast þau ekki hafa verið kunn aðaláfrýjanda fyr en 22. okt. s. á., er hann fékk eftirrit af nefndu bréfi gagnáfrýjanda. 15. janúar 1901 kærði aðaláfrýjandi málið fyrir sáttanefnd, en réttarstefna var ekki gefin út í málinu fyr en 11. sept 1902. Þar sem nú réttarstefna í málinu ekki hefir verið gefin út fyr en hátt á annað ár eftir að aðaláfrýjanda voru orðin kunn þau ummæli, sem hann átelur, er hegning sú, sem gagnáfrýjandi kynni að hafa til unnið, burtu fallin fyrir fyrningu samkvæmt 67. og 68. gr. alm. hegningarlaga, og verður því, þar sem hegningin samkvæmt nefndum lagagreinum er fallin niður, að svo miklu leyti að sýkna gagnáfrýjanda af kærum og kröfum aðaláfrýjanda í þessu máli.

Ummæli þau, sem aðaláfrýjandi hefir gjört að sakarefni, eru þessu: »Það sést væntanlega af þessum skjölum, að kærur Samsonar eru bersýnilega rangar í ýmsum greinum, *að* það er login sakargift af hans hálfu, að eg hafi gefið yður ranga skýrslu, og að hann hefir falsað vottorð það, er hann sendi ráðgjafanum, og stolið nöfnum þeirra Skúla Einarssonar og Alberts Jónssonar undir þá yfirlýsingu«; hann »virðist hafa breytt

hyggilega í því, að hafa sig héðan á burt, þar sem hann með kærum sínum og vottorðatilbúnaði sýnist hafa komið vel nærri 227., 228. og 272. grein hinna almennu hegningarlaga«; »það bætir ekki úr skák fyrir honum, þótt annar maður hafi eggjað hann fram og verið hjálparmaður hans í óyndistiltektum þessum«.

Gagnáfrýjandi telur sig eiga að vera ábyrgðarlausan fyrir ummæli þessi af þeim ástæðum, að þau séu komin fram í heimtaðri embættisskýrslu, að þau séu skýrsla eða tilkynning í embættisnafni um glæpsamlegt athæfi aðaláfrýjanda, að þau séu réttmæt »retorsion«, er réttlætist við vansæmandi áburð aðaláfrýjanda á sig í bréfi til ráðgjafans, og að þau séu sumpart á rökum bygð, og sumpart ekki ærumeiðandi. Þó að ummælin séu í umsagnarbréfi, sem amtmaður heimtaði af gagnáfrýjanda, þá fara þau þó langt út fyrir aðalefni hinnar umkröfðu skýrslu, og var gagnáfrýjanda innan handar að gefa amtinu fullnægjandi svar, þótt ummælum þessum öllum hefði slept verið. Þá er bréfið eftir efni sínu eigi embættisleg tilkynning um glæpi, framda af aðaláfrýjanda, gefin í því skyni, að sakamál yrði höfðað gegn honum. Ekkert orð bréfsins bendir í þá átt, enda hafði gagnáfrýjandi sjálfur ákæruvaldið í höndum sér á Ísafirði, og þurfti eigi að snúa sér til amtmanns í því efni. — Eigi verður það heldur álitið, að ummæli aðaláfrýjanda í bréfi hans til ráðgjafans heimili hin átöldu ummæli gagnáfrýjanda sem

réttmæta »retorsion«, en ummæli áfrýjanda þau, er hér geta komið til álita, eru þessi: »en hann (lögreglustjórinn o: gagnáfrýjandi) hummaði því fram af sér með vífilengum og útúrsnúningum«; »en hann neitaði því, og vildi yfir höfuð ekkert liðsinna mér til þess, að eg næði rétti mínum, og virti eg honum það til vorkunnar, þar sem hann ef ekki beinlínis, þá þó óbeinlínis var valdur að tjóni því, sem eg hafði orðið fyrir«; og »er það augljóst, að þessi úrskurður amtsins er bygður á rangri umsögn lögreglustjórans«. Orð þessi, sem tekin eru upp í kæru aðaláfrýjanda yfir yfirvaldi sínu (gagnáfrýjanda), stílaðri til yfirdoðara hans, eru hvorki efnislega né formlega svo löguð, að þau heimili gagnáfrýjanda að ærumeiða aðaláfrýjanda. Það verður því að rannsaka það hvort nokkur ærumeiðing felst í hinum átöldu ummælum gagnáfrýjanda um aðaláfrýjanda í bréfinu til amtsins 5. febr. 1900.

Þar sem gagnáfrýjandi þá fyrst segir, að það muni sjást af þessum skjölum, að kærur aðaláfrýjanda sé bersýnilega rangar í ýmsum greinum, þá þarf ekki í þessu að felast nein ærumeiðandi aðdróttun, enda er það í málinu sannað, að öll atriði í kærunum eru eigi allskostar rétt hermd; þó þetta sé því nokkuð freklega orðað, verður eigi álitið að tilefni sé til að ómerkja þau orð. Þar sem gagnáfrýjandi þá segir, að það sé login sakargift af hálfu aðaláfrýjanda, að hann hafi gefið amtinu ranga skýrslu, þá ber þess að gæta, að í orðum aðaláfrýjanda, þeim er hér er miðið til,

liggur ekki neitt annað en það, að umsögn gagnáfrýjanda hafi verið röng — og það þóttist hann sanna — en þetta heimilar alls ekki að bera honum á brýn að hann hafi borið fram »*logna sakargift*», það er: vísvitandi gefið gagnáfrýjanda logna sök. Þessi orð eru ærumeiðandi og verður að dæma þau dauð og ómerk. — Þá koma til álita ummælin, að hann (aðaláfrýjandi) hafi falsað vottorð það, er hann sendi ráðgjafanum, og stolið nöfnum þeirra Skúla Einarssonar og Alberts Jónssonar undir þá yfirlýsingu o. s. frv.; þetta lýtur að því, að aðaláfrýjandi hafði sent ráðgjafnum vottorð, er hann sjálfur tjáði vera eftirrit af vottorði, er væri í vörzlum amtsins, og hafði hann getið þessa á eftirritinu, en af því að hann skrifaði það eftir minni, eftir því sem hann hefir skýrt frá, þá varð það eigi nákvæmlega samhljóða frumritinu; skekkjan er þessi, að í frumritinu stóð: »að hús og innbú hafi skemst«, en í eftirritinu: »að vörur, hús og innbú hafi verið meira og minna skemt«. Þessi atvik réttlæta það með engu móti, að gagnáfrýjandi ber þá sök á aðaláfrýjanda, að hann hafi falsað vottorð og stolið nöfnum, því að ósamræmið millt vottorðanna virðist stafa af minnisleysi aðaláfrýjanda eða ógáti hans, enda er það fremur lítilvægt, og þar sem þessi ummæli eru eigi á annan hátt réttlætt, þá verður að ómerkja þau, eins og héraðsdómarinn hefir gjört. — Þar sem gagnáfrýjandi ennfremur segir, »að aðaláfrýjandi virðist hafa breytt hyggilega í því, að

hafa sig héðan burt, þar sem hann með kærum sínum og vottorðatilbúnnaði sýnist hafa komið vel nærri 227., 228. og 272. gr. hinna almennu hegningarlaga«, þá felst í orðum þessum augljós aðdróttun um hegningarvert athæfi af hálfu aðaláfrýjanda; þar á móti eru þau eftir framsetningu sinni ekki kæra til æðra yfirvalds yfir atferli aðaláfrýjanda. — Með því að þessi aðdróttun hefir eigi verið réttlætt eða nægilega rökstudd af hálfu gagnáfrýjanda, því að ekkert er með rökum framkomið um það í málinu, að aðaláfrýjandi hafi gjörst brotlegur gegn hinum áminstu hegningarlagagreinum, þá verður að dæma þessa málsgrein ómerka, þar eð hún þykir vera mjög meiðandi fyrir aðaláfrýjanda. — Þar sem aðaláfrýjandi loks hefir átalið þessa klausu í bréfinu: »Það bætir ekki úr skák fyrir honum, þótt annar maður hafi eggjað hann fram og verið hjálparmaður hans í óyndistiltektum þessum«, þá verður eigi álitið, að í þessum orðum felist nein saknæm ærumeiðing eða móðgun. —

Samkvæmt því, er hér er sagt, verður að dæma dauð og ómerk orð þau og klausur í bréfi gagnáfrýjanda frá 5. febr. 1900, sem tilgreind eru hér á undan.

Málskostnaður fyrir báðum dómum virðist eftir atvikum rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Framangreind meiðyrði og móðgunaryrði skulu vera dauð og ómerk. Að öðru leyti á

gagnáfrýjandi að vera sýkn af kærum og kröfum aðaláfrýjanda í þessu máli.

Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Mánudaginn hinn 14. desembermánaðar.

Nr. 28/1903: Margrét Zoëga
gegn
Marenu Lárusdóttur.

Dómur:

Hinn 21. des. 1901 fekk áfrýjandi máls þessa, frú Margrét Zoëga, útmæling byggingarnefndarinnar í Reykjavík fyrir lenging á íbúðarhúsi sínu, nr. 17 í Vesturgötu í Reykjavík, til austurs, og skyldi viðbyggingin ná $8^3/_4$ alin til austurs með götunni að norðan, en $6^3/_4$ alin að sunnan. Stefnda, ekkjufrú Maren Lárusdóttur, eigandi næsta húss fyrir austan, nr. 15 í Vesturgötu, taldi viðbyggingu þessa koma inn á sína lóð, og þegar áfrýjandinn tók til að byggja, samkvæmt hinni fengnu útmælingu, þá lét stefnda 18. júní f. á. lýsa fógetabanni fyrir áfrýjanda, þar sem áfrýjanda var bannað að halda áfram byggingunni, að því leyti sem bygt væri austur fyrir línu úr horni á rennu milli húsanna nr. 15 og nr. 17 í nyrðri enda á grjótgarði sunnan við geymsluhús áfrýjanda, og svo beint fram að götustéttinni, en sú lína taldist vera c. 6 álnir fyrir vestan hús stefndu. Stefnda höfðaði síðan mál þetta fyrir bæjarþingsrétti

Reykjavíkur gegn áfrýjanda, til þess að fá téð fógetabann staðfest og til þess að fá dóm fyrir lóðarmörkum þeim, er haldið var fram með fógetabanninu, og fá áfrýjanda dæmda til að taka burtu það af viðbyggingunni, er inn á hennar lóð tæki og sömuleiðis upphleyptan veg suður frá henni, að svo miklu leyti, sem vegur þessi, er áfrýjandi hafði leyfislaust frá stefndu hálfu látið leggja fyrir nokkrum árum, tæki austur fyrir rétt lóðarmörk milli húseignanna. Af sinni hálfu höfðaði áfrýjandinn gagnsókn gegn stefndu, og krafðist 3000 kr. skaðabóta fyrir tjón það, er fógetabannið hefði bakað honni, og auk þess 20 kr. í dagsektir fyrir hvern dag, er bannið hefði hindrað framhald viðbyggingarinnar, er málið reis út af.

Mál þetta var dæmt á bæjarþinginu hinn 16. apríl þ. á., að viðhöfðum meðdómsmönnum, með þeim úrslitum, að fógetabannið var staðfest og áfrýjandi skylduð til að nema burtu viðbyggingu þá og önnur mannvirki, er hún hafði gjöra látið á lóð stefndu, eða þann hluta viðbyggingarinnar, er lægi fyrir austan línu, er hugsaðist dregin úr norðurhorni grjótgarðsins fyrir sunnan geymsluhús áfrýjanda, og þaðan beint á Vesturgötu parallelt með húsgaflinum á íbúðarhúsi stefndu og 5 álnir frá honum. Að öðru leyti voru málsaðilar sýknaðir hvor af annars kröfum og málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 19. maí þ. á., og hefir hún krafist þess fyrir yfirdóminum, að fógetabannið

frá 18. júní 1902 verði úr gildi felt og stefnda verði dæmd í 3000 króna skaðabætur auk 20 kr. borgunar fyrir hvern dag, er fógetabannið helzt, og enntremur, að mótparturinn verði dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir báðum réttum, en áfrýjandi sýknaður af öllum kærum og kröfum stefndu í málinu. Stefnda hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandinn dæmd til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum að skaðlausu eða eftir réttarins mati.

Hús stefndu nr. 15 við Vesturgötu var á sínum tíma bygt af eigendum svokallaðrar Norðurbæjarlóðar á lóð þessari, og náði lóð sú, er húsinu fylgdi að vestan, jafnlangt Norðurbæjarlóðinni, en þar var grjótgarður, er myndaði lóðarmörkin. Fyrir vestan þessa lóð var síðan, 4. apríl 1868, útvísað lóð af byggingarnefnd kaupstaðarins undir húsið nr. 17, eign áfrýjanda, og var sú lóð ákveðin af byggingarnefndinni 35 álnir vestur eftir meðfram Hlíðarhúsaveginum (nú Vesturgötu). Bilið milli húsanna nr. 15 og nr. 17 er nú um og yfir 10 álnir. — Það breikkar nokkuð út að götunni, því að húsin standa skakt hvort við öðru — en það var áður breiðara, og minkaði við það að húsið nr. 15 var lengt um 7 álnir til vesturs árið 1878. Um nokkur ár fyrirfarandi virðist engin girðing eða lóðarmerki hafa aðgreint lóðirnar á millibilinu milli húsanna, því að grjótgarðurinn, sem áður var á lóðarmörkum, var rifinn fyrir mörgum árum af fyrverandi eiganda hússins nr.

15, og trégirðing, sem sami maður setti upp nokkru fyrir vestan nefnt hús sitt, er fallin fyrir nokkrum árum. Áfrýjandinn heldur því nú fram, að viðbyggingin við nr. 17, sem mál þetta er sprottið af, sé að öllu á hennar lóð, og að austurgafl viðbyggingarinnar, sem, eins og áður er sagt, nær yfir 8¾ álnir norðan til og 6¾ álnir sunnan til af millibilinu milli húsanna, standi einmitt þar, sem merkjagarðurinn milli lóðanna var áður, enda hafi trégirðingin, sem sett var af fyrverandi eiganda hússins nr. 15, staðið á sama stað. Að því er snertir lóðarmörkin suður frá viðbyggingunni, heldur áfrýjandi því einnig fram, að vegur sá, sem áður er nefndur, sé lagður á hennar eigin lóð, enda hafi verið gjörður án þess að leita leyfis stefndu og óátalið af henni, og mótmælir hún því kröfu stefndu um að henni verði dæmt nokkuð af þeirri lóð, er vegurinn liggur á.

Til þess að sanna það, að hún eigi lóð vestur fyrir hús sitt, eins og í fógetabanninu er gjört ráð fyrir, og eins og fallist er á í öllu verulegu í bæjarþingsdóminum, hefir hin stefnda skírskotað til þess, að húseign áfrýjanda hafi aldrei verið útmæld lengri lóð með Vesturgötu en 35 álnir, en ef henni álitist tilheyra lóð eins langt austur og viðbyggingin nær, yrði lóð hennar meðfram götunni yfir 40 álnir. Það verður þó ekkert bygt á þessu, því að lóð áfrýjanda yrði einnig nokkrum álnum lengri en 35 álnir meðfram götunni, eftir merkjalínu þeirri, er stefnda telur hina réttu milli lóðanna, og er það því auðsætt, að eigi verður í

þessu tilliti miðað við hina upprunalegu útmælingu, enda heldur áfrýjandi því fram, að bæzt hafi við lóðina síðar óútmælt stykki að vestanverðu, og hafi lóðin orðið við það lengri en fyrst var tilætlast. Það er heldur eigi sönnun fyrir því, að áfrýjandi eigi ekki lóðina undir viðbyggingunni, þótt flatarmál lóðar hennar verði þá meira en lóðargjald hefir verið tekið fyrir til bæjarsjóðs, því auk þess sem útmælingar á lóðum til lóðargjalds eru gjörðar í öðru skyni en að skifta lóðum milli manna eða ákveða takmörk þeirra, þá yrði lóð áfrýjanda, eftir lóðargjaldinu að dæma, minni heldur en vafalaust er og viðurkent í málinu að hún eigi að vera.

Þá hefir stefnda vitnað til þess, að í útmælingargjörð 9. jan. 1878, þegar leyft var að lengja húsið nr. 15 vestur á bóginn um 7 álnir, hafi svo verið kveðið á af byggingarnefndinni, að húsauki sá skyldi standa 5 álnir frá rennunni fyrir vestan lóð hússins nr. 15, en með þessu telur stefnda það sannað, að lóð hennar nái að minsta kosti 5 álnir vestur fyrir hús hennar. Við þetta er þó það að athuga, að í útmælingargjörð 4. apríl 1868, þegar lóð áfrýjanda var útmæld, var ákveðið, að eigandi lóðarinnar nr. 17 skyldi þola afrensli frá húseigninni nr. 15 í fyrnefnda rennu, og hún er þar sögð liggja austantil á lóð hans (húseignarinnar nr. 17), en þetta sýnir, að húseign áfrýjanda hefir þá átt lóð austur fyrir rennuna, og að rennan, sem byggingarnefndin miðaði við 5 álna fjarlægðina við nefnt tækifæri 1878, ekki var á lóðarmörkum,

heldur fyrir vestan þau. Það verður því ekkert áreiðanlegt viðvíkjandi lóðarmörkum milli eignanna bygt á þessu ákvæði byggingarnefndarinnar 1878, enda þurfti byggingarnefnd ekki að láta til sín taka annað en að ákveða afstöðu byggingarinnar, eftir því sem beiðandinn skýrði frá lóðarmörkum eða lóðareign.

Að því er lóðartakmörkin snertir suður frá viðbyggingunni, þá er þrætan þar um lóðarrétt yfir upphleyptum vegi þar suður eftir milli lóðanna, sem áfrýjandi hefir látið leggja fyrir nokkrum árum, en stefnda hefir ekki fært í málinu neinar sannanir fyrir því, að áfrýjandinn hafi þar gengið á lóð hennar eða að hún eigi lóð undir vegi þeim, er áfrýjandi hefir lagt þar og notað um alllangan tíma. Sérstaklega skal það tekið fram, að þar sem því er haldið fram af stefndu, að markalínan milli lóðanna hafi hlotið að vera bein lína, þá er engin vissa eða sönnun komin fram fyrir því, því síður sem markalína sú var ekki ákveðin af byggingarnefnd, en það er hins vegar upplýst í málinu, að vesturtakmörk lóðarinnar nr. 15 voru takmörk hinnar fornu Norðurbæjarlóðar, og gamall grjótgarður á mörkum, en slíkir garðar liggja oft í hlykkjum.

Þegar það er athugað, sem nú hefir verið tekið fram, og hins vegar er litið á það, að frá áfrýjanda hálfu eru í málinu með vitnaleiðslum færðar mikilsverðar líkur að því, að grjótgarður sá, er áður var milli lóðanna, hafi einmitt verið

þar, sem austurhlið viðbyggingarinnar er sett, og að trégirðingin, sem sett var, er grjótgarðurinn milli húsanna var tekinn burt, hafi verið á sama stað og grjótgarðurinn, þá verður ekki álitið, að stefnda hafi fært sönnur á það, að hún eigi lóð þá, er hún hefir gjört kröfu til í máli þessu, eða að hún hafi haft rétt til að banna áfrýjanda afnot þessarar lóðar, eins og hún hefir gjört með fógetabanninu 18. júní f. á. Verður því að fella fógetabann þetta úr gildi, og sýkna áfrýjanda af kærum og kröfum stefndu í málinu. Stefnda verður eftir þessum úrslitum að álítast skyld til að bæta áfrýjanda tjón það, er hún hefir bakað henni með því að hindra hana, með fógetabanninu, frá að halda áfram viðbyggingunni, sem málið spanst út af, og virðist rétt, að tjón það sé metið af dómkvöddum óvilhöllum mönnum, en eigi álízt það mega hærra vera en 500 kr. Svo ber og stefndu að greiða áfrýjanda í málskostnað 60 kr.

Því dæmist rétt vera:

Fógetabannið frá 18. júní 1902 er úr gildi felt og skal áfrýjandinn, frú Margrét Zoëga, vera sýkn af kærum og kröfum stefndu, ekkjufrúar Marenu Lárusdóttur í máli þessu. Stefnda greiði áfrýjanda skaðabætur fyrir tjón það, er hlotist hefir af hindrun á framhaldi viðbyggingarinnar með fógetabanninu, eftir því sem dómkvaddir óvilhallir menn meta tjón þetta, þó ekki meira en 500 krón-

ur. Svo greiði hún og áfrýjanda í málskostnað 60 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 31/1903: Filippus Filippusson
gegn
Jóni landritara Magnússyni f. h. sjálfs hans og erfingja Benedikts heitins Sveinssonar sýslumanns.

Dómur:

Hinn 21. júlí f. á. lét stefndi, landritari Jón Magnússon, sem eigandi Blikastaða í Mosfellssveit og sem umboðsmaður erfingja Benedikts heitins sýslumanns Sveinssonar, eiganda jarðanna Korpúlfsstaða, Keldna, Grafar og Kálfakots í sömu sveit, hlutaðeigandi fógeta lýsa lögbanni fyrir áfrýjandanum, Filippusi bónda Filippussyni, eiganda Gufuness, gegn því, að hann veiddi eða leyfði öðrum að veiða í Korpúlfsstaðaá fyrir landi nefndra jarða. Til staðfestingar fógetabanni þessu höfðaði síðan stefndi mál þetta fyrir gestarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu gegn áfrýjandanum, og var það dæmt þar 19. jan. þ. á. með þeim úrslitum, að lögbannið skyldi óraskað standa meðan áfrý-

jandi ekki færði fullar sönnur á eða fengi dóm fyrir því, að hann ætti veiðirétt í nefndri á fyrir landi umgetinna jarða. Svo skyldi áfrýjandinn og greiða stefnda 40 krónur í málskostnað.

Dómi þessum ásamt úrskurði, er upp var kveðinn í gestaréttinum 29. okt. f. á., og þar sem hrundið var kröfu áfrýjanda um frávísun málsins frá gestaréttinum, hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 22. júní þ. á., og hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og breytt þannig, að málinu verði vísað frá gestaréttinum, en dómurinn og öll meðferð málsins dæmd ómerk, en til vara, að dóminum verði breytt þannig, að fógeta bannið verði með öllu úr gildi felt og áfrýjandi verði sýknaður af kærum og kröfum stefnda, og loks, að stefndi, hvernig sem málinu lýkur, verði dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum réttum að skaðlausu, eða eftir réttarins mati. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur í málskostnað eftir mati yfirdómsins.

Kröfu sína um frávísun málsins frá gestaréttinum og um ómerking málsmeðferðarinnar í heild sinni byggir áfrýjandinn á því, að málinu hafi verið stefnt ólöglega fyrir gestarétt, þar sem þrætan í málinu sé um það, hvort áfrýjandi eigi tilkall til veiði í Korpúlfsstaðaá, og sé málið því um ítaksrétt í jörðum þeim, er stefndi hefir umboð fyrir eða eignarheimild á, en slík mál sé landamerkjadómur einn bær að dæma samkvæmt lög-

um 17. marz 1882. Hinn stefndi hefir að vísu ekki heldur neitað því, að fullnaðarúrskurður um veiðiréttinn, hvorum hann beri, heyri undir landamerkjadóm, en hann heldur því fram, að þar sem jarðir þær, er hann hefir umráð yfir, eigi eftir almennum reglum veiðina í ánni, þar sem þær eiga land að henni, þá eigi það að vera nægilegt til að verja veiðirétt þeirra árásum annara, að leggja á fógetabann, og eigi stefndi sem eigandi og umráðamaður jarðanna heimting á að njóta með fullum rétti eignarhalds síns á veiðinni, unz áfrýjandinn hafi sannað eignarrétt sinn að henni. Sam kvæmt þessari skoðun sinni einskorðaði og stefndi kröfu sína fyrir gestaréttinum um staðfesting lögbannsins svo, að það yrði látið gilda þangað til áfrýjandinn hefði fært fullar sönnur á, og fengið dóm fyrir, að hann ætti veiðirétt fyrir landi jarðanna.

Eins og fyr hefir verið tekið fram, var áfrýjandanum með lögbanninu fyrirboðið að veiða eða leyfa öðrum að veiða í Korpúlfsstaðaá. Þetta skilyrðislausa bann gegn veiði af áfrýjanda hálfu í nefndri á var stefndi skyldur samkvæmt lögum (N. L. 1—19—22, sbr. 1—19—20) að fá staðfest með dómi, og það auðvitað fyrir dómstóli, sem var bær um að taka til álita og úrskurðar allar varnir þær, er áfrýjandinn gat framfært, meintum rétti sínum til stuðnings, en það var að eins merkjadómur, slíkur sem landamerkjalögin 17. marz 1882 fyrirskipa, sbr. einkum 3. og 7. gr. laga þessara.

Þessarar skyldu sinnar sem lögbanns-krefjanda hefir stefndi eigi gætt, er hann höfðaði staðfestingarmál þetta fyrir gestaréttí, sem eigi var bær að dæma í réttarþrætu þeirri, er var tilefnið til lögbannsins, og lögmæti bannsins var undir komið, hvernig úr yrði skorið, — en stefndi gat eigi, með því að byrja málið með lögbanni, breytt eðli þess, og leyst það undan þeim málssóknarreglum, sem fyrirskipaðar eru um ítaksmál. —

Það ber samkvæmt þessu að taka til greina kröfu áfrýjanda um frávísun máls þessa frá gestaréttinum og ómerkingu hins áfrýjaða dóms. Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum réttum, er þykir hæfilega metinn 40 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera ómerkur og vísast málinu frá gestaréttinum. Stefndi Jón landritari Magnússon greiði áfrýjandanum Filippusi bónda Filippussyni í málskostnað 40 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Hæstaréttardómar.

Miðvikudaginn 7. októberm. 1903.

Nr. 179. Hæstaréttarmálaflutningsmaður Bagger
gegn
verzlunarstjóra Joh. Christensen (verjandi: Rée),

sem er kærður fyrir ólöglega sölu áfengra drykkja.

Lögregluréttardómur Akureyrar kaupstaðar 12. ágúst 1902:

Hinn kærði Joh. Christensen verzlunarstjóri á að greiða í sekt fyrir ólöglega sölu áfengra drykkja 150 krónur, er renni í bæjarsjóð Akureyrar, og allir áfengir drykkir, er hjá honum finnast, skulu gjörðir upptækir, og andvirði þeirra sömuleiðis renna í bæjarsjóð Akureyrarkaupstaðar. Málskostnaður falli niður.

Dómur hins íslenzka landsyfirdóms 15. desember 1902:

Kærði verzlunarstjóri Joh. Christensen á Akureyri greiði í sekt 100 krónur, er renni í bæjarsjóð Akureyrarkaupstaðar, og skulu allir áfengir drykkir, er í verzlun þeirri finnast, er hann hefir

veitt og veitir forstöðu á Akureyri, upptækir gjörðir og andvirði þeirra renna í bæjarsjóð Akureyrarkaupstaðar. Kærði greiði allan kostnað máls þessa í héraði og allan af áfrýjun þess leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmála flutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra. — Ídæmd sekt greiðist innan 8 vikna frá löglbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar:

Í hinum áfrýjaða dómi er það rétt á litið, að úrslit málsins séu komin undir því, hvort ekkja Carls Höepfners hafi haft rétt til að halda áfram verzlun manns síns, samkvæmt verzlunarleyfi hans eða borgarabréfi.

Í Danmörku hefir það nú, einnig áður en atvinnulögin 1857 komu út, ávalt verið álitið löglegt, og því verið fylgt sem almennri reglu, samkvæmt einstöku lagaákvæðum á stangli, svo sem tilsk. 5. marz 1695 8. gr. nr. 5. og tilsk. 21. marz 1800, 13. gr., að ekkja hefði rétt til án nýrrar heimildar að reka áfram atvinnu manns síns. Aftur á móti eru eigi til nein lög sérstaklega gefin fyrir Ísland, sem hafa þýðingu fyrir úrlausn spurningarinnar, því að það verður sérstaklega eigi álitið, að það hafi verið tilætlun lagaákvarðana þeirra, er dómurinn tilfærir, að svara spurningunni. Með

því að nú heldur eigi er fengin vitneskja um, að myndast hafi á Íslandi af venju önnur regla í þessu efni en sú er fyr getur um, þá verður sakir sambandsins milli Danmerkur og Íslands að líta svo á, að nefndri reglu hafi einnig verið fylgt á Íslandi, enda styrkist þetta enn betur við upplýsingar þær, er fengnar eru í málinu, að nokkru leyti eftir uppsögn dómsins.

Samkvæmt því er tilfært hefir verið, ber að sýkna kærða og greiða kostnað málsins af almannafé, þar með talin málflutningslaun þau, er síðar skulu nefnd, en um þau skal það tekið fram, að eigi er að ræða um málflutningslaun handa verjanda fyrir hæstarétti, með því að kærði hefir látið málsfærslumann þar flytja málið fyrir sig, er hann sjálfur hefir ráðið til þess.

Því dæmist rétt vera

Verzlunarstjóri Joh. Christensen á að vera sýkn af kæru hins opinbera í máli þessu. Kostnaður málsins, þar á meðal málflutningslaun þau, er ákveðin eru í dómi landsyfirréttarins og málfærslulaun hæstaréttarmálaflutningsmanns Bagger fyrir hæstarétti, 40 kr., greiðist af almannafé.

Ástæður landsyfirréttardómsins eru prentaðar í þessu bindi Dómasafnsins, á bls. 503—508.

Lbs - Hbs / Benediktssafn
100728291-6